Laun landlæknisins eru talin samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1883 og launaviðbótin samkvæmt síðustu fjárlögum; laun læknanna samkvæmt lögum um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi og fl. 15. oktbr. 1875. 3. gr., 1. staflið. En að því er snertir launaviðbæturnar handa læknunum í 4., 6., 11., 15. og 20. læknahjeraði, þá er hjer farið eptir dómi hæsta rjettar 15. nóvbr. f. á. í máli, sem læknirinn í 11. læknahjeraði hafði höfðað gegn landssjóði, þar sem hæsti rjettur dæmir, að tilvísun 3. gr. í lögum um aðra læknaskipun á Íslandi 15. oktbr. 1875 til 7. greinar í hinum almennu launalögum nái einnig til 3. liðs þessarar greinar. Eptir þessu verða launaviðbæturnar þessar:

1. Læknirinn í 4. læknahjeraði, sem skipaður er 31. oktbr. 1867, og sem samkvæmt gildandi launaákvæðum, er hann fjekk embættið, hefði átt að fá frá 1. nóvbr. 1879:
   1. í laun ..... 2,000 kr.
   2. fyrir embættisjörð ..... 50 —
   3. viðbót eptir lögum 26. marz 1870 9. gr. ..... 390 —

   alls... 2,440 kr.

   fær í launaviðbót á ári 540 kr.

2. Læknirinn í 6. læknahjeraði, sem skipaður er 6. febr. 1865 og sem eptir hinum fyrri launalögum hefði átt að fá frá 1. marz 1877:
   1. í laun ..... 2,000 kr.
   2. fyrir embættisjörð ..... 50 —
   3. viðbót eptir lögum 26. marz 1870 9. gr. ..... 390 —

   alls... 2,440 kr.

fær í launaviðbót á ári 540 kr.

3. Læknirinn í 11. læknahjeraði, sem skipaður er 5. ágúst 1869, og sem eptir hinum fyrri launalögum hefði átt að fá frá 1. septbr. 1881:

1. í laun	2,000 kr.
2. viðbót eptir lögum 26. marz 1870 9. gr.	884 —
alls...	2,384 kr.

fær í launaviðbót á ári 484 kr.

4. Læknirinn í 15. læknahjeraði, sem skipaður er 14. apríl 1874, og sem eptir hinum fyrri launalögum hefði átt að fá frá 1. maí 1886:

1. í laun	2,000 kr.
1. viðbót eptir lögum 26. marz 1870 9. gr.	384 —
alls...	2,484 kr.

fær í launaviðbót á ári 484 kr.

5. Læknirinn í 20. læknahjeraði, sem skipaður er 31. oktbr. 1867, og sem eptir hinum fyrri launaákvæðum hefði átt að fá frá 1. nóvbr. 1879:

1. í laun	2,000 kr.
2. fyrir embættisjörð	60 —
3. viðbót samkvæmt lögum 26. marz 1870 9 gr.	390 —
alls...	2,450 kr.

fær í launaviðbót 950 kr.

2. Þessi liður er eins og í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887.

3. Smáliðirnir a.—e. eru með sömu fjárhæðum og í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887; en þarámóti er hjer eigi upp tekin nein fjárveiting til borgunar fyrir að eiga aðgang að húsum fyrir sóttvarnarhús (11. gr. 3. f. í síðustu fjárl.), með því að landshöfðingi hefur ráðið frá því og álitið það fyrirkomulag á málinu, sem fyrirhugað var með fjárveitingunni, óhagkvæmt og ófullkomið.

Við 12. gr.

Á fjárlögunum fyrir 1884 og 1885 var veitt lje það, er þurfti til þess að fjölga landpóstferðunum um vetrarmánuðina, október—marz, og var póstferðunum um allt land fjölgað um helming svo þær urðu 8. Að þessi breyting aðeins var gerð á vetrarpóstferðunum kom til af því, að menn hugðu, að það væri óþarft að fjölga landpóstferðunum um sumarmánuðina, þarsem menn þá hefðu póstgufuskipaferðir kringum landið. En menn gáðu eigi að því, að í nokkrum hluta landsins bæta strandferðir gufuskipanna eigi úr póstferðaeklunni; þetta á sjer stað um suðurströnd landsins, eður postleiðina Reykjavík—Prestbakki—Eskifjörður. Það hafa nú komið fram óskir um það úr ýmsum áttum, að póstferðum verði líka fjölgað um helming á þessu svæði um sumarmánuðina, og virðist vera ástæða til að verða við þeim óskum. Kostnaðurinn hyggur póstmeistarinn að vart muni fara fram úr 1,460 kr. á ári, þ. e. 1,100 kr. í póstflutninga og 360 kr. í launaviðbót handa póstafgreiðslu og brjefhirðingamönnum á póstleiðinni.

Ennfremur hafa komið fram bænaskrár frá ýmsum sýslum í landinu um að fá aukapóstferðir frá aðalpóstleiðinni til þeirra hjeraða, er sjeu svo afskekkt, að þau geti ekki náð til að nota póstferðirnar, sem nú eru, svo sem æskilegt væri, og hefur landshöfðingi

með ráði póstmeistara mælst til þess að leitað verði um fjárveiting til að koma á aukapóstferðum þeim, er nú skal greina:

1. frá Eskifirði um Kolfreyjustað að Stöð í Stöðvarfirði; áætlaður kostnaður um 350 kr. á ári;

2. frá Prestbakka á Síðu að Borgarfelli í Skaptártungu; áætlaður kostnaður um 260 kr. á ári;

3. frá Hjarðarholti í Dalasýslu um Fellsströnd að Skarði á Skarðsströnd; áætlaður kostnaður um 320 kr. á ári;

4. frá Sveinsstöðum í Húnavatns sýslu um Vesturhópshóla að Tjörn á Vatnsnesi; áætlaður kostnaður um 200 kr. á ári;

5. frá Akureyri fram með Eyjafirði að austan að bæ einum í Suðurþingeyjar sýslu, er síðar sje til tekinn; áætlaður kostnaður um 350 kr. á ári.

Loks hefur landshöfðingi mælt fram með bænarskrá frá Vopnafjarðar verzlunarstað um að þar verði framvegis hafður póstafgreiðslustaður fyrir brjefhirðingastað sem hingað til verið hefur. Sem ástæður er hjer til fært, að á vezlunarstaðnum mætist tveir aukapóstar, að póstgufuskipin komi þar við á öllum ferðum sínum kringum landið, að þangað sæki á síðari árum fjöldi innlendra og útlendra fiskimanna, en við það hafi aukist brjefaviðskiptin. Þessari breyting er ennfremur aðeins lítill kostnaður samfara.

Samkvæmt framansögðu er hjer farið fram á þessar gjaldhækkanir:

1. b. á launum póstafgreiðslumanna frá 3,600 uppí 4,000 kr.

1. c. á launum brjefhirðingamanna frá 1,500 uppí 1,750 kr.

2. á póstflutningagjaldi frá 18,600 uppí 21,000 kr. og

3. g. á óvissum útgjöldum frá 150 uppí 200 kr.;

en hinir aðrir gjaldliðir eru eins og á síðustu fjárlögum, og gjaldhækkun þessarar greinar nemur þá alls 3,100 kr. á ári eður 6,200 kr. um fjárhagstímabilið.

Við 13. grein.

A. a. Hjer undir kemur:

	1888.	1889.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Biskupinn yfir Íslandi, skipaður frá 1. apríl 1866:			
1888. 1889.			
laun ..... 7,000 kr. 7,000 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann ..... 632 — 632 —			
	7,632.	7,632.	15,264.
Dómkirkjupresturinn í Reykjavík:			
laun á ári ..... 500 kr.			
húsaleigustyrkur ..... 300 —			
	800.	800.	1,600.
samtals...	8,432.	8,432.	16,864.

þessi laun m. m. eru talin samkvæmt fjárlögunum fyrir 1886 og 1887.

A. b. 1. Tillögin til prestakalla samkvæmt lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 og síðari laga um breyting á þeim nema alls 15,700 kr..... 15,700 kr.
Tillög til brauða, þarsem lögin hafa enn þá eigi náð gildi, eru á ári ..... 4,400 kr.
Frá hinum brauða flokknum má búast við í jarðaafgjöldum .... 2,600 —
7,000 —
Tillögin úr landssjóði eru því sem stendur..... 8,700 kr.

En þarsem búast má við, að lögin bæði á þessu ári og eins á fjarhagstímabilinu muni smám saman ná gildi á ýmsum brauðum, þykir landshöfðingja eigi óhætt að telja þennagjaldlið minni en 9,000 kr. fyrra árið og 10,000 kr. síðara árið.

A. b. 2. Þessi gjöld eru með tilliti til þess er nú var sagt og eptir uppástungu landshöfðingja talin 3,500 kr. fyrra árið og 3,000 kr. síðara árið.

A. b. 3—5. Þessi gjöld er hjer eptir tillögum landshöfðingja farið fram á að telja jafnhá og gert var á síðustu fjarlögum í 3. 6. og 7. lið þessarar greinar.

Gjöldin, sem þar eru í 4. lið, falla burt samkvæmt lögum nr. 27. 14. des. 1877, þarsem nýr prestur er kominn að Goðdölum. Hið sama er um gjöld 5. liðs, þarsem eigi eru nein útlit til þess eptir skýrslu landshöfðingja, að Stóruvalla brauð fái sjerstakan prest.

B.

I. Prestaskólinn.

a. Útgjöldin í þessari grein liðast í sundur eins og hjer segir:

	1888.	1889.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Forstöðumaður prestaskólans, skipaður 1. okt. 1885: laun	4,600	4,600	9,200
Fyrsti kennari við tjeðan skóla, skipaður 1. febr. 1886: laun	2,400	2,400	4,800
Annar kennari við sama skola: laun	2,000	2,000	4,000
samtals...	9,000	9,000	18,000

Launin eru tilfærð samkvæmt lögum 15. okt. 1875 13. gr.

b. Útgjaldaliðirnir 3—7 eru samkvæmir fjárlögunum fyrir 1886 og 1887. Aptur á móti er farið fram á það í 1. lið að veita 20 lærisveinum húsaleigustyrk, sem sje 8 fleirum en áður, og í 2. lið að fjölga ölmusunum þannig að þær verði 5 í stað þriggja. Stiptsyfirvöldin hafa stungið upp á þessu og landshöfðingi mælt með því, og getur hann þess, að tala lærisveina á skólanum muni fara uppí um 30 bæði þessi árin.

II. Læknaskólinn.

a. Utgjöldin í þessari grein liðast sundur á þennan hátt:

Þóknun sú sem veitt er lækninum í fyrsta læknahjeraði fyrir kennslu á skólanum nemur samkvæmt lögum 11. febr. 1876	800 kr.
laun hins fasta kennara eru samkvæm lögum 8. nóvbr. 1883	2,400 —
og viðbót við laun hans samkvæm fjárlögum 1886—87	400 —
alls á ári...	3,600 kr.

b. 1. og 3—7. Þessi útgjöld eru talin eins og þau voru veitt í fjárlögunum síðustu fyrir síðara árið. Þar á móti er farið fram á það eptir uppástungu skólastjóra, sem stiptsyfirvöld og landshöfðingi hafa mælt með, að hækka gjaldlið 2, til eldiviðar ljóss og ræstingar úr 100 uppí 150 kr., þarsem 100 kr. hafa síðustu árin og þegar á þessu fjárhagstímabili reynzt af lítið fje til þessa.

III. Hinn lærði skóli.

a. Laun.

forstjóri hins lærða skóla	4,200 kr.
yfirkennarinn	3,200 —
fyrsti kennari	2,400 —
annar kennari	2,400 —
þriðji kennari	2,000 —
fjórði kennari	2,000 —
fimmti kennari	2,000 —
	18,200 kr.

Gjaldliðurinn er í heild sinni samkvæmur fjárlögum fyrir 1886 og 1887.

b. Gjaldliðir þeir, er hjer eru taldir, eru einnig samkvæmir fjárlögum þeim, er nú gilda.

c. 1—2. Hið sama er um þessa gjaldliði.

c. 3. Þær 1,000 kr. á ári, er veittar voru í síðustu fjárlögum til skólahússins utan og innan, hafa eigi hrokkið og því er eptir uppástungu stiptsyfirvalda og meðmælum landshöfðingja farið fram á að hækka gjaldliðinn uppí 1,200 kr. á ári.

c. 4. Með því að fje það, sem veitt hefur verið á síðustu fjárlögum til tímakennslu, hefur reynzt ónóg, er farið fram á að hækka þennan gjaldlið uppí 1,100 kr. á ári, og er það samkvæmt uppástungu um það frá skólastjóra, er skiptsyfirvöld og landshöfðingi hafa fallizt á.

c. 5—8. Þessi Útgjöld eru eins og í fjárlögum fyrir 1886 og 1887.

c. 9. Um þenna gjaldlið, þarsem farið er fram á að veita fje til vísindalegra áhalda, skal þess getið, að eins og sjá má af skýrslu frá kennurum skólans í eðlisfræði og náttúrsögu til landshöfðingja, sem þinginu mun verða gefinn kostur á að kynna sjer, eru söfn skólans af eðlisfræðislegum áhöldum og náttúrugripum svo illa á sig komin, að þau verða eigi lengur notuð við kennsluna í þessum námsgreinum, og eru slík söfn þó ómissandi, ef kennslan á að vera góð. Það er mest húsnæðisleysi um að kenna, hvernig söfnin eru nú, og eins því, að eigi er fje fyrir hendi til að halda þeim við og auka. Kennararnir hafa því beiðst þess, að gott húsnæði verði fengið fyrir söfnin, og að til viðurhalds og fl. á þeim verði hvoru um sig veittar árlega 200 kr. að minnsta kosti.

Bæði stiptsyfirvöldin og landshöfðingi hafa mjög hlýlega mælt fram með beiðni þessari og eptir tillögum þeirra er hjer farið fram á 400 kr. styrk. Hvað húsnæðið snertir, þá má fá það, eins og stiptsyfirvöld og landshöfðingi hafa stungið uppá, í sjálfum skólanum, með því að minnka tölu heimasveina frá 50 til 40, eins og áður hefur verið, og láta söfnin svo fá kvistherbergi það, sem nú er notað til svefnherbergis handa 10 lærisveinum og sem er við hliðina á herbergi því, er söfnin nú eru geymd í. Þessa uppástungu hefur stjórnarráðið getað fallizt á; en er hinsvegar samdóma landshöfðingja um, að eigi sje næg ástæða til að fallast á þá uppástungu frá stiptsyfirvöldunum, að 10 lærisveinum verði veittur 40 kr. húsaleigustyrkur í staðinn fyrir heimasveinsplássin, því að stjórnarráðið fellst á þá skoðun landshöfðingja, að skólapiltar njóti svo mikils styrks, að eigi sje ástæða til með enn ríflegra framlagi að auka aðsókn að skólanum, sem þegar sje orðin of mikil að tiltölu.

IV. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum.

a. laun.

skólastjóri	3,000 kr. á ári.
fyrsti kennari	2,000 — —
annar kennari	1,600 — —
	6,600 kr. á ári.

Launin eru talin samkvæmt lögum 4. nóv. 1881.

b. 1—3. Þessi útgjöld eru eins og í fjárlögum fyrir 1886 og 1887.

b. 4. Útgjöldin í 4. lið eru eptir uppástungu landshöfðingja færð upp í 400 kr., eru það sem sje:

a) borgun fyrir ræsting og þvott í 7½ mánuð á 25 kr.	187 kr.	50 a.
b) borgun og flutningur á því er þarf að kaupa til skólans	100 —	» -
c) prentunar og heptingar-kostnaður á skólaskýrslum, um.....	50 —	» -
d) kirkjuskattur	13 —	70 -

V. Önnur kennsla.

a. Hjer er farið fram á að veita kvennaskólunum 3,000 kr. á ári, er það eptir tillögum landshöfðingja, sem hefur getið þess, að þeir, sem stendur, sje aðeins 3 að tölunni, og ekki líklegt þeir fjölgi fyrst um sinn.

b. Af því að barnarskólum fjölgar stöðugt og þeir koma að góðum notum, er eptir tillögum landshöfðingja farið fram á að auka styrkinn til þeirra um 1,000 kr. hvort árið.

c. Þessi liðupphæð er hin sama og á fjárlögunum síðustu.

d. Hið sama er og hjer.

e. Hjer er farið fram á að veita 1,000 kr. alls á ári, skipt niður eins og gjört er á síðustu fjárlögum fyrir síðara árið.

C.

1. a.—g. Allir þessir liðir eru með sömu upphæðum og tilsvarandi liðir á síðustu fjárlögum, og einasta breytingin er hjer sú, að orðin í liðnum c. „til hans“ hafa verið dregin út, meður því það þykir miður haganlegt að tiltaka það á fjárlögunum, að þóknunin fyrir umsjón með alþingishúsinu m. m. skuli ganga til hins núverandi bókavarðar.

2—5. Eru eins og á síðustu fjárlögum.

Við 14. grein.

Útgjöldin samsvara tekjunum sem taldar eru í 5. gr. 2. og 3. lið.

Við 15. grein.

Að því er snertir eptirlaun og styrktarfje, er á landssjóði hvíla, skal vísað til fylgiskjals þess, er fer með frumvarpinu, og mun landshöfðingi fylla skýrsluna, að því er presta og prestaekkjur snertir. Fjárhæðin er hin sama sem á síðustu fjárlögum.

Að því er sjerstaklega snertir eptirlaunaviðbótina handa ekkjufrú Ragnheiði Jónsdóttur, ekkju Brynjólfs prests Jónssonar á Vestmanneyjum, skal þess getið, að við frá-fall sjera Brynjólfs 19. nóv. 1884, lækkaði tillag landssjóðs til Vestmanneyja brauðs samkvæmt lögum 27. febr. 1880 um 843 kr. 19 a., og hinsvegar hafa eptirlaun ekkjunnar

samkvæmt 5. gr. í tilskipun 15. des. 1866 verið talin af tekjunum, eins og þær eru orðnar eptir lækkunina, og eru eptirlaun hennar því áttungi úr 843 kr. 19 a. minni en þau hefðu verið, hefðu þau verið ákveðin í hlutfalli við tekjur þær, er maður hennar naut. Það er nú eigi aðeins sanngjarnt heldur og í líkingu við allmennar eptirlaunareglur, sem og kemur fram í hinum núgildandi lögum 30. okt. 1884 4 gr. um eptirlaun prestekkna, að landssjóður bæti henni þenna halla, sem nemur 105 kr. 40 a. á ári, og er því þessa leitað hjer eptir beiðni ekkjunnar og tillögum landshöfðingja.

Við 16. grein.

1. Styrknum handa þorvaldi kennara Thoroddsen er eptir tillögum landshöfðingja haldið jafnmiklum og á síðustu fjárlögum.

2. Eins er um styrkinn handa Benedikt kennara Gröndal.

3. Til verklegs fiskiklaks er og eptir tillögum landshöfðingja farið fram á að veita jafnmikla upphæð og á síðustu fjárlögum (16. gr. 4 b)., sem sje 1,200 kr. fyrir bæði árin.

4. Cand. mag. Jón þorkelsson hefur sótt um það til kirkju- og kennslumála stjórnarinnar að fá árlegan 1,200 kr. styrk úr ríkissjóði til þess fyrir deild hins íslenzka bókmentafjelags í Kaupmannahöfn að safna og raða niður efninu til áframhalds á hinu íslenzka fornbrjefasafni »Diplomatarium Íslandicum«, er fjelagið hefur byrjað á, og ætlar deildin hjer að styðja þetta fyrirtæki með sama hætti og hún gjörði við útgáfu fyrsta bindisins, sem sje með því að taka að sjer handritið til útgáfu og standa straum af kostnaði, er sjálfri útgáfunni, þ. e. prentan m. m., er samfara. þótt nú segja mætti, að mál þetta varðaði einkum og sjerílagi söguritan Íslands, og ætti því að styrkjast af landssjóði, hefur kirkju- og kennslumálastjórnin þó vegna hinnar miklu vísindalegu og verklegu þýðingar, er fyrirtækið hefði, látið í ljósi, eptir að hafa skrifast á um það við stjórnarráð Íslands, að hún væri fús á að reyna að fá helminginn veittan úr ríkissjóði, ef stjórnarráð Íslands leitaði þess að fá hinn helminginn, eða 600 kr. á ári, veittan úr landssjóði. Með tilliti til þeirrar þýðingar, er málið hefur fyrir rannsókn á sögu Íslands og í viðurkenning þess, að bókfræðislegu fyrirtæki sem þessu verði eigi hæglega í veg komið án opinbers styrks, hefur stjórnarráðið þegar á þessu ári veitt 600 kr. styrk til fyrirtækisins af sínum helmi af fjárveiting 16. gr. fjárlaganna; og að því er tilboð kirkju- og kennslumálastjórnarinnar snertir, hefur stjórnarráðið hinsvegar bæði vegna þess er nú var sagt, og einkum líka vegna þeirrar tryggingar fyrir því að verkið hafi framgang, um fengin er með þeirri stoð er bókmentafjelagið hefur heitið, álitið, að því bæri að taka boðinu, og samkvæmt þeim samningi, er með þessu er á kominn, og sem kirkju- og kennslumálastjórnin þegar hefur uppfyllt, er hjer farið fram á árlegan 600 kr. styrk úr landssjóði.

5. Gísli Guðmundsson snikkari hefur frá því um veturinn 1883—84 gengið á verkfræðafjelags skólann í Kaupmannahöfn og notið til þess styrks frá stjórnarráðinu. Í fyrra sumar var hann við vegagjörðir þær, er fóru fram á Íslandi undir umsjón Hovdenaks ingeníörs, og eptir ráðum hans hefur hann nú tekið fyrir hálfs þriðja árs nám á verkfræðaskólanum í þrándheimi, og ætlar með því að gera sig færan um að takast á hendur vegagjörðaforstöðu á Íslandi, ef svo vill verkast. Til þessa hefur stjórnarráðið veitt honum 500 kr. styrk þetta árið af fje því, er veitt er á 16. gr. fjárlaganna, en nú sækir hann um meiri styrk fyrir næstu 2 árin. Í brjefi til stjórnarráðsins, er þinginu mun verða gefinn kostur á að kynna sjer, mælir Hovdenak fram með umsókn hans og segir, að á

því ríði mjög, að einhver íslenzkur maður nemi ingeníörlistina og verji kröptum sínum til þess að bæta vegi landsins, kveður hann námið á skólanum muni veita umsækjanda, ef hann leysir það vel af hendi, fullkomlega næga þekkingu til þess að gjörast forstjóri að hverskonar vegagjörðum, er ráðizt verði í á Íslandi. Samkvæmt þessu hefur stjórnarráðinu þótt vera ástæða til þess að styrkja beiðanda eptir þörfum, og hefur því eptir tillögum landshöfðingja farið fram á 1,000 kr. hvort árið.

17. gr.

er samhljóða 17. gr. á fjárlögunum fyrir 1886 og 1887.

Fylgiskjal.

Skrá yfir eptirlaun til embættismanna og embættismannaekkna og barna, sem hvíla á hinum íslenzka landssjóði.

	A. Embættsmenn.	kr.	a.
1.	C. H. U. Bolbroe, hjeraðslæknir á Vestmannaeyjum	400.	
2.	Adolph Christian Baumann, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósar sýslu	982.	18
3.	Þórður Guðmundsson, sýslumaður í Árness sýslu	1,887.	18
4.	Þorsteinn Jónsson, sýslumaður í Árness sýslu	2,751.	92
5.	Árni Gíslason, sýslumaður í Skaptafells sýslu	1,686.	16
6.	Benedikt Gröndal, kennari við lærða skólann í Reykjavík..... kon. úrskr. 13. apr. 1883, stj. br. 1. apr. s. á.; frá 1. maí 1883.	800.	
7.	Eggert Briem, sýslumaður í Skagafjarðar sýslu..... kon. úrskr. 31. oktbr. 1884, stj. br. 31. oktbr. s. á; frá 1. ágúst 1884.	2,570.	84
8.	Halldór Guðmundsson, kennari við lærða skólann í Reykjavík .....:. kon. úrsk. 19. marz 1885.	1,200.	
9.	Sigurður Melsteð, lektor, forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík.... kon. úrsk. 14. septbr. 1885.	3,381.	33
	alls...	15,659.	61
	B. Embættismanna ekkjur og börn.		
1.	Guðrún Brynjúlfsson, ekkja dr. philos. Gísla prests Brynjúlfssonar kon. úrsk. 30. júní 1837 frá 1. jan. 1836 ..... 40 kr. samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885, viðbót frá 1. jan. 1884 ..... 150 kr.	190.	
	yfir um...	190.	

		kr.	a.
	handan að...	190.	
2.	Elín Thorstensen, ekkja jústizráðs, landlæknis Jóns Thorstensens, kon. úrsk. 20. ágúst 1855. frá 1. marz 1855 ..... 164 rd. 56 sk. samkvæmt lögum 31. marz 1864. viðbót frá 1. apríl 1864 ..... 35 — 40 —		
	200 rd. = 400 kr.		
	og samkvæmt fjárlögunum fyrir 1880 og 1881 viðbót 200 —		
		600.	
3.	Anna María Johnsen, ekkja hjeraðslæknis Eggerts Johnsens. kon. úrsk. 20. febr. 1856; frá 1. ágúst 1855 ..... 69 rd. 36 sk. = 138 kr. 75 a. og eptir fjárlögunum fyrir 1882 og 1883 viðbót 150 — » —		
		288.	75
4.	Ragnheiður Thorarensen, ekkja sýslumanns V. Thorarensens í Stranda sýslu	100.	79
5.	Pálína María Baltzartína Kohl, ekkja kapteins, sýslumanns Kohl á Vestmanneyjum	246.	22
6.	Ingileif Melsteð, ekkja amtmanns Páls Melsteðs	509.	56
7.	Clara Margrjet Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðar sýslu	212.	87
	ennfremur styrkur til húsaleigu á ári.....	40.	
8.	Þórdís Thorstensen, ekkja sýslumanns Jónasar Thorstensens í Suður-múla sýslu	367.	68
9.	Ingibjörg Schulesen, ekkja kammerráðs, sýslumanns S. Schulesens í Þingeyjar sýslu.....	416.	60
10.	Antonía Jósefína Thorarensen, ekkja sýslumanns B. Thorarensens í Dala sýslu.....	228.	
11.	Maren Ragnheiður Friðrikka, ekkja sýslumanns Jóhannesar Guð-mundssonar í Mýra- og Hnappadals sýslu	289.	83
12.	Ingibjörg Magnússen, ekkja sýslumanns í Dala sýslu, Kristjáns Mag-nússens	262.	89
13.	Ragnheiður Thorarensen, ekkja hjeraðslæknis kancellíráðs Skúla Tho-rarensens.....	272.	33
14.	Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis Þórðar Tómassonar frá 1. desbr. 1873. ..... 184 kr. kon. úrsk. 20. júní 1874. viðbót frá sama tíma..... 13 — stj. br. 18. nóvbr. 1876.		
		197.	
	ennfremur handa syni hennar, þartil hann er orðinn 18 ára: Þórði Tómasi, fæddum 7. desbr. 1871.....	60.	
15.	Kristjana Havstein, ekkja amtmanns Havsteins..... ... kon. úrsk. 12. nóvbr. 1875. ennfremur handa syni hennar til fullra 18 ára: Gunnari Magnúsi, fæddum 29. marz 1872	529. 100.	16
	yfir um...	4,911.	68

		kr.	a.
	handan að...	4,911.	68
16.	Anna Margrjet Björnsdóttir, ekkja hjeraðslæknis og kanselliráðs J. Skaptasonar	250.	
17.	Hildur Solveig Bjarnadadóttir, ekkja sýslumanns B. E. Magnússonar..	538.	27
	ennfremur eptir kon. úrsk. 12. septbr. 1877 handa syni hennar til fullra 18 ára: Brynjólfi Bjarnasyni, fæddum 16. oktbr. 1873	80.	
18.	Sophie Dorothea Jónassen, ekkja forstjóra í landsfirrjettinum, þórðar Jónassens	679.	75
	frá 1. septbr. 1880.		
19.	Louise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadts.....	81.	25
	frá 1. nóvbr. 1881.		
20.	Ragnheiður Kristjánsson, ekkja amtmanns K. Kristjánssonar..	750.	
	frá 1. júní 1882.		
21.	Guðrún Guðjohnsen, ekkja organsleikara P. Guðjohnsens	300.	
	frá 1. jan 1880 fjárlögin fyrir 1880 og 1881.		
22.	Valgerður Ólafsdóttir, ekkja Halldórs Jónssonar, prófasts.....	200.	
	frá 1. jan. 1884, fjárlög fyrir 1884 og 1885.		
23.	Sigríður Blöndal, ekkja sýslumanns Blöndals	300.	45
	frá 1. júní 1884.		
24.	Elínborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorbergs	919.	17
	frá 1. febr. 1886.		
	samkv. kon. úrsk. 24. febr. 1886 handa börnum hennar til fullra 18 ára:		
	1) Cecilia, fædd 25. septbr. 1875.....	100.	
	2) Pjetur, fæddur 4. desbr. 1876.....	100.	
25.	Björg Pálsson, ekkja sýslumanns í Mýra og Borgarfjarðar sýslu, Guðmundar Pálssonar	417.	34
	frá 1. ágúst 1886.		
	alls...	9,627.	91

C. Uppgjafaprestar,

er eptirlaun þeirra eru greidd úr landssjóði.

		kr.	a
1.	Jón Eiríksson, fyrv. prestur á Stóranúpi:		
	frá 1. septbr. 1880	410.	
2.	Árni Böðvarsson, fyrv. prestur á Eyri:		
	frá 1. nóvbr. 1881.	540.	
	yfir um...	950.	

		kr.	a.
	handan að...	950.	
3.	Geir Bachmann, fyrv, prestur á Miklaholti: frá 6. júní 1882	470.	
4.	Þórarinn Erlendsson, fyrv, prestur á Hofi í Álptafirði: frá 6. júní 1882	455.	32
5.	Jón Þórarinsson, fyrv. prestur í Saurbæjarþingum: frá 6. júni 1882 ..... 190 kr. viðbót samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885 ..... 50 —	240.	
6.	Jón Asgeirsson, fyrv. prestur á Rafnseyri: frá 6. júní 1882	430.	
7.	Guðmundur Jónsson, fyrv. prestur á Stóruvöllum: frá 6. júní 1883	400.	
8.	Jóhann Briem, fyrv. prestur í Hruna: frá 6. júní 1883	423.	28
9.	Jón Kristjánsson, fyrv. prestur á Breiðabólstað: frá 6. júní 1883	87.	48
10.	Stefán Árnason, fyrv. prestur á Hálsi í Fnjóskadal: frá 6. júní 1883	360.	
11.	Hjálmar Þorsteinsson, fyrv. prestur á Kirkjubæ í Hróarstungu: frá 6. júní 1883	297.	49
12.	Einar Vernharðsson, fyrv. prestur á Stað í Grunnavík: frá 6. júní 1883	370.	
13.	Hjörleifur Guttormsson, fyrv. prestur á Völlum í Svarfaðardal: frá 6. júní 1884	350.	
14.	Helgi Sigurðsson. fyrv. prestur á Melum: frá 20. nóvbr. 1883	273.	22
15.	Arngrímur Bjarnason, fyrv. prestur á Brjámslæk: frá 4. septbr. 1883	350.	
16.	Benedikt Eiríksson, fyrv. prestur í Efri-Holtaþingum: frá 6. júní 1884	370.	
17.	Þórður Thorgrímsen fyrv. prestur í Otrardal: frá 6. júní 1884	290.	
	alls...	6,116.	79

Frumvarp

til

laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1884 og 1885.

(Lagt fyrir alþingi 1887.)

		Fjárveiting		Reikningur	
	I. Tekjur:	kr.	a.	kr.	a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	75,000.	»	78,652.	91
2.	Húsaskattur	4,800.	»	8,049.	97
3.	Tekjuskattur	26,000.	»	34,482.	37
4.	Aukatekjur	38,000.	»	44,712.	38
5.	Erfðafjárskattur	5,000.	»	8,256.	33
6.	Gjöld af fasteignasölu	1,300.	»	2,471.	87
7.	Vitagjald	10,000.	»	9,298.	98
8.	Metorðaskattur	32.	»	16.	»
9.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	2,800.	»	4,806.	75
10.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	72,000.	»	57,456.	85
11.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	250,000.	»	300,596.	05
12.	Aðflutningsgjald af tóbaki að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	36,000.	»	34,440.	48
13.	Tekjur af póstferðum	27,000.	»	35,883.	60
14.	Óvissar tekjur	2,000.	»	19,409.	09
15.	Tekjur af fasteignum landssjóðs að frá dregnum umboðskostnaði, prestmötu, m. m.	60,000.	»	64,998.	81
16.	Leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyjar sýslu	3,600.	»	2,700.	»
17.	Tekjur af kirkjum	1,000.	»	853.	75
18.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	60,000.	»	64,819.	34
	Borgað upp í lán, veiting: 22,022 kr. 45 a., reikningur: 63,116 kr. 58 a.				
19.	Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	7,500.	»	7,770.	97
20.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	6,000.	»	3,945.	83
21.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000.	»	7,701.	84
22.	Tillag úr ríkissjóði	183,000.	»	183,000.	»
23.	Spítalagjald	»	»	1,003.	62
	alls...	875,032.	»	975,327.	79

II. Gjöld:	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800. »	26,800. »
2. Til alþingis 1885 og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	33,600. »	35,376. 60
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	52.200. »	45,352. 94
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,072. 38	168,985. 01
C. Ýmisleg útgjöld	136,460. »	137,319. 57
4. Til útgjalda við læknaskipunina	84,748. »	80,266. 98
5. Til útgjalda við póststjórnina	55,800. »	60,779. 73
6. Til kirkju og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	55,490. 38	59,687. 25
B. Til kennslumálefna	140,128. »	134,688. 99
C. Ýms útgjöld	11,800. »	11,788. „
7. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabyrgða-lána	10,000. »	13,823. 21
8. Eptirlaun og styrktarfje	50,000. »	52,670. 03
9. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	15,400. »	13,673. 78
10. Til óvissra útgjalda	4,000. »	4,536. 59
11. Eptirlaun prestekna	.....	2,081. 86
12. Fjáraukaveitingar	9,477. 31	7,681. 16
13. Afgangur	27,533. 24	119,816. 09
alls...	884,509. 31	975,327. 79

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið gefin út, og fylgir því sundurliðað yfirlit, er lið fyrir lið þræðir fjárlögin, og er þar að auki í athugasemdum þeim, er hjer fara á eptir, vísað til þeirra tekju- og gjaldagreina, er í yfirlitinu standa undir samslags tölulið.

Tekjur.

1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, smbr. fjárlögin 2. gr., 1.,		
þessi skattur hefur eptir reikningnum numið alls 1884		23,163 kr. 57 a.
og 1885		45,533 — 50 -
fyrri ára eptirstöðvar		23,969 — 37 -
alls...		92,666 kr. 44 a.
Af þessu er borgað 1884.....	39,401 kr. 74 a.	
1885.....	39,251 — 17 -	
		78,652 — 91 -
Tekjueptirstöðvar...		14,013 kr. 53 a.
2. Húsaskattur, smbr. fjárlögin 2. gr., 2.,		
þessar tekjur hafa eptir reikningnum numið 1884		3,320 kr. 75 a.
1885.....		3,566 — 25 -
fyrri ára eptirstöðvar		1,251 — 07 -
alls...		8,138 kr. 07 a.
Af þessu er borgað 1884..... ..	3,626 kr. 22 a.	
1885.....	4,423 — 75 -	
		8,049 — 97 -
Tekjueptirstöðvar...		88 kr. 10 a.
3. Tekjuskattur, smbr. fjárlögin 2. gr., 3.,		
hefur eptir reikningnum numið 1884..... ...		15,305 kr. 50 a.
1885.....		14,338 — 50 -
fyrri ára eptirstöðvar		7,062 — » -
alls...		36,706 kr. » a.
Af þessu borgað 1884.....	17,512 kr. 11 a.	
1885.....	16,970 — 26 -	
		34,482 — 37 -
		2,223 kr. 63 a.
þegur hjer frá ganga samkv. ath. gr. 1 á fylgiskjali nr. 3 við reikninginn fyrir 1885.....		206 — 67 -
verða tekjueptirstöðvar...		2,016 kr. 96 a.

4. Aukatekjur, smbr. fjárlögin 2. gr., 4,

hafa eptir reikningnum numið 1884		23,236 kr. 25 a.
1885		22,759 — 83 -
fyrri ára eptirstöðvar		2,936 — 32 -
	alls...	48,932 kr. 40 a.
Hjeraf borgað 1884	22,031 kr. 60 a.	
1885	22,680 — 78 -	
		44,712 — 38 -
	Tekjueptirstöðvar...	4,220 kr. 02 a.

5. Erfðafjárskattur, smbr. fjárlögin 2. gr., 5,

hefur eptir reikn. numið 1884		3,239 kr. 43 a.
1885		4,190 — 71 -
fyrri ára eptirstöðvar		1,157 — 98 -
	alls...	8,588 kr. 12 a.
Hjeraf borgað 1884	4,185 kr. 53 a.	
1885	4,070 — 80 -	
		8,256 — 33 -
		331 kr. 79 a.
en úr felldar samkv. tillögu endurskoðaranna, nr. 5		20 — » -
	Tekjueptirstöðvar...	311 kr. 79 a.

6. Gjöld af fasteignasölum, sbr. fl. 2. gr., 6,

hafa eptir reikn. numið 1884		1,421 kr. 54 a.
1885		818 — 96 -
fyrri ára eptirstöðvar		295 — 15 -
	alls...	2,535 kr. 65 a.
Hjeraf borgað 1884	1,296 kr. 46 a.	
1885	1,175 — 41 -	
		2,471 — 87 -
	Tekjueptirstöðvar...	63 kr. 78 a.

7. Vitagjald, sbr. fl. 2. gr., 7,

hefur eptir reikn. numið 1884		4,904 kr. 15 a.
1885		4,543 — » -
fyrri ára eptirstöðvar		827 — 12 -
	alls...	10,274 kr. 27 a.
Hjeraf borgað 1884	4,496 kr. 86 a.	
1885	4,802 — 12 -	
		9,298 — 98 -
	Tekjueptirstöðvar...	975 kr. 29 a.

8. Metorðaskattur, smbr. fjárl. 2., gr., 8,
hefur eptir reikn. numið 1884..... ..... 16 kr. • a.

9. Gjöld fyrir leyfisbrjef, smbr. fjárl. 2. gr., 9,

hafa eptir reikn. numið 1884		2,506 — 86 -
1885		2,299 — 89 -
	alls...	4,806 kr. 75 a.
Hjeraf borgað 1884.....	2,506 kr. 86 a.	
1885..... ...	2,299 — 89 -	
		4,806 — 75 -

10. Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frádregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. fjárlögin 2. gr, 10,

hefur eptir reikn. numið 1884.....		27,168 kr. 85 a.
1885.....		25,384 — 15 -
fyrri ára eptirstöðvar		11,107 — 03 -
	alls...	63,660 kr. 03 a.
Hjeraf borgað 1884.....	28,346 kr. 77 a.	
1885.....	29,110 — 08 -	
		57,456 — 85 -
	Tekjueptirstöðvar...	6,203 kr. 18 a.

11. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frádregnum 2 % í innheimtulaun, smbr. fl. 2. gr., 11,

hefur eptir reikn. numið 1884.....		162,936 kr. 47 a.
1885.....		118,193 — 38 -
fyrri ára eptirstöðvar.....		33,384 — 27 -
	alls...	314,514 kr. 12 a.
Hjeraf borgað 1884, smbr. tillögu endurskoðaranna nr. 9.....	169,282 kr. 83 a.	
og 1885	131,313 — 22 -	
		300,596 — 05 -
	Tekjueptirstöðvar...	13,918 kr. 07 -

12. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2 % í innheimtulaun, smbr. fjárl. 2. gr., 12,

hefur eptir reikn. numið 1884		17,969 kr. 65 a.
1885		17,556 — 69 -
	alls...	35,526 kr. 34 a.
Hjeraf borgað 1884.....	15,698 kr. 18 a.	
1885.....	18,742 — 30 -	
		34,440 — 48 -
	Tekjueptirstöðvar...	1,085 kr. 86 a.

13. Tekjur af póstferðum, smbr. fl. 2. gr., 12,

hafa eptir reikn. numið 1884		18,481 kr. 97 a.
1885		17,401 — 63 -
alls...		35,883 kr. 60 a.

14. Ovissar tekjur, smbr. fl. 2. gr., 14,

hafa 1884 numið eptir reikn., sbr. svör landshöfðingja 11. póst, nr. 6, 7, 9 og 9. póst, og tillögur endurskoðaranna 11. póst, nr. 6, 7 og 9 og 9. póst: 6,704 kr. 79 a. + 19 kr. 72 a. + 60 a. + 112 kr. 34 a. ÷ 99 kr. 76 a.		= 6,737 kr. 69 a.
og 1885		12,687 — 32 -
fyrri ára eptirstöðvar		474 — 08 -
alls...		19,497 kr. 09 a.
Hjeraf borgað 1884, smbr. ofar 6,688 kr. 87 a. + 19 kr. 72 a. + 60 a. + 112 kr. 34 a. ÷ 99 kr. 76 a.	6,721 kr. 77 a.	
og 1885	12,687 — 32 -	
		19,409 — 09 -
Tekjueptirstöðvar...		88 kr. » a.

15. Tekjur af fasteignum landssjóðs, smbr. fjárl. 3. gr., 1,

hafa eptir reikn. numið 1884	44,371 kr. 94 a.	
gjöldin voru það árið	11,352 — 38 -	
		33,019 — 56 -
eptir reikn. numið 1885	42,909 kr. » a.	
gjöldin voru það árið	9,657 — 41 -	
		33,251 — 59 -
Fyrri ára eptirstöð var, sjá alþ.tíð. 1885 C. 322 bls.: 15,011 kr. 99 a. ÷ 221 kr. 18 a.		14,790 — 81 -
alls...		81,061 kr. 96 a.
Hjeraf borgað 1884	34,905 kr. 04 a.	
1885	30,093 — 77 -	
		64,998 — 81 -
		16,063 kr. 15 a.
Þegar felldar eru úr samkv. tilsvörum landshöfðingja um landsreikn. 1884, 12. póst	1,286 kr. 29 a.	
og samkv. ath. gr. á fylgiskjali 14 við landsreikn. 1885	188 — 11 -	
		1,474 — 40 -
verða tekjueptirstöðvar		14,588 kr. 75 a.

16. Leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyjar sýslu, smbr. fjárlögin 3. gr., 2,

hafa eptir reikn. numið 1884		1,800 kr. » a.
1885		900 — » -
alls...		2,700 kr. » a.

17. Tekjur af kirkjum, smbr. fl. 3. gr., 3,

hafa eptir reikn. numið 1884		520 kr. 81 a.
1885		372 — 02 -
alls...		892 kr. 83 a.
Hjeraf borgað 1884	520 kr. 81 a.	
1885	332 — 94 -	
		853 — 75 -
Tekjueptirstöðvar...		39 kr. 08 a.

18. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs, smbr. fjárl. 4. gr.,

hafa eptir reikn. numið 1884		30,980 kr. 50 a.
1885		33,643 — 70 -
fyrri ára eptirstöðvar		2,780 — 32 -
alls...		67,404 kr. 52 a.
Hjeraf borgað 1884	31,233 kr. 72 a.	
1885	33,585 — 62 -	
		64,819 — 34 -
		2,585 kr. 18 a.
Hjervið bætast samkv. tillögu endurskoðaranna, 13. pósti 2 við reikninginn fyrir 1884		1 — 60 -
Tekjueptirstöðvar...		2,586 kr. 78 a.
Upp í lán er borgað 1884, smbr. athgr. á fylgiskjali 43 við landsreikn. 1884		27,966 kr. 15 a.
og 1885		35,150 — 43 -
alls...		63,116 kr. 58 a.

19. Innborganir frá brauðum, samkv. lögum 27. febr. 1880, smbr. fl. 5. gr., 1.

hafa numið eptir reikn. 1884		3,475 kr. » a.
1885		4,775 — » -
fyrri ára eptirstöðvar		2,745 — 97 -
alls...		10,995 kr. 97 a.
Hjeraf er borgað 1884	3,006 kr. 15 a.	
1885	4,764 — 82 -	
		7,770 — 97 -
		3,225 kr. » a.
Hjervið bættist samkv. 14. ath. gr. við reikn. 1884 og fylgiskjali 18 við landsreikn. 1885, 10—12		400 — » -
Tekjueptirstöðvar verða...		3,625 kr. » a.

20.	**Endurborgun skyndilána til embættismanna, smbr. fjárl. 5. gr., 2,**	
	hefur eptir reikn. numið 1884	1,846 kr. 89 a.
	1885	2,098 — 94 -
	alls...	3,945 kr. 83 a.
21.	**Endurborgun á öðrum fyrirframgreiðslum, smbr. fl. 5. gr., 3,**	
	eptir reikn. 1884	3,215 kr. 17 a.
	1885	4,486 — 67 -
	alls...	7,701 kr. 84 a.
22.	**Tillag úr ríkissjóði, smbr. fl. 6. gr., hafa numið samkv. lögum 2. jan. 1871:**	
	1884	92,500 kr. » a.
	1885	90,500 — » -
	alls...	183,000 kr. » -
23.	**Spítalagjald.**	
	Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum voru	1,003 kr. 62 a.
	Innborgað 1884	1,003 — 62 -

II. Gjöld.

1.	**Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, smbr. fjárl. 8. gr.**	
	voru borgaðar 1884	12,400 kr. » a.
	1885	14,400 — » -
	alls...	26,800 kr. » -
2.	**Til alþingis 1885 og yfirskoðunar landsreikninganna, smbr. fl. 9. gr.,**	
	voru borgaðar 1884 og 1885	35,295 kr. 05 a.
	Ennfremur hafa borgaðar verið fyrir þinghald 1883	81 — 55 -
	alls...	35,376 kr. 60 a.

3—5. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál, smbr. fjárl. 10. gr. A. 1—3.

Gjöldin hafa hjer verið:

		1884. kr. a.	1885. kr. a.	alls. kr. a.
3. A 1.	Laun	15,700. „	15,700. „	31,400. „
4. 2.	Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,975. 25	3,977. 69	7,952. 94
5. 3.	Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	3,000. „	3,000. „	6,000. „
			alls...	45,352. 94

6—10. Dómgæzla og lögreglustjórn, smbr. fl. 10. gr. B. 1—4.

Gjöldin hafa hjer orðið:

		1884. kr. a.	1885. kr. a.	alls. kr. a.
6. B 1.	Laun:			
	a. til dómara og sýslumanna, smbr. til svör landshöfðingja er lúta að reikn. 1885, 24. pósti	70,949. 78	70,391. 52	141,341. 30
	Eptirstöðvar frá fyrra ári	2,411. 06	200. „	2,611. 06
	alls...	73,360. 84	70,591. 52	143,952. 36
	Óborgaðar voru eptir reikn. fyrir 1885 256 kr. 91 a.			
7. B 1.	b. til hreppstjóra	5,585. 10	5,798. 28	11,383. 38
8. B 2.	Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,000. „	1,000. „	2,000. „
9. B 3.	Til hegningarhússins og fangelsanna	3,396. 97	2,229. 30	5,626. 27
10. B 4.	Önnur útgjöld, smbr. tillögu póst B 4 við 1884	3,444. 53	2,578. 47	6,023. „
			alls...	168,985. 01

11—21. Ýmisleg útgjöld, smbr. fjárl. 10. gr. C. 1—11.

		1884. kr. a.	1885. kr. a.	alls. kr. a.
11. C 1.	Til að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur	1,861. 85	2,039. „	3,900. 85
12. C 2.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	1,186. 78	1,401. 21	2,587. 99
13. C 3.	Brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	1,245. 91	1,252. 31	2,498. 22
14. C 4.	Styrkur til eflingar búnaði	21,280. „	20,373. „	41,653. „
	Eptirstöðvar eptir reikn. 1885 85 kr.			
			flyt...	50,640. 06

		1884. kr. a.	1885. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar.....			50,640. 06
15. C 5.	Til vegabóta:			
	a. til að bæta fjallvegi, einkanlega póstvegi ..... smbr. tillögu póst 19 C 5 við 1884.	14,011. 50	9,989. 13	24,000. 63
	b. Til að styrkja sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpostleiðum.....	7,285. „	8,440. 32	15,725. 32
16. C 6.	Til gufuskipa ferða	18,000. „	18,000. „	36,000. „
17. C 7.	Til vitans á Reykjanesi	2,584. 45	2,813. 98	5,398. 43
18. C 8.	Til vörðuvita	794. 74	296. 99	1,091. 73
19. C 9.	Til ferðakostnaðar samkv. l. 2. nóv. 1877 3. gr..... smbr. tillögu póst 27 nr. 7 við reikn. 1885.	113. 60	589. 80	703. 40
20. C 10.	Til að gefa út „Lovsamling for Island“.....	250. „	2,410. „	2,660. „
21. C 11.	Til aðgerðar á Vestmanneyja kirkju	700. „	400. „	1,100. „
			alls...	137,319. 57

Samkvæmt tilsvörum landshöfðingja uppá athugagrein yfirskoðuranna 26 nr. 8 er á fjáraukalagafrumvarpi farið fram á 700 kr. viðauka til útgáfu á „Lovsamling for Ísland“ 18. og 19. bindi.

22—24. Útgjöld við læknaskipunina, fl. 11. gr.

22. 1.	Laun hafa orðið 1884.	35,425 kr. 51 a.		
	1885	36,046 - 54 -		
			71,472 kr.	05 a.
23. 2.	Styrkur til aukalækna 1884.....	266 kr. 66 a.		
	1885	1,215 - 87 -		
			1,482 -	53 -
24. 3.	Önnur útgjöld 1884.....	3,538 kr. 60 a.		
	1885	3,773 - 80 -		
			7,312 -	40 -
		alls...	80,266 kr.	98 a.

25—27. Útgjöld við póststjórnina, fl. 12. gr., smbr. 2. gr. nr. 13.
Samkvæmt reikningnum tekjumegin nr. 12 hafa tekjur af póstferðum orðið ..... 35,883 kr. 60 a.

Útgjöldin þessi:

		1884. kr. a.	1885. kr. a.	alls. kr. a.
25. 1.	Laun.....	6,960. „	6,953. 33	13,913. 33
26. 2.	póstflutningar.....	19,636. 61	20,845. 60	40,482. 21
27. 3.	Önnur gjöld.....	3,335. 43	3,048. 76	6,384. 19
			alls...	60,779. 73

Samkvæmt tilsvörum landshöfðingja upp á 21. og 29. athugagrein yfirskoðaranna fyrir 1884 og 1885 og tillögur þeirra er á fjáraukalagafrumvarpi farið fram á viðbótatjárveiting fyrir þessum gjöldum: 1. Póstflutningur 1884 986 kr. 61 a. 2. Önnur útgjöld 1884 976 kr. 72 a. 3. Póstflutningur 1885 2,245 kr. 60 a. 4. Önnur útgjöld 1885 748 kr. 76 a.

28—32. Kirkju- og kennslumál, fjárl. 13. gr.

A. Í þarfir andlegu stjettarinnar.

		1884. kr. a.	1885. kr. a.	alls. kr. a.
28. a.	Laun	8,432. „	8,432. „	16,864. „
b.	önnur útgjöld:			
29. 1.	Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880 1. gr.	9,100. „	9,800. „	18,900. „
30. 2.	Til bráðabirgðaruppbóta fátækum brauðum	4,425. „	4,940. „	9,365. „
31. 3.	Til nokkurra brauða í fyrver: Hólastipti	645. 25	758. 25	1,403. 70
32. 4.	Viðbót við eptirlaun þau, sem fátækir uppgjafaprestar og prestekkjur fá samkvæmt lögum	2,000. „	1,650. „	3,650. „
33. 5.	Viðbót við eptirlaun uppgjafaprests, er lausn hefur fengið eptir að lög 27. febr. 1880 6. gr. um eptirlaun presta náðu gildi	50. „	50. „	100. „
34. 6.	Til prestekkna og barna	2,500. „	2,500. „	5,000. „
35. 7.	Endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000. „	1,000. „	2,000. „
36. 8.	Endurgjald handa Vestmanneyjapresti fyrir tekjumissi	1,210. 58	853. 97	2,064. 55
37. 9.	Endurgjald handa presti að Goðdölum fyrir tekjumissi	20. „	20. „	40. „
38. 11.	Bráðabyrgðaruppbót á Stóruvalla brauði í Rangárvalla sýslu	200. „	100. „	300. „
			alls...	59,687. 25

B. Til kennslumála.

39—46. I. Prestaskólinn.

		1884. kr. a.	1885. kr. a.	alls. kr. a.
39. a.	Laun	10,316. „	9,987. „	20,303. „
40. b.	Önnur útgjöld:			
1.	Húsaleigustyrkur handa lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	960. „	960. „	1,920. „
41. 2.	2 Ölmusur	400. „	400. „	800. „
42. 3.	Til tímakennslu	100. „	100. „	200. „
43. 4.	Til bókakaupa	300. „	300. „	600. „
44. 5.	Til eldiviðar og ljósa	115. 64	86. 48	202. 12
45. 6.	Til umsjónar	100. „	100. „	200. „
46. 7.	Ýmisleg útgjöld	100. „	146. 62	246. 62
			alls...	24,471. 74

Gjöldin við lið b. 7. fyrir 1885 hafa, að svo miklu leyti sem þau fara fram úr veitingunni, samkv. tillögu póst 31 við reikn. þessa árs, verið teknar upp á fjáraukalagafrumvarp fyrir 1884 og 1885, sem sje 46 kr. 62 a.

47—53. II. Læknaskólinn.

		1884. kr. a.	1885. kr. a.	alls. kr. a.
47. a.	Laun	3,200. „	3,200. „	6,400. „
b.	Önnur útgjöld:			
48. 1.	2 ölmusur, 200 kr. hvor	400. „	400. „	800. „
49. 2.	Eldiviður, ljós og ræsting	105. 50	94. 50	200. „
50. 3.	Til bókakaupa og verkfæra	600. „	300. „	900. „
51. 4.	Ferðastyrkur handa læknaefnum	150. „	300. „	450. „
52. 5.	Húsaleiga handa 4 lærisveinum	320. „	320. „	640. „
53. 6.	Ýmisleg útgjöld	101. „	99. „	200. „
			alls...	9,590. „

54—66. III. Hinn lærði skóli.

		1884. kr. a.	1885. kr. a.	alls. kr. a.
54. a.	Laun	17,866. 66	18,200. „	36,066. 66
b.	Aðstoðarfje:			
55. 1.	Handa söngkennaranum	600. „	600. „	1,200. „
56. 2.	— fimleikakennaranum	700. „	700. „	1,400. „
57. 3.	— dyraverði	900. „	900. „	1,800. „
58. 4.	Til umsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	300. „	300. „	600. „
c.	Önnur útgjöld:			
59. 1.	Til bókasafns skólans	598. 28	600. „	1,198. 28
60. 2.	Til eldiviðar og ljósa	787. 64	802. 49	1,590. 13
61. 3.	Til skólahússins utan og innan	1,497. 89	1,486. 07	2,983. 96
62. 4.	Til tímakennslu	1,645. 21	1,567. 95	3,213. 15
63. 5.	Ölmusur	8,000. „	8,000. „	16,000. „
64. 6.	Þóknun handa lækni	100. „	100. „	200. „
65. 7.	Ýmisleg útgjöld	1,137. 86	975. 94	2,113. 80
66. 8.	Fyrir prestsverk	48. „	48. „	96. „
			alls...	68,461. 98

Gjöldin við lið c. 4. fyrir 1885 hafa, að svo miklu leyti, sem þau fara fram úr veitingunni, samkvæmt tillögu póst 33 við reikn. þessa árs verið teknar uppá fjáraukalagafrumvarp fyrir 1884 og 1885, sem sje 67 kr. 95 a.

67—71. IV. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum.

		1884. kr. a.	1885. kr. a.	alls. kr. a.
67. a.	Laun ..... (smbr. tilsvör póst 34 við reikninginn 1885)	6,600. „	6,600. „	13,200. „
b.	Önnur útgjöld:			
68. 1.	Til bóka og áhalda kaupa við kennsluna ..	358. 40	400. 35	758. 75
69. 2.	Til eldiviðar og ljósa.....	519. 80	509. 10	1,028. 90
70. 3.	Til skólahússins utan og innan	286. 27	209. 75	496. 02
71. 4.	Ýmisleg útgjöld.....	348. 40	333. 20	681. 60
			alls...	16,165. 26

72—75. V. Önnur kennsla:

		1884. kr. a.	1885. kr. a.	alls. kr. a.
72. a.	Til kvennaskóla.....	2,800. „	2,900. „	5,700. „
73. b.	Til barnaskóla.....	2,000. „	2,000. „	4,000. „
74. c.	Til alþýðuskóla	2,100. „	2,200. „	4,300. „
75. d.	Til kennslu í organslætti og sönglist og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.	1,000. „	1,000. „	2,000. „
			alls...	16,000. „

76—79. C. Ýmisleg gjöld:

		1884. kr. a.	1885. kr. a.	alls. kr. a.
76. 1.	Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga	2,800. „	2,788. „	5,588. „
77. 2.	Til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi	400. „	400. „	800. „
78. 3.	Til deildar hins íslenzka bókmentafjelags í Reykjavík.....	1,000. „	1,000. „	2,000. „
79. 4.	Til forngripasafnsins:			
	a. Til forngripakaupa og áhalda	500. „	500. „	1,000. „
	b. Til umsjónar.....	200. „	200. „	400. „
	c. Til rannsóknar fornmenja	1,000. „	1,000. „	2,000. „
			alls...	11,788. „

80. Til skyndilána handa embættismönnum og logboðinna fyrirframgreiðslna, fjárl. 14. grein.

hafa gengið 1884.....	7,324 kr. 12 a.
1885.....	6,499 - 09 -
alls...	13,823 kr. 21 a.

81. Til eptirlauna og styrktarfjár, fjárl. 15. gr.

hafa gengið 1884	24,887 kr. 20 a.
1885	27,782 - 83 -
alls...	52,670 kr. 03 a.

82–87. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, fjárlögin 16. gr.

		1884. kr. a.	1885. kr. a.	alls. kr. a.
	hafa gengið:			
82. 1.	Styrkur handa kennara Þ. Thoroddsen til jarðfræðis rannsókna á Íslandi og utanferðar	1,500. „	500. „	2,000. „
83. 2.	Styrkur til gufubátsferða á Ísafjarðardjúpi..	„	„	„
84. 3.	Styrkur til kennara B. Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda..	600. „	600. „	1,200. „
85. 4.	Styrkur til St. Jónassonar til að ljúka við þúfnasljettunarvjel.....	200. „	„	200. „
86. 5.	Styrkur til eflingar laxveiði og laxræktar..	2,128. „	2,164. 95	4,292. 95
87. 6.	Til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja.....	3,004. 78	2,976. 05	5,980. 83
			alls...	13,673. 78

Gjöldin í 5. lið eru að svo miklu leyti sem þau fara fram úr fjárveitingunni, 1,292 kr. 95 a., tekin upp á fjáraukalagafrumvarp fyrir 1884 og 1885.

88. Til óvissra útgjalda, fjárl. 17. gr.

hafa gengið 1884	1,074 kr. 33 a.
og 1885, smbr. tillögu póst 27 nr. 7	3,462 - 26 -
alls...	4,536 kr. 59 a.

Þær 536 kr. 59 a., er hjer hafa of goldnar verið, eru teknar upp á fjáraukalagafrumvarp fyrir 1884 og 1885.

89. Til eptirlauna prestekna samkv. l. nr. 13. 3. okt. 1884

hafa gengið 1885	2,081 kr. 86 a.

90. Gjöld samkvæmt fjáraukalögum, smbr. l. nr. 22. 2. nóv. 1885.

hafa verið 1885	7,681 kr. 16 a.

91. Afgangur af tekjum, smbr. fjárl. 18. gr. Eptir reikningunum voru tekjurnar

1884 alls	503,503 kr. 64 a.		
Hjervið bætast (smbr. að framan I. nr. 11 og 14)	132 — 66 -		
		503,636 kr. 30 a.	
og 1885		471,691 — 49 -	
			975,327 kr. 79 a.
Gjöldin urðu alls:			
1884		405,327 kr. 99 a.	
1885		449,698 — 97 -	
Hjervið bætast (smbr. að framan II. nr. 6, 10, 15 og 67)		484 — 74 -	
			855,511 — 70 -
		Afgangurinn...	119,816 kr. 09 a.

Yfirlit

yfir

tekjur og gjöld Íslands á árunum 1884 og 1885.

nr.	Tekjur.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:		
	a. á ábúð og afnotum jarða	36,000.	78,652. 91
	b. á lausafje	39,000.	
2.	Húsaskattur	4,800.	8,049. 97
3.	Tekjuskattur	26,000.	34,482. 37
4.	Aukatekjur	38,000.	44,712. 38
5.	Erfðafjárskattur	5,000.	8,256. 33
6.	Gjöld af fasteignarsölum	1,300.	2,471. 87
7.	Vitagjald	10,000.	9,298. 98
8.	Nafnbótaskattur	32.	16.
9.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	2,800.	4,806. 75
10.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	72,000.	57,456. 85
11.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	250,000.	300,596. 05
12.	Aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	36,000.	34,440. 48
13.	Tekjur af póstferðunum	27,000.	35,883. 60
14.	Óvissar tekjur	2,000.	19,409. 09
15.	Afgjöld af jarðeignum landssjóð, að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl.	60,000.	64,998. 81
16.	Leigugjöld af brennisteinsnámunum í þingeyjarsýslu	3,600.	2,700.
17.	Tekjur af kirkjum	1,000.	853. 75
18.	Leigur af fje viðlagasjóðs	60,000.	64,819. 34
	borgað upp í láu, fjarveiting: 22,022 kr. 45 aur. reikningur: 63,116 — 58 —		
19.	Tillag frá brauðum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880	7,500.	7,770. 97
20.	Endurborgun á skyndilánum til embættismanna	6,000.	3,945. 83
21.	Endurgjald á fyrirframgreiðslum	4,000.	7,701. 84
22.	Tillag úr ríkissjóði	183,000.	183,000.
23.	Spítalagjald	„	1,003. 62
	Samtals...	.....	975,327. 79

nr.	Gjöld.	Fjárveiting. kr	a.	Reikningur. kr.	a.
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar í alþingi	26,800.		26,800.	
2.	Til kostnaðar við alþingi 1885 og við yfirskoðun landsreikninganna	33,600.		35,376.	60
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur, reikningsmál:				
3.	1. Laun	38,600.		31,400.	
4.	2. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað	7,600.		7,952.	94
5.	3. Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	6,000.		6,000.	
	B. Dómgæzla og lögreglumál:				
6.	1. Laun:				
	a. til dómara og sýslumanna	143,472.	38	143,952.	36
7.	b. til hreppstjóra	12,000.		11,383.	38
8.	2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	2,000.		2,000.	
9.	3. Til hegningarhússins og fangelsanna	7,400.		5,626.	27
10.	4. Önnur útgjöld	6,200.		6,023.	
	C. Úmisleg útgjöld:				
11.	1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur	3,600.		3,900.	85
12.	2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	2,400.		2,587.	99
13.	3. Brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	2,600.		2,498.	22
14.	4. Styrkur til eflingar búnaði	40,000.		41,653.	
15.	5. Til vegubóta:				
	a. til að bæta fjallvegi, einkanlega póstvegi	24,000.		24,000.	63
	b. til að styrkja sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum	16,000.		15,725.	32
16.	6. Til gufuskipaferða	36,000.		36,000.	
17.	7. Til vitans á Reykjanesi	5,600.		5,398.	43
18.	8. Til vörðuvita	2,000.		1,091.	73
19.	9. Til ferðakostnaðar samkv. lögum 2. nóv. 1877 3. gr.	1,200.		703.	40
20.	10. Til at gefa út „Lovsamling for Island“	1,960.		2,660.	
21.	11. Til aðgerðar á Vestmanneyjakirkju	1,100.		1,100.	
	Útgjöld við læknaskipunina:				
22.	1. Laun	75,452.		71,472.	05
23.	2. Styrkur til aukalækna	4,800.		1,482.	53
24.	3. Önnur gjöld	4,496.		7,312.	40
	Útgjöld við póstsjórnina:				
25.	1. Laun	14,000.		13,913.	33
26.	2. Póstflutningar	37,200.		40,482.	21
27.	3. Önnur gjöld	4,600.		6,384.	19
	flyt...	.....		554,880.	83

nr.	Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	.....	554,880. 83
	A. Í þarfir andlegustjettarinnar:		
28.	a. Laun.....	16,864.	16,864.
29.	b. Önnur útgjöld:		
	1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880 1. gr.....	13,000.	18,900.
30.	2. Til bráðabyrgðaruppbóta fátækum brauðum...	10,000	9,365.
31.	3. Til nokkurra brauða í fyrv. Hólastipti.....	1,200.	1,403. 70
32.	4. Viðbót við eptirlaun þau, sem fátækir uppgjafaprestar og prestaekkjur fá samkvæmt lögum.....	4,000.	3,650.
33.	5. Viðbót við eptirlaun prests, er fengið hefur lausn eptir að lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta náðu gildi	100.	100.
34.	6. Til prestekkna og barna.....	5,000.	5,000.
35.	7. Endurgjald handa biskupinum fyrir skrifstofukostnað	2.000.	2,000.
36.	8. Endurgjald fyrir tekjumissi handa Vestmanneyjapresti.....	2,886. 38	2,064. 55
37.	9. Endurgjald fyrir tekjumissi handa prestinum að Goðdölum	40.	40.
38.	10. Bráðabirgðaruppbót á Stóruvallabrauði.....	400.	300.
	B. Kennslumálefni:		
	I. Prestaskólinn:		
39.	a. Laun	20,632.	20,303.
	b. Önnur gjöld:		
40.	1. Húsaleigastyrkur handa lærisveinum, 80 kr. hver.....	1,920.	1,920.
41.	2. 2 Ölmusur	800.	800.
42.	3. Til tímakennslu.....	200.	200.
43.	4. Til bókakaupa	600.	600.
44.	5. Til eldiviðar og ljósa.....	240.	202. 12
45.	6. Til umsjónar	200.	200.
46.	7. Ýmisleg útgjöld.....	200.	246. 62
	II. Læknaskólinn:		
47.	a. Laun.....	6,400.	6,400.
	Önnur gjöld:		
48.	1. 2 ölmusur.....	800.	800.
49.	2. Eldiviður, ljós og ræsting	200.	200.
50.	3. Til bókakaupa og áhalda.....	900.	900.
51.	4. Ferðastyrkur handa læknaefnum.....	600.	450.
52.	5. Húsaleiga handa 4 lærisveinum	640.	640.
53.	6. Ýmisleg útgjöld.....	200.	200.
	flyt...	.....	648,629. 82

nr.	Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	flyttar...	.....	648,629. 82
	III. Hinn lærði skóli.		
54.	a. Laun	36,400.	36,066. 66
55.	b. Aðstoðarfje: Handa: söngkennaranum	1,200.	1,200.
56.	fimleikakennaranum.....	1,400.	1,400.
57.	dyraverði	1,800.	1,800.
58.	Fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans.....	600.	600.
	c. Önnur gjöld:		
59.	1. Til bókasafns skólans	1,200.	1,198. 28
60.	2. Til eldiviðar og ljósa.....	2,400.	1,590. 13
61.	3. Til skólahússins utan og innan	3,000.	2,983. 96
62.	4. Til tímakennslu.....	3,000.	3,213. 15
63.	5. Ölmusur	16,000.	16,000.
64.	6. Þóknun handa lækni	200.	200.
65.	7. Ýmisleg útgjöld.....	2,400.	2,113. 80
66.	8. Fyrir prestsverk.....	96.	96.
	IV. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum:		
67.	a. Laun	13,200.	13,200.
	b. Önnur gjöld:		
68.	1. Til bókakaupa og áhalda við kennsluna	800.	758. 75
69.	2. Til eldiviðar og ljósa.....	1,000.	1,028. 90
70.	3. Til skólahússins utan og innan.....	600.	496. 02
71.	4. Ýmisleg útgjöld.....	800.	681. 60
	V. Önnur kennsla:		
72.	a. Til kvennaskóla	6,000.	5,700.
73.	b. Til barnaskóla	4,000.	4,000.
74.	c. Til alþýðuskóla	7,500.	4,300.
75.	d. Til kennslu í organslætti og söngliist og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavik	2,000.	2,000.
76.	C. 1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga.....	5,600.	5,588.
77.	2. Til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi	800.	800.
78.	3. Til deildar hins íslenska bókmentafjelags í Reykjavík.....	2,000.	2,000.
79.	4. Til forngripasafnsins: a. til forngripa kaupa og áhalda 500 kr., b. til umsjónar 200 kr., c. til rannsóknar fornmenja 1,000 kr. á ári.....	3,400.	3,400.
	flyt...	.....	761,045. 07

nr.	Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	.....	761,045. 07
80.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	10,000.	13,823. 21
81.	Til eptirlauna og styrktarfjár	50,000.	52,670. 03
	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja:		
82.	1. Styrkur til kennara þ. Thoroddsens, til jarðfræðisrannsókna á Íslandi og til utanferðar	2,000.	2,000
83.	2. Styrkur til gufubátsferða á Ísafjarðardjúpi	3,000.	
84.	3. Styrkur til kennara B. Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda	1,200.	1,200.
85.	4. Styrkur til St. Jónassonar til að ljúka við sljettunarvjel	200.	200.
86.	5. Styrkur til eflingar laxveiði og laxræktar	3,000.	4,292. 95
87.	6. Til annara visindalegra og verklegra fyrirtækja	6,000.	5,980. 83
88.	Til óvissra gjalda	4,000.	4,536. 59
89.	Til eptirlauna prestekkna	.....	2,081. 86
90.	Gjöld samkvæmt fjáraukalögum	9,477. 31	7,681. 16
91.	Afgangur af tekjum	27,533. 24	119,816. 09
	alls...	.....	975,327. 79

Frumvarp

til

fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885.

(Lagt fyrir alþingi 1887.)

---

1. grein.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1884 og 1885, veitast 7,601 kr. 80 a. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í eptirfarandi 2.—6. gr.

2. grein.

Sem viðbót við upphæðina í 10 gr. C. 10., til að gefa út »Lovsamling for Island« veitast 700 kr.

3. grein.

Sem viðbót við upphæðirnar í 12. gr. til útgjalda við póststjórnina veitast:
undir 2. lið, til póstflutninga

1884	986 kr.	61 a.
1885	2,245 —	60 —
undir 3. lið, til annara útgjalda		
1884	976 —	72 —
1885	748 —	76 —
	4,957 kr.	69 a.

4. grein.

Sem viðbót við upphæðirnar í 13. gr. til kirkju- og kennslumála veitast:
undir lið B. I. b. 7. ýmisleg útgjöld við prestaskólann 1885 46 kr. 62 a.
undir lið B. III. c. 4. til tímakennslu við hinn lærða skóla árið 1885 67 kr. 95 a.

5. grein.

Sem viðbót við upphæðirnar í 16. gr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast:
undir lið 5. til eflingar laxveiði og laxræktar 1,292 kr. 95 a.

6. grein.

Sem viðbót við upphæðina í 17. gr. til óvissra útgjalda veitast 536 kr. 59 a.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til skýringar hinum einstöku greinum þessa frumvarps nægir að vísa til athugasemdanna við reikningslagafrumvarpið fyrir 1884 og 1885 og til þess er landshöfðingi hefur svarað endurskoðunarmönnunum uppá athuganir þeirra, og að þeim reikningi lýtur.

Frumvarp

til

fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887.

Lagt fyrir alþingi 1887.)

---

1. grein.

Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 veitast 1,375 kr. 95 a. til gjalda þeirra, er nefnd eru í eptirfylgjandi 2.—3. gr.

2. grein.

Sem viðbót við gjöld til prestaskólans í 13. gr. B. 1. veitast:
til viðauka við skólahúsið 1,000 kr.

3. grein.

Sem viðbót við eptirlaun og styrktarfje í 15. gr. veitast:
handa prestsekkju Ragnheiði Jónsdóttur sem viðbót við tekjur hennar af Vestmanneyja brauði náðarárið eptir lát manns hennar og sem viðbót við eptirlaun hennar frá fardögum 1886 til 31. desbr. 1887 375 kr. 95 a.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 2. gr.

Í prestaskólahúsinu er aðeins ein kennslustofa, og í henni komast naumlega fyrir 20 lærisveinar. Næsta skólaár má búazt við að á skólanum verði um 30 nemendur, en eins og kenslunni er komið fyrir, er nauðsynlegt að námsmenn geti verið allir í einu í kennslusalnum, og verður því óhjákvæmilegt að stækka salinn. Eptir skýrslu hlutaðeigandi yfirvalda, er þinginu mun verða gefinn kostur á að kynna sjer, verður þetta eptir því, sem á stendur, ekki gjört með öðru móti en með því að stækka húsbygginguna sjálfa, en því haganlegast og kostnaðarminnst í veg komið með 4 álna viðauka við vesturhlið hússins. Eptir fenginni áætlun mun tilkostnaðurinn eigi fara fram úr 1,000 kr., og eptir tillögum landshöfðingja er hjer því farið fram að fá þessa upphæð veitta.

Við 3. gr.

Á fjárlagafrumvarpinu fyrir 1888 og 1889, smbr. athugasemdirnar við 15. gr., er farið fram á að veita 105 kr. 40 a. á ári til prestsekkju Ragheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmanneyja brauði. Það, sem mælir með þessari tillögu, mælir og með því, að hún fái aðra eins viðbót fyrir tímann frá fardögum 1886 til ársloka í ár, eða ..... 165 kr. 15 a.,

og af sömum grundvallarskoðun virðist og leiða, að henni hefði átt að teljast náðarárstekjurnar af tekjum brauðsins, eins og þær voru meðan maður hennar lifði. Af þeim 843 kr. 19 a., er tekjurnar rýrnuðu um við fráfall manns hennar, á hún eptir þessu fjórðung eða ..... 210 — 80 —

og þá alls... 375 kr. 95 a.

Frumvarp til laga

um

að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

(Lagt fyrir alþingi 1887.)

---

1. grein.

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, sem að minnsta kosti nemur þeirri upphæð, er tilfærð er við hverja þeirra:

1.	Seglbúðir í Kleifar hreppi.....	1,200 kr.
2.	Hálfa jörðina þykkvabæ í sama hreppi fyrir.....	1,800 —
3.	Móðrufell í Hrafnagils hreppi með hjáleigunum Hraungerði og Torfum fyrir	6,000 —
4.	Gilsbakka í sama hreppi fyrir.....	1,800 —
5.	Efri Sandvík og Neðri Sandvík í Grímsey fyrir.....	1,500 —
6.	Skúta í Glæsibæjar hreppi fyrir.....	1,700 —
7.	Hnjúk í Vallna hreppi fyrir.....	2,500 —
8.	Flögu í Skriðu hreppi fyrir	2,500 —
9.	Reykhús í Hrafnagils hreppi fyrir	900 —

2. grein.

Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, er gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26, 8. nóvbr. 1883.

3. grein.

Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir aðeins til 31. desbr. 1892.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ábúendur þeirra 9 jarða, er frumvarpið fer fram á að selja, hafa þegar beðið um að fá þær keyptar; frumvarpið bindur söluna við hinar sömur aðalreglur, sem lög 8. nóvbr. 1883 og 8. jan. 1886 um sölu nokkurra þjóðjarða styðjast við, og skal því vísað til athugasemdanna við frumvarpið til fyrri laganna, er það var lagt fyrir þingið. Ákvæðið um tímagildi laganna svarar til 3. gr. í lögunum frá 1886. Hæsta kaupverð jarðanna hefur eptir tillögum landshöfðingja verið sett eins og hlutaðeigandi umboðsmaður hefur farið fram á, nema hvað jörðina við 3. lið snertir, en þar er farið eptir virðing sýslunefndar, er hæst fór. Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer álitsskjöl nefndra manna um málið.

Frumvarp til laga

um

að umsjón og fjárhald Flateyjar kirkju skuli fengin söfnuðinum í Flateyjar sókn í hendur.

(Lagt fyrir alþingi 1887.)

Stjórninni veitist heimild til að selja söfnuðinum í Flateyjar sókn í hendur umsjón og fjárhald Flateyjar kirkju í Þönglabakka prestakalli í norður- og austurumdæminu með þeim kjörum, að skuld kirkjunnar við landssjóð falli burt, að hún sje afhent með hæfilegu álagi samkvæmt löglegri skoðunargjörð eða úttekt og að henni fylgi 86 kr. 21 e. í sjóði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1885 skoraði alþingi á stjórnina með þingsályktun, að leita samninga við hlutaðeigandi söfnuði um, að þeir tæki að sjer umsjón og fjárhald kirkna þeirra, er landssjóður á, og væri hverri kirkju þá látin fylgja hæfileg kirkjuporzíón. Útaf þessu hefur landshöfðingi nú fyrir stjórnarinnar hönd látið bera mál þetta upp fyrir hlataðeigandi söfnuðum á þann veg sem sagt er fyrir í lögum 12. maí 1882, og spurzt fyrir um, hvort og með hvaða kjörum þeir væri fúsir á að takast umsjón og fjárhald kirkna þessara á hendur, en af þeim hafa aðeins tveir söfnuðir boðizt til þessa á löglegan hátt, eru það Flateyjar kirkju söfnuður í norður- og austurumdæminu og Vestmanneyja kirkju söfnuður.

Frá einum kirkjusöfnuði eru engin svör komin, en hinir aðrir hafa annað hvort neitað því að taka að sjer kirkjurnar, eður svörunum hefur eigi orðið gaumur gefinn, er málið hefur eigi verið rjett upp borið, eins og lög 12. maí 1882 mæla fyrir um.

Því næst hefur söfnuður Vestmanneyja kirkju, sem annar hefur boðizt til að taka umsjón og fjárhald kirkjunnar að sjer, sett þá kosti, er með öllu eru óaðgengilegir; en þar á móti eru skilmálar af hálfu Flateyjar kirkju safnaðar svo lagaðir, að landssjóður mun að þeim geta gengið. Þeir eru þessir, að skuld Flateyjar kirkju til landssjóðs, 745 kr. 54 a., falli burt, að söfnuðinum verði afhent kirkjan með hæfilegu álagi, metið við löglega úttekt eða skoðunargjörð, og að kirkjuporzíónin, eins og hún var í fardögum 1885, þ. e. 86 kr. 21 e., fylgi kirkjunni. Samkvæmt þessu hefur frumvarpið eptir tillögum landshöfðingja verið samið.

Frumvarp til laga

með

nokkrum ákvæðum um þeginn sveitarstyrk m. m.

(Lagt fyrir alþingi 1887.)

---

1. gr.

Sá sem hefur þegið sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld.

2. gr.

Er hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur fært þeginn sveitarstyrk inn í sveitarbókina er hún sönnun fyrir skuldinni.

Sveitarstjórnin getur beiðst lögtaks á skuldinni eptir fyrirmælum laga nr. 29, 16. des. 1885.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram, en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

3. gr.

Sveitarstjórnin getur látið fógeta skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eptirriti af uppskriptargjörðinni ásamt útdrætti úr sveitarbókinni, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni, skuldinni til tryggingar.

4. gr.

Ef það sannast fyrir amtmanni, að maður, er þiggur eða þegið hefur sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefur undir höndum, skal amtmaður eptir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svipta hann fjárforráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann.

Úrskurð þenna skal fjárráðamaður þegar í stað sjá um að birtur verði á varnarþingi hins.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal amtmaður nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er sviptur var fjárforráðum.

Fyrir þinglýsingar og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu á undan, skal ekkert gjald greiða.

5. gr.

Sá sem þiggur af sveit og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er eigi um megn, meðan hann er eigi fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum.

Ákvæði sveitarstjórnarinnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji eigi kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin; en málið getur hann jafnframt kært fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er sker úr því eptir að hafa leitað um það álits tveggja óvilhallra manna.

6. gr.

Óhlýðnist þurfamaður skipun sveitarstjórnarinnar, er getur um í næstu grein á undan, má kæra hann um það fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gjörist með fjársekt eða líkamlegri refsingu, smbr. reglugjörð fyrir fátækra málefna lögun og stjórn fyrst um sinn á Íslandi 8. jan. 1834 23. gr.

7. gr.

Nú vill maður flytja úr ríki burt, en hefur vandamenn, sem eigi eru sjálfbjarga, og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann hefur ferð sína, skyldur að setja sveit sinni viðunanlega trygging fyrir því, að vandamenn hans, er eptir verða, verði eigi sveitarfjelaginu til þyngsla, að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

8. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Árið 1885 samþykkti alþingi frumvarp frá einum þingmanna til laga um takmörkun á fjárforráðum þurfamanna, er þiggja sveitarstyrk. Með því að skerpa fátækralöggjöfina hafa menn hugsað sjer að stemma eptir megni stigu fyrir þeim óvenjum, er nú gangast við í þessum málum, og verða þannig til þess að draga úr sveitaþyngslunum, er fara sívaxandi, og sem á síðari árum virðast ætla að verða að sönnu átumeini í þjóðfjelaginu.

Þessum tilgangi frumvarpsins er stjórnin, svo sem sjálfsagt er, fullkomlega samþykk; og yfir höfuð að tala geðjast henni vel að því, eða getur að minnsta kosti fellt sig við, hvernig þingið í hinum einstöku atriðum hefur ætlað sjer að ná þessum tilgangi. En þrátt fyrir það hefur stjórnarráðinu eigi þótt frumvarpið til þess fallið að verða að lögum, eins og það er, og veldur því bæði ein aðalákvörðun, er þar er, og eins orðalagið á ýmsum öðrum ákvæðum þess. Það sem að efninu til hefur þótt allsendis ísjárvert er ákvörðun 4. greinar, sem eptir orðalagi greinarinnar, og enda þótt sú hugsun hafi hvergi komið fram í umræðunum á þinginu, vart verður á annan veg skilin en þann, að sveitarstjórnirnar eigi að geta þröngvað manni til að vinna af sjer sveitarstyrk, sem hann hefur þegið. Að takmarka svo mjög persónulegt frelsi manna hefur stjórnin eigi getað gengið að, enda fer það og í bága við hugsunarhátt vorra tíma. Jafnframt hefur stjórninni orðið að þykja æskilegt að orðalaginu á ýmsum greinum frumvarpsins yrði breytt að mun, til þess að rýmt yrði burt nokkrum vafaspurningum, er frumvarpið, einsog það er orðað, hefur í sjer fólgnar, og skal frá þessu skýrt síðar. Af þessum ástæðum hefur stjórnarráðið álitið, að því bæri í þegnlegum tillögum sínum um málið að ráða hans hátign konunginum til þess að neita að staðfesta lögin — og hefur hann 15. apríl þ. á. allramildilegast fallizt á það — en í stað þess að leggja fyrir þingið lagafrumvarp það með nokkrum ákvæðum um þeginn sveitarstyrk m. m., er hjer fer á undan, og tekið er upp í hið verulegasta úr frumvarpi þingsins. Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skal þessa getið.

1.—3. gr. eru að efninu til að mestu eins og 1. og 2. gr. alþingisfrumvarpsins; hefur þó eigi þótt vera ástæða til þess að láta sveitina jafnframt lögveði sveitarstyrksskuldinni til tryggingar fá frekari forgöngurjett fyrir öðrum skuldum í búi skuldunauts. Rjett hefur þvínæst þótt að taka það fram með berum orðum (í 1. gr.), að þeginn sveitarstyrk sje hlutaðeigandi skyldur að endurborga, einnig meðan lifir, eins og hverja aðra skuld. Loks er gerð sú orðabreyting, er nemur burt ósamkvæmni, sem var á upphafi og enda 1. greinar, þarsem svo var að sjá á upphafi greinarinnar sem hlutdeildar skuldunauts væri þörf til að veðsetja muni hans, en eptir enda hennar virtist sveitarstjórnin geta gert það upp á eigið eindæmi.

4. grein, er svarar til 3. gr. í þingfrumvarpinu, er orðuð svo, að skylt er og eigi aðeins rjett að svipta mann fjárforráðum, þegar þau skilyrði eru fyrir hendi, er greinin getur um, og mun þetta vera samkvæmt tilætlun þingsins.

Svo sem áður er ávikið, hefur stjórninni þótt ákvörðun sú í 4. gr. þingfrumvarpsins óhafandi, að fátæklingi verði þröngvað til að vinna af sjer sveitarstyrk, sem hann hefur þegið, hinsvegar hefur stjórnin þótzt geta fallizt á það, að sá, sem þiggur af sveit og er vinnufær, verði að sætta sig við að sveitarstjórnin ráði yfir vinnukröptum hans meðan hann getur eigi án sveitarstyrks verið sjer til framfæris. Samkvæmt þessu er að öðru leiti einið úr 4. grein þingfrumvarpsins tekið að mestu inn í 5. grein þessa frumvarps; þó hefur þótt rjettast að taka það fram, að þegar einhver ber sig upp undan

þeirri vinnu, er sveitarstjórnin hefur á hann lagt, sje hann eigi fyrir það, meðan yfirvaldsúrskurðurinn er eigi felldur, leystur frá að hlýða ákvæði sveitarstjórnarinnar.

6. grein þessa frumvarps er einkum í því frábrugðin 5. gr. í frumvarpi alþingis, að hegningin er færð upp fyrir óhlýðni hlutaðeiganda, þarsem auk fjársekta má beita líkamlegum refsingum, og er um leið skýrskotað til fátækrareglugjörðar 8. janúar 1834 23. gr.

Stjórnarráðið hefur að endingu eigi viljað setja sig á móti ákvæði 6. gr. í þingfrumvarpinu, þarsem svo er til tekið, að banna megi manni utanför undir vissum kringumstæðum, ef hann hefur framfærsluskyldu gagnvart öðrum, er heima sitja, og hefur þó stjórninni þótt ákvæðið allísjárvert, og hyggur heldur eigi, að það komi að nokkrum verulegum notum. Stjórnin hefur þó hugsað, að ákvörðun þessi ætti eigi að geta komið niður á þeim, er fer frá Íslandi til að setjast að í Danmörku, heldur sje hún aðeins fyrir þá sett, er fara til annara ríkja, þar sem ríkisvaldið danska nær eigi til að þröngva þeim til að uppfylla skyldur, er á þeim hvíla, og hefur því breytt orðinu »landi« í 6. gr. þingfrumvarpsins í »ríki« í sínu frumvarpi, 7. gr.

8. gr. er eins og 7. gr. í frumvarpi alþingis.

Frumvarp til laga,

er

hafa inni að halda nokkrar ákvarðanir um fiskiveiðar fjelaga í landhelgi.

(Lagt fyrir alþingi 1887.)

---

1. grein.

Fiskiveiðar í landhelgi mega fjelög eigi reka, er þegnar annara ríkja eiga hlut í. Þó mega hlutafjelög reka síldveiðar í landhelgi, ef meir en helmingur fjelagsfjárins er eign þegna Danakonungs, og fjetagið hefur heimilisfang á Íslandi eða í Danmörku og stjórn þess er skipuð dönskum þegnum, er að minnsta kosti einn þeirra er heimilisfastur á Íslandi.

2. grein.

Áður en fjelagið tekur til starfa, skulu samþykktir þess sýndar lögreglustjóra þar á staðnum, svo og breytingar, er eptir á verða gjörðar á þeim, og skal hann gæta þess að þær sjeu lögum samkvæmar, og yfirhöfuð hafa eptirlit með því að lögum þessum sje fylgt. Að öðru leyti er fjelagið að því, er fiskiveiðar snertir, háð hinum almennu lögum um fiskiveiðar í landhelgi.

3. grein.

Fyrir brot gegn lögum þessum skal sækja eptir reglum þeim, er gilda um opinber lögreglumál; varða brotin sektum frá 20—400 kr., er renna í landssjóð og skal hið ólögmæta veiðifang eða þess virði gjört upptækt og falla til landssjóðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er alveg samhljóða frumvarpi því um fiskiveiðar fjelaga i landhelgi, er stjórnin lagði fyrir alþingi 1885, og skal því hjer vísað til ástæðanna fyrir því. Astæðurnar fyrir því, að stjórnarráðið hefur eigi getað ráðið til þess, að gjört yrði að lögum frumvarp það til laga um fiskiveiðar í landhelgi, er þingið samþykkti í stað stjórnarfrumvarpsins, má lesa í brjefi stjórnarráðsins til landshöfðingjans yfir Íslandi 18. apríl þ. á., sem prentað er í B deild stjórnartíðindanna. Vegna þess sambands, sem er á milli hinna verulegu breytinga, er þingið gjörði, og þeirrar grundvallarreglu, er kemur fram í inngangsákvæði þingfrumvarpsins, að búsettum mönnum á Íslandi einum sjeu heimilar fiskiveiðar á flóum og fjörðum inni í landhelgi við Ísland, sem stjórnin hefur eigi getað fallizt á, hefur rjettast þótt að leggja frumvarpið óbreytt fyrir þingið, eins og það var lagt fyrir það 1885.

Frumvarp til laga,

sem

snerta bátafiski á fjörðum.

(Lagt fyrir Alþingi 1887.)

---

1. grein.

Frá bátafiski á fjörðum eða fjarðarhlutum, að undanskildum sídveiðum, má í einstökum tilfellum fyrir sakir fiskiveiða þeirra manna, er þar búa, útiloka þá, sem komnir eru annars staðar að.

2. grein.

Þegar sýslunefnd sú, er hlut á að máli, hefur lagt uppástungu um, að slík ráðstöfun verði gjörð, fyrir fund hjeraðsmanna þeirra, sem málið er skylt, og uppástungan hefur verið samþykkt þar á þann hátt, sem ákveðinn er viðvíkjandi fiskisamþykktum í lögum 14. desember 1877 um ýmisleg atriði, sem snerta fiskiveiðar á opnum skipum, skal sýslunefndin láta amtmann fá uppástunguna til að senda landshöfðingja með nákvæmum upplýsingum um þau atriði, er tilefni hafa gefið til hennar, einkum um stærð fiskistöðva í firði þeim, er ræðir um, fiskifólksfjölda þar, háseta fjölda og tölu á bátum, bæði úr firðinum og annars staðar að, er hafðir hafa verið þar til fiskiveiða.

3. grein.

Ef landshöfðingja þykir það fullsannað með upplýsingum þeim, sem fram eru komnar, að fiskiveiðar í firði þessum verði eigi á annan hátt verndaðar, er honum lögheimilt að setja þau ákvæði, er auglýsa skal í B deild stjórnartíðindanna, að fiskiveiðar þar í firðinum, að síldveiðum undanskildum, skuli innan takmarka, er nákvæmlega skulu tiltekin í hverju einstöku tilfelli, áskildar fjarðarbúum einum; enn fremur er honum lögheimilt, að ákveða sektir fyrir brot gegn þessu, og skal sækja fyrir þau eptir reglum þeim, sem gilda um opinber lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er alveg samhljóða frumvarpi því um bátafiski á fjörðum, er stjórnin lagði fyrir alþingi 1885, og skal því skýrskotað hjer til ástæðanna fyrir því. Ástæðurnar fyrir því, að stjórnarráðið hefur eigi getað ráðið til þess, að gjört yrði að lögum frumvarp það, er þingið samþykkti í staðinn fyrir stjórnarfrumvarpið, er fellt var, og fyrir frumvarp stjórnarinnar um fiskiveiðar fjelaga i landhelgi, má lesa í brjefi stjórnarráðsins til landshöfðingjans yfir Íslandi 18. apríl þ. á., er prentað er i B deild stjórnartíðindanna.

Frumvarp til laga

með

nokkrum ákvæðum um veð.

(Lagt fyrir alþingi 1887).

---

1. gr.

Ef skuld, sem handveð er fyrir, er eigi borguð í gjalddaga, eður leigur í tæka tíð, hefur veðhafi rjett til að selja veðið við opinbert uppboð, en aðvara skal hann áður veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara, og sje veðsali ókunnur eða et menn vita eigi um heimili hans, skal veðhafi stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa út veðið með auglýsing í þeim tíðindum, sem birta skal í stjórnarvalda auglýsingar.

2. gr.

Eigi missir lánardrottinn kröfu sína, þótt handveð glatist fyrir óhapp.

3. gr.

Ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febr. 1847 um íje ómyndugra á Íslandi 10. gr., má löglega upp taka í hvert það veðskuldabrjef, er fasteignartrygging veitir.

4. gr.

Enginn hefur framar rjett til að veðsetja allt, sem hann á og eignast kann.

Enginn má framar selja að sjálfsvörzluveði safn af munum, sem eru samkynja eða ætlaðir til sameiginlegra afnota, og sem nefnt er einu almennu nafni.

Þó er leiguliða lögheimilt að selja að sjálfsvörzluveði búsmuni sína, er hann hefur til að yrkja leigujörðina, svo og arðinn, skuldum þeim til tryggingar, sem hann er kominn eða kann að komast í við landsdrottinn og af ábúðinni leiða.

5. gr.

Þegar jörð skal veðsetja, má þann samning gjöra, að fylgja skuli jörðu svo sem henni til heyrandi auk búfjár og innstæðu, smbr. tilskipun 24. apr. 1833 2. gr., heyforði sá, sem á henni er í hvert skipti.

6. gr.

Þá er veðsetja skal verksmiðjur eður önnur iðnaðarhýsi, má löglega svo um semja, að vjelar eða önnur iðnaðaráhöld og tilfærur skuli fylgja fasteigninni svo sem henni til heyrandi.

7. gr.

Nú veðsetur maður eitthvað af lausafje sínu, en handselur eigi veðið, og skal þess þá ávallt gætt, að veðsali skrifi undir veðstofnunarbrjefið í viðurvist tveggja áreiðanlegra manna, er gæti þess nákvæmlega, að rjett dagsetning sje á því.

Eigi veðsali heimili í Reykjavík, skal lesa veðbrjefið á fyrsta eða öðru þingi, og fær brjefið, ef útaf er brugðið, eigi veðgildi frá þinglestrardegi, þótt síðar verði lesið.

Eigi veðsali heima annarstaðar en í Reykjavík, skal veðbrjefið lesa á manntalsþingi hinu næsta eptir útgáfu þess, og fer um eins og áður segir, ef út af er brugðið. Hafi það verið þinglesið á rjettum tíma, en áður fram sýnt til undanfarandi innteiknunar í afsals- og veðmálabókina samkvæmt tilskipun 24. apríl 1833 4. gr. og opnu brjefi 28. apríl 1841, fær það veðgildi frá þeim degi, er sýningin fór fram.

Ef veðsali breytir um bústað og flytur í aðra þinghá, skal brjefið lesa af nýju á þingi þar og eigi síðar, en áður gat um, frá flutningsdegi.

Svo skal og þinglesa allar veðskuldbindingar, er hingað til hafa gefnar verið út fyrir almennu sjálfsvörzluveði í lausafje eður sjálfsvörzluveði í einstökum aurum, ef þær eiga að halda gildi sínu. Skal það gert á manntalsþingi hinu fyrsta eptir að lög þessi öðlast gildi, ef veðsali á heima annarstaðar en í Reykjavík, en sje hann búsettur þar, þá á fyrsta eða öðru þingi eptir að lögin fengu gildi.

Það leiðir að öðru leyti af grundvallarreglum núgildandi laga, að engin veðskuldbinding fær, þótt þinglesin sje, nokkurt gildi að því er snertir ríkisskuldabrjef, hlutabrjef, veðskuldabrjef eður önnur slík verðbrjef þeim til tjóns, er þau síðar hafa löglega afhent verið að handveði eður til eignar, nema á þessi verðbrjef hafi verið ritað með ljósum orðum, að veðskuldbindingin nái yfir þau.

8. gr.

Sjálfsvörzluveð í lausafje verður að engu, ef veðbrjefið er gefið út innan næstu 8 vikna áður en bú veðsala var tekið til skipta sem gjaldþrota.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Löggjöf Íslands er mjög ábótavant að því er veðmálarjettinn snertir. Um handveð eru engar aðrar lagaákvarðanir en þær, sem eru í kaupabálki Jónsbókar XXII. kafla og í lögum um stofnun landsbanka 18. september 1885 16. og 17. gr. Um sjálfsvörzluveð eru að vísu til allmargar ákvarðanir hingað og þangað, og þegar þær koma allar saman, innifelast í þeim beinlínis eða óbeinlínis velflestar af hinum nauðsynlegu aðalreglum um þessa veðtegund; en hjer vantar þó með öllu ákvæði, er reisi nægar skorður við vanbrúkun á almennri veðsetning og á sjálfsvörzluveði í lausafje. Það er nú tilgangur þessa lagafrumvarps að ráða bót á þessum anmörkum með nokkrum viðaukagreinum, og skal um hin einstöku atriði þeirra hjer farið nokkrum orðum.

1. og 2. gr.

Það sem einkum vantar í löggjöfina um handveð eru ákvæði, sem nú á dögum eigi við um það, hverri sóknaraðferð veðhafi megi beita til að ná rjetti sínum. Akvæðin í þessum greinum hafa því þótt mega nægja; þau eru samskonar og ákvæðin í lögum um gjaldþrot og fl. 25. marz 1872 155. og 156. gr., sem nú eru í gildi í Danmörk, smbr. bankalögin fyrir Ísland 18. sept. 1885, 16. og 17. gr., þegar svo stendur á að bankinn er veðhafi.

3. gr.

Til þess að bæta úr þeirri þörf sem segja má að sje á sóknaraðferð, sem eigi sje allt of umsvifamikil og langvinn, til þess að koma fram sölu fasteigna, er veðsettar hafa verið, hefur þótt eðlilegast að fara þá leiðina að veita mönnum almenna heimild til að koma sjer saman um að taka upp í veðbrjef sín ákvæðið í tilskipun um fjárforræði ómyndugra á Íslandi 18. febr. 1847, 10. gr., enda mun nú farið að tíðkast að yfirvöldin álíti það mönnum heimilt vera, smbr. og hvað bankann snertir lög 18. sept. 1885 15. gr.

4—6. gr.

Þessar ákvarðanir eru alveg samskonar og ákvarðanirnar í gjaldþrotalögum Danmerkur 151—53. gr., sem annars vegar af taka almennt sjálfsvörzluveð og sjálfsvörzluveð í safni af munum, og hinsvegar rýmka reglurnar um þá tegund lausafjár, sem hægt er að veðsetja með fasteigninni, þannig að reglurnar um fasteignarveðið nái og yfir það. Að vísu mun aðeins vera regluleg þörf á hinum fyrri ákvörðununum, er reisa skorður við vanbrúkun á sjálfsvörzluveðrjettinum; en hinum síðar nefndu mun þó eigi of aukið vera.

7. gr.

Þessi grein svarar í heild sinni til tilskipunar fyrir Danmörk 28. júli 1841 1. gr., nema að því er þinglestrarfrestinn snertir, sem laga verður eptir því sem á stendur á Íslandi. Þá er rætt var um að lögleiða tilskipun þessa á Íslandi (1845), þótti mönnum ákvæði

hennar of margbrotin eptir því sem viðskiptaástandið og skuldaskiptin voru um þær mundir manna á meðal, en þessu hefur síðan þokað svo fram, að þörf mun nú vera á slíkum ákvæðum sem þeim, er hjer eru.

8. gr.

Þetta er samskonar grein og 21. grein hinna dönsku gjaldþrotalaga, smbr. tilskipun 28. júli 1841 2. gr.

Frumvarp til laga

um

aðför.

(Lagt fyrir alþingi 1887).

I. kafli.

Almenn skilyrði fyrir aðför.

1. gr.

Aðför má gera eptir:

1. dómum og úrskurðum, upp kveðnum af löglegum dómstólum í ríkinu.
2. sáttum, er komizt hafa á fyrir löglegum sáttanefndum í ríkinu, dómstólum eður yfirvöldum, er í lögum er boðið að leita um sættir í þeim málum er ræðir um.
3. þinglesnum veðbrjefum með þeim skilyrðum, sem til eru tekin í lögum nr. 29, 16. desbr. 1885, 15. og 16. gr.

Um lögtak, útburðar- og innsetningargjörðir án undanfarinnar lögsóknar og dóms fer eptir reglum þeim, er til þessa hafa gildar verið.

2. gr.

Aðför skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti gjöra, og nefnist hann þá fógeti.

Hann kveður til aðfarar með sjer tvo áreiðanlega menn sem votta. Þeir eru jafnframt án sjerstaks umboðs rjett komnir til að gjöra þær virðingar og áætlanir, er fyrir kunna að koma við aðförina. Hafi þeir ekki vit á að meta rjett muni, er fram koma, kveður fógeti aðra til þess hæfa. Vottarnir og eins þeir er til virðinga eru kvaddir, skulu í fógetabók rita undir yfirlýsingu upp á æru sína og trú um það, að þeir skuli virðingar af hendi inna eptir beztu sannfæringu.

3. gr.

Nú vill maður aðfarar beiðast, og skal hann snúa sjer um það til fógeta og hafa með sjer eptirrit af dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður af frumriti veðbrjefsins og

jafnframt gefa fógeta allar þær skýrslur, er hann að öðru leyti þarf til þess að kveða á um aðförina.

Ef skuldin sjálf, auk málskostnaðar og vaxta, er bætzt hafa við frá byrjun málssóknar, fer fram úr 200 kr. eða virði þess, skal aðfarar beiðast skriflega. Að öðrum kosti nægir munnleg beiðni, er fógeti síðan færir til bókar.

4. gr.

Það er skilyrði fyrir aðför, að dómurinn eða úrskurðurinn sje í lögmætu formi. Ef svo er, á fógeti eigi að rannsaka það eður dæma um, hvort á kunni að vera þeir gallar eða brestir að felldur yrði eða honum breytt fyrir æðra dómi eða úrskurði, ef til kæmi.

Fógeti skal því að eins aðfarar synja, að dómurinn eða úrskurðurinn sje eigi upp kveðinn af löglegum dómstóli eður yfirvaldi, er vald hafi til að upp kveða aðfararhæfa úrskurði, eður að honum samkvæmt efni sínu verði eigi fullnægt.

5. gr.

Ef gjöra skal aðför eptir sátt, á fógeti að skera úr um allar varnir, er fram koma gegn gildi sáttarinnar, hvort heldur hún er á komin fyrir sáttanefnd, dómi eða yfirvaldi; þó má úrskurður fógeta, að því er dómsátt snertir, í engu hreifa við gjörðum dómarans.

Nú er í sáttinni frestur veittur kröfunni til fullnægingar, eður hún skilyrði bundin, eður svo er tilskilið, að hvorir tveggju skuli nokkuð af hendi inna, og verður þá eigi af aðför, nema sáttin sjálf eður önnur opinber skjöl beri það með sjer, eður skuldunautur kannist við, að fresturinn sje útrunninn eða skilyrðinu fullnægt, eður að sátthafi hafi af sinni hálfu innt það af hendi er honum bar, eður við aðförina bjóðist til þess löglega, ef þá er eigi um seinan.

6. gr.

Aðalreglurnar í 5. gr. um sættir eiga og við um veðbrjef, er um getur í 1. gr. 3. lið.

7. gr.

Aðför má gera eptir dómi og úrskurði, þá er liðinn er fullægingarfrestur sá er til er tekinn, enda hafi dóminum eða úrskurðinum eigi verið áfrýjað. Ef enginn frestur er til tekinn í dóminum eða úskurðinum, má þegar í stað aðför gjöra. Nú hefur tekin verið út stefna til áfrýjunar, og sker þá fógeti úr eptir núgildandi reglum, hvort varnað geti aðfarar.

8. gr.

Eptir sátt má aðför gjöra, þegar er skuldin eptir henni er komin í gjalddaga. Um aðför eptir veðbrjefum fer eptir 15. gr. í áður nefndum lögum 16. desbr. 1885.

9. gr.

Aðfararhæfi týnist aðeins fyrir 20 ára fyrning. En ef dómhafi lætur meir en eitt ár líða frá því er aðför gat fram farið, og dómfelldi á heimili á Íslandi, er mönn-

um er kunnugt um, þá er hann skyldur til með nótaríalskipun eður með áskorun er hann lætur hlutaðeigandi stefnuvotta birta dómfellda, að skora á hann að fullnægja dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður veðbrjefinu; og má þá eigi aðför gjöra fyrr en liðnar eru 3 vikur frá þessari áskorun.

10. gr.

Ákvæði þau, er hjer fara á eptir um dóma, gilda og um sættir og aðrar aðfararheimildir, þó með þeim afbrigðum, er af eðli málsins leiða.

II. kafli.

Um aðför eptir dómum, sem eigi dæma menn í peningaútlát.

11. gr.

Nú er maður með dómi til annars skyldaður en peningaútláta, og skal þá, nema þegar svo stendur á, sem segir í 12—14. gr., til peninga meta, hve miklu það varði dómhafa að fá dóminum fullnægt, og síðan fjárnámi heimta peningagjaldið eptir reglum þeim, er getur um í næsta kafla, enda hafi ómögulegleiki eigi eptir að dómur var upp kveðinn, eða önnur atvik samkvæmt almennum borgaralegum lögum leyst dómfellda frá því að fullnægja dóminum eður greiða að öðrum kosti skaðabætur.

Sje eigi, samkvæmt varakröfu um það í málsfærslunni, í dóminum á kveðið peningagjald í stað þess, er upprunalega skyldi af hendi inna, getur dómhafi við aðförina látið á kveða upphæð þess.

Jafnaðarlega skal fógeti á kveða peningagjaldið með aðstoð vottanna (2. gr.); en hafi þeir eigi nægilega vit á því, getur hann kvatt aðra sjer til aðstoðar, en lætur þá áður vinna sjer eið.

Ef kostur er á, skal fógeti til kalla dómfellda, svo að hann fái komið með hverskonar upplýsingar og yfirlýsingar, áður til tekið sje peningagjaldið.

Sjálfur metur fógeti því næst og til tekur gjald þetta eptir málavöxtum, en þarf eigi að fara eptir áliti vottanna eður þeirra, er í stað þeirra voru til kvaddir. Einkum á hann að annast um, að dómhafi fái fullar bætur, og, ef hann er í efa nokkrum, þá heldur að til taka ríflegar bætur, en eiga það á hættu að dómhafi bíði tjón af því, að dómnum varð eigi fullnægt.

Ef dómhafi höfðar mál til hegningar samkvæmt 16. gr. fyrir það að hinn fullnægir eigi dóminum, má til taka peningagjaldið með dómi í þessu máli í stað þess að gjöra það við aðförina.

12. gr.

Ef maður er dæmdur til að víkja af fasteign eður selja dómhafa nokkur umráð hennar, skal fógeti, ef því verður við komið, með útburði og innsetning dómhafa eða á annan hátt því líkan þröngva honum til að hlýðnast dómsákvæðinu.

13. gr.

Ef maður er með dómi skyldaður til að láta einhvern hlut af hendi, á fógeti sömuleiðis að taka hlutinn með valdi, eður með annari líkri þvingunaraðferð að framkvæma dómsákvæðið. Finnist hluturinn eigi, er til skal taka, getur dómhafi heimtað, að

fyrir komi peningagjald, svo sem segir í 11. gr., og það því næst tekið fjárnámi.

14. gr.

Ef maður er dæmdur verk að vinna eður eitthvert slíkt starf af hendi að leysa, getur fógeti leyft dómhafa, ef hann fer fram á það og það þykir hægasti og beinasti vegurinn fyrir hann til að ná rjetti sínum, að fá aðra til að vinna verkið, og því næst að heimta af hinum með fjárnámi það, er hann varð að borga fyrir verkið eptir reikningi, sem fógeti hefur samþykkt. Sje maður dæmdur til að gefa út eða rita undir skjal nokkurt, getur fógeti gjört það með sömu verkun eins og hefði hann til þess haft umboð hins.

Ef manni með dómi er veitt leyfi til að hafast eitthvað að gegn því að bæta tjón það, er af leiðir, eða ef maður er með dómi skyldaður til að vinna eitthvert verk mót því að fá kostnaðinn við það bættan af dómhafa, þá er fógeti skyldur til, ef þess verður krafizt, og ef þörf gjörist með aðstoð þeirra manna, er vit hafa á, að leysa úr spurningum, er snerta framkvæmd slíks dóms, og að ákveða peningagjald það, er greiða skal, þá er dóminum verður fullnægt.

15. gr.

Ef manni með dómi er boðið að láta eitthvað ógjört, getur dómhafi, ef brotið er móti boðinu, og eigi er í dóminum til tekið, hverri ábyrgð slíkt sæti, látið með aðför meta til peninga bætur fyrir brotið svo sem segir í 11. gr. og síðan fjárnámi taka. Ef dómhafi höfðar mál til hegningar samkvæmt 16. gr. fyrir brotið, má með dómi í þessu máli ákveða bæturnar í stað þess að láta fógeta gera það.

16. gr.

Nú lætur maður af mótþróa fyrir farast að fullnægja dómi, er leggur fyrir hann að gjöra eitthvað, eða maður af ásettu ráði brýtur á móti dómboði um að láta eitthvað ógjört, og getur dómhafi þá, hvort sem hann fer fram eptir ákvæðum 11—15. gr. eða eigi, höfðað mál á hendur hinum og fengið hann dæmdan í sektir eða fangelsi. Fullnægi hann síðar dóminum að öllu leyti, fellur hegningin niður, eða stöðvast, ef hann þegar er farinn að út taka hana, og eins er um þegar dómhafi með því að fara fram eptir 11—15. gr. hefur náð rjetti sínum eður fengið trygging fyrir því.

Þá er fallinn er hegningardómur, er það skylda löggæzlumanna að veita dómhafa fulltingi sitt til að ná rjetti sínum, ef hann beiðist þess, með því að leita uppi og taka af dómfellda þá hluti, er hann er dæmdur til að láta af hendi, hamla honum í að fremja brot gegn dóminum, ónýta aðgjörðir hans, er koma í bága við rjett dómhafa og því um líkt.

17. gr.

Með undanfarandi greinum er í engu fyrirgert rjetti dómhafa til að neyta bráðabirgðar-rjettaraðfara til tryggingar fyrir því að dóminum verði fullnægt.

III. kafli.

Um aðför eptir dómum, er dæma menn í peningaútlát.

18. gr.

Ef maður er dæmdur til að borga peninga, má aðför gjöra með fjárnámi í eignum hans. Að því, er snertir sektir, sem dæmdar eru í einkamálum, þá skal farið eptir reglunum um aðför eptir sektadómum.

Eigi má dæma menn í skuldafangelsi.

Hinar sjerstaklegu þvingunarreglur, er gilda um heimtu á framfærslueyri með barni, eða konu, er skilin er við mann sinn að borði og sæng eða að fullu, skulu halda gildi sínu.

19. gr.

Eigi skal fjárnámi taka meir en það, sem eptir virðing vottanna nægir til að fullnægja dóminum, og fyrir því sem dómhafi krefst og fógeti metur að ganga muni til lögboðinna og annara nauðsynlegra rjettargjalda og kostnaðar, svo sem við flutning á munum, geymslu þeirra til uppboðs m. m., og enda sje áður tekið frá svo mikið sem þörf þykir vera til þeirra, er forgöngurjett kunna að hafa.

20. gr.

Aðför fer fram eptir þeim reglum, sem hjer fara á eptir, annað hvort með því móti að fógeti tekur fjárnámi til sölu við uppboð lausafje eður fasteignir af dómfellda til handa dómhafa, eður skuldir er hinn á að öðrum, eða að fógeti með námsgjörð tekur rjettindaumráð af dómfellda, og lætur annan hafa þau í hans stað.

Ef lögbönd eru á fjenu eður það hefur áður verið fengið öðrum að fjárnámi, má taka það í annað sinn fjárnámi, er þá stendur hinu að baki.

Ef reiðu peningar eru fyrir, borgar fógeti dómhafa þá umsvifalaust uppí skuldina. Dómhafi getur ekki skorazt undan at taka við borgun í krófum upp á sjálfan hann, er í gjalddaga eru komnar, og hann kannast við að rjettar sjeu.

21. gr.

Í arði og tekjum fasteigna má fullnægingar leita með svo felldu móti, að fógeti lætur annan hafa umráð eignarinnar dómhafa í hag, og lætur tekjurnar ganga upp í skuldina á sama hátt og peninga, er koma inn við nauðungaruppboð.

22. gr.

Nú er fjárnám gjört í leigu- eða byggingarrjettindum fasteigna, enda sje eigi með því gengið á rjett eiganda, og skal þá farið eptir því sem segir í næstu grein á undan.

23. gr.

Meta skal fje, er fjárnámi er tekið, til þess, er ætla má að það seljist við uppboð undir venjulegum kringumstæðum að frádregnum uppboðs og innheimtu kostnaði. Þá er teknar eru fjárnámi krófur, rjettindi eða arður og tekjur fasteigna, skal engar virðingar á

leggja, en farið eptir áætlun um það, hve mikið skuli fjárnámi tekið og jafnframt haft tilhlýðilegt tillit til gjalda og kostnaðar, er af þeirri aðferð leiða.

24. gr.

Dómfelldi eður sá, sem er við aðförina fyrir hans hönd, á rjett á að segja til þeirra muna, er fjárnámi skuli taka, og getur dómhafi eigi haft á móti því, svo framarlega að þessir munir sjeu að mati eður hyggju fógetavottanna hæfileg trygging fyrir skuld þeirri, er ná skal inn.

Þó þarf dómhafi hvorki að ganga að fjárnámi í fasteignum, ef lausafje er til eða kröfur honum til fullnægingar, nje í lausum aurum, sem mjög mundi erfitt að geyma eður selja, nje í kröfum, er álíta má umþrættar eða óvissar. Ef hægt er að fá fjárnám til uppboðssölu, verður dómhafi eigi skyldaður til að leita fullnægingar á annan hátt. Ef til er annað fje, þarf dómhafi eigi að ganga að öðru fjárnámi í munum, er aðrir hafa fengið að fjárnámi á undan honum, eður einhvern þann rjett yfir, er hann yrði að standa að baki.

25 gr.

Segi dómfelldi eigi til eða einhver fyrir hans hönd, má dómhafi til taka þá muni, er taka skuli fjárnámi.

Þó skal fógeti gæta þess, að þeir munir sjeu fyrst teknir, er dómfelldi helzt megi án vera; skal því hvorki fjárnám gjöra í nauðsynlegri áhöfn jarðar af gangandi peningi, nje í ómissandi vinnuáhöldum, nje í smíðatólum eður öðrum þeim munum, er dómfelldi getur alls eigi án verið í atvinnu sinni, nema eigi sjeu til aðrir þeir hlutir, er hann heldur geti misst.

Ef taka skal fjárnámi hey, áburð, eldsneyti eða byggingarefni, og svo er ástatt, sem segir í 9. gr. laga nr. 1, 12. janúar 1884, þá skal fara eptir fyrirmælum þessarar greinar.

26. gr.

Ef fjárnám skal gjöra eptir því, sem segir í 21. gr., smbr. 22. gr., þá skal fógeti selja hlutaðeigandi eign öðrum til forráða, er hann til þess kveður, og bjóða leiguliða eða hverjum sem er að greiða honum afgjöld öll, og að öðru leyti gjöra þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að arður og tekjur eignarinnar komi dómhafa að notum.

Þessi forráðamaður gerir reikningsskil á þeim tímum, er fógeti til tekur, fyrir tekjum eignarinnar, og skilar fógeta, eins og hver annar innheimtumaður við uppboð, afganginum að frádregnum umboðskostnaði, þarmeð talin þóknun handa sjálfum honum.

Þegar dómhafi hefur fengið skuld sína borgaða með áföllnum leigum og kostnaði, fær skuldunautur eign sína aptur.

Fógeti leysir úr öllum spurningum um reikningsskilin, eignarforráðin og hvenær þeim skuli aptur skilað skuldunaut, þá er um slíkt koma fram kærur eður mótmæli af hálfu dómhafa, skuldunauts eður annara, er hlut eiga að málum.

27. gr.

Eigi má fjárnámi taka af skuldunaut rúm og sængurföt, er nauðsynleg eru honum, konu hans og börnum, er hjá honum eru, nje heldur lín og íveruföt, er þau mega eigi án vera.

Skuldunautur getur og undan skilið frá fjárnámi hina helztu lífsnauðsynjamuni, eður muni, er nauðsynlegir eru honum við atvinnu hans, ef eigi nema meiru að virðingarverði en 20 kr., eða 60 kr., eigi hann heimili fyrir að sjá. Þessa muni er honum sjálfum heimilt frá að taka eptir geðþótta; sje hann eigi við staddur aðförina, skal þeim, er fyrir eru á heimilinu, gefinn kostur á að gjöra það. Þenna rjett til að undan skilja muni fyrir til tekið verð eiga menn þó eigi, þá er skattar eða önnur opinber gjöld eru tekin fjárnámi, og heldur eigi verða munir undanskildir, sem veðsettir eru fyrir skuld þeirri, er fjárnámi skal heimt.

28. gr.

Fjárnám má að eins gjöra í rjettindum, er fengin eru, þegar það fer fram, en eigi í þeim, sem menn síðar kunna að eignast, svo sem í arfi, er menn eiga í vændum.

Fjárnám má gjöra í skuldum, er dómfelldi á að öðrum, þótt skilyrðum sjeu bundnar eða eigi komnar í gjalddaga, ef að eins er hægt að segja til þeirra og ákveða með nægilegri vissu.

Þegar samningur til skilur, að hvorirtveggju aðilar skuli nokkuð af hendi inna, má eigi fjárnám gera í því, sem annar á kröfu til af hinum, ef hann hefur eigi þegar sjálfur uppfyllt samninginn af sinni hálfu, og það, er hann á af hendi að inna, er eigið verk hans eður vinna eða eitthvað annað það, er sá, sem fjárnáms leitar, er eða verður eigi við fjárnámið fær um að láta í tje eða koma til leiðar.

Þetta skal þó í engu vera því til fyrirstöðu, að menn nú sem fyrr geti haldið sjer til vinnukaups skuldunauts eða annara tekja hans þvílíkra, þegar heimta skal af honum framfærslueyri með barni hans eða konu, er skilin er við hann að fullu eða að borði og sæng.

29. gr.

Nú er það löglega bundið samningi við annan mann eða ákvæði hans, að lánardrottnar skuli engrar fullnægingar mega leita í til teknum munum, og má þá eigi fjárnámi taka, enda þótt rjett væri, ef svo væri eigi til skilið.

30. gr.

Eigi má fjárnámi taka laun embættis-eður sýslunarmanna eða þvílíkar tekjur, eigi biðpeninga, eptirlaun eða því um líkt styrktarfje, er greiðist úr lands- sveitar- eða öðrum opinberum sjóðum, nema í gjalddaga sjeu komin.

31. gr.

Fjárnámi eru ennfremur undan þegin:

1) dagpeningar og þvílík gjöld til embættismanna eður annara, er opinberum störfum gegna, svo og ferðakostnaður og kostpeningar, er borgaðir eru til kvöddum vottum eða virðingamönnum; 2) framfærslueyrir með konu eður barni, ef til tekinn er með yfirvaldsúrskurði, sátt eða öðru slíku ákvæði; 3) styrkur til fátækra, er stofnanir veita eður aðrar landsnytjar í velgjörðar skyni, svo og hverskonar sveitarstyrkur.

32. gr.

Eigi er lífeyrir, forlagseyrir, lífsábyrgðarfje eður þesskonar tekjur, er menn hafa keypt sjer til eða öðrum með fjárframlagi, undan þegnar fjárnámi, nema sjertakleg lagaheimild sje fyrir, eður svo hafi löglega verið um samið eða ákveðið í fyrstu.

IV. kafli.

Um aðförina sjálfa og um rjettarfarið.

33. gr.

Þegar aðfararheimild er fyrir hendi, og fógeti álítur að öðru leyti ekkert því til fyrirstöðu að verða við beiðni um aðför, til tekur hann stund til aðfarar svo sem verða má eptir óskum dómhafa.

Aðför skal að jafnaði hefja að heimili dómfellda, nema þegar fógeta þykir eptir atvikum vera ástæða til út af að bregða.

Ef dómur dæmir mann til að fram selja muni eður af hendi að láta, má aðför hefja þar er þeir eru fyrir.

Nú á dómfelldi eigi heimili á Íslandi, og er þá rjett aðför að hefja þar, er hann verður fyrir, eða munir hans eru, sem til fullnægingar má nota.

34. gr.

Eigi verður af aðför, nema dómhafi sje viðstaddur eða annar löglega um kominn hans vegna.

Eigi tálmar það aðför, þótt dómfelldi sje eigi viðstaddur. En sje heldur eigi neinn viðstaddur í umboði hans, skorar fógeti á konu hans, börn eldri en 18 ára, hjú eður aðra fullorðna heimilismenn að taka málstað hans. Ef engi þessara manna er viðstaddur eða vill takast það á hendur, skal beina líkri áskorun að þeim, er hann býr hjá, húsbónda, lærimeistara eða verkherra, ef einhver sá er viðstaddur.

35. gr.

Gjörðin hefst með því, að fógeti skorar á hlutaðeiganda að borga skuldina og kostnað þann allan, er dómfellda ber að greiða, svo eigi verði af frekari aðför. Verði það eigi gjört, heldur fógeti gjörðinni áfram eptir beiðni dómhafa samkvæmt reglunum í II. og III. kafla.

36. gr.

Dómfelldi er skyldur að boði fógeta að ljúka upp herbergjum sínum og hirzlum, ef dómhafi fer fram á það, svo að sjeð verði, hvort þar sjeu geymdir munir, sem gjört verði fjárnám í. Skorist dómfelldi undan því, eða ef engi er sá viðstaddur, er geti gegnt boðinu, má fógeti beita valdi. Ef þörf gjörist, getur fógeti og leitað á dómfellda sjálfum, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi fjármuni á sjer geymda.

37. gr.

Skyldur er skuldunautur, ef skorað er á hann við aðförina, að segja satt og rjett til um það, hvað hann eigi til tryggingar eður lúkningar skuld sinni, og láta að öðru leyti í tje allar þær skýrslur, er nauðsynlegar eru og að þessu lúta. Sje skuldunautur eigi viðstaddur, getur aðfararbeiðandi fengið gjörðinni frestað og skuldunaut boðað á mót með sjer með fyrirvara, sem fógeti til tekur; þetta mót getur aðfararbeiðandi krafizt að haldið sje á skrifstofu fógeta.

Nú færist skuldunautur undan því að láta í tje skýrslur nokkrar, eður lætur undan fallast án löglegra forfalla að mæta við framhald gjörðarinnar, og á þá aðfararbeiðandi heimting á að hann sje settur í einfalt fangelsi og hafður þar, þartil er hann uppfyllir skyldu þessa, þó aldrei lengur en 6 mánuði.

38. gr.

Ef skuldunautur meðan á aðför stendur eða um það leiti, er hann hlaut að fyrir sjá hana, hefst eitthvað það að af eigingirni til að firra lánardrottinn sinn borgun, er miðar til þess að koma lögmætum eignum sínum eða kröfum undan fjárnámi, þá varðar það hegning eptir 262. gr. hinna almennu hegningarlaga.

39. gr.

Innan þeirra takmarka, er getur um í 4. gr. mega koma fram varnir af hálfu dómfellda gegn því, að aðför fari fram í heild sinni eða að einhverju leyti eða á þann veg, sem haldið er fram.

Um fram komin mótmæli hefur dómhafi rjett til að láta uppi álit sitt.

Fógeti ræður því, hvort fram megi fara frekari sókn og vörn um ágreiningsefnið.

40. gr.

Ef gjörðin mundi ganga of nærri rjetti annars manns, á hann og rjett á að mótmæla aðförinni. Hann mætir þá við gjörðina, lætur færa til bókar mótmæli sín og biður um úrskurð fógeta; ber þar eptir að skoða hann sem málsaðila í gjörðinni.

41. gr.

Sókn og vörn fyrir fógeta skal fram fara munnlega.

Fógeti leggur úrskurð sinn á þrætumálið samkvæmt framburði og játningum málsaðila, og framkomnum skjölum og öðrum skriflegum skilríkjum. En vitnaleiðslur, skoðunar- og álitagjörðir, máli til sönnunar, mega að jafnaði eigi fram fara.

Fógeti skal leiðbeina málsaðilum samkvæmt grundvallarreglunum í tilskipun 15. ágúst 1832.

42. gr.

Í fógetabók skal til greina:

a. stað og stund, er gjörðin skal fram fara, nöfn málsaðila og hver sje aðfararheimildin,
b. nafn fógeta og vottanna,
c. hvernig gjörðin hafi yfir höfuð að tala farið fram.

Verði ágreiningur um fram komnar krōfur, skal tilfæra þær orðrjettar.

Ennfremur skal fógeti bóka eins og honum þykir þörf vera frásögu málsaðila um það, hversu mál sje skapað, þó eigi orðrjetta, en svo að engu verulegu sje sleppt.

Hið bókaða skal síðan upp lesið og samþykkt.

43. gr.

Frest má að jafnaði engann veita meðan á gjörðinni stendur, nema málsaðilar sjeu ásáttir. En stöðvað getur fógeti sókn og vörn, ef nauðsyn ber til, en án þess að gjörðin þarmeð sje rofin. Fógeti skal þá, ef dómhafi krefst, láta hafa gætur á því, eða á annan veg gera þær ráðstafanir, er nauðsynlegar sjeu til þess, að allt standi í sömu skorðum, þartil er gjörðin aptur verður upp tekin. Skal málsaðilum skýrt frá, hvenær það verður.

44. gr.

Eptir að sókn og vörn er lokið um upp kominn ágreining, leggur fógeti þegar í stað eða svo fljótt sem verða má úrskurð sinn á málið.

Úrskurður skal rökstuddur vera og skal bóka hann orðrjettan.

Eigi stöðvar áfrýjun framkvæmd á honum.

45. gr.

Í fógetabók skal rita með nákvæmni hvern einstakan mun, er fjárnám er gjört í og virðingar verð hans við.

Því næst kveður fógeti svo á í bókinni, að hinir uppskrifuðu munir sjeu teknir fjárnámi dómhafa til fullnægingar, og lætur dómfellda vita, að upp frá þessu varði það hegningu að gera nokkrar þær ráðstafanir um muni þessa, er komi í bága við rjett dómhafa. Sje dómfelldi eigi viðstaddur, skal þeim, er tilkvaddir eru fyrir hans hönd samkvæmt 34. gr., boðið að skýra honum frá þessu, og eptir atvikum má og tilkynna það þeim manni, er fjeð er hjá, er fjárnámi var tekið.

46. gr.

Þegar fjárnám er gjört í fasteign, en eigi í arði hennar og tekjum, heldur hún áfram að vera í umráðum skuldunauts þar til er nauðungaruppboð fer fram, nema svo reynist, að hún spillist af hans völdum eða rýrni, og getur fógeti þá fengið öðrum forráð hennar.

Fjárnámsgjörðina skal þinglesa, eigi hún að hafa gildi gagnvart öðrum, er með löglegum samningum kynnu að eignast rjettindi yfir fasteigninni. Skal gjörðina lesa á varnarþingi, þar er fasteign liggur undir, eptir reglum þeim, er um veðsetning fasteigna gilda.

47. gr.

Lausafje, er fjárnámi hefur verið tekið, má eigi haldast í vörzlum skuldunauts, ef sá vill eigi, er að fjárnámi fjekk munina, nema skuldunautur setji viðunanlega tryggíng fyrir því, að þeir varðveitist hjá honum óskertir; en fjárnámshafa skal að jafnaði heim-

ilt vera að taka munina til sín til geymslu, en gegn trygging, ef verð þeirra fer að mun fram úr kröfu hans.

Verði munirnir eigi í vörzlum skuldunauts, og fjárnámshafi tekur heldur eigi við þeim, annað hvort fyrir því að hann má það eigi samkvæmt því er nú var sagt, eður hann vill eigi takast geymsluna á hendur, skal fógeti gera nauðsynlegar ráðstafanir til geymslu þeirra á kostnað dómfellda.

48. gr.

Ef skuldabrjef eru tekin fjárnámi til sölu við uppboð, skal á þau rita um fjárnámið, ef það á að hafa gildi gagnvart þeim, er þau síðar hafa verið fengin til eignar eða að veði, og eigi vissi um fjárnámið, eða gagnvart skuldunaut sjálfum, er í þessari óvissu hefur síðar borgað af skuldinni til þess, er fjárnámið var gjört hjá gegn kvittun hans á sjálft brjefið eður gegn afhending þess.

Ef fjárnámi eru teknar kröfur annarar tegundar, skal skuldunaut skýrt frá því, annars leysist hann frá skuld sinni með því að borga hana í góðu trausti þeim, er fjárnámið var gjört hjá. Hið sama er um er skuldunautur bor ar leigur af skuldabrjefi sínu.

49. gr.

Ef sá hlutur, er tekinn var fjárnámi, verður eigi fenginn fjárnámshafa eða þeim, er fógeti hefur til tekið, fyrir því að einhver annar maður hefur rjett til að hafa hann í sínum vörzlum, skal fógeti eptir atvikum, ef fjárnámshafi beiðist þess, tilkynna þessum manni, að skuldunautur eigi ekki rjett á því að taka við honum, þegar að því kemur að hann eigi að skila honum úr sínum vörzlum.

50. gr.

Þegar farið hefur verið fram eptir ákvæðum þeim, er að framan getur, þá missir fjárnámshafi eigi þann rjett, er fjárnámið veitir honum til þess að ná með löglegri aðferð borgun í munum þeim, er fjárnámi voru teknir, enda þótt skuldunautur síðar deyji eða verði gjaldþrota, eða aðrir geri fjárnám hjá honum, og eigi getur skuldunautur heldur síðar selt nokkrum öðrum manni nein rjettindaumráð yfir munum, er á nokkurn hátt megi skerða rjett fjárnámshafa.

Þó missir sá, er fengið hefur lausa aura að fjárnámi, er haldist hafa í vörzlum skuldunauts. fjárnámsrjettinn gagnvart lánardrottnum skuldunauts, verði hann gjaldþrota eða þeir gera fjárnám hjá honum, ef fjárnamshafi hefur eigi innan 12 vikna frá því er fjárnámsgerð var lokið, komið fram nauðungaruppboði, eða hann með nýrri aðför hefur komið fjenu úr höndum skuldunauts, enda hafi honum eigi verið varnað sölunnar með áfrýjan, eður rjettindi annara verið því til fyrirstöðu.

51. gr.

Ef svo reynist við nauðungaruppboð, að söluandvirðið hrökkur eigi fyrir kröfu fjárnámshafa, eður ef fjárnámshafi, er eigi hefur fengið fjárnám fyrir fullri kröfu, getur vísað á muni, er taka megi fjárnámi, má fjárnámið upp taka af nýju, og því fram halda eptir áður greindum reglum. Hinsvegar getur sá, er fjárnám hefur verið gert hjá, krafizt þess að gjörðin skuli upp tekin af nýju, og fjárnámið látið niður falla að öllu eða einhverju leyti, hafi skuld sú verið borguð að öllu eða nokkru, eptir að fjárnámið fór fram, er það var gert fyrir.

Svo getur og fógeti eptir beiðni dómhafa upp tekið gjörðina til þess að gjöra nýjar ákvarðanir um geymslu og umsjón þess, er tekið var, þegar áfrýjun á fjárnámsgjörð veldur því, að miklu lengur líður þartil er uppboð fer fram en ella hefði verið, eður þegar það vegna meðferðar dómfellda á munum þeim, er teknir voru fjárnámi, en látnir vera í vörzlum hans, eða vegna kostnaðar við geymslsuna eða annara hluta vegna, þykir tiltækilegt.

52. gr.

Loks má og upp taka gjörðina af nýju í öðrum tilfellum, en þeim, er nefnd eru í 51. gr. smbr. 50. gr., 2. lið, þegar annarhvor málsaðila beiðist þess eða aðrir, og allir þeir samþykkja, er hlut eiga að máli.

53. gr.

Um áfrýjun á aðför fer eptir almennum málskotareglum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I uppástungu til stjórnarráðsins um að til búið yrði og lagt fyrir alþingi frumvarp til laga um veðmálefni á Íslandi, ljet landshöfðingi þá ósk í ljósi, að í frumvarpið yrðu upp tekin þau ákvæði, er þörf væri á, um það, hvernig veðhafi eigi að ná borgun með fjárnámi og nauðungaruppboði. Stjórnarráðinu þótti eigi vera ástæða til að gjöra ákvarðanir um þetta fyrir veðhafa sjerstaklega, en leiddi út af þessu athygli landshöfðingja að kaflanum um aðför í frumvarpi því til laga um rjettarfarið í einkamálum, sem rjettarfarsnefndin danska frá 1868 hafði samið; væri sá kafli mestmegnis samdráttur í eina heild af hinum dönsku rjettarreglum um aðför, er leggja mundi mega til grundvallar fyrir íslenzku lagafrumvarpi í þessum málum. Landshöfðingi fjellst líka á þá skoðun, að semja mætti frumvarp þetta í öllu verulegu eptir nefndarfrumvarpinu, en benti jafnframt á þær breytingar í einstökum atriðum, er honum þætti nauðsyn á vera eða við eiga, og samkvæmt þessu hefur frumvarpið verið samið.

Nú skal drepið á þau atriði, er að nokkrum mun eru frábrugðin þeim reglum, er nú gilda:

I. kafli.

Í enda 2. greinar er það ákvæði nýtt, að bæði vottar og þeir, er til kvaddir eru til virðinga, skuli undirskrifa í fógeta bók yfirlýsing upp á æru sína og trú um það, að þeir skuli virðingar af hendi inna eptir beztu sannfæring sinni. Jafnaðarlega verður því eigi við

komið að láta menn vinna eiða að þesskonar virðingum, og því þykir rjett vera að krefjast þessarar yfirlýsingar.

Eptir núgildandi reglum skal aðför gjöra eptir námsdómum, áður liðið er ár og dagur; en 9. gr. gerir það að almennri reglu, að aðfararhæfi týnist að eins fyrir 20 ára fyrning, en sje liðið meir en ár frá því að aðför gat fram farið, megi eigi gjöra hana, nema dómfellda hafi áður birt verið áskorun með 3 vikna fyrirvara um að hlýðnast dóminum. En til að tálma því eigi um of, að aðfararbeiðandi nái rjetti sínum, er ætlazt til að þetta ákvæði eigi aðeins við þá, er skuldunautur á heimili á Íslandi, er mönnum er kunnugt um.

II. kafli.

Tilskipun fyrir Danmörk 6. apríl 1842 hefur eigi verið lögleidd á Íslandi, en þar munu hafa myndazt álíka rjettarvenjur og þær, er myndazt höfðu í Danmörk, áður en tilskipunin kom út, að því er snertir aðför eptir dómum, er eigi dæma menn í peningaútlát, og sem eiga rót sína að rekja til d. l. (og. n. l.) 1—5—15. Að því er til þessara dóma kemur, hefur rjettast þótt, að hverfa frá þeirri aðferð — bæði eins og hún var áður og eins og hún varð með tilskipun 6. apríl 1842 — að þröngva mönnum til þess með sektum að fullnægja þeim, en setja í stað þeirrar aðferðar ákvæðin í þessum kafla, sem eru samin eptir frumvarpi nefndarinnar, og þarsem sá vegur er farinn, sem ekki er óvanalegur í útlendum lögum; en þar er það aðalreglan að því er snertir aðför eptir þessum dómum, að meta til peningagjalds það, sem dómhafa myndi vinnast við, að dómfelldi fullnægði dóminum, og síðan taka það fjárnámi; en það er vitaskuld að eigi er ætlazt til, að þessi aðferð sje við höfð, þegar svo stendur á að fógeti getur sjálfur framkvæmt ákvæði dómsins, án þess að ganga of nærri persónulegum rjettindum dómfellda. Samkvæmt þessu er sett sú aðalregla, 11. gr., að aðför eptir dómi, er skyldar mann til annara hluta en til peningaútláta, skuli fram fara með svo felldu móti, að endurgjald í peningum skuli koma fyrir það, er dómhafa myndi vinnast við að dóminum hefði orðið fullnægt, og það því næst fjárnámi tekið samkvæmt ákvæðum III. kafla; en endurgjaldið skuli tekið við fógetagjörðina sjálfa, sje það eigi til tekið í dóminum. Geti fógeti eigi notað vottana til að ákveða með sjer gjaldið, kveður hann aðra til þess, er vit hafi á þessu.

Í 12.—14. gr. ræðir um þau tilfelli, þarsem fógeti getur komið fram dómi eptir ákvæði hans og efni, þótt eigi fari hann fram á peningaútlát. Hjer er fógeta vald gefið eigi áðeins til þess að taka til tekna muni af dómfellda og fá þá dómhafa, en 14. gr. leyfir konum ennfremur að framkvæma sjálfur ýms störf, er dómfelldi skyldi af hendi inna, eða og láta aðra framkvæma þau, þegar svo stendur á, að ekkert virðist geta verið því til fyrirstöðu, að svo sje gjört fyrir hönd dómfellda, (og vitaskuld á hans kostnað); sem dæmi má taka það, er maður er dæmdur til at gefa út skjal nokkurt, vinna verk, o. fl. þesshátttar.

Samkvæm er 15. gr. því næst aðalreglunni. Hjer ræðir um dóma, þar er manni er boðið að láta eitthvað ógjört, og aðalreglan er, að dómfelldi skuli bæta dómhafa hallann, ef hann hlýðir eigi dómsákvæðinu. Einnig hjer getur fógeti, ef til kemur, á kveðið bæturnar.

En nauðsynlegt hefur þótt að bæta því ákvæði við reglurnar um aðför eptir dómum þessarar tegundar, að það skuli varða hegning, að óhlýðnast þeim af mótþróa (16. gr.). Það er skilyrði fyrir hegning, að hegðun dómfellda megi skoða sem óhlýðni eða mótþróa gegn því, er landstjórn gjörir til að haldi uppi lögum og rjetti; en þarsem þetta afbrot dómfellda er eiginlega ekki annað en brot gegn dómhafa sjálfum, hefur eigi þótt vera

ástæða til að fyrirskipa opinbera málssókn í slíkum málum, en dómhafa er í sjálsvald sett, hvort hann höfðar mál eður ekki, og hinsvegar er svo til ætlazt, að ídæmd hegning skuli niður falla, eða stöðvuð, ef dómfelldi þegar er farinn að taka hana út, þegar hann fullnægir dóminum, eða þegar dómhafi hefur fengið borgun á þann hátt er áður um gat, enda var tilgangur með hegning að eins sá að stuðla til þess, að dómhafa yrði fyllnægt. Hegningin er fangelsi og sektir.

III. kafli.

Í 18. gr. er svo kveðið á, að eigi megi dæma menn í skuldafangelsi; og er það samkvæmt aðalhugsun frumvarpsins í heild sinni, sem er sú að fjárhagslegar skyldur varði eignir manns einar og eigi mann sjálfan (persónulega).

Ákvæðið í 27. grein er lögleitt í Danmörk með 166. gr. gjaldþrotalaganna, 25. marz 1872.

Eins er um endaákvæði 28. greinar, sem er samhljóða 161. grein gjaldþrotalaganna.

IV. kafli.

36–38. gr. eru í öllu verulegu samhljóða 166–68. gr. gjaldþrotalaganna dönsku.

Að því er sókn og vörn snertir fyrir fógetarjetti, þá hefur þótt nægja að á kveða (42. gr.), að kröfur allar og tilköll málsaðila skuli orðjett upp taka í fógetabókina en hið annað, er þeir fram færa, að eins svo, að engu verulegu sje sleppt.

Ákvæði 50. greinar er samskonar og 158. gr. gjaldþrotalaganna dönsku.

Kaupmannahöfn. — Prentað hjá J. H. Schultz.

Ed. **12. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði. (Flutningsmaður Jón Ólafsson).

Hjer eptir skal land það, er reisa má á verzlunarhús á Eskifirði, aukið um ströndina frá Snæhvammsá út að Innri Lambeyrará.

Ástæður:

Lóð verzlunarstaðarins Eskifjarðar er svo lítil, að hún er nú öll upp tekin og hvergi hússtæði að fá lengur fyrir verzlunarhús. Ströndin, sem hjer ræðir um, er áfast framhald verzlunarstaðarlóðarinnar norðan fram með firðinum, og liggur, eins og verzlunarstaðurinn núverandi, í Lambeyrarlandi.

Eigandi Lambeyrar, sýslum. Jón Johnsen, hefir gefið svolátandi yfirlýsingu:

„Að jeg sem eigandi Lambeyrar ekki hafi á móti því, að partur af nefndri jörð verði lagður til kaupstaðar-grunns, vottast.

Eskifirði, 11. júní 1887.

Jón Johnsen".

Yfirlýsing þessi er í frumriti lögð fram á lestrarsalinn.

Nd. **13. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar. (Flutningsm.: Sigurður Stefánsson, Sigurður Jensson og Gunnar Halldórsson).

Að Haukadal í Dýrafirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **14. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar. (Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Gunnar Halldórsson).

Að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **15. Frumvarp**

til laga um veiting og sölu áfengra drykkja. — Flutningsm. Jón Ólafsson,

1. gr. Enginn má selja áfenga drykki nema kaupmenn, veitingamenn og lyfsalar.

2. gr. Veitingamenn einir, þeir er vínsöluleyfi hafa, mega selja vínföng eður áfenga drykki til neyzlu á staðnum.

3. gr. Enginn kaupmaður má eptirleiðis selja vínföng eður áfenga drykki í smærra skammti en hjer segir:

a) vín í flöskum með lakki eður innsigli fyrir: 3 pela minnst í einu.
b) brennivín, romm, cognac, púnsextract eður þvílíka drykki (spirituosa): 4 potta í einu.
c) öl á trje-flátum: $^1/_4$ tunnu; öl á flöskum: 25 þriggjapela-flöskur eða 50 hálf-flöskur ($1\,^1/_2$ pela fl.).

Lyfsalar mega því að eins í smærri skömmtum selja, að það sje eptir læknis forskript.

4. gr. Staupagjafir og önnur ókeypis vínveiting mega eigi fram fara í sölubúðum kaupmanna eða vöru-geymsluhúsum.

5. gr. Nú selur kaupmaður vínföng, og er þeirra neytt í hans húsum án hans leyfis, þá verður hann sekur um ólöglega vínveiting, ef það er á hans vitorði eða atvik liggja svo til, að hann hafði ástæðu til að gruna, að þeirra yrði þannig neytt, nema hann sanni, að hann hafi gjört það sem í hans valdi stóð, til að koma í veg fyrir það.

6. gr. Sá, sem neytir vínfanga í annars manns húsum í óleyfi hans, sæti sektum 5—25 kr., eða, ef það var í forboði húsráðanda, þá 25—100 kr. sekt.

7. gr. Nú vill maður öðlast leyfi til að veita áfenga drykki til neyzlu á staðnum og selja vínföng í smærri skömmtum, en í 3. gr. er ákveðið, þá skal hreppsnefndin í hreppi þeim, er í hlut á, bera málið undir atkvæði hreppsbúa á hreppaskilaþingi; þarf $^2/_3$ atkvæða fundarmanna, þeirra er atkvæðisrjett eiga, til að veita leyfið, og ákveða jafnframt skilyrðin fyrir því, og auk þess samþykki $^2/_3$, $^3/_5$ eða $^5/_7$ hreppsnefndarinnar, (eptir sem hún er fjölskipuð til), og staðfesting $^2/_3$ sýslunefndarinnar og sje oddviti sýslunefndarinnar í þeirra tölu. — Í kaupstöðum skal leggja málið fyrir almennan fund atkvæðisbærra bæjarmanna, og þarf atkvæði $^2/_3$ fundarmanna, og $^2/_3$ bæjarstjórnarinnar, (þar á meðal oddvita) til að veita leyfið og ákveða skilyrðin fyrir því.

Leyfisveitingin og skilyrðin skulu upp borin til atkvæða í einu. Liggi fleiri tillögur fyrir en ein, skal þá fyrst upp bera, er síðast kom fram o. s. frv.

Leyfið nær að eins til 5 ára í senn, og má sýslunefnd eptir tillögum hreppsnefndar (eða í kaupstöðum bæjarstjórnin) taka leyfið af veitingamanni, ef hann brýtur reglur þær eða skilyrði, sem honum eru sett. Til þess nægir fundarákvörðun með meiri hlut atkvæða.

8. gr. Enginn veitingamaður má selja eða veita áfengan drykk unglingum, sem eigi eru 18 ára fullra að aldri, og er það engin afsökun veitingamanni, að hlutaðeigandi hafi sagt rangt til aldurs síns, heldur er það á ábyrgð veitingamanns, að hafa vissu fyrir sjer í þessu efni. Brot gegn þessari grein varða 10—100 kr. sektum og missi veitingaleyfis, ef ítrekað er.

9. gr. Nú selur eða veitir veitingamaður áfengan drykk unglingi innan 14 ára aldurs, og varðar það þegar missi veitingaleyfis og einföldu fangelsi eigi skemur en 14 daga.

10. gr. Enginn maður verður hjer eptir skyldaður til með dómi eða neinni löglegri þvingun að borga áfenga drykki, sem hann kann að fá til láns, og eiga skuldir, sem upp frá þessu verða þannig til komnar, engan rjett á sjer að lögum. Þó nær þetta eigi til þeirra manna innbyrðis, er lögleyfi hafa til að verzla með áfenga drykki, og eigi til lyfsala, er þeir hafa látið áfengan drykk úti eptir læknis ráði.

11. gr. Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum frá 10 til 100 kr. í fyrsta sinni, og tvöfaldist við ítrekun hverja, (í annað sinn 20—200 kr., í þriðja sinn 40—400 kr. o. s. frv.). Hafi sá sveitaverzlunarleyfi, er brýtur, má svipta hann verzlunarrjettindum í fyrsta sinn, en í annað sinn skal þeim hversu sem á stendur fyrirgjört.

Brot gegn 2. gr. varða sektum frá 25 til 250 kr. í fyrsta sinn, en síðan 50 til 500 kr. Verzlunarrjettindi missir sá jafnan, er brýtur í 2. sinn, og má svipta hann þeim í fyrsta sinn, ef ástæða þykir til, hvort sem hann er kaupmaður, sveitaverzlunarmaður eða lyfsali.

Sömu hegningu varða brot gegn 3.—5. gr.

12. gr. Þeim manni, er misst hefir verzlunarleyfi fyrir brot gegn lögum þessum, má eigi veita aptur leyfi til verzlunar fyrri en 5 ár eru liðin frá því, er hann missti leyfið, enda hafi hann eigi orðið brotlegur við lög þessi síðustu 5 ár.

13. gr. Nú hefur maður misst verzlunarleyfi sitt og fengið það aptur, og skal þá fyrsta brot hans þar á eptir teljast sem brot í annað sinn.

14. gr. Sektir gegn lögum þessum renna að hálfu í sveitarsjóð eður bæjarsjóð þar sem brotið var framið, en að hálfu til uppljóstrarmanns. Nú verður brotið eigi sannað án vitnisburðar uppljóstrarmanns, og fellur þá hans hluti einnig til fátækrasjóðs. En eigi missir hann rjett sinn til hálfra sekta, þótt hann beri vitni í málinu, ef brotið verður fullsannað með öðrum vitnum eða gögnum.

15. gr. Mál út af brotum gegn þessum lögum skal höfða og reka sem opinber lögreglumál.

Nd. **16. Tillaga til þingsályktunar.**

Flutningsm. Þorlákur Guðmundsson.

Neðri deild alþingis ályktar, að setja 5 manna nefnd til að semja og koma fram með lagafrumvörp eða uppástungur, sem miða til að vernda og endurbæta atvinnuvegi landsins og sjerstaklega landbúnaðinn.

Nd. **17. Útdráttar-eptirrit**
úr athugagreinum yfirskoðunarmanna landsreikninganna við landsreikninginn fyrir árið 1885.

39.

Fylgiskjal.

Fjárl. 16. gr.: Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

1. Að 6. k. Okkur er óljóst, í hverjum vísindalegum eða verklegum tilgangi ferð þessi hefur farin verið.

2. Að 6. l. Við leyfum okkur þá fyrirspurn, hvort sjónauki sá, er hjer ræðir um, er ekki landsins eign, eins og theodolitinn, sem gjört hefur verið við á landsins kostnað.

3. Að 6. n. Með því að fjárveitingarvaldið hefur sjerstaklega veitt Þorvaldi Thoroddsen 1000 kr. um fjárhagstímabilið til jarðfræðisrannsókna og aðrar 1000 kr. til ferðastyrks til útlanda, virðist fjárveitingarvaldið hafa þar með látið í ljósi þann vilja sinn, að til *þessara* fyrirtækja fengi *þessi* maður *þessa* upphæð og ekki meira. Mun það því vera vafasamt, hvort það getur samþýðzt tilgangi fjárveitingarvaldsins (eins og við skiljum hann), að *sami* maður hefur þar að auki af styrknum til „annara“ vísindalegra og verklegra fyrirtækja fengið í viðbót 500 kr. til *sama* fyrirtækis, sem sje ferðastyrk.

4. Að 6, o. Okkur er óljóst, í hverju tilliti póstsendingabók sú, sem hjer ræðir um, er vísindalegt eða verklegt fyrirtæki.

5. Þótt sparaðar sjeu á þessum gjaldlið þær 3000 kr., sem ætlaðar voru til gufubátsferða á Ísafirði, þá eru þó um fram brúkaðar 1265 kr. 25 au., sem leita verður aukafjárveitingar fyrir, ef fjárveitingarvaldinu svo líkar.

* * *

Að þetta sje rjett dregið út úr frumrituðum athugagreinum yfirskoðunarmanna landsreikninganna við landsreikninginn fyrir árið 1885, það vottast hjer með.

Alþingi, 4. júlí, 1887.
Jón Sigurðsson.

Kristján Jónsson.

Nd. **18. Frumvarp**

til laga um Söfnunarsjóð Íslands. — Flutningsmaður Eiríkur Briem.

1. gr. Söfnunarsjóðurinn í Reykjavík skal, eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi, heita Söfnunarsjóður Íslands, og heldur hann þá, undir ábyrgð landsjóðsins, áfram störfum sínum með því fyrirkomulagi og eptir þeim reglum, er lög þessi ákveða; en aldrei má eign Söfnunarsjóðsins blandast saman við landsjóð.

2. gr. Tilgangur Söfnunarsjóðsins er að geyma fje, ávaxta það og auka, og útborga vextina um ókomna tíð, eptir því sem upphaflega er ákveðið, sem og að styrkja menn til að safna sjerstakri upphæð.

3. gr. Kostnað allan við stjórn Söfnunarsjóðsins, svo sem ritföng, skriptir, prentun o. fl., skal greiða af fje því, sem ákveðið er í lögum þessum að ganga skuli til kostnaðar og varasjóðs, og af sama fje skal einnig, þegar efni sjóðsins leyfa, veita sýslunarmönnum Söfnunarsjóðsins og forstjórum þóknun fyrir starfa sinn, er landshöfðingi ákveður fyrir ár hvert, þangað til það verður ákveðið með lögum. Afganginn af nefndu fje skal leggja í varasjóð, og er það augnamið hans, að standa straum af því tjóni, sem Söfnunarsjóðurinn kann að verða fyrir.

4. gr. Skyldi Söfnunarsjóðurinn verða fyrir einhverju tjóni áður en varasjóður hans er orðinn nógu mikill til að standast það, svo að taka þyrfti til ábyrgðar þeirrar, sem um er rætt í 1. gr., þá skal svo fljótt sem auðið er endurborga það af tekjum þeim, er varasjóðnum jafn-óðum til falla.

5. gr. Með lögum má færa niður þann hluta vaxtanna, sem ákveðið er í 20. gr. a., að ganga skuli til kostnaðar og varasjóðs, þegar varasjóðurinn er orðinn svo mikill, að það þyki fært. Skyldi aptur á móti þessi hluti vaxtanna eigi reynast nægilegur til kostnaðar og nauðsynlegrar aukningar á varasjóðnum til frambúðar, þá má með lögum ákveða, að hluti þessi skuli hækka úr 5% í allt að 10% af vöxtum sjóðsins, að frádregnum dagvöxtum af innstæðufje.

6. gr. Söfnunarsjóðurinn hefur þessi hlunnindi:

a, Ef viðskiptabók við Söfnunarsjóðinn hefur glatazt, getur stjórn hans stefnt til sín handhafa hennar með þrítekinni auglýsingu í blaði því, sem stjórnarvalda auglýsingar eru birtar í, og ef enginn hefur þá gjört vart við sig innan eins árs, þá má gefa út og afhenda vaxtaeiganda þeim, sem tilgreindur er í bókum Söfnunarsjóðsins, eða umboðsmanni hans, nýja viðskiptabók fyrir því fje, er hin glataða viðskiptabók hljóðaði upp á, og er hún frá þeim tíma ógild.

b, Fje það, sem lagt hefir verið í Söfnunarsjóðinn, ásamt vöxtum þess, er undan þegið kyrrsetning eða löghaldi, meðan það stendur þar.

c, Söfnunarsjóðnum er heimilt að áskilja sjer hærri vöxtu en 4% um árið af útlánum gegn fasteignarveðum.

d, Söfnunarsjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti og sömuleiðis útsvari.

7. gr. Í stjórn Söfnunarsjóðsins skal vera einn framkvæmdarstjóri, er landshöfðingi skipar með ½ árs uppsagnarfresti, og tveir gæzlustjórar, er kosnir eru sinn af hvorri deild alþingis til fjögra ára. Af gæzlustjórum þeim, sem í fyrsta skipti eru kosnir, skal þó annar að tveim árum liðnum fara frá eptir hlutkesti.

Endurkosning getur átt sjer stað.

8. gr. Landshöfðingi getur vikið hverjum forstjóra Söfnunarsjóðsins frá um stundarsakir, þegar honum þykir ástæða til; hann skal þó með næstu póstferð gefa ráðgjafa Íslands skýrslu um tilefnið til frávikningarinnar. Þá er forstjóra er vikið frá um stund, eða hann fyrir sjúkdóm eða önnur forföll fær eigi gegnt störfum sínum, og sömuleiðis, ef sæti verður autt í forstjórninni, setur landshöfðingi mann til að gegna störfunum um stundarsakir.

9. gr. Heimili Söfnunarsjóðsins er í Reykjavík, og þar skulu forstjórarnir vera búsettir.

10. gr. Framkvæmdastjóri annast dagleg störf Söfnunarsjóðsins og stýrir þeim undir umsjón gæzlustjóranna og með aðstoð þeirra. Þegar forstjórarnir eiga fund með sjer, skal bóka það, er þar gjörist, og þeir rita allir nöfn sín undir. Rísi ágreiningur milli þeirra um eitthvert málefni, ræður atkvæðafjöldi, nema þegar svo stendur á, sem um er rætt í 19. gr. a og 23. gr., að atkvæði þeirra þurfa að vera samhljóða. Ef framkvæmdarstjóra þykir einhver ákvörðun gæzlustjóranna vera án löglegrar heimildar, getur hann þó látið fyrirfarast að fullnægja henni, en hann skal þá tafarlaust bera málið undir úrskurð landshöfðingja.

11. gr. Landshöfðingi skipar bókara og fjehirði Söfnunarsjóðsins og víkur þeim frá, hvorttveggja eptir tillögum forstjórnarinnar. Hún ákveður starftímann, en þó má starfstofa Söfnunarsjóðsins eigi vera sjaldnar opin fyrir almenning, en einu sinni á mánuði hverjum.

12. gr. Allar kvittanir, meðal annars fyrir fje, sem lagt er inn í viðskiptabækur, verða, til þess að skuldbinda Söfnunarsjóðinn, að vera undirskrifaðar af fjehirði, og með áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar.

13. gr. Jafnskjótt og efni sjóðsins leyfa að framkvæmdastjóri og fjehirðir fái nokkra þóknun fyrir starfa sinn, skulu þeir setja hæfilegt veð, sem landshöfðingi ákveður.

14. gr. Stjórn Söfnunarsjóðsins er ávallt skyld til að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um sjóðinn, er honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og, hve nær sem er, látið rannsaka allan hag sjóðsins.

15. gr. Stjórn Söfnunarsjóðsins skal sjá um, að bækur hans sjeu svo færðar, að ætíð megi sjá ástand hans, hverjar skuldbindingar á honum hvíla, og hvernig fje hans er tryggt Af öllum þeim bókum og skjölum, er sjóðurinn eigi má án vera. skulu vera til eptirrit, er geymast á öðrum stað, en frumritin. Starf-ár sjóðsins er almanaksárið.

16. gr. Landshöfðingi nefnir til endurskoðara, er rannsaki reikning Söfnunarsjóðsins í hverju einstöku atriði, og beri hann saman við bækur sjóðsins og heimafjeið. Endurskoðarinn skal að minnsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje sjóðsins og eignir sjeu fyrir hendi, og gefa landshöfðingja skýrslu um það í hvert skipti. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning Söfnunarsjóðsins.

17. gr. Ársreikning skal semja svo snemma, að búið sje að leggja hann fram með eptirriti af öllum nauðsynlegum fylgiskjölum á starfstofu Söfnunarsjóðsins eigi síðar en 31. marz ár hvert; skal hann liggja þar til ársloka, til þess að

allir hlutaðeigendur geti skoðað hann, og sjeð, hverjar skuldbindingar hvíla á sjóðnum, og hvernig og með hverri tryggingu fje hans er ávaxtað; einungis þegar sá, sem fje hefur lagt í sjóðinn, hefur beinlínis óskað þess, að óviðkomandi menn verði eigi látnir vita nafn sitt, eða með hverjum skilmálum hann hefur lagt fje í sjóðinn, skal eptir því fara, meðan hann er á lífi. Sá, sem sýnir viðskiptabók við sjóðinn, á rjett á að bera hana saman við hlutaðeigandi dálk í aðalbókinni. Útdrátt af reikningi sjóðsins skal auglýsa í stjórnartíðindunum, deildinni B.

18. gr. Í söfnunarsjóðinn verður eigi annað fje lagt en það, sem gengið getur inn í aðaldeild hans eða útborgunardeildina eða bústofnsdeildina eða ellistyrksdeildina.

a, Aðaldeild Söfnunarsjóðsins tekur á móti fje með þeim skilmálum, að höfuðstóllinn verði aldrei útborgaður, heldur geti að eins skipt um vaxtaeigendur samkvæmt því, sem upphaflega er ákveðið, sem og að árlega megi leggja eitthvað af vöxtunum við höfuðstólinn.

Undir aðaldeild Söfnunarsjóðsins heyrir deild hinnar óþrjótandi erfingjarentu, er tekur á móti fje með þeim skilmálum, að jafnan skuli árlega leggjast við höfuðstólinn hálfir vextirnir af honum, en hinn helmingurinn falla árlega til útborgunar til nafngreinds manns sem vaxtaeiganda, eða þeirra, sem vaxtaeigendur verða að innstæðunni eptir hans dag, því að að hinum nafngreinda vaxtaeiganda látnum eiga allir lögákveðnir erfingar hans rjett til, að innstæða sú, er hann var vaxtaeigandi að, skiptist frá næstu árslokum eptir fráfall hans milli þeirra sem vaxtaeigenda, eptir þeirri tiltölu, sem fyrir skipuð er um lögerfðir, og getur þá hver þeirra fengið það, sem honum hlotnast, flutt í bókum Söfnunarsjóðsins til sín sem vaxtaeiganda, og sama rjett hafa að hverjum þeirra látnum allir lögákveðnir erfingjar hvers þeirra, og sama gildir framvegis við fráfall hvers vaxtaeiganda að nokkru af umræddu fje. Enginn þeirra, sem vaxtaeigandi er að einhverju fje í deild hinnar óþrjótandi erfingjarentu, hefur nokkurn rjett til eignar eða umráða yfir höfuðstólnum sjálfum eða vöxtum af honum frá næstu árslokum, eptir að hann er dáinn.

b, Útborgunardeildin tekur á móti fje með þeim skilmálum, að höfuðstóllinn með öllum vöxtum falli til útborgunar 1. júlí það ár, sem upphaflega er annaðhvort beinlínis tilnefnt eða miðað við, að höfuðstóllinn hafi náð tiltekinni upphæð, eða sem síðar er ákveðið með 2 ára fyrirvara, enda sjeu þá full 15 ár liðin frá því fjeð fyrst var lagt í sjóðinn; innlög þau til viðbótar slíkum höfuðstól, er skemur kunna að hafa staðið í sjóðnum, falla til útborgunar 1. júlí árið eptir, en eigandinn fær eigi vexti af þeim lengur en af hinum höfuðstólnum, heldur falla þeir eptir þann tíma til varasjóðsins.

c, Bústofnsdeildin tekur á móti fje manna, er eigi hafa lifað 20 árslok, með þeim skilmálum, að allir vextirnir leggist árlega við höfuðstólinn, en ef eigandinn deyr, áður en hann hefur lifað 25 árslok, þá falli innlögin sjálf vaxtalaus til útborgunar hálfu ári eptir, að stjórn Söfnunarsjóðsins er tilkynnt andlátið; en það sem við innlögin hefur bætzt í sjóðnum, gangi sem erfðafje til allra þeirra, sem fæddir eru sama ár sem eigandinn, og fje áttu í deild þessari um næsta

ný-ár á undan láti hans; fje þetta skiptist milli þeirra tiltölulega eptir upphæðum þeim, er hver þeirra átti auk innlaganna í deild þessari um nefnt ný-ár; lifi enginn, sem fæddur er sama ár sem eigandinn, og átt hefur þá nokkuð í deild þessari, fellur fjeð til varasjóðsins; en lifi eigandinn 25 árslok, þá falla til útborgunar 1. júlí næst á eptir innlögin með öllu því, er við þau hefur bætzt í sjóðnum, bæði vöxtum og nefndu erfðafje.

d, Ellistyrksdeildin er löguð eins og bústofnsdeildin, nema þar er í staðinn fyrir 20 og 25 árslok, miðað við að hafa lifað 60 og 65 árslok, og karlmenn erfa að eins karlmenn og kvennmenn að eins kvennmenn.

19. gr. a, Í fyrsta skipti sem fje einhvers á að leggjast í Söfnunarsjóðinn, eða þegar það á að gjöra með nýjum skilmálum, skal sá, er það vill gjöra, nákvæmlega tiltaka skriflega, hvernig með það skal fara. Vilji þá allir forstjórar Söfnunarsjóðsins taka á móti fjenu með þessum skilmálum, gefa þeir skuldbinding þar að lútandi í viðskiptabók við Söfnunarsjóðinn með árituðu nafni og tölulið, og skal fyrir hana greiða til kostnaðar og varasjóðs 1 kr., en hún gildir í öllu tilliti sem samningur við sjóðinn. Skuldbindinguna skal inn færa í fundarbók þá, sem um er rætt í 10. gr. Það nægir þó, að framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðsins undir skrifi einn skuldbindinguna í viðskiptabókum þeim, sem tölusettar hafa verið og fullgiltar af öllum forstjórunum, fyrir fje, sem lagt er í deild hinnar óþrjótandi erfingjarentu eða bústofnsdeildina eða ellistyrksdeildina.

b, Innlögin eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en 1 kr. í hvert skipti.

c, Innlög öll skal, auk dagbókar, innfæra í aðalbók, og hefur þar hver vaxtaeigandi (hver sjerstök eign) dálk sjer með sömu yfirskript og hlutaðeigandi viðskiptabók.

d, Innlög öll skal innfæra í hlutaðeigandi viðskiptabók, ef innleggjandi hefur hana með sjer; að öðrum kosti getur hann fengið sjerstaka kvittun fyrir innlaginu, en fyrir hana skal hann þá greiða fjehirði 10 aura.

e, þegar sjerstaklega stendur á, má neita að taka á móti innlögum í sjóðinn.

20. gr. a, Þegar búið er fyrir hvert almanaksár að gjöra upp reikning Söfnunarsjóðsins og sjá vextina af sjóðnum í heild sinni hið liðna ár, að frádregnum dagvöxtum af innstæðufje, þá skal draga frá þeim til kostnaðar og varasjóðs 5% af þeim, og sömuleiðis það, sem að því búnu kynni að vera umfram 4% af höfuðstólnum; það sem eptir er, skiptist tiltölulega milli allra vaxtaeigenda, þar á meðal til varasjóðsins, eptir þeim upphæðum, er hverjum þeirra tilheyra og arðberandi voru í sjóðnum allt hið liðna ár; vextir hvers eins tilfærast svo í dálki hans og teljast lagðir við höfuðstólinn á ný-ári, að svo miklu leyti, sem þeir ekki eiga að útborgast á árinu.

b, Af fje, sem inn er lagt á árinu, reiknast dagvextir til ársloka, er sjeu $^1/_2$% lægri um árið en vextir þeir, sem vaxtaeigendur fengu næsta ár á undan; við árslok leggjast dagvextirnir við höfuðstólinn að því leyti, sem þeir ekki eiga að útborgast; af höfuðstól, sem útborga skal á árinu, reiknast sömu dagvextir til

þess tíma, að hann fellur til útborgunar, og falla þeir til varasjóðsins, nema af því fje, sem innlagt hefir verið áður en lög þessi öðlast gildi og það eigi hefur verið áskilið við; en sje höfuðstóllinn eigi tekinn sex mánuðum eptir að hann er fallinn til útborgunar, þá reiknast og frá þeim tíma af honum vextir, er einnig falla til varasjóðsins.

c, Vextir reiknast eigi í minni pörtum en heilum eyri af hverjum 100 kr. eða minna.

d, Vextir fyrir hvert ár fást útborgaðir, eptir að búið er að leggja fram reikning sjóðsins.

e, Þegar vextir þeir, er útborgast ættu af upphæð í einum dálki, eigi nema 10 kr., verða þeir eigi útborgaðir, heldur leggjast þeir þegar við höfuðstólinn; sama gildir og um vexti af upphæð, er eigi hafa verið teknir vextir af í tvö næstliðin ár, ef eigi er aðvörun gjörð fyrir ný-ár um, að þeir eigi að takast það ár.

f, Vextir þeir, sem útborgast eiga, en óteknir eru í lok næsta septembermánaðar, leggjast þá þegar við höfuðstólinn; sje höfuðstóll eigi tekinn sex mánuðum eptir að hann er fallinn til útborgunar, fæst hann eigi útborgaður úr því, nema með þriggja mánaða fyrirvara.

21. gr. a, Borgun á sjer stað í gjaldgengum peningum á starfstofu Söfnunarsjóðsins; útborgað fje sem og tilkynningar, sem hafa útborgun í för með sjer, tilfærist í dálki vaxtaeiganda í aðalbókinni og í viðskiptabókinni með áritun bókara um að það sje athugað, og skal kvittun gefin fyrir fjenu í kvittunarbók af þeim, sem tekur við fjenu; svo skal hann og, ef fjeð er eigi hans eign, sýna að hann hafi umboð hlutaðeiganda til að taka við því, ef þess er krafizt, en enga ábyrgð hefur Söfnunarsjóðurinn á því, þótt þann, er við fjenu tekur, vanti slíkt umboð, ef hann hefur viðskiptabókina; á sama hátt er og farið að, þegar fje er flutt frá einum vaxtaeiganda til annars; þó má, án þess viðskiptabók sje sýnd nokkur ár í röð, fá vexti útborgaða eptir ávísun vaxtaeiganda, og sje ósk hans um það uppá sína ábyrgð innfærð í viðskiptabókina, eða ef notarius publicus hefur staðfest undirskript hans undir ávísun og vottað, að það sje innfært í viðskiptabókina, að vextirnir fyrir umrætt ár sjeu ávísaðir.

b, Ef viðskiptabók hefir glatazt, verður vaxtaeigandi að fá hana gjörða ógilda og nýja viðskiptabók útgefna, áður en útborgun eða flutningur á fje til annars vaxtaeiganda getur átt sjer stað.

c, Þá er höfuðstóll með vöxtum er borgaður út, eða hann er fluttur til, svo að ekkert er eptir, skal apturskila viðskiptabókinni án endurgjalds.

d, Hafi menn átt fje í bústofns- eða ellistyrksdeildinni, og þeir sjeu búnir að fá það útborgað, en það sannist síðar, að maður hafi dáið, er þar átti fje, og þeim beri hlutdeild í því, þá má með þrítekinni augiýsingu í blaði því, er stjórnarvalda auglýsingar eru birtar í, skora á þá, að taka tjeð fje sitt sem fyrst, en hafi það þá eigi verið gjört, áður en ár er liðið, þá fellur það til varasjóðsins.

22. gr. Ef vaxtaeigandi eða erfingjar hans í 50 ár ekki vitja sjóðsins, eða taka eigi innan 10 ára höfuðstól, sem fallinn er til útborgunar, og þeir heldur eigi gjöra vart við sig innan tveggja ára eptir þrítekna auglýsingu í blaði því, sem

stjórnarvalda auglýsingar eru birtar í, er allur höfuðstóllinn með vöxtum orðinn eign varasjóðsins.

23. gr. Stjórn Söfnunarsjóðsins skal kosta kapps um að gjöra fje hans sem bezt arðberandi og þó einkum með nægilegri tryggingu, með því að lána það út gegn 1. veðrjetti í fasteign, er sje að minnsta kosti helmingi meira virði en láninu nemur, og verður ekkert lán veitt, nema forstjórarnir allir sjeu því samþykkir; þegar sjerstaklega stendur á, má einnig gjöra fje sjóðsins arðberandi á annan hátt, ef forstjórarnir eru allir samdóma um, að það sje full-tryggilegt, og landshöfðingi veitir til þess samþykki sitt. Framkvæmdarstjórinn getur þess utan til bráðabirgða lagt fje, Söfnunarsjóðnum tilheyrandi, í landsbankann, eða annan slíkan sjóð, sem heimilt er að láta í fje ómyndugra og annað almannafje. Forstjórar Söfnunarsjóðsins og sýslunarmenn mega eigi á neinn hátt vera skuldskeyttir honum.

24. gr. Í Skuldabrjefum fyrir lánum einstakra manna skal jafnan áskilja, að vextir sjeu greiddir fyrirfram, minnst fyrir eitt missiri, og að sjeu vextir eða höfuðstóll eigi greiddir í rjettan gjalddaga, þá skuli í viðbót við hina umsömdu leigu greiða einn eyri af hverjum fullum 200 kr. lánsins fyrir hvern dag, sem líður frá gjalddaga og þangað til full skil eru gjörð. Ennfremur skal lántakandi að minnsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna fullnægjandi skírteini fyrir því, að veðið hafi eigi rírnað í verði, svo að sjóðnum geti verið nein hætta búin.

ATHUGASEMD.

Aðalatriðið í frumvarpi þessu er sú ákvörðun í 1. gr., að Söfnunarsjóðurinn skuli framvegis vera undir ábyrgð landsjóðs; í útlöndum er títt að ríkissjóðir ábyrgjast lífsábyrgðarstofnanir og aðrar stofnanir, er styðja menn til að sjá fyrir sjer og sínum, en sem hver einstakur maður þarf stöðugt að geta haft óyggjandi traust á; það er því í samkvæmni við þetta, að hjer er farið fram á, að Söfnunarsjóðurinn geti fengið samskonar tryggingu, enda er fje það, sem ætlazt er til, að hann taki á móti, sumpart ýmsir sjóðir, er miða til einhverra almennra nota, og sem eigi er víst, að geymist ávallt sem tryggilegast í höndum einstakra manna, sumpart slíkt fje, sem áríðandi er fyrir þjóðfjelagið yfir höfuð, að menn hafi sem mesta hvöt til að safna sjer.

Á hinn bóginn verður svo að búa um, að landsjóðurinn eigi hafi neinn halla af þessu, og því verður að sjá um, að af tekjum Söfnunarsjóðsins gangi svo mikið, sem þörf er á, til kostnaðar og varasjóðs; stjórn sjóðsins virðist nú muni geta verið tiltölulega umsvifalítil; Söfnunarsjóðurinn getur fullnægt tilgangi sínum, þótt hann taki að eins fáum sinnum á ári móti innlögum, og útborganir verða sömuleiðis mjög fáar; af hverri viðskiptabók í aðaldeildinni í mesta lagi einu sinni á ári, og af öðrum viðskiptabókum að eins einu sinni eða tvisvar á mannsaldri; það gjörir og minni ábyrgðina og fyrirhöfnina við stjórn sjóðsins, að aldrei þarf að hafa nema tiltölulega mjög litla peninga handa á milli, og að aldrei mun þurfa að heimta endurborgun á lánum, meðan vextirnir eru skilvís-

lega greiddir og veðið er fulltryggjandi. Með tilliti til þessa getur naumast hjá því farið, að það, sem ætlað er í frumvarpinu til kostnaðar og varasjóðs, verði ávallt nægilegt til að ávaxta það fje, sem á hverjum tíma er komið í sjóðinn, en löggjafarvaldinu er innan handar hvenær sem er framvegis, að binda ný innlög þeim skilyrðum, sem þá kann að þykja þörf á. Það virðist því eigi geta verið neitt efamál, að ábyrgðin mun aldrei þurfa að hafa neinn kostnað í för með sjer fyrir landsjóð, sem hann eigi muni geta fljótt fengið endurgoldinn; enda er, til þess að hafa vaðið fyrir neðan sig, það sem í frumvarpi þessu er ákveðið, að ganga megi til kostnaðar og varasjóðs, tiltölulega meira en það, sem til þess er ætlað við fjárstofnanir í útlöndum, er ríkissjóðir ábyrgjast, og þar sem þó aldrei hefur þurft til ábyrgðarinnar að taka.

Nd. **19. Fyrirspurn**

til landshöfðingja um þingsetu sýslumanna. (Frá Sigurði Stefánssyni).

Af hvaða ástæðu og með hvaða rjetti hefur landsstjórnin sett ný og óþekkt skilyrði fyrir þingsetu sýslumanna?

Nd. **20. Frumvarp**

til laga um vegi. Flutningsmenn: Jón Þórarinsson og Þórarinn Böðvarsson.

I. kafli.

Um skiptingu á vegum.

1. gr. Vegir á landinu eru: aðalpóstvegir, aukapóstvegir, fjallvegir, og bæja- og kirkjuvegir.

2. gr. Aðalpóstvegir eru þeir vegir, þar sem aðalpóstleiðir liggja; aukapóstvegir eru þeir vegir, sem aukapóstar fara; fjallvegir eru vegir yfir heiðar og hálsa, þar sem hvorki er aðalpóstvegur nje aukapóstvegur; bæjavegir eru þeir vegir, sem liggja bæja á milli, og til kirkju, en eigi eru aðalpóstvegir, aukapóstvegir eða heiðavegir.

3. gr. Aðalpóstvegir eru undir yfirumsjón landshöfðingja og alþingis, og greiðist kostnaður að þeim yfir höfuð úr landsjóði. Ef aðalpóstvegur liggur um hjerað endilangt, skal allt að helmingi aukapóstvegagjalds í því hjeraði ganga til aðalpóstvega.

Vegagjörð og vegabót á fjallvegum skal landshöfðingi og ráðstafa eptir tillögu alþingis, en fje það, er til þess gengur, skal veita í fjárlögum hvers fjárhagstímabils.

Aukapóstvegir eru undir umsjón sýslunefnda, en gjörðir sýslunefnda liggja undir samþykki landshöfðingja. Þeir eru kostaðir af sýslufjelögunum.

Bæjavegir og kirkjuvegir eru undir umsjón hreppsnefnda og yfirumsjón sýslunefnda, og kosta hreppafjelögin þá.

II. kafli.

Um aðalpóstvegi.

4. gr. Aðalpóstvegir skulu, þangað til öðruvísi er ákveðið með lögum, vera:

1. Frá Reykjavík til Ísafjarðar.
2. — ——— — Akureyrar,
3. — Akureyri — Seyðisfjarðar,

4. frá Reykjavík að Prestsbakka,
5. — Prestbakka til Eskifjarðar.

5. gr. Ákveða skal í fjárlögunum, hve miklu skuli verja til vegagjörða og aðgjörða á aðalpóstvegum á hverju fjárhagstímabili, svo og, að svo miklu leyti sem unnt er, ákveða, hvar vegabætur skuli framfara. Skal það vera aðalregla, að fyrst sjeu bættar þær torfærur, sem gjöra mestan farartálma. Að öðru jöfnu skal fyr bæta þá torfæru, sem nær er Reykjavík.

6. gr. Landshöfðingi ákveður eptir tillögum sýslunefnda, hvar aðalpóstleið skuli liggja um hjerað hvert. Skal í því ráða, hvar leið er sem beinust og vegagjörð sem hægust, en þó hafa hæfilegt tillit til þess, að póstferðin komi hjeraðinu að sem mestum notum, og að hjeraðsbúar hafi sem mest gagn af veginum.

7. gr. Vegir á aðalpóstleiðum skulu vera 5 álna breiðir. Eigi skulu þeir hafa meiri halla en sem svari 3—4 þuml. á hverri alin. Skal gjöra vegina svo, að hryggur sje í miðju, að minnsta kosti hálfri alin hærri, en til barmanna, með jöfnum halla, með góðum íburði og skurðum beggja vegna, svo að vatn geti ekki staðið við veginn og eigi runnið yfir hann.

8. gr. Samkvæmt 5. gr. skal brúa læki og smá-ár, sem eru til farartálma. Á hinum stærri ám skal fyrst um sinn hafa áreiðanlegar ferjur, sem flytja má á farangur og stórgripi, fleiri en einn í senn, og skulu þær kostaðar úr landsjóði. En kostnað, sem leiðir af mannhjálp við ferjuna, greiða vegfarendur eptir reglum, sem hlutaðeigandi yfirvald semur og landshöfðingi sampykkir.

9. gr. Landshöfðinginn ræður verkstjóra til vegagjörða á aðalpóstleiðum. Sýslunefndir ráða verkmenn eptir samkomulagi við verkstjóra, hver í sínu hjeraði, þar sem vegagjörð á að fara fram. Ávallt skal vegagjörð tekin út af dómkvöddum mönnum, sem sýslumenn kveðja, hver í sínu hjeraði, og skal álit þeirra um það, hvernig verkið er unnið og hvort allrar hagsýni hafi verið gætt, sent landshöfðingja, en hann leggur það fyrir alþing til álita.

10. gr. Ganga skal það fyrir nýjum vegagjörðum, að bæta hina eldri vegi svo, að greiðfærir sjeu, og halda við þeim vegum, sem þegar eru gjörðir.

III. kafli.
Um aukapóstvegi.

11. gr. Sýslunefndir semja tillögur um, hverjir skuli vera aukapóstvegir í sýslu hverri, en landshöfðingi leggur á það sampykki sitt.

12. gr. Kostnaður allur við aukapóstvegi greiðist af sýslufjelaginu, þannig að hvert hreppsfjelag greiðir kr. 1.50 fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, frá 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Hreppstjórar skulu á ári hverju frá 18. til 25. apríl senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í hreppnum, og ákveður hann eptir því, hve mikið hver hreppur skuli greiða. Upphæðina skal greiða sýslumanni á næsta manntalsþingi, og færist hún hreppnum til útgjalda í reikningi þess árs.

13. gr. Fela má sýslunefndin hlutaðeigandi sýslunefndarmanni, eða hreppsnefnd, umsjón og vinnu að aukapóstvegum, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim sem umsjón er falin, að ráða þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

14. gr. Aukapóstvegir skulu vera að minnsta kosti 3 álna breiðir; að öðru leyti gilda um viðhald og gjörð á þeim hinar sömu meginreglur, og greindar eru um aðalpóstvegi.

15. gr. Oddviti sýslunefndar skal fyrir lok hvers árs senda landshöfðingja aðalskýrslu og aðalreikning yfir aukapóstvegagjörðir það ár.

IV. kafli.
Um fjallvegi.

16. gr. Því að eins skal bæta fjallvegi, er eigi eru aðalpóstvegir, eða aukapóstvegir, að brýna nauðsyn beri til, og skal hafa fyrir reglu að eins að gjöra þá færa. Á alþingi skal ákveða, hvort gjöra skuli við fjallvegi eða eigi, en landshöfðingi sjer um framkvæmd á því.

V. kafli.
Um bæjavegi og kirkjuvegi.

17. gr. Það er skylda hreppsbúa í hverjum hreppi, að gjöra vegi og við halda vegum í hreppnum bæja á milli og til kirkju, þar sem eigi eru póstvegir. Skyldur er hver búandi að greiða hreppsnefndinni í hverjum hreppi kr. 1.50 fyrir hvern verkfæran karlmann, sem hann hefur haft á heimili sínu til loka næsta hjúaskildaga á undan og er 20—60 ára gamall, fyrir lok hvers fardagaárs. Heimilt er þó þeim bónda, sem kýs það, að leggja til verkfæran mann 12 stundir, er fæði sig sjálfur og leggi til áhöld þau, sem nauðsynleg eru til þess, að hann geti unnið verk sitt, í stað þess að greiða gjaldið.

18. gr. Nú er lítið að vinna að bæjavegum í hreppi, má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi bæjavegagjalds greiðist í sýslusjóð til aukapóstvega. Sje aptur á móti bæjavegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að aðalpóstvegir eru þar engir, eða aukapóstvegir, en vegur bæja milli langur og tor-fær, má sýslunefndin ákveða, að helmingur á móts við bæjavegagjald hreppsins greiðist úr vegasjóði sýslunnar.

Heimilt er og hreppsnefndum að greiða úr hreppsjóði sjerstök gjöld til bæjavegavinnu, svo sem til brúargjörða og umsjónarmanns, ef hið ákveðna gjald vinnst eigi til þess, sem nauðsynlegt er.

19. gr. Hreppsnefndin hefur umsjón um vinnu og aðgjörð á bæjavegum, og skal hún skipa umsjónarmenn, einn eða fleiri, til að sjá um vinnuna, og er henni heimilt að greiða þeim í dagpeninga 3 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru við vinnuna.

20. gr. Skyldur skal hver verkmaður að koma á þeim tíma, sem umsjónarmaður eða verkstjóri tiltekur, og að fara eptir fyrirmælum hans; gjaldi húsbóndi ella hið ákveðna kaup og að auk sekt 1—5 kr., er renni í vegasjóð, sem stofna skal fyrir hvern hrepp, og hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á.

21. gr. Bæjavegir skulu vera 3 álna breiðir; að öðru leyti skal, þar sem nýr vegur er gjörður, fylgja sömu aðalreglum og teknar eru fram um póstvegi.

22. gr. Skyldir skulu hreppsbúar að láta boðskap umsjónarmanns um vegavinnu berast bæja á milli tafarlaust.

23. gr. Hver hreppsnefnd skal gefa sýslunefnd skýrslu um vinnu að bæjavegum og kirkjuvegum á hverju ári fyrir árslok.

VI. kafli.
Almenn ákvæði.

24. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sje gjörður um land hans, og efni tekið þar sem næst er, án endurgjalds, ef eigi er skemmt tún, eða yrkt land,

eða umgirt land. Þyki nauðsyn að leggja veg um tún eða yrkt land, skulu fullar bætur fyrir koma úr landsjóði, sýslusjóði eða hreppsjóði, — eptir því hvort vegurinn er aðalpóstvegur, aukapóstvegur, eða bæjavegur, — eptir mati dómkvaddra manna. Svo skulu og bætur fyrir koma úr landsjóði, sýslusjóði eða hreppsjóði, ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða.

25. gr. Borgun fyrir vegagjörð skal þá greiða að fullu, er verkinu er lokið, og matsgjörð eða úttekt hefur fram farið, og hún verið álitin svo af hendi leyst, sem lög þessi til greina. Greiða má helming borgunar jafnóðum og unnið er.

26. gr. Hvervetna þar sem mikil umferð er á vetrum, skal byggja nægilegar vörður og viðhalda þeim, og sömuleiðis sæluhús. Á aðalpóstleiðum greiðist kostnaðurinn úr landsjóði, á aukapóstvegum úr sýslusjóði, og á bæjavegum úr hreppsjóði.

27. gr. Hver sem af ásettu ráði skemmir veg, vörður, ferjur, eða sæluhús, skal sæta hegningu samkvæmt 297. gr. alm. hegningarl. 25. júní 1869.

28. gr. Brot gegn lögum þessum skal fara með og dæma sem opinber lögreglumál.

29. gr. Með lögum þessum er tilsk. 15. marz 1861 og lög nr. 19. 15. okt. 1875 úr gildi numin.

30. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmán. 1888.

Nd. **21. Tillaga**

til þingsályktunar um reikningskil fyrir útsendingu og útsölu alþingistíðindanna 1885.—Frá reikningslaganefndinni.

Neðri deild alþingis ályktar, að setja nefnd til að rannsaka reikningsskil Kristjáns Ó. Þorgrímssonar fyrir útsendingu og útsölu alþingistíðindanna 1885, og veita nefnd þessari heimild til að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar.

Nd. **22. Tillaga**

til þingsályktunar um reikningskil fyrir tekjunum af Arnarstapa og Skógarstrandar umboði með Hallbjarnareyri.—Frá reikningslaganefndinni.

Neðri deild alþingis ályktar, að setja nefnd til að rannsaka reikningskil Ásmundar Sveinssonar fyrir tekjunum af Arnarstapa og Skógarstrandarumboði með Hallbjarnareyri, og veita nefnd þessari heimild til að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, samkv. 22. gr. stjórnarskrárinnar.

Nd. **23. Frumvarp**

til laga um menntun alþýðu. — Flutningsmenn: Jón Þórarinsson og Þórarinn Böðvarsson.

I. kapituli.

Um tilgang menntunarinnar.

1. gr. Það er tilgangur menntunarinnar, að vikka andlegan sjóndeildarhring nemenda, og veita þeim þá þekkingu, sem er nauðsynleg til þess, að þeir geti orðið hæfir til sem flestra starfa, innræta fagran hugsunarhátt og reglubundið líferni, efla gott siðferði, styrkja og æfa líkamann.

Eiga kennendur að hafa þetta hugfast við alla tilsögn, og við próf fremur dæma eptir andlegum þroska, en kunnáttu utanbókar.

II. kapituli.

Um fræðsluskyldu.

2. gr. Hver sem á barn, eða hefur annars manns barn til uppfósturs um lengri eða skemmri tíma, er skyldur að veita því þá þekkingu, sem með lögum þessum er heimtað, að hvert barn hafi náð, er það er $13^1/_2$ til fullra 14 ára gamalt.

3. gr. Kennsla unglinga til 14. árs fer fram í skólum, hjá umgangskennurum eða í heimahúsum.

Foreldrar og þeir, sem hafa börn eða unglinga til fósturs, mega sjálfir kjósa, hvort þeir vilja láta fræða börn sín á heimilum sínum, eða láta þau njóta hinnar opinberu kennslu í hreppnum, þar sem skólar eru eða umgangskennarar; en tiltölulegan þátt taka þeir í kostnaðinum við hina opinberu kennslu í hreppnum, hvort sem þeir nota hana eða ekki.

Kjósi foreldrar eða vandamenn að fræða eða láta fræða börn sín í heimahúsum, ber þeim að tilkynna það hlutaðeigandi kennslunefnd mánuði áður en hin lögskipaði kennslutími í hreppnum byrjar, og leiða rök að því, að þeir sjeu færir um að veita börnunum fullnægjandi tilsögn á heimilum sínum.

4. gr. Þar sem fastir skólar eru stofnaðir, er hinn árlegi kennslutími að minnsta kosti $7^1/_2$ mánuður. Þó má gjöra frá því undantekningar með samþykki yfirstjórnar kennslunnar.

5. gr. Hvert barn, sem er fullra 10 ára, á að hafa lært:

1, að lesa prentað mál skýrt og skilmerkilega, gjöra grein fyrir lesmerkjum og skiptingu orða í samstöfur, og leggja rjetta áherzlu á orð og setningar eptir efni þess, sem lesið er.

2, að skrifa læsilega snarhönd.

3, margföldunartöfluna minni, og samlagning, frádrátt, deiling og margföldun í heilum einskonar tölum.

4, stutt ágrip af biflíusögum.

Frá því barnið er 10 ára og þangað til það er fullra 14 ára, á enn að æfa það í lestri og skript eptir því sem þörf er á, og kenna því:

1, í reikningi: tugabrot, margskonartölur og einfalda þríliðu.
2, íslenzku, svo að það geti skrifað stafrjett og gjört grein fyrir hinum helztu málfræðislegu setningum; svo ber og að æfa það í að setja skriflega fram hugsanir sínar.
3, kristindómsbókina alla.
4, valda kafla úr almennt menntandi lesbók, einkum þá er snerta náttúrufræði, heilbrigðisfræði, sögu Íslands og lýsingu þess, ásamt yfirliti yfir stjórn landsins, sveita og safnaða.

Ennfremur ber að æfa unglinga í söng, einkum kirkjusöng, og kenna þeim reglubundnar líkamsæfingar eptir því, sem verður við komið.

6. gr. Foreldrar þeir og vandamenn, sem vanrækja að fræða, eins og fyrir er skipað í lögum þessum, börn þau, er þeir hafa til uppeldis, skulu sæta sektum frá 1—15 kr. eptir ákvæði hlutaðeigandi kennslunefndar, og rennur sektin í sveitarsjóð þess hrepps, er foreldrar eða vandamenn eiga heima í. Sje sektin eigi greidd í ákveðinn tíma, má taka hana lögtaki án undanfarins dóms.

7. gr. Áður en kennslunefndin ákveður sektina, kallar hún hlutaðeigendur á fund sinn með þriggja daga fyrirvara. Nú mæta þeir ekki, og ákveður kennslunefndin þá sektina. Ef þeir mæta og koma fram með verulegar afsakanir, getur kennslunefndin látið lenda við áminningu; en geti kennslunefndin eigi tekið afsakanir þeirra gildar, ákveður hún sektina og birtir úrskurðinn þegar hlutaðeigendum.

Skjóta má úrskurði kennslunefndar í hreppi til úrskurðar kennslunefndar í hjeraði, sem þá leggur endilegan úrskurð á málið.

III. kapituli.

Um kennslunefndir í hreppum og skyldur þeirra.

8. gr. Í hverjum hreppi skal kosin þriggja manna kennslunefnd. Tvo af nefndarmönnum kýs hreppsnefndin, en presturinn er sjálfkjörinn, þar sem hann er innan hrepps. Þar sem tveir prestar eru í hreppi, kýs hreppsnefndin milli þeirra.

Nefndin kýs sjer framkvæmdarstjóra, er stendur fyrir störfum hennar.

9. gr. Kennslunefndin á að hafa nákvæmt eptirlit með barnakennslu í sínum hreppi, og sjá um að fyrirmælum laga þessara sje hlýtt, hvort sem kennslan fer fram í föstum skólum, í heimahúsum eða hjá umgangskennara, og lætur hún, ef henni þykir nauðsynlegt, kenna börnum á kostnað foreldra þeirra eða fósturforeldra, ef þeir sýna hirðuleysi í því, að veita börnum þá tilsögn, sem lögboðin er.

Það er skylda nefndarinnar, að annast það, að skólar sjeu stofnaðir, þar sem það er tiltækilegt og nauðsynlegt, eða umgangskennarar ráðnir eptir þörfum, þar sem föstum skólum verður eigi við komið.

10. gr. Þar sem fastir skólar eru stofnaðir, ræður kennslunefndin, hvar skólinn stendur, sjer um, að skólahúsið fullnægi þeim kröfum, sem gjörðar eru til skólahúsa í lögum þessum, að skólanum fylgi ávallt lögboðin áhöld til að nota við kennsluna, og hefur umsjón um skólahúsið og kennslu-áhöldin, eða felur hana áreiðanlegum manni, sem þá hefur umsjónina á hendi á ábyrgð kennslunefndarinnar.

11. gr. Kennslunefnd í hreppi hverjum ritar í bók, sem til þess er ætluð, nafn,

fæðingardag og fæðingarár allra þeirra unglinga í hreppnum, sem eru á kennsluskeiði (6—14 ára), og lætur þess við getið, hvernig tilsögn þeir hafi, hvort heldur í skólum, í heimahúsum, eða hjá umgangskennurum.

12. gr. Þar sem umgangskennarar eru hafðir, skipar kennslunefndin fyrir um það, á hvaða heimilum í hreppnum kennslan skuli fara fram, á hvaða tíma, og hve lengi í senn á hverju heimili fyrir sig.

Sjerstaklega á nefndin að gæta þess, að kennslan fari fram í herbergjum, sem eru hentug til þess, svo að lífi og heilsu barnanna sje ekki hætta búin af óhollu lopti, eða öðrum annmörkum húsnæðisins.

13. gr. Nú neitar húsfaðir, án þess að hafa gildar ástæður til, að veita nióttöku umgangsskóla á þeim tíma, sem kennslunefndin hefur fyrir skipað, og skal hann fyrir það sæta sektum frá 5 til 20 kr. eptir ákvæðum kennslunefndarinnar, og ber kennslunefndinni að leigja annarstaðar húsnæði á hans kostnað fyrir þann tíma, sem hann átti að veita umgangsskólanum húsnæði.

14. gr. Kennslunefndin semur reglur fyrir fasta skóla og umgangskennslu samkvæmt almennum ákvæðum, sem yfirstjórn kennslunnar semur og gefur út; liggja reglur þessar undir samþykki kennslunefndar í hjeraði.

Reglur þessar skal endurskoða að minnsta kosti á 5 ára fresti, og sjeu breytingar gjörðar, liggja þær undir samþykki kennslunefndar í hjeraði.

15. gr. Það er skylda kennslunefndarinnar að gjöra allt, sem í hennar valdi stendur, til að auka sem gagnlega þekkingu og gott siðferði í sínum hreppi. Ber henni í þeim tilgangi, að stofna bókasöfn, koma á lestrarfjelögum hjá hreppsbúum og á hvern annan hátt greiða fyrir því, að þeir geti fengið menntandi bækur til að lesa.

16. gr. Framkvæmdastjóri kveður til fundar í nefndinni svo opt, sem honum þykir þurfa, til að ræða um kennslumálefni hreppsins, og eru nefndarmenn skyldir að koma á fund, nema gildar hindranir banni.

17. gr. Kennaranum í hreppnum skal tilkynnt hvert fundarhald svo tímanlega, að hann geti verið á fundi með nefndinni, ef hann vill, og á hann heimting á, að ræða kennslumálefni hreppsins með nefndinni, en atkvæðisrjett hefur hann ekki á fundum.

IV. kapítuli.
Um hjeraðaskóla.

18. gr. Þar sem því verður við komið, skal stofna skóla fyrir eitt eða fleiri sýslufjelög, sem veita meiri og fullkomnari þekkingu, en heimtað er með lögum þessum, að hver 14 ára unglingur hafi náð.

Námsgreinarnar í skólum þessum eru:

1, Íslenzka.
2, Danska.
3, Reikningur (almenn brot, procentureikningur, rentureikningur og fjelagsreikningur, og einföldustu reglur fyrir flatarmáli).
4, Ágrip af almennri mannkynssögu.
5, Landafræði.
6, Náttúrufræði.
7, Heilbrigðisfræði.

8, Söngur.
9, Teiknun.
10, Líkamsæfingar.

19. gr. Skólar, er einstakir menn stofna á sinn kostnað, og eru háðir sama eptirliti af hálfu hins opinbera og aðrir hreppa- eða hjeraðaskólar, mega eiga von á sama styrk úr landssjóði og hinir opinberu hjeraðaskólar, er þeir fullnægja þeim skilyrðum, sem heimtuð eru af hinum opinberu hjeraðaskólum.

V. kapítuli.
Um kennslunefndir í hjeruðum.

20. gr. Í hverri sýslu skal kosin 3 manna nefnd, sem hefur umsjón um þá skóla í hjeruðum, er ætlaðir eru til að veita þekkingu í þeim námsgreinum, sem nefndar eru í 18. grein. — *Tvo af nefndarmönnum skipar sýslunefndin, en hjeraðs-prófasturinn er sjálfkjörinn.*

Nú er einn hjeraðaskóli stofnaður fyrir 2 eða fleiri sýslur, og er þá prófastur þeirrar sýslu, sem skólinn er í, sjálfkjörinn í nefndina.

21. gr. Yfirstjórn kennslunnar semur reglugjörðir fyrir hjeraðaskóla, og liggja þær undir samþykki landshöfðingja.

VI. kapítuli.
Um skólahús og kennslu-áhöld.

22. gr. Þegar skólahús eru reist, hvort heldur er hreppaskólar eða hjeraðaskólar, skal gæta þess, að húsið standi á þurlendi, og halli svo út frá því á alla vegu, að vatn geti eigi staðið kringum það.

23. gr. Við hvert skólahús á að vera svo stórt, sljett og þurt girt svæði, að unglingarnir geti verið þar að leikjum í frístundum sínum.

24. gr. Gott vatnsból á að vera við hvern skóla, og sje svo um það búið, að leysingarvatn, eða annað óhreint vatn, geti ekki runnið ofan í það.

25. gr. Skólahúsið á að standa á svo háum grundvelli, að $^1/_2$ alin nemi frá jafnsljettu, og að öðru leyti að vera svo gjört, að ekki sje raki í því. Í því á að vera rúmgott herbergi eða gangur, þar sem unglingarnir geta lagt frá sjer utanyfirföt, skipt um skófatnað og þvegið sjer.

26. gr. Kennslustofur skulu vera svo stórar, að hver unglingur hafi að meðaltali 13 □ feta gólf-rúm að minnsta kosti, og ekki má vera lægra undir lopt, en 4 álnir.

27. gr. Svo skulu kennslustofur gjörðar, að nægilega lopthreytingu sje auðið að fá á stuttum tíma, án þess að súgur verði í herherginu.

28. gr. Svo skal borðum og bekkjum hagað, að birtan komi inn í kennslustofuna á vinstri hönd nemandans, er hann situr í sæti sínu.

Gluggar eiga að standa svo hátt, að ljósið komi mest að ofan; fyrir öllum gluggum, sem vita móti sólu, eiga að vera gluggtjöld, og skal þeim svo fyrir komið, að með þeim megi skyggja fyrir gluggana, bæði hátt og lágt, eptir því sem þörf er á, án þess að skyggja fyrir allan gluggann.

29. gr. Í hverri kennslustofu á að vera vindofn og hitamælir, og á hitinn að vera um 18° C. að jafnaði meðan kennslan fer fram.

30. gr. Borð og sæti skulu vera mishá eptir stærð unglinganna.

Borðplatan á að hafa nokkurn halla (5—6 Cm.) og sætin eiga að veita stuðning við bakið, svo að unglingarnir geti setið sjer hægt og upprjettir við vinnu sína.

31. gr. Í hverri kennslustofu á að vera sæti handa kennaranum, þannig sett, að hann geti sjeð alla nemendur í senn úr sæti sínu, og snúi þeir allir að kennaranum.

32. gr. Við hvern skóla eiga að vera salerni, eitt fyrir pilta, annað fyrir stúlkur.

33. gr. Hverjum hreppskóla skulu að sjálfsögðu fylgja þessi kennslu-áhöld:

1. Landsuppdrættir yfir: Ísland, Palestínu, Evrópu, Asíu, Afríku og Ameríku. Allir þessir uppdrættir eiga að vera svo stórir, að nemendur geti sjeð afstöðu landa á þeim úr sæti sínu allir í senn.
2. Jarðlíkan.
3. Myndir af líkama mannsins, (er sýni bein, vöðva, blóðrás, lungu, meltingarfæri, húð, auga og eyra o. s. frv.)

34. gr. Hverjum hjeraðaskóla skal (auk þess sem talið er í 33. gr.) fylgja:

1. Myndir af dýrum, fuglum, fiskum og jurtum.
2. Nauðsynleg áhöld til að kenna náttúrufræði, t. d. til að sýna einfaldar tilraunir um: 1. ljós og hita, 2. jafnvægi og hreyfingu fastra hluta, 3. rafmagn og segulafl.

35. gr. Við kennaraskóla eiga að vera þau kennslu-áhöld, er þykja fullnægjandi til þess, að kennslan komi að fullum notum.

VII. kapituli.

Um laun kennara við hreppa- og hjeraðaskóla og skyldur þeirra.

36. gr. Kennarar við hreppaskóla hafa að launum að minnsta kosti 500 kr. á ári hverju og leigulausan bústað. Umgangskennarar hafa að launum 50 kr. á mánuði hverjum, er þeir kenna að minnsta kosti 5 stundir á dag, 6 daga í viku hverri. Þar að auki hafa þeir leigulausan bústað og ókeypis fæði, meðan á kennslutímanum stendur.

37. gr. Heimting á kennari á því, að fá laun sín greidd mánaðarlega í peningum, nema öðru vísi sje um samið.

38. gr. Kennarar við hjeraðaskóla hafa að launum 1000 kr. á ári. Skulu þeir eiga kost á jörð til afnota, ef þeir æskja þess, og þess er kostur, en þá dregst eptirgjald jarðarinnar frá launum hans.

Um greiðslu launanna ákveða kennslunefndir í hjeraði á sama hátt og tekið er fram í 37. gr.

39. gr. Kennarar eiga bæði í skólanum og utanskóla að hegða sjer siðsamlega og í öllu tilliti vera fögur fyrirmynd lærisveina sinna. Þeir eiga að stunda köllun sína með iðni og ástundun.

Kennarar eiga að vaka yfir siðferði lærisveina sinna bæði í kennslutímum og í frístundum þeirra, en koma ávallt fram með stillingu og alvöru, er þeir vanda um við þá.

40. gr. Það er skylda kennarans að sjá um, að kennslu-áhöld og aðrir munir skólans sjeu ekki skemmdir meira en þarf að vera, nje glatist af hirðuleysi eða illri meðferð.

41. gr. Það er skylda kennara, bæði í hreppaskólum og hjeraðaskólum, að kenna svo margar stundir á degi hverjum, sem skólastjórnin til tekur; þó verður enginn kennari skyldaður til að kenna fleiri en 36 stundir á viku hverri.

VIII. kapítuli.
Um skipun kennara og lausn frá sýslun.

42. gr. Enginn getur orðið skipaður kennari við hreppa- eða hjeraðaskóla, nema hann hafi lokið námi sínu við kennaraskóla, og hafi fengið þann vitnisburð að hann sje hæfur kennari. Þó má yfirstjórn kennslunnar eptir tillögum hlutaðeigandi kennslunefnda í hreppum og hjeruðum fyrst um sinn veita undanþágu frá þessum skilyrðum, þeim mönnum, sem eru reyndir að því að vera duglegir kennarar.

Konur og karlar hafa sömu rjettindi til þess að takast kennslustörf á hendur við hreppa- og hjeraðaskóla, og hafa sömu skyldna að gæta.

43. gr. Kennara við hreppaskóla skipar kennslunefnd í hjeraði eptir tillögum kennslunefndar hlutaðeigandi hrepps.

Kennara við hjeraðaskóla skipar yfirstjórn kennslunnar eptir tillögum hlutaðeigandi kennslunefndar í hjeraði.

44. gr. Sá sem sækir um að verða skipaður kennari við hreppa- eða hjeraðaskóla, á að sýna skilríki fyrir því:

1, að hann sje fullra 20 ára að aldri.

2, að hann fullnægi því menntunarskilyrði, sem heimtað er í 42. gr.

3, að hann hafi óflekkað mannorð.

Bónarbrjef á að stýla til hlutaðeigandi kennslunefndar, og eiga nefnd skilríki að fylgja þeim.

45. gr. Þegar kennarasýslan er laus, auglýsir hlutaðeigandi kennslunefnd það fyrir yfirstjórn kennslunnar; en hún birtir það á þann hátt, er henni þykir fullnægjandi. Enga kennarasýslan má veita, fyr en 3 mánuðir eru liðnir frá því, að yfirstjórn kennslunnar auglýsti að hún væri laus.

46. gr. Enginn má sækja um nema eina kennarasýslan í einu. Hafi einhver sótt um tvær í einu, ber við hvoruga veitinguna að taka bónarbrjef hans til greina.

47. gr. Þegar kennari vill segja af sjer sýslan sinni, ber honum að senda um það bónarbrjef til hlutaðeigandi kennslunefndar eigi síðar en 1. apríl, og getur kennslunefndin skoðað bónarbrjefið ógilt, ef það kemur henni í hendur eptir þann tíma.

48. gr. Ef kennari gjörir sig sekan í hirðuleysi í sýslan sinni, eða óreglu og hneixlanlegu líferni, ber hlutaðeigandi kennslunefnd að áminna hann alvarlega, en taki hann ekki áminningu, ber að víkja honum tafarlaust frá sýslaninni. Skotið getur hann máli sínu til kennslunefndar í hjeraði, og fellir hún fullnaðarúrskurð í málinu.

Kennslunefndin sjer um, að annar hæfur kennari sje ráðinn í þess stað, er frá var vikið, ef auðið er, og á hans kostnað, og hefir sá kennsluna á hendi, þang-

að til fullnaðarúrskurður er fallinn. Sje hinn kærði sýknaður, tekur hann þegar við sýslaninni aptur; en ef frávikning hans er staðfest af kennslunefnd í hjeraði, gegnir hinn setti kennari kennslustörfum þangað, til fastur kennari er skipaður.

IX. kapituli.
Um heilnæmi.

48. gr. Börnum, sem hafa næma veiki, má ekki kenna með öðrum börnum. Börn og unglingar, sem hafa haft næma veiki, mega ekki sækja skóla, fyr en svo langur tími er liðinn, frá því þau urðu heilbrigð aptur, að vissa sje fyrir því, að áliti hlutaðeigandi kennara, eða læknis, þar sem til hans næst, að þau orsaki ekki sýkingu.

Skylt er foreldrum og húsbændum barna, að tilkynna tafarlaust hlutaðeigandi kennara, ef börn þau, er í skóla eiga að ganga, hafa tekið næma veiki.

49. gr. Komi umferðarsýki upp í skólum, skal kennarinn tafarlaust láta leita læknishjálpar, og ber að fresta kennslu, meðan læknir telur nauðsynlegt.

50. gr. Kennendur eiga að hafa gætur á, að nemendur sjeu hreinir og þokkalegir í kennslustundunum, og má vísa hverjum þeim nemanda burt, sem kemur óhreinn í kennslustund, eða í óhreinum eða votum fötum.

51. gr. Kennslustofum skal ávallt haldið hreinum, og ber að þurka ryk af borðum og bekkjum á hverjum morgni, áður en kennsla byrjar.

52. gr. 10—15 mínútur af hverri kennslustund á að vera hlje á kennslunni, og eiga nemendur þá að fara út úr kennslustofunum og hreifa sig undir beru lopti, ef veður leyfir. Á meðan eiga kennslustofurnar að standa opnar, svo að þær fyllist hreinu lopti fyrir næstu kennslustund.

X. kapituli.
Um kennaraskóla.

53. gr. Tveir skulu kennaraskólar vera, annar á Möðruvöllum í Hörgárdal fyrir Norðlendinga- og Austfirðingafjórðung, en hinn í Flensborg í Hafnarfirði fyrir Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðung. Aðgang að skólum þessum eiga jafnt konur sem karlar, ef skilyrðum þeim er fullnægt, sem yfirstjórn skólans ákveður.

54. gr. Námstími í skólum þessum er 3 ár fyrir þá, sem gjörast vilja kennendur við hreppaskóla, eða umgangskennarar, en 4 ár fyrir þá, sem vilja verða kennarar við hjeraðaskóla.

55. gr. Námsgreinir í skólum þessum eru: 1) Pædagogik; 2) Guðfræði; 3) Íslenzka; 4) Danska; 5) Enska; 6) Saga; 7) Landafræði; 8) Tölvísi; 9) Heilbrigðisfræði; 10) Yfirlit yfir landstjórnarhætti; 11) Náttúrufræði; 12) Söngur; 13) Teiknun, og 14) Leikfimi.

56. gr. Kennara við kennaraskóla skipar konungur, og eru árleg laun þeirra við hvorn skóla:

Forstöðumanns: 2500 kr., og ókeypis bústaður,
1. kennara: 2000 kr.
2. kennara: 1600 kr.

XI. kapituli.
Um kostnað við kennslu og skólahald.

57. gr. Allan kostnað, sem leiðir af kennslu eða skólahaldi í hreppum, bera hrepparnir sjálfir.

Hlutaðeigandi hreppsnefndir kveða á um það, með samráði kennslunefnda, hvernig gjaldið skuli greitt, hvort það heldur skuli greitt úr hreppsjóði eða að meira eða minna leyti með skólagjaldi fyrir hvert barn.

Um innheimtu skólagjalds gilda sömu reglur og um innheimtu sveitargjalda.

58. gr. Hjeraðaskólum, sem einstakir menn stofna, eða hreppsnefndir í samlögum, eða sýslufjelög, ber að veita fje eptir föngum bæði úr hlutaðeigandi hreppsjóðum og sýslusjóðum. Slíkum skólum skal og veita árlega fjárupphæð úr landsjóði, sem svarar 25 kr. fyrir hvern nemanda, er nýtur tilsagnar á skólunum, þó ekki yfir 1000 kr. hverjum skóla, og er fjárgreiðsla úr landsjóði bundin því skilyrði, að skólarnir fullnægi í einu og öllu þeim kröfum, sem gjörðar eru til hjeraðaskóla samkvæmt lögum þessum.

XII. kapituli.
Um próf.

59. gr. Í hverjum hreppi skal árlega halda próf um kunnáttu unglinga á þeim stað og tíma, sem kennslunefnd hreppsins ákveður.

Til prófs eru skyld að koma öll börn í hreppnum, sem eru fullra 10 ára og allt að fullra 14 ára, hvort heldur þau hafa notið heimakennslu, eða þeim hefur verið kennt af umgangskennara eða í skóla.

Nú kemur unglingur eigi til prófs án gildra forfalla, og sæta þá hlutaðeigandi foreldrar, eða fósturforeldrar, sektum frá 2—25 kr. fyrir hvert barn eptir ákvæði hlutaðeigandi kennslunefndar, og rennur sektin í hreppsjóð.

60. gr. Kennarinn í hreppnum prófar þekkingu unglinganna í áheyrn að minnsta kosti eins af kennslunefndarmönnum í hreppi og eins af kennslunefndarmönnum í hjeraði; en þó má kennslunefndarmaður í hjeraði fela öðrum hæfum manni það erindi, ef hann má sjálfur eigi við koma að gegna því.

61. gr. Hverju barni skal gefa vitnisburð um kunnáttu þess í hverri námsgrein, sem prófað er í, jafnóðum og prófun fer fram. Meðaltal af vitnisburðum þeim, er kennari og prófdómendur gefa, skal rita í bók, sem til þess er ætluð, við nöfn nemenda. Skal þar einnig til greina aldur þeirra og heimili, og þess látið við getið, hvort þeir hafi notið kennslu í skólum eða heimahúsum, eða hjá umgangskennara. Að loknu prófi skrifar kennari og prófdómendur nöfn sín í prófbókina.

62. gr. Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að líkur sjeu til, að það geti ekki náð lögskipaðri þekkingu, þegar það er fullra 14 ára, ber kennslunefndinni að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að við það sje lögð meiri alúð en áður, og getur hún, ef henni þykir nauðsynlegt, keypt handa því sjerstaka kennslu á kostnað hlutaðeigandi foreldra eða vandamanna, eða hlutaðeigandi sveitarsjóðs, ef barnið er alið upp á sveit.

63. gr. Barni, sem er fullra 14 ára, en hefur ekki náð lögskipaðri þekkingu, ber kennslunefndinni að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt, og getið er í 62. gr., og skal það skyldugt að koma til prófs næsta ár, og svo ár eptir ár, þangað til það er fullra 18 ára.

64. gr. Próf skulu haldin árlega í hjeraðaskólum í áheyrn eins eða fleiri af kennslunefndarmönnum í hjeraði; skal um þau próf nákvæmar ákveðið í reglugjörðum fyrir hjeraðaskóla.

XIII. kapítuli.
Um stjórn og skýrslur.

65. gr. Yfirstjórn allra kennslumálefna alþýðu hafa stiptsyfirvöldin yfir Íslandi.

66. gr. Yfirumsjón um kennslumálefni alþýðu í Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðungi hefur forstöðumaður kennaraskólans í Flensborg í Hafnarfirði, en forstöðumaður kennaraskólans á Möðruvöllum í Hörgárdal hefur yfirumsjón um kennslumálefni alþýðu í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi.

Þennan starfa hafa þeir á hendi án sjerstaks endurgjalds, en ferðakostnað fá þeir eptir reikningi, sem yfirstjórnin úrskurðar, og skal það fje greitt úr landsjóði.

67. gr. Yfirumsjónarmönnum ber, svo sem þeim er unnt, að kynna sjer persónulega menntunarástand alþýðu, hafa glöggar gætur á, að kröfum laga þessara sje fullnægt, og þar sem þeim þykir einhverju í því tilliti ábótavant, að leiðbeina kennslunefndum og kennurum, og ber þeim í þessu skyni:

að vera persónulega við staddir próf unglinga svo opt og svo víða, sem þeir fá því við komið,

að halda fundi með kennurum og kennslunefndum á þeim stað og tíma, sem þeir til taka og gefa þeim gagnlegar bendingar um skólahald og kennslu-aðferðir,

að skoða skólahús og kennslu-áhöld, og skipa fyrir um endurbætur á þeim, ef það þykir nauðsynlegt,

að grennslast eptir, hvort kennendur standa vítalaust í stöðu sinni, og hvort kennslunefndir hafa lögboðið eptirlit með kennslunni,

að rannsaka, hvort skýrslur kennslunefnda sjeu rjettar og nákvæmar eptir bókum þeirra.

68. gr. Yfirumsjónarmenn heimta, þegar þeir vilja, að sjer sjeu send sýnishorn af skriflegum æfingum og skriflegar úrlausnir verkefna frá hreppa- og hjeraðaskólum, sömuleiðis skýrslur um ýmsa hagi skólanna, eptir því sem þeim þykir ástæða til, og skulu upplýsingar þessar látnar þeim í tje af kennurum skólanna með nákvæmni og samvizkusemi.

69. gr. Yfirumsjónarmenn kennslunnar gefa út eyðublöð fyrir skýrslur um menntunarástand alþýðu, er þeir senda kennslunefndum hver í sínu umdæmi til útfyllingar, en kennslunefndir senda yfirumsjónarmönnum kennslunnar eyðublöð þessi útfyllt á þeim tíma, sem þeir tilgreina.

70. gr. Verði nokkur uppvís að því, að hafa gefið ranga skýrslu, annaðhvort til yfirstjórnar kennslunnar, eða yfirumsjónarmanna, skal hann sæta sektum frá 5—50 kr. eptir atvikum, er yfirstjórn kennslunnar ákveður, og rennur sektin í sjóð þess hrepps, sem sá á heima í, er gaf ranga skýrslu.

71. gr. Yfirumsjónarmenn semja eina aðal-skýrslu hvor fyrir sitt umdæmi ept-

ir skýrslum kennslunefnda, og skal hún árlega send yfirstjórn kennslunnar, eigi síðar en 1. okt. ár hvert. Sömuleiðis senda þeir yfirstjórninni skýrslu um hverja rannsókn, er þeir fremja á rannsóknarferðum sínum.

72. gr. Allur kostnaður við prentun eyðublaða og flutning skýrslna greiðist úr landsjóði.

XIV. kapítuli.
Um kennslubækur

73. gr. Við kristindómskennslu skal hafa bækur þær, sem konungur löggildir, en yfirstjórn kennslunnar kveður á um það, hverjar bækur má hafa við kennslu í öðrum námsgreinum.

74. gr. Allar kennslubækur við hjeraða-og hreppaskóla, er löggiltar eru sem kennslubækur, skulu gefnar út að tilhlutun yfirstjórnar kennslunnar, og má ekki selja örk í hverri bók dýrara en 3 aura.

Allar slíkar bækur skulu gefnar út á kostnað landsjóðs, og rennur andvirði seldra kennslubóka í landsjóð.

75. gr. Annast skal yfirstjórnin, að ávallt sje nóg til af hinum lögskipuðu kennslubókum í Reykjavík, og auglýsir, til hvers er að snúa sjer um pöntun á þeim.

XV. kapítuli.
Ýms ákvæði.

76. gr. Kennaraskólar byrja störf sín 1. október 1888.

Kennslunefndir skulu kosnar á vorfundum sýslu- og hreppanefnda s. á.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda svo fljótt, sem því verður við komið, eptir ákvæðum yfirstjórnar kennslunnar. En um allt land skulu þau vera komin til framkvæmda haustið 1893.

Ed. **24. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi 15. okt. 1875. Flutningsmaður Jakob Guðmundsson.

1. gr. Fjórða læknishjerað nær yfir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Fimmta læknishjerað nær yfir Barðastrandarsýslu að undan skildum Gufudals-, Staðar og Garpsdals- prestaköllum.

Sjöunda læknishjerað nær yfir Strandasýslu að undan skildum Bæjarhreppi, og yfir Gufudals-, Staðar- og Garpdals- prestaköll í Barðastrandasýslu.

Dalasýsla með Bæjarhreppi í Strandasýslu skal hjeðan af vera læknishjerað út af fyrir sig.

2. gr. Læknir sá, er skipaður er í læknishjerað það, sem nær yfir Dalasýslu og Bæjarhrepp í Strandasýslu, hefur sömu skyldna að gæta og nýtur sömu rjettinda og launa, eins og fyrir er mælt í lögum um aðra skipun á læknahjeruðunum frá 15. okt. 1875.

3. gr. Landstjórnin setur tölu þessa læknahjeraðs þar inn í læknahjeraða-röðina, sem henni þykir hentast og breytir tölu hinna hjeraðanna þar eptir.

ÁSTÆÐUR.

Á þingmálafundi þeim, sem haldinn var að Hvammi í Dalasýslu 11. f. m., skoruðu fundarmenn á þingmann Dalamanna, að fylgja því fram á alþingi í sumar, að Dalasýsla ásamt Bæjarhreppi í Strandasýslu verði gjörð að nýju læknishjeraði.

Mál þetta hefur verið flutt á alþingi fyrir nokkrum árum og verið þar endurnýjað hvað eptir annað.

Bæði alþingi sjálft og fulltrúi stjórnarinnar á alþingi viðurkenndu fullkomlega hina brýnu nauðsyn, að læknahjeruðunum á Vesturlandi yrði sem allra fyrst breytt á þennan hátt, og hlutaðeigandi læknir í 4. læknishjeraði hefur fyrir löngu síðan með ljósum ástæðum sýnt fram á, hversu það er ómögulegt fyrir einn mann að þjóna þessu læknishjeraði jafn-víðlendu og það er nú. Það er líka viðurkennt, hversu örðugt það er fyrir Bæjarhrepp í Strandasýslu að ná til læknisins í 7. læknisumdæmi, en þar á móti er það ekki nærri eins miklum örðugleikum bundið, þó Garpdalsprestakalli, sem nú er í 5. læknisumdæmi, sje bætt við 7. læknisumdæmi. Úr Eyjahreppi í Barðastrandasýslu er hvergi eins hægt að ná til læknis eins og til læknisins í 5. læknisumdæmi, ef hann situr á Barðaströnd, eins og nú mun þegar vera á komið eða að minnsta kosti standa til.

Árið 1883 ákvað alþingi 900 kr. til aukalæknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu, og 1885 var fjárveiting þessi færð upp í 1000 kr. En þessi vel meinta tilraun þingsins hefur ekki komið að liði, því enginn hefur fengizt til að sækja um þetta aukalæknisembætti með þessum kjörum, sem varla er heldur von, þar ekki verður búist við nema lítilli praxis í svo fámennu hjeraði.

Þess má og geta, að sá maður í Dalasýslu, sem fengið hafði veniam practicandi og leyfi til aðstoðarlækninga í Dalasýslu, getur hjeðanaf vegna aldurs og embættisanna alls ekkert gefið sig við lækningum.

Nd. **25. Viðaukaatkvæði**

við frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar (14). Frá Sigurði Stefánssyni og Gunnari Halldórssyni.

Aptan við fyrirsögn frumvarpsins bætist: „að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp“.

Nd. **26. Viðaukaatkvæði**

við frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar (13). Frá Sigurði Stefánssyni og Gunnari Halldórssyni.

Aptan við fyrirsögn frumvarpsins bætist: „að Haukadal í Dýrafirði“.

Nd. **27. Fyrirspurn**

til landshöfðingja um niðurlagning brauða. — Frá Páli Briem.

Álítur landshöfðinginn sjer lögheimilt að leggja niður brauð, sem upp eru talin í prestakallalögum frá 27. febr. 1880, 1. gr., án samþykkis löggjafarvaldsins?

Nd. **28. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði. (Eptir 2. umræðu í neðri deild).

Að Haukadal í Dýrafirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **29. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp, (Eptir 2. umræðu í neðri deild).

Að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **30. Tillaga til þingsályktunar.**

Flutningsmenn: Þórarinn Böðvarsson og Jón Þórarinsson.

Neðri deild alþingis ályktar, að veita landshöfðingjanum yfir Íslandi heimild til að leyfa herra Eiríki Magnússyni M. A. í Cambridge að láta vinna á kostnað landsjóðs allt að 500 pund af silfurbergi úr Helgustaðanámum til útflutnings á markað í London á yfirstandandi sumri, með því eptirliti um meðferð námanna, sem landshöfðinginn ákveður.

Ed. **31. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga með nokkrum ákvæðum um veð.

Nefnd sú, sem kosin hefur verið til að segja álit sitt um frumvarp til laga með nokkrum ákvæðum um veð, hefur kynnt sjer það rækilega og rætt það á fundum, og er hún á einu máli um það, að frumvarp þetta muni nauðsynleg rjettarbót, og fellst nefndin á hin einstöku ákvæði þess í öllu verulegu, en með því að málið á frumvarpinu hefur þótt allvíða miður gott og á einstöku stöðum getur valdið misskilningi, hefur nefndin reynt til að lagfæra það, og því látið prenta frumvarpið aptur með áorðnum breytingum, og leyfir hún sjer að ráða hinni heiðruðu deild til þess að fallast á það.

Í efri deild alþingis, 9. júlí 1887.

L. E. Sveinbjörnsson,	B. Kristjánsson,	Sighvatur Árnason.
form. og framsögum.	skrifari.	

FRUMVARP

til laga með nokkrum ákvæðum um veð.

1. gr. Ef skuld, sem handveð er fyrir, er eigi borguð í gjalddaga, eða vextir á ákveðnum tíma, hefur veðhafi rjett til að láta selja veðið á uppboðsþingi; en gjöra skal hann veðsala áður aðvart um það, svo vottfast sje, með 8 daga fyrirvara, og sje veðsali ókunnur eða heimili hans, skal veðhafi stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara, til að leysa út veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í auglýsingar stjórnarvalda.

2. gr. Eigi missir lánardrottinn kröfu sína, þótt handveð glatist, nema vangæzlu hans sje um að kenna.

3. gr. Rjett er, að ákvæði það, sem um er getið í tilskipun 18. febr. 1847

„um fje ómyndugra á Íslandi", 10. gr., sje sett í hvert það veðskuldabrjef, er fasteignartrygging veitir.

4. gr. Engum er heimilt, eptir það að lög þessi öðlast gildi, að veðsetja allt það, er hann á og eignast kann.

Enginn má eptir það, að lög þessi öðlast gildi, selja að sjálfsvörzluveði safn af munum, sem eru samkynja, eður ætlaðir til samkynja notkunar og einkenndir eru með einu almennu nafni.

Þó er leiguliða heimilt, að selja landsdrottni að sjálfsvörzluveði áhöld þau, er hann á til að yrkja leigujörð sína, svo og afurðir bús síns, þeim skuldum til tryggingar, sem hann er kominn í, eða kann að komast í, við landsdrottinn sinn, og af ábúðinni leiða.

5. gr. Þegar jörð er sett að veði, er rjett svo um að semja, að jörðinni skuli fylgja, auk búfjár og innstæðu, smbr. tilskipun 24. apríl 1833, 2. gr., heyforði sá, sem á henni er í hvert skipti.

6. gr. Rjett er þeim, sem veðsetur verksmiðjur eður önnur iðnaðarhýsi, að semja svo um, að vjelar eða önnur iðnaðaráhöld og verkefni skuli fylgja fasteigninni.

7. gr. Nú veðsetur maður nokkuð af lausafje sínu, en handselur eigi veðið, og skal þess þá ávallt gætt, að veðsali skrifi undir veðskuldabrjefið í viðurvist tveggja áreiðanlegra manna, er gæti þess nákvæmlega, að rjett dagsetning sje á því.

Eigi veðsali heimili í Reykjavík, skal lesa veðbrjefið á fyrsta eður öðru þingi eptir að það er dagsett, og fær brjefið, ef út af er brugðið, eigi veðgildi frá þinglestrardegi, þótt síðar verði lesið.

Eigi veðsali heima annarstaðar en í Reykjavík, skal lesa veðbrjefið á manntalsþingi hinu næsta eptir að það er dagsett, og fer um það sem segir áður, ef út af er brugðið. Hafi það verið þinglesið á rjettum tíma, en áður sýnt, til þess að það verði ritað fyrir fram í afsals- og veðmálabókina, svo sem segir í tilskipun 24. apríl 1833, 4. gr., og opnu brjefi 28. apríl 1841, nær það veðgildi frá þeim degi, er það var sýnt.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, og skal þá lesa brjefið af nýju á þingi þar, og eigi síðar en áður segir frá þeim degi, er hann þangað kom.

Svo skal og þinglesa allar veðskuldbindingar, sem þegar hafa gefnar verið fyrir almennu sjálfsvörzluveði í lausafje, eða sjálfsvörzluveði í einstökum munum, ella eru þær ógildar. Skal það gera á manntalsþingi hinu fyrsta eptir það að lög þessi öðlast gildi, ef veðsali á annarstaðar heima en í Reykjavík; en sje hann búsettur þar, þá á fyrsta eða öðru þingi eptir það, að lög þessi ná gildi.

Það leiðir að öðru leyti af grundvallarreglum núgildandi laga, að engin veðskuldbinding fær, þótt þinglesin sje, nokkurt gildi að því er snertir ríkisskuldabrjef, hlutabrjef, veðskuldabrjef eða önnur slík brjef þeim til tjóns, er þau síðar hafa löglega afhent verið að handveði eða til eignar, nema ritað hafi verið á þessi veðbrjef með ljósum orðum, að veðskuldbindingin nái til þeirra.

8. gr. Nú verður maður gjaldþrota, og hefir gefið veðbrjef með sjálfsvörzlu-

veði í lausafje, og er það þá ógilt, ef það eigi er dagsett fullum 8 vikum, áður en hann varð gjaldþrota.

Ed. **32. Tillaga til þingsályktunar.**

Flutningsmenn Sighvatur Árnason og Skúli Þorvarðarson.

Efri deild alþingis ályktar, að skipa nefnd til að íhuga Reglugjörð fyrir fátækra málefna lögun og stjórn o. s. frv. 8. jan. 1834, sem og önnur lög um það efni, og láta í ljósi tillögur sínar til umbóta á þeim.

Ed. **33. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði (12). — Frá Jóni Ólafssyni, B. Kristjánssyni og Sighvati Árnasyni.

Aptan við frv. bætist: »70 faðma á land upp frá stórstraums flóðmáli«.

Nd. **34. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaða á Vogavík og Þórshöfn í Gullbringusýslu. Flutningsmaður: Þórarinn Böðvarsson.

Vogavík og Þórshöfn í Gullbringusýslu skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

Nd. **35. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 7. nóvbr. 1879. Flutningsmenn: Árni Jónsson, Lárus Halldórsson og Ólafur Briem.

1. gr. Aðflutningsgjald skal greiða í landsjóð af ölföngum og vínföngum, sem flutt eru til landsins, á þessa leið:

1.	Af alls konar öli, af hverjum potti	10 aura.
2.	Af rauðvíni og messuvíni, af hverjum potti, í hverju íláti sem það er flutt	20 —
3.	Af brennivíni eða vínanda, af hverjum potti:	
	a, með 8° styrkleika eða minna	40 —
	b, yfir 8° og allt að 12° styrkleika	60 —
	c, yfir 12° styrkleika	80 —
4.	Af öllum öðrum vínföngum, af hverjum potti, ef þau eru flutt í flátum, er rúmi einn pott eða meira	100 —
	en sjeu þau flutt í minni flátum, þá greiðist sama gjald af hverjum 3 pelum, sem ella af potti hverjum.	

2. gr. Hve mikið af vínföngum megi telja sem skipsforða, er sje undan skilinn aðflutningsgjaldi, skal tollheimtumaður ákveða eptir atvikum samkvæmt almennum reglum, er landstjórnin setur.

3. gr. Hjermeð er úr gildi numin 1. gr. laga 7. nóvbr. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr. 1872.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmán. 1888.

Nd. **36. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876. — Flutningsmenn: Árni Jónsson, Lárus Halldórsson, Ólafur Briem.

1. gr. Aðflutningsgjald skal greiða í landsjóð af tóbaki, sem flutt er til landsins, á þessa leið:

1. Af alls konar tóbaki, hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki eða neftóbaki, af hverju pundi . . . . . 20 aura.
2. Af hverjum 100 vindlum . . . . . 100 —

2. gr. Hjer með er úr gildi numin 1. og 2. gr. laga um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmán. 1888.

Nd. **37. Frumvarp**

til laga um aðflutningstoll af kaffi, sykri, útlenzku smjöri og óáfengum drykkjum, svo og um afnám ábúðar- og lausafjárskatts og útflutningsgjalds af fiski og lýsi, að frátekinni síld. Flutningsmenn: Árni Jónsson, Lárus Halldórsson og Ólafur Briem.

1. gr. Aðflutningsgjald skal greiða í landsjóð af vörum þeim, sem hjer eru taldar:

1. Af kaffi, export-kaffi og öðrum kaffibæti, af hverju pundi . . . . 5 aura.
2. Af alls konar sykri, af hverju pundi . . . . . 2 —
3. Af útlenzku smjöri, af hverju pundi . . . . . 20 —
4. Af óáfengum drykkjum, hverrar tegundar sem eru, svo sem sódavatni, límonaði, kastalína og fl., af hverjum 3 pelum . . . . . 10 —

2. gr. Á tollskrám og vöruskrám, er skip eiga með sjer að hafa samkvæmt lögum 15. apríl 1854, skal tilgreint, hve mikið af vörum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., sje flutt með hverju skipi. Svo er og skipstjóri skyldur að láta í tje allar þær skýrslur um farm skipsins, er við þurfa til að reikna út tollinn. Þar að auki er hver sá, er fær slíkar vörur fluttar frá útlöndum, skyldur til uppá æru og samvizku að segja til, hvers konar vörur hann hafi fengið aðfluttar og hve mikið, og skal hann afhenda lögreglustjóra vottorð þetta jafnskjótt sem hann hefur tekið við vörunum, og um leið greiða honum tollinn, annaðhvort í peningum eða með ávísun, stílaðri uppá borgun við sýningu á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er innheimtumaður tekur gilt.

Ennfremur hefur lögreglustjóri heimild til, hvenær sem vera skal, að heimta af verzlunarmönnum þeim, sem búsettir eru í umdæmi hans, og öðrum, sem ætla má að fái aðfluttar tollskyldar vörur frá útlöndum, skýrslu um, hvort þeir hafi meðtekið slíkar vörur, og ef svo er, hvers konar og hve mikið.

3. gr. Lögreglustjóri skal hafa nákvæmt eptirlit með því, hvort aðflutt sje meira af tollskyldum vörum, en tilgreint er á tollskránni eða vöruskránni, og skal hann, sjer í lagi þegar tjeð skjöl segja ógreinilega til um vörurnar, eða ef ástæða er til að rengja, að rjett sje frá skýrt, rannsaka málið eins og með þarf. Kostnað þann, er af þessu leiðir, skal skipstjóri eða móttökumaður varanna greiða, ef það sannast, að skýrslur þeirra eru rangar, en landsjóður ella.

4. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 1000 kr. sektum, er renna í

landsjóð. Svo skal og sá, er uppvís verður að því, að hafa sagt rangt til um tollskyldar vörur, er hann hefur meðtekið, gjalda þar af þrefaldan toll.

5. gr. Hinar tollskyldu vörur skulu vera að veði fyrir tollinum og sektunum, og hefur eigandinn ekki rjett til að ráða yfir þeim, fyrr en búið er að greiða gjöld þessi. Lögreglustjóri hefur vald til að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem með þarf, einkum með því að kyrrsetja vörurnar, og ef ekki er borgað, selja þær til lúkningar tolli og sektum.

6. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

7. gr. Fyrir tollheimtunni skal lögreglustjóri gjöra reikning eptir þeim reglum, er gilda um almenn reikningsskil. Af upphæð allra tollgjaldanna, að sektum meðtöldum, fær innheimtumaður 2 af 100.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmán. 1888, og frá sama tíma eru úr gildi numin lög 14. desember 1877 um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, sömuleiðis lög 4. nóvember 1881, um útflutningsgjald af fiski og lýsi og fl., að öðru en því, er snertir útflutningsgjald af síld.

Nd. **38. Frumvarp**

til laga um tollgreiðslu. — Flutningsmenn: Árni Jónsson, Lárus Halldórsson og Ólafur Briem.

1. gr. Þá er tollskyldar vörur flytjast til verzlunar, getur kaupmaður sá, er tolli á að svara, leyst sig undan þeirri skyldu, að greiða tollinn þá þegar, með því að afsala sjer í hendur lögreglustjóra öllum umráðum yfir vörunum eða nokkrum hluta þeirra. Vörur þær, sem tollur er eigi greiddur af, skulu þegar innsiglaðar af lögreglustjóra, en kaupmaður skal geyma þær og ábyrgjast, og má hvorki taka þær sjálfur til afnota eða útsölu, nje farga þeim á annan hátt.

2. gr. Nú vill kaupmaður fá umráð yfir hinum innsigluðu vörum, öllum eða nokkrum hluta þeirra, og getur hann þá krafizt, að lögreglustjóri afhendi sjer þær til fullra umráða, en jafnframt er hann skyldur til að greiða tollinn. Eigi má afhenda minna í einu enn heilt stykki, svo sem tunnu eða kassa. Afhending þessi skal einungis fara fram hinn fyrsta dag í mánuði hverjum, eða næsta virkan dag á eptir.

3. gr. Eigi má líða lengur en 6 mánuðir frá því að vörur eru innsiglaðar, þangað til tollur er af þeim greiddur.

4. gr. Ef kaupmaður verður uppvís að því, að hafa tekið eitthvað af hinum innsigluðu vörum án leyfis lögreglustjóra, skal hann gjalda þar af þrefaldan toll, og auk þess sæta allt að 1000 kr. sekt, er renni í landsjóð. Svo skal hann og hafa fyrirgjört rjetti sínum til frests á tollgreiðslu framvegis.

5. gr. Rjett þann, sem heimilaður er í lögum þessum, hefur hver sá, er leyst hefur borgarabrjef sem kaupmaður.

6. gr. Lögreglustjóri heldur bók yfir allar aðfluttar vörur, þær er tollskyldar eru, og skal rita þar nákvæma skýrslu um greiðslu tollsins af hendi þeirra, er honum eiga að svara, svo og um það, hvenær vörur eru teknar undir toll-innsigli og aptur leystar undan því. Bók þá löggildir amtmaður.

7. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmán. 1888.

Nd. **39. Tillaga**

til þingsályktunar. — Flutningsmaður Þorsteinn Jónsson.

Alþingi ályktar, að landskuldir af jörðum landsjóðsins á Vestmannaeyjum verði frá fardögum 1887 greiddar eptir meðalverði allra meðalverða með því álnatali, sem amtsráðið hefur samþykkt.

Sömuleiðis að leiga eptir þurrabúðir, sem eigi eru með torfþaki, verði frá sama tíma ákveðin 16 álnir eptir meðalverði allra meðalverða.

Nd. **40. Tillaga**

til þingsályktunar. — Frá Sigurði Stefánssyni.

Alþingi skorar á ráðherrann, að hlutast til um, að einungis hinn íslenzki texti af lögum alþingis verði hjer eptir staðfestur af konungi.

Nd. **41. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. — Flutningsmenn: Benidikt Sveinsson, Þorvarður Kjerúlf, Jón Jónsson, Páll Briem og Sigurður Stefánsson.

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál, bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaklega löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar landstjóra og víkur honum frá völdum. Landstjóri hefur í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari. Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.

7. gr. Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim úr völdum. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum. Ráðgjafi sá, er undir ályktun ritar með konungi eða landstjóra, ber ábyrgð á henni.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Landstjóri og ráðgjafar er landsráð og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn, þangað til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann í landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni.—Landstjóri getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra svo sem lög mæla fyrir. Landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða. Með lögum má undan skilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. grein.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Landstjóri getur rofið aðra eða báðar deildir alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir, frá því þingið var rofið, og skal þá stefna þinginu saman aptur næsta ár á eptir, að það var rofið.

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landstjórnin getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. Undirskript konungs eða landstjóra þarf til þess, að veita ályktunum alþingis lagagildi. Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, ekki staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður. Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabirgðarlög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau.

18. gr. Landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga setu 36 þjóðkjörnir menn. Kosning þeirra gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri þingdeild sitja 12 menn, er kjósa skal um land allt eptir ákvæðum þeim, er sett verða í kosningarlögunum. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum. Tölu þingmanna má breyta með lögum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
b. embættismenn;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef hann

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur.

Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi landstjóri ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undir eins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir landsjóðinn, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þeirra eigin ábyrgð.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og sampykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, að rannsaka mikils varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur án lagaákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Enga skatta eða tolla má innheimta, fyr en fjárlög fyrir það tímabil eru samþykkt af alþingi, og hafi öðlazt staðfestingu.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum, eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, til færa í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, er löglega er kosinn, missir hann rjett þann, er kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar, að sitja á alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum, eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, er hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, er þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er, allt að 5 menn úr dómi, þó svo, að jafnan sitji dóminn eigi færri enn 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn. Endi kjörtími, meðan á máli stendur í lands-

dómi, halda þó efri deildar menn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þennan skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lúthersk kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennri fjelagsskyldu.

VI.

58. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan móti veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögtaka.

65. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

71. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Ed. 42. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði.—Eptir 3. umræðu í Nd.

Að Haukadal í Dýrafirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. 43. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp. — Eptir 3. umræðu í Nd.

Að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **44. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um reikningsskil fyrir tekjunum af Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði með Hallbjarnareyri (22).— Frá reikningslaganefndinni.

Aptan við orðin: »með Hallbjarnareyri« bætist: svo og til að íhuga allan hag umboðsins.

Nd. **45. Tillaga**

til þingsályktunar um Spánarsamninginn. — Flutningsmenn: Páll Briem, Sigurður Stefánsson og Þorsteinn Jónsson.

Alþingi ályktar enn á ný, að skora fastlega á ráðgjafa Íslands, að bæta hið bráðasta úr hinni brýnu nauðsyn landsins með því að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að tollmunur sá, landinu og verzlun þess í óhag, sem spillir markaðinum á Spáni fyrir fisk fluttan frá Íslandi og þar verkaðan, og sem um undanfarin ár hefur valdið landsbúum stórkostlegu fjártjóni, verði sem allra fyrst af numinn.

Nd. **46. Frumvarp**

til laga um breytingu á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877. — Frá fjárlaganefndinni.

Vestmanneyjasýslu og Rangárvallasýslu skal sameina í eitt lögsagnarumdæmi og sömuleiðis Dalasýslu og Strandasýslu svo fljótt, sem því verður við komið. Eptir að sameiningin er komin á, eru laun sýslumanna í hvoru þessara lögsagnarumdæma um sig 3500 kr.

Nd. **47. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði. — Eptir 3. umr. í Ed.

Hjer eptir skal land það, er reisa má á verzlunarhús á Eskifirði, aukið um ströndina frá Snæhvammsá út að Innri Lambeyrará, 70 faðma á land upp frá stórstraumsflóðmáli.

Nd. **48. Frumvarp**

til laga um breyting á landamerkjalögum 17. marz 1882. Flutningsmenn: Eiríkur Briem og Þorleifur Jónsson.

Frestur sá, sem eigendum og umráðendum jarða er gefinn í 5. gr. landamerkjalaga 17. marz 1882 til að fullnægja ákvæðum tjeðra laga, skal lengdur um 2 ár.

Nd. **49. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um að umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju skuli fengin söfnuðinum í Flateyjarsókn í hendur.

Vjer undirritaðir, sem hin heiðraða Nd. alþingis hefur kosið í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um að umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju skuli fengin söfnuðinum í Flateyjarsókn í hendur, leyfum oss að skýra hinni heiðruðu þingdeild frá áliti voru

á frumvarpi þessu og um leið að minnast á það, hvernig málið um afhending landsjóðskirknanna til safnaðanna nú horfir við.

Samkvæmt þingsályktun alþingis 1885 hefur landshöfðingi fyrir stjórnarinnar hönd látið bera undir álit og atkvæði þeirra safnaða. þar sem kirkjur eru eign landsjóðs, hvort og með hverjum kjörum söfnuðirnir vildu taka að sjer umsjón og fjárhald kirknanna. Landshöfðingi hefur góðfúslega látið nefndinni í tje skýrslur þær, sem komnar eru fram um undirtektirnar í þessu máli og eptir að vjer höfum kynnt oss þær og athugað fjárhag hlutaðeigandi kirkna sannfærumst vjer enn betur en áður um það, að æskilegast væri að landsjóður væri með öllu laus við kirkjur þær, sem taldar eru eign hans.

Undirtektirnar hafa verið þessar:

1. Dómkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík vill alls eigi sinna málinu, og færir engar ástæðu fyrir því.
2. Vestmanneyingar setja afarkosti; heimta 60 0 kr, sjóð með kirkjunni um leið og hún sje afhent í *„ágætu standi“* en þar til heyri að hún sje öll járnklædd og á hana settur þrumuleiðari og enn fremur að landsjóður ábyrgist kirkjuna að mestu fyrir tjóni af lopteldi og jarðskjálftum.
3. Söfnuðirnir í Vesturskaptafellssýslu, Prestbakka-, Langholts- og Þykkvabæjarsöfnuðir treystast eigi til að taka við kirkjunum sökum fátæktar og örðugra aðdrátta.
4. Bjarnanesskirkja. Meiri hluti safnaðarins (óvíst hve stór) sampykkir að taka að sjer kirkjuna eins og hún er nú, nýbyggð og í góðu standi, með þeim skilmála, að henni sjeu látnar fylgja 3000 kr. í kirkjuportion.
5. Í Móðruvallasókn hefur eigi komist á lögmætur fundur. Þaðan er því ekkert ákveðið svar komið.
6. Munkaþverársöfnuður færist undan að taka við kirkjunni, og treystir því ekki, að landsjóður vilji leggja nóg ofan á hana (c. 2000 kr.)
7. Söfnuðirnir í Flateyjar- og Ingjaldshólssóknum eru hinir einu, sem hafa gjört tilboð um að taka að sjer kirkjurnar með þeim kostum, er oss virðast aðgengilegir fyrir landsjóðinn.

Kostirnir, sem Flateyjarkirkjusöfnuður setur, eru greinilega teknir fram í stjórnarfrumvarpinu, að kirkjan sje afhent með hæfilegu álagi eptir úttekt, skuld kirkjunnar gefin upp og að henni fylgi í sjóði 86 kr. 21 ey Þessi kirkja er yfir 30 ára gömul og nettótekjur hennar að eins tæpar 10 kr. á ári. Gjaldendur 12.

Ingjaldshólssöfnuður gefur kost á að taka við kirkju sinni í því ástandi, sem hún er í, ef henni fylgi 3000 kr. álag. Þessi kirkja er 34 ára gömul og hlýtur því að vera farin að hrörna. Nettótekjur hennar voru 1884 að eins 39 kr. 8 a.

Nefndin leggur eindregið með því, að þessar tvær kirkjur verði seldar söfnuðunum í hendur með þeim kostum, sem þeir hafa boðið fram, og leyfir hún sjer að leggja fyrir deildina frumvarp til laga, er hún ræður henni til að sampykkja í stað stjórnarfrumvarpsins.

Vjer hyggjum það áríðandi. að landstjórnin á næsta fjárhagstímabili reyni enn á ný, að ná samkomulagi við söfnuði þá, sem taldir eru í 1.—6. tölul. hjer að framan. Kirkjur þessar eru landsjóði talsverð byrði, og kostnaðurinn við sumar þeirra svo margfaldur, við það sem viðgengst um aðrar kirkjur á landinu, að annað sýnist ekki liggja nær, verði eigi skaplega um kostum náð, en að leggja sjerstakan skatt á hlutaðeigandi

söfnuði, eða skylda þá með lögum til að taka við kirkjunum með hæfilegu álagi eptir löglegri úttekt, enda ætlum vjer að hefðu söfnuðurnir sjálfir á hendi umsjón og fjárhald kirknanna, þá mundu þeir, sjerstaklega söfnuðirnir í Reykjavík og á Vestmannaeyjum, þurfa stórum minna að kosta til kirknanna, heldur en landsjóður verður nú að gjöra.

Vjer ráðum samkvæmt áður sögðu hinni heiðruðu þingdeild til að samþykkja frumvarp það, er hjer fer á eptir.

Alþingi, 11. júlí 1887

Páll Ólafsson,	Árni Jónsson.	Þorlákur Guðmundsson.
formaður og framsögumaður.	skrifari.	

FRUMVARP

til laga um að umsjón og fjárhald Flateyjar kirkju og Ingjaldshólskirkju skuli fengin hlutaðeigandi söfnuðum í hendur.

Stjórninni veitist heimild til að selja söfnuðunum í hendur umsjón og fjárhald þessara landsjóðskirkna:

1. Söfnuðinum í Flateyjar-sókn í Þönglabakka prestakalli í norður og austurumdæminu umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju með þeim kjörum, að skuld kirkjunnar við landsjóð falli burt, að hún sje afhent með hæfilegu álagi samkvæmt löglegri skoðunargjörð eða úttekt og að henni fylgi 86 kr. 21 e. í sjóði.
2. Söfnuðinum í Ingjaldshóls-sókn í Nesþingaprestakalli í vesturumdæminu umsjón og fjárhald Ingjaldshólskirkju með þeim kjörum að henni fylgi 3000 kr. álag.

Ed. **50. Nefndarálit.**

í málinu: Frumvarp til laga með nokkrum ákvæðum um þeginn sveitarstyrk, m. m.

Hin heiðraða þingdeild hefur falið oss að segja álit vort um ofangreint lagafrumvarp, og viljum vjer, eptir að hafa yfirfarið það og rætt það með oss, leyfa oss, að ráða þingdeildinni til þess, að samþykkja það eins og það liggur fyrir af hálfu stjórnarinnar, þar eð það hefur, að voru áliti, í sjer fólgna mikla rjettarbót, með þeim fáu orða- og efnis-breytingum, er nú skulu teknar fram:

1. Við 2 gr. (í upphafi greinarinnar). Fyrir »Er« komi: »Þegar«.
2. — 6. — Í staðinn fyrir: »með fjársekt eða líkamlegri refsingu« o. s. frv. til enda greinarinnar, komi: »með sektum eða fangelsi, eptir málavöxtum«.

Með því að hjer er um hegningu að ræða, er lögð skal á eptir dómi, þá þótti nefndinni það ekki hlýða, að við hafa líkamlega refsingu, þar sem með hegningarlögum 25. júní 1869 líkamleg hegning er af numin með öllu fyrir lagabrot, er fullorðnir menn verða uppvísir að að hafa framið, enda er fyrir löngu hætt að refsa þurfamönnum, er sýna óhlýðni eða mótþróa við sveitarstjórnir, með líkamlegri refsingu, og ákvörðun fátækrareglugjörðar 8 janúar 1834 23. gr., sem vitnað er til í 6. gr. frumvarpsins, þar að lútandi í praxis úr gildi fallin.

3. Við 7. gr. Í staðinn fyrir: »úr ríki« komi: »af landi«.

Nefndin álítur, að nauðsyn sje til þess að gera greinda breytingu, með því annars væri hægt fyrir hvern og einn, er hefði í hyggju að fara hjeðan af landi burt alfarinn til annara landa en Danmerkur, að þykjast ætla að flytja sig þangað, þótt hann aldrei komi þar, og þá verður ekki hægt að beita ákvörðun 7. gr. gegn honum, og þessi grein yrði þá með öllu þýðingarlaus í mörgum tilfellum.

4. Í staðinn fyrir orðin: »hefur ferð sína« komi: »byrjar ferð sína«.

Efri deild alþingis 11. júlí 1887.

E. Th. Jónassen, form. og framsögumaður. Sighv. Árnason, skrifari. Skúli Þorvarðarson.

Nd. **51. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. — Flutningsmaður: Sigurður Jensson.

Frá fardögum 1887 greiðist að eins 200 kr. árlega frá Stað á Reykjanesi.

Nd. **52. Frumvarp**

til laga um lausn frá árgjaldssgreiðslu af prestakalli.—Flutningsmaður Þórarinn Böðvarsson.

Magnús prestur Jónsson í Laufási skal frá fardögum 1887 og allan þann tíma, sem hann er prestur í Laufáss prestakalli, vera leystur frá að greiða til landsjóðs 400 króna árgjald það, sem eptir lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, ber að greiða af Laufássprestakalli.

Nd. **53. Tillaga**

til þingsályktunar um hallærislánabeiðslur.—Frá Grími Thomsen, Sigurði Stefánssyni, Jónasi Jónassen, Þorláki Guðmundssyni og Þorvaldi Bjarnarsyni.

Neðri deild alþingis ályktar að setja nefnd til að íhuga hallærislánabeiðslur.

Ed. **54. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um veitingu og sölu áfengra drykkja.

Nefnd sú, sem kosin var til að segja álit sitt um Frumvarp til laga um veitingu og sölu áfengra drykkja hefur rætt það rækilega á fundum. Nefndin fann ástæðu til að breyta frumvarpinu allmikið. Í 3. gr. færði nefndin niður það, er kaupmenn mega minnst selja af áfengum drykkjum. 6. gr. er alveg felld úr. Í 7. gr. þótti nefndinni rjett að ákveða, að meiri hluti sveitarmanna eða bæjarbúa rjeði mestu um veitingar á drykkföngum, því að þeir hafa mestan ófrið af því, er veitingar leiða til óreglu og ófriðar. 8. gr. felldi nefndin alveg úr. Nefndinni þótti það áríðandi að setja sterka tryggingu fyrir því, að ómyndugum mönnum væru eigi seld drykkföng á veitingastöðum, og af þeim rökum breytti hún nokkuð 9. gr. Eins vildi nefndin binda ákvæði 10. gr. við þá menn, er að nokkru leyti eru ekki sjálfum sjer ráðandi. Í 11. gr. hefur nefndin lækkað nokkuð hið efra takmark sektanna. Í þeim greinum, sem eptir eru, eru ekki nema orðabreytingar. Nefndin leyfir sjer að ráða hinni heiðruðu deild til að fallast á frumvarpið eins og það er nú orðið. Til þess að hinir heiðruðu deildarmenn geti fljótt sjeð

mismuninn á frumvarpinu eins og nefndin hefur breytt því frá því sem það var áður, hefur hún látið prenta breytingar sínar með skáletri.

Í efri deild alþingis 12. júlí 1887.

Jón Ólafsson, formaður. Jón A. Hjaltalín, skrifari og framsögumaður. B. Kristjánsson.

Sighvatur Árnason. P. S. Stefánsson.

FRUMVARP

til laga um veitingu og sölu áfengra drykkja.

1. gr. Enginn má selja áfenga drykki nema kaupmenn, veitingamenn og lyfsalar.

2. gr. Veitingamenn einir, þeir er vínsöluleyfi hafa, mega selja vínföng eður áfenga drykki til neyzlu á staðnum.

3. gr. Enginn kaupmaður má eptirleiðis selja vínföng eður áfenga drykki í smærra skammti en hjer segir:

a) vín í flöskum með lakki eður innsigli fyrir: 3 pela minnst í einu.

b) brennivín, romm, cognac, púnsextract eður þvílíka drykki (spirituosa): *3 pela* í einu.

c) öl á trje-ílátum: $^1/_1$ tunnu; öl á flöskum: *5* þriggjapela-flöskur eða *10* hálf-flöskur (1 $^1/_2$ pela fl.).

Lyfsalar mega því að eins í smærri skömmtum selja, að það sje eptir læknis forskript.

4. gr. Staupagjafir og önnur ókeypis vínveiting mega eigi fram fara í sölubúðum kaupmanna eða vöru-geymsluhúsum.

5. gr. Nú selur kaupmaður vínföng, og er þeirra neytt í hans húsum án hans leyfis, þá verður hann sekur um ólöglega vínveiting, ef það er á hans vitorði eða atvik liggja svo til, að hann hafði ástæðu til að gruna, að þeirra yrði þannig neytt, nema hann sanni, að hann hafi gjört það sem í hans valdi stóð, til að koma í veg fyrir það.

6. gr. Nú vill maður öðlast leyfi til að veita áfenga drykki til neyzlu á staðnum og selja vínföng í smærri skömmtum, en í 3. gr. er ákveðið, þá skal *senda* hreppsnefnd*inni* í hreppi þeim, er í hlut á, *skriflega bæn um það*, og skal hún bera nálið undir atkvæði hreppsbúa á hreppaskilaþingi; þarf *meiri hluta* atkvæða *hreppsbúa* þeirra er atkvæðisrjett eiga *í sveitarmálum*, til að veita leyfið, og ákveða jafnframt skilyrðin fyrir því, og auk þess samþykki $^2/_3$, $^3/_5$ eða $^5/_7$ hreppsnefndarinnar, (eptir sem hún er fjölskipuð til), og staðfesting $^2/_3$ sýslunefndarinnar og sje oddviti sýslunefndarinnar í þeirra tölu. — Í kaupstöðum skal leggja málið fyrir almennan fund atkvæðisbærra bæjarmanna, og þarf atkvæði *meiri hluta bæjarbúa* og $^2/_3$ bæjarstjórnarinnar, (þar á meðal oddvita), til að veita leyfið og ákveða skilyrðin fyrir því. *Fyrir leyfið greiðast 50 kr., er að hálfu renni í sveitarsjóð, að hálfu í sýslusjóð.*

Leyfisveitingin og skilyrðin skulu upp borin til atkvæða í einu. Liggi fleiri tillögur fyrir en ein, skal þá fyrst upp bera, er síðast kom fram o. s. frv.

Leyfið nær að eins til 5 ára í senn, og má sýslunefnd eptir tillögum

hreppsnefndar (eða í kaupstöðum bæjarstjórnin) taka leyfið af veitingamanni, ef hann brýtur reglur þær eða skilyrði, sem honum eru sett. Til þess nægir fundaráktvörðun með meiri hluta atkvæða.

7. gr. Nú selur eða veitir veitingamaður áfengan drykk unglingi innan 16 ára aldurs, og varðar það *í fyrsta sinni 5—50 kr. sekt, en missi veitingaleyfis, ef sami maður brýtur optar.*

8. gr. Enginn *náms*maður *á skólum, er standa undir umsjón landstjórnarinnar*, verður hjereptir skyldaður til með dómi eða neinni löglegri þvingun að borga áfenga drykki, sem hann kann að fá til láns, og eiga skuldir, sem uppfrá þessu verða þannig til komnar, engan rjett á sjer að lögum.

9. gr. Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum frá 10 til 100 kr. í fyrsta sinni, og tvöfaldist *lægra takmarkið* við ítrekun hverja, (í annað sinn 20—*100* kr., í þriðja sinn 40—*100* kr. o. s. frv.). Hafi sá sveitaverzlunarleyfi, er brýtur, má svipta hann verzlunarrjettindum í fyrsta sinn, en í annað sinn skal þeim, hversu sem á stendur, fyrirgjört.

Brot gegn 2. gr. varða sektum frá 25 til 250 kr. í fyrsta sinn, en síðan 50 til 500 kr. *Rjettindi til að verzla með áfenga drykki* missir sá jafnan, er brýtur í 2. sinn, og má svipta hann þeim í fyrsta sinn, ef ástæða þykir til, hvort sem hann er kaupmaður, sveitaverzlunarmaður eða lyfsali.

Sömu hegningu varða brot gegn 3.—5. gr.

10. gr. Þeim manni, er misst hefur verzlunarleyfi *með áfenga drykki* fyrir brot gegn lögum þessum, má eigi veita aptur leyfi til verzlunar fyr en 5 ár eru liðin frá því, er hann missti leyfið, enda hafi hann eigi orðið brotlegur við lög þessi síðustu 5 ár.

11. gr. Nú hefur maður misst verzlunarleyfi sitt og fengið það aptur, og skal þá fyrsta brot hans þar eptir teljast sem brot í annað sinn.

12. gr. Sektir gegn lögum þessum renna að hálfu í sveitarsjóð eða bæjarsjóð þar sem brotið var framið, en að hálfu til uppljóstarmanns. Nú verður brotið eigi annað *án þess uppljóstarmaður beri vitni*, og fellur þá hans hluti einnig til fátækrasjóðs. En eigi missir hann rjett sinn til hálfra sekta, þótt hann beri vitni í málinu, ef brotið verður fullsannað með öðrum vitnum eða gögnum.

13. gr. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal höfða og reka sem opinber lögreglumál.

Ed. **55. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga, er hafa inni að halda nokkrar ákvarðanir um fiskiveiðar fjelaga í landhelgi.

Nefndin verður að álíta það sanngjarnt og rjettlátt, að hver sá maður eður og hvert það fjelag manna, er fær heimild til að stunda stöðuga og arðsama atvinnu hjer á landi til jafns við landsmenn, og þá sjer í lagi er atvinnan er einn af aðalbjargræðisvegum landsmanna, skuli og taka tiltölulegan þátt með hjerlendum mönnum í sveitagjöldunum á þeim stað, er hann eður fjelagið hefur atvinnuna. Til þess nú að þessu yrði framgengt, þótti nefndinni nauðsynlegt að skilja svo fyrir, að síldveiðafjelögin ætti heimilisfang eingöngu hjer

á landi. Fyrir því leggur nefndin það til, að úr felld verði í 1. gr. orðin: »eða í Danmörku«. Nefndin ræður og til þeirrar breytingar annarar á 1. gr., að meiri hluti fjelagsstjórnarinnar skuli vera heimilisfastur hjer á landi. Ástæðan er sú, að með þeim hætti þótti nefndinni störfum og framkvæmdum fjelaganna betur borgið, og að slík ákveðning væri eðlileg samhljóðun, ef eigi nauðsynleg afleiðing af fyrri breytingartillögunni. Aðrar breytingar þær er nefndin ræður til, eru naumast annað en eintómar orðabreytingar. Nefndin ræður því hinni háttvirtu deild til að fallast á frumvarpið með svo felldum breytingum:

Við 1. gr. 1. Orðin: »eða Danmörku« falli úr.
2. Fyrir: »dönskum þegnum . . . einn þeirra er« komi: þegnum Danakonungs, enda sje að minnsta kosti meiri hluti þeirra.

Við 2. gr. 1. Fyrir: »áður en fjelagið« komi: Áður en hlutafjelag.
2. Fyrir: »þar á staðnum« komi: þar er fjelagið hefur heimilisfang eður og veiðistöð.
3. Fyrir: »eptir á« komi: síðar.
4. Fyrir: »skal hann« komi: skulu lögreglustjórar.
5. Orðið: »yfir höfuð« falli úr.
6. Fyrir: »er fjelagið« komi: eru slík fjelög.
7. Fyrir: »hinum almennu lögum« komi: landslögum.

Við 3. gr. Fyrir: »opinber« komi: almenn.

Fyrirsögnin orðist þannig: Frumvarp til laga um síldveiði fjelaga í landhelgi.

Í efri deild alþingis, 11. júlí 1887.

Arnljótur Ólafsson, form. og framsögum. Jón Ólafsson, skrifari. Jón A. Hjaltalín.

F. S. Stefánsson. Jakob Guðmundsson.

Ed. **56. Tillaga**

til þingsályktunar um nefnd til að íhuga 37. gr. laga 14. sept. 1877, um fæðispeninga og ferðakostnað alþingismanna. — Flutningsmaður: Sighvatur Árnason.

Efri deild alþingis ályktar, að skipa nefnd til að íhuga 37. gr. laga 14. sept. 1877, um fæðispeninga og ferðakostnað alþingismanna, og láta í ljósi álit sitt og tillögur til umbóta á nefndri lagagrein.

Ed. **57. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi 15. okt. 1875.

Nefnd sú, sem hin heiðraða efri deild alþingis hefur kosið til að íhuga framvarp til laga um breyting á lögum um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi 15. okt. 1875, hefur íhugað mál þetta og rætt það á fundi, og er hún einhuga á því að ákjósanlegast mundi í stað þessa frumvarps að gjöra að lögum alveg eins orðað frumvarp og það,, sem samþykkt var í efri deild alþingis 1885, því nefndin hyggur, að nauðsyn sje til að fjölga læknahjeruðum eins og þar segir. Nefndin hefur því látið prenta frumvarp, sem er alveg samhljóða því frumvarpi, er

deildin samþykkti 1885, og hjer fer á eptir, og leyfir sjer að leggja það til að hún aðhyllist þetta frumvarp.

Í efri deild alþingis 12. júlí 1887.

L. E. Sveinbjörnsson, form. Sighv. Árnason, skrifari. Jakob Guðmundsson, framsögumaður.

FRUMVARP

til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um aðra skipun á læknahjeruðum á Íslandi o. fl.

1. gr. Hjer á landi skulu vera læknahjeruð þau, er nú skal greina:

1. Reykjavíkur-prestakall, Kjósarsýsla og Garða-prestakall í Gullbringusýslu.
2. Hinn annar hluti Gullbringusýslu.
3. Saurbæjar-prestakall og Garða-prestakall í Borgarfjarðarsýslu.
4. Hinn annar hluti Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýsla.
5. Hnappadalssýsla og Snæfellsnessýsla.
6. Dalasýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu.
7. Flateyjar-prestakall, Brjámslækjar-prestakall og Sauðlauksdals-prestakall í Barðastrandarsýslu.
8. Otrardals-prestakall og Selárdals-prestakall í Barðastrandarsýslu og allt Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.
9. Allt Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.
10. Strandasýsla, að undanskildum Bæjarhreppi, en viðbættu Garpsdals-prestakalli, Staðar-prestakalli og Gufudals-prestakalli í Barðastrandarsýslu.
11. Húnavatnssýsla fyrir vestan Blöndu.
12. Húnavatnssýsla fyrir austan Blöndu og Skagafjarðarsýsla, að fráskildu Fells-prestakalli og Barðs-prestakalli.
13. Fells-prestakall og Barðs-prestakall í Skagafjarðarsýslu, Hvanneyrar-prestakall, Kvíabekkjar-prestakall og Miðgarða-prestakall í Eyjafjarðarsýslu.
14. Hinn annar hluti Eyjafjarðarsýslu, Laufás-prestakall, Höfða-prestakall og Háls-prestakall í Suður-Þingeyjarsýslu.
15. Hinn annar hluti Suður-Þingeyarsýslu og Keldunesshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.
16. Hinn annar hluti Norður-Þingeyjarsýslu.
17. Skeggjastaða-prestakall, Hofs-prestakall, Möðrudalssókn og Hofteigs-prestakall í Norður-Múlasýslu.
18. Valþjófstaðar-prestakall, Kirkjubæjar-prestakall og Hjaltastaða-prestakall í Norður-Múlasýslu og Vallaness-prestakall í Suður-Múlasýslu.
19. Desjarmýrar-prestakall og Dvergasteins-prestakall í Norður-Múlasýslu og Fjarðar-prestakall í Suður-Múlasýslu.
20. Hinn annar hluti Suður-Múlasýslu, að undanskilinni Hofsókn í Álptafirði.
21. Hofsókn í Suður-Múlasýslu og Skaptafellssýsla vestur að Breiðamerkursandi.
22. Skaptafellssýsla frá Breiðamerkursandi að Mýrdalssandi.
23. Mýrdals-þing í Skaptafellssýslu, Eyvindarhóla-prestakall og Holts-prestakall í Rangárvallasýslu.

24. Hinn annar hluti Rangárvallasýslu.
25. Árnessýsla.
26. Vestmannaeyjar.

2. gr. Laun hvers þeirra 6 lækna, sem með lögum þessum er viðaukið, skulu vera 1500 kr. á ári.

Nd. **58. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um Söfnunarsjóð Íslands (18).

Vjer undirskrifaðir, sem kosnir höfum verið í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um Söfnunarsjóð Íslands, viljum hjer með ráða hinni heiðruðu neðri deild til að aðhyllast frumvarpið, en jafnframt stingur nefndin upp á þeim breytingum við það, er nú skal greina:

Við 3. gr. Fyrir orðin: „er landshöfðingi ákveður fyrir ár hvert þangað til“ komi: „eptir því sem“.

— 7. gr. Fyrir orðin: „framkvæmdarstjóri, er landshöfðingi skipar með $^1/_2$ árs uppsagnarfresti“ komi: „framkvæmdarstjóri, er hið sameinaða alþingi kýs til 6 ára“.

— 8. gr. Orðin: „hann skal þó með næstu póstferð gefa ráðgjafa Íslands skýrslu um tilefnið til frávikningarinnar“ falli burt.

— 10. gr. Orðin: „en hann skal þá tafarlaust bera málið undir úrskurð landshöfðingja“ falli burt.

— 11. gr. Fyrir orðin: „Landshöfðingi — forstjórnarinnar“ komi: „Stjórn sjóðsins skipar bókara og fjehirði söfnunarsjóðsins og víkur þeim frá“.

— 13. gr. Fyrir orðin: „sem landshöfðingi ákveður“ komi: „eptir því, sem þá verður ákveðið með lögum“.

— 16. gr. Fyrir orðin: „Landshöfðingi nefnir til endurskoðara, er“ komi: „Í desembermánuði ár hvert skal stjórn sjóðsins boða til fundar til að velja endurskoðara fyrir hið komanda ár; á fundi þessum hefur hver handhafi viðskiptabókar við söfnunarsjóðinn, sem er fulltíða, atkvæðisrjett. Endurskoðari“.

— 18. gr. a Fyrir orðin: „deild hinnar óþrjótandi“ komi: „deild hinnar æfinlegu“.

Seinasta málsgrein orðist svo:

„Sá sem er vaxtaeigandi að fje í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu, getur ráðstafað vöxtum þeim, er höfuðstóllinn ber til næstu ársloka eptir fráfall hans og útborgast eiga, en lengra ná eigi umráð hans yfir fje þessu“.

— 18. gr. c. Á eptir orðunum: „vaxtalaus til útborgunar“ bætist inn í: „til handhafa viðskiptabókarinnar, sbr. 21. gr. a.“

— 18. gr. d. Orðin: „og karlmenn erfa að eins karlmenn og kvennmenn að eins kvennmenn“ falli burt.

— 19. gr. a. Fyrir orðin: „gjöra með nýjum skilmálum, skal“ komi: „gjöra með öðrum skilmálum en fje hans áður hefur verið lagt inn, skal“.

Fyrir orðin: „1 kr. en hún“ komi: „1 kr. en viðskiptabókin“.

Fyrir orðið: „óþrjótandi“ komi: „æfinlegu“.

— 19. gr. e. Fyrir orðin: „Þegar sjerstaklega stendur á, má“ komi: „Stjórn sjóðsins er heimilt að“.

— 20. gr. a. Fyrir orðin: „að frádregnum — af þeim“ komi: „Þá skal draga frá þeim, að frádregnum dagvöxtum af innstæðufje, 5% til kostnaðar og varasjóðs“.

— 20. gr. b. Fyrir orðin: „að hann fellur til útborgunar“ komi: „er hann fellur til útborgunar“.

— 21. gr. a. Fyrir orðin: „af þeim sem tekur við fjenu“ komi: „af viðtakanda“. Orðin: „og sje ósk hans um það upp á sína ábyrgð innfærð í viðskiptabókina, eða“ falli burt.

— 23. gr. Orðin: „og landshöfðingi veitir til þess samþykki sitt“, falli burt.

— 24. gr. Orðin: „að vextir sjeu greiddir fyrir fram minnst fyrir eitt missiri, og“ falli burt.

Reykjavík 13. júlí 1887.

Eiríkur Briem, form. og framsögumaður. Grímur Thomsen. J. Jónassen, skrifari.

Jón Jónsson Þorvarður Kjerulf.

Nd. **59. Frumvarp**

til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki.—Ftutningsm.: Þorlákur Guðmundsson.

1. gr. Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóði handa heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki.

2. gr. Sjóði þessa skal stofna á þann hátt, að allir karlar og konur, sem eru fullra 20 ára og ekki yfir 60 ára, og talin eru hjú hjá öðrum, þar á meðal börn hjá foreldrum, sömuleiðis þeir sem leyst hafa lausamennskubrjef, og þeir, sem fyrir einhver sjerstök rjettindi ekki eru lögum háðir að vera hjú eða leysa lausamennskuleyfi, eru einhleypir og geta stundað nýtilega atvinnugrein, skulu greiða 2 aura af hverri krónu eða krónuvirði, er þeir taka í kaupgjald árlega. Þó skulu undanþegnir gjaldi þessu allir þeir, er hafa fyrir ómaga eða ómögum að sjá; sömuleiðis þeir, sem sanna fyrir viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórn, að þeir hafi á einhvern hátt tryggt sjer lífeyri, þegar þeir eru 60 ára.

3. gr. Þegar kaupgjalds-upphæðin ekki er fast ákveðin milli húsbænda og hjúa, foreldra og barna, sömuleiðis þegar lausamenn eða lausakonur eiga í hlut, eða annað þvíumlíkt fólk, skulu bæjarstjórnir eða hreppsnefndir fast ákveða kaupgjalds-upphæðina, og þá jafnan hafa fyrir mælikvarða meðalkaupgjalds-upphæð, sem algengust er í hverju byggðarlagi.

4. gr. Gjald þetta greiðist fyrir hvert liðið vistarár, á þann hátt, að hver húsráðandi inni gjaldið af hendi fyrir hjú sín og börn, eða alla, er þeir í húsum hafa og gjaldskyldir eru, en þeir fá það aptur endurgoldið hjá rjettum hlutaðeigendum, og er þeim rjett að halda því eptir af kaupgjaldi þeirra.

5. gr. Hreppsnefndir skulu fyrir lok aprílmánaðar ár hvert senda viðkomandi hreppstjóra skýrslu um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum eptir lögum þessum, en í kaupstöðum annast 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, um, að skýrslur þessar sjeu samdar og inn komnar fyrir sama tíma til oddvita bæjarstjórnarinnar, og skulu þær þá fram lagðar um næstu 14 daga eða til 15.

mal í kaupstöðum og hreppum, öllum gjaldendum til sýnis, á hentugum stöðum, sem auglýstir hafa verið fyrir fram.

6. gr. Nú álítur einhver sig ranglega talinn á gjaldskrám eða kaup sitt sje of hátt metið; er honum þá rjett að kæra það mál, og skulu í öllum slíkum tilfellum gilda hinar sömu reglur, sem settar eru um kærur út af aukaútsvörum og hin sömu stjórnarvöld, sem í þeim, hafa fullnaðarúrskurð í þessum málum.

7. gr. Bæjarfógetar og hreppstjórar skulu svo eptir skrám þessum innheimta gjaldið á framtalsþingum á vorum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum hreppsnefndaroddvitar, koma fje þessu á áreiðanlega leigustaði. — Hið árlega gjald leggst jafnan við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða. Síðar skal með lögum ákveðið, hvenær skuli byrja að verja hinum árlegu vöxtum af sjóðum þessum, þeim til styrktar, er nefndir eru í 1. grein, skal þá og setja nákvæmar reglur um úthlutun þessa fjár.

8. gr. Í kaupstöðum skulu bæjarstjórnir senda amtmanni skýrslu um hag sjóðanna, og greinilegan reikning fyrir hver árslok, og á sama hátt hreppsnefndir til oddvita sýslunefndanna, en sýslunefndin öll úrskurðar reikningana.

9. gr. Þyki amtmanni eða sýslunefnd einhver reikningur eða skýrsla ekki fullgreinileg, eða á einhvern hátt illa fyrirsjeð með leigustaði eða annað, sem að hag sjóðanna lýtur, skal þá þegar gjörð ráðstöfun til að umráð sjóðanna sjeu tekin af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, sem í hlut á, og verði vanskil á höfuðstól eða vöxtum, skulu hlutaðeigendur bera þar af fulla ábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn.

10. gr. Gjald þetta má tala lögtaki sem önnur bæjar- og sveitargjöld.

Ed. **60. Frumvarp**

til laga um verzlun lausakaupmanna annarstaðar en á löggiltum höfnum.—Flutningsmaður: B. Kristjánsson.

1. gr. Lausakaupmaður, sem enga fasta verzlun rekur hjer á landi, getur fengið heimild til að verzla á skipi annarstaðar en á löggiltum höfnum, ef hann fær til þess leyfisbrjef hjá sýslumanni eða bæjarfógeta. Fyrir slíkt leyfisbrjef skal lausakaupmaður gjalda 50 kr. í landsjóð, og veitir leyfisbrjefið honum rjett til að verzla á skipi, hvar sem hann vill við strendur landsins, en að eins það almanaksár, sem leyfið er gefið. Þó er honum óheimilt, að verzla með áfenga drykki nema á löggiltum höfnum.

2. gr. Skyldur er lausakaupmaður að fullnægja ákvæðum laganna um tollgreiðslu og sóttvarnir o. fl.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða slíkum sektum og sæta sömu meðferð, sem á er kveðið í 6. gr. laga 7. nóvember 1879 um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag aprílmánaðar 1888.

Ed.

61. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um aðför.

Nefnd sú, sem sett hefur verið til þess að rannsaka og íhuga frumvarp það, sem stjórnin hefur lagt fyrir alþingi, til laga um aðför, lætur svolátandi álit sitt uppi um þetta mál.

Eins og tekið var fram við byrjun umræðanna, virðist lagafrumvarpið vera þarfleg og hagkvæm rjettarbót; sjer í lagi hefur frumvarpið inni að halda mjög hagfelld nýmæli um aðför eptir dómum, er eigi dæma menn í peningaútlát. Breytingar þær, sem nefndin hefur gjört á frumvarpinu, eru mestmegnis orðabreytingar og breytingar til skýringar og lagfæringar; samt hefur nefndin gjört þá efnisbreyting á 27. gr. frumvarpsins, að skuldunautur, sem á heimili fyrir að sjá, megi undanskilja frá fjárnámi helztu lífsnauðsynja-muni eða atvinnu-áhöld, ef eigi nema meiru að virðingarverði en 120 kr., í stað þess að frumvarpið bindur þetta við 60 kr. upphæð. Nefndin hefur hjer haft fyrir augum, að ef harðara yrði gengið að skuldunaut, sem hefði fjölskyldu fyrir að sjá, þá mundi af því hæglega geta leitt það, að hann yrði atvinnulaus og svo upp úr því handbendi sveitar sinnar.

Nefndin leyfir sjer, að leggja það til, að hin háttvirta þingdeild fallist á frumvarpið með þeim breytingum og leiðrjettingum, sem nú skulu taldar.

Við 1. gr.

1. Orðinu »þeim« verði bætt inn í aptan við »yfirvöldum«.

Við 2. gr.

2. Í stað orðanna: »rjett komnir til að gjöra þær virðingar og áætlanir« verði sett: »rjett komnir til að framkvæma þær virðingar og aðrar álitsgjörðir«.
3. Í stað orðanna: »Hafi þeir ekki vit á að meta rjett muni, er fram koma« komi: »Sjeu þeir ekki færir um að meta það rjett, sem undir virðingu ber«.

Við 4. gr.

4. Öðrum staflið greinarinnar: »Ef svo er . . . . . ef til kæmi« verði breytt á þessa leið: »Ef svo er, á fógeti eigi að rannsaka það, eða dæma um, hvort á kunni að vera þeir gallar eða brestir, er öðrum úrslitum mundu valda, ef áfrýjað yrði«.

Við 9. gr.

5. Í stað orðsins: »Aðfararhæfi« í upphafi greinarinnar komi: »Aðfararrjettur«.
6. Í stað orðsins: »notarialskipun« komi: »notarialáskorun«.

Við 11 gr.

7. Orðunum »enda hafi ómögulegleiki . . . . . skaðabætur« verði breytt á þessa leið: »enda hafi eigi, eptir að dómur var uppkveðinn, ómögulegleiki eða önnur atvik, samkvæmt almennum borgaralegum lögum, leyst dómfellda frá því að fullnægja dómnum, án þess þau jafnframt hafi bakað honum skaðabótaskyldu«.
8. Í stað orðanna: »Sje eigi samkvæmt . . . . . upphæð þess« komi: »Sje eigi í dóminum ákveðið peningagjald í stað þess, er upprunalega skyldi af hendi inna, vegna þess að engin varakrafa var gjörð um það við rekstur málsins, getur dómhafi við aðförina látið ákveða upphæð þess«.
9. Í stað orðsins: »jafnaðarlega« verði sett: »venjulega«,
10. og í stað orðanna: »hafi þeir eigi nægilega vit á því« komi: »hafi þeir eigi nægilega þekkingu til þess«,
11. svo verði sett »og lætur« í staðinn fyrir: »en lætur«.

Við 12. gr.

12. Fyrir aptan orðið »útburði« verði bætt inn í: »dómfellda«.

Við 14. gr.

13. Í stað orðsins »hius« í niðurlagi annars stafliðs, komi: »hans«.

Við 15. gr.

14. »Við aðför« verði sett hjer í stað þess sem í frumvarpinu stendur: »með aðför«.

Við 16. gr.

15. Annar stafliður í greininni: »Fullnægi hann . . . . . trygging fyrir því« verði lagfærður á þessa leið: »Fullnægi hann síðar dóminum að öllu leyti, fellur hegningin niður eða stöðvast, ef hann þegar er farinn að úttaka hana, og eins er um það, þegar dómhafi með því að fara eptir 11.—15. gr. hefur náð rjetti sínum eður fengið trygging fyrir honum«.

Við 18. gr

16. Í stað orðanna: »Eigi má dæma menn í skuldafangelsi« komi orðin: »Eigi má setja menn í skuldafangelsi«.

17. Síðasti liðurinn: »Hinar . . . . . gildi sínu« orðist á þessa leið: »Hinar sjerstaklegu þvingunarreglur, er gilda um heimtu á framfærslueyri með barni eða konu, sem yfirgefin er af manni sínum eða skilin við hann að borði og sæng eða að fullu, skulu halda gildi sínu«.

Við 19. gr.

18. Orðinu »og« milli orðanna »lögboðinna« og »annara nauðsynlegra rjettargjalda« verði breytt í: »eða«

Við 20. gr.

19. Orðunum: »eður skuldir er hinn á hjá öðrum« verði breytt í: »eður skuldir, sem dómfelldi á hjá öðrum«.

20. Orðin: »í annað sinn« falli burt.

Við 21. gr.

21. Í stað orðanna: »sama hátt og peninga« komi: »sama hátt sem peninga«.

Við 23. gr.

22. Í stað orðsins: »áætlun« verði sett: »álitum«.

Við 24. gr.

23. Klausunni: »byggju fógetavottanna« verði breytt í: »áliti fógetavottanna«.

24. Orðið »öðru« í síðasta staflið greinarinnar verði fellt úr.

Við 26. gr.

25. Í stað orðsins: »ráðstafanir« í fyrsta staflið komi: »þvingunarráðstafanir«.

26. Orðið »við uppboð« í öðrum staflið falli burt.

Við 27. gr.

27. »60 kr.» verði breytt í »120 kr.»

Við 28. gr.

28. Í stað orðanna: »sem annar á kröfu til af hinum» komi: »sem skuldunautur á kröfu til af hinum».

29. Niðurlaginu á þriðja staflið: »koma til leiðar» verði breytt í: »framkvæma».

30. Niðurlaginu á greininni: »eða konu, er skilin er við hann að fullu eða að borði og sæng» verði breytt á þessa leið: »eða konu, sem hann hefur yfirgefið eða er skilinn við að borði og sæng eða að fullu».

Við 31. gr.

31. Í stað orðanna: »styrkur til fátækra, er stofnanir veita eður aðrar landsnytjar í velgjörðaskyni, svo og hverskonar sveitarstyrkur» komi: »styrkur til fátækra, er stofnanir eða velgjörðafyrirtæki veita, svo og hverskonar sveitarstyrkur».

Við 32. gr.

32. Orðið »til» í klausunni »keypt sjer til» verði burt numið.

Við 34. gr.

33. Í stað orðanna: »lærimeistara eða verkherra» verði sett »eða þeim, sem á yfir honum að segja».

Við 38. gr.

34. Orðaröðinni í upphafi greinarinnar verði breytt, og sett í stað orðanna: »er hann hlaut að fyrirsjá hana» komi: »er hann hlaut að sjá hana fyrir».

Við 44. gr.

35. Orðið »hindrar» verði sett hjer í stað orðsins »stöðvar» í síðasta málslið.

Við 45. gr.

36. Í stað orðsins »dómhafa» komi: »fjárnámshafa».

Við 47. gr.

37. Í stað orðanna: »má eigi haldast í vörzlum skuldunauts» verði sett: »hefur skuldunautur eigi rjett til að hafa í vörzlum sínum».

Við 48. gr.

38. Fyrri stafliður greinarinnar orðist á þessa leið:

»Ef skuldabrjef eru tekin fjárnámi til sölu við uppboð, skal á þau rita um fjárnámið; ella hefur það eigi gildi gagnvart þeim, er síðar fær þau til eignar eða að veði, og eigi vissi um fjárnámið, eða gagnvart skuldunaut sjálfum, er án þess að vita af fjárnáminu hefur síðar borgað af skuldinni til þess, er fjárnámið var gjört hjá, gegn kvittun hans á sjálft brjefið, eður gegn afhending þess».

39. Í stað orðanna «hið sama er um er skuldunautur» komi »hið sama er ef skuldunautur».

Við 50. gr.

40. Í stað orðanna í upphafi greinarinnar: »þegar farið hefur verið fram eptir ákvæðum þeim», komi: »þegar gætt hefur verið ákvæða þeirra».

Við 51. gr.

41. Í stað orðanna: »þegar það» verði sett: »þegar tilefni þykir til þess», og jafnframt sleppt úr orðunum »þykir tiltækilegt» í niðurlagi greinarinnar.

Í efri deild alþingis, 13. júlí 1887.

J. Havsteen, form. og framsögum. Skúli Þorvarðarson, skrifari. Jón Ólafsson.

Nd. **62. Frumvarp**

til laga um breyting á 4. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. Frá Grími Thomsen, Páli Briem, Gunnari Halldórssyni, Jóni Jónssyni og Árna Jónssyni.

1. gr. Nú vilja söfnuðir sameina eða leggja niður brauð, og hjeraðsfundur sampykkir, þá er rjett, að landshöfðingi, með ráði biskups, leyfi breytinguna um stundarsakir, þangað til málið getur orðið borið undir alþingi.

Samþykki hjeraðsfundur tillögu um breyting á takmörkum sókna eða brauða, svo og ef hann samþykkir, að kirkju megi niður leggja, færa úr stað eða upp taka, þá er landshöfðingja rjett með ráði biskups að veita leyfi til að svo skuli vera.

2. gr. Fjórða grein í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla er hjer með úr lögum numin, og öðlast þessi lög gildi í fardögum 1888.

Ed. **63. Breytingartillaga**

við frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp (43). Eptir 1. umr. í Ed.—Frá Jóni Ólafssyni.

Aptan við frumvarpið bætist: „Þó má enginn, sem ekki hefur veitingaleyfi, verzla þar með áfenga drykki".

Ed. **64. Breytingartillaga**

við frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði (42). Eptir 1. umr. í Ed.— Frá Jóni Ólafssyni.

Aptan við frumvarpið bætist: „Þó má enginn, sem eigi hefur veitinga-leyfi, verzla þar með áfenga drykki".

Ed. **65. Breytingartillögur**

frá nefndinni í málinu: Frumvarp til laga með nokkrum ákvæðum um veð, og A. Ólafssyni, J. A. Hjaltalín og J. Ólafssyni.

1. Við fyrirsögnina:
   Í stað hennar komi: „Frumvarp til laga, sem hafa að geyma nokkur ákvæði um veð".
2. Við 4. gr., 2. og 3. málsgrein: Í stað „selja" komi: „setja".
3. Við 5. gr. Í stað „auk búfjár . . . . 2. gr." komi: „auk kúgilda og jarðarhúsa önnur tiltekin hús á jörðinni, áhöld, búsgögn og".
4. Við 8. gr. Í stað „hann varð gjaldþrota" komi: „bú hans var tekið til skipta sem gjaldþrota".

Nd. **66. Frumvarp**

til laga viðvíkjandi lokuðum bögglum, er sendir eru með landpóstum á vetrum.—Frá fjárlaganefndinni.

1. gr. Burðareyrir fyrir lokaða böggla, sem sendir eru með landpóstum frá veturnóttum til sumarmála, skal vera 50 aurar fyrir hvert pund.

2. gr. Heimild póstmanna til að neita að taka til flutnings böggla þyngri en eitt pund, samkvæmt 4. gr. í lögum 4. nóv. 1881 um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breyting á sömu tilskipun, er hjer með úr lögum numin.

Nd. **67. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877 (46). — Frá fjárlaganefndinni.

Í stað orðanna: „Vestmanneyjasýslu — Strandasýslu“ komi: Dalasýslu og Strandasýslu skal sameina í eitt lögsagnarumdæmi.

Í stað orðanna: „sýslumanna — um sig“ komi: sýslumannsins í lögsagnarumdæmi þessu.

Nd. **68. Frumvarp**

til laga um breytingu á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877. — Frá fjárlaganefndinni.

Vestmanneyjasýslu og Rangárvallasýslu skal sameina í eitt lögsagnarumdæmi svo fljótt, sem því verður við komið. Eptir að sameiningin er komin á, eru laun sýslumannsins í lögsagnarumdæmi þessu 3500 kr., og skal fela sjerstökum manni umboð Vestmanneyjasýslu-jarða gegn venjulegum umboðslaunum.

Ed. **69. Frumvarp**

til laga um brúargjörð á Ölvesá. — Flutningsmenn: Sighvatur Árnason og Skúli Þorvarðarson.

1. gr. Til brúargjörðar á Ölvesá má verja allt að 40000 kr. úr landsjóði, með því skilyrði að sýslufjelög Árness- og Rangárvallasýslu og jafnaðarsjóður suðuramtsins leggi til fyrirtækisins allt að 20000 kr. eða sem svari helmingnum af því, sem landsjóður leggur til.

2. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að veita sýslufjelögum Árness- og Rangárvallasýslu og jafnaðarsjóði suðuramtsins allt að 20000 kr. lán úr landsjóði. Lán þetta ávaxtast og endurgelzt á 45 árum með $4^4/_5$ af hundraði á ári hverju.

3. gr. Vextir og afborganir byrja að greiðast þrem árum síðar en lánið er greitt til fulls úr landsjóði, þannig: helmingurinn úr sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslu, er skiptist á nefnd sýslufjelög eptir hlutfallinu milli samanlagðrar tölu lausafjárhundraða og jarðarhundraða í þeim ár hvert, en hinn helmingurinn úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

4. gr. Landstjórnin annast um byggingu brúarinnar og gjörir allar nauðsynlegar ráðstafanir lögum þessum til framkvæmdar. Þegar brúin er komin á, hefir landstjórnin og umsjón yfir henni.

5. gr. Um kostnað brúnni til viðhalds skal síðar ákveða með lögum.

Ed. **70. Atkvæðaskrá**

í málinu: frv. til laga um veiting og sölu áfengra drykkja; við 2. umr. í Ed. — N = breytingartillaga nefndarinnar.

1. *1. gr.* óbreytt.

2. *2. gr.* óbreytt.
3. *3. gr.* *b.* Fyrir: »*4 potta*« komi: »*3 pela*« (N.)
4. — *c.* Fyrir: »*25*« og »*50*« komi: »*5*« og »*10*« (N)
5. *4. gr.* óbreytt.
6. *5. gr.* óbreytt.
7. *6. gr.* falli burtu (N)
8. *7. gr.* verði 6. gr. (N)
9. — Fyrir: »*hreppsnefndin í hreppi þeim er í hlut á*« komi: »*senda hreppsnefndinni í hreppi þeim, er í hlut á, skriflega bæn um það og skal hún*« (N)
10. — Fyrir: »$\frac{2}{3}$ *atkvæða fundarmanna*« komi: »*meiri hluta atkvæða hreppsbúa*« (N)
11. — Á eptir: »*þeirra er atkvæðisrjett eiga*« komi; »*í sveitarmálum*« (N)
12. — Fyrir: »$\frac{2}{3}$ *fundarmanna*« komi: »*meiri hluta bæjarbúa*« (N)
13. — Aptan við fyrsta lið greinarinnar bætist: »*Fyrir leyfið greiðist 50 kr., er að hálfu renni í sveitarsjóð, að hálfu í sýslusjóð*« (N)
14. *8. gr.* falli burt (N)
15. *9. gr.* verði 7. gr.
16. — Fyrir: »*14*« komi: »*16*« (N)
17. — Fyrir: »*varðar það .... 14 daga*« komi: *varðar það í fyrsta sinni 5—50 kr. sekt, en missi veitingaleyfis, ef sami maður brýtur optar.*« (N)
18. *10. gr.* verði 8. gr. (N)
19. — Fyrir: »*Enginn maður verður*« komi: »*Enginn námsmaður á skólum, er standa undir umsjón landstjórnarinnar*« (N)
20. — Orðin: »*þó nær þetta . . . læknisráði*« falli burt (N)
21. *11. gr.* verði 9. gr. (N)
22. — Á eptir: »*tvöfaldist*« bætist inn: »*lægra takmarkið*« (N)
23. — Fyrir: »*200*« komi: »*100*« og fyrir: »*400*« komi: »*100*« (N)
24. — Í öðrum lið: Fyrir: »*verzlunarrjettindi*« komi: »*Rjettindi til að verzla með áfenga drykki*« (N)
25. *12. gr.* verði 10. gr. (N)
26. — Á eptir: »*verzlunarleyfi*« komi: »*með áfenga drykki*« (N)
27. *13. gr.* óbreytt verði 11. gr.
28. *14. gr.* verði 12. gr.
29. — Fyrir: »*án vitnisburðar uppljóstarmanns*« komi: »*án þess uppljóstarmaður beri vitni*« (N)
30. *15. gr.* óbreytt verði 13. gr.

Ed. **71. Breytingartillögur**

við frv. til laga um veiting og sölu áfengra drykkja (15, 54). Eptir 1. umræðu í Ed. — Frá E. Th. Jónassen.

1. 7. gr. falli burt (sbr. 6. gr. frv. nefnd.).
2. 9. gr. Í stað orðanna: »varðar það þegar missi veitingaleyfis« og til enda greinarinnar komi: »varðar það sektum frá 25 kr. til 100 króna í fyrsta sinn, í annað sinn frá 50 kr. til 200 króna, en verði veitingamaður optar brotlegur, skal hann hafa fyrirgjört veitingaleyfi sínu«.
3. 11. gr. Orðin: »hafi sá sveitaverzlunarleyfi« o. s. frv. út greinin, falli burt.
4. — — í stað orðanna: »verzlunarrjettindi missir sá jafnan — lyfsali« komi: »verzlunarrjettindi missir kaupmaður eða lyfsali, ef hann verður brotlegur í 3. sinn«. (Sbr. 9. gr. frv. nefnd.).

Nd. **72. Frumvarp**

til laga um breyting á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desembr. 1877.—Eptir 2. umr. í Nd.

Dalasýslu og Strandasýslu skal sameina í eitt lögsagnarumdæmi, svo fljótt sem því verður við komið. Eptir að sameiningin er komin á, eru laun sýslumannsins í lögsagnarumdæmi þessu 3500 kr.

Ed. **73. Tillaga**

til þingsályktunar. — Eptir eina umr. í Nd.

Alþingi ályktar, að landskuldir af jörðum landsjóðsins á Vestmannaeyjum verði frá fardögum 1887 greiddar eptir meðalverði allra meðalverða með því álnatali, sem amtsráðið hefur samþykkt.

Sömuleiðis að leiga eptir þurrabúðir, sem eigi eru með torfþaki, verði frá sama tíma ákveðin 16 álnir eptir meðalverði allra meðalverða.

Ed. **74. Tillaga**

til þingsályktunar. — Eptir eina umr. í Nd.

Alþingi skorar á ráðherrann, að hlutast til um, að einungis hinn íslenzki texti af lögum alþingis verði hjer eptir staðfestur af konungi.

Ed. **75. Tillaga**

til þingsályktunar um Spánarsamninginn. — Eptir eina umr. í Nd.

Alþingi ályktar enn á ný, að skora fastlega á ráðgjafa Íslands, að bæta hið bráðasta úr hinni brýnu nauðsyn landsins með því, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að tollmunur sá, landinu og verzlun þess í óhag, sem spillir markaðinum á Spáni fyrir fisk fluttan frá Íslandi og þar verkaðan, og sem um undanfarin ár hefur valdið landsbúum stórkostlegu fjártjóni, verði sem allra fyrst af numinn.

Ed. **76. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga, sem snerta bátafiski á fjörðum.

Nefndin hefur nákvæmlega íhugað þetta mál, sem á eina höndina er sannkallað vandamál, sökum ágreinings þess, sem nú um stund verið hefur milli stjórnarinnar og alþingis um skilning á lögunum um fiskirjett samþegna vorra hjer við land, og sem á hina höndina er svo mikið velferðarmál fyrir land vort, sökum þess að það áhrærir annan aðalatvinnuveg landsmanna, bátfiskið á fjörðum landsins. Nefndin hafði í málinu um síldveiði fjelaga í landhelgi ekki tilefni til að snerta þennan ágreining, því hvorki hefur alþingi 1883 nje 1885 synjað þess, að samþegnar vorir mætti fiska í landhelgi, að minnsta kosti á þilskipum og utanfjarða, og svo sker 1. gr. í tilsk. 12. febr. 1872 um síldar- og upsaveiði úr öllum ágreiningi um síldveiðina. En öðru máli er að gegna um annað bátfiski á fjörðum inni. Hjer kemur ágreiningurinn fram. Nefndinni þykir nú auðsætt að tilsk. 13/6 1787 II. kap. 5.—7. gr. hljóði um fiskirjett *búsettra* kaupmanna hjer en eigi óbúsettra, og eins III. kap. 1.—4. gr um rjettindi og hlunnindi *íbúanna* einna (sbr.

í 1. gr. orðin: »der ere bosatte i Island» og í 4. gr. »Landets Indbyggere»). En þar af leiðir eitt af tvennu, annaðhvort ákveða ummæli þessara greina (sjá einkum II. kap. 5. gr. og III. kap. 1. gr.) nákvæmara og takmarka þau hin víðtæku orð: »stunda fiskiveiðar . . . svo sem þeir bezt vilja og kunna» í opnu brjefi $^{18}/_{8}$ 1786, er hljóða um *óbúsetta* fiskimenn, á þá leið, að hinir búsettu en *eigi* hinir óbúsettu hafa rjettinn til bátfiskis, ellegar þau gjöra það alls ekki, svo hinir búsettu fá að eins rjett til bátfiskis, en hinir óbúsettu halda bæði rjetti til bátfiskis sem og til alls annars fiskis, »svo sem þeir bezt vilja og kunna». Nefndinni virðist nú augljóst, að hið fyrra af þessu tvennu geti eitt samrýmzt yfirlýstum tilgangi tilsk. $^{13}/_{6}$ 1787, orðum hennar (sjá og I. kap. 1. gr.) og anda, sem og stefnu löggjafarinnar á þeim tímum; en hið síðara gjöri öll rjettindi og hlunnindi þau, er tilskipunin virðist veita kaupmönnum og þeim öðrum, er setjast að í kaupstöðunum, að einberum tylliboðum eður enda tálboðum, að því er snertir fiskiveiðarnar. Það er og kunnugt, að aðvífandi fiskimenn hafa eigi stundað bátfiski hjer við land fyr en nú fyrir fám árum síðan; en landsmenn hafa gjört það frá aldaöðli; svo og þeir menn síðan, er tekið hafa sjer bólfestu í kaupstöðunum. Fiskirjettinum á sjó var og skipað með lögum löngu fyrr en 1786 og 1787. Svo segir í Lögbók vorri, rekab. 2. kap. »Allir menn (= landsmenn) eigu at veiða fyri utan netlög at ósekju. En þat eru netlög yzt, er selnót stendr grunn 20 möskva djúp at fjöru ok komi flár upp. Landeigandi á . . . veiðar allar í netlögum ok í fjörunni» (sbr. nú tilsk. $^{20}/_{6}$ 1849 3. og 16 gr.).

Nefndin hefur talið sjer skylt að víkja á þenna ágreining um bátfiskið, með því að sampegnum vorum, sjer í lagi Færeyingum, veitir svo örðugt að hugsa sjer, hvað þá heldur að skilja í því, að hjer á landi sje til lög um netlög og um »bátfiski, sem er aðalatvinnuvegr landsmanna við sjóinn» (tilsk. $^{13}/_{6}$ 1787, III. 1.), er sje svo frábrugðin lögum Dana í þessari grein. Svíar og Norðmenn mundu skilja oss vel, með því að lög þeirra ganga í sömu stefnu, þar sem Færeyingum liggur næst að ætla, að það sje eintóm meinbægni af oss og firrur einar, að minnast á netlög og bátfiski landsbúa. En nefndin hefur eigi minnzt á þenna ágreining í því skyni, að hún ætli sjer að fyrirmuna sampegnum vorum bátfiskið í fjörðunum utan netlaga nema síldveiðar sje. Nefndinni er eigi um það að gjöra, heldur um hitt, að þessi »aðalatvinnuvegur landsmanna við sjóinn» sje tilhlýðilega verndaður, svo sem nauðsyn krefur á hverjum stað. En tryggging þess að verndun þessi verði tilhlýðileg, eður hvorki of nje van, áleit nefndin fengna með því, að láta sömu regluna ganga jafnt yfir alla aðkomandi fiskimenn, hvort sem þeir væri búsettir hjer á landi eður eigi. Að minnsta kosti hafa þá bræður vorir á Færeyjum ekki tilefni til að kvarta.

Þótt nefndin hefði í rauninni ekki móti því, að staðfesting ákvæða þeirra, er getur um í 3. gr. stjórnarfrv., sje lögð til landshöfðingjans, fannst henni þó engin sjerstök ástæða til að ganga hjer fram hjá amtmönnunum, er hafa nú vald til að staðfesta sampykktir sýslunefnda, samkv. lögum nr. 28 $^{14}/_{12}$ 1877.

Þess skal að síðustu getið, að fyrir því að nefndin fellst á að veita sampegnum vorum jafnrjetti við landsmenn til bátfiskis á fjörðum, og því má ætla, að aðsókn verði talsverð á ýmsum stöðum, þótti henni rjett, svo sem tekið er fram í áliti nefndarinnar um frv. til laga um síldveiði fjelaga í landhelgi, að þeir aðkomnu fiskimenn, er standa fyrir útveg annara en fjarðarbúa, taki og tiltalslegan þátt í byrðum fjarðarbúa, eins og þeir fá tiltalslega hlutdeild í atvinnuveg þeirra.

Nefndin ræður því hinni háttvirtu deild til að fallast á frumv. þannig breytt:

1. 1. gr. með ágjörðum breytingum.
2. 2. gr. falli úr.
3. 2. gr. ný grein.
4. 3. gr. falli úr.

1. gr.

Rjett er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiðar sje, á fjörðum eður tilteknum fjarðarsvæðum, sökum fiskveiða fjarðarbúa, og skal það gjört á þann hátt, er segir í lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

2. gr.

Nú stundar aðkomumaður fiskveiðar á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eður hreppa samtals fjórar vikur eður lengur sömu missiri, og er honum þá skylt að greiða hæfilegt útsvar til sveitar. Útsvarinu skal hann lokið hafa áður hann fer á brott. Taka má útsvarið lögtaki sem önnur sveitarútsvör. Að öðru leyti eru og slíkir aðkomumenn háðir landslögum um fiskveiðar og útflutningstoll af sjávarafla.

Arnljótur Ólafsson, form. og framsögum. Jón Ólafsson, skrifari. Jón A. Hjaltalín. Jakob Guðmundsson.

F. S. Stefánsson.

Ed. **77. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði. Eptir 2. umræðu í Ed.

Að Haukadal í Dýrafirði skal vera löggiltur verzlunarstaður; þó má enginn, sem eigi hefur veitinga-leyfi, verzla þar með áfenga drykki.

Ed. **78. Breytingartillaga**

við frv. nefndarinnar til laga um veiting og sölu áfengra drykkja (54). Frá nefndinni.

Aptan við 1. lið 6. gr. bætist: „en í kaupstöðum að öllu í bæjarsjóð“ (og punkturinn á undan hverfi).

Nd. **79. Frumvarp**

til laga um, að umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju og Inggjaldshóls-kirkju skuli fengin hlutaðeigandi söfnuðum í hendur.—Eptir 2. umr. í Nd.

Stjórninni veitist heimild til að selja söfnuðunum í hendur umsjón og fjárhald þessara landsjóðskirkna:

1. Söfnuðinum í Flateyjarsókn í Þönglabakka prestakalli í norður- og austurumdæminu umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju með þeim kjörum, að skuld kirkjunnar við landsjóð falli burt, að hún sje afhent með hæfilegu álagi samkvæmt löglegri skoðunargjörð eða úttekt, og að henni fylgi 86 kr. 21 e. í sjóði.
2. Söfnuðinum í Inggjaldshóls-sókn í Nesþinga-prestakalli í vesturumdæminu umsjón og fjárhald Ingjaldshólskirkju með þeim kjörum, að henni fylgi 3000 kr. álag.

Nd. **80. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um tollgreiðslu.

Vjer undirskrifaðir, sem höfum verið kosnir í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um tollgreiðslu (38), viljum ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja frumvarp þetta með þeim breytingum, sem nú skal greina:

1. að í staðinn fyrir 1. gr. komi svohljóðandi grein:

Þá er tollskyldar vörur flytjast til fastaverzlunar, getur kaupmaður sá, er tolli á að svara, komizt hjá að greiða hinn ákveðna toll þá þegar, með því að fá lögreglustjóra í hendur öll umráð yfir vörunum. Vörur þær, sem frestað er að greiða toll af, eru veð fyrir tollinum, og skal lögreglustjóri innsigla þær, en kaupmaður geyma þær og ábyrgjast að öllu, og má hann hvorki taka þær til afnota eða útsölu nje farga þeim á annan hátt.

2. við 2. gr. orðin: „Eigi má afhenda“ o. s. frv. út greinina falli burt og í þeirra stað komi: Eigi á kaupmaður heimting á, að afhending þessi fari fram aðra daga en hinn fyrsta virkan dag í mánuði hverjum, nje heldur að sjer sje minna afhent í einu en svo, að tollurinn af því nemi 100 kr.
3. við 3. gr. fyrir orðin: „Eigi má líða lengur“ komi: Aldrei má líða meira, og fyrir orðin: „tollur er“ komi: tollurinn er að fullu.
4. að 5. gr. falli burt.
5. við 6. gr. í stað orðanna: „það hvenær vörur eru teknar“ komi: vörur, sem teknar eru.

Alþingi 16. júlí 1887.

Ólafur Briem, formaður og framsögum. Eiríkur Briem. Lárus Halldórsson, skrifari.

Árni Jónsson. Þorlákur Guðmundsson.

Nd. **81. Frumvarp**

til laga um forðabúr og hey-ásetning í sveitum.—Frá atvinnuveganefndinni.

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþykktir um forðabúr og hey-ásetning í sveitum með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar sýslunefnd virðist nauðsynlegt eða hagfellt, að gjöra samþykkt annaðhvort fyrir alla sýsluna eða einstaka hreppa, skal hún kveðja til almenns fundar í sveit þeirri, sem ætlazt er til að samþykktin nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir menn í sveitinni, þeir er kosningarrjett hafa til alþingis. Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara; skal sýslumaður vera fundarstjóri eða einhver hinna kosnu nefndarmanna, ef nefndin ákveður svo. Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til fundarstaðarins, fær hann 2 kr. á dag í fæðispeninga og ferðakostnað, er greiðist úr sýslusjóði.

3. gr. Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði sveitarfundar frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á, og skulu þessi frumvörp fylgja fundarboðinu.

Hverjum manni, sem hefur atkvæðisrjett samkvæmt 2. gr., er heimilt að gjöra breytingartillögu við frumvarp nefndarinnar, en koma skal hann henni til fundarstjóra fyrir fundinn. Sýslunefndin má gjöra breytingartillögu á hverju stigi málsins sem er. Sjerhverja breytingartillögu skal bera undir umræðu á fundinum og atkvæði fundarmanna. Nái breytingartillagan $\frac{2}{3}$ atkvæða, skal sýslunefndin setja hana inn í frumvarpið, en nái hún eigi $\frac{2}{3}$

atkvæða, er hún fallin. Með þeim breytingum, sem þannig eru á orðnar frumvarpinu, skal bera það undir atkvæði fundarmanna og nái það ⅔ atkvæða, er það samþykkt, en annars fallið.

4. gr. Frumvarp, sem samþykkt hefur verið, skal sýslunefndin senda amtmanni til staðfestingar. Nú virðast amtmanni ákvarðanir í samþykkt, er honum hefur verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna eða þröngva um of atvinnufrelsi, eða á einhvern hátt koma í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá staðfestingar, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðunum fyrir neitun sinni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, fyrir skipar um birting hennar og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi, og hefur hún upp frá því sama gildi sem lög.

Samþykkt þeirri, er amtmaður hefur staðfest, má eigi breyta á annan hátt, en með þeirri aðferð, er hún var stofnuð.

Amtmaður hlutast til um, að samþykktirnar sjeu prentaðar í Stjórnartíðindum, deildinni B.

5. gr. Í samþykktum þessum má gjöra ákvæði um forðabúr og hey-ásetning í sveitum, svo sem um stofnun heyforðabúrs og kornforðabúrs á kostnað sýslusjóðs eða sveitarsjóðs, reglur um notkun forðabúrsins, stjórn þess og allt fyrirkomulag, að heyskuldir og kornskuldir við forðabúrið megi taka lögtaki, að menn geti tryggt sjer hey og korn til afnota, þegar þörf gjörist, að hreppsbúar kjósi menn, er fái þóknun úr sveitarsjóði, til að hafa á hendi heyskoðun og eptirlit með hey-ásetningi og hirðing á öllum búpeningi manna, vald þessara manna, til að setja á hey hjá mönnum, og nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja samþykktinni.

6. gr. Þar sem forðabúr eru stofnuð og hey-ásetningsmenn kosnir samkvæmt staðfestri samþykkt, á hlutaðeigandi sýslunefnd heimting á öllum nauðsynlegum skýrslum um forðabúr og hey-ásetning manna á þeim tíma, er hún til tekur, að viðlögðum þvingunarsektum, er amtmaður ákveður.

7. gr. Fyrir brot móti staðfestri samþykkt má ákveða sektir frá 1—100 kr., er renni í sveitarsjóð.

8. gr. Rjett er að hreppstjóri ákveði sektir þær, sem fyrir skipaðar eru í staðfestri samþykkt, nema sá, er hlut á að máli, óski heldur, að málinu sje vísað til sýslumanns. Nú er málinu vísað til sýslumanns, og skal þá fara með það sem almennt lögreglumál.

ÁSTÆÐUR
fyrir lagafrumvarpi þessu.

Vjer, sem hin heiðraða neðri deild hefur kosið til að semja og koma fram með lagafrumvörp eða uppástungur, sem miða til að endurbæta atvinnuvegi landsins og sjerstaklega landbúnaðinn, höfum tekið til íhugunar, hvernig hægt sje, að koma í veg fyrir hinn hörmulega skepnufelli, sem því miður á sjer stað jafnvel á hverju ári víðsvegar um landið. Nefndinni hefur dottið í hug, að semja almenn lög um þetta efni, en þegar hins er gætt, hversu mismunandi hagar til hjer á landi, og hversu erfitt er, að fá lögum framfylgt, sem almenningur ef til vill ekki skilur, gat henni ekki blandazt hugur um, að lang-bezt væri, að veita hjeraðsbúum sjálfum vald til að setja sjer samþykktir með lagagildi. Hjer er um ráðstafanir að ræða, sem því að eins koma að góðum notum, að almenningur sjálfur fylgi þeim fram með áhuga, enda má helzt búast við því, að þær verði sem mest sniðnar eptir þörfum manna, þegar almenningur sjálfur ræður, hvernig þeim er hagað.

Í lagafrumvarpi þessu er farið fram á, að bæði megi gjöra samþykktir um forðabúr og hey-ásetning. Hey-ásetningarmenn eru kosnir í mörgum hreppum landsins og hafa víða reynzt vel, en með því að flestir þekkja þetta, skal hjer eigi farið frekari orðum um það, en aptur á móti viljum vjer minnast lítið eitt á forðabúrin. Forðabúr hafa sumstaðar

verið til og reynzt misjafnlega, en það er nokkuð önnur tilhögun á forðabúrum, sem oss virðist geta orðið að gagni, en sú sem hingað til hefur átt sjer stað. Til þess að skilja hugsun vora, er nóg að tala um tilhögun á heyforðabúrum. Hún er þessi: Á vorin semur hreppsnefndin við menn, er vilja taka að sjer að selja hreppsbúum hey á næsta vori fyrir tiltekið verð. Það er líklegt, að menn gjöri þetta ekki nema fyrir einhverja borgun, og má þá halda undirboðsþing til að finna, hver vill taka þetta að sjer fyrir minnsta borgun. Nú hefur einhver tekið að sjer fyrir ákveðna borgun að hafa til hey, og er hann þá skyldur, að selja heyið á næsta vori eptir ávísun hreppsnefndarinnar gegn tilteknu heyverði, er borgist út í hönd. Þetta er þá rjettur heyforðamannsins, að hann fær borgun fyrir að geyma hey sitt og fullt endurgjald, er borgist út í hönd, fyrir það, sem hann selur, en skylda hans er, að hafa heyið til á þeim tíma, sem um er samið.

Hreppsnefndin gefur mönnum kost á að tryggja sjer hey með því, að borga í sveitarsjóð ákveðið tryggingargjald, og skal þeim þá ávallt víst hey úr forðabúrinu gegn fullu verði, er borgist út í hönd, á þeim tíma, sem til er tekinn. Aðrir hreppsbúar, sem komast í heyþrot, geta einnig fengið hey keypt á sama hátt, en verða að borga tvöfalt tryggingargjald, og hafi einhver óhlýðnazt ásetningarmönnum, þá greiði hann þrefalt eða ferfallt tryggingargjald.

Menn munu sjá, að hjer er byggt á almennum frumreglum um vátryggingar. Hreppsjóðurinn er milliliður. Hann greiðir tryggingargjald til þess, sem heyið geymir, en tekur aptur tryggingargjald hjá þeim, sem það nota. Á þennan hátt geta hreppsbúar ávallt átt víst, að geta fengið hey, ef heyskort ber að höndum, að svo miklu leyti, sem heyforðabúrið hrökkur. Getur þetta orðið að allmiklu liði, og er það þó ekki aðalatriðið; hitt er miklu meira um vert, að með þessu kann að mega koma reglu á heysölu í sveitum. Þegar forðabúr er komið upp í hreppi, geta þeir, sem hey eiga, vísað á forðabúrið, og átt sín hey sjálfir, og að minnsta kosti verður þeim ekki álasað fyrir, að selja hey með líkum kjörum og forðabúrið. Við heyforðabúrið ætti að koma regla á heysölu, og við það ættu að koma upp heyfyrningar hjá mönnum. Annars verður reynslan að kenna mönnum, hvað bezt er í þessu efni, en reynslan fæst að eins með því, ef menn hafa vald til að gjöra það, sem þeir álíta sjer bezt henta, til að koma í veg fyrir hinn hörmulega skepnufelli.

Nd. **82. Frumvarp**

til laga um sölu þjóðjarða.— Frá atvinnuveganefndinni. Flutningsmaður: Ólafur Briem.

1. gr. Hver sá, er hefur þjóðjörð til ábúðar, skal hafa rjett til að fá jörðina keypta, enda sje hún eigi ætluð til embættisbústaðar, skólaseturs eða annara almenningsnota.

2. gr. Kaupverð jarðarinnar skal ákveða eptir sanngjörnum leigumála, er sýslunefnd metur, þannig að verðið samsvari 25-földu eptirgjaldi hennar, landskuld og leigum.

Til hliðsjónar við mat leigumálans skal sýslunefnd hafa skýrslur um afgjald og allt ásigkomulag jarðarinnar, sem umboðsmaður er skyldur að láta nefndinni í tje. Til þess að mat sýslunefndar verði tekið til greina, þarf það að vera samþykkt með $^2/_3$ atkvæða allra nefndarmanna.

3. gr. Andvirði jarðarinnar skal kaupandi borga á þann hátt, að hann gefi út

skuldabrjef fyrir því með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og skal hann gjalda árlega í vexti og afborgun lánsins 6% af hinni upphaflegu upphæð þess, þannig að allri skuldinni sje lokið á 28 árum.

4. gr. Ef þjóðjörð er í eyði, skal hverjum þeim, er falar jörðina til kaups, veittur kauparjettur með sömu skilmálum sem ábúanda.

5. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu þjóðjarða, ákveður kaupverð þeirra og gefur út afsalsbrjef fyrir þeim.

6. gr. Fje það, er greiðist upp í andvirði þjóðjarða, skal leggja í sjóð, er aldrei má skerða.

Reglur um meðferð sjóðsins skal setja með lögum.

ÁSTÆÐUR.

Jafnvel þó sala á þjóðeignum landsins sje eitt af því, er skiptar skoðanir hafa verið um og allmiklar deilur á undanfarandi þingum, hefur sú skoðun smám saman rutt sjer til rúms, að óeðlilegt væri, að landsjóður ætti, að kirkjujörðum meðtöldum, nálega $^1/_4$ allra jarðeigna í landinu, og gæfi landsmönnum engan kost á að eignast þær. Því að flestir hafa orðið að viðurkenna, að það mundi verða landinu til mikilla bóta, að bændur ættu sjálfir jarðir þær, er þeir byggju á, og að almenn sjálfseign í landinu væri eitt af aðalskilyrðunum fyrir framför búnaðarins, með því að mönnum hlyti að aukast hugur og dugur til jarðabóta og annara framkvæmda við þá meðvitund, að þeir sjálfir og niðjar þeirra nytu ávaxtanna af verkum sínum. En til þess að ná þeim tilgangi þjóðjarðasölunnar, að fjölga sjálfseignarbændum, þarf að haga sölunni svo, að ábúendum sje eigi að eins veittur rjettur til að fá jarðirnar keyptar, heldur einnig að þeim, þótt fátækir sjeu, verði opnaður vegur til að geta fest kaup á þeim, með öðrum orðum, söluskilmálarnir verða að vera svo aðgengilegir, sem auðið er, án þess að skerða hag landsjóðs, bæði að því er snertir upphæð kaupverðsins og greiðslu þess. Og það er einmitt þetta atriði, sem að undanförnu hefur ekki verið tekið fullkomlega til greina. Þingið á að vísu hrós skilið fyrir það, hve fúslega það hefur gefið kost á einstökum jörðum, er falaðar hafa verið til kaups, en verð þeirra hefur jafnaðarlega verið sett hærra en svo, að það reyndist aðgengilegt. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að öll hin mikla fyrirhöfn við undirbúning sölunnar, bæði af hálfu landstjórnarinnar og þingsins, hefur í flestum tilfellum orðið til ónýtis. Sú reynsla, sem þannig er fengin, ætti að vera búin að sannfæra menn um, að sú tilhögun á þjóðjarðasölu, sem hingað til hefur tíðkazt, er ekki sem heppilegust, hvort sem litið er á aðaltilgang sölunnar eða árangurinn af lagasetningunni um það efni.

Til þess nú að ráða bót á þessum annmörkum, hefur framanritað lagafrumvarp um sölu þjóðjarða verið samið, og hefur einkum tvennt verið haft fyrir augum, fyrst það, að upphæð kaupverðsins fari sem næst hinu rjetta, og annað hitt, að greiðsla þess verði sem þægilegust fyrir kaupanda, hvorttveggja með sjerstöku tilliti til þess, að landsjóður bíði engan halla. Reyndar má búast við, að verðhæðin, sem á að miðast við leigumálann eptir mati sýslunefndar, verði nokkru lægri en áður, meðan þeirri reglu hefur verið fylgt, að miða ávallt við hæstu virðingu, sem optast hefur komið frá umboðsmanni. En allt um það er ekki hætt

við, að landsjóður biði neinn skaða af sölunni, því að aldrei getur verðið orðið minna en afgjaldið margfaldað með 25, sem er sá höfuðstóll, er gefur af sjer eins mikla vexti og afgjaldinu nemur, þótt vextirnir sjeu eigi reiknaðir hærri en 4 af 100. Einnig er aðgætandi, að landsjóður getur sjer að kostnaðarlausu gjört peninga sína arðberandi, en verður þar á móti að greiða mikið fje fyrir innheimtu jarðarafgjalda, auk þess sem hann getur orðið fyrir fjártjóni við vanskil á þeim. Í því skyni að greiða fyrir fátækum en duglegum leiguliðum, er svo ráð fyrir gjört, að þeim sje lánað allt kaupverðið móti veði í hinni seldu fasteign, enda virðist fje landsjóðs þar með nægilega tryggt, þegar litið er til þess, að upphæð lánsins fer minnkandi árlega, eptir því sem afborgunin eykst.

Nd. **83. Frumvarp**

til laga, sem hefur að geyma nokkur ákvæði um veð.—Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Ef skuld, sem handveð er fyrir, er eigi borguð í gjalddaga, eða vextir á ákveðnum tíma, hefur veðhafi rjett til að láta selja veðið á uppboðsþingi; en gjöra skal hann veðsala áður aðvart um það, svo vottfast sje, með 8 daga fyrirvara, og sje veðsali ókunnur eða heimili hans, skal veðhafi stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara, til að leysa út veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum , sem birta skal í auglýsingar stjórnarvalda.

2. gr. Eigi missir lánardrottinn kröfu sína, þótt handveð glatist, nema vangæzlu hans sje um að kenna.

3. gr. Rjett er, að ákvæði það, sem um er getið í tilskipun 18. febr. 1847 um fje ómyndugra á Íslandi, 10. gr., sje sett í hvert það veðskuldabrjef, er fasteignartrygging veitir.

4. gr. Engum er heimilt, eptir það að lög þessi öðlast gildi, að veðsetja allt það, er hann á og eignast kann.

Enginn má eptir það, að lög þessi öðlast gildi, setja að sjálfsvörzluveði safn af munum, sem eru samkynja, eður ætlaðir til samkynja notkunar, og einkenndir eru með einu almennu nafni.

Þó er leiguliða heimilt, að setja landsdrottni að sjálfsvörzluveði áhöld þau, er hann á til að yrkja leigujörð sína, svo og afurðir bús síns, þeim skuldum til tryggingar, sem hann er kominn í, eða kann að komast í, við landsdrottinn sinn, og af ábúðinni leiða.

5. gr. Þegar jörð er sett að veði, er rjett svo um að semja, að jörðinni skuli fylgja, auk kúgilda og jarðarhúsa, önnur tiltekin hús á jörðinni, áhöld, búsgögn og heyforði sá, sem á henni er í hvert skipti.

6. gr. Rjett er þeim, sem veðsetur verksmiðjur eður önnur iðnaðarhýsi, að semja svo um, að vjelar eða önnur iðnaðaráhöld og verkefni skuli fylgja fasteigninni.

7. gr. Nú veðsetur maður nokkuð af lausafje sínu, en handselur eigi veðið, og skal þess þá ávallt gætt, að veðsali skrifi undir veðskuldabrjefið í viðurvist tveggja áreiðanlegra manna, er gæti þess nákvæmlega, að rjett dagsetning sje á því.

Eigi veðsali heimili í Reykjavík, skal lesa veðbrjefið á fyrsta eður öðru þingi

eptir að það er dagsett,og fær brjefið, ef út af er brugðið, eigi veðgildi frá þinglestrardegi, þótt síðar verði lesið.

Eigi veðsali heima annarstaðar en í Reykjavík, skal lesa veðbrjefið á manntalsþingi hinu næsta eptir að það er dagsett, og fer um það sem segir áður, ef út af er brugðið. Hafi það verið þinglesið á rjettum tíma, en áður sýnt, til þess að það verði ritað fyrir fram í afsals- og veðmálabókina, svo sem segir í tilskipun 24. apríl 1833, 4. gr., og opnu brjefi 28. apríl 1841, nær það veðgildi frá þeim degi, er það var sýnt.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, og skal þá lesa brjefið af nýju á þingi þar, og eigi síðar en áður segir frá þeim degi, er hann þangað kom.

Svo skal og þinglesa allar veðskuldbindingar, sem þegar hafa gefnar verið fyrir almennu sjálfsvörzluveði í lausafje, eða sjálfsvörzluveði í einstökum munum, ella eru þær ógildar. Skal það gjöra á manntalsþingi hinu fyrsta eptir það, að lög þessi öðlast gildi, ef veðsali á annarstaðar heima en í Reykjavík; en sje hann búsettur þar, þá á fyrsta eða öðru þingi eptir það, að lög þessi ná gildi.

Það leiðir að öðru leyti af grundvallarreglum núgildandi laga, að engin veðskuldbinding fær, þótt þinglesin sje, nokkurt gildi að því er snertir ríkisskuldabrjef, hlutabrjef, veðskuldabrjef eða önnur slík brjef þeim til tjóns, er þau síðar hafa löglega afhent verið að handveði eða til eignar, nema ritað hafi verið á þessi veðbrjef með ljósum orðum, að veðskuldbindingin nái til þeirra.

8. gr. Nú verður maður gjaldþrota, og hefur gefið veðbrjef með sjálfsvörzluveði í lausafje, og er það þá ógilt, ef það eigi er dagsett fullum 8 vikum áður en bú hans var tekið til skipta sem gjaldþrota.

Ed. **84. Frumvarp**

til laga um veitingu og sölu áfengra drykkja. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Enginn má selja áfenga drykki nema kaupmenn, veitingamenn og lyfsalar.

2. gr. Veitingamenn einir, þeir er vínsöluleyfi hafa, mega selja vínföng eður áfenga drykki til neyzlu á staðnum.

3. gr. Enginn kaupmaður má eptirleiðis selja vínföng eður áfenga drykki í smærra skammti en hjer segir:

a) vín í flöskum með lakki eður innsigli fyrir: 3 pela minnst í einu.

b) brennivín, romm, cognac, púnsextract eður þvílíka drykki (spirituosa): 3 pela í einu.

c) öl á trje-flátum: ¼ tunnu; öl á flöskum: 5 þriggjapela-flöskur eða 10 hálfflöskur (1½ pela fl.).

Lyfsalar mega því að eins í smærri skömmtum selja, að það sje eptir læknis forskript.

4. gr. Staupagjafir og önnur ókeypis vínveiting mega eigi fram fara í sölubúðum kaupmanna eða vöru-geymsluhúsum.

5. gr. Nú selur kaupmaður vínföng, og er þeirra neytt í hans húsum án hans leyfis, þá verður hann sekur um ólöglega vínveiting, ef það er á hans vitorði eða atvik liggja svo

til, að hann hafði ástæðu til að gruna, að þeirra yrði þannig neytt, nema hann sanni, að hann hafi gjört það sem í hans valdi stóð, til að koma í veg fyrir það.

6. gr. Nú vill maður öðlast leyfi til að veita áfenga drykki til neyzlu á staðnum og selja vínföng í smærri skömmtum, en í 3. gr. er ákveðið, þá skal senda hreppsnefndinni í hreppi þeim, er í hlut á, skriflega bæn um það, og skal hún bera málið undir atkvæði hreppsbúa á hreppaskilaþingi; þarf meiri hluta atkvæða hreppsbúa þeirra er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, til að veita leyfið, og ákveða jafnframt skilyrðin fyrir því, og auk þess samþykki $\frac{4}{5}$, $\frac{3}{5}$ eða $\frac{5}{7}$ hreppsnefndarinnar, (eptir sem hún er fjölskipuð til), og staðfesting $\frac{2}{3}$ sýslunefndarinnar, og sje oddviti sýslunefndarinnar í þeirra tölu. — Í kaupstöðum skal leggja málið fyrir almennan fund atkvæðisbærra bæjarmanna, og þarf atkvæði meiri hluti bæjarbúa og $\frac{2}{3}$ bæjarstjórnarinnar (þar á meðal oddvita), til að veita leyfið og ákveða skilyrðin fyrir því. Fyrir leyfið greiðast 50 kr., er að hálfu renni í sveitarsjóð, að hálfu í sýslusjóð, en í kaupstöðum að öllu í bæjarsjóð.

Leyfisveitingin og skilyrðin skulu upp borin til atkvæða í einu lagi. Liggi fleiri tillögur fyrir en ein, skal þá fyrst upp bera, er síðast kom fram o. s. frv.

Leyfið nær að eins til 5 ára í senn, og má sýslunefnd eptir tillögum hreppsnefndar (eða í kaupstöðum bæjarstjórnin) taka leyfið af veitingamanni, ef hann brýtur reglur þær eða skilyrði, sem honum eru sett. Til þess nægir fundarákvörðun með meiri hluta atkvæða.

7. gr. Nú selur eða veitir veitingamaður áfengan drykk unglingi innan 16 ára aldurs, og varðar það í fyrsta sinni 5—50 kr. sekt, en missi veitingaleyfis, ef sami maður brýtur optar.

8. gr. Enginn námsmaður á skólum, er standa undir umsjón landstjórnarinnar, verður hjereptir skyldaður til með dómi eða neinni löglegri þvingun að borga áfenga drykki, sem hann kann að fá til láns, og eiga skuldir, sem uppfrá þessu verða þannig til komnar, engan rjett á sjer að lögum.

9. gr. Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum frá 10 til 100 kr. í fyrsta sinni, og tvöfaldist lægra takmarkið við ítrekun hverja, (í annað sinn 20—100 kr., í þriðja sinn 40—100 kr. o. s. frv.). Hafi sá sveitaverzlunarleyfi, er brýtur, má svipta hann verzlunarrjettindum í fyrsta sinn, en í annað sinn skal þeim, hversu sem á stendur, fyrirgjört.

Brot gegn 2. gr. varða sektum frá 25 til 250 kr. í fyrsta sinn, en síðan 50 til 500 kr. Rjettindi til að verzla með áfenga drykki missir sá jafnan, er brýtur í 2. sinn, og má svipta hann þeim í fyrsta sinn, ef ástæða þykir til, hvort sem hann er kaupmaður, sveitaverzlunarmaður eða lyfsali.

Sömu hegningu varða brot gegn 3.—5. gr.

10. gr. Þeim manni, er misst hefur verzlunarleyfi með áfenga drykki fyrir brot gegn lögum þessum, má eigi veita aptur leyfi til verzlunar fyr en 5 ár eru liðin frá því, er hann missti leyfið, enda hafi hann eigi orðið brotlegur við lög þessi síðustu 5 ár.

11. gr. Nú hefur maður misst verzlunarleyfi sitt og fengið það aptur, og skal þá fyrsta brot hans þar eptir teljast sem brot í annað sinn.

22. gr. Sektir gegn lögum þessum renna að hálfu í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið var framið, en að hálfu til uppljóstarmanns. Nú verður brotið eigi sannað án þess uppljóstarmaður beri vitni, og fellur þá hans hluti einnig til fátækrasjóðs. En eigi missir hann rjett sinn til hálfra sekta, þótt hann beri vitni í málinu, ef brotið verður fullsannað með öðrum vitnum eða gögnum.

13. gr. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal höfða og reka sem opinber lögreglumál.

Ed. **85. Frumvarp**

til laga um síldveiði fjelaga í landhelgi. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Fiskiveiðar í landhelgi mega fjelög eigi reka, er þegnar annara ríkja eiga hlut í. Þó mega hlutafjelög reka síldveiðar í landhelgi, ef meir en helmingur fjelagsfjárins er eign þegna Danakonungs, og fjelagið hefur heimilisfang á Íslandi, og stjórn þess er skipuð þegnum Danakonungs, enda sje að minnsta kosti meiri hluti þeirra heimilisfastur á Íslandi.

2. gr. Áður en hlutafjelag tekur til starfa, skulu samþykktir þess sýndar lögreglustjóra, þar er fjelagið hefur heimilisfang eður og veiðistöð, svo og breytingar, er síðar verða gjörðar á þeim, og skulu lögreglustjórar gæta þess, að þær sjeu lögum samkvæmar, og hafa eptirlit með því, að lögum þessum sje fylgt. Að öðru leyti eru slík fjelög, að því er fiskiveiðar snertir, háð lands-lögum um fiskiveiðar í landhelgi.

3. gr. Fyrir brot gegn lögum þessum skal sækja eptir reglum þeim, er gilda um almenn lögreglumál; varða brotin sektum frá 20—400 kr., er renna í landsjóð, og skal hið ólögmæta veiðifang, eða þess virði, gjört upptækt, og falla til landsjóðs.

Ed. **86. Frumvarp**

til laga með nokkrum ákvæðum um þeginn sveitarstyrk m. m.—Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Sá sem hefur þegið sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld.

2. gr. Þegar hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur fært þeginn sveitarstyrk inn í sveitarbókina, er hún sönnun fyrir skuldinni.

Sveitarstjórnin getur beiðzt lögtaks á skuldinni eptir fyrirmælum laga nr. 29 16. des. 1885.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram, en fyrir er mælt í 2. gr. hinn. nefndu laga.

3. gr. Sveitarstjórnin getur látið fógeta skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eptirriti af uppskriptargjörðinni ásamt útdrætti úr sveitarbókinni, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni, skuldinni til tryggingar.

4. gr. Ef það sannast fyrir amtmanni, að maður, er þiggur eða þegið hefur sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefur undir höndum, skal amtmaður eptir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svipta hann fjárforráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann.

Úrskurð þenna skal fjárráðamaður þegar í stað sjá um að birtur verði á varnarþingi hins.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endur-

goldinn, skal amtmaður nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er sviptur var fjárforráðum.

Fyrir þinglýsingar og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu á undan, skal ekkert gjald greiða.

5. gr. Sá sem þiggur af sveit og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er eigi um megn, meðan hann er eigi fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum.

Ákvæði sveitarstjórnarinnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji eigi kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin; en málið getur hann jafnframt kært fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er sker úr því eptir að hafa leitað um það álits tveggja óvilhallra manna.

6. gr. Óhlýðnist þurfamaður skipun sveitarstjórnarinnar, er getur um í næstu grein á undan, má kæra hann um það fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gjörist með sektum eður fangelsi eptir málavöxtum.

7. gr. Nú vill maður flytja af landi burt, en hefur vandamenn, sem eigi eru sjálfbjarga, og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, skyldur að setja sveit sinni viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eptir verða, verði eigi sveitarfjelaginu til þyngsla, að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

8. gr. Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Ed. **87. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um aðra skipun á læknahjeruðum á Íslandi (57). — Frá nefndinni.

1. Við 17. læknishjerað. Í staðinn fyrir: »Skeggjastaðaprestakall, Hofsprestakall, Möðrudalssókn og Hofteigsprestakall» komi: »Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Jökuldalshreppur og Hlíðarhreppur».

2. Við 18. læknishjerað. Í staðinn fyrir: »Valþjófsstaðarprestakall, Kirkjubæjarprestakall og Hjaltastaðaprestakall í Norðurmúlasýslu og Vallanessprestakall í Suðurmúlasýslu» komi: »Fljótsdalshreppur, Fellahreppur, Tunguhreppur og Hjaltastaðaþinghá í Norðurmúlasýslu, og Eyðaþinghá og Vallanesshreppur í Suðurmúlasýslu».

Ed. **88. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga með nokkrum ákvæðum um þeginn sveitarstyrk m. m.— Frá nefndinni.

Eptir 2. umr. í Ed.

1. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig: »Frumvarp til laga, er hafa inni að halda nokkur ákvæði um þeginn sveitarstyrk m. m».
2. Við 7. gr. á eptir orðunum: »áður en hann byrjar ferð sína», bætist inn í þessi orð: »ef sveitarstjórnin heimtar».

Nd. **89. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. des. 1877 (68). Frá B. Sveinssyni og Þorvaldi Bjarnarsyni.

Í staðinn fyrir frumvarpið komi svo hljóðandi lagagrein:

Við næstu sýslumannaskipti í Vestmanneyjasýslu skulu laun sýslumannsins þar vera 1500 kr.

Ed. **90. Breytingartillaga**

við frv. til laga um brúargjörð á Ölvesá (69). Eptir 1. umr. í Ed. Frá flutningsmönnum.

Við 2. gr. Í stað orðanna: „á 45 árum“ og til enda greinarinnar komi: „með kr. 965,25 á ári í 45 ár“.

Ed. **91. Breytingaratkvæði**

við breytingaruppástungur nefndarinnar við frumvarp til laga um aðför. Frá landshöfðingja.

Við 18. gr., 17. Orðin: „eða að fullu“ í niðurlagi breytingaruppástungunnar falli burt.

Ed. **92. Breytingartillögur**

við frumvarp nefndarinnar til laga um aðför.—Frá nefndinni.

Við 18. gr. Í síðasta staflið greinarinnar falli úr orðin: „eða að fullu“.

Við 28. gr. Orðin: „eða að fullu“ síðast í greininni falli burt.

Nd. **93. Tillaga**

til þingsályktunar um umsjón og fjárhald kirkna landsjóðs.—Frá Árna Jónssyni, Páli Ólafssyni og Þorláki Guðmundssyni.

Alþingi skorar á landstjórnina, að leita enn á ný samninga við hlutaðeigandi söfnuði um, að þeir, samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna þeirra, er landsjóður á. Bjóðist sanngjarnir kostir af hendi safnaðanna, þá sje lagafrumvarp um afhendinguna lagt fyrir alþingi 1889.

Ed. **94. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaða á Vogavík og Þórshöfn í Gullbringusýslu. Eptir 3. umr. í Nd.

Vogavík og Þórshöfn í Gullbringusýslu skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

Ed. **95. Frumvarp**

til laga um breyting á landamerkjalögum 17. marz 1882. Eptir 3. umr. í Nd.

Frestur sá, sem eigendum og umráðendum jarða er gefinn í 5. gr. landamerkjalaga 17. marz 1882 til að fullnægja ákvæðum tjeðra laga, skal lengdur um 2 ár.

Ed. **96. Frumvarp**

til laga um, að umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju og Inggjaldshóls-kirkju skuli fengin hlutaðeigandi söfnuðum í hendur.—Eptir 3. umr. í Nd.

Stjórninni veitist heimild til að selja söfnuðunum í hendur umsjón og fjárhald þessara landsjóðs-kirkna:

1. Söfnuðinum í Flateyjarsókn í Þönglabakka-prestakalli í norður- og austurumdæminu umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju með þeim kjörum, að skuld kirkjunnar við landsjóð falli burt, að hún sje afhent með hæfilegu álagi samkvæmt löglegri skoðunargjörð eða úttekt, og að henni fylgi 86 kr. 21 e. í sjóði.
2. Söfnuðinum í Inggjaldshóls-sókn í Nesþinga-prestakalli í vesturumdæminu umsjón og fjárhald Inggjaldshóls-kirkju með þeim kjörum, að henni fylgi 3000 kr. álag.

Ed. **97. Frumvarp**

til laga um breyting á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desember 1877. — Eptir 3. umr. í Nd.

Dalasýslu og Strandasýslu skal sameina í eitt lögsagnarumdæmi, svo fljótt sem því verður við komið. Eptir að sameiningin er komin á, eru laun sýslumannsins í lögsagnarumdæmi þessu 3500 kr.

Ed. **98. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um aðra skipun á læknahjeruðum á Íslandi o. fl.—Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Hjer á landi skulu vera læknahjeruð þau, er nú skal greina:

1. Reykjavíkur-prestakall, Kjósarsýsla og Garða-prestakall í Gullbringusýslu.
2. Hinn annar hluti Gullbringusýslu.
3. Saurbæjar-prestakall og Garða-prestakall í Borgarfjarðarsýslu.
4. Hinn annar hluti Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýsla.
5. Hnappadalssýsla og Snæfellsnessýsla.
6. Dalasýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu.
7. Flateyjar-prestakall, Brjámslækjar-prestakall og Sauðlauksdals-prestakall í Barðastrandarsýslu.
8. Otrardals-prestakall og Selárdals-prestakall í Barðastrandarsýslu og allt Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.

9. Allt Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.
10. Strandasýsla, að undanskildum Bæjarhreppi, en viðbættu Garpsdals-prestakalli, Staðar-prestakalli og Gufudals-prestakalli í Barðastrandarsýslu.
11. Húnavatnssýsla fyrir vestan Blöndu.
12. Húnavatnssýsla fyrir austan Blöndu og Skagafjarðarsýsla, að fráskildu Fells-prestakalli og Barðs-prestakalli.
13. Fells-prestakall og Barðs-prestakall í Skagafjarðarsýslu, Hvanneyrar-prestakall, Kvíabekkjar-prestakall og Miðgarða-prestakall í Eyjafjarðarsýslu.
14. Hinn annar hluti Eyjafjarðarsýslu, Laufás-prestakall, Höfða-prestakall og Háls-prestakall í Suður-Þingeyjarsýslu.
15. Hinn annar hluti Suður-Þingeyarsýslu og Keldunesshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.
16. Hinn annar hluti Norður-Þingeyjarsýslu.
17. Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Jökuldalshreppur og Hlíðarhreppur.
18. Fljótsdalshreppur, Fellahreppur, Tunguhreppur og Hjaltastaðaþinghá í Norður-múlasýslu, og Eyðaþinghá og Vallaneshreppur í Suðurmúlasýslu.
19. Desjarmýrar-prestakall og Dvergasteins-prestakall í Norður-Múlasýslu og Fjarðar-prestakall í Suður-Múlasýslu.
20. Hinn annar hluti Suður-Múlasýslu, að undanskilinni Hofsókn í Álptafirði.
21. Hofsókn í Suður-Múlasýslu, og Skaptafellssýsla vestur að Breiðamerkursandi.
22. Skaptafellssýsla frá Breiðamerkursandi að Mýrdalssandi.
23. Mýrdals-þing í Skaptafellssýslu, Eyvindarhóla-prestakall og Holts-prestakall í Rangárvallasýslu.
24. Hinn annar hluti Rangárvallasýslu.
25. Árnessýsla.
26. Vestmannaeyjar.

2. gr. Laun hvers þeirra 6 lækna, sem með lögum þessum er við aukið, skulu vera 1500 kr. á ári.

Nd. **99. Frumvarp**

til laga um að nema úr gildi lög 16. desbr. 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgnúps í Strandasýslu og Skagatáar í Húnavatnssýslu á tímabilinu frá 1. nóv. til 14. apríl. — Flutningsmaður: Páll Ólafsson.

Frá 1. jan. 1888 skulu lög 16. desbr. 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgnúps í Strandasýslu og Skagatáar í Húnavatnssýslu á tímabilinu frá 1. nóv. til 14. apríl, numin úr gildi.

Ed. **100. Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla. — Flutningsmaður: Jón Ólafsson.

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þennan skal skipa tvo kennendur, er annar sje jafnframt forstöðumaður skólans, og hefur hann 3200 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2800 kr.

4. gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

Nd. **101. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald af rjúpu. — Flutningsmaður: J. Jónassen.

1. gr. Frá 1. janúar 1888 til 1. jan. 1892 skal borga útflutningsgjald af hverri rjúpu, sem flytzt út úr landinu, 50 aura.

Gjaldið skal borgað, áður en skip það, sem í hlut á, er afgreitt frá þeirri höfn, sem það leggur af stað frá, burt frá landinu, til hlutaðeigandi sýslumanns eða bæjarfógeta, annaðhvort í peningum eða ávísunum á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er gjaldheimtumaður tekur gilt.

2. gr. Sjerhver sá, sem sendir rjúpur hjeðan af landi burt, er skyldur til að fá tjeðum embættismanni í hendur staðfest eptirrit af farmskrám þeim eða öðrum hleðsluskjölum, sem skipinu fylgja.

Hafi lögreglustjóri grun um, að skýrsla til útflutningsgjalds sje röng, skal hann rannsaka það áður en skipið verður afgreitt.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—100 kr., er renni í landsjóð. Af útflutningsgjaldinu fær innheimtumaður 2 af hundraði.

4. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **102. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um þjóðjarðasölu.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur falið oss að segja álit vort um frumvarp þetta, og eptir að hafa meðtekið ýmisleg skjöl frá landshöfðingja, áhrærandi þær 9 þjóðjarðir, sem upp eru taldar í frumvarpinu, höfum vjer á nokkrum fundum rætt þetta mál og athugað, og skýrum vjer hjer með deildinni frá áliti voru á málinu.

Stjórnin hefur eins og að undanförnu tekið það hæsta matsverð, sem fram hefur komið, og leggur nefndin til, að sem minnst sje frá því vikið, jafnvel þó nefndinni virðist söluverðið á sumum af þessum jörðum sett nokkuð hátt,

sjerstaklega þegar litið er til þess, að jarðir eru að falla í verði hjer á landi. Það er einungis við 1. tölulið, að vjer leggjum til, að verðið sje fært niður úr 1200 kr. í 1050 kr., sem er samkvæmt áliti sýslunefndar. Við 2. tölulið hefur nefndin það að athuga, að sú jörð er föluð í smápörtum, þar sem ábúð sú, sem hver ábúandi falar, er að eins 6 hndr. 15 ál., en jörðin öll 24 hndr. 60 ál., og þannig löguð kaup geta ekki að áliti nefndarinnar miðað til að koma upp útfærslu-búskap, og ráðum vjer því frá, að þessi jörð sje seld eins og nú liggur fyrir.

Við 9. tölulið er það að athuga, að álit umboðsmanns liggur ekki fyrir. En af áliti sýslunefndar má ráða, að ábúandinn hafi falað jörðina, en samt fylgir bónarbrjef hans ekki, enda vantreystir sýslunefndin, að hann geti keypt sökum efnaskorts, og ræður nefndin þess vegna til, að 9. tölul. stjórnarfrumvarpsins falli burt. Hjer að auki hefur nefndinni verið afhent beiðni frá 7 ábúendum þjóðjarða, með tilheyrandi fylgiskjölum, sem öll virðast að gefa lögboðnar og nægilegar upplýsingar. En sjerstaklega skal það tekið fram við jörðina Hvol í Dyrhólahreppi, að þar hefur sami maður falað alla jörðina, en er ekki ábúandi nema á $^1/_3$, eða 9 hndr. 24 ál.; hjer getur ekki orðið neitt spursmál um, að selja nema þann part sem hann býr á, þar sem engin yfirlýsing liggur fyrir frá hinum ábúendum jarðarinnar um, að þeir afsali rjetti sínum til kaupanna, en eptir þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sjer, mælir margt með, að þessi maður fái ábýli sitt keypt, þó það sje partur úr jörð, þar sem hann hefur fært bæinn, og þess utan gjört stórkostlegar jarðabætur.

Að svo mæltu ráðum vjer hinni heiðruðu deild til að samþykkja meðfylgjandi stjórnarfrumvarp með þeim breytingum og viðauka, sem við höfum gjört við það.

Þorlákur Guðmundsson, form. og framsögumaður. Gunnar Halldórsson, skrifari. Þorvaldur Bjarnarson.

FRUMVARP

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, sem að minnsta kosti nemur þeirri upphæð, er tilfærð er við hverja þeirra.

1.	Seglbúðir í Kleifahreppi fyrir	1050 kr.
2.	Möðrufell í Hrafnagilshreppi, með hjáleigunum Hraungerði og Torfum fyrir	6000 —
3.	Gilsbakka í sama hreppi fyrir	1800 —
4.	Efri Sandvík og Neðri Sandvík í Grímsey fyrir	1500 —
5.	Skúta í Glæsibæjarhreppi fyrir	1700 —
6.	Hnjúk í Vallnahreppi fyrir	2500 —
7.	Flögu í Skriðuhreppi fyrir	2500 —
Eigi tálmar það aðför, þótt dómfelldi sje eigi viðstaddur. En sje heldur eigi neinn viðstaddur í umboði hans, skorar fógeti á konu hans, börn eldri en 18 ára, hjú eður aðra fullorðna heimilismenn að taka málstað hans. Ef engi þessara manna er viðstaddur eða vill takast það á hendur, skal beina líkri áskorun að þeim, er hann býr hjá, húsbónda eða þeim, sem á yfir honum að segja, ef einhver sá er viðstaddur.

35. gr. Gjörðin hefst með því, að fógeti skorar á hlutaðeiganda að borga skuldina og kostnað þann allan, er dómfellda ber að greiða, svo eigi verði af frekari aðför. Verði það eigi gjört, heldur fógeti gjörðinni áfram eptir beiðni dómhafa samkvæmt reglunum í II. og III. kafla.

36. gr. Dómfelldi er skyldur að boði fógeta að ljúka upp herbergjum sínum og hirzlum, ef dómhafi fer fram á það, svo að sjeð verði, hvort þar sjeu geymdir munir, sem gjört verði fjárnám í. Skorist dómfelldi undan því, eða ef engi er sá viðstaddur, er geti gegnt boðinu, má fógeti beita valdi. Ef þörf gjörist. getur fógeti og leitað á dómfellda sjálfum, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi fjármuni á sjer geymda.

37. gr. Skyldur er skuldunautur, ef skorað er á hann við aðförina, að segja satt og rjett til um það, hvað hann eigi til tryggingar eður lúkningar skuld sinni, og láta að öðru leyti í tje allar þær skýrslur, er nauðsynlegar eru og að þessu lúta. Sje skuldunautur eigi viðstaddur, getur aðfararbeiðandi fengið gjörðinni frestað og skuldunaut boðað á mót með sjer með fyrirvara, sem fógeti tiltekur; þetta mót getur aðfararbeiðandi krafizt að haldið sje á skrifstofu fógeta.

Nú færist skuldunautur undan því, að láta í tje skýrslur nokkrar, eður lætur undan

fallast án löglegra forfalla, að mæta við framhald gjörðarinnar, og á þá aðfararbeiðandi heimting á, að hann sje settur í einfalt fangelsi og hafður þar, þar til er hann uppfyllir skyldu þessa, þó aldrei lengur en 6 mánuði.

38. gr. Ef skuldunautur, meðan á aðför stendur, eða um það leyti, er hann hlaut að sjá hana fyrir, hefst eitthvað það að af eigingirni til að firra lánardrottinn sinn borgun, er miðar til þess, að koma lögmætum eignum sínum eða krófum undan fjárnámi, þá varðar það hegning eptir 262. gr. hinna almennu hegningarlaga.

39. gr. Innan þeirra takmarka, er getur um í 4. gr., mega koma fram varnir af hálfu dómfellda gegn því, að aðför fari fram í heild sinni eða að einhverju leyti eða á þann veg, sem haldið er fram.

Um fram komin mótmæli hefur dómhafi rjett til að láta uppi álit sitt.

Fógeti ræður því, hvort fram megi fara frekari sókn og vörn um ágreiningsefnið.

40. gr. Ef gjörðin mundi ganga of nærri rjetti annars manns, á hann og rjett á að mótmæla aðförinni. Hann mætir þá við gjörðina, lætur færa til bókar mótmæli sín, og biður um úrskurð fógeta; ber þar eptir að skoða hann sem málsaðila í gjörðinni.

41. gr. Sókn og vörn fyrir fógeta skal fram fara munnlega.

Fógeti leggur úrskurð sinn á prætumálið samkvæmt framburði og játningu málsaðila, og framkomnum skjölum og öðrum skriflegum skilríkjum. En vitnaleiðslur, skoðunar- og álitagjörðir, máli til sönnunar, mega að jafnaði eigi fram fara.

Fógeti skal leiðbeina málsaðilum samkvæmt grundvallar-reglunum í tilskipun 15. ágúst 1832.

42. gr. Í fógetabók skal til greina:

a, stað og stund, er gjörðin skal fram fara, nöfn málsaðila, og hver sje aðfararheimildin.

b, nafn fógeta og vottanna.

c, hvernig gjörðin hafi yfir höfuð að tala farið fram.

Verði ágreiningur um fram komnar krófur, skal til færa þær orðrjettar.

Enn fremur skal fógeti bóka, eins og honum þykir þörf vera, frásögu málsaðila um það, hversu mál sje skapað, þó eigi orðrjetta, en svo að engu verulegu sje sleppt.

Hið bókaða skal síðan upp lesið og samþykkt.

43. gr. Frest má að jafnaði engan veita, meðan á gjörðinni stendur, nema málsaðilar sjeu ásáttir. En stöðvað getur fógeti sókn og vörn, ef nauðsyn ber til, en án þess að gjörðin þar með sje rofin. Fógeti skal þá, ef dómhafi krefst, láta hafa gætur á því, eða á annan veg gjöra þær ráðstafanir, er nauðsynlegar sjeu til þess, að allt standi í sömu skorðum, þar til er gjörðin aptur verður upp tekin. Skal málsaðilum skýrt frá, hvenær það verður.

44. gr. Eptir að sókn og vörn er lokið um upp kominn ágreining, leggur fógeti þegar í stað, eða svo fljótt sem verða má, úrskurð sinn á málið.

Úrskurður skal rökstuddur vera, og skal bóka hann orðrjettan.

Eigi hindrar áfrýjun framkvæmd á honum.

45. gr. Í fógetabók skal rita með nákvæmni hvern einstakan mun, er fjárnám er gjört í, og virðingarverð hans við.

Því næst kveður fógeti svo á í bókinni, að hinir uppskrifuðu munir sjeu teknir fjárnámi, fjárnámshafa til fullnægingar, og lætur dómfellda vita, að upp frá þessu varði það hegningu, að gjöra nokkrar þær ráðstafanir um muni þessa, er komi í bága við rjett

dómhafa. Sje dómfelldi eigi viðstaddur, skal þeim, er til kvaddir eru fyrir hans hönd samkvæmt 34. gr., boðið að skýra honum frá þessu, og eptir atvikum má og tilkynna það þeim manni, er fjeð er hjá, er fjárnámi var tekið.

46. gr. Þegar fjárnám er gjört í fasteign, en eigi í arði hennar og tekjum, heldur hún áfram að vera í umráðum skuldunauts, þar til er nauðungaruppboð fer fram, nema svo reynist, að hún spillist af hans völdum eða rýrni, og getur fógeti þá fengið öðrum forráð hennar.

Fjárnámsgjörðina skal þinglesa, eigi hún að hafa gildi gagnvart öðrum, er með löglegum samningum kynnu að eignast rjettindi yfir fasteigninni. Skal gjörðina lesa á varnarþingi, þar er fasteign liggur undir, eptir reglum þeim, er um veðsetning fasteigna gilda.

47. gr. Lausafje, er fjárnámi hefur verið tekið, hefur skuldunautur eigi rjett til að hafa í vörzlum sínum, ef sá vill eigi, er að fjárnámi fjekk munina, nema skuldunautur setji viðunanlega trygging fyrir því, að þeir varðveitist hjá honum óskertir; en fjárnámshafa skal að jafnaði heimilt vera, að taka munina til sín til geymslu, en gegn trygging, ef verð þeirra fer að mun fram úr kröfu hans.

Verði munirnir eigi í vörzlum skuldunauts, og fjárnámshafi tekur heldur eigi við þeim, annaðhvort fyrir því að hann má það eigi samkvæmt því er nú var sagt, eður hann vill eigi takast geymsluna á hendur, skal fógeti gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til geymslu þeirra á kostnað dómfellda.

48. gr. Ef skuldabrjef eru tekin fjárnámi til sölu við uppboð, skal á þau rita um fjárnámið, ella hefur það eigi gildi gagnvart þeim, er síðar fær þau til eignar eða að veði, og eigi vissi um fjárnámið, eða gagnvart skuldunaut sjálfum, er án þess að vita af fjárnáminu hefur síðar borgað af skuldinni til þess, er fjárnámið var gjört hjá. gegn kvittun hans á sjálft brjefið eður gegn afhending þess.

Ef fjárnámi eru teknar kröfur annarar tegundar, skal skuldunaut skýrt frá því, annars leysist hann frá skuld sinni með því að borga hana í góðu trausti þeim, er fjárnámið var gjört hjá. Hið sama er, ef skuldunautur borgar leigur af skuldabrjefi sínu.

49. gr. Ef sá hlutur, er tekinn var fjárnámi, verður eigi fenginn fjárnámshafa eða þeim, er fógeti hefur til tekið, fyrir því að einhver annar maður hefur rjett til að hafa hann í sínum vörzlum, skal fógeti eptir atvikum, ef fjárnámshafi beiðist þess, tilkynna þessum manni, að skuldunautur eigi ekki rjett á því að taka við honum, þegar að því kemur að hann eigi að skila honum úr sínum vörzlum.

50. gr. Þegar gætt hefur verið ákvæða þeirra, er að framan getur, þá missir fjárnámshafi eigi þann rjett, er fjárnámið veitir honum til þess að ná með löglegri aðferð borgun í munum þeim, er fjárnámi voru teknir, enda þótt skuldunautur síðar deyi eða verði gjaldþrota, eða aðrir gjöri fjárnám hjá honum, og eigi getur skuldunautur heldur síðar selt nokkrum öðrum manni nein rjettinda-umráð yfir mununum, er á nokkurn hátt megi skerða rjett fjárnámshafa.

Þó missir sá, er fengið hefur lausa aura að fjárnámi, er haldizt hafa í vörzlum skuldunauts, fjárnámsrjettinn gagnvart lánardrottnum skuldunauts, verði hann gjaldþrota eða þeir gjöra fjárnám hjá honum, ef fjárnámshafi hefur eigi innan 12 vikna frá því, er fjárnámsgjörð var lokið, komið fram nauðungaruppboði, eða hann með nýrri aðför hefur

komið fjenu úr höndum skuldunauts, enda hafi honum eigi verið varnað sölunnar með áfrýjun, eður rjettindi annara verið því til fyrirstöðu.

51. gr. Ef svo reynist við nauðungaruppboð, að sölu-andvirðið hrökkur eigi fyrir kröfu fjárnámshafa, eður ef fjárnámshafi, er eigi hefur fengið fjárnám fyrir fullri kröfu, getur vísað á muni, er taka megi fjárnámi, má fjárnámið upp taka af nýju, og því fram halda eptir áðurgreindum reglum. Hins vegar getur sá, er fjárnám hefur verið gjört hjá, krafizt þess að gjörðin skuli upp tekin af nýju, og fjárnámið látið niður falla að öllu eða einhverju leyti, hafi skuld sú verið borguð að öllu eða nokkru, eptir að fjárnámið fór fram, er það var gjört fyrir.

Svo getur og fógeti eptir beiðni dómhafa upp tekið gjörðina til þess að gjöra nýjar ákvarðanir um geymslu og umsjón þess, er tekið var, þegar áfrýjun á fjárnámsgjörð veldur því, að miklu lengur líður þar til er uppboð fer fram en ella hefði verið, eða þegar tilefni þykir til þess vegna meðferðar dómfellda á munum þeim, er teknir voru fjárnámi, en látnir vera í vörzlum hans, eða vegna kostnaðar við geymsluna eða annara hluta vegna.

52. gr. Loks má og upp taka gjörðina af nýju í öðrum tilfellum, en þeim, er nefnd eru í 51. gr., sbr. 50. gr., 2. lið, þegar annarhvor málsaðila beiðist þess eða aðrir, og allir þeir samþykkja, er hlut eiga að máli.

53. gr. Um áfrýjun á aðför fer eptir almennum málskotareglum.

Ed. **112. Breytingartillögur**

við frv. til laga um veiting og sölu áfengra drykkja (84). — Frá nefndinni.

1. Við 6. gr.: Í stað: »$\frac{2}{3}$, $\frac{3}{4}$ . . . . einn í þeirra tölu« komi: »meiri hluta hreppsnefndar og sýslunefndar og staðfesting amtmanns«
2. — - —: Í stað: »meiri hluta bæjarbúa . . . . skilyrði fyrir því« komi: »meiri hluta fundarmanna og meiri hluta bæjarstjórnarinnar til að samþykkja leyfisveitinguna, enda sje að minnsta kosti $\frac{1}{3}$ atkvæðisbærra bæjarbúa á fundi og verður amtmaður að staðfesta, svo að gilt sje. Aldrei má slíkt leyfi veita nema því fylgi skylda til að hýsa ákveðna tölu ferðamanna og selja ferðamönnum nauðsynlegan beina«.
3. — - —: Í síðasta lið. Í stað: »og má sýslunefnd« komi: »og má amtmaður« og í stað: »bæjarstjórnin« komi: »bæjarstjórnar«.
4. — - —: Síðasta málsgrein. »Til þess nægir . . . . atkvæða« falli burt.
5. — - —: Í stað: »5—50 kr. sekt«, komi: »25—100 kr. sekt í fyrsta sinni, í öðru sinni 50—200 kr. sekt».

Ed. **113. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um verzlun lausakaupmanna annarstaðar en á löggiltum höfnum.

Hin heiðraða efri deild alþingis hefur kosið oss, sem ritum nöfn vor hjer undir, til að íhuga frumvarp til laga um verzlun lausakaupmanna annarstaðar en

á löggiltum höfnum. Höfum vjer rætt frumvarp þetta á fundum og litið svo á sem til hagsmuna horfi, að veita lausakaupmönnum rýmri rjett til verzlunar, en þeir nú hafa; en á hinn bóginn sje engin ástæða til að láta þá fremur öðrum, er leita sjer atvinnu hjer á landi, vera lausa við gjald til sveitafjelaga.

Vjer höfum því gjört breytingar nokkrar við frumvarpið, og leyfum vjer oss að ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarpið með þeim. En breytingarnar eru þessar:

1. Í stað 1. gr. komi svolátandi grein:
   „1. gr. Enginn maður, sem eigi rekur fasta verzlun hjer á landi, hefur eptirleiðis heimild til að verzla á skipi, nema hann leysi leyfi til þess hjá lögreglustjóra. Slíkt leyfi kostar 50 kr. og rennur það gjald í sýslusjóð eða bæjarsjóð. Leyfið veitir honum rjett til að verzla það almanaksár hvar sem vill í því lögsagnarumdæmi, sem leyfið er í veitt. Eigi veitir leyfið heimild til að verzla með áfenga drykki, nema á löggiltum höfnum".
2. Við 3. gr.
   Í staðinn fyrir: „slíkum sektum" komi: „sektum allt að 2000 kr."
3. Á eptir 3. gr. bætist inn í ný grein þannig hljóðandi:
   „4. gr. Hjer með er numin úr gildi 1. málsgrein 4. greinar fyrnefndra laga 7. nóv. 1879".
4. 4. grein verði 5. grein.

Efri deild alþingis, 20. júlímán. 1887.

B. Kristjánsson,	Jón Ólafsson,	J. Havsteen.
form. og framsögum.	skrifari.	

Nd. **114. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sölu þjóðjarða (82).—Frá Grími Thomsen.

Við 6. gr. Í staðinn fyrir orðin: »Í sjóð, er aldrei má skerða« komi: »sjerstakan sjóð«.

Nd. **115. Frumvarp**

til laga um veitingu og sölu áfengra drykkja. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Enginn má selja áfenga drykki nema kaupmenn, veitingamenn og lyfsalar.

2. gr. Veitingamenn einir, þeir er vínsöluleyfi hafa, mega selja vínföng eður áfenga drykki til neyzlu á staðnum.

3. gr. Enginn kaupmaður má eptirleiðis selja vínföng eður áfenga drykki í smærra skammti en hjer segir:

a) vín í flöskum með lakki eður innsigli fyrir: 3 pela minnst í einu.
b) brennivín, romm, cognac, púnsextract eður þvílíka drykki (spirituosa): 3 pela í einu.
c) öl á trje-flátum: ¼ tunnu; öl á flöskum: 5 þriggjapela-flöskur eða 10 hálf-flöskur (1½ pela fl.).

Lyfsalar mega því að eins í smærri skömmtum selja, að það sje eptir læknis forskript.

4. gr. Staupagjafir og önnur ókeypis vínveiting mega eigi fram fara í sölubúðum kaupmanna eða vöru-geymsluhúsum.

5. gr. Nú selur kaupmaður vínföng, og er þeirra neytt í hans húsum án hans leyfis, þá verður hann sekur um ólöglega vínveiting, ef það er á hans vitorði eða atvik liggja svo til, að hann hafði ástæðu til að gruna, að þeirra yrði þannig neytt, nema hann sanni, að hann hafi gjört það, sem í hans valdi stóð, til að koma í veg fyrir það.

6. gr. Nú vill maður öðlast leyfi til að veita áfenga drykki til neyzlu á staðnum og selja vínföng í smærri skömmtum, en í 3. gr. er ákveðið, þá skal senda hreppsnefndinni í hreppi þeim, er í hlut á, skriflega bæn um það, og skal hún bera málið undir atkvæði hreppsbúa á hreppaskilaþingi; þarf meiri hluta atkvæða hreppsbúa þeirra, er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, til að veita leyfið, og ákveða jafnframt skilyrðin fyrir því, og auk þess samþykki meiri hluta hreppsnefndar og sýslunefndar og staðfesting amtmanns. Í kaupstöðum skal leggja málið fyrir almennan fund atkvæðisbærra bæjarmanna, og þarf atkvæði meiri hluta fundarmanna og meiri hluta bæjarstjórnarinnar til að samþykkja leyfisveitinguna, enda sje að minnsta kosti $\frac{1}{8}$ atkvæðisbærra bæjarbúa á fundi og verður amtmaður að staðfesta, svo að gilt sje. Aldrei má slíkt leyfi veita nema því fylgi skylda til að hýsa ákveðna tölu ferðamanna og selja ferðamönnum nauðsynlegan beina. Fyrir leyfið greiðast 50 kr., er að hálfu renni í sveitarsjóð, að hálfu í sýslusjóð, en í kaupstöðum að öllu í bæjarsjóð.

Leyfisveitingin og skilyrðin skulu upp borin til atkvæða í einu lagi. Liggi fleiri tillögur fyrir en ein, skal þá fyrst upp bera, er síðast kom fram o. s. frv.

Leyfið nær að eins til 5 ára í senn, og má amtmaður eptir tillögum hreppsnefndar (eða í kaupstöðum bæjarstjórnar) taka leyfið af veitingamanni, ef hann brýtur reglur þær eða skilyrði, sem honum eru sett.

7. gr. Nú selur eða veitir veitingamaður áfengan drykk unglingi innan 16 ára aldurs, og varðar það 25—100 kr. sekt í fyrsta sinni, í öðru sinni 50—200 kr. sekt, en missi veitingaleyfis, ef sami maður brýtur optar.

8. gr. Enginn námsmaður á skólum, er standa undir umsjón landstjórnarinnar, verður hjer eptir skyldaður til með dómi eða neinni löglegri þvingun að borga áfenga drykki, sem hann kann að fá til láns, og eiga skuldir, sem upp frá þessu verða þannig til komnar, engan rjett á sjer að lögum.

9. gr. Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum frá 10 til 100 kr. í fyrsta sinni, og tvöfaldist lægra takmarkið við ítrekun hverja, (í annað sinn 20—100 kr., í þriðja sinn 40—100 kr. o. s. frv.). Hafi sá sveitaverzlunarleyfi, er brýtur, má svipta hann verzlunarrjettindum í fyrsta sinn, en í annað sinn skal þeim, hversu sem á stendur, fyrirgjört.

Brot gegn 2. gr. varða sektum frá 25 til 250 kr. í fyrsta sinn, en síðan 50 til 500 kr. Rjettindi til að verzla með áfenga drykki missir sá jafnan, er brýtur í 2. sinn, og má svipta hann þeim í fyrsta sinn, ef ástæða þykir til, hvort sem hann er kaupmaður, sveitaverzlunarmaður eða lyfsali.

Sömu hegningu varða brot gegn 3.—5. gr.

10. gr. Þeim manni, er misst hefur verzlunarleyfi með áfenga drykki fyrir brot gegn lögum þessum, má eigi veita aptur leyfi til verzlunar fyr en 5 ár eru liðin frá því, er hann missti leyfið, enda hafi hann eigi orðið brotlegur við lög þessi síðustu 5 ár.

11. gr. Nú hefur maður misst verzlunarleyfi sitt og fengið það aptur, og skal þá fyrsta brot hans þar eptir teljast sem brot í annað sinn.

12. gr. Sektir gegn lögum þessum renna að hálfu í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið var framið, en að hálfu til uppljóstarmanns. Nú verður brotið eigi sannað án þess uppljóstarmaður beri vitni, og fellur þá hans hluti einnig til fátækrasjóðs. En eigi missir hann rjett sinn til hálfra sekta, þótt hann beri vitni í málinu, ef brotið verður fullsannað með öðrum vitnum eða gögnum.

13. gr. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal höfða og reka sem opinber lögreglumál.

Nd. **116. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um aðra skipun á læknahjeruðum á Íslandi o. fl.—Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Hjer á landi skulu vera læknahjeruð þau, er nú skal greina:

1. Reykjavíkur-prestakall, Kjósarsýsla og Garða-prestakall í Gullbringusýslu.
2. Hinn annar hluti Gullbringusýslu.
3. Saurbæjar-prestakall og Garða-prestakall í Borgarfjarðarsýslu.
4. Hinn annar hluti Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýsla.
5. Hnappadalssýsla og Snæfellsnessýsla.
6. Dalasýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu.
7. Flateyjar-prestakall, Brjámslækjar-prestakall og Sauðlauksdals-prestakall í Barðastrandarsýslu.
8. Otrardals-prestakall og Selárdals-prestakall í Barðastrandarsýslu, og allt Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.
9. Allt Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.
10. Strandasýsla, að undanskildum Bæjarhreppi, en viðbættu Garpsdals-prestakalli, Staðar-prestakalli og Gufudals-prestakalli í Barðastrandarsýslu.
11. Húnavatnssýsla fyrir vestan Blöndu.
12. Húnavatnssýsla fyrir austan Blöndu og Skagafjarðarsýsla, að fráskildu Fells-prestakalli og Barðs-prestakalli.
13. Fells-prestakall og Barðs-prestakall í Skagafjarðarsýslu, Hvanneyrar-prestakall, Kvíabekkjar-prestakall, og Miðgarða-prestakall í Eyjafjarðarsýslu.
14. Hinn annar hluti Eyjafjarðarsýslu, Laufás-prestakall, Höfða-prestakall og Háls-prestakall í Suður-Þingeyjarsýslu.
15. Hinn annar hluti Suður-Þingeyjarsýslu og Kelduness-hreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.
16. Hinn annar hluti Norður-Þingeyjarsýslu.
17. Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Jökuldalshreppur og Hlíðarhreppur.
18. Fljótsdalshreppur, Fellahreppur, Tunguhreppur og Hjaltastaðaþinghá í Norður-Múlasýslu, og Eyðaþinghá og Vallaness-hreppur í Suður-Múlasýslu.
19. Desjarmýrar-prestakall og Dvergasteins-prestakall í Norður-Múlasýslu og Fjarðar-prestakall í Suður-Múlasýslu,

20. Hinn annar hluti Suður-Múlasýslu, að undanskildinni Hofsókn í Álptafirði.
21. Hofsókn í Suður-Múlasýslu og Skaptafellssýsla vestur að Breiðamerkursandi.
22. Skaptafellssýsla frá Breiðamerkursandi að Mýrdalssandi.
23. Mýrdals-þing í Skaptafellssýslu, Eyvindarhóla-prestakall og Holts-prestakall í Rangárvallasýslu.
24. Hinn annar hluti Rangárvallasýslu.
25. Árnessýsla.
26. Vestmannaeyjar.

2. gr. Laun hvers þeirra 6 lækna, sem með lögum þessum er við aukið, skulu vera 1500 kr. á ári.

Ed. **117. Frumvarp**

til laga um brúargjörð á Ölvesá. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Til brúargjörðar á Ölvesá má verja allt að 40000 kr. úr landsjóði, með því skilyrði að sýslufjelög Árness- og Rangárvallasýslu og jafnaðarsjóður suðuramtsins leggi til fyrirtækisins allt að 20000 kr. eða sem svari helmingnum af því, sem landsjóður leggur til.

2. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að veita sýslufjelögum Árness- og Rangárvallasýslu og jafnaðarsjóði suðuramtsins allt að 20000 kr. lán úr landsjóði. Lán þetta ávaxtast og endurgelzt með 965,25 kr. á ári í 45 ár.

3. gr. Vextir og afborganir byrja að greiðast þrem árum síðar en lánið er greitt til fulls úr landsjóði, þannig: helmingurinn úr sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslu, er skiptist á nefnd sýslufjelög eptir hlutfallinu milli samanlagðrar tölu lausafjárhundraða og jarðarhundraða í þeim ár hvert, en hinn helmingurinn úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

4. gr. Landstjórnin annast um byggingu brúarinnar og gjörir allar nauðsynlegar ráðstafanir lögum þessum til framkvæmdar. Þegar brúin er komin á, hefur landstjórnin og umsjón yfir henni.

5. gr. Um kostnað brúnni til viðhalds skal síðar ákveða með lögum.

Ed. **118. Frumvarp**

til laga, sem snerta bátafiski á fjörðum. — Eptir 2. umr. í Ed

1. gr. Rjett er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiðar sje, á fjörðum eður tilteknum fjarðarsvæðum, sökum fiskveiða fjarðarbúa, og skal það gjört með samþykkt á þann hátt, er segir í lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákvæði tjeðra laga gilda um slíkar samþykktir.

2. gr. Nú stundar aðkomumaður fiskveiðar á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eður hreppa samtals 4 vikur eður lengur sömu missiri, og er honum þá skylt að greiða hæfilegt útsvar til sveitar. Útsvarinu skal hann lokið hafa áður hann fer á brott. Taka má útsvarið löktaki sem önnur sveitarútsvör. Að öðru leyti eru og slíkir aðkomumenn háðir landslögum um fiskveiðar og útflutningstoll af sjávarafla.

Nd. **119. Breytingartillaga**

við frv. til laga viðvíkjandi lokuðum bögglum, er sendir eru með landpóstum á vetrum (66). — Frá fjárlaganefndinni.

Við 1. gr. Í stað orðanna: „skal vera 50 aurar fyrir hvert pund“, komi: skal vera 25 aurar fyrir hver 25 kvint.

Nd. **120. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 7. nóvbr. 1879.

Vjer undirskrifaðir, sem höfum verið kosnir í nefnd til að íhuga frumvarp þetta, viljum ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja það, með þeim breytingum, er nú skal greina:

1. við 1. gr. 2. tölul. Fyrir: „20“ komi: 15
2. — — — 4. — Fyrir: „100“ komi: 60.

Alþingi, 20. júlí, 1887.

Ólafur Briem,	Árni Jónsson,	Lárus Halldórsson,
formaður.	framsögumaður.	skrifari.

Eiríkur Briem. Þorlákur Guðmundsson.

Nd. **121. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876.

Vjer undirskrifaðir, sem höfum verið kosnir í nefnd til að íhuga framan greint frumvarp, viljum ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja frumvarpið með þessari breytingu:

Við 1. gr. 2. tölul. Fyrir: „100“ komi: 50.

Alþingi, 20. júlí, 1887.

Ólafur Briem,	Árni Jónsson,	Lárus Halldórsson,
formaður.	framsögumaður.	skrifari.

Eiríkur Briem. Þorlákur Guðmundsson.

Ed. **122. Viðauka og breytingartillaga**

við frv. til laga, sem snerta bátafiski á fjörðum, svo sem það var samþykkt við 2. umr. í Ed. — Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. fyrir: „tjeðra laga gilda“ komi: „tjeðra laga og laga Nr. 23 4. desbr. 1886 gilda“.
2. Við 2. gr. fyrir: „og er honum þá skylt að greiða hæfilegt útsvar til sveitar“ komi: „og er þá sveitarstjórn eður niðurjöfnunar-nefnd heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn eður bæjarbúa.
3. Fyrirsögnin orðist þannig: „Frumvarp til laga um bátfiski á fjörðum“.

Nd. **123. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga viðvíkjandi lokuðum bögglum, er sendir eru með landpóstum á vetrum (66). — Frá Páli Ólafssyni, Jóni Þórarinssyni, Þorláki Guðmundssyni, Sigurði Stefánssyni, J. Jónassen og Þorsteini Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »50 aurar fyrir hvert pund«, komi: 30 aurar fyrir hvern bögguł allt að punds þunga, og 1 kr. fyrir hvert pund, sem fram yfir er.

Ed. **124. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög 29. febr. 1884, er breyta tilskipun 5. sept. 1794. Frá Arnljóti Ólafssyni og Friðrik S. Stefánssyni.

1. gr. Heimilt skal mönnum þeim, er hafa um hönd lækningar, þótt eigi sjeu þeir löggiltir til læknisstarfa til jafns við reglulega lækna, að láta úti og selja meðul þau, er þeir nota við lækningar sínar. En skylt er þeim að kaupa meðul sín eður og meðala-efni hjá lyfsölumönnum ríkisins.

2. gr. Verði þessir menn uppvísir að því, að hafa gjört skaða með meðala-útlátum eður meðala-sölu, skal það varða þeim sömu hegning, sem til er tekin í lögum 29. febr. 1884. En fyrir brot gegn einkaleyfi lyfsölumanna skulu sektir koma allt að 200 kr., er renna í landsjóð.

3. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr. Ákvæði 30. gr. í tilskipun 4. desbr. 1672 eru úr lögum numin.

Nd. **125. Frumvarp**

til laga um aðför. Eptir 3. umr. í Ed.

1. kafli.

Almenn skilyrði fyrir aðför.

1. gr. Aðför má gjöra eptir:

1. dómum og úrskurðum, upp kveðnum af löglegum dómstólum í ríkinu.
2. sáttum, er komizt hafa á fyrir löglegum sáttanefndum í ríkinu, dómstólum eður yfirvöldum þeim, er í lögum er boðið að leita um sættir í þeim málum, er ræðir um.
3. þinglesnum veðbrjefum með þeim skilyrðum, sem til eru tekin í lögum nr. 29, 16. desbr. 1885, 15. og 16. gr.

Um lögtak, útburðar- og innsetningargjörðir án undanfarinnar lögsóknar og dóms fer eptir reglum þeim, er til þessa hafa gildar verið.

2. gr. Aðför skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti gjöra, og nefnist hann þá fógeti.

Hann kveður til aðfarar með sjer tvo áreiðanlega menn sem votta. Þeir eru jafnframt án sjerstaks umboðs rjett komnir til að framkvæma þær virðingar og aðrar álitsgjörðir, er fyrir kunna að koma við aðförina. Sjeu þeir ekki færir um að meta það rjett, sem undir virðingu ber, kveður fógeti aðra til þess hæfa. Vottarnir og eins þeir, er til virðinga eru kvaddir, skulu í fógetabók rita undir yfirlýsingu upp á æru sína og trú um það, að þeir skuli virðingar af hendi inna eptir beztu sannfæringu.

3. gr. Nú vill maður aðfarar beiðast, og skal hann snúa sjer um það til fógeta og hafa með sjer eptirrit af dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður af frumriti veðbrjefsins og jafnframt gefa fógeta allar þær skýrslur, er hann að öðru leyti þarf til þess að kveða á um aðförina.

Ef skuldin sjálf, auk málskostnaðar og vaxta, er bætzt hafa við frá byrjun málssóknar, fer fram úr 200 kr. eða virði þess, skal aðfarar beiðast skriflega. Að öðrum kosti nægir munnleg beiðni, er fógeti síðan færir til bókar.

4. gr. Það er skilyrði fyrir aðför, að dómurinn eða úrskurðurinn sje í lögmætu formi. Ef svo er, á fógeti eigi að rannsaka það eður dæma um, hvort á kunni að vera þeir gallar eða brestir, er öðrum úrslitum mundu valda, ef áfrýjað yrði.

Fógeti skal því að eins aðfarar synja, að dómurinn eða úrskurðurinn sje eigi upp kveðinn af löglegum dómstóli eður yfirvaldi, er vald hafi til að upp kveða aðfararhæfa úrskurði, eður að honum samkvæmt efni sínu verði eigi fullnægt.

5. gr. Ef gjöra skal aðför eptir sátt, á fógeti að skera úr um allar varnir, er fram koma gegn gildi sáttarinnar, hvort heldur hún er á komin fyrir sáttanefnd, dómi eða yfirvaldi; þó má úrskurður fógeta, að því er dóm-sátt snertir, í engu hreifa við gjörðum dómarans.

Nú er í sáttinni frestur veittur kröfunni til fullnægingar, eður hún skilyrði bundin, eður svo er tilskilið, að hvorirtveggju skulu nokkuð af hendi inna, og verður þá eigi af aðför, nema sáttin sjálf eður önnur opinber skjöl beri það með sjer, eður skuldunautur kannist við, að fresturinn sje útrunninn eða skilyrðinu fullnægt, eður að sátthafi hafi af sinni hálfu innt það af hendi, er honum bar, eður við aðförina bjóðist til þess löglega, ef þá er eigi um seinan.

6. gr. Aðalreglurnar í 5. gr. um sættir eiga og við um veðbrjef, er um getur í 1. gr., 3. lið.

7. gr. Aðför má gjöra eptir dómi og úrskurði, þá er liðinn er fullnægingarfrestur sá, er til er tekinn, enda hafi dóminum eða úrskurðinum eigi verið áfrýjað. Ef enginn frestur er til tekinn í dóminum eða úrskurðinum, má þegar í stað aðför gjöra. Nú hefur tekin verið út stefna til áfrýjunar, og sker þá fógeti úr, eptir núgildandi reglum, hvort varnað geti aðfarar.

8. gr. Eptir sátt má aðför gjöra, þegar er skuldin eptir henni er komin í gjalddaga. Um aðför eptir veðbrjefum fer eptir 15. gr. í áðurnefndum lögum 16. desbr. 1885.

9. gr. Aðfararrjettur týnist að eins fyrir 20 ára fyrning. En ef dómhafi lætur meir en eitt ár líða frá því, er aðför gat fram farið, og dómfelldi á heimili á Íslandi, er mönnum er kunnugt um, þá er hann skyldur til með nótaríal-áskorun eður með áskorun, er hann lætur hlutaðeigandi stefnuvotta birta dómfellda, að skora á hann að fullnægja dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður veðbrjefinu; og má þá eigi aðför gjöra fyr en liðnar eru 3 vikur frá þessari áskorun.

10. gr. Ákvæði þau, er hjer fara á eptir um dóma, gilda og um sættir og aðrar aðfararheimildir, þó með þeim afbrigðum, er af eðli málsins leiða.

II. kafli.

Um aðför eptir dómum, sem eigi dæma menn í peninga-útlát.

11. gr. Nú er maður með dómi til annars skyldaður en peninga-útláta, og skal þá, nema þegar svo stendur á, sem segir í 12.—14. gr., til peninga meta, hve miklu það varði dómhafa að fá dóminum fullnægt, og síðan fjárnámi heimta peningagjaldið eptir

reglum þeim, er getur um í næsta kafla, enda hafi eigi, eptir að dómur var upp kveðinn, ómögulegleiki eða önnur atvik, samkvæmt almennum borgaralegum lögum, leyst dómfellda frá því, að fullnægja dóminum, án þess þau jafnframt hafi bakað honum skaðabótaskyldu.

Sje eigi í dóminum ákveðið peningagjald í stað þess, er upprunalega skyldi af hendi inna, vegna þess, að engin varakrafa var gjörð um það við rekstur málsins, getur dómhafi við aðförina látið ákveða upphæð þess.

Venjulega skal fógeti ákveða peningagjaldið með aðstoð vottanna (2. gr.); en hafi þeir eigi nægilega þekkingu til þess, getur hann kvatt aðra sjer til aðstoðar, og lætur þá áður vinna sjer eið.

Ef kostur er á, skal fógeti til kalla dómfellda, svo að hann fái komið með hvers konar upplýsingar og yfirlýsingar, áður til tekið sje peningagjaldið.

Sjálfur metur fógeti því næst og til tekur gjald þetta eptir málavöxtum, en þarf eigi að fara eptir áliti vottanna eður þeirra, er í stað þeirra voru til kvaddir. Einkum á hann að annast um, að dómhafi fái fullar bætur, og, ef hann er í efa nokkrum, þá heldur að til taka ríflegar bætur, en eiga það á hættu, að dómhafi biði tjón af því, að dóminum varð eigi fullnægt.

Ef dómhafi höfðar mál til hegningar samkvæmt 16. gr. fyrir það, að hinn fullnægir eigi dóminum, má til taka peningagjaldið með dómi í þessu máli í stað þess að gjöra það við aðförina.

12. gr. Ef maður er dæmdur til að víkja af fasteign eður selja dómhafa nokkur umráð hennar, skal fógeti, ef því verður við komið, með útburði dómfellda og innsetning dómhafa eða á annan hátt því líkan þröngva honum til að hlýðnast dómsákvæðinu.

13. gr. Ef maður er með dómi skyldaður til að láta einhvern hlut af hendi, á fógeti sömuleiðis að taka hlutinn með valdi, eður með annari líkri þvingunaraðferð að framkvæma dómsákvæðið. Finnist hluturinn eigi, er til skal taka, getur dómhafi heimtað, að fyrir komi peningagjald, svo sem segir í 11. gr., og það því næst tekið fjárnámi.

14 gr. Ef maður er dæmdur verk að vinna eður eitthvert slíkt starf af hendi að leysa, getur fógeti leyft dómhafa, ef hann fer fram á það og það þykir hægasti og beinasti vegurinn fyrir hann til að ná rjetti sínum, að fá aðra til að vinna verkið, og því næst að heimta af hinum með fjárnámi það, er hann varð að borga fyrir verkið eptir reikningi, sem fógeti hefur samþykkt. Sje maður dæmdur til að gefa út eða rita undir skjal nokkurt, getur fógeti gjört það með sömu verkun eins og hefði hann til þess haft umboð hans.

Ef manni með dómi er veitt leyfi til að hafast eitthvað að, gegn því að bæta tjón það, er af leiðir, eða ef maður er með dómi skyldaður til að vinna eitthvert verk mót því að fá kostnaðinn við það bættan af dómhafa, þá er fógeti skyldur til, ef þess verður krafizt, og ef þörf gjörist með aðstoð þeirra manna, er vit hafa á, að leysa úr spurningum, er snerta framkvæmd slíks dóms, og að ákveða peningagjald það, er greiða skal, þá er dóminum verður fullnægt.

15. gr. Ef manni með dómi er boðið að láta eitthvað ógjört, getur dómhafi, ef brotið er móti boðinu, og eigi er í dóminum til tekið, hverri ábyrgð slíkt sæti, látið við aðför meta til peninga bætur fyrir brotið svo sem segir í 11. gr., og síðan fjárnámi taka. Ef dómhafi höfðar mál til hegningar samkvæmt 16. gr. fyrir brotið, má með dómi í þessu máli ákveða bæturnar í stað þess að láta fógeta gjöra það.

16. gr. Nú lætur maður af mótþróa fyrir farast að fullnægja dómi, er leggur fyrir hann að gjöra eitthvað, eða maður af ásettu ráði brýtur á móti dómboði um að láta eitthvað ógjört, og getur dómhafi þá, hvort sem hann fer fram eptir ákvæðum 11.—15. gr. eða eigi, höfðað mál á hendur hinum og fengið hann dæmdan í sektir eða fangelsi. Fullnægi hann síðar dóminum að öllu leyti, fellur hegningin niður, eða stöðvast, ef hann þegar er farinn að úttaka hana, og eins er um það, þegar dómhafi með því að fara eptir 11.—15. gr. hefur náð rjetti sínum eður fengið trygging fyrir honum.

Þá er fallinn er hegningardómur, er það skylda löggæzlumanna að veita dómhafa fulltingi sitt til að ná rjetti sínum, ef hann beiðist þess, með því að leita uppi og taka af dómfellda þá hluti, er hann er dæmdur til að láta af hendi, hamla honum í að fremja brot gegn dóminum, ónýta aðgjörðir hans, er koma í bága við rjett dómhafa og því um líkt.

17. gr. Með undanfarandi greinum er í engu fyrirgjört rjetti dómhafa til að neyta bráðabyrgðar-rjettaraðfara til tryggingar fyrir því, að dóminum verði fullnægt.

III. kafli.

Um aðför eptir dómum, er dæma menn í peninga-útlát.

18. gr. Ef maður er dæmdur til að borga peninga, má aðför gjöra með fjárnámi í eignum hans. Að því, er snertir sektir, sem dæmdar eru í einkamálum, þá skal farið eptir reglunum um aðför eptir sektadómum.

Eigi má setja menn í skuldafangelsi.

Hinar sjerstaklegu þvingunarreglur, er gilda um heimtu á framfærslueyri með barni eða konu, sem yfirgefin er af manni sínum eða skilin við hann að borði og sæng, skulu halda gildi sínu.

19. gr. Eigi skal fjárnámi taka meir en það, sem eptir virðing vottanna nægir til að fullnægja dóminum, og fyrir því, sem dómhafi krefst og fógeti metur að ganga muni til lögboðinna eða annara nauðsynlegra rjettargjalda og kostnaðar, svo sem við flutning á munum, geymslu þeirra til uppboðs m. m., og enda sje áður tekið frá svo mikið sem þörf þykir vera til þeirra, er forgöngurjett kunna að hafa.

20. gr. Aðför fer fram eptir þeim reglum, sem hjer fara á eptir, annaðhvort með því móti að fógeti tekur fjárnámi til sölu við uppboð lausafje eður fasteignir af dómfellda til handa dómhafa, eður skuldir sem dómfelldi á hjá öðrum, eða að fógeti með námsgjörð tekur rjettinda-umráð af dómfellda, og lætur annan hafa þau í hans stað.

Ef lögbönd eru á fjenu eður það hefur áður verið fengið öðrum að fjárnámi, má taka það fjárnámi, er þá stendur hinu að baki.

Ef reiðu peningar eru fyrir, borgar fógeti dómhafa þá umsvifalaust uppí skuldina. Dómhafi getur ekki skorazt undan að taka við borgun í kröfum upp á sjálfan hann, er í gjalddaga eru komnar, og hann kannast við að rjettar sjeu.

21. gr. Í arði og tekjum fasteigna má fullnægingar leita með svo felldu móti, að fógeti lætur annan hafa umráð eignarinnar dómhafa í hag, og lætur tekjurnar ganga upp í skuldina á sama hátt sem peninga, er koma inn við nauðungaruppboð.

22. gr. Nú er fjárnám gjört í leigu- eða byggingarrjettindum fasteigna, enda sje eigi með því gengið á rjett eiganda, og skal þá farið eptir því, sem segir í næstu grein á undan.

23. gr. Meta skal fje, er fjárnámi er tekið, til þess, er ætla má að það seljist við uppboð undir venjulegum kringumstæðum að frádregnum uppboðs- og innheimtu- kostnaði.

Þá er teknar eru fjárnámi kröfur, rjettindi eða arður og tekjur fasteigna, skal engar virðingar á leggja, en farið eptir álitum um það, hve mikið skuli fjárnámi tekið og jafnframt haft tilhlýðilegt tillit til gjalda og kostnaðar, er af þeirri aðferð leiða.

24. gr. Dómfelldi eður sá, sem er við aðförina fyrir hans hönd, á rjett á að segja til þeirra muna, er fjárnámi skuli taka, og getur dómhafi eigi haft á móti því, svo framarlega að þessir munir sjeu að mati eður áliti fógetavottanna hæfileg trygging fyrir skuld þeirri, er ná skal inn.

Þó þarf dómhafi hvorki að ganga að fjárnámi í fasteignum, ef lausafje er til eða kröfur honum til fullnægingar, nje í lausum aurum, sem mjög mundi erfitt að geyma eður selja, nje í kröfum, er álíta má umþrættar eða óvissar. Ef hægt er að fá fjárnám til uppboðssölu, verður dómhafi eigi skyldaður til að leita fullnægingar á annan hátt. Ef til er annað fje, þarf dómhafi eigi að ganga að fjárnámi í munum, er aðrir hafa fengið að fjárnámi á undan honum, eður einhvern þann rjett yfir, er hann yrði að standa að baki.

25. gr. Segi dómfelldi eigi til eða einhver fyrir hans hönd, má dómhafi til taka þá muni, er taka skuli fjárnámi.

Þó skal fógeti gæta þess, að þeir munir sjeu fyrst teknir, er dómfelldi helzt megi án vera; skal því hvorki fjárnám gjöra í nauðsynlegri áhöfn jarðar af gangandi peningi, nje í ómissandi vinnu-áhöldum, nje í smíðatólum eður öðrum þeim munum, er dómfelldi getur alls eigi án verið í atvinnu sinni, nema eigi sjeu til aðrir þeir hlutir, er hann heldur geti misst.

Ef taka skal fjárnámi hey, áburð, eldsneyti eða byggingarefni, og svo er ástatt, sem segir í 9. gr. laga nr. 1, 12. janúar 1884, þá skal fara eptir fyrirmælum þessarar greinar.

26. gr. Ef fjárnám skal gjöra eptir því, sem segir í 21. gr., smbr. 22. gr., þá skal fógeti selja hlutaðeigandi eign öðrum til forráða, er hann til þess kveður, og bjóða leiguliða eða hverjum sem er að greiða honum afgjöld öll, og að öðru leyti gjöra þær þvingunarráðstafanir, er þurfa þykir til þess að arður og tekjur eignarinnar komi dómhafa að notum.

Þessi forráðamaður gjörir reikningsskil á þeim tímum, er fógeti til tekur, fyrir tekjum eignarinnar, og skilar fógeta, eins og hver annar innheimtumaður, afganginum að frádregnum umboðskostnaði, þarmeð talin þóknun handa sjálfum honum.

Þegar dómhafi hefur fengið skuld sína borgaða með áföllnum leigum og kostnaði, fær skuldunautur eign sína aptur.

Fógeti leysir úr öllum spurningum um reikningsskilin, eignarforráðin og hvenær þeim skuli aptur skilað skuldunaut, þá er um slíkt koma fram kærur eður mótmæli af hálfu dómhafa, skuldunauts eður annara, er hlut eiga að málum.

27. gr. Eigi má fjárnámi taka af skuldunaut rúm og sængurföt, er nauðsynleg eru honum, konu hans og börnum, er hjá honum eru, nje heldur lín og íveruföt, er þau mega eigi án vera.

Skuldunautur getur og undan skilið frá fjárnámi hina helztu lífsnauðsynja-muni, eður muni, er nauðsynlegir eru honum við atvinnu hans, ef eigi nema meiru að virðingarverði en 20 kr., eða 120 kr., eigi hann heimili fyrir að sjá. Þó nær þetta eigi til skulda, sem eru til komnar, áður en þessi lög öðlast gildi. Þessa muni er honum sjálfum heimilt frá að taka eptir geðþótta; sje hann eigi við staddur aðförina, skal þeim,

er fyrir eru á heimilinu, gefinn kostur á að gjöra það. Þenna rjett til að undan skilja muni fyrir tiltekið verð eiga menn þó eigi, þá er skattar eða önnur opinber gjöld eru tekin fjárnámi, og heldur eigi verða munir undanskildir, sem veðsettir eru fyrir skuld þeirri, er fjárnámi skal heimt.

28. gr. Fjárnám má að eins gjöra í rjettindum, er fengin eru, þegar það fer fram, en eigi í þeim, sem menn síðar kunna að eignast, svo sem í arfi, er menn eiga í væntum.

Fjárnám má gjöra í skuldum, er dómfelldi á að öðrum, þótt skilyrðum sjeu bundnar eða eigi komnar í gjalddaga, ef að eins er hægt að segja til þeirra og ákveða með nægilegri vissu.

Þegar samningur til skilur, að hvorirtveggju aðilar skuli nokkuð af hendi inna, má eigi fjárnám gjöra í því, sem skuldunautur á kröfu til af hinum, ef hann hefur eigi þegar sjálfur uppfyllt samninginn af sinni hálfu, og það, er hann á af hendi að inna, er eigið verk hans eður vinna eða eitthvað annað það, er sá sem fjárnáms leitar, er eða verður eigi við fjárnámið fær um að láta í tje eða framkvæma.

Þetta skal þó í engu vera því til fyrirstöðu, að menn nú sem fyrr geti haldið sjer til vinnukaups skuldunauts eða annara tekja hans þvílíkra, þegar heimta skal af honum framfærslueyri með barni hans eða konu, sem hann hefur yfirgefið eða er skilinn við að borði og sæng.

29. gr. Nú er það löglega bundið samningi við annan mann eða ákvæði hans, að lánardrottnar skuli engrar fullnægingar mega leita í tilteknum munum, og má þá eigi fjárnámi taka, enda þótt rjett væri, ef svo væri eigi til skilið.

30. gr. Eigi má fjárnámi taka laun embættis- eður sýslunarmanna eða þvílíkar tekjur, eigi biðpeninga, eptirlaun eða því um lík styrktarfje, er greiðist úr lands- sveitar- eða öðrum opinberum sjóðum, nema í gjalddaga sjeu komin.

31. gr. Fjárnámi eru ennfremur undan þegin:

1) dagpeningar og þvílík gjöld til embættismanna eður annara, er opinberum störfum gegna, svo og ferðakostnaður og kostpeningar, er borgaðir eru tilkvöddum vottum eða virðingamönnum; 2) framfærslueyrir með konu eður barni, ef tiltekinn er með yfirvalds úrskurði, sátt eða öðru slíku ákvæði; 3) styrkur til fátækra, er stofnaunir eða velgjörðafyrirtæki veita, svo og hverskonar sveitarstyrkur.

32. gr. Eigi er lífeyrir, forlagseyrir, lífsábyrgðarfje eður þesskonar tekjur, er menn hafa keypt sjer eða öðrum með fjárframlagi, undan þegnar fjárnámi, nema sjerstakleg lagaheimild sje fyrir, eður svo hafi löglega verið um samið eða ákveðið í fyrstu.

IV. kafli.

Um aðförina sjálfa og um rjettarfarið.

33. gr. Þegar aðfararheimild er fyrir hendi, og fógeti álítur að öðru leyti ekkert því til fyrirstöðu að verða við beiðni um aðför, til tekur hann stund til aðfarar svo sem verða má eptir óskum dómhafa.

Aðför skal að jafnaði hefja að heimili dómfellda, nema þegar fógeta þykir eptir atvikum vera ástæða til út af að bregða.

Ef dómur dæmir mann til að fram selja muni eður af hendi að láta, má aðför hefja þar, er þeir eru fyrir.

Nú á dómfelldi eigi heimili á Íslandi, og er þá rjett aðför að hefja þar, er hann verður fyrir, eða munir hans eru, sem til fullnægingar má nota.

34. gr. Eigi verður af aðför nema dómhafi sje viðstaddur eða annar löglega um kominn hans vegna.

Eigi tálmar það aðför, þótt dómfelldi sje eigi viðstaddur. En sje heldur eigi neinn viðstaddur í umboði hans, skorar fógeti á konu hans, börn eldri en 18 ára, hjú eður aðra fullorðna heimilismenn að taka málstað hans. Ef engi þessara manna er viðstaddur eða vill takast það á hendur, skal beina líkri áskorun að þeim, er hann býr hjá, húsbónda eða þeim, sem á yfir honum að segja, ef einhver sá er viðstaddur.

35. gr. Gjörðin hefst með því, að fógeti skorar á hlutaðeiganda að borga skuldina og kostnað þann allan, er dómfellda ber að greiða, svo eigi verði af frekari aðför. Verði það eigi gjört, heldur fógeti gjörðinni áfram eptir beiðni dómhafa samkvæmt reglunum í II. og III. kafla.

36. gr. Dómfelldi er skyldur að boði fógeta að ljúka upp herbergjum sínum og hirzlum, ef dómhafi fer fram á það, svo að sjeð verði, hvort þar sjeu geymdir munir, sem gjört verði fjárnám í. Skorist dómfelldi undan því, eða ef engi er sá viðstaddur, er geti gegnt boðinu, má fógeti beita valdi. Ef þörf gjörist, getur fógeti og leitað á dómfellda sjálfum, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi fjármuni á sjer geymda.

37. gr. Skyldur er skuldunautur, ef skorað er á hann við aðförina, að segja satt og rjett til um það, hvað hann eigi til tryggingar eður lúkningar skuld sinni, og láta að öðru leyti í tje allar þær skýrslur, er nauðsynlegar eru og að þessu lúta. Sje skuldunautur eigi viðstaddur, getur aðfararbeiðandi fengið gjörðinni frestað og skuldunaut boðað á mót með sjer með fyrirvara, sem fógeti tiltekur: þetta mót getur aðfararbeiðandi krafizt að haldið sje á skrifstofu fógeta.

Nú færist skuldunautur undan því, að láta í tje skýrslur nokkrar, eður lætur undan fallast án löglegra forfalla, að mæta við framhald gjörðarinnar, og á þá aðfararbeiðandi heimting á, að hann sje settur í einfalt fangelsi og hafður þar, þar til er hann uppfyllir skyldu þessa, þó aldrei lengur en 6 mánuði.

38. gr. Ef skuldunautur, meðan á aðför stendur, eða um það leyti, er hann hlaut að sjá hana fyrir, hefst eitthvað það að af eigingirni til að firra lánardrottinn sinn borgun, er miðar til þess, að koma lögmætum eignum sínum eða kröfum undan fjárnámi, þá varðar það hegning eptir 262. gr. hinna almennu hegningarlaga.

39. gr. Innan þeirra takmarka, er getur um í 4. gr., mega koma fram varnir af hálfu dómfellda gegn því, að aðför fari fram í heild sinni eða að einhverju leyti eða á þann veg, sem haldið er fram.

Um fram komin mótmæli hefur dómhafi rjett til að láta uppi álit sitt.

Fógeti ræður því, hvort fram megi fara frekari sókn og vörn um ágreiningsefnið.

40. gr. Ef gjörðin mundi ganga of nærri rjetti annars manns, á hann og rjett á að mótmæla aðförinni. Hann mætir þá við gjörðina, lætur færa til bókar mótmæli sín, og biður um úrskurð fógeta; ber þar eptir að skoða hann sem málsaðila í gjörðinni.

41. gr. Sókn og vörn fyrir fógeta skal fram fara munnlega.

Fógeti leggur úrskurð sinn á þrætumálið samkvæmt framburði og játningu málsaðila, og framkomnum skjölum og öðrum skriflegum skilríkjum. En vitnaleiðslur, skoðunar- og álitagjörðir, máli til sönnunar, mega að jafnaði eigi fram fara.

Fógeti skal leiðbeina málsaðilum samkvæmt grundvallar-reglunum í tilskipun 15. ágúst 1832.

42. gr. Í fógetabók skal til greina:

a, stað og stund, er gjörðin skal fram fara, nöfn málsaðila, og hver sje aðfararheimildin.

b, nafn fógeta og vottanna.

c, hvernig gjörðin hafi yfir höfuð að tala farið fram.

Verði ágreiningur um fram komnar kröfur, skal til færa þær orðjettar.

Enn fremur skal fógeti bóka, eins og honum þykir þörf vera, frásögu málsaðila um það, hversu mál sje skapað, þó eigi orðjetta, en svo að engu verulegu sje sleppt.

Hið bókaða skal síðan upp lesið og samþykkt.

43. gr. Frest má að jafnaði engan veita, meðan á gjörðinni stendur, nema málsaðilar sjeu ásáttir. En stöðvað getur fógeti sókn og vörn, ef nauðsyn ber til, en án þess að gjörðin þar með sje rofin. Fógeti skal þá, ef dómhafi krefst, láta hafa gætur á því, eða á annan veg gjöra þær ráðstafanir, er nauðsynlegar sjeu til þess, að allt standi í sömu skorðum, þar til er gjörðin aptur verður upp tekin. Skal málsaðilum skýrt frá, hvenær það verður.

44. gr. Eptir að sókn og vörn er lokið um upp kominn ágreining, leggur fógeti þegar í stað, eða svo fljótt sem verða má, úrskurð sinn á málið.

Úrskurður skal rökstuddur vera, og skal bóka hann orðjettan.

Eigi hindrar áfrýjun framkvæmd á honum.

45. gr. Í fógetabók skal rita með nákvæmni hvern einstakan mun, er fjárnám er gjört í, og virðingarverð hans við.

Því næst kveður fógeti svo á í bókinni, að hinir uppskrifuðu munir sjeu teknir fjárnámi, fjárnámshafa til fullnægingar, og lætur dómfellda vita, að upp frá þessu varði það hegningu, að gjöra nokkrar þær ráðstafanir um muni þessa, er komi í bága við rjett dómhafa. Sje dómfelldi eigi viðstaddur, skal þeim, er til kvaddir eru fyrir hans hönd samkvæmt 34. gr., boðið að skýra honum frá þessu, og eptir atvikum má og tilkynna það þeim manni, er fjeð er hjá, er fjárnámi var tekið.

46. gr. Þegar fjárnám er gjört í fasteign, en eigi í arði hennar og tekjum, heldur hún áfram að vera í umráðum skuldunauts, þar til er nauðungaruppboð fer fram, nema svo reynist, að hún spillist af hans völdum eða rýrni, og getur fógeti þá fengið öðrum forráð hennar.

Fjárnámsgjörðina skal þinglesa, eigi hún að hafa gildi gagnvart öðrum, er með löglegum samningum kynnu að eignast rjettindi yfir fasteigninni. Skal gjörðina lesa á varnarþingi, þar er fasteign liggur undir, eptir reglum þeim, er um veðsetning fasteigna gilda.

47. gr. Lausafje, er fjárnámi hefur verið tekið, hefur skuldunautur eigi rjett til að hafa í vörzlum sínum, ef sá vill eigi, er að fjárnámi fjekk munina, nema skuldunautur setji viðunanlega trygging fyrir því, að þeir varðveitist hjá honum óskertir; en fjárnámshafa skal að jafnaði heimilt vera, að taka munina til sín til geymslu, en gegn trygging, ef verð þeirra fer að mun fram úr kröfu hans.

Verði munirnir eigi í vörzlum skuldunauts, og fjárnámshafi tekur heldur eigi við þeim, annaðhvort fyrir því að hann má það eigi samkvæmt því er nú var sagt, eður hann vill eigi takast geymsluna á hendur, skal fógeti gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til geymslu þeirra á kostnað dómfellda.

48. gr. Ef skuldabrjef eru tekin fjárnámi til sölu við uppboð, skal á þau rita um fjárnámið, ella hefur það eigi gildi gagnvart þeim, er síðar fær þau til eignar eða að veði,

og eigi vissi um fjárnámið, eða gagnvart skuldunaut sjálfum, er án þess að vita af fjárnáminu hefur síðar borgað af skuldinni til þess, er fjárnámið var gjört hjá, gegn kvittun hans á sjálft brjefið eður gegn afhending þess.

Ef fjárnámi eru teknar krōfur annarar tegundar, skal skuldunaut skýrt frá því, annars leysist hann frá skuld sinni með því að borga hana í góðu trausti þeim, er fjárnámið var gjört hjá. Hið sama er, ef skuldunautur borgar leigur af skuldabrjefi sínu.

49. gr. Ef sá hlutur, er tekinn var fjárnámi, verður eigi fenginn fjárnámshafa eða þeim, er fógeti hefur til tekið, fyrir því að einhver annar maður hefur rjett til að hafa hann í sínum vörzlum, skal fógeti eptir atvikum, ef fjárnámshafi beiðist þess, tilkynna þessum manni, að skuldunautur eigi ekki rjett á því að taka við honum, þegar að því kemur að hann eigi að skila honum úr sínum vörzlum.

50. gr. Þegar gætt hefur verið ákvæða þeirra, er að framan getur, þá missir fjárnámshafi eigi þann rjett, er fjárnámið veitir honum til þess að ná með löglegri aðferð borgun í munum þeim, er fjárnámi voru teknir, enda þótt skuldunautur síðar deyi eða verði gjaldþrota, eða aðrir gjöri fjárnám hjá honum, og eigi getur skuldunautur heldur síðar selt nokkrum öðrum manni nein rjettinda-umráð yfir munununum, er á nokkurn hátt megi skerða rjett fjárnámshafa.

Þó missir sá, er fengið hefur lausa aura að fjárnámi, er haldizt hafa í vörzlum skuldunauts, fjárnámsrjettinn gagnvart lánardrottnum skuldunauts, verði hann gjaldþrota eða þeir gjöra fjárnám hjá honum, ef fjárnámshafi hefur eigi innan 12 vikna frá því, er fjárnámsgjörð var lokið, komið fram nauðungaruppboði, eða hann með nýrri aðför hefur komið fjenu úr höndum skuldunauts, enda hafi honum eigi verið varnað sölunnar með áfrýjun, eður rjettindi annara verið því til fyrirstöðu.

51. gr. Ef svo reynist við nauðungaruppboð, að sölu-andvirðið hrökkur eigi fyrir krōfu fjárnámshafa, eður ef fjárnámshafi, er eigi hefur fengið fjárnám fyrir fullri krōfu, getur vísað á muni, er taka megi fjárnámi, má fjárnámið upp taka af nýju, og því fram halda eptir áðurgreindum reglum. Hins vegar getur sá, er fjárnám hefur verið gjört hjá, krafizt þess að gjörðin skuli upp tekin af nýju, og fjárnámið látið niður falla að öllu eða einhverju leyti, hafi skuld sú verið borguð að öllu eða nokkru, eptir að fjárnámið fór fram, er það var gjört fyrir.

Svo getur og fógeti eptir beiðni dómhafa upp tekið gjörðina til þess að gjöra nýjar ákvarðanir um geymslu og umsjón þess, er tekið var, þegar áfrýjun á fjárnámsgjörð veldur því, að miklu lengur líður þar til er uppboð fer fram en ella hefði verið, eða þegar tilefni þykir til þess vegna meðferðar dómfellda á munum þeim, er teknir voru fjárnámi, en látnir vera í vörzlum hans, eða vegna kostnaðar við geymsluna eða annara hluta vegna.

52. gr. Loks má og upp taka gjörðina af nýju í öðrum tilfellum, en þeim, er nefnd eru í 51. gr., sbr. 50. gr., 2. lið, þegar annarhvor málsaðila beiðist þess eða aðrir, og allir þeir samþykkja, er hlut eiga að máli.

53. gr. Um áfrýjun á aðför fer eptir almennum málskotareglum.

Ed. **126. Viðaukatillaga**

við frv. um stofnun lagaskóla (100). — Frá Jóni Ólafssyni.

Aptan við frv. bætist ný grein:

»Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er alþingi hefur í fjárlögum veitt fje til skólans«.

Ed. **127. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um löggilding verzlunarstaða á Vogavík og Þórshöfn í Gullbringusýslu (94). — Frá Jóni Ólafssyni.

Aptan við frv. bætist: »Þó veitir löggildingin eigi heimild til verzlunar með áfenga drykki á þessum kauptúnum«.

Ed. **128. Frumvarp**

til laga viðvíkjandi lokuðum bögglum, er sendir eru með landpóstum á vetrum. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Burðareyrir fyrir lokaða böggla, sem sendir eru með landpóstum frá veturnóttum til sumarmála, skal vera 25 aurar fyrir hver 25 kvint.

2. gr. Heimild póstmanna til að neita að taka til flutnings böggla, þyngri en eitt pund, samkvæmt 4. gr. í lögum 4. nóvbr. 1881 um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breyting á sömu tilskipun, er hjer með úr lögum numin.

Ed. **129. Frumvarp**

til laga um breyting á 4. gr. í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877. — Eptir 3. umr. í Nd.

Vestmanneyjasýslu og Rangárvallasýslu skal sameina í eitt lögsagnarumdæmi svo fljótt, sem því verður við komið. Eptir að sameiningin er komin á, eru laun sýslumannsins í lögsagnarumdæmi þessu 3500 kr., og skal fela sjerstökum manni umboð Vestmanneyjasýslu-jarða gegn venjulegum umboðslaunum.

Nd. **130. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um Söfnunarsjóð Íslands.—Frá Ólafi Briem, Árna Jónssyni, Lárusi Halldórssyni, Sigurði Jenssyni, Páli Ólafssyni og Jóni Þórarinssyni.

Við 23. gr. Aptan við orðin: „að það sje fulltryggilegt“ bætist inn í: og landshöfðingi veitir til þess samþykki sitt.

Nd. **131. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tollgreiðslu. — Frá nefndinni.

Við 2. gr. Aptan við greinina bætist: Ef lögreglustjóri þarf að takast

ferð á hendur til að afhenda hinar innsigluðu vörur, skal kaupmaður greiða honum ferðakostnað eptir reikningi.

Nd. **132. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um aðflutningstoll af kaffi, sykri, útlenzku smjöri og óáfengum drykkjum, svo og um afnám ábúðar- og lausafjárskatts, og útflutningsgjalds af fiski og lýsi, að frátekinni síld.

Þess skal fyrirfram getið, að nefndin álítur eigi fulla ástæðu til, að leiða í lög nýjar álögur á almenning, nema því að eins, að jafnframt sje ljett af landsmönnum einhverjum þeim sköttum, sem nú hvíla á þeim að lögum. En þá kemur til skoðunar, hverjir þeir skattar eru, sem þörf er á að af nema. Um útflutningsgjald af fiski og lýsi eru allir nefndarmenn á eitt sáttir, að það sje eigi mjög tilfinnanlegt landsmönnum, með því að það muni að mestu leyti koma niður í verðlagi á ýmis konar útlendum vörum, en að því er snertir ábúðar- og lausafjárskattinn, getur nefndinni eigi dulizt, að hann er bæði þungur og ójafnaðarfullur, enda hefur það verið viðurkennt með því, að hann hefur hvað eptir annað verið lækkaður um helming. Og þótt engin önnur breyting yrði á skattalögunum, virðist nú fremur en nokkru sinni áður nauðsyn bera til, að halda þeirri niðurfærslu, að minnsta kosti um næsta fjárhagstímabil, og að líkindum miklu lengur. En með því að vansjeð er, að landsjóður þoli þann tekjumissi mörg ár í röð, sýnist liggja beinast við að breyta þessum skatti fyrir fullt og allt, og þá um leið að af nema tekjuskatt af atvinnu, sem bæði er óeðlilegur í tilliti til embættismanna, og næsta stopull að því er snertir atvinnutekjur kaupmanna, enda leggst hann að því leyti á vörur þær, er landsmenn kaupa.

Þegar um það er að ræða, hvern gjaldstofn beri að taka í staðinn fyrir ábúð og lausafje og atvinnutekjur, þá geta að vísu skoðanirnar orðið skiptar um það, hvort haganlegra sje að leggja útflutningstoll á landvarning eða aðflutningsgjald á útlendar verzlunarvörur. Nefndin hefur nú komizt að þeirri niðurstöðu, að þegar um það tvennt er að velja, sje aðflutningsgjaldið bæði eðlilegra í sjálfu sjer, og í alla staði aðgengilegra. Af þeim vörum, sem slíkt gjald er ekki áður lagt á, virðist tiltækilegast að tolla kaffi og sykur, og setjum vjer hjer meðaltal af því, sem flutzt hefur til landsins af þessum vörutegundum um 5 ára tímabilið 1880 til 1884:

a, kaffi og kaffibætir, pund 740,000 × 5 a. . . . = 37000 kr.
b, sykur . . . . . — 1,000,000 × 2 - . . . = 20000 —
Mundi því 5 aura kaffitollur og 2 aura sykurtollur hafa numið 57000 kr.

En hjer við er athugandi, að útlit er fyrir, að kaffikaup fari minnkandi í landinu, og þó sykurnautnin fari vaxandi, má búast við nokkrum afföllum frá þessum útreikningi. Ábúðar- og lausafjárskatturinn hefur numið að meðaltali

um sama 5 ára tímabil, þegar ekki er tekið tillit til niðurfærslunnar á honum . . . . . 48000 kr.
og tekjuskattur af atvinnu 1879—81 . . . . . 5400 —
þar af atvinnuskattur kaupmanna . . . . . 2800 —

Af þessu yfirliti sjest, að hinn fyrirhugaði kaffi- og sykurtollur mundi að miklu leyti vega á móti ábúðar-, lausafjár- og atvinnuskatti. Og þareð vjer yfir höfuð álítum óbeina skatta ekki eins tilfinnanlega og beina, viljum vjer ráða hinni háttvirtu þingdeild til, að samþykkja frumvarp það, sem hjer ræðir um, með þeim breytingum, sem nú skal greina:

1. við 1. gr. 1. tölul. Fyrir: „kaffi, exportkaffi og öðrum kaffibæti“ komi: „alls konar kaffi og kaffibæti“.
2. 3. tölul. falli burt.
3. 4. — sömuleiðis.
4. Við 2. gr. Aptan við orðin: „annaðhvort í peningum“ bætist inn í: „eða með ávísun á landsbankann“.
5. Við 8. gr. Fyrir: „sömuleiðis lög 4. nóvember 1881“ o. s. frv. út greinina, komi: „sömuleiðis ákvæði laga 14. desbr. 1877 um tekjuskatt af atvinnu“.

Fyrirsögnin orðist þannig:

FRUMVARP

til laga um aðflutningstoll af kaffi og sykri, svo og um afnám ábúðar- og lausafjárskatts og tekjuskatts af atvinnu.

Alþingi, 20. júlí, 1887.

Ólafur Briem, formaður. Árni Jónsson, framsögumaður. Lárus Halldórsson, skrifari. Eiríkr Briem.

Með að leggja toll á kaffi, get jeg ekki verið samdóma mínum heiðruðu samnefndarmönnum, því jeg álít þann toll að sínu leyti koma þyngst niður á fátækum þurrabúðarmönnum.

Þorlákur Guðmundsson.

Nd. **133. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (102). — Frá Ólafi Pálssyni.

Við 1. gr. bætist nýr töluliður þannig hljóðandi:

15. Hálf jörðin Þykkvibær í Kleifahreppi fyrir 1800 kr.

Nd. **134. Viðauka- og breytingartillaga**

við frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (102). — Frá nefndinni.

Í staðinn fyrir í 1. gr.: »15. Hvol«, komi: 14. ⅓ úr Hvoli.

Nd. **135. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sölu þjóðjarða (82). — Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Aptan við orðin: »er sýslunefnd metur« bætist inn í: og amtsráð samþykkir.

2. — 3. gr. Fyrir orðin: »Andvirði jarðarinnar skal kaupandi borga« komi: »Af andvirði jarðarinnar skal kaupandi borga $^1/_{10}$ hluta, um leið og kaupin eru fullgjörð, en eptirstöðvarnar«; og fyrir orðið »því« komi: þeim.

Nd. **136. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki (59).

Undirskrifaðir nefndarmenn höfum íhugað frumvarp til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki, og viljum hjer með ráða hinni heiðruðu deild til að aðhyllast það með þeim breytingum, er nú skal greina:

1.— 2. gr. orðist svo: Sjóði þessa skal stofna á þann hátt, að allir karlar og konur, sem eru fullra 20 ára og ekki yfir 60 ára, og eru hjú, þar á meðal börn hjá foreldrum, sömuleiðis þeir, sem leyst hafa lausamennskubrjef eður að lögum hafa lausamennskuleyfi og geta stundað nýtilega atvinnugrein, skulu greiða á ári hverju, karlmaður 1 kr. og kvennmaður 30 a. Þó skulu undanþegnir gjaldi þessu þeir, sem fyrir ómaga eða ómögum hafa að sjá, sem og þeir, er fyrir heilsubrest eða af öðrum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi; sömuleiðis þeir, sem á einhvern hátt hafa tryggt sjer fje til framfærslu eptir að þeir eru orðnir 65 ára að aldri.

2.— 3. gr. falli burt.

3.— Við 4. gr. Orðin: »hjú sín og börn eða» falli burt.

4.— Fyrir orðin: »en þeir fá það» til enda greinarinnar, komi: »en rjett er þeim að halda eptir af kaupgjaldi hjúa sinna, það sem þeir hafa borgað fyrir þau».

5.— Við 5. gr. Fyrir orðin: »annast 3 menn» og til enda greinarinnar, komi: »semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar, og senda þær fyrir sama tíma til oddvita bæjarstjórnarinnar; gefa skal hlutaðeigendum kost á, að kynna sjer skýrslur þessar fyrri hlut maímánaðar«.

6.— 6. gr. orðist svo: »Nú álítur einhver sig ranglega talinn á gjaldskrám, er honum þá rjett að kæra það mál fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er hefur fullnaðarúrskurð í því».

7.— Við 7. gr. Fyrir orðin: »á áreiðanlega leigustaði» og til enda greinarinnar, komi: »á vöxtu í sjóði, sem ávaxta almannafje».

8.— Ný grein bætist við, er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Hið árlega gjald leggst í 10 ár samfleytt allt við höfuðstólinn ásamt öllum vöxtum, en frá þeim tíma leggst það að eins hálft við höfuðstólinn og hálfir vextirnir, en hinum helmingnum af hinu árlega gjaldi og vöxtunum skal árlega úthluta; skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir úthluta upphæð þessari heilsulitlum eða ellihrumum fátæklingum, sem heimili eiga í sveitarfjelaginu og eigi þyggja sveitarstyrk, án tillits til, hvar þeir eiga framfærslusveit.

9.— Við 8. gr., er verður 9. gr. Fyrir orðin: »skýrslu um hag sjóðanna og greinilegan reikning fyrir hver árslok og á sama hátt», komi: »fyrir hver árslok skýrslu um hag

sjóðanna og greinilegan reikning, er amtmaður úrskurðar; sams konar skýrslu og reikning senda».

10.— Við 9. gr., er verður 10. gr. Fyrir orðin: »þyki amtmanni — sem í hlut á», komi: »þyki amtmanni eða sýslunefnd nokkrum sjóði hætta búin undir umráðum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, getur hún tekið þau umráð af henni um stundarsakir».

11.— 10. gr. verður 11. gr.

Alþingi, 21. júlí, 1887.

Benedikt Sveinsson.	Eiríkur Briem, skrifari og framsögumaður,	Þorlákur Guðmundsson, formaður.

Nd. **137. Nefndarálit**

í málinu: Um hallærislán og hallærislánabeiðslur.

Að vandlega íhuguðum bæði þeim skýrslum um þegin hallærislán og bænum um ný lán, sem landshöfðingi góðfúslega hefur látið oss í tje, er nefndin komin að þeirri niðurstöðu, sem nú skal segja.

1. Virðast oss þær ástæður, sem í hjeraði hafa verið gefnar fyrir nauðsyn þessara lána, hvergi fullgildar. Hvorki úr Snæfellsnessýslu, Gullbringusýslu (Strandarhreppi) nje Barðastrandarsýslu hafa nein rök verið leidd að því, að »manndauði yfir vofði«, þó svo sje að orði kveðið. Í skránni yfir bjargþrota heimili, sem kom úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, eru t. d. heimili upp talin, þar sem 1—2 pottar mjólkur á dag voru til handa hverju mannsbarni, auk nokkurrar annarar bjargar bæði af kjöti og fiskmeti, og jafnvel kornmat og kálmeti.

Hallærislánabænirnar úr Skagafjarðar og Húnavatns sýslum færa heldur ekki neinar sönnur á, að þar vofi hungursneyð yfir, nema lán fáist. Raunar hafa skepnur fallið að mun í báðum sýslum, og að líkindum sumstaðar úr hor, — þótt ekki sje að sjá, að lögunum um horfelli hafi nokkurs-staðar verið beitt —, en fellirinn hefur hvorki verið svo stórkostlegur og almennur, að þessum sýslufjelögum sje bráður háski búinn, allra-sízt ef tíðin í sumar, eins og út lítur fyrir, verður hagstæð til heyskapar. Mun varla fleira fje hafa fallið í Húnavatnssýslu í vor var, en það sem skorið var niður í tjeðri sýslu um árið sökum fjárkláðans, og þarfnaðist sýslan þá ekki hallærisláns, enda kom fjárstofninn vonum bráðar upp aptur. Frá einum sýslunefndarmanni í Húnavatnssýslu hefur nefndin fengið þá skýringu, að miklu af því væntanlega hallærisláni eigi að verja til »þess, að flytja menn til Ameríku fyrir«, og sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu biður um það í brjefi, dags. 16. júní þ. á., »að helmingurinn að minnsta kosti af því láni«, sem hann biður um fyrir sýsluna, verði »sendur sjer í gulli, með því að seðlar landsbankans ekki sjeu hentugir til matarkaupa í útlöndum«; þetta mun nú vera misskilningur; þar á móti er gullið sjálfsagt hentugra handa vesturförum en seðlar. Að undanskildum Vindhælis og máske Engihlíðar hreppum hefur fellirinn í Húnavatnssýslu ekki verið almennur, og hefur þó í hvorugum tjeðra hreppa fallið helmingur sauðfjár og stórum minna af öðrum peningi, $^1/_5$ og $^1/_6$ af nautpeningi, $^1/_3$ og $^1/_6$ af hrossum. Skýrslan úr Skagafjarðarsýslu er of ónóg til þess, að neitt verði á henni byggt, því þótt hún taki til, hvað fallið hefur, þá getur hún ekki, eins og skýrslan úr Húnavatnssýslu, um

það, hvað eptir sje. Loks ber þess að geta, að sýslufjelögin eiga, eins og hver annar, kost á að fá lán úr landsbankanum, enda mun Húnavatnssýsla þegar hafa sótt um 3200 kr. lán úr honum, og landsjóði skuldar hún áður hjer um bil 7000 kr., þar sem skuld Skagafjarðarsýslu að eins nemur 1000 kr.

2. Samþykki amtsráðsins í heild sinni, samkvæmt 43. (sbr. 26.) gr. sveitarstjórnarlaganna, til þess að lán sjeu tekin, er skuldbinda sýslufjelögin um lengri tíma en árlangt, vantar fyrir 1500 kr. láni til Gullbringusýslu (Strandarhrepps), 2200 kr. fyrir Snæfellsnessýslu, 2600 kr. fyrir Barðastrandarsýslu, 14000 kr. fyrir Húnavatnssýslu, og 12000 kr. fyrir Skagafjarðarsýslu; hefur amtmaður »fyrir hönd amtsráðsins« samþykkt lántökuna, en hvað snertir hin síðastnefndu tvö lán, ber þess að gæta, að þau voru samþykkt á sýslunefndarfundum í báðum sýslum um sama leyti og amtsráðsfundur norður- og austuramtsins var haldinn.

Af þessum ástæðum leggur nefndin til, að þingið ályktí:

1. að áður en nokkurt hallærislán eptirleiðis verður veitt, sjeu útnefndir dómkvaddir menn úr sýslufjelagi, sem ekki er lánþegi, til þess nákvæmlega að rannsaka ástandið í þeim hreppi eða hreppum, sem lánþurfar þykjast vera. Kostnaðurinn við rannsókn þessa greiðist fyrirfram eptir reikningi af jafnaðarsjóði amtsins, en endurgreiðist af því sýslufjelagi, er lánsins beiðist.
2. að oddviti sýslunefndar og formaður amtsráðs aldrei veiti samþykki til lántöku nema að *fyrirfram fengnu samþykki* sýslunefndar og amtsráðs í heild sinni.
3. að það ár, sem alþingi kemur saman, sjeu allar hallærislánabænir frá sýslufjelögum, sem samþykktar eru af hlutaðeigandi amtsráðum sama ár, lagðar fyrir alþingi til ályktunar um, hvort og hvernig lánið skuli veita.
4. að nákvæmar skýrslur um, hvernig hallærislánum hefur varið verið á fjárhagstímabilinu, skuli lagðar fyrir þingið.
5. að vextir sjeu ekki eptir gefnir af hallærislánum, hvorki fyrir lengri eða skemmri tíma.
6. að lánið renni að eins til þeirra sýslubúa, sem eptir áliti hinna dómkvöddu manna eru sannarlega þurfandi.
7. hvað loks snertir lánbeiðslu Húnavatns og Skagafjarðar sýslna, þá skuli fyrst á þann hátt, sem að framan (undir 1. tölul.) er getið, rannsakað ástandið í tjeðum sýslum, áður en lánið er veitt að öllu eða nokkru.

Alþingi, 22. júlí, 1887.

J. Jónassen, skrifari. Grímur Thomsen, formaður og framsögumaður. Sigurður Stefánsson.

Þorlákur Guðmundsson. Þorvaldur Bjarnarson.

Nd. 138. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss í nefnd til að íhuga frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, og viljum vjer í stuttu máli kveða upp álit vort um þetta mál.

Það má svo að orði kveða, að frumvarp það, er hjer ræðir um, sje hið sama sem það, er samþykkt var á alþingi 1885 og 1886. Að vísu hafa nokkrar breytingar verið gjörðar á einstöku greinum frumvarpsins, svo sem á 2., 6., 7., 10., 17., 18., 20., 22., 23., 29., 32., 33., 49. gr. og ákvæðinu um stundarsakir. En þegar þessar breytingar eru nákvæmlega athugaðar, verður það ljóst, að þær alls ekki hagga eða breyta meginsetningum frumvarpsins, heldur miða miklu fremur til að gjöra þær ljósari, ákveðnari og sjálfum sjer samkvæmari.

Þar sem nú nefndin þannig má byggja á því, að í frumvarpi þessu sje lögð hin sama undirstaða til endurskoðaðrar stjórnarskrár fyrir Ísland, sem þegar er búin að ná stjórnskipulegri festu samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar 5. janúar 1874, og hefur við að styðjast allar þær röksemdir, bersýnileg þjóðrjettindi og brýnar þarfir lands vors og þjóðar, er svo margsinnis hafa verið í ljós leiddar og ítrekaðar að undanförnu, — þá er það einsætt, að nefndin hlýtur að komast að þeirri niðurstöðu, að ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarp þetta, er fylgir fram sjálfstjórnarrjettindum Íslands innan svo höglegra takmarka.

Vjer getum eigi leitt hjá oss frá þessu sjónarmiði að minnast á brjef ráðgjafa Íslands til landshöfðingja, dags. 16. okt. f. á., þar sem ráðgjafinn skýrir frá tillögu sinni um synjun konungsstaðfestingar á stjórnarskrárlagafrumv. frá 1885 og 1886. Brjef þetta sýnir, að ráðgjafinn hefur eigi rökstutt synjunartillöguna við annað en eintóma tilvitnun til kgs. auglýs. 2. nóv. 1885, en aðalkjarninn í þeirri auglýsingu var sú mótbára gegn stjórnarskrárfrumvarpi alþingis 1885, að það miðaði til að losa um þau bönd, er hjeldu saman alríkisskipuninni. Þessi mótbára fáum vjer eigi sjeð að eigi sjer annan fót, en úrelta innlimunarstefnu, er stríðir gegn þeim sjálfstæðisrjettindum Íslands, sem berlega eru viðurkennd af hinu almenna löggjafarvaldi ríkisins með lögunum 2. janúar 1871 um stöðu Íslands í ríkinu, og þá að sjálfsögðu einnig með grundvallarlögum ríkisins frá 1849 og 1866; enda komu fram ljósar röksemdir gegn þessari mótbáru við meðferð málsins og umræður á alþingi 1886. Að ráðgjafinn gengur þegjandi fram hjá þessum röksemdum, virðist oss því eptirtektaverðara, sem alþingið 1886 var samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar kvatt saman einmitt til þess að ræða um þá stjórnarbreytingu, sem alþingi 1885 hafði samþykkt. Þannig hefur ráðgjafinn í svari sínu til þings og þjóðar ekki einu sinni leitast við að hnekkja eða veikja þann stjórnskipulega grundvöll, sem frumvarp það, er hjer ræðir um, er byggt á, enda hefur hið almenna löggjafarvald ríkisins sjálfkrafa slegið honum föstum með stöðulögunum, eins og áður er á vikið.

Þegar vjer nú lítum til ástandsins í landinu, þá er það að vísu svo, að óblíða náttúrunnar, harðindi, skepnufellir og atvinnuskortur þjáir landsmenn venju fremur; en þetta mun þó eigi fremur en áður fá drepið kjarkinn úr þjóð vorri til þess bæði að berjast fyrir tilveru sinni og halda fram stjórnrjettindum sínum með eindrægni og festu; enda er hið bágborna ástand landsins í öllum greinum einmitt talandi vottur þess, hvílík þörf og nauðsyn þessu landi er á sem hagfelldustu stjórnarfyrirkomulagi. — Fyrir því hafa og enn úr öllum kjördæmum landsins komið ávörp um þetta efni til þingsins, sem þrátt fyrir mismunandi skoðanir að því er til aðferðarinnar kemur, er fylgja skuli í barátttunni fyrir fullu sjálfsforræði þjóðarinnar, hafa inni að halda almennar og ótvíræðar óskir og yfirlýsingar landsmanna um, að þeir þrái þá endurbót á stjórnarlögum landsins, er hjer ræðir um.

Þrátt fyrir það þó nefndin þannig sje þess fulltrúa, að engin neyð eða óáran muni fá drepið kjark þjóðarinnar til að fram fylgja stjórnarjettindum sínum, þá getum vjer þó eigi leitt hjá oss að benda á hið geigvænlega stig, sem mannflutningarnir til Vesturheims hafa komizt á einmitt á þessu ári, því þeir eru talandi vottur um það, að hugir manna dragast frá landinu, enda er einsætt, að slíkur straumur, skyldi hann magnast eða haldast til langframa, hlýtur að gjöra vora fámennu þjóð enn þunnskipaðri og leggja landið í auðn að meiru eða minnu leyti; en ekkert er það á hinn bóginn hugsanlegt, sem eins fljótt og vel hlyti að hneigja hugi Íslendinga að ættjörðu sinni, eins og fullkomið sjálfsforræði í sínum eigin löggjafar- og landstjórnarmálum.

Af ástæðum þeim, sem nú eru taldar í stuttu máli, ræður nefndin einhuga hinni heiðruðu deild til að samþykkja stjórnarskipunarlagafrumvarpið með þeim einum breytingum að því er snertir einstakar greinar:

1. Við 29. gr., að í stað orðanna: »án kostnaðar ..... á þeirra eigin ábyrgð», komi: »að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landsjóðinn».
2. Og við 64. gr., að fyrir orðið: »lögtaka», komi: »lögleiða».

Auk þess vill nefndin ráða til ýmsra smábreytinga á stafsetningu, greinarmerkjum og rithætti, sem eigi þykir þörf að telja hjer upp.

Alþingi, 22. júlí, 1887.

Benedikt Sveinsson,	Lárus Halldórsson,	Páll Briem.	Árni Jónsson.
formaður og framsögumaður.		skrifari.	

Sigurður Stefánsson. Þorleifur Jónsson. Þorv. Kjerulf.

Ed. **139. Viðaukalög**

við lög um skipun prestakalla 27. febr. 1880. — Flutningsmaður: Benedikt Kristjánsson.

Þá er landshöfðingi, samkvæmt 4. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, staðfestir breyting á skipun sókna eða brauða, gildir sú staðfesting til næsta alþingis. Samþykki næsta alþingi á eptir breytinguna skilyrðislaust eða láti málið óhreyft, fær staðfestingin fullnaðargildi. En bindi þingið samþykki sitt skilyrði, heldur staðfestingin því að eins gildi, að hlutaðeigendur gangi að skilyrðinu. Ella fellur hin gjörða breyting á sókna eða brauðaskipun úr gildi.

Ed. **140. Frumvarp**

til laga um Söfnunarsjóð Íslands. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Söfnunarsjóðurinn í Reykjavík skal, eptir að lög þessi hafa öðlazt gildi,

heita Söfnunarsjóður Íslands, og heldur hann þá, undir ábyrgð landsjóðsins, áfram störfum sínum með því fyrirkomulagi og eptir þeim reglum, er lög þessi ákveða; en aldrei má eign Söfnunarsjóðsins blandast saman við landsjóð.

2. gr. Tilgangur Söfnunarsjóðsins er að geyma fje, ávaxta það og auka, og útborga vextina um ókomna tíð, eptir því sem upphaflega er ákveðið, sem og að styrkja menn til að safna sjerstakri upphæð.

3. gr. Kostnað allan við stjórn Söfnunarsjóðsins, svo sem ritföng, skriptir, prentun o. fl., skal greiða af fje því, sem ákveðið er í lögum þessum að ganga skuli til kostnaðar og varasjóðs, og af sama fje skal einnig, þegar efni sjóðsins leyfa, veita sýslunarmönnum Söfnunarsjóðsins og forstjórum þóknun fyrir starfa sinn, eptir því sem það verður ákveðið með lögum. Afganginn af nefndu fje skal leggja í varasjóð, og er það augnamið hans, að standa straum af því tjóni, sem Söfnunarsjóðurinn kann að verða fyrir.

4. gr. Skyldi Söfnunarsjóðurinn verða fyrir einhverju tjóni áður en varasjóður hans er orðinn nógu mikill til að standast það, svo að taka þyrfti til ábyrgðar þeirrar, sem um er rætt í 1. gr., þá skal svo fljótt sem auðið er endurborga það af tekjum þeim, er varasjóðnum jafn-óðum til falla.

5. gr. Með lögum má færa niður þann hluta vaxtanna, sem ákveðið er í 2o. gr. a., að ganga skuli til kostnaðar og varasjóðs, þegar varasjóðurinn er orðinn svo mikill, að það þyki fært. Skyldi aptur á móti þessi hluti vaxtanna eigi reynast nægilegur til kostnaðar og nauðsynlegrar aukningar á varasjóðnum til frambúðar, þá má með lögum ákveða, að hluti þessi skuli hækka úr 5% í allt að 10% af vöxtum sjóðsins, að frádregnum dagvöxtum af innstæðufje.

6. gr. Söfnunarsjóðurinn hefur þessi hlunnindi:

a. Ef viðskiptabók við Söfnunarsjóðinn hefur glatazt, getur stjórn hans stefnt til sín handhafa hennar með þrítekinni auglýsingu í blaði því, sem stjórnarvalda auglýsingar eru birtar í, og ef enginn hefur þá gjört vart við sig innan eins árs, þá má gefa út og afhenda vaxtaeiganda þeim, sem tilgreindur er í bókum Söfnunarsjóðsins, eða umboðsmanni hans, nýja viðskiptabók fyrir því fje, er hin glataða viðskiptabók hljóðaði upp á, og er hún frá þeim tíma ógild.

b. Fje það, sem lagt hefur verið í Söfnunarsjóðinn, ásamt vöxtum þess, er undan þegið kyrrsetning eða löghaldi, meðan það stendur þar.

c. Söfnunarsjóðnum er heimilt að áskilja sjer hærri vöxtu en 4% um árið af útlánum gegn fasteignarveðum.

d. Söfnunarsjóðurinn er undan þeginn tekjuskatti og sömuleiðis útsvari.

7. gr. Í stjórn Söfnunarsjóðsins skal vera einn framkvæmdarstjóri, er hið sameinaða alþingi kýs til 6 ára, og tveir gæzlustjórar, er kosnir eru sinn af hvorri deild alþingis til fjögra ára. Af gæzlustjórum þeim, sem í fyrsta skipti eru kosnir, skal þó annar að tveim árum liðnum fara frá eptir hlutkesti.

Endurkosning getur átt sjer stað.

8. gr. Landshöfðingi getur vikið hverjum forstjóra Söfnunarsjóðsins frá um stundarsakir, þegar honum þykir ástæða til. Þá er forstjóra er vikið frá um stund, eða hann fyrir sjúkdóm eða önnur forföll fær eigi gegnt störfum sínum, og sömuleiðis, ef sæti verður autt í forstjórninni, setur landshöfðingi mann til að gegna störfunum um stundarsakir.

9. gr. Heimili Söfnunarsjóðsins er í Reykjavík, og þar skulu forstjórarnir vera búsettir.

10. gr. Framkvæmdarstjóri annast dagleg störf Söfnunarsjóðsins og stýrir þeim undir umsjón gæzlustjóranna og með aðstoð þeirra. Þegar forstjórarnir eiga fund með sjer, skal bóka það, er þar gjörist, og þeir rita allir nöfn sín undir. Rísi ágreiningur milli þeirra um eitthvert málefni, ræður atkvæðafjöldi, nema þegar svo stendur á, sem um er rætt í 19. gr. a og 23. gr., að atkvæði þeirra þurfa að vera samhljóða. Ef framkvæmdarstjóra þykir einhver ákvörðun gæzlustjóranna vera án löglegrar heimildar, getur hann þó látið fyrirfarast að fullnægja henni.

11. gr. Stjórn sjóðsins skipar bókara og fjehirði Söfnunarsjóðsins og víkur þeim frá. Hún ákveður starftímann, en þó má starfstofa Söfnunarsjóðsins eigi vera sjaldnar opin fyrir almenning, en einu sinni á mánuði hverjum.

12. gr. Allar kvittanir, meðal annars fyrir fje, sem lagt er inn í viðskiptabækur, verða, til þess að skuldbinda Söfnunarsjóðinn, að vera undirskrifaðar af fjehirði, og með áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar.

13. gr. Jafnskjótt og efni sjóðsins leyfa að framkvæmdarstjóri og fjehirðir fái nokkra þóknun fyrir starfa sinn, skulu þeir setja hæfilegt veð, eptir því, sem þá verður ákveðið með lögum.

14. gr. Stjórn Söfnunarsjóðsins er ávallt skyld til að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um sjóðinn, er honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og, hve nær sem er, látið rannsaka allan hag sjóðsins.

15. gr. Stjórn Söfnunarsjóðsins skal sjá um, að bækur hans sjeu svo færðar, að ætíð megi sjá ástand hans, hverjar skuldbindingar á honum hvíla, og hvernig fje hans er tryggt. Af öllum þeim bókum og skjölum, er sjóðurinn eigi má án vera, skulu vera til eptirrit, er geymast á öðrum stað, en frumritin. Starf-ár sjóðsins er almanaksárið.

16. gr. Í desembermánuði ár hvert skal stjórn sjóðsins boða til fundar til að velja endurskoðara fyrir hið komandi ár; á fundi þessum hefur hver handhafi viðskiptabókar við Söfnunarsjóðinn, sem er fulltíða, atkvæðisrjett. Endurskoðari rannsaki reikning Söfnunarsjóðsins í hverju einstöku atriði, og beri hann saman við bækur sjóðsins og heimafjeð. Endurskoðarinn skal að minnsta kosti tvisvar á ári sann-reyna, hvort heimafje sjóðsins og eignir sjeu fyrir hendi, og gefa landshöfðingja skýrslu um það í hvert skipti. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning Söfnunarsjóðsins.

17. gr. Ársreikning skal semja svo snemma, að búið sje að leggja hann fram með eptirriti af öllum nauðsynlegum fylgiskjölum á starfstofu Söfnunarsjóðsins eigi síðar en 31. marz ár hvert; skal hann liggja þar til ársloka, til þess að

allir hlutaðeigendur geti skoðað hann, og sjeð, hverjar skuldbindingar hvíla á sjóðnum, og hvernig og með hverri tryggingu fje hans er ávaxtað; einungis þegar sá, sem fje hefur lagt í sjóðinn, hefur beinlínis óskað þess, að óviðkomandi menn verði eigi látnir vita nafn sitt, eða með hverjum skilmálum hann hefur lagt fje í sjóðinn, skal eptir því fara, meðan hann er á lífi. Sá, sem sýnir viðskiptabók við sjóðinn, á rjett á að bera hana saman við hlutaðeigandi dálk í aðalbókinni. Útdrátt af reikningi sjóðsins skal auglýsa í stjórnartíðindunum, deildinni B.

18. gr. Í Söfnunarsjóðinn verður eigi annað fje lagt en það, sem gengið getur inn í aðaldeild hans eða útborgunardeildina eða bústofnsdeildina eða ellistyrksdeildina.

a. Aðaldeild Söfnunarsjóðsins tekur á móti fje með þeim skilmálum, að höfuðstóllinn verði aldrei útborgaður, heldur geti að eins skipt um vaxtaeigendur samkvæmt því, sem upphaflega er ákveðið, sem og að árlega megi leggja eitthvað af vöxtunum við höfuðstólinn.

Undir aðaldeild Söfnunarsjóðsins heyrir deild hinnar æfinlegu erfingjarentu, er tekur á móti fje með þeim skilmálum, að jafnan skuli árlega leggjast við höfuðstólinn hálfir vextirnir af honum, en hinn helmingurinn falla árlega til útborgunar til nafngreinds manns sem vaxtaeiganda, eða þeirra, sem vaxtaeigendur verða að innstæðunni eptir hans dag, því að að hinum nafngreinda vaxtaeiganda látnum eiga allir lögákveðnir erfingar hans rjett til, að innstæða sú, er hann var vaxtaeigandi að, skiptist frá næstu árslokum eptir fráfall hans milli þeirra sem vaxtaeigenda, eptir þeirri tiltölu, sem fyrir skipuð er um lögerfðir, og getur þá hver þeirra fengið það, sem honum hlotnast, flutt í bókum Söfnunarsjóðsins til sín sem vaxtaeiganda, og sama rjett hafa að hverjum þeirra látnum allir lögákveðnir erfingjar hvers þeirra, og sama gildir framvegis við fráfall hvers vaxtaeiganda að nokkru af umræddu fje. Sá sem er vaxtaeigandi að fje í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu, getur ráðstafað vöxtum þeim, er höfuðstóllinn ber til næstu ársloka eptir fráfall hans og útborgast eiga, en lengra ná eigi umráð hans yfir fje þessu.

b. Útborgunardeildin tekur á móti fje með þeim skilmálum, að höfuðstóllinn með öllum vöxtum falli til útborgunar 1. júlí það ár, sem upphaflega er annaðhvort beinlínis tilnefnt eða miðað við, að höfuðstóllinn hafi náð tiltekinni upphæð, eða sem síðar er ákveðið með 2 ára fyrirvara, enda sjeu þá full 15 ár liðin frá því fjeð fyrst var lagt í sjóðinn; innlög þau til viðbótar slíkum höfuðstól, er skemur kunna að hafa staðið í sjóðnum, falla til útborgunar 1. júlí árið eptir, en eigandinn fær eigi vexti af þeim lengur en af hinum höfuðstólnum, heldur falla þeir eptir þann tíma til varasjóðsins.

c. Bústofnsdeildin tekur á móti fje manna, er eigi hafa lifað 20 árslok, með þeim skilmálum, að allir vextirnir leggist árlega við höfuðstólinn, en ef eigandinn deyr, áður en hann hefur lifað 25 árslok, þá falli innlögin sjálf vaxtalaus til útborgunar til handhafa viðskiptabókarinnar, sbr. 21. gr. a., hálfu ári eptir að stjórn Söfnunarsjóðsins er tilkynnt andlátið; en það, sem við innlögin hefur bætzt í sjóðnum, gangi sem erfðafje til allra þeirra, sem fæddir eru sama ár sem eigandinn, og fje áttu í deild þessari um næsta ný-ár

á undan láti hans; fje þetta skiptist milli þeirra tiltölulega eptir upphæðum þeim, er hver þeirra átti auk innlaganna í deild þessari um nefnt ný-ár; lifi enginn, sem fæddur er sama ár sem eigandinn, og átt hefur þá nokkuð í deild þessari, fellur fjeð til varasjóðsins; en lifi eigandinn 25 árslok, þá falla til útborgunar 1. júlí næst á eptir innlögin með öllu því, er við þau hefur bætzt í sjóðnum, bæði vöxtum og nefndu erfðafje.

d. Ellistyrksdeildin er löguð eins og bústofnsdeildin, nema þar er í staðinn fyrir 20 og 25 árslok, miðað við að hafa lifað 60 og 65 árslok.

19. gr. a. Í fyrsta skipti sem fje einhvers á að leggjast í Söfnunarsjóðinn, eða þegar það á að gjöra með öðrum skilmálum, en fje hans áður hefur verið lagt inn, skal sá, er það vill gjöra, nákvæmlega til taka skriflega, hvernig með það skal fara. Vilji þá allir forstjórar Söfnunarsjóðsins taka á móti fjenu með þessum skilmálum, gefa þeir skuldbinding þar að lútandi í viðskiptabók við Söfnunarsjóðinn með árituðu nafni og tölulið, og skal fyrir hana greiða til kostnaðar og varasjóðs 1 kr., en viðskiptabókin gildir í öllu tilliti sem samningur við sjóðinn. Skuldbindinguna skal inn færa í fundarbók þá, sem um er rætt í 10. gr. Það nægir þó, að framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðsins undir skrifi einn skuldbindinguna í viðskiptabókum þeim, sem tölusettar hafa verið og fullgiltar af öllum forstjórunum, fyrir fje, sem lagt er í deild hinnar æfinlegu erfingjarentu eða bústofnsdeildina eða ellistyrksdeildina.

b. Innlögin eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en 1 kr. í hvert skipti.

c. Innlög öll skal, auk dagbókar, innfæra í aðalbók, og hefur þar hver vaxtaeigandi (hver sjerstök eign) dálk sjer með sömu yfirskript og hlutaðeigandi viðskiptabók.

d. Innlög öll skal innfæra í hlutaðeigandi viðskiptabók, ef innleggjandi hefur hana með sjer; að öðrum kosti getur hann fengið sjerstaka kvittun fyrir innlaginu, en fyrir hana skal hann þá greiða fjehirði 10 aura.

e. Stjórn sjóðsins er heimilt að neita að taka á móti innlögum í sjóðinn.

20. gr. a. Þegar búið er fyrir hvert almanaksár að gjöra upp reikning Söfnunarsjóðsins og sjá vextina af sjóðnum í heild sinni hið liðna ár, þá skal draga frá þeim, að frádregnum dagvöxtum af innstæðufje, 5% til kostnaðar og varasjóðs og sömuleiðis það, sem að því búnu kynni að vera umfram 4% af höfuðstólnum; það sem eptir er, skiptist tiltölulega milli allra vaxtaeigenda, þar á meðal til varasjóðsins, eptir þeim upphæðum, er hverjum þeirra tilheyra og arðberandi voru í sjóðnum allt hið liðna ár; vextir hvers eins tilfærast svo í dálki hans og teljast lagðir við höfuðstólinn á ný-ári, að svo miklu leyti, sem þeir ekki eiga að útborgast á árinu.

b. Af fje, sem inn er lagt á árinu, reiknast dagvextir til ársloka, er sjeu $\frac{1}{2}$% lægri um árið en vextir þeir, sem vaxtaeigendur fengu næsta ár á undan; við árslok leggjast dagvextirnir við höfuðstólinn að því leyti, sem þeir ekki eiga að útborgast; af höfuðstól, sem útborga skal á árinu, reiknast sömu dagvextir til

þess tíma, er hann fellur til útborgunar, og falla þeir til varasjóðsins, nema af því fje, sem innlagt hefur verið áður en lög þessi öðlast gildi og það eigi hefur verið áskilið við; en sje höfuðstóllinn eigi tekinn sex mánuðum eptir að hann er fallinn til útborgunar, þá reiknast og frá þeim tíma af honum vextir, er einnig falla til varasjóðsins.

c. Vextir reiknast eigi í minni pörtum en heilum eyri af hverjum 100 kr. eða minna.

d. Vextir fyrir hvert ár fást útborgaðir, eptir að búið er að leggja fram reikning sjóðsins.

e. Þegar vextir þeir, er útborgast ættu af upphæð í einum dálki, eigi nema 10 kr., verða þeir eigi útborgaðir, heldur leggjast þeir þegar við höfuðstólinn; sama gildir og um vexti af upphæð, er eigi hafa verið teknir vextir af í tvö næstliðin ár, ef eigi er aðvörun gjörð fyrir ný-ár um, að þeir eigi að takast það ár.

f. Vextir þeir, sem útborgast eiga, en óteknir eru í lok næsta septembermánaðar, leggjast þá þegar við höfuðstólinn; sje höfuðstóll eigi tekinn sex mánuðum eptir að hann er fallinn til útborgunar, fæst hann eigi útborgaður úr því, nema með þriggja mánaða fyrirvara.

21. gr. a. Borgun á sjer stað í gjaldgengum peningum á starfstofu Söfnunarsjóðsins; útborgað fje sem og tilkynningar, sem hafa útborgun í för með sjer, tilfærist í dálki vaxtaeiganda í aðalbókinni og í viðskiptabókinni með áritun bókara um að það sje athugað, og skal kvittun gefin fyrir fjenu í kvittunarbók af viðtakanda; svo skal hann og, ef fjeð er eigi hans eign, sýna að hann hafi umboð hlutaðeiganda til að taka við því, ef þess er krafizt, en enga ábyrgð hefur Söfnunarsjóðurinn á því, þótt þann, er við fjenu tekur, vanti slíkt umboð, ef hann hefur viðskiptabókina; á sama hátt er og farið að, þegar fje er flutt frá einum vaxtaeiganda til annars; þó má, án þess viðskiptabók sje sýnd nokkur ár í röð, fá vexti útborgaða eptir ávísun vaxtaeiganda, ef notarius publicus hefur staðfest undirskript hans undir ávísun og vottað, að það sje innfært í viðskiptabókina, að vextirnir fyrir umrætt ár sjeu ávísaðir.

b. Ef viðskiptabók hefur glatazt, verður vaxtaeigandi að fá hana gjörða ógilda og nýja viðskiptabók útgefna, áður en útborgun eða flutningur á fje til annars vaxtaeiganda getur átt sjer stað.

c. Þá er höfuðstóll með vöxtum er borgaður út, eða hann er fluttur til, svo að ekkert er eptir, skal aptur skila viðskiptabókinni án endurgjalds.

d. Hafi menn átt fje í bústofns- eða ellistyrksdeildinni, og þeir sjeu búnir að fá það útborgað, en það sannist síðar, að maður hafi dáið, er þar átti fje, og þeim beri hlutdeild í því, þá má með þrítekinni auglýsingu í blaði því, er stjórnarvalda auglýsingar eru birtar í, skora á þá, að taka tjeð fje sitt sem fyrst, en hafi það þá eigi verið gjört, áður en ár er liðið, þá fellur það til varasjóðsins.

22. gr. Ef vaxtaeigandi eða erfingjar hans í 50 ár ekki vitja sjóðsins, eða taka eigi innan 10 ára höfuðstól, sem fallinn er til útborgunar, og þeir heldur eigi gjöra vart við sig innan tveggja ára eptir þrítekna auglýsingu í blaði því, sem

stjórnarvalda auglýsingar eru birtar í, er allur höfuðstóllinn með vöxtum orðinn eign varasjóðsins.

23. gr. Stjórn Söfnunarsjóðsins skal kosta kapps um að gjöra fje hans sem bezt arðberandi og þó einkum með nægilegri tryggingu, með því að lána það út gegn 1. veðrjetti í fasteign, er sje að minnsta kosti helmingi meira virði en láninu nemur, og verður ekkert lán veitt, nema forstjórarnir allir sjeu því samþykkir; þegar sjerstaklega stendur á, má einnig gjöra fje sjóðsins arðberandi á annan hátt, ef forstjórarnir eru allir samdöma um, að það sje full-tryggilegt, og landshöfðingi veitir til þess samþykki sitt. Framkvæmdarstjórinn getur þess utan til bráðabirgða lagt fje, Söfnunarsjóðnum tilheyrandi, í landsbankann, eða annan slíkan sjóð, sem heimilt er að láta í fje ómyndugra og annað almannafje. Forstjórar Söfnunarsjóðsins og sýslunarmenn mega eigi á neinn hátt vera skuldskeyttir honum.

24. gr. Í skuldabrjefum fyrir lánum einstakra manna skal jafnan áskilja, að sjeu vextir eða höfuðstóll eigi greiddir í rjettan gjalddaga, þá skuli í viðbót við hina umsömdu leigu greiða einn eyri af hverjum fullum 200 kr. lánsins fyrir hvern dag, sem líður frá gjalddaga og þangað til full skil eru gjörð. Ennfremur skal lántakandi að minnsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna fullnægjandi skírteini fyrir því, að veðið hafi eigi rírnað í verði, svo að sjóðnum geti verið nein hætta búin.

Nd **141. Frumvarp**

til laga um bátfiski á fjörðum. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Rjett er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiðar sje, á fjörðum eður tilteknum fjarðarsvæðum, sökum fiskveiða fjarðarbúa, og skal það gjört með samþykkt á hann hátt, er segir í lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákvæði tjeðra laga og laga nr. 23, 4. desbr. 1886 gilda um slíkar samþykktir.

2. gr. Nú stundar aðkomumaður fiskveiðar á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eður hreppa samtals 4 vikur eður lengur sömu missiri, og er þá sveitarstjórn eður niðurjöfnunar-nefnd heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn eður bæjarbúa. Útsvarinu skal hann lokið hafa áður hann fer á brott. Taka má útsvarið lögtaki sem önnur sveitarútsvör. Að öðru leyti eru og slíkir aðkomumenn háðir landslögum um fiskveiðar og útflutningstoll af sjávarafla.

Nd. **142. Frumvarp**

til laga um brúargjörð á Ölvesá. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Til brúargjörðar á Ölvesá má verja allt að 40000 kr. úr landsjóði, með því skilyrði að sýslufjelög Árness- og Rangárvallasýslu og jafnaðarsjóður suðuramtsins leggi til fyrirtækisins allt að 20000 kr. eða sem svari helmningnum af því, sem landsjóður leggur til.

2. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að veita sýslufjelögum

Árness- og Rangárvallasýslu og jafnaðarsjóði suðuramtsins allt að 20000 kr. lán úr landsjóði. Lán þetta ávaxtast og endurgelzt með 965.25 kr. á ári í 45 ár.

3. gr. Vextir og afborganir byrja að greiðast þrem árum síðar en lánið er greitt til fulls úr landsjóði, þannig: helmingurinn úr sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslu. er skiptist á nefnd sýslufjelög eptir hlutfallinu milli samanlagðrar tölu lausafjárhundraða og jarðarhundraða í þeim ár hvert, en hinn helmingurinn úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

4. gr. Landstjórnin annast um byggingu brúarinnar og gjörir allar nauðsynlegar ráðstafanir lögum þessum til framkvæmdar. Þegar brúin er komin á, hefur landstjórnin og umsjón yfir henni.

5. gr. Um kostnað brúnni til viðhalds skal síðar ákveða með lögum.

Ed. **143. Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þennan skal skipa tvo kennendur, er annar sje jafnframt forstöðumaður skólans, og hefur hann 3200 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2800 kr.

4. gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpóf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

6. gr. Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er alþingi hefur í fjárlögum veitt fje til skólans.

Nd. **144. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1886 og 1887.

Frumvarp það til fjáraukalaga fyrir 1886 og 1887, sem vísað hefur verið til fjárlaganefndarinnar, hefur nefndin íhugað, og vill hjermeð skýra frá áliti sínu um það á þessa leið:

Að því er snertir viðbótina við prestaskólahúsið, þá er það álit nefndarinnar, að ísjárvert sje að kosta til viðbótar við svo gamalt hús, sem það er, og ætlar einnig að þess sje síður þörf, sem búast má við, að varla verði framvegis sá fjöldi á prestaskólanum, sem þar hefur verið næstliðinn vetur; í fyrirlestrasalnum mundi og, ef við hann yrði bætt, eigi verða komizt hjá stoðum, er bæði mundu vera til óprýði og ópægginda. Nefndin hefur einnig heyrt, að verzlunarmaður einn hafi falazt eptir að fá húsið í skiptum fyrir nýtt hús, og þótt eigi hafi í það sinn verið kostur á að sæta þessu, þá kynni síðar að verða tækifæri til að láta húsið af hendi fyrir annað hentugra hús, og mundi þá slík viðbót, sem hjer ræðir um, verða lítils metin. Af þessum ástæðum vill nefndin ráða frá að samþykkja 2. gr. frumvarpsins.

Að því er 3. gr. snertir, þá virðist öll sanngirni mæla með því, sem þar er farið fram á, og það jafnvel liggja mjög nærri því, að hlutaðeigandi prestsekkja hafi lagarjett til þess eptirlaunahluta, sem þar er um að ræða; að minnsta kosti hefur 5. gr. í tilsk. 15. desbr. 1865 verið skilin svo, að þegar nokkur hluti tekjanna hefur verið lagður frá prestakalli eptirmannsins, eða því skipt upp eða bætt hefur verið við það, að það skerti eigi rjett ekkjunnar eptir formanninn til að fá sinn hluta af tekjugreinum þeim, er maður hennar hafði, nje veitti henni frekari rjett. Fyrir því vill nefndin mæla með að þessi grein verði samþykkt.

Enn fremur hefur nefndin fengið reikning yfir endurbyggingu kirkjunnar í Bjarnanesi 1886, sem er eign landsjóðs, og eptir honum hefur kirkjubyggingin kostað 4045 kr. 75 a.; til greindrar byggingar óskaði stjórnin 1885 að fá fá veittar 5000 kr., en þá voru að eins veittar 3500 kr.; byggingarreikningurinn hefir þannig farið 545 kr. 75 a. fram úr upphæð þeirri, sem veitt var, og vill nefndin leggja það til, að þær verði nú veittar á fjáraukalögunum fyrir 1886 og 1887.

Tillögur nefndarinnar eru því þessar:

1. 2. gr. falli burt.
2. 3. gr. verði 2. gr.
3. Við sje bætt nýrri grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:
   »Til endurbyggingar Bjarnanesskirkju 1886 veitast 545 kr. 75 a.«
4. Í 1. gr. Í stað: »1375 kr. 95 a.« komi: 921 kr. 70 a.

Alþingi, 22. júlí, 1887.

Þórarinn Böðvarsson, formaður. Eiríkur Briem, skrifari og framsögum. Árni Jónsson. Jón Jónsson.

Páll Briem. Sigurður Stefánsson. Þorleifur Jónsson.

Nd. **145. Breytingartillaga**

við frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (102). Frá Sveini Eiríkssyni.

Við 1. gr. tölul. 12. Fyrir »1100« komi: 800.
— — — — 13. Fyrir »1100« komi: 800.

Nd. **146. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um veitingu og sölu áfengra drykkja.

Vjer undirskrifaðir, sem kosnir höfum verið í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um veitingu og sölu áfengra drykkja, ráðum hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 23. júlí, 1887.

Sv. Eiríksson, formaður. B. Sveinsson, framsögumaður. Þórarinn Böðvarsson.

Grímur Thomsen, skrifari. Þorvaldur Bjarnarson.

Ed. **147. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaða á Vogavík og Þórshöfn í Gullbringusýslu.—Eptir 2. umr. í Ed.

Vogavík og Þórshöfn í Gullbringusýslu skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

Þó veitir löggildingin eigi heimild til verzlunar með áfenga drykki á þessum kauptúnum.

Ed. **148. Breytingartillaga**

við frv. til laga um verzlun lausakaupmanna annarstaðar en á löggiltum höfnum. —Frá nefndinni.

Aptan af fyrirsögn frv. falli burt: „annarstaðar en á löggiltum höfnum".

Ed. **149. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um verzlun lausakaupmanna annarstaðar en á löggiltum höfnum. —Frá Jóni A. Hjaltalín.

Við 1. gr. bætist: „Heimilt er sveitarstjórn eða niðurjöfnunarnefnd, þar sem verzlunarleyfi er notað samkvæmt lögum þessum, að jafna á þá menn, er leyfið nota, hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn eða bæjarbúa".

Nd. **150. Frumvarp**

til laga um sölu þjóðjarða. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Hver sá, er hefur þjóðjörð til ábúðar, skal hafa rjett til að fá jörðina keypta, enda sje hún eigi ætluð til embættisbústaðar, skólaseturs eða annara almenningsnota.

2. gr. Kaupverð jarðarinnar skal ákveða eptir sanngjörnum leigumála, er sýslunefndin metur og amtsráð samþykkir, þannig, að verðið samsvari 25földu eptirgjaldi hennar, landskuld og leigum.

Til hliðsjónar við mat leigumálans skal sýslunefnd hafa skýrslur um afgjald og allt ásigkomulag jarðarinnar, sem umboðsmaður er skyldur að láta nefndinni í tje. Til þess að mat sýslunefndar verði tekið til greina, þarf það að vera samþykkt með $^2/_3$ atkvæða allra nefndarmanna.

3. gr. Af andvirði jarðarinnar skal kaupandi borga $^1/_{10}$ hluta um leið og kaupin eru fullgjörð, en eptirstöðvarnar á þann hátt, að hann gefi út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og skal hann gjalda árlega í vexti og afborgun lánsins 6% af hinni upphaflegu upphæð þess, þannig að allri skuldinni sje lokið á 28 árum.

4. gr. Ef þjóðjörð er í eyði, skal hverjum þeim, er falar jörðina til kaups, veitt ur kauparjettur með sömu skilmálum sem ábúanda.

5. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu þjóðjarða, ákveður kaupverð þeirra og gefur út afsalsbrjef fyrir þeim.

6. gr. Fje það, er greiðist upp í andvirði þjóðjarða, skal leggja í sjerstakan sjóð.

Reglur um meðferð sjóðsins skal setja með lögum.

Nd. **151. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 7. nóvbr. 1879. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Aðflutningsgjald skal greiða í landsjóð af ölföngum og vínföngum, sem flutt eru til landsins, á þessa leið:

1. Af alls konar öli, af hverjum potti . . . . . 10 aura,
2. Af rauðvíni og messuvíni, af hverjum potti, í hverju íláti sem það er flutt . . . . . 20 —
3. Af brennivíni eða vínanda, af hverjum potti:
   a, með 8° styrkleika eða minna . . . . . 40 —
   b, yfir 8° og allt að 12° styrkleika . . . . . 60 —
   c, yfir 12° styrkleika . . . . . 80 —
4. Af öllum öðrum vínföngum, af hverjum potti, ef þau eru flutt í ílátum, er rúmi einn pott eða meira . . . . . 60 —
   en sjeu þau flutt í minni ílátum, þá greiðist sama gjald af hverjum 3 pelum, sem ella af potti hverjum.

2. gr. Hve mikið af vínföngum megi telja sem skipsforða, er sje undan skilinn aðflutningsgjaldi, skal tollheimtumaður ákveða eptir atvikum samkvæmt almennum reglum, er landstjórnin setur.

3. gr. Hjer með er úr gildi numin 1. gr. laga 7. nóvbr. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876, og ilsk. 26. febr. 1872.

4. gr. Lög þessi öðast gildi 1. dag janúarmán. 1888.

Nd. **152. Breytingartillögur**

við frv. til laga, er hafa inni að halda nokkur ákvæði um þeginn sveitarstyrk.—Frá Þórarni Böðvarssyni.

Við 4. gr.: 2. málsgrein orðist þannig:

»Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þurfamannsins«.

Nd. **153. Breytingartillaga**

við frv. til laga, sem hafa að geyma nokkur ákvæði um veð.—Frá Árna Jónssyni, Jóni Jónssyni og Þorleifi Jónssyni.

Fyrirsögnin orðist þannig: Frumvarp til laga um veð.

Nd. **154. Breytingartillögur**

við frv. til laga, er hafa inni að halda nokkur ákvæði um þeginn sveitastyrk m. m.—Frá Arna Jónssyni, Jóni Jónssyni, Þorsteini Jónssyni og Þorleifi Jónssyni.

1. 3. gr. Fyrir: »fógeta« komi: skiptaráðanda.
2. 4. — Fyrir: »Ef það sannast—maður« komi: Sannist það fyrir amtmanni, að sá.
3. 4. — Fyrir: »Úrskurð þennan—varnarþingi hans« komi: Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviptur.
4. 7. — Fyrir: »með sektum« til enda greinarinnar komi: með fjársekt eða líkamlegri refsingu, sbr. reglugjörð fyrir fátækramálefna lögun og stjórn fyrst um sinn á Íslandi, 8. janúar 1834, 23. gr.
5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

FRUMVARP

til laga um sveitarstyrk og fúlgu.

Ed. **155. Frumvarp**

til laga um sameining Árness og Rangárvalla sýslna.—Flutningsmaður: Jón Ólafsson.

Þá er Ölfusá og Þjórsá eru brúaðar, skal sameina Árness og Rangárvalla sýslur í eitt sýslumannsembætti, en vera skulu þær tvö sýslufjelög svo sem verið hefur.

Laun sýslumannsins í Árness- og Rangárvallasýslu skulu vera 3500 kr.

Sameiningunni skal á koma undir eins og því verður við komið, eptir að brýrnar eru báðar fullgervar.

Ed. **156. Breytingartillaga**

við frv. til viðaukalaga við lög 29. febr. 1884, er breyta tilsk. 5. sept. 1794. — Frá Arnljóti Ólafssyni.

Fyrir: »til jafns við reglulega lækna, að láta úti og selja«,

komi: að láta úti og selja, til jafns við reglulega lækna.

Nd. **157. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna.—Flutningsmenn: Árni Jónsson, Jón Jónsson, Þorleifur Jónsson, Páll Briem, Þorlákur Guðmundsson, Páll Ólafsson, og Ólafur Briem.

1. gr. Biskupi skal veita í árslaun 5000 kr.

2. gr. Amtmönnunum, hvorum fyrir sig, skal veita í árslaun 5000 kr.

3. gr. Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árslaun 5000 kr.

4. gr. Forstöðumönnum prestaskólans og lærða skólans, hvorum fyrir sig, skal veita í árslaun 4000 kr.

5. gr. Embættismenn þeir, er fengið hafa veitingu fyrir embættum þessum, áður en lög þessi öðlast gildi, skulu við þau einskis í missa, meðan þeir sitja í sama embætti.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1888.

Nd. **158. Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir, sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þennan skal skipa tvo kennendur, er annar sje jafnframt forstöðumaður skólans, og hefur hann 3200 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2800 kr.

4. gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

6. gr. Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er alþingi hefur í fjárlögum veitt fje til skólans.

Ed. **159. Frumvarp**

til laga um verzlun lausakaupmanna. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Enginn maður, sem eigi rekur fasta verzlun hjer á landi, hefur eptirleiðis heimild til að verzla á skipi, nema hann leysi leyfi til þess hjá lögreglustjóra. Slíkt leyfi kostar 50 kr., og rennur það gjald í sýslusjóð eða bæjarsjóð. Leyfið veitir honum rjett til að verzla það almanaksár hvar sem vill í því lögsagnarumdæmi, sem leyfið er í veitt. Eigi veitir leyfið heimild til að verzla með áfenga drykki, nema á löggiltum höfnum.

2. gr. Skyldur er lausakaupmaður að fullnægja ákvæðum laganna um tollgreiðslu og sóttvarnir, o. fl.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 2000 kr. og sæta sömu meðferð, sem á er kveðið í 6. gr. laga 7. nóvbr. 1879 um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi.

4. gr. Hjer með er numin úr gildi 1. málsgrein 4. greinar fyrnefndra laga 7. nóv. 1879.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag aprílmánaðar 1888.

Nd. **160. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, sem að minnsta kosti nemur þeirri upphæð, er tilfærð er við hverja þeirra.

1. Seglbúðir í Kleifahreppi fyrir . . . . . 1050 kr.
2. Möðrufell í Hrafnagilshreppi, með hjáleigunum Hraungerði og Torfum fyrir . . . . . 6000 —
3. Gilsbakka í sama hreppi fyrir . . . . . 1800 —
4. Efri Sandvík og Neðri Sandvík í Grímsey fyrir . . . . . 1500 —
5. Skúta í Glæsibæjarhreppi fyrir . . . . . 1700 —
6. Hnjúk í Vallnahreppi fyrir . . . . . 2500 —
7. Flögu í Skriðuhreppi fyrir . . . . . 2500 —
8. Eyði-jörðina Efri-Strönd í Rangárvallahreppi fyrir . . . . . 150 —
9. Árnastaði í Loðmundarfirði fyrir . . . . . 1100 —
10. Kirkjuból í Grunnavíkurhreppi fyrir . . . . . 150 —
11. Breiðabólsstað í Sveinsstaðahreppi fyrir . . . . . 2400 —
12. Hemru í Skaptártunguhreppi fyrir . . . . . 1100 —
13. Borgarfell í sama hreppi fyrir . . . . . 1100 —
14. $^1/_3$ úr Hvoli í Dyrhólahreppi fyrir . . . . . 1200 —

2. gr. Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, er gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26 8. nóvbr. 1883.

3. gr. Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir að eins til 31. desbr. 1892.

Nd. **161. Frumvarp**

til laga, er nema úr gildi konungsúrskurð 22. apríl 1818. — Frá fjárlaganefndinni.

Konungsúrskurður 22. apríl 1818, um 60 ríkisdala árlegan styrk úr jarðabókarsjóði til hins íslenzka bifliufjelags, er úr lögum numinn.

Nd. **162. Frumvarp**

til laga um að skipta Barðastrandarsýslu í tvö sýslufjelög. — Flutningsmaður: Sigurður Jensson.

1. gr. Að því, er stjórn sveitarmálefna snertir, skal Barðastrandarsýslu skipt í tvö sýslufjelög.

Í öðru sýslufjelaginu eru þessir hreppar: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Eyjahreppur.

Hitt sýslufjelagið nær yfir vesturhluta sýslunnar og eru í því þessir hreppar: Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Dalahreppur og Suðurfjarðahreppur.

Hvert sýslufjelagið hefur sinn fjárhag og sveitarmálefni fyrir sig.

2. gr. Í hvoru sýslufjelaginu skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi stjórn sveitarmálefna þeirra, sem varða sýslufjelagið, samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maím. 1872. Í sýslunefndum þessum eiga sæti, auk sýslumanns sem

oddvita nefndanna, einn maður úr hverjum hreppi, er sje kosinn eptir reglum þeim, sem settar eru í nefndri tilskipun um kosningu sýslunefndarmanna.

3. gr. Sjóðum eða skuldum sýslufjelagsins, eins og það er nú, skal skipt milli hinna nýju sýslufjelaga eptir samanlagðri tölu fasteignarhundraða og lausafjárhundraða hvors um sig.

4. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstafanir til þess að koma lögum þessum í verk, svo fljótt sem verða má.

Ed. **163. Nefndarálit**

í frumvarps-málinu viðvíkjandi bögglum o. s. frv.

Nefndin fellst á það, sem farið er fram á í 1. gr. frv., að hækka burðareyri af bögglum um vetrartímann, en álítur hins vegar fráleitt, að gjöra póststjórninni að skilyrðislausri skyldu, að taka þyngri böggla en eins punds til flutnings um há-vetrartímann.

Jafnframt hefur nefndin sætt færi að lagfæra ákvæði laga nr. 21, 4. nóvbr. 1881 um sendingar, er eingöngu eru sjóveg fluttar, sem auðsjáanlega af vangá voru svo orðuð, að 1 punds bögglar voru fluttir ókeypis eptir þeim.

Sömuleiðis hefur nefndin álitið ástæðu til, að dæmi allra annara þjóða, að setja burðargjald undir prentað mál í krossbandi nokkuð lægra, en undir almennan varning, sem í bögglum er sendur með póstum.

Sakir breytinga þessara þótti nefndinni við eiga, að taka efni laganna nr. 21, 4. nóv. 1881 þannig breytt upp í frumvarpið, svo nema mætti þau lög úr gildi að öllu leyti.

Ráðum vjer því hinni háttvirtu Ed. til að samþykkja eptirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga viðvíkjandi bögglum o. s. frv.

1. Framan við frv. bætist 2 nýjar greinir svohljóðandi:

   1. gr. Sendingar, sem eru prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, mega vega allt að 5 pd.

   2. gr. Böggulsendingar, sem sendar eru með póstskipunum hafna á milli á Íslandi og ekki þarf að senda neitt yfir land, mega vega allt að 10 pd.

2. 1. gr. verði 3. gr. og orðist þannig:

   Burðareyrir fyrir krossbandsendingar þær, sem getið er um í 1. gr., skal vera 1 eyrir fyrir hver 5 kvint eða minni þunga.

   Burðareyrir fyrir böggulsendingar þær, sem um getur í 2. gr. hjer að ofan, skal vera 10 aurar fyrir hvert pund og 5 aurar að auki ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 kr. eða minna af verði sendingarinnar, ef verð er til tekið.— Undir tilvísunarbrjef við slíka böggla greiðist að auki venjulegt burðargjald, ef brjefið er lokað.

3. Í stað 2. gr. komi svohljóðandi

   4. gr. Með ferðum landpóstanna frá því í nóvbr. og til þess í marz eru póst-

menn eigi skyldir að taka böggla til flutnings þyngri en eitt pund, framar en þeim þykja hentugleikar leyfa, nema prentað mál í krossbandi. Burðareyrir fyrir lokaða böggla, sem teknir eru til flutnings á þessum tíma, skal vera 25 aurar fyrir hver 25 kvint.

4. Aptan við frumvarpið bætist ný grein svo hljóðandi:
5. gr. Með lögum þessum eru lög nr. 21 4. nóv. 1881 úr lögum numin.

5. Fyrirsögnin orðist þannig: Frumvarp til laga um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. oktbr. 1875 um breytingu á sömu tilskipun.

Alþingis efri deild, 25. júlí 1887.

Jón Ólafsson, formaður og framsögumaður. Jón A. Hjaltalín, skrifari. E. Th. Jónassen.

Nd. **164. Frumvarp**

til laga um aðflutningstoll af kaffi, sykri og óáfengum drykkjum, svo og um afnám ábúðar- og lausafjárskatts og útflutningsgjalds af fiski og lýsi, að frátekinni síld. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Aðflutningsgjald skal greiða í landsjóð af vörum þeim, sem hjer eru taldar:

1. Af alls konar kaffi og kaffibæti, af hverju pundi . . . . . 5 aura.
2. Af alls konar sykri, af hverju pundi . . . . . 2 —
3. Af óáfengum drykkjum, hverrar tegundar sem eru, svo sem sódavatni, límonaði, kastalína o. fl., af hverjum 3 pelum . . 10 —

2. gr. Á tollskrám og vöruskrám, er skip eiga með sjer að hafa samkvæmt lögum 15. apríl 1854, skal tilgreint, hve mikið af vörum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., sje flutt með hverju skipi. Svo er og skipstjóri skyldur að láta í tje allar þær skýrslur um farm skipsins, er við þurfa til að reikna út tollinn. Þar að auki er hver sá, er fær slíkar vörur fluttar frá útlöndum, skyldur til upp á æru og samvizku að segja til, hvers konar vörur hann hafi fengið aðfluttar og hve mikið, og skal hann afhenda lögreglustjóra vottorð þetta jafnskjótt sem hann hefur tekið við vörunum, og um leið greiða honum tollinn, annaðhvort í peningum eða með ávísun á landsbankann, eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er innheimtumaður tekur gilt.

Enn fremur hefur lögreglustjóri heimild til, hve nær sem vera skal, að heimta af verzlunarmönnum þeim, sem búsettir eru í umdæmi hans, og öðrum, sem ætla má að fái aðfluttar tollskyldar vörur frá útlöndum, skýrslu um, hvort þeir hafi meðtekið slíkar vörur, og ef svo er, hvers konar og hve mikið.

3. gr. Lögreglustjóri skal hafa nákvæmt eptirlit með því, hvort aðflutt sje meira af tollskyldum vörum, en tilgreint er á tollskránni eða vöruskránni, og skal hann, sjer í lagi þegar tjeð skjöl segja ógreinilega til um vörurnar, eða ef ástæða er til að rengja, að rjett sje frá skýrt, rannsaka málið eins og með þarf. Kostnað þann, er af þessu leiðir, skal skipstjóri eða móttökumaður varanna greiða, ef það sannast, að skýrslur þeirra eru rangar, en landsjóður ella.

4. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 1000 kr. sektum, er renna í landsjóð. Svo skal og sá, er uppvís verður að því, að hafa sagt rangt til um tollskyldar vörur, er hann hefur meðtekið, gjalda þar af þrefaldan toll.

5. gr. Hinar tollskyldu vörur skulu vera að veði fyrir tollinum og sektunum, og hefur eigandinn ekki rjett til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Lögreglustjóri hefur vald til að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem með þarf, einkum með því að kyrrsetja vörurnar, og ef ekki er borgað, selja þær til lúkningar tolli og sektum.

6. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

7. gr. Fyrir tollheimtunni skal lögreglustjóri gjöra reikning eptir þeim reglum, er gilda um almenn reikningsskil. Af upphæð allra tollgjaldanna, að sektum meðtöldum, fær innheimtumaður 2 af 100.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarm. 1888, og frá sama tíma eru úr gildi numin lög 14. desbr. 1877 um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, sömuleiðis lög 4. nóvbr. 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi o.fl., að öðru en því, er snertir útflutningsgjald af síld.

Nd. **165. Breytingaratkvæði**

við frv. til laga um útflutningsgjald af rjúpu (101). — Frá J. Jónassen.

Við 2. gr. í stað orðanna: »Farmskrám þeim . . . . . skipinu fylgja« komi: Farmbrjefi því, sem sendingunni fylgir, svo og vottorð upp á æru og samvizku um tölu rjúpna þeirra, er hann sendir út.

Ed. **166. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 7. nóvbr. 1879. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Aðflutningsgjald skal greiða í landsjóð af ölföngum og vínföngum, sem flutt eru til landsins, á þessa leið:

1. Af alls konar öli, af hverjum potti	10 aura
2. Af rauðvíni og messuvíni, af hverjum potti, í hverju íláti sem það er flutt	20 —
3. Af brennivíni eða vínanda, af hverjum potti:	
a, með 8^0 styrkleika eða minna	40 —
b, yfir 8^0 og allt að 12^0 styrkleika	60 —
c, yfir 12^0 styrkleika	80 —
4. Af öllum öðrum vínföngum, af hverjum potti, ef þau eru flutt í flátum, er rúmi einn pott eða meira	60 —

en sjeu þau flutt í minni flátum, þá greiðist sama gjald af hverjum 3 pelum, sem ella af potti hverjum.

2. gr. Hve mikið af vínföngum megi telja sem skipsforða, er sje undan skilinn aðflutningsgjaldi, skal tollheimtumaður ákveða eptir atvikum samkvæmt almennum reglum, er landstjórnin setur.

3. gr. Hjer með er úr gildi numin 1. gr. laga 7. nóvbr. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876, og tilsk. 26. febr. 1872.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmán. 1888.

Ed. **167. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Aðflutningsgjald skal greiða í landsjóð af tóbaki, sem flutt er til landsins, á þessa leið:

1. Af alls konar tóbaki, hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki eða neftóbaki, af hverju pundi . . . . . 20 aura.
2. Af hverjum 100 vindlum . . . . . 100 —

2. gr. Hjer með er úr gildi numin 1. og 2. gr. laga um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmán. 1888.

Ed. **168. Frumvarp**

til laga um forðabúr og hey-ásetning í sveitum. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþykktir um forðabúr og heyásetning í sveitum með þeim takmörkum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar sýslunefnd virðist nauðsynlegt eða hagfellt, að gjöra samþykkt annaðhvort fyrir alla sýsluna eða einstaka hreppa, skal hún kveðja til almenns fundar í sveit þeirri, sem ætlazt er til að samþykktin nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir menn í sveitinni, þeir er kosningarrjett hafa til alþingis. Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara; skal sýslumaður vera fundarstjóri eða einhver hinna kosnu nefndarmanna, ef nefndin ákveður svo. Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til fundarstaðarins, fær hann 2 kr. á dag í fæðispeninga og ferðakostnað, er greiðist úr sýslusjóði.

3. gr. Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði sveitarfundar frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á, og skulu þessi frumvörp fylgja fundarboðinu.

Hverjum manni, sem hefur atkvæðisrjett samkvæmt 2. gr., er heimilt að gjöra breytingartillögu við frumvarp nefndarinnar, en koma skal hann henni til fundarstjóra fyrir fundinn. Sýslunefndin má gjöra breytingartillögu á hverju stigi málsins sem er. Sjerhverja breytingartillögu skal bera undir umræðu á fundinum og atkvæði fundarmanna. Nái breytingartillagan $^2/_3$ atkvæða, skal sýslunefndin setja hana inn í frumvarpið, en nái hún eigi $^2/_3$ atkvæða, er hún fallin. Með þeim breytingum, sem þannig eru á orðnar frumvarpinu, skal bera það undir atkvæði fundarmanna og nái það $^2/_3$ atkvæða er það samþykkt, en annars fallið.

4. gr. Frumvarp, sem samþykkt hefur verið, skal sýslunefndin senda amtmanni til staðfestingar. Nú virðist amtmanni ákvarðanir í samþykkt, er honum hefur

verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna eða þröngva um of atvinnufrelsi, eða á einhvern hátt koma í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá staðfestingar, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðunum fyrir neitun sinni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, fyrir skipar um birting hennar og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi, og hefur hún upp frá því sama gildi sem lög.

Samþykkt þeirri, er amtmaður hefur staðfest, má eigi breyta á annan hátt, en með þeirri aðferð, er hún var stofnuð.

Amtmaður hlutast til um, að samþykktirnar sjeu prentaðar í Stjórnartíðindum, deildinni B.

5. gr. Í samþykktum þessum má gjöra ákvæði um forðabúr og hey-ásetning í sveitum, svo sem um stofnun heyforðabúrs og kornforðabúrs á kostnað sýslusjóðs eða sveitarsjóðs, reglur um notkun forðabúrsins, stjórn þess og allt fyrirkomulag, að heyskuldir og kornskuldir við forðabúrið megi taka lögtaki, að menn geti tryggt sjer hey og korn til afnota, þegar þörf gjörist, að hreppsbúar kjósi menn, er fái þóknun úr sveitarsjóði, til að hafa á hendi heyskoðun og eptirlit með hey-ásetningi og hirðing á öllum búpeningi manna, vald þessara manna, til að setja á hey hjá mönnum, og nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja samþykktinni.

6. gr. Þar sem forðabúr eru stofnuð og hey-ásetningsmenn kosnir samkvæmt staðfestri samþykkt, á hlutaðeigandi sýslunefnd heimting á öllum nauðsynlegum skýrslum um forðabúr og hey-ásetning manna á þeim tíma, er hún til tekur, að viðlögðum þvingunarsektum, er amtmaður ákveður.

7. gr. Fyrir brot móti staðfestri samþykkt má ákveða sektir frá 1—100 kr., er renni í sveitarsjóð.

8. gr. Rjett er að hreppstjóri ákveði sektir þær, sem fyrir skipaðar eru í staðfestri samþykkt, nema sá, er hlut á að máli, óski heldur, að málinu sje visað til sýslumanns. Nú er málinu vísað til sýslumanns, og skal þá fara með það sem almennt lögreglumál.

Nd. **169. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (160). — Frá Sv. Eiríkssyni, B. Sveinssyni, Lárusi Halldórssyni, Þ. Kjerúlf, Þórarni Böðvarssyni og Þorsteini Jónssyni.

Við 1. gr. tölul. 12. fyrir: »1100«, komi: 950
— — — — 13. fyrir: »1100«, komi: 950

Ed. **170. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög 29. febr. 1884, er breyta tilskipun 5. sept. 1794. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Heimilt skal mönnum þeim, er hafa um hönd lækningar, þótt eigi sjeu þeir löggiltir til læknisstarfa, að láta úti og selja til jafns við reglulega lækna

meðul þau, er þeir nota við lækningar sínar. En skylt er þeim að kaupa meðul sín eður og meðala-efni hjá lyfsölumönnum ríkisins.

2. gr. Verði þessir menn uppvísir að því, að hafa gjört skaða með meðala-út látum eður meðala-sölu, skal það varða þeim sömu hegning, sem til er tekin í lögum 29. febr. 1884. En fyrir brot gegn einkaleyfi lyfsölumanna skulu sektir koma allt að 200 kr., er renna á landsjóð.

3. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr. Ákvæði 30. gr. í tilskipun 4. desbr. 1672 eru úr lögum numin.

Nd. **171. Frumvarp**

til laga um vegi. — Eptir 2. umr. í Nd.

I. kafli.

Um skiptingu á vegum.

1. gr. Vegir á Íslandi eru: aðalpóstvegir, aukapóstvegir, fjallvegir, og bæja- og kirkjuvegir.

2. gr. Aðalpóstvegir eru þeir vegir, þar sem aðalpóstleiðir liggja; aukapóstvegir eru þeir vegir, sem aukapóstar fara, sem og vegir í kaupstaði og í almenn fiskiver; fjallvegir eru vegir yfir heiðar og hálsa, þar sem hvorki er aðalpóstvegur nje aukapóstvegur; bæjavegir eru þeir vegir, sem liggja bæja á milli, og til kirkju, en eigi eru aðalpóstvegir, aukapóstvegir eða heiðavegir.

3. gr. Aðalpóstvegir eru undir umsjón amtsráðanna og yfirumsjón landshöfðingja, og greiðist kostnaður til þeirra yfir höfuð úr landsjóði. Ef aðalpóstvegur liggur um sýslu endilanga, skal allt að helmingi aukapóstgjalds í því hjeraði ganga til aðalpóstvega.

Vegagjörð og vegabót á fjallvegum skal landshöfðingi og ráðstafa eptir tillögu vegfróðs manns og amtsráða; en fje það, er til þess gengur, skal veita í fjárlögum hvers fjárhagstímabils.

Aukapóstvegir, vegir í kaupstaði og almenn fiskiver eru undir umsjón sýslunefnda og amtsráða, en gjörðir þeirra liggja undir samþykki landshöfðingja. Þeir eru kostaðir af sýslufjelögunum.

Bæjavegir og kirkjuvegir eru undir umsjón hreppsnefnda og yfirumsjón sýslunefnda, og kosta hreppafjelögin þá.

II. kafli.

Um aðalpóstvegi.

4. gr. Aðalpóstvegir skulu, þangað til öðruvísi er ákveðið með lögum, vera:

1. Frá Reykjavík til Ísafjarðar,
2. — ——— — Akureyrar,
3. — Akureyri — Seyðisfjarðar,
4. — Reykjavík að Prestsbakka,
5. — Prestsbakka til Eskifjarðar.

5. gr. Ákveða skal í fjárlögunum, hve miklu skuli verja til vegagjörða og að-

gjörða á aðalpóstvegum á hverju fjárhagstímabili, svo og, að svo miklu leyti sem unnt er, ákveða, hvar vegabætur skuli fram fara. Skal það vera aðalregla, að fyrst sjeu bættar þær torfærur, sem gjöra mestan farartálma. Að öðru jöfnu skal fyr bæta torfærur á fjölförnustu vegum.

6. gr. Landshöfðingi ákveður eptir tillögum sýslunefnda, amtsráða og vegfróðra manna, hvar aðalpóstleið skuli liggja um hjerað hvert. Skal í því ráða, hvar leið er sem beinust og vegagjörð sem hægust, en þó hafa hæfilegt tillit til þess, að póstferðin komi hjeraðinu að sem mestum notum, og að hjeraðsbúar hafi sem mest gagn af veginum.

7. gr. Vegir á aðalpóstleiðum skulu vera að minnsta kosti 6 álna breiðir. Eigi skulu þeir að jafnaði hafa meiri halla en sem svari 3—4 þuml. á hverri alin. Skal gjöra vegina svo, að hryggur sje í miðju, að minnsta kosti hálfri alin hærri, en til barmanna, með jöfnum halla, með góðum íburði og skurðum beggja vegna, svo að vatn geti ekki staðið við veginn og eigi runnið yfir hann.

8. gr. Samkvæmt 5. gr. skal brúa læki og smá-ár, sem eru til farartálma. Á hinum stærri ám skal fyrst um sinn hafa áreiðanlegar ferjur, sem flytja má á farangur og stórgripi, fleiri en einn í senn, og skal gegn ábyrgð sýslunefnda lánað fje úr landsjóði til þeirra um 5 ára tíma með hálfum lagavöxtum. En kostnað, sem leiðir af ferjunum og mannhjálp við þær, greiða vegfarendur eptir reglum, sem hlutaðeigandi sýslunefnd semur og landshöfðingi samþykkir.

9. gr. Landshöfðinginn ræður verkstjóra til vegagjörða á aðalpóstleiðum. Sýslunefndir ráða verkmenn eptir samkomulagi við verkstjóra, hver í sínu hjeraði, þar sem vegagjörð á að fara fram. Ávallt skal vegagjörð tekin út af dómkvöddum mönnum, sem sýslumenn kveðja, hver í sínu hjeraði, og skal álit þeirra um það, hvernig verkið er unnið og hvort allrar hagsýni hafi verið gætt, sent landshöfðingja.

10. gr. Ganga skal það fyrir nýjum vegagjörðum, að bæta hina eldri vegi svo, að færir sjeu, og halda við þeim vegum, sem þegar eru gjörðir.

III. kafli.

Um aukapóstvegi.

11. gr. Sýslunefndir semja tillögur um, hverjir skuli vera aukapóstvegir í sýslu hverri, en landshöfðingi leggur á það samþykki sitt eptir að hafa leitað álits hlutaðeigandi amtsráðs.

12. gr. Kostnaður við aukapóstvegi greiðist af sýslufjelaginu, þannig að hvert hreppsfjelag greiðir kr. 1.50 fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, frá 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Hreppstjórar skulu á ári hverju innan febrúarmánaðarloka senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í hreppnum, og ákveður hann eptir því, hve mikið hver hreppur skuli greiða. Upphæðina skal greiða sýslumanni á næsta manntalsþingi, og færist hún hreppnum til útgjalda í reikningi þess árs.

13. gr. Fela má sýslunefndin hlutaðeigandi sýslunefndarmanni, eða hrepps-

nefnd, umsjón og vinnu að aukapóstvegum, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim sem umsjón er falin, að ráða þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

14. gr. Aukapóstvegir skulu vera að minnsta kosti 5 álna breiðir; að öðru leyti gilda um viðhald og gjörð á þeim hinar sömu meginreglur, og greindar eru um aðalpóstvegi.

15. gr. Oddviti sýslunefndar skal fyrir lok hvers árs senda landshöfðingja aðalskýrslu og aðalreikning yfir aukapóstvegagjörðir það ár.

IV. kafli.

Um fjallvegi.

16. gr. Því að eins skal bæta fjallvegi, er eigi eru aðalpóstvegir, eða aukapóstvegir, að brýna nauðsyn beri til. Á alþingi skal ákveða, hvort gjöra skuli við fjallvegi eða eigi, en landshöfðingi sjer um framkvæmd á því.

V. kafli.

Um bæjavegi og kirkjuvegi.

17. gr. Það er skylda hreppsbúa í hverjum hreppi, að gjöra vegi og við halda vegum í hreppnum bæja á milli og til kirkju, þar sem eigi eru póstvegir. Skyldur er hver búandi að greiða hreppsnefndinni í hverjum hreppi kr. 1.50 fyrir hvern verkfæran karlmann, sem hann hefur haft á heimili sínu til loka næsta hjúaskildaga á undan og er 20—60 ára gamall, fyrir lok hvers fardagaárs. Heimilt er þó þeim bónda, sem kýs það, að leggja til verkfæran mann 12 stundir, er fæði sig sjálfur og leggi til áhöld þau, sem nauðsynleg eru til þess, að hann geti unnið verk sitt í stað þess að greiða gjaldið.

18. gr. Nú er lítið að vinna að bæjavegum í hreppi, má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi bæjavegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð til aukapóstvega. Sje aptur á móti bæjavegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að aðalpóstvegir eru þar engir, eða aukapóstvegir, en vegur bæja milli langur og torfær, má sýslunefndin ákveða, að helmingur á móts við bæjavegagjald hreppsins greiðist úr vegasjóði sýslunnar.

Heimilt er og hreppsnefndum að greiða úr hreppsjóði sjerstök gjöld til bæjavegavinnu, svo sem til brúargjörða og umsjónarmanns, ef hið ákveðna gjald vinnst eigi til þess, sem nauðsynlegt er.

19. gr. Hreppsnefndin hefur umsjón um vinnu og aðgjörð á bæjavegum, og skal hún skipa umsjónarmenn, einn eða fleiri, til að sjá um vinnuna, og er henni heimilt að greiða þeim í dagpeninga allt að 3 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru við vinnuna.

20. gr. Skyldur skal hver verkmaður að koma á þeim tíma, sem umsjónarmaður eða verkstjóri tiltekur, og að fara eptir fyrirmælum hans; gjaldi húsbóndi ella hið ákveðna kaup og að auk 1—5 kr., er renni í vegasjóð, sem stofna skal fyrir hvern hrepp, og hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á.

21. gr. Bæjavegir skulu vera 3 álna breiðir; að öðru leyti skal, þar sem nýr vegur er gjörður, fylgja sömu aðalreglum og teknar eru fram um póstvegi.

22. gr. Skyldir skulu hreppsbúar að láta boðskap umsjónarmanns um vegavinnu berast bæja á milli tafarlaust.

23. gr. Hver hreppsnefnd skal gefa sýslunefnd skýrslu um vinnu að bæjavegum og kirkjuvegum á hverju ári fyrir árslok.

VI. kafli.

Almenn ákvæði.

24. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sje gjörður um land hans, og efni tekið þar sem næst er, án endurgjalds, ef eigi er skemmt tún, engi, yrkt land eða umgirt land. Þyki nauðsyn að leggja veg um tún, engi, yrkt land eða umgirt land, skulu fullar bætur fyrir koma úr landsjóði, sýslusjóði eða hreppsjóði,—eptir því hvort vegurinn er aðalpóstvegur, aukapóstvegur eða bæjavegur,—eptir mati dómkvaddra manna. Svo skulu og bætur fyrir koma úr landsjóði, sýslusjóði eða hreppsjóði, ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða.

25. gr. Borgun fyrir vegagjörð skal þá greiða að fullu, er verkinu er lokið, og matsgjörð eða úttekt hefur fram farið. Greiða má helming borgunar jafnóðum og unnið er.

26. gr. Hvervetna þar sem mikil umferð er á vetrum, skal byggja nægilegar vörður og við halda þeim, og sömuleiðis sæluhús. Á aðalpóstleiðum greiðist kostnaðurinn úr landsjóði, á aukapóstvegum úr sýslusjóði, og á bæjavegum úr hreppsjóði.

27. gr. Hver sem af ásettu ráði skemmir veg, vörður, ferjur eða sæluhús, skal sæta hegningu samkvæmt 296. gr. alm. hegningarl. 25. júní 1869.

28. gr. Brot gegn lögum þessum skal fara með og dæma sem opinber lögreglumál.

29. gr. Með lögum þessum er tilsk. 15. marz 1861 og lög nr. 19, 15. okt. 1875 úr gildi numin.

30. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarm. 1888.

Ed. **172. Tillaga**

til þingsályktunar um umsjón og fjárhald kirkna landsjóðs. — Eptir eina umr. í Nd.

Alþingi skorar á landstjórnina, að leita enn á ný samninga við hlutaðeigandi söfnuði um, að þeir, samkvæmt lögum 27. febr. 1880, taki að sjer umsjón og fjárhald kirkna þeirra, er landsjóður á. Bjóðist sanngjarnir kostir af hendi safnaðanna, þá sje lagafrumvarp um afhendinguna lagt fyrir alþingi 1889.

Ed. **173. Breytingartillaga**

við frumv. til viðaukalaga við lög 29. febr. 1884. — Frá Arnljóti Ólafssyni, F. S. Stefánssyni og J. Havsteen.

Við 1. gr.

1. Fyrir: „hönd lækningar“ komi: hönd smáskammtalækningar.
2. Orðin: „jafns við reglulega lækna“ falli úr.
3. Síðasta málsgrein: „En skylt er . . . ríkisins“ falli úr.

Nd. **174. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Vík í Vestur-Skaptafellssýslu. — Flutningsmaður Ólafur Pálsson.

Vík í Vestur-Skaptafellssýslu innan Dyrhólahrepps skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **175. Breytingartillögur**

við frv. til laga um brúargjörð á Ölvesá. — Frá Árna Jónssyni, Jóni Jónssyni, Sigurði Jenssyni, Sigurði Stefánssyni og Þorvarði Kjerúlf.

1. 1. gr. Fyrir: „40000“ komi: 30000
2. — Fyrir: „til fyrirtækisins allt að“ til enda greinarinnar komi: til fyrirtækisins að minnsta kosti 30000 kr.
3. 2. gr. Fyrir: „20000“ komi: 30000, og fyrir: „965,25“ komi: 1447,88.
4. 3. gr. Fyrir: „þannig: helmingurinn“ komi: þannig: tveir þriðju hlutar, og fyrir: „hinn helmingurinn“ komi: einn þriðji hluti.
5. 4. gr. „Þegar brúin er komin á“ til enda greinarinnar falli burtu.

Ed. **176. Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar við frv. til laga viðvíkjandi bögglum o. s. frv. — Frá Sighvati Árnasyni.

Við 4. gr. nefndarinnar. Í staðinn fyrir orðin: „25 aurar fyrir hver 25 kvint“ komi: „15 aurar fyrir hver 25 kvint“.

Nd. **177. Tillaga**

til þingsályktunar.—Flutningsmenn: B. Sveinsson, Jón Jónsson og G. Halldórsson.

Alþingi ályktar, að veita sýslunefndinni í Suður- Þingeyjarsýslu 1800 kr. lán, gegn 6% árlega í vöxtu og afborgun í 28 ár, handa Magnúsi Þórarinssyni á Halldórsstöðum, til að fullkomna tóvinnuvjelar hans.

Nd. **178. Tillaga.**

til þingsályktunar. — Frá atvinnuveganefndinni.

Alþingi skorar á landstjórnina að útnefna 2 menn til að skoða búnaðarástandið á Arnarstapa-umboðsjörðum; menn þessir sjeu annar fjölhæfur búfræðingur, en hinn þjóðkunnur utanhjeraðsbóndi. Landshöfðingi gefur mönnum þessum erindisbrjef, og skal skoðunargjörðin fara fram sumarið 1888. Kostnaðurinn greiðist úr landsjóði eptir reikningi, sem landshöfðingi úrskurðar.

Ed. **179. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðaströnd við Fáskrúðsfjörð.—Flutningsmaður: Jón Ólafsson.

Í Búða-landareign skal vera löggildur verzlunarstaður á Búðaströnd við Fáskrúðsfjörð.

Eigi veitir þó löggilding þessi heimild til að verzla þar á landi nje sjó með áfenga drykki.

Nd. **180. Frumvarp**

til laga um veð.—Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Ef skuld, sem handveð er fyrir, er eigi borguð í gjalddaga, eða vextir á ákveðnum tima, hefur veðhafi rjett til að láta selja veðið á uppboðsþingi; en gjöra skal hann veðsala áður aðvart um það, svo vottfast sje, með 8 daga fyrirvara, og sje veðsali ókunnur eða heimili hans, skal veðhafi stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara, til að leysa út veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í auglýsingar stjórnarvalda.

2. gr. Eigi missir lánardrottinn kröfu sína, þótt handveð glatist, nema vangæzlu hans sje um að kenna.

3. gr. Rjett er, að ákvæði það, sem um er getið í tilskipun 18. febr. 1847 um fje ómyndugra á Íslandi, 10 gr., sje sett í hvert það veðskuldabrjef, er fasteignartrygging veitir.

4. gr. Engum er heimilt, eptir það að lög þessi öðlast gildi, að veðsetja allt það, er hann á og eignast kann.

Enginn má eptir það, að lög þessi öðlast gildi, setja að sjálfsvörzluveði safn af munum, sem eru samkynja, eður ætlaðir til samkynja notkunar og einkenndir eru með einu almennu nafni.

Þó er leiguliða heimilt, að setja landsdrottni að sjálfsvörzluveði áhöld þau, er hann á til að yrkja leigujörð sína, svo og afurðir bús síns, þeim skuldum til tryggingar, sem hann er kominn í, eða kann að komast í, við lansdrottinn sinn, og af ábúðinni leiða.

5. gr. Þegar jörð er sett að veði, er rjett svo um að semja, að jörðinni skuli fylgja, auk kúgilda og jarðarhúsa, önnur tiltekin hús á jörðinni, áhöld, búsgögn og heyforði sá, sem á henni er í hvert skipti.

6. gr. Rjett er þeim, sem veðsetur verksmiðjur eða önnur iðnaðarhýsi, að semja svo um, að vjelar eða önnur iðnaðaráhöld og verkefni skuli fylgja fasteigninni.

7. gr. Nú veðsetur maður nokkuð af lausafje sínu, en handselur eigi veðið, og skal þess þá ávallt gætt, að veðsali skrifi undir veðskuldabrjefið í viðurvist tveggja áreiðanlegra manna, er gæti þess nákvæmlega, að rjett dagsetning sje á því.

Eigi veðsali heimili í Reyjavík, skal lesa veðbrjefið á fyrsta eður öðru þingi eptir að það er dagsett, og fær brjefið, ef út af er brugðið, eigi veðgildi frá þinglestrardegi, þótt síðar verði lesið.

Eigi veðsali heima annarstaðar en í Reykjavík, skal lesa veðbrjefið á manntalsþingi hinu næsta eptir að það er dagsett, og fer um það sem segir áður, ef útaf er brugðið. Hafi það verið þinglesið á rjettum tíma, en áður sýnt, til þess að það verði ritað fyrir fram í afsals- og veðmálabókina, svo sem segir í tilskipun 24. apríl 1833, 4. gr., og opnu brjefi 28. apríl 1841, nær það veðgildi frá þeim degi, er það var sýnt.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, og skal þá lesa brjefið að nýju á þingi þar, og eigi síðar en áður segir frá þeim degi, er hann þangað kom.

Svo skal og þinglesa allar veðskuldbindingar, sem þegar hafa gefnar verið fyrir almennu sjálfsvörzluveði í lausafje, eða sjálfsvörzluveði í einstökum munum, ella eru þær ógildar. Skal það gjöra á manntalsþingi hinu fyrsta eptir það, að lög þessi öðlast gildi, ef veðsali á annarstaðar heima en í Reykjavík; en sje hann búsettur þar, þá á fyrsta eða öðru þingi eptir það, að lög þessi ná gildi.

Það leiðir að öðru leyti af grundvallarreglum núgildandi laga, að engin veðskuldbinding fær, þótt þinglesin sje, nokkurt gildi að því er snertir ríkisskuldabrjef, hlutabrjef, veðskuldabrjef eða önnur slík brjef þeim til tjóns, er þau síðar hafa löglega afhent verið að handveði eða til eignar, nema ritað hafi verið á þessi veðbrjef með ljósum orðum, að veðskuldbindingin nái til þeirra.

8. gr. Nú verður maður gjaldþrota, og hefur gefið veðbrjef með sjálfsvörzluveði í lausafje, og er það þá ógilt, ef það eigi er dagsett fullum 8 vikum áður en bú hans var tekið til skipta sem gjaldþrota.

Ed. **181. Viðaukatillaga**

við frv. til viðaukalaga við lög 29. febr. 1884, er breyta tilsk. 5. sept. 1794. — Frá Arnljóti Ólafssyni, F. S. Stefánssyni og J. Havsteen.

Aptan við 4. gr. frv. bætist: „að því er snertir smáskammtalækna“.

Nd. **182. Frumvarp**

til laga um sveitarstyrk og fúlgu. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Sá sem hefur þegið sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld.

2. gr. Þegar hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur fært þeginn sveitarstyrk inn í sveitarbókina, er hún sönnun fyrir skuldinni.

Sveitarstjórnin getur beiðzt lögtaks á skuldinni eptir fyrirmælum laga nr. 29, 16. desbr. 1885.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram, en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

3. gr. Sveitarstjórnin getur látið fógeta skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eptirriti af uppskriptargjörðinni ásamt útdrætti úr sveitarbókinni, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni, skuldinni til tryggingar.

4. gr. Sannist það fyrir amtmanni, að sá, er þiggur eða þegið hefur sveitar-

styrk, sem enn er eigi endurgoldinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefur undir höndum, skal amtmaður eptir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svipta hann fjárforráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann.

Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal amtmaður nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er sviptur var fjárforráðum.

Fyrir þinglýsingar og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu á undan, skal ekkert gjald greiða.

5. gr. Sá sem þiggur af sveit og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er eigi um megn, meðan hann er eigi fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum.

Ákvæði sveitarstjórnarinnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji eigi kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin; en málið getur hann jafnframt kært fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er sker úr því eptir að hafa leitað um það álits tveggja óvilhallra manna.

6. gr. Óhlýðnist þurfamaður skipun sveitarstjórnarinnar, er getur um í næstu grein á undan, má kæra hann um það fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gjörist með sektum eður fangelsi eptir málavöxtum.

7. gr. Nú vill maður flytja af landi burt, en hefur vandamenn, sem eigi eru sjálfbjarga, og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin heimtar, skyldur að setja sveit sinni viðunanlega trygging fyrir því, að vandamenn hans, er eptir verða, verði eigi sveitarfjelaginu til þyngsla, að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sja fullnægt.

8. gr. Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Nd. **183. Frumvarp**

til laga um verzlun lausakaupmanna. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Enginn maður, sem eigi rekur fasta verzlun hjer á landi, hefur eptirleiðis heimild til að verzla á skipi, nema hann leysi leyfi til þess hjá lögreglustjóra. Slíkt leyfi kostar 50 kr., og rennur það gjald í sýslusjóð eða bæjarsjóð. Leyfið veitir honum rjett til að verzla það almanaksár hvar sem vill í því lögsagnarumdæmi, sem leyfið er í veitt. Eigi veitir leyfið heimild til að verzla með áfenga drykki, nema á löggiltum höfnum.

2. gr. Skyldur er lausakaupmaður að fullnægja ákvæðum laganna um tollgreiðslu og sóttvarnir, o. fl.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 2000 kr. og sæta sömu meðferð, sem á er kveðið í 6. gr. laga 7. nóvbr. 1879 um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi.

4. gr. Hjer með er numin úr gildi 1. málsgrein 4. greinar fyrnefndra laga 7. nóv. 1879.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag aprílmánaðar 1888.

Nd. **184. Breytingartillaga**

við frv. til laga um síldveiði fjelaga í landhelgi. — Frá Jóni Þórarinssyni, Páli Briem, B. Sveinssyni, Árna Jónssyni, Jóni Jónssyni og Páli Ólafssyni.

Við 3. gr. Í stað orðanna: »Fyrir brot gegn lögum þessum skal sækja« komi: »Með brot gegn lögum þessum skal fara«.

Ed. **185. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, sem að minnsta kosti nemur þeirri upphæð, er tilfærð er við hverja þeirra.

1.	Seglbúðir í Kleifahreppi fyrir	1050 kr.
2.	Möðrufell í Hrafnagilshreppi, með hjáleigunum Hraungerði og Torfum fyrir	6000 —
3.	Gilsbakka í sama hreppi fyrir	1800 —
4.	Efri-Sandvík og Neðri-Sandvík í Grímsey fyrir	1500 —
5.	Skúta í Glæsibæjarhreppi fyrir	1700 —
6.	Hnjúk í Vallnahreppi fyrir	2500 —
7.	Flögu í Skriðuhreppi fyrir	2500 —
8.	Eyði-jörðina Efri-Strönd í Rangárvallahreppi fyrir	150 —
9.	Árnastaði í Loðmundarfirði fyrir	1100 —
10.	Kirkjuból í Grunnavíkurhreppi fyrir	150 —
11.	Breiðabólsstað í Sveinsstaðahreppi fyrir	2400 —
12.	Hemru í Skaptártunguhreppi fyrir	1100 —
13.	Borgarfell í sama hreppi fyrir	1100 —
14.	1/3 úr Hvoli í Dyrhólahreppi fyrir	1200 —

2. gr. Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, er gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26 8. nóvbr. 1883.

3. gr. Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir að eins til 31. desbr. 1892.

Nd. **186. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um menntun alþýðu.

Vjer undirskrifaðir, sem hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið í nefnd til þess að íhuga mál þetta, höfum ítarlega rætt það á nefndarfundum, en eigi getað orðið samdóma um ýms aðalatriði þess.

Meiri hluti nefndarinnar er að vísu á þeirri skoðun, að menntun alþýðu hjer á landi sje í mörgu mjög ábótavant, og að málið, skoðað frá þeirri hlið, sje hið mesta nauðsynjamál, en þó getum vjer ekki fallizt á aðalstefnu þessa frumvarps, eptir því sem til hagar hjer á landi. Frumvarpið fer fram á að setja lögskipaðar einsháttaðar reglur fyrir allri uppfræðslu og menntun alþýðunnar, og fyrir því, hvernig haga skuli kennslunni, en skilyrðið fyrir því, að slík lög komi að tilætluðum notum er það, að auðið sje að framkvæma þau í hinum einstöku atriðum og í heild sinni. Því að það er álit vort, að óheppilegt sje að setja fyrir allt landið skólalög, sem sökum hinna ólíku landsháttа eigi verða framkvæmd nema á fáum stöðum, og það ef til vill hvergi algjörlega. Slík lög mundu öllu fremur verða til þess, að draga úr áhuga þeim á menntun, sem nú er víðast hvar tekinn að vakna. Þegar vjer lítum á fátækt landsins, verðum vjer að lýsa því yfir, að vjer álítum, að frumvarp þetta sje ekki sniðið eptir efnum og ástæðum landsbúa, og að alþingi geti ekki lögskipað slíkt fyrirkomulag, nema það þá um leið leggi fram mikinn hluta af því fje, sem útheimtist til að framfylgja lögunum. Nú sjáum vjer ekki tiltækilegt að ráða til að leggja fram svo mikið fje af landsjóði, sem nægi til framkvæmda laga þessara, og þá heldur ekki til hins, að lögbjóða það, sem hjeruðum og sveitarfjelögum er ómögulegt af eigin rammleik að inna af hendi. Alþingi styður að voru áliti alþýðumenntunina betur með því að styrkja jafnóðum þær menntunarstofnanir, sem sveitarfjelögin eða sýslufjelögin koma á fót af sjálfsdáðum, heldur en með því að búa til lög um allt fyrirkomulag menntunarstofnananna, áður en þær eru orðnar til. Með því vjer álítum að frumvarp þetta, þó það yrði að lögum, hrindi ekki alþýðumenntun vorri áleiðis, en baki landsjóði þegar í stað ærinn kostnað, verðum vjer að ráða hinni heiðruðu deild frá að aðhyllast það.

Vjer, meiri hluti nefndarinnar, höfum þar á móti samið nýtt frumvarp um fræðslu ungmenna til fermingaraldurs; höfum vjer tekið upp í frumvarp þetta ákvæði laganna 9. jan. 1880, um uppfræðing barna í skript og reikningi, og auk þess bætt við nokkrum nýjum ákvörðunum um uppfræðing ungmenna og eptirlit með henni. Vjer höfum gjört kunnáttu í námsgreinum þeim, sem frumvarpið tiltekur, að skilyrði fyrir fermingu; hyggjum vjer að með því sje foreldrum og vandamönnum ungmenna gefin að meiri hvöt til að mennta börn sín sem bezt, og í sama tilgangi höfum vjer sett ákvörðunina um opinbert próf inn í frumvarpið. Þessar ákvarðanir eru að ætlun vorri ekki bundnar þeim mun meiri kostnaði fyrir landsmenn, en uppfræðing barna er nú, að frumvarpið af þeirri ástæðu verði óaðgengilegt.

Vjer ráðum því hinni heiðruðu deild til að samþykkja eptirfylgjandi

FRUMVARP

til laga um fræðslu ungmenna.

1. gr. Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á auk kristindómsins að hafa lært:

1, að lesa prentað mál skýrt og skilmerkilega og gjöra grein fyrir lesmerkjum.

2, að skrifa læsilega snarhönd.

3, helztu reglur fyrir íslenzkri rjettritun.

4, í reikningi: samlagning, frádrátt, margföldun og deiling í heilum einskonar og margskonar tölum, tugabrot og einfalda þríliðu.

Auk þess á það að hafa lesið valda kafla úr almennt menntandi lesbók.

2. gr. Kennsla unglinga til 14. árs fer fram í skólum, hjá sveitakennurum eða í heimahúsum á kostnað foreldra, fósturforeldra eða húsbænda.

3. gr. Prestar og sóknarnefndir skulu hafa nákvæmt eptirlit með fræðslu ungmenna í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. Þeir skulu annast um, að barnakennsla í sóknunum fari fram á sem haganlegastan hátt og hæfir kennarar sjeu ráðnir eptir þörfum.

4. gr. Í hverju prófastsdæmi skulu kosnir 3 menn í kennslunefnd, sem hefur umsjón með barnakennslu í prófastsdæminu. Tvo af nefndarmönnum kýs hjeraðsfundur úr sínum flokki, en hjeraðsprófasturinn er sjálfkjörinn.

5. gr. Fræðsla ungmenna í barnaskólum fer fram eptir reglugjörð, sem kennslunefndin semur og stiptsyfirvöldin samþykkja.

Slíkar reglugjörðir skal birta í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

6. gr. Prestar skulu árlega rita í húsvitjunarbækur sínar álit sitt um kunnáttu hvers barns í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., sem og um hæfilegleika þess til bóknáms.

7. gr. Á vorin, hálfum mánuði áður en ferming fer fram, skal í hverri sókn haldið opinbert próf í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr.; til þessa prófs skulu koma öll börn í sókninni, sem eru á fermingaraldri. Presturinn yfirheyrir börnin; skulu 2 vera prófdómendur; skipar sóknarnefndin annan, en kennslunefnd hinn.

8. gr. Hverju barni skal gefa einkunn í hverri námsgrein, sem það er prófað í. Meðaltal af einkunnum þeim, er prestur og prófdómendur gefa, skal rita í prófbók, sem prófastur löggildir. Að loknu prófi rita prestur og prófdómendur nöfn sín í bókina.

Skýrslu um prófið skal prestur senda prófasti svo tímanlega að þær verði lagðar fram á næsta hjeraðsfundi.

9. gr. Einkunnir við próf þetta eru: ágætlega, dável, vel, sæmilega, laklega, illa, eða í tölum: 6, 5, 4, 3, 2, 1.

10. gr. Nú nær barn ekki aðaleinkunninni »vel» við prófið, og verður það þá ekki fermt það ár.

11. gr. Nú hefur barn þrisvar gengið undir próf og ekki náð aðaleinkunninni »vel», er þó presti rjett með ráði prófdómenda að ferma það, enda sje ekki hirðuleysi foreldra eða vandamanna um að kenna og það fullnægir þeim ákvæðum, er gilda um kristindómsþekkingu barna til fermingar.

12. gr. Að lokinni fermingu skal prestur gefa hverju barni fermingarvottorð, þar sem tilgreindar sjeu einkunnir þess við prófið.

13. gr. Komist prestur eða sóknarnefnd að raun um, að unglingar á einhverju heimili njóti ekki fullnægjandi uppfræðingar, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa foreldra eða húsbænda, ber þeim í sameiningu við hreppsnefndina eða bæjarstjórnina að gjöra ráðstöfun til, að unglingarnir geti fengið hina nauðsynlegu tilsögn. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru foreldrar eða fósturforeldrar skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði, og getur hreppsnefndin heimt hann endurgoldinn af þeim, sem uppfósturskyldan hvílir á. Kostnað þennan má taka lögtaki. Fyrir börn, sem eru á sveit, skal borga kostnaðinn úr sveitarsjóði.

14. gr. Prófasturinn skal á skoðunarferðum sínum boða til sín börn þau, er gengið hafa undir próf það ár, yfirheyra þau og kynna sjer, hvort kunnátta þeirra samsvarar einkunnum þeim, er þau hafa fengið við prófið.

15. gr. Landstjórnin sjer um, að til sjeu hentugar kennslubækur í námsgreinum þeim, sem lög þessi fyrirskipa að kenna ungmennum. Skal landshöfðingi skipa 5 manna nefnd til að semja og gefa út bækur, og greiðast ritlaun og kostnaðurinn við útgáfu bókanna úr landsjóði.

Bækurnar skulu seldar með sem vægustu verði, eigi dýrari en 5 aura hver örk í þeim, og rennur andvirði þeirra í landsjóð.

16. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1889, og frá sama tíma eru úr gildi numin lög um uppfræðing barna í skript og reikningi 9. jan. 1880.

Alþingi, 27. júlí, 1887.

Sigurður Stefánsson, framsögumaður. Sigurður Jensson, skrifari. Jón Jónsson. Árni Jónsson.

Minni hluti nefndarinnar heldur þar á móti fast við aðalstefnu frumvarps þess, sem liggur fyrir hinni heiðruðu deild, en hefur þó gjört á því ýmsar breytingar, sem miða til þess, að kostnaður við framkvæmd þessara laga verði minni, en frumvarpið gjörir ráð fyrir, og verður hann að ráða hinni heiðruðu neðri deild alþingis til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem hjer segir:

1. 1. gr. falli burt.
2. Við 3. gr., aðra málsgrein, orðin: »en tiltölulegan þátt — eða ekki« falli burt.
3. Við 4. gr., í stað: »7½« komi: 6.
4. Orðin: »Þó má — yfirstjórnar kennslunnar« falli burt.
5. Við 5. gr. staflið 3 í fyrri hluta greinarinnar.
   Töluliðurinn orðist þannig: Margföldunartöfluna minni, samlagning og frádrátt í heilum einskonartölum.
6. Fyrsti töluliður í síðari hluta 5. gr. orðist svo: Margföldun og deiling í heilum einskonartölum, tugabrot, margskonartölur og einfalda þríliðu.
7. 6. og 7. gr. falli burt.
8. 10. gr. falli burt, en fyrir hana komi svo hljóðandi grein:
   Þar sem fastir skólar eru stofnaðir, hefur kennslunefndin umsjón með skólahúsum og kennslu-áhöldum, eða felur hana áreiðanlegum manni.
9. 13. gr. falli burt.
10. Í stað 18. gr. komi svo látandi grein:
    Nú stofnar eitt eða fleiri sýslufjelög skóla, sem veitir 14 ára unglingum, og þaðan af eldri, ítarlegri og yfirgripsmeiri þekkingu, en heimtað er með lögum þessum, að hver 14 ára unglingur hafi náð, og skal slíkur skóli verða aðnjótandi þess styrks úr landsjóði, sem getur um í 58. gr., ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem yfirstjórn kennslunnar setur fyrir slíka skóla, enda sje hann háður því eptirliti af hálfu hins opinbera, sem lög þessi gjöra ráð fyrir.
11. 22.—35. gr. falli burt, en í þeirra stað komi svo hljóðandi grein:
    Yfirstjórn kennslunnar gefur út reglur fyrir byggingu skólahúsa og ber í þeim sjerstaklega að taka fram:
    a, stærð kennslustofa í samanburði við nemenda fjölda;
    b, að borð og sæti sjeu svo gjörð, að óskaðleg sjeu heilsu nemenda.
    d, að loptbreytingu verði hagkvæmlega við komið.

e, að nægileg birta sje í kennslustofunum.
Svo skipar og yfirstjórn kennslunnar fyrir um það, hver kennslu-áhöld að sjálfsögðu skuli fylgja hverjum hreppa- og hjeraðaskóla.

12. Við 36. gr., í stað: »500 kr.« komi: 200 kr.
13. Í stað: »50 kr.« komi: 20 kr.
14. Við 38. gr., í stað: »1000 kr.« komi: 600 kr.
15. Við 41. gr., í stað orðanna: »skólastjórnin til tekur« komi: til er greint í reglugjörð hvers skóla.
16. Við 53. gr., orðin: »fyrir Norðlendinga- og Austfirðingafjórðung« falli burt.
17. Orðin: »fyrir Sunnlendinga- og Vestfirðingafjórðung« falli burt.
18. 54. gr. falli burt.
19. Við 55. gr., orðið: »Enska« falli burt.
20. Orðið: »Heilbrigðisfræði« falli burt.
21. Orðin: »Yfirlit yfir landstjórnarhætti« falli burt.
22. Við 56. gr., í stað: «2500 kr.« komi: 2000 kr.
23. Í stað: »1. kennara: 2000 kr.« komi: kennarans 1600 kr.
24. Orðin: »2. kennara: 1600 kr.« falli burt.
25. Aptan við greinina bætist svo látandi málsgrein:
Reglugjörðir fyrir kennaraskóla semur yfirstjórn kennslunnar, en landshöfðingi samþykkir.
26. Við 57. gr. Aptan við fyrstu málsgrein greinarinnar bætist: nema að því leyti, sem þeim er veitt fje úr landsjóði á fjárlögunum fyrir hvert fjárhagstímabil.
27. Við 58. gr., í stað: «25 kr.« komi: »30 kr.«.
28. Við 59. gr. Þriðja málsgrein falli burt.
29. Við 67. gr., orðin: »*að* vera persónulega viðstaddur — sem þeir fá því viðkomið« falli burt.
30. Við 76. gr., orðin: »og koma til framkvæmda — haustið 1893« falli burt, en í þeirra stað komi: 1. jan. 1888 og er með þeim úr gildi numin lög um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum 4. nóvbr. 1881 og lög um uppfræðingu barna í skript og reikningi 9. jan. 1880.

* * *

Samkvæmt þessum breytingartillögum breytist kapítula- og greinaskipun frumvarpsins.

Neðri deild alþingis, 27. júlí 1887.

Jón Þórarinsson.

Nd. **187. Álit**

nefndar þeirrar, er neðri deild alþingis hefur sett til að rannsaka reikningsskil Kr. Ó. Þorgrímssonar fyrir sölu og útsendingu alþingistíðindanna 1883 og 1885.

Hin háttvirta neðri deild hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að rannsaka reikningsskil útsölumanns alþingistíðindanna 1883 og 1885, og skulum vjer nú leyfa oss að skýra h. h. þingdeild frá árangrinum af nefndarstarfi voru.

Oss hefur ekki tekizt að komast yfir endurrit af samningi þeim, er gjörður var af forsetum þingsins 1883 við útsölumanninn um sölu og útsendingu tíðindanna. Annaðhvort er sá samningur týndur eða hann hefur aldrei verið nema munnlegur, og það ber útsölumaður fram. En með því forsetarnir bæði frá 1883

og 1885 hafa ávísað reikningum, þar sem útsölumaður reiknar sjer 40% af verði allra útsendra alþingistíðinda, þá hlýtur það að hafa verið forsetunum vitanlegt, að svo hafi verið um samið.

Auk 40% af verði útsendra tíðinda hefur útsölumaður reiknað sjer tvær auka-upphæðir:

1. aukaborgun leiðandi af drætti á prentuninni 1883 . . . . . 100 kr.
2. uppbót fyrir það, sem tíðindin urðu stærri 1885 en 1883 . . . . . 72 —

Um 72 kr. uppbótina er það eitt að segja, að viðkomandi forsetar hafa samþykkt hana með því að ávísa reikningnum.

Hvað snertir 100 kr. aukaborgunina frá 1883, þá hafa hlutaðeigandi forsetar skýrt nefndinni frá, að þeir hafi fallizt á að veita útsölumanni þessa upphæð, til þess að bæta honum upp kostnaðarauka þann við útsendinguna, sem leiddi af því að Einar prentari Þórðarson lauk prentuninni síðar en um var samið. Sökum þessa dráttar á prentuninni varð útsölumaður að senda talsvert meira af tíðindunum með landpóstum, en hann annars hefði þurft, og varð því útsendingin honum kostnaðarmeiri. Að vísu höfum vjer heyrt, að útsölumaður hafi, þrátt fyrir þessa aukaborgun, látið talsvert af tíðindunum liggja í Reykjavík til vors, og þá fyrst sent þau út með strandferðaskipinu, en oss vantar nægar upplýsingar til að segja fyrir víst, hvort og að hve miklu leyti þetta hefur átt sjer stað.

Þess skal getið að reikningur prentara Einars Þórðarsonar var settur niður um 100 kr. sökum þess, að hann ekki uppfyllti samning sinn og lauk ekki prentuninni í tæka tíð.

Það sem einkum sýnist þurfa rannsóknar við í reikningum útsölumannsins er það, hvort hann í raun og veru hefur sent út þá eintaka-tölu, sem hann reiknar sjer ómakslaun af. Af tíðindunum 1883 kveðst útsölumaður hafa tekið við . . . . . 576 eintök.

þar af útbýtt gefins	189 eint.	
afhent til skrifstofu alþingis	10 —	
sent út til útsölumanna eða selt sjálfur	335 —	
ennfremur selt sjálfur 1885	3 —	
verða þá 1883 að eins	39 —	576

sem hann ekki reiknar sjer ómakslaun af.

Af tíðindunum 1885 kveðst hann hafa tekið við . . . . . 577 eint.

þar af útbýtt gefins (sjá fylgisk. 4 við svör landsh. við landsreikn. 1885)	190 eint.	
sent út til útsölumanna eða selt sjálfur	326 —	
verða þá það ár	61 —	577 —

sem hann ekki reiknar sjer ómakslaun af.

Hvað útsendinguna snertir virðist útsölumaður eiga að sanna skýrslur sínar með kvittunum frá þeim, er hann hefur sent tíðindin. Þessar kvittanir hefur hann ekki getað lagt fram, að því er snertir útsendinguna til útsölumanna, en eigi að síður geta skýrslur hans verið rjettar, og ætti að gefa honum tíma til að útvega þessar kvittanir og leggja þær fram, um leið og hann gjörir endileg

skil fyrir því, sem inn hefur komið fyrir seld tíðindi, síðan hann gjörði síðari reikning sinn um útsendinguna, og um leið og hann skilar af sjer óseldum tíðindum til fulls.

Eptir reikningum útsölumanns hefur hann af tíðindunum 1883 selt eða sent út til útsölumanna 338 eintök á 3 kr. 1014,00
sömuleiðis af tíðindunum 1885 326 eintök á 3 kr. 978,00
Samtals kr. 1992,00

þar frá dregst kostnaður sá, er útsölumaður reiknar sjer endurgjald á:
1883 40% af verði 524 + 13 expl. (1611 kr.) . . . . . kr. 644,40
aukaborgun leiðandi af drætti á prentuninni . . . . . — 100,00
1885 40% af verði 516 eint. (1548 kr.) . . . . . — 619,20
uppbót fyrir það, sem tíðindin urðu stærri 1885 en 1883 . . . — 72,00
Samtals kr. 1435,60

Samkvæmt þessu yfirliti ættu tekjurnar af sölu tíðindanna að vera kr. 1992,00 ÷ 1435,60 . . . . . kr. 556,40
væru öll tíðindin seld, sem útsölumaður telur seld eða send út til útsölumanna út um landið.

Þar að auk hafa útsölumanni verið ávísaðar þessar upphæðir:
samkvæmt reikningi $^{22}/_{4}$ 1885 . . . . . — 116,80
— — $^{31}/_{12}$ 1885 . . . . . — 487,80
Á þessari upphæð . . . . . samtals kr. 1161,00
sem samsvarar 387 eintökum, á útsölumaður að standa skil annaðhvort í eintökum eða peningum og auk þess eiga að vera til
af alþingistíð. 1883 . . . . . 39 eint.
— — 1885 . . . . . 61 —
sem aldrei hafa verið send út.

Rannsókn þessa máls hefur leitt athygli nefndarinnar að einu atriði, sem hún finnur sjer skylt að taka fram. Alþingi hefur einskonar búskap út af fyrir sig, sem landstjórnin lætur sjer vera með öllu óviðkomandi. Þannig eru reikningar yfir gjöld til alþingis ekki endurskoðaðir af hinum umboðslega endurskoðanda. En því fremur virðist vera þörf á, að forsetar og varaforsetar þingsins, um leið og þeir ávísa reikningum til útborgunar, heimti sannanir fyrir því, að reikningarnir sjeu rjettir og sanngjarnir. Sömuleiðis þarf eptirlit með, að því sje haldið til skila, sem þingið á og hefur borgað fyrir. Ef þetta eptirlit vantar, getur svo farið, að það glatist algjörlega, sem er eign þingsins, án þess unnt verði eptir á að komast að, hver til þess eigi að svara. Þannig höfum vjer þegar áður minnst á, að 24 eintök af tíð. 1883 og 23 eintök af tíð. 1885, hafa aldrei komið til skila og hefur þó verið borguð prentun og innhepting fullra 600 eintaka. Enn fremur hefur útsölumaður tíðindanna ekki enn gjört endileg reikningsskil fyrir sölunni, og virðist hann þó hafa haft nægan tíma til þess. Nú sem stendur er enginn, sem alþingið getur falið þesskonar eptirlit, nema forsetum þingsins, og getur nefndin ekki bent á annan veg, en að þingið snúi sjer til þeirra og skori á þá að heimta full skil af útsölumanni fyrir sölu og útsendingu þingtíðindanna.

Vjer viljum því ráða hinni heiðruðu þingdeild til að samþykkja eptirfylgjandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að skora á forseta þingsins að þeir heimti af útsölumanni alþingistíðindanna 1883 og 1885 með hæfilegum fresti að hann færi fullgildar sönnur á að hann hafi í raun og veru sent út þá eintakatölu, sem hann hefur reiknað sjer ómakslaun af, en endurgjaldi að öðrum kosti það, sem honum hefur verið ofborgað; sömuleiðis að hann standi skil á andvirði seldra eintaka og á óseldum eintökum.

Alþingi 26. júlí 1887.

Lárus Halldórsson, formaður.	Ólafur Briem, framsögumaður.	Sigurður Jensson, skrifari.

Nd. **188. Frumvarp**

til laga um búnaðarkennslustofnanir á Íslandi. — Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson, Gunnar Halldórsson, Sigurður Stefánsson og Þorvarður Kjerulf.

1. gr. Til þess að koma á fót og styrkja búnaðarkennslustofnanir í landinu, skal árlega varið úr landsjóði 20,000 kr.

2. gr. Fje þessu úthlutar landshöfðingi milli sýslufjelaganna eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða.

3. gr. Það skal vera komið undir samkomulagi sýslunefndanna í hinum einstöku sýslufjelögum, hve mörg þau vilja vera um það, að reisa og viðhalda búnaðarkennslustofnun, en rjett er að tvö sýslufjelög að minnsta kosti gjöri það, náist ekki samkomulag við fleiri.

4. gr. Nú notar sýslufjelag ekki sinn hluta af styrknum samkvæmt 1. gr., og rennur hann þá aptur í landsjóð, meðan svo er.

5. gr. Búnaðarskólagjald það og búnaðarskólasjóðir, sem tilsk. 12. febr. 1872 mælir fyrir um, skal að tiltölu rjettri ganga til búnaðarkennslustofnananna til viðbótar fje því, sem ræðir um í 1. gr.

6. gr. Það er tilgangur og verkefni búnaðarkennslustofnananna, að vera fyrirmynd í búskap og jafnframt gjöra unga menn að góðum og menntuðum bændaefnum með því að innræta þeim hagfræðislega þekking, er samfara sje verklegri æfingu, reglusemi og atorku í öllum þeim greinum, er að landbúnaði lúta.

7. gr. Aðgang að búnaðarkennslustofnunum hafa allir jafnt, án tillits til heimilis þeirra, eptir því sem föng eru á, og reglugjörðir stofnananna nákvæmar áveða.

8. gr. Reglugjörðir fyrir stofnanirnar semja sýslunefndir, en amtsráð staðfesta þær.

Umsjón með stofnununum hafa og sýslunefndirnar á hendi, en yfirumsjón amtsráðin, enda skulu skýrslur um ástand og framkvæmdir stofnananna, eptir ráðstöfun landshöfðingja, sendar hverju reglulegu alþingi.

Nd. **189. Frumvarp**

til viðaukalaga við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849. — Frá atvinnuveganefndinni.

Hver sá, sem drepur æðarfugl af ásettu ráði, skal auk sektar þeirrar er getur um í 11. gr. tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849, sæta sektum frá 10 til 200 kr., er renni að hálfu í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið, en að hálfu til uppljóstarmanns.

Nd. **190. Breytingartillögur**

við frv. til laga um sölu þjóðjarða. — Frá nefndinni.

Við 2. gr., fyrri málsgrein.

1. Fyrir: „er sýslunefndin metur og amtsráð samþykkir" komi: „er amtsráð metur eptir tillögum sýslunefndar".
   Síðari málsgrein.
2. Orðin: „sýslunefnd" „nefndinni" og „Til þess að mat sýslunefndar" o. s. frv. út greinina falli burt.

Á eptir 4. gr. komi ný grein svo látandi:

5. gr. Þá er leiguliði á þjóðeign óskar að fá keypta ábúðarjörð sína, sendir hann sýslumanni brjeflega beiðni um það. Sýslumaður útvegar skýrslur hjá umboðsmanni, ber því næst málið upp fyrir sýslunefndinni á fyrsta fundi hennar, og sendir það síðan með öllum fylgiskjölum til amtsráðsins.

Nd. **191. Frumvarp**

til laga um afnám 5. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850. — Frá reikningslaganefndinni.

Hjer með er úr lögum numin 5. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrirfram.

Nd. **192. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um sveitarstyrk og fúlgu. — Frá Benedikt Sveinssyni, Þorv. Kjerulf, Þorsteini Jónssyni, Páli Briem, Sv. Eiríkssyni og Þorv. Bjarnarsyni.

Aptan við 6. gr. bætist:

Hýsi maður þurfamann, sem honum er kunnugt um, að óhlýðnast skipun hreppsnefndar, eða þiggi verk af honum, skal hann sekur um allt að 100 kr., er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

Nd. **193. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög 29. febr. 1884, er breyta tilskipun 5. sept. 1794. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Heimilt skal mönnum þeim, er hafa um hönd smáskammtalækningar, þótt

eigi sjeu þeir löggiltir til læknisstarfa, að láta úti og selja meðul þau, er þeir nota við lækningar sínar.

2. gr. Verði þessir menn uppvísir að því, að hafa gjört skaða með meðala-útlátum eður meðala-sölu, skal það varða þeim sömu hegning, sem til er tekin í lögum 29. febr. 1884. En fyrir brot gegn einkaleyfi lyfsölumanna skulu sektir koma allt að 200 kr., er renna í landsjóð.

3. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

4. gr. Ákvæði 30. gr. í tilskipun 4. desbr. 1672 eru úr lögum numin, að því er snertir smáskammtalækna.

Nd **194. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bátfiski á fjörðum (141). — Frá Sigurði Stefánssyni og Gunnari Halldórssyni.

Við 2. gr. Á milli orðanna „áður en hann fer á brott" og „Taka má" o. s. frv. komi svolátandi málsgrein:

Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppum við þann fjörð eður flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í heimilishreppi þeirra.

Ed. **195. Breytingartillaga**

við frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. — Frá Sighvati Árnasyni.

Við 1. gr., 14. Í staðinn fyrir orðin „1/3 úr Hvoli", komi: „Hvoll", og fyrir „1200" komi: „3600".

Nd. **196. Nefndarálit**

um reikningskil fyrir tekjum af Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði m. m.

Haustið 1882 var Ásmundur Sveinsson settur fyrir Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð, og átti að veita umboðsjörðunum móttöku með úttektargjörð. En af ýmsum orsökum fórst það fyrir, svo að ekki er til nein áreiðanleg skýrsla um ástand jarðanna við afhending þeirra frá fyrverandi umboðsmanni Árna Thorlacius. Þar á móti hefur Ásmundur samið skýrslu um ábúð þeirra eptir skoðunargjörðum, er hann framkvæmdi árin 1883 og 1884. Við tjeðar skoðanir kom það fram, að þó umboðsjarðir stæðu ekki alveg í eyði, voru margar þeirra i mikilli niðurníðslu, og nokkur af innstæðukúgildunum fallin, alls 14 að tölu. Úr þessum annmörkum hefur ekki orðið bætt um þann tíma, sem Ásmundur gegndi umboðinu, nje eptir að hann skilaði því af sjer haustið 1885, því að í fardögum 1886 voru 10 umboðsjarðir komnar algjörlega í eyði, fyrir utan ýmsar, sem ekki voru nema hálfbyggðar, og 26½ kúgildi fallin. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, að auk þess sem jarðirnar hafa niður níðzt, hefur eptirgjald þeirra ýmist horfið með öllu, eða verið eptir gefið að meiru og minna leyti. Einnig er þess að geta, að á tekjum þeim, sem

að nafninu til hafa komið til reiknings, eru meiri vanhöld en í nokkru öðru umboði á landinu.

Í umboðsreikningnum fyrir árið 1885 eru vanhöldin þrenns konar; fyrst og fremst lækkun eptirstöðvanna frá 1883 kr. 1286,29, sem mestmegnis stafar af því, að smjörleigur frá undanfarandi árum hafa ýmist reynzt ófáanlegar, þegar loksins átti að taka þær lögtaki, eða þær hafa selzt með afföllum; í öðru lagi skaði við að verja leigunum 1884 í peninga kr. 1051,11, sem er í því fólginn, að 2061 pund af smjöri voru seld við uppboð fyrir 23 a. pundið, í staðinn fyrir 74 a. eptir verðlagskrá, og loksins hin svo kölluðu »önnur gjöld« kr. 1656,82, sem eru eptirgjafir af landskuldar og leigna gjöldum, þóknun fyrir endurbætur, ofanálag á jarðir, borgun fyrir úttektir og rýrnun á leignasmjöri. Ofan á allt þetta bætist, að á þeim tekjum, sem ætla mætti að þannig væri búið að tína úr allan óhroða, eru skilin ekki betri en svo, að af þeim eru við árslok 1884 útistandandi kr. 7593,64. Á árinu 1885 hafa vanskilin farið mjög í vöxt, og voru eptirstöðvarnar við lok þess árs orðnar kr. 11171,53, en þar upp í hafa síðan verið borgaðar kr. 2012,93, svo að nú eru útistandandi kr. 9158,60, sumpart hjá leiguliðum og sumpart hjá umboðsmönnum, fyrir utan ýmsar landaura- eptirstöðvar, sem voru áfallnar áður en Ásmundur tók við umboðinu, og aldrei hafa komizt inn í landsreikningana. Að vísu er það vafasamt um sumar af upphæðum þeim, sem að framan eru taldar, að hve miklu leyti heimild er til að færa þær til endilegra útgjalda; en með því ekki hefur enn þá verið lagður úrskurður á athugasemdir hins umboðslega endurskoðanda við umboðsreikningana fyrir árin 1884 og 1885, virðist það ekki eiga við, að svo stöddu, að fara lengra út í einstök atriði þeirra, heldur sýnist það liggja næst, að þegar hinni umboðslegu endurskoðun reikninganna er lokið, þá komi þeir í heild sinni til álita yfirskoðunarmanna landsreikninganna.

Af skuldum leiguliða, kr. 4041,21, er í reikningunum sumt talið ófáanlegt, en ekki verður sjeð, að nein gangskör hafi verið gjörð til að ná þeim inn. Og liggur það í augum uppi, að ekki má lengur við svo búið standa. Þó ekki væri til annars en að hreinsa reikningana, virðist óumflýjanlegt, að láta taka allar eptirstöðvar lögtaki, enda stríðir það auðsjáanlega gegn allri góðri reglu, að flytja vafasamar eptirstöðvar frá einum reikningi til annars, hvað þá heldur að halda nokkru af eptirstöðvunum utan við reikningana, eins og hjer hefur átt sjer stað. Það sem einkum hefur valdið glundroða í reikningsfærslunni, og ef til vill líka haft ill áhrif á skilsemina, er það, að endurskoðunin hefur ekki lagt nógu mikla áherzlu á, að líða ekki umboðsmönnum að telja neinar upphæðir útistandandi eða óinnheimtar. Út af skuld Árna Thorlacius, kr. 569,73, er málsókn hafin gegn honum, og þó það hafi dregizt lengi, sýnist tilgangslaust að sakast um orðinn hlut. Áhrærandi skuld Ásmundar Sveinssonar, kr. 4547,66, er þess að geta, að við hana kunna að bætast ýmsar upphæðir, sem honum eru taldar til ábyrgðar í athugasemdum þeim, sem við reikninga hans hafa verið gjörðar af hinum umboðslega endurskoðanda. Fyrir skuldinni eru veðsett 23.4 hundruð í jörðum, timburhús á Hallbjarnareyri og lífsábyrgðarskírteini fyrir kr. 5000,00, sem líklega er orðið ónýtt fyrir vantandi árgjaldsgreiðslu. Að vísu hefur landshöfðingi tekið fram, að með því eymdarástandi, sem nú sje í Snæfellsnessýslu, hafi ekki þótt tiltækilegt, að ganga að hinni veðsettu fasteign og selja hana á opinberu uppboðsþingi. En nefndin verður að telja mjög hæpið, að hjer sje eptir neinu betra að bíða, en það leiðir af sjálfu sjer, að ef eignin getur ekki selzt fyrir viðunanlegt verð, hlýtur hún að verða útlögð landsjóði til eignar. Sama er og um húsið á Hallbjarnareyri, enda virðist liggja næst, að leigja það með jörðinni, en hugsa ekki til sölu á því, fyr en ef jörðin yrði seld.

Eins og áður er tekið fram, eru allmargar umboðsjarðir komnar í eyði, og skal í

því efni skírskotað til brjefs hins umboðslega endurskoðanda, dags. 18. þ. m., sbr. fylgiskjalið. Ber það með sjer, að útlitið er mjög ískyggilegt, og ekki fyrirsjáanlegt, hvar staðar nemur með eyðingu jarða, eptirgjöf landskulda og svo frv. Til þess að reyna að sporna við þessu, hefur nefndinni komið saman um, að ráða til þess, að ef duglegir ábúendur fengjust, þá yrði þeim byggðar jarðirnar að minnsta kosti til 5 ára landskuldarlaust. Hagi manna í þeim byggðarlögum, sem umboðið nær yfir, höfum vjer að öðru leyti ekki haft nein tæki til að rannsaka, enda álítum vjer slíka rannsókn þýðingarlitla, nema því að eins, að hún væri framkvæmd af mönnum, sem ferðuðust um sveitirnar og sæju ástandið með eigin augum.

Samkvæmt framanrituðu eru tillögur vorar þessar:

1. Að hinni nánari rannsókn umboðsreikninganna fyrir árin 1884 og 1885, eptir að hinni umboðslegu endurskoðun þeirra er lokið, sje vísað til yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1886 og 1887.
2. Að allar þjóðjarðir í Arnarstapa- og Skógarstrandar-umboði, þær sem nú eru í eyði og ekki verða byggðar með vanalegum skilmálum, verði boðnar duglegum mönnum til ábúðar næstu 5 ár landskuldarlaust, gegn því, að þeiri svari venjulegum smjörleigum eptir kúgildi þau, er jörðunum kunna að fylgja, og vinni að jarðabótum og húsabótum, eptir því, sem um semur. Allar þær jarðir, sem gjörðar eru falar til ábúðar með þessum kjörum, skulu auglýstar í blaði því, sem birtar eru í stjórnarvalda-auglýsingar.

Neðri deild alþingis, 26. júlí, 1887.

Lárus Halldórsson,	Ólafur Briem,	Sigurður Jensson,
formaður.	framsögumaður.	skrifari.

Fylgiskjal.

HINN UMBOÐSLEGI ENDURSKOÐANDI.

Reykjavík, þ. 18. dag júlímán., 1887.

Herra landshöfðinginn hefur óskað þess, að jeg svaraði upp á brjef hinnar virðulegu nefndar, sem neðri deild alþingis setti til að íhuga hag Arnarstapa- og Skógarstrandar-umboðs, og sem dagsett er 15. júlí þ. á.

Þær jarðir sem eigi voru byggðar í fardögum 1886 — síðari skýrslur hef jeg ekki — voru þessar:

Jarðabókar Nr.	Jarðaheiti	Hinn forni leigumáli					Hinn nýi leigumáli	
		Leigur smjöralin	Landskuld eptir gl. verðlagi	Lsk. í meðalálnum	Lsk. í peningum	Mannslán í pening.	Leigur eptir smjörverðameðalalin	Lsk. eptir meðalalin
		al	al	al	kr.	kr.	al	al
18	Dalur	80		60		2	80	65
23	Elliði	80		60			80	60
29	Lýsuhóll	40		25			40	25
32 b	Bláfeldur neðri	40		20			40	20
40	Stóru-Hnausar	20		20			20	15
42	Brekkubær og 2 eyðibýli				16			35
43	Hólahólar og 2 eyðibýli			35				35
62	Hálf Berserkseyri	40	37½	7½		1	60	10
64	Fjarðarhorn	60		22½		2	60	25
89	Úlfarsfell	53⅓		30			53⅓	25
=	10 jarðir, afgjöld alls	413⅓	37½	280	16	5	373⅓	315

Þess verður að geta hjer að eptir gömlu verðlagi er vættin (=20 álnir) á 1 rd. 57 sk.

Eptirgjafir af eptirgjaldinu eptir þjóðjarðirnar í umboðinu hin síðustu ár hafa verið ærið miklar, og skal jeg leyfa mjer að vitna til Rhbrj. 28. febrúar 1882 (B Nr. 64), Rhbrj. 8. nóv. 1884, (B Nr. 134) og Lhbr. 2. september 1885 (B Nr. 82) viðvíkjandi þeim að undanförnu, en árið 1886 giltu eptirgjafir fyrir þessar jarðir, og þær voru þessar:

1. Af Svelgsá voru eptirgefin 50 pd. af smjöri
2. — Hólum — —— 20 — — —
3. —Innri-Bug — —— 10 — — —
4. — Seljum voru af numin 2 kúgildi (= 40 pd. af smjöri).
5. — Kálfárvöllum voru eptir gefin 80 pd. af smjöri.
6. — Hrútsholti — —— 60 — — —

og 15 al. landskuld eptir gömlu verðlagi, 15 al. eptir meðalalin, og 1 kr. í peningum.

Eptirgjaldið af þessum jörðum var áður og verður framvegis:

Jarðabókar Nr.	Jarðaheiti	Hinn forni leigumáli					Hinn nýi leigumáli	
		Leigur í smjörálnum	Landskuld eptir gl. verðlagi	Lsk. eptir meðalalin	Lsk. í peningum	Mannslán í pening.	Leigur eptir smjöralin, eða meðalv.	Lsk. eptir meðalalin
		al.	al.	al.	kr.	kr.	al	al
6	Hrútsholt	60	30	30		2	60	65
35	Kálfárvellir	80		60			80	60
58	Bugur Innri	40		30			40	30
69	Seljar	100	$66\frac{2}{3}$	$13\frac{1}{3}$		2	100	60
77	Svelgsá	100	75	15		2	100	60
80	Hólar	60	75	15		2	60	45
=	samtals	440	$246\frac{2}{3}$	$163\frac{1}{3}$		8	440	320

Kúgildi umboðsins voru 1879—81 stöðugt . . . . . $238\frac{1}{2}$
þar af voru seld haustið 1881 . . . . . $2\frac{1}{2}$
Eptir 236
Í umboðsreikningnum 1885 voru þau talin 219
Í umboðsreikningnum 1886 voru þau talin . . . . . $209\frac{1}{2}$
Hin föllnu kúgildi voru þannig eptir reikningnum 1885 17, og 1886 $26\frac{1}{2}$ kúgildi.

Af eyði-jörðum byggðist Elliði í fardögum 1887, og einhver önnur af umboðsjörðunum líka, en 2 nýjar jarðir fóru aptur í eyði í staðinn, eptir því sem umboðsmaður skýrði mjer frá munnlega.

Jeg skal enn fremur geta þess, að með konungsúrskurði 29. júlí 1779 var ákveðið, að hverja vætt í landaurum skyldi greiða með 1 rd. 57 sk., og fyrir hvert kúgildi skyldi greiða 1 rd. 9 sk. í umboðinu; þessum gjaldmáta átti að breyta 1817, en þeirri breytingu varð þó ekki komið á að sinni. Með konungsúrskurði 9. maím. 1823 var ákveðið, að landskuldir skyldi greiða að hálfu leyti eptir gömlu verðlagi, en að hálfu leyti in natura (o:

eptir verðlagsskrá) ; þetta komst heldur ekki á, en þar á móti komst sú ákvörðun konungsúrskurðarins á, að greiða leigur in natura. Þetta hjelzt þangað til konungsúrskurður 22. sept. 1842 ákvað, að landskuldirnar skyldi greiða með $\frac{1}{6}$ eptir verðlagsskrá, sem þá og löngu áður var orðin miklu hærri en $\frac{5}{6}$ eptir gömlu verðlagi, og við það hefur staðið síðan, og þangað til c. 1881. Jarðarafgjöldin í Arnarstapaumboði frá 1842—80 fóru þannig í rauninni stöðugt lækkandi á allmörgum jörðunum; að svo miklu leyti, sem þau voru greidd eptir verðlagsskrá, fylgdu þau með, en hið gamla verðlag lækkaði ávallt að sama skapi og peningar fjellu i verði, og eins og kunnugt er, fjellu peningar frá 1850—80 niður í hjer um bil helming verðs (100 kr. 1850 = 200 kr. 1880). Um 1880 var samþykktur nýr leigumáli á öllum umboðsjörðum, og í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði var hinn eldri leigumáli lagður til grundvallar, svo breytingin var ekki önnur en sú, að álnatala landskuldanna hækkaði og fer eptir verðlagsskrá framvegis, en ekki eptir gömlu verðlagi.

Yfir höfuð að tala er allt umboðið í þeirri apturför, sem er eins dæmi hjer á landi. Í stjórnarbrjefi frá 1848 er farið að kvarta um fiskileysi, og jeg held að þær umkvartanir hafi haldist síðan, hin síðari ár milli 70 og 80 hafa þurrabúðir umboðsins, á Rifi, Stapa og Ingjaldshóli verið lagðar niður tugum saman. Í mörg undanfarin ár hefur ekki gengið á öðru svo að segja en að samþykkja afslátt á landskuldum ; eptir 1882 hafa þessir afslættir þó einkum látið á sjer bera ; það virðist svo sem í mörg ár hafi það allt af verið að verða örðugra og örðugra að fá ábúð á umboðsjarðirnar, og nú er loksins svo komið, að 9. hver jörð umboðsins er í eyði, og 14. hver af þeim, sem þá eru eptir, er ekki nema hálfbyggð. Það versta er þó, að útlitið þar er mjög ískyggilegt nú, það er ekki ólíklegt að enn fleiri jarðir leggist í eyði en komnar eru, og líklega neyðist stjórnin til að samþykkja aðrar eins eptirgjafir eptir vorið 1887, og hún neyddist til að samþykkja eptir vorið 1882.

Jeg legg hjer við skýrslu um ábúð og ástand þjóðeigna umboðsins 1883 og 1884, og skýrslu um eptirstöðvarnar 1882 og 1883 með 4 fylgiskjölum og skýrslu um smjörauktíónina á Hallbjarnareyri 1884, með söluskilmálum og vörn Ásm. Sveinssonar. Þessi skjöl bið jeg hina virðulegu nefnd að senda mjer aptur, þegar hún hefur notað þau.

Virðingarfyllst

Indriði Einarsson.

Til

herra alþingismanns Lárusar Halldórssonar.

Nd. **197. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.—Eptir 2. umr. í Nd.

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. Konungurinn hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Ísands. Af eiðstaf konungs skal gjöra 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar landstjóra og víkur honum frá völdum. Landstjóri hefur í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari. Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.

7. gr. Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim úr völdum. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum. Ráðgjafi sá, er undir ályktun ritar með konungi eða landstjóra, ber ábyrgð á henni.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Landstjóri og ráðgjafar er landsráð og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist

á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn, þangað til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann í landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. — Landstjóri getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra svo sem lög mæla fyrir. Landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða. Með lögum má undan skilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. grein.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Landstjóri getur rofið aðra eða báðar deildir alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir, frá því þingið var rofið, og skal þá stefna þinginu saman aptur næsta ár á eptir, að það var rofið.

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landstjórnin getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. Undirskript konungs eða landstjóra þarf til þess, að veita ályktunum alþingis lagagildi. Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, ekki staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður. Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau.

18. gr. Landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga setu 36 þjóðkjörnir menn. Kosning þeirra gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri þingdeild sitja 12 menn, er kjósa skal um land allt eptir ákvæðum þeim, er sett verða í kosningarlögunum. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum. Tölu þingmanna má breyta með lögum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
b. embættismenn;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef hann

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur.

Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi landstjóri ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undireins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til að annast um að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landsjóðinn.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, að rannsaka mikils varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur án lagaákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Enga skatta eða tolla má innheimta, fyr en fjárlög fyrir það tímabil eru samþykkt af alþingi, og hafi öðlazt staðfestingu.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum, eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, til færa í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina

málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, er löglega er kosinn, missir hann rjett þann, er kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar, að sitja á alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum, eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, er hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, er þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er, allt að 5 menn úr dómi, þó svo að jafnan sitji dóminn eigi færri enn 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn. Endi

kjörtími, meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efri deildarmenn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þennan skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lútherska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

58. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan mót veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

65. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

71. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Nd. **198. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frv. til laga um vegi. Eptir 2. umr. í Nd. — Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Fyrsta grein orðist þannig: Vegir á Íslandi eru: aðalpóstvegir, sýsluvegir, fjallvegir og hreppavegir.

2. Við 2. gr. Önnur grein orðist þannig: Aðalpóstvegir eru þeir vegir, þar sem aðalpóstleiðir liggja. Sýsluvegir eru þeir vegir, sem liggja sýslna á milli og um hverja sýslu, þar sem mest er þjóðbraut, svo sem vegir í kaupstaði og almenn fiskiver, enda sjeu það eigi aðalpóstvegir, eða fjallvegir. Fjallvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar, þar sem hvorki eru aðalpóstvegir, sýsluvegir eða hreppavegir. Hreppavegir eru þeir vegir hreppa milli og um hreppa, sem eigi eru aðalpóstvegir, fjallvegir eða sýsluvegir.

   Samkvæmt þessu komi alstaðar: „sýsluvegir“ fyrir „aukapóstvegir“ og „hreppavegir“ fyrir: „bæja- og kirkjuvegir“.

3. Við 3. gr. „Og“ í fyrstu línu annarar málsgreinar eptir „landshöfðingi“ falli burt.

4. Við 7. gr. Eptir: „Vegir á aðalpóstleiðum skulu“ komi: þar sem því verður við komið.

5. — — Síðari hluti greinarinnar: „skal til barmanna — yfir hann“ falli burt.

6. Við 8. gr. Fyrir: „ábyrgð sýslunefnda“ komi: gegn fulltryggu veði.

7. Við 9. gr. Eptir: „Vegagjörð á að fara fram“ komi: Fela mega þær oddvita, eða öðrum, er situr í sýslunefndinni, þeirran starfa á hendur.

8. Við 17. gr. Greinin orðist þannig: Hreppsnefnd ákveður, hvar hreppavegir skuli liggja í hreppi hverjum, og leggur ákvæði sitt undir samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.

   Skyldur er hver búandi að láta vinna að hreppavegum ½ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann 20—60 ára, er hann hefur haft á heimili sínu til næsta hjúaskildaga á undan, og leggja til, auk fæðis, nauðsynleg áhöld til vinnunnar. Heimilt er þó búanda að leysa sig undan skylduvinnu þessari, og greiði hann þá innan loka hvers fardagaárs kr. 1,50 fyrir hvern verkfæran mann í sveitarsjóð.

9. Við 18. gr. Fyrir: „Vegur bæja milli langur og torfær“ komi: Vegir um hreppinn langir og torfærir.

10. Eptir 26. gr. komi ný grein, sem verður 27. gr. svo látandi: Eptir tillögum verkfróðra manna semur landshöfðingi reglugjörð, er hefur inni að halda nánari ákvæði um vegagjörðir.

11. Greinaskipunin á eptir breytist samkvæmt þessu.

Ed. **199. Frumvarp**

til laga um veð.—Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Ef skuld, sem handveð er fyrir, er eigi borguð í gjalddaga, eða vextir

á ákveðnum tima, hefur veðhafi rjett til að láta selja veðið á uppboðsþingi; en gjöra skal hann veðsala áður aðvart um það, svo vottfast sje, með 8 daga fyrirvara, og sje veðsali ókunnur eða heimili hans, skal veðhafi stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara, til að leysa út veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í auglýsingar stjórnarvalda.

2. gr. Eigi missir lánardrottinn kröfu sína, þótt handveð glatist, nema vangæzlu hans sje um að kenna.

3. gr. Rjett er, að ákvæði það, sem um er getið í tilskipun 18. febr. 1847 um fje ómyndugra á Íslandi, 10 gr., sje sett í hvert það veðskuldabrjef, er fasteignartrygging veitir.

4. gr. Engum er heimilt, eptir það að lög þessi öðlast gildi, að veðsetja allt það, er hann á og eignast kann.

Enginn má eptir það, að lög þessi öðlast gildi, setja að sjálfsvörzluveði safn af munum, sem eru samkynja, eður ætlaðir til samkynja notkunar og einkenndir eru með einu almennu nafni.

Þó er leiguliða heimilt, að setja landsdrottni að sjálfsvörzluveði áhöld þau, er hann á til að yrkja leigujörð sína, svo og afurðir bús síns, þeim skuldum til tryggingar, sem hann er kominn í, eða kann að komast í, við landsdrottinn sinn, og af ábúðinni leiða.

5. gr. Þegar jörð er sett að veði, er rjett svo um að semja, að jörðinni skuli fylgja, auk kúgilda og jarðarhúsa, önnur tiltekin hús á jörðinni, áhöld, búsgögn og heyforði sá, sem á henni er í hvert skipti.

6. gr. Rjett er þeim, sem veðsetur verksmiðjur eða önnur iðnaðarhýsi, að semja svo um, að vjelar eða önnur iðnaðaráhöld og verkefni skuli fylgja fasteigninni.

7. gr. Nú veðsetur maður nokkuð af lausafje sínu, en handselur eigi veðið, og skal þess þá ávallt gætt, að veðsali skrifi undir veðskuldabrjefið í viðurvist tveggja áreiðanlegra manna, er gæti þess nákvæmlega, að rjett dagsetning sje á því.

Eigi veðsali heimili í Reykjavík, skal lesa veðbrjefið á fyrsta eður öðru þingi eptir að það er dagsett, og fær brjefið, ef út af er brugðið, eigi veðgildi frá þinglestrardegi, þótt síðar verði lesið.

Eigi veðsali heima annarstaðar en í Reykjavík, skal lesa veðbrjefið á manntalsþingi hinu næsta eptir að það er dagsett, og fer um það sem segir áður, ef útaf er brugðið. Hafi það verið þinglesið á rjettum tíma, en áður sýnt, til þess að það verði ritað fyrir fram í afsals- og veðmálabókina, svo sem segir í tilskipun 24. apríl 1833, 4. gr., og opnu brjefi 28. apríl 1841, nær það veðgildi frá þeim degi, er það var sýnt.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, og skal þá lesa brjefið að nýju á þingi þar, og eigi síðar en áður segir frá þeim degi, er hann þangað kom.

Svo skal og þinglesa allar veðskuldbindingar, sem þegar hafa gefnar verið fyrir almennu sjálfsvörzluveði í lausafje, eða sjálfsvörzluveði í einstökum munum, ella eru þær ógildar. Skal það gjöra á manntalsþingi hinu fyrsta eptir það, að

lög þessi öðlast gildi, ef veðsali á annarstaðar heima en í Reykjavík; en sje hann búsettur þar, þá á fyrsta eða öðru þingi eptir það, að lög þessi ná gildi.

Það leiðir að öðru leyti af grundvallarreglum núgildandi laga, að engin veðskuldbinding fær, þótt þinglesin sje, nokkurt gildi að því er snertir ríkisskuldabrjef, hlutabrjef, veðskuldabrjef eða önnur slík brjef þeim til tjóns, er þau síðar hafa löglega afhent verið að handveði eða til eignar, nema ritað hafi verið á þessi veðbrjef með ljósum orðum, að veðskuldbindingin nái til þeirra.

8. gr. Nú verður maður gjaldþrota, og hefur gefið veðbrjef með sjálfsvörzluveði í lausafje, og er það þá ógilt, ef það eigi er dagsett fullum 8 vikum áður en bú hans var tekið til skipta sem gjaldþrota.

Ed. **200. Frumvarp**

til laga um síldveiði fjelaga í landhelgi. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Fiskiveiðar í landhelgi mega fjelög eigi reka, er þegnar annara ríkja eiga hlut í. Þó mega hlutafjelög reka síldveiðar í landhelgi, ef meir en helmingur fjelagsfjárins er eign þegna Danakonungs, og fjelagið hefur heimilisfang á Íslandi, og stjórn þess er skipuð þegnum Danakonungs, enda sje að minnsta kosti meiri hluti þeirra heimilisfastur á Íslandi.

2. gr. Áður en hlutafjelag tekur til starfa, skulu samþykktir þess sýndar lögreglustjóra, þar er fjelagið hefur heimilisfang eður og veiðistöð, svo og breytingar, er síðar verða gjörðar á þeim, og skulu lögreglustjórar gæta þess, að þær sjeu lögum samkvæmar, og hafa eptirlit með því, að lögum þessum sje fylgt. Að öðru leyti eru slík fjelög, að því er fiskiveiðar snertir, háð lands-lögum um fiskiveiðar í landhelgi.

3. gr. Með brot gegn lögum þessum skal fara eptir reglum þeim, er gilda um almenn lögreglumál; varða brotin sektum frá 20—400 kr., er renna í landsjóð, og skal hið ólögmæta veiðifang, eða þess virði, gjört upptækt, og falla til landsjóðs.

Ed. **201. Frumvarp**

til laga um sölu þjóðjarða. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Hver sá, er hefur þjóðjörð til ábúðar, skal hafa rjett til að fá jörðina keypta, enda sje hún eigi ætluð til embættisbústaðar, skólaseturs eða annara almenningsnota.

2. gr. Kaupverð jarðarinnar skal ákveða eptir sanngjörnum leigumála, er amtsráð metur eptir tillögum sýslunefndar, þannig að verðið samsvari 25földu eptirgjaldi hennar, landskuld og leigum.

Til hliðsjónar við mat leigumálans skal hafa skýrslur um afgjald og allt ásigkomulag jarðarinnar, sem umboðsmaður er skyldur að láta í tje.

3. gr. Af andvirði jarðarinnar skal kaupandi borga $^1/_{10}$ hluta um leið og kaupin eru fullgjörð, en eptirstöðvarnar á þann hátt, að hann gefi út skuldabrjef fyrir

þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og skal hann gjalda árlega í vexti og afborgun lánsins 6% af hinni upphaflegu upphæð þess, þannig að allri skuldinni sje lokið á 28 árum.

4. gr. Ef þjóðjörð er í eyði, skal hverjum þeim, er falar jörðina til kaups, veittur kauparjettur með sömu skilmálum sem ábúanda.

5. gr. Þá er leiguliði á þjóðeign óskar að fá keypta ábúðarjörð sína, sendir hann sýslumanni brjeflega beiðni um það. Sýslumaður útvegar skýrslur hjá umboðsmanni, ber því næst málið upp fyrir sýslunefndinni á fyrsta fundi hennar, og sendir það síðan með öllum fylgiskjölum til amtsráðsins.

6. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu þjóðjarða, ákveður kaupverð þeirra og gefur út afsalsbrjef fyrir þeim.

7. gr. Fje það, er greiðist upp í andvirði þjóðjarða, skal leggja í sjerstakan sjóð. Reglur um meðferð sjóðsins skal setja með lögum.

Ed. **202. Frumvarp**

til laga um að nema úr gildi lög 16. desbr. 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgnúps í Strandasýslu og Skagatáar í Húnavatnssýslu á tímabilinu frá 1. nóv. til 14. apríl. — Eptir 3. umr. í Nd.

Frá. 1. jan. 1888 skulu lög 16. desbr. 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgnúps í Strandasýslu og Skagatáar í Húnavatnssýslu á tímabilinu frá 1. nóv. til 14. apríl, numin úr gildi.

Nd. **203. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 veitast 921 kr. 70 a. til gjalda þeirra, er nefnd eru í eptirfylgjandi 2.—3. gr.

2. gr. Sem viðbót við eptirlaun og styrktarfje í 15. gr. veitast:

Handa prestsekkju Ragnheiði Jónsdóttur sem viðbót við tekjur hennar af Vestmanneyja brauði náðarárið eptir lát manns hennar og sem viðbót við eptirlaun hennar frá fardögum 1886 til 31. desbr. 1887 375 kr. 95 a.

3. gr. Til endurbyggingar Bjarnanes-kirkju 1886 veitast 545 kr. 75 a.

Nd. **204. Frumvarp**

til laga um bátfiski á fjörðum. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Rjett er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiðar sje, á fjörðum eður tilteknum fjarðarsvæðum, sökum fiskveiða fjarðarbúa, og skal það gjört með samþykkt á þann hátt, er segir í lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákvæði tjeðra laga og laga nr. 23, 4. desbr. 1886 gilda um slíkar samþykktir.

2. gr. Nú stundar aðkomumaður fiskveiðar á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eður hreppa samtals 4 vikur eður lengur

sömu missiri, og er þá sveitarstjórn eður niðurjöfnunar-nefnd heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn eður bæjarbúa. Útsvarinu skal hann lokið hafa áður hann fer á brott. Þó skal eigi leggja auka-útsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppum við þann fjörð eður flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í heimilis-hreppi þeirra. Taka má útsvarið lögtaki sem önnur sveitarútsvör. Að öðru leyti eru og slíkir aðkomumenn háðir landslögum um fiskveiðar og útflutningstoll af sjávarafla.

Nd. **205. Tillaga**

til þingsályktunar. — Frá fjárlaganefndinni.

Alþingi skorar á landstjórnina að veita söfnuðinum í Garðsókn í Norður-Þingeyjarsýslu 600 kr. lán úr landsjóði með 4% vöxtum og 15 ára afborgun, til þess að ljúka við bygging Garðskirkju.

Ed. **206. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. oktbr. 1875 um breytingu á sömu tilskipun. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Sendingar, sem eru prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, mega vega allt að 5 pd.

2. gr. Böggulsendingar, sem sendar eru með póstskipunum hafna á milli á Íslandi og ekki þarf að senda neitt yfir land, mega vega allt að 10 pd.

3. gr. Burðareyrir fyrir krossbandsendingar þær, sem getið er um í 1. gr., skal vera 1 eyrir fyrir hver 5 kvint eða minni þunga.

Burðareyrir fyrir böggulsendingar þær, sem um getur í 2. gr. hjer að ofan, skal vera 10 aurar fyrir hvert pund og 5 aurar að auki ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 kr, eða minna af verði sendingarinnar, ef verð er tiltekið. — Undir tilvísunarbrjef við slíka böggla greiðist að auki venjulegt burðargjald, ef brjefið er lokað.

4. gr. Með ferðum landpóstanna frá því í nóvbr. og til þess í marz eru póstmenn eigi skyldir að taka böggla til flutnings þyngri en eitt pund, framar en þeim þykja hentugleikar leyfa, nema prentað mál í krossbandi. Burðareyrir fyrir lokaða böggla, sem teknir eru til flutnings á þessum tíma, skal vera 15 aurar fyrir hver 25 kvint.

5. gr. Með lögum þessum eru lög nr. 21, 4. nóv. 1881, úr lögum numin.

Ed. **207. Nefndarálit**

í málinu um fæðispeninga og ferðakostnað alþingismanna.

Vjer undirskrifaðir, sem hin háttvirta Ed. kaus í nefnd til að hugleiða breytingar á 37. gr. laga 14. sept. 1877, höfum á mörgum fundum vandlega hugleitt málið, og hefur oss komið saman um, að ráða hinni heiðruðu þingdeild til að fallast á frumv. það um þingfararkostnað, er hjer fer á eptir.

FRUMVARP

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

1. gr. Alþingismenn skulu hafa í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem alþingi stendur yfir, 6 kr., og slíkt hið sama fyrir hvern dag, sem gengur til ferðarinnar til þings eða frá þingi.

2. gr. Ferðakostnað sinn til alþingis og frá því fá alþingismenn greiddan eptir ákvæðum 4. gr. þessara laga, ef þeir fara ferðina á landi, og er þar talinn með fjarðflutningur og ferjutollar, flutningur til lands í Rangárvallasýslu úr Vestmannaeyjum o. s frv. Flutning til lands úr öðrum úteyjum skal endurgjalda samkvæmt 6. gr., og ferðina, eptir að til meginlands er komið, samkvæmt fyrirmælum 4. gr.

3. gr. Öllu landinu skal, að því er til þingfarar kemur, skipt í þessi þingfararhjeruð:

1. þingfarar-hjerað	:		Seltjarnarnesshreppur, Mosfellssveit, Bessastaða og Garða-hreppur.
2.	—	—	: Milli Hvalfjarðar (frá Brynjudalsá) að vestan og Lyngdalsheiðar, Þingvallavatns, Sogs og Ölfusár að austan, að frá teknu 1. þingfarar-hjeraði.
3.	—	—	: Frá austurmörkum 2. þingf.-hjer. til Rangár ytri.
4.	—	—	: Frá Rangá ytri að Fúlalæk.
5.	—	—	: — Fúlalæk að Mýrdalssandi.
6.	—	—	: — Mýrdalssandi til Skeiðarársands.
7.	—	—	: — Skeiðarársandi til Breiðamerkursands.
8.	—	—	: — Breiðamerkursandi til Lónsheiðar.
9.	—	—	: — Lónsheiði til Axar- og Breiðdalsheiðar.
10.	—	—	: Annar hluti Múlasýslna að frá teknum Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppum og Möðrudalssókn.
11.	—	—	: Frá Hvalfjarðarbotni til Hvítár í Borgarfirði.
12.	—	—	: Mýrasýsla.
13.	—	—	: Frá 12. þingf.-hjer. að sunnan til Straumfjarðarár, Kerlingarskarðs og Kolgrafarfjarðar.
14.	—	—	: Snæfellsnessýsla vestan 13. þ.-h.
15.	—	—	: Annar hluti Snæfellsnessýslu og Dalasýsla að Hvammsfjarðarbotni og Svínadal.
16.	—	—	: Hinn annar hluti Dalasýslu, Strandasýsla sunnan Bitrufjarðar og Húnavatnssýsla.
17.	—	—	: Barðastrandarsýsla austan Vattarness, Reykjarfjarðar og Nauteyrarhreppar í Ísafjarðarsýslu og Strandasýsla milli Kúvíkna og Bitrufjarðar.
18.	—	—	: Aðrir hlutir Barðastrandar, Ísafjarðar og Stranda sýslna.
19.	—	—	: Skagafjarðarsýsla vestan Öxnadalsheiðar og innan Kolku.
20.	—	—	: Hinn hluti Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýsla vestanfjarðar inn að Eyjafjarðarárósi.
21.	—	—	: Hinn hluti Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýsla að Kráká, Mývatni og Laxá.
22.	—	—	: Frá 21. þ.-h. til Jökulsár í Axarfirði.
23.	—	—	: Hinn hluti Þingeyjarsýslu ásamt Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppum, og Möðrudalssókn í Norður-Múlasýslu.

24. — — : Vestmannaeyjar (sjóveg til Rangárvallasýslu og þaðan landveg til Reykjavíkur).

4. gr. Ferðakostnað fær þingmaður hver, sem landveg fer til þings eða frá þingi, greiddan eptir því, í hverju þingfarar-hjeraði hann hefur aðsetur, þannig:

Úr	1.	þingfarar-hjeraði	með	kr.	8
—	2.	—	—	—	22
—	3.	—	—	—	60
—	4.	—	—	—	100
—	5.	—	—	—	130
—	6.	—	—	—	148
—	7.	—	—	—	184
—	8.	—	—	—	210
—	9.	—	—	—	262
—	10.	—	—	—	300
—	11.	—	—	—	56
—	12.	—	—	—	98
—	13.	—	—	—	126
—	14.	—	—	—	154
—	15.	—	—	—	136
—	16.	—	—	—	142
—	17.	—	—	—	184
—	18.	—	—	—	206
—	19.	—	—	—	150
—	20.	—	—	—	184
—	21.	—	—	—	214
—	22.	—	—	—	232
—	23.	—	—	—	258
—	24.	—	—	—	130

5. gr. Nú fer þingmaður með strandferðaskipum, og fær hann þá endurgoldið það, sem farið kostar, samkvæmt verðskrá skipsins, ef það hefur fasta verðskrá, ella samkvæmt reikningi yfir fargjald það, er hann hefur í raun og veru goldið. — Fyrir að komast á skip á burtfararstaðnum eða af skipi á aðkomustaðnum má reikna 3 kr. — Aukakostnað um borð skal endurgjalda með hálfri krónu fyrir dag hvern, er sjóferðin stendur yfir.

6. gr. Ferðakostnaður frá aðseturstað þingmannsins til skips, ef þingmaður fer með strandferðaskipi, greiðist með 1½ kr. fyrir hverja mílu landferðar, en sjóferð á bát eptir atvikum. Fyrir þennan kostnað skal gefa reikning og færa til mílnatal, hvort heldur er á sjó eður landi farið. Mílnatalið skal telja frá aðseturstað þingmanns til burtfarar- eða aðkomustaðar skipsins, og skal talið einu sinni er til þings er farið og öðru sinni á heimleið frá þingi.

7. gr. Nú fer þingmaður aðra leiðina sjóleiðis en hina landveg, af þingi eður á, og skal þá telja ferðakostnaðinn því samkvæmt eptir ákvæðum laga þessara.

8. gr. Alla reikninga fyrir ferðakostnað úrskurðar nefnd, er alþingi kýs á fyrsta fundi í sameinuðu þingi hvert sinn er það kemur saman. Úrskurður hennar er fullnaðarúrskurður.

9. gr. Komi fyrir óvæntur farartálmi, svo sem megnar ófærðir, íshindranir, slys eða önnur ófyrirsjáanleg atvik, er baka alveg óvanalegan kostnað, svo og ef þing kemur saman á óvanalegum árstíma, þá er kostnaðarsamara er yfirferðar en vanalega um venjulegan þingfarartíma, má endurgjalda þingmanni eða þingmönnum ferðakostnað eptir reikningi, er nefnd sú úrskurðar, er ákveðin er í 8. gr., og skal hún ávallt hafa það tillit, sem unnt er, til hinna almennu ákvæða þsssara laga, að því leyti, sem þau geta við átt.

10. gr. 37. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis er úr lögum numin.

Ed. Alþingis, 29. júlí, 1887.

Jón Ólafsson, skrifari og framsögum. Sighvatur Árnason, formaður. Jakob Guðmundsson.

F. S. Stefánsson. B. Kristjánsson.

Nd. **208. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885.

Til að gefa út »Lovsamling for Island« voru í fjárlögunum fyrir árin 1884 og 1885 veittar kr. 1960, er samsvarar kostnaðinum við bindi, sem er 40 arkir að stærð. Af þeim tveim bindum, er út komu þessi ár, var annað (18.) 45 og hitt (19.) 49 arkir. Bæði bindin til samans voru þannig 14 örkum stærri enn áætlað var, og kostnaðurinn við hverja slíka örk kr. 50, er gjörir samtals kr. 700, eins og farið er fram á í frumvarpinu.

Jafnvel þó kostnaðurinn við póstflutninga og önnur útgjöld við póststjórnina stigi langt fram úr því, sem þar til er veitt í fjárlögunum, nefnil. kr. 1963,33 1884 og kr. 2994,36 1885, verður eigi annað álitið en að fjenu hafi verið varið til nauðsynlegra gjalda.

Þær kr. 46,62, sem ýmisleg útgjöld við prestaskólann fara fram úr fjárveitingu, álítur nefndin sjálfsagt að samþykkja, og sömuleiðis kr. 67,95 til tímakennslu við lærða skólann, um leið og þess skal getið, að ekkert af þeirri upphæð hefur gengið til hinna föstu kennara skólans.

Til eflingar laxveiði og laxræktar voru í fjárlögunum veittar kr. 3000, er sýndist allríflegur styrkur til þessarar sjerstöku atvinnugreinar, en allt um það hefur stjórnin leyft sjer að brúka kr. 1292,95 fram yfir fjárveitingu, án þess að neinar þær skýrslur sjeu fram komnar af hennar hálfu, er rjettlæti þessa miklu umframbrúkun. Að vísu álítum vjer mjög ísjárvert að samþykkja eptir á slíkar umframgreiðslur nema brýna nauðsyn beri til, en viljum þó ekki mæla móti því að þessu sinni.

Í þeim kr. 536,39, sem óviss útgjöld fara fram úr fjárveitingu, er fólginn kostnaður við ferðir 3 sýslumanna með herskipinu »Diana« sumarið 1884 til að líta eptir fiskiveiðum útlendinga, kr. 144, sem er útborgaður án lagaheimildar, og verður því að dragast frá upphæðinni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, viljum vjer ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir 7601 kr. 80 au. komi 7457 kr. 80 au.
2. — 6. — — 536 — 59 — — 392 — 59 —

Neðri deild alpingis, 26. júlí, 1887.

Lárus Halldórsson, formaður.	Ólafur Briem, framsögumaður.	Sigurður Jensson, skrifari.

Nd. **209. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir árin 1884 og 1885.

Í inngangi athugasemdanna við frumvarp þetta er það tekið fram, að það sje samið í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið gefin út, en þetta er ekki rjett, því að í frumvarpinu er sleppt þrem mikilsvarðandi atriðum, sem skýrt hefur verið frá í reikningslögunum að undanförnu, sem sje innstæðu viðlagasjóðs, peningaforða landsjóðs og tekjueptirstöðvum. Þó eptirstöðvanna af hverri tekjugrein fyrir sig sje getið í athugasemdunum við frumvarpið, sýnist það eiga vel við að tilfæra upphæð þeirra í einu lagi í lögunum sjálfum, eins og það er nauðsynlegt, til að taka af öll tvímæli eptir á, að tilgreina eigur viðlagasjóðsins, bæði innstæðuna og peningaforðann, við lok hvers fjárhagstímabils. Þetta hefur þingið áður látið í ljósi, og er það lítt skiljanlegt, hversvegna stjórnin hefur ekki gefið því gaum.

Með skírskotun til álits nefndarinnar um tillögur yfirskoðunarmanna alþingis út af athugasemdum við landsreikningana fyrir árin 1884 og 1885, skulum vjer geta þess, að ef þar að lútandi tillögur vorar nr. 9 og 10 verða samþykktar, leiðir þar af lækkun á þessum gjaldliðum í landsreikningunum:

9. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja kr. 500,00
10. Til óvissra útgjalda — 144,00
en aptur á móti færist upp töluliður
13. Afgangur — 644,00
er bætist við peningaforðann.

Samkvæmt framanrituðu viljum vjer ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við 9. gjaldlið: Fyrir 13673,78 komi 13173,78
2. — 10. —— — 4536,59 — 4392,59
3. — 13. —— — 119816,09 — 120460,09
4. Aptan við frumvarpið bætist:
Innstæða viðlagasjóðs 31. des. 1885 kr. 964781,13
Peningaforði landsjóðs 31. des. 1885 — 114375,69
Tekjueptirstöðvar landsjóðs 31. des. 1885 — 63824,19.

Neðri deild alpingis, 26 júlí 1887.

Lárus Halldórsson, formaður,	Ólafur Briem, framsögumaður.	Sigurður Jensson, skrifari.

Nd. **210. Nefndarálit**

um tillögur yfirskoðunarmanna alþingis út af athugasemdum við landsreikningana fyrir árin 1884 og 1885.

I. Reikningurinn 1884.

A. Tekjubálkurinn.

Yfirskoðunarmenn hafa vakið athygli á ósamkvæmni þeirri milli landsreikningsins annars vegar og jarðabókarsjóðsreikningsins hins vegar, sem helzt til opt eigi sjer stað, að því er snertir sundurliðun fjár þess, sem greitt er í landsjóð upp í tekjur hans. Og hefur landshöfðingi skýrt frá, að sú ósamhljóðun komi af því, að reikningshaldarar landsjóðsins tilgreini ekki ávallt rjett, upp í hverjar tekjugreinir innborganir þeirra eigi að ganga. En pareð reglugjörð 13. febr. 1873, 5. gr., skipar svo fyrir, að sjerhverri þeirri upphæð, sem borguð sje í jarðabókarsjóðinn eða í aðalfjehirzluna, skuli fylgja brjef, er skýri frá, hverjar tekjugreinir sje ætlast til að verði borgaðar með þeirri upphæð, virðist slík ósamhljóðun ekki þurfa að eiga sjer stað, svo framarlega sem nógu ríkt er gengið eptir því, að reglugjörðinni sje hlýtt.

Í annan stað hafa yfirskoðunarmenn leitt athygli að hinum miklu tekjueptirstöðvum landsjóðs hjá gjaldheimtumönnum, bæði af sýslutekjum og umboðstekjum. Að vísu hefur landshöfðingi bent á tvennt, er valdi því, að tekjur landsjóðs verði eigi allar greiddar fyrir lok hvers árs, fyrst það, að kaupmenn megi greiða tolltekjur með ávísunum, er sjeu all-lengi á leiðinni frá gjaldheimtumönnum til aðalfjehirzlunnar, og annað hitt, að gjaldheimtumenn þurfi eigi fyr en í febrúar að gjöra skil fyrir tekjuleifum þeim, sem eptir eru samkvæmt reikningunum. Þetta virðist þó einungis að nokkru leyti geta rjettlætt eptirstöðvarnar frá því ári, sem reikningurinn nær yfir, en alls ekki hin miklu vanskil frá fyrri árum, einkanlega úr Ísafjarðarsýslu og frá Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði, enda hefðu slík vanskil ekki getað numið svo miklu, ef reglugjörð 13. febr. 1873 hefði verið beitt með fullum strangleik.

1.

Sú tillaga yfirskoðunarmanna, að skýrsla um búenda tölu í hverjum hreppi og sýslu landsins, þeirra er búa á 5 hundruðum í jörðu eða þar yfir, fylgi landsreikningnum framvegis, svo eptirlit verði haft með, hvernig laun til hreppstjóra eru greidd, virðist á góðum rökum byggð.

5.

Samkvæmt tillögunni eru kr. 20,00, sem eptir svari landshöfðingja eru ranglega tilfærðar erfðafjárskatts-eptirstöðvar úr Húnavatnssýslu frá 1883, látnar hverfa í landsreikningnum 1885, og dregnar frá erfðafjárskatti í reikningslagafrumvarpinu fyrir 1884 og 1885, I. 5.

9.

Hinar umræddu kr. 99,77, sem eru vínfangatolls-eptirstöðvar úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 1882, eru eptir skýrslu landshöfðingja borgaðar 1884, en taldar með óvissum tekjum (ábyrgðum), í staðinn fyrir með aðflutningsgjaldi. Til að leiðrjetta þetta eru kr. 99,76 felldar úr eptirstöðvum í landsreikningnum 1885 og bætt við aðflutningsgjald af áfengum drykkjum í reikningslagafrumvarpinu fyrir 1884 og 1885, I. 11.

10.

1. og 2. Upphæðir þær, sem hjer er átt við, kr. 4878,60 + 309,00, er snerta viðskipti hinnar íslenzku og dönsku póststjórnar, hafa komið til athugunar við yfirskoðun landsreikningsins 1885.

11.

6. og 7. Hinum umræddu upphæðum, kr. 19,72, sem greiddar eru upp í eptirstöðvar frá Möðruvallaskólanum, og kr. 0,60, sem borgað er fyrir stimpilgjald úr Skagafjarðar og Norðurmúla sýslum, er bætt við óvissar tekjur í reikningslagafrumvarpinu fyrir 1884 og 1885, I. 14.

9. Í sama frumvarpi, I. 14., er enn fremur bætt við óvissar tekjur kr. 112,34, er jarðabókarsjóður hefur grætt við skipti á frakkneskum peningum gegn dönskum.

Aptur á móti eru aðflutningsgjalds eptirstöðvarnar, sem um er rætt í 9. gr., kr. 99,76, dregnar frá óvissum tekjum í frumvarpinu, I. 14.

13.

2. Samkvæmt tillögunni er kr. 1,60, sem eptir svari landshöfðingja eru vantaldir vextir af viðlagasjóðsláni frá 1883, bætt við eptirstöðvar í landsreikningnum 1885 og við leigur af innstæðufje viðlagasjóðs í reikningslagafrumvarpinu fyrir 1884 og 1885, I. 18.

3. c. Í athugasemdinni er það lagt til, að sá hluti Staðarbyggðamýralánsins, sem er lagður beinlínis á jarðirnar, þannig, að vextir og afborganir af honum greiðast í hækkuðum jarðarafgjöldum, að upphæð kr. 6161,48, hverfi úr innstæðu viðlagasjóðs, þareð hann sje ekki lengur til sem sjálfstætt lán, heldur sje honum snúið í ævarandi landskuldargjald. Samkvæmt þessari tillögu, sem hefur við góð rök að styðjast, eru kr. 6161,49 numdar burt úr innstæðu viðlagasjóðsins í landsreikningnum 1885.

14.

Athugasemdin, er snertir innborganir frá nokkrum brauðum, er tekin til greina í landsreikningnum 1885, á þann hátt, að þar eru, auk eptirstöðvanna frá 1884, tekin upp ógreidd árgjöld af Vatnsfjarðar, Staðar og Saurbæjar prestaköllum, kr. 50,00 + 200,00 + 150,00, og er þessum kr. 400,00 bætt við tekjueptirstöðvar í athugasemdum við reikningslagafrumvarpið fyrir 1884 og 1885, I. 19.

15.

Yfirskoðunarmenn hafa vakið máls á, hvort ekki muni vera ástæða til, að takmarka aðgang embættismanna til að fá skyndilán upp á laun sín samkvæmt lögum 30. júní 1850, sbr. opið brjef 31. maí 1855, 5. gr. Að vísu hafa yfirskoðunarmenn landsreikningsins 1885 fallið frá þessu »eptir atvikum», er þeir hafa látið ógetið. En þareð landsjóður getur beðið tjón af slíkum tryggingarlausum lánveitingum, virðist ástæða til að sporna við því, með því að nema úr lögum ákvarðanir þær, er veita embættismönnum rjett til slíkra lána, og það því fremur, sem það er lögheimilað, að embættismenn fái laun sín útborguð mánaðarlega fyrirfram.

16.

1., 2. og 3. Upphæðir þær, sem hjer er átt við, kr. 266,90 + 2422,33 + 3221,90, sem

eru eptirstöðvar af fyrirframgreiðslum upp í kennslukostnað heyrnar- og málleysingja, kostnað í tilefni af skipströndum og sakamálakostnað, hafa komið til greina í landsreikningnum 1885.

B. Útgjaldabálkurinn.

18.

Yfirskoðunarmenn hafa bent á, að af fje því, sem veitt er til kostnaðar við alþingi 1885, sje greiddur kostnaður í tilefni af ályktun neðri deildar alþingis viðvíkjandi Elliða ármálum, að upphæð kr. 75,00, er hljóti að snerta alþingi 1883, og því sje þessu fjárhagstímabili óviðkomandi. En þareð landshöfðingi hefur upplýst, með skjali frá forseta neðri deildar 1883, að þingdeildin hafi veitt samþykki til, að hinn umræddi kostnaður mætti greiðast með öðrum alþingiskostnaði, virðist ekki nauðsynleg aukafjárveiting fyrir þeirri fjárgreiðslu.

19.

B. 3. Upphæðir þær, sem hjer ræðir um, kr. 76,27 + 300,01, sem eru afborganir til þarfa hegningarhússins í Reykjavík 1884, þurfa að koma til athugunar við yfirskoðun landsreikningsins 1886.

— 4. Hinum umræddu kr. 240,00, sem eru málflutningslaun í gjafsóknarmáli hjeraðslæknis Þorgríms Johnsens, er bætt við dómgæzlukostnað í reikningslagafrumvarpinu fyrir 1884 og 1885, II. 3. B.

C. 4. Til eflingar búnaði voru veittar kr. 20000,00, en greitt hefur verið kr. 21280,00, og er því fram yfir fjárveitingu kr. 1280,00. Til þessarar umframgreiðslu hafa yfirskoðunarmenn álitið aukafjárveitingu nauðsynlega, en aptur á mót hefur landshöfðingi í svari sínu viljað rjettlæta hana með því, að þegar litið sje til fjárveitingarinnar þrjú ár í röð, 1882, 1883 og 1884, samtals kr. 60000,00, og jafnframt til útborgunarinnar um sama tímabil, kr. 57020,46, komi fram afgangur, kr. 2979,54. Að vísu er nefndin yfirskoðunarmönnum samdóma um, að styrk, sem ekki er notaður á því fjárhagstímabili, sem hann er veittur fyrir, verði að skoða sem sparaðan, en þó með þeirri takmörkun, að fjárveitingarafgang undanfarandi fjárhagstímabils megi brúka til að kvitta með útgjaldaeptirstöðvar frá sama tíma. Þar sem nú afgangur fjárveitingarinnar fyrir 1882 og 1883, kr. 5019,54, hefur einungis verið notaður til lúkningar eptirstöðvum frá því tímabili, er kom til útborgunar 1884, kr. 2090,00, og fjárveitingin 1884, kr. 20000,00, vegur fullkomlega á móti útgjöldum þess árs, kr. 19950,00, virðist ekki bryn nauðsyn á aukafjárveitingu fyrir umframgreiðslunni á því ári.

— 5. b. Hinni umræddu kr. 1,00, er stafar af rangri samlagningu fjallvegabótakostnaðar, er bætt við ýmisleg útgjöld í reikningslagafrumvarpinu fyrir 1884 og 1885, II. 3. c.

21.

2. og 3. Upphæðir þær, sem greiddar eru fram yfir fjárveitingu:

a, til póstflutninga . . . . . kr. 986,61

b, til annara útgjalda . . . . . — 976,72

eru teknar í fjáraukalagafrumvarp fyrir 1884 og 1885, 3. gr.

22.

A. b. 1. 3. Það virðist rjett álitið, að af uppbótinni til Hofsprestakalls teljist ógreiddar kr. 150,00 frá 1884, og hefur það komið til greina í landsreikningnum 1885.

— - 3. Í sama reikningi er sleppt úr útgjalda-eptirstöðvum hinum umræddu kr. 0,60, sem eru óútteknir uppbótarpeningar til Miklagarðs og Hóla prestakalls frá 1882.

— - 8. Við yfirskoðun sama reiknings hefur komið til athugunar endurgjald til prestsins á Vestmannaeyjum fyrir tekjumissi.

C. 1. Yfirskoðunarmenn hafa vakið máls á, hvort brunabótatrygging landsbókasafnsins kr. 22000,00 sje ekki of lítil, svo framarlega sem slík trygging á annað borð álítist nauðsynleg. Í svari sínu hefur landshöfðingi lýst því áliti, að bækurnar sjeu mikils til of lágt tryggðar. Þessu er nefndin samdóma, og leggur það til, að trygging bókasafnsins verði hækkuð til kr. 50000,00.

24.

1. Athugasemdin, er snertir endurgjald til sýslumanns Þórðar Guðmundssonar upp í ekkjuframfærslugjald frá 1883, er ítrekuð við yfirskoðun landsreikningsins 1885.

2. Í sama reikningi er bætt við útgjalda-eptirstöðvar hinum umræddu kr. 0,44, sem er vantalið af eptirlaunum síra Árna Böðvarssonar fyrir 1884.

II. Reikningurinn 1885.

Inngangurinn.

3.

Yfirskoðunarmenn hafa enn að nýju leitt athygli að hinum miklu tekjueptirstöðvum, sem ógreiddar eru taldar í árslok. Hafa þeir bent á, að eptirstöðvar þessar komi að nokkru leyti af því, að gjaldheimtumönnum sje lögheimilað að greiða gjöld með ávísunum á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er ekki verði svo snemma innborgaðar, að þær upphæðir komist inn í ársreikninginn. Auk þess sem þetta fyrirkomulag valdi glundroða í reikningsfærslunni, leiði það einnig til þess, að landsjóður verði fyrir talsverðum vaxtamissi við það, að teknar sjeu gildar ávísanir, er hljóða upp á 3 mánaða borgunarfrest, í stað þess að vera stílaðar upp á borgun við sýningu. Úr þessu hafa þeir viljað bæta með því, að breyta þeirri ákvörðun, sem heimilar greiðslu landsjóðstekna í ávísunum til Kaupmannahafnar, í þá átt, að í þeirra stað komi ávísanir upp á landsbankann í Reykjavík. Að vísu erum vjer á sama máli sem yfirskoðunarmenn, að það sje í alla staði hagfellt, að gjaldheimtumönnum landsjóðsins verði veitt heimild til að taka gildar ávísanir á landsbankann. En að því er hitt snertir, að hafna algjörlega ávísunum á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, getur oss reyndar ekki blandazt hugur um, að það mundi gjöra bæði reikningsfærsluna einfaldari og gjaldheimtu-eptirlitið ljettara, en á hinn bóginn má búast við, að það mundi að minnsta kosti fyrst um sinn hafa mikla erfiðleika í för með sjer, ekki einungis fyrir kaupmenn víðs vegar um land, sem hafa öll sín verzlunarviðskipti í Kaupmannahöfn, heldur einnig fyrir marga aðra, sem eiga hægast með að greiða gjöld sín með innskriptum hjá kaupmönnum.

Fyrir því viljum vjer ekki að svo stöddu ráða til þess, að ávísunum til Kaupmannahafnar verði algjörlega hafnað sem greiðslu upp í landsjóðstekjur, en álítum þar á móti æskilegt, að borgun þeirra verði ávallt bundin við sýningu.

4.

Enn fremur hafa yfirskoðunarmenn vakið athygli á hinum stórfelldu hallærislánum, er nokkrum sýslufjelögum hafa verið veitt á síðari árum. Hafa þeir látið í ljósi, að við veitingu lána þessara sje nauðsynlegt að fá tryggingu fyrir því, að þau sjeu ekki tekin um skör fram fyrri en í ýtrustu þörf. Um þetta erum vjer öldungis samdóma yfirskoðunarmönnum, en viljum jafnframt taka það fram, að í einstökum tilfellum, þegar það er upplýst, að slík lán sjeu nauðsynleg til að afstýra mannfelli, virðist oss það bæði í sjálfu sjer viðurhlutamikið að synja um þau, og enda hæpið, að það geti samþýðzt 52. gr. stjórnarskrárinnar, er skipar svo fyrir, að sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, skuli eiga rjett á, að fá styrk úr almennum sjóði, eða 39. gr., 5. tl. sveitarstjórnarlaganna, þar sem svo er fyrir mælt, að sýslunefndin skuli gjöra ráðstafanir til þess, að afstýra hallæri í sýslunni.

A. Tekjubálkurinn.

Sú tillaga yfirskoðunarmannanna, að vottorð þau, er hinn umboðslegi endurskoðari ritar á fylgiskjölin við tekjulið landsreikningsins, verði eptirleiðis orðuð eins og hann hefur stungið upp á, virðist á góðum rökum byggð.

1.

1. Athugasemd yfirskoðunarmanna snertir ábúðar- og lausafjárskatt úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og hefur nefndin ekkert á móti tillögunni, enda er hún samkvæm því, sem áður er tekið fram um sama efni viðvíkjandi landsreikningnum 1884.
2. Þar sem yfirskoðunarmenn leggja það til, að skuld fyrrum sýslumanns og bæjarfógeta C. Fensmarks, að upphæð kr. 22219,70, verði bætt með peningaforða landsjóðs í árslok 1885, af þeirri ástæðu, að ráðgjafinn hafi þagað við hjer að lútandi ályktun neðri deildar alþingis 1886, þá virðist slíkt með öllu heimildarlaust, enda er þessi ástæða horfin, með því ráðgjafinn hefur svarað nefndri þingsályktun í brjefi, dags. 11. júní þ. á. (Stjórnartíðindi B. 70.). Meðan fjárhæð þessi stendur ógreidd, hlýtur hún að teljast með eptirstöðvum, eins og gjört er í reikningnum. En þareð ráðgjafinn hefur í svari sínu lýst yfir því, að hann ætli sjer ekki að gjöra neitt út af áskorun þeirri, er felst í áðurtjeðri ályktun neðri deildar, álítur nefndin ástæðu til þess, að alþingi skerist í leikinn og framfylgi þeim rjetti, er landsjóður kynni að hafa til skaðabóta frá yfirboðurum Fensmarks, ef nauðsyn krefur, með málsókn gegn ráðgjafanum.

3.

Yfirskoðunarmenn leggja til, að kr. 200,67, sem eru niðurfærsla á tekjuskatti fyrrum landshöfðingja Hilmars Finsens fyrir 1883, er sleppti heimilisfangi hjer á landi 31. maí s. á., verði bætt við eptirstöðvar, þareð niðurfærslan sje byggð á umboðslegum úrskurði, en ekki á úrskurði yfirskattanefndar, er þeim virðist vera hið eina endilega úrskurðarvald í þessu efni samkvæmt 20 gr. tekjuskattslaganna. En þareð tjeð lagagrein einungis mælir svo fyrir, að yfirskattanefndin skeri úr öllum kærum yfir úrskurðum

skattanefnda, virðist hið almenna úrskurðarvald reikningsmála ekki þar með úti lokað frá að leiðrjetta þær misfellur, sem fram koma við hina umboðslegu endurskoðun tekjuskattsreikninganna. Og fyrir því getur nefndin ekki aðhyllzt hina umræddu tillögu yfirskoðunarmanna.

12.

1. Þareð landshöfðingi hefur í svari sínu gjört skýra grein fyrir upphæð þeirri, sem hjer er átt við, kr. 4878,60, er snerta viðskipti hinnar íslenzku og dönsku póststjórnar, virðist sú tillaga á góðum rökum byggð, að sætta megi sig við svarið.

13.

1. og 2. Það er athugasemdirnar snerta, sem sje óseldar leifar af Konráðs orðabók og andvirði dobbelspaths frá 1884, kemur til athugunar við yfirskoðun landsreikningsins 1886.

3. ad 28. Við yfirskoðun sama reiknings kemur til athugunar upphæð sú, sem hjer er átt við, kr. 76,27, sem er afborgun til hegningarhússins 1884.
ad 30. Með því að svar landshöfðingja áhrærandi kr. 262,20, sem eru endurborgað aðflutningsgjald frá 1881 og 1883, rjettlætir það, sem að er fundið, virðist sjálfsagt, að sætta sig við það.

14.

1. Þareð vjer erum að öllu leyti samþykkir áliti nefndar þeirrar, er neðri deild alþingis hefur sett til að rannsaka reikningskil Ásmundar Sveinssonar fyrir tekjunum af Arnarstapa- og Skógarstrandar- umboði með Hallbjarnareyri, svo og til að íhuga allan hag umboðsins, leyfum vjer oss að skírskota til þess.

2. Upphæð sú, sem hjer er átt við, kr. 188,11, sem sje álag á 2 umboðsjarðir Möðruvallaklausturs, er að rjettu lagi landsjóðnum óviðkomandi, og fyrir því felld úr tekju-eptirstöðvum í athugasemdum við reikningslagafrumvarpið fyrir 1884 og 1885. I. 15.

17.

4. Yfirskoðunarmenn hafa bent á. að af lánum úr viðlagasjóði standi kr. 102710,59 gegn húsveðum í Reykjavík (og Hafnarfirði), er ef til vill sjeu eigi öll svo tryggileg, að fje landsjóðs megi heita borgið með þeim, enda bindi Reykjavík á þann hátt meira en tilltölulegan hluta af landsfje. Í svari sínu hefur landshöfðingi lýst yfir því, að slíkum lánum muni verða sagt upp að því leyti sem svo reynist við nánari athugun, að hinar veðsettu húseignir veiti ekki næga trygging fyrir þeim. Þetta svar hafa yfirskoðunarmenn eigi álitið fullnægjandi og fyrir því komið fram með tillögu um, að hinum umræddu lánum verði smám saman sagt upp, meðfram af þeirri ástæðu, að landsbánkinn veiti ekki lán gegn húsveðum annarstaðar en í Reykjavík, er þannig njóti sjerstakra hagsmuna fram yfir aðra parta landsins. Þessa tillögu getum vjer að svo komnu ekki aðhyllzt, þareð vjer eptir yfirlýsingu landshöfðingja verðum að treysta honum til að hafa nákvæmt eptirlit með því, að veðin fyrir lánunum sjeu fulltrygg, og meðan svo stendur, fáum vjer ekki sjeð gilda ástæðu til að segja upp lánum, nema því að eins, að landsjóður þyrfti fjárins til annara nota. En kæmi það fyrir, að til fjárins þyrfti að grípa,

virðist oss það í alla staði eðlilegt, að uppsögn á lánum gegn húsveði í Reykjavík gengi á undan uppsögn lána gegn jarðeignarveði í sveitum, með sjerstöku tilliti til þeirrar ívilnunar, sem Reykjavík nýtur hjá landsbankanum.

18.

Vjer erum samþykkir tillögu yfirskoðunarmanna, að hinar umræddu árgjaldseptirstöðvar af Hólma prestakalli frá 1880—81, kr. 600,00, verði tafarlaust innheimtar, og koma þær til athugunar við yfirskoðun landsreikningsins 1886.

19.

Við yfirskoðun sama reiknings koma til athugunar kr. 42,73, sem eru ófáanlegar eptirstöðvar af skyndiláni skólakennara Sigurðar Sigurðsonar frá 1882, og hljóta þær að hverfa úr eptirstöðvum.

20.

2. Ennfremur koma til athugunar við yfirskoðun þess reiknings upphæðir þær, sem hjer er átt við, kr. 95,83 + 440,84, sem eru eptirstöðvar af fyrirframgreiðslum upp í kostnað í tilefni af skipströndum.

B. Útgjaldabálkurinn.

22.

1. Samkvæmt tillögunni bætist kr. 0,80 við ritfangakostnað alþingis, en dregst aptur frá útgjöldum til bókasafns þingsins.
3. Þareð vjer erum að öllu leyti samþykkir áliti nefndar þeirrar, er neðri deild alþingis hefur sett til að rannsaka reikningsskil Kristjáns Ó. Þorgrímssonar fyrir útsendingu og útsölu alþingistíðindanna 1885, leyfum vjer oss að skírskota til þess.

24.

Hinum ræddu kr. 191,66, sem eru vantalin greiðsla upp í laun sýslumannsins í Árnessýslu, er bætt við dómgæzlukostnað í reikningslagafrumvarpinu fyrir 1884 og 1885, II. 3. B.

25.

3. Upphæð sú, sem hjer er átt við, kr. 300,01, sem er afborgun til hegningarhússins 1884, kemur til athugunar við yfirskoðun landsreikningsins 1886.

26.

Af hinum umræddu kr. 757,32, sem eru greiddar upp í saka- og lögreglumálakostnað, áttu kr. 105,69, að greiðast af hinum dómfelldu, en eru ófáanlegar hjá þeim eptir svari landshöfðingja. Jafnvel þó yfirskoðunarmenn hafi ekki fengið þá ósk sína uppfyllta að sjá skírteini fyrir því, virðist sú tillaga þeirra takandi til greina, að við svarið megi sætta sig að þessu sinni.

27.

1. Til útgáfu stjórnartíðanda og landhags-skýrslna hafa kr. 239,00 verið greiddar fram yfir fjárveitingu, en með því landsreikningurinn ber með sjer, að þessi umframgreiðsla stafar eingöngu af stækkun tíðindanna, er hlaut að hafa aukinn prentunarkostnað í för með sjer, getum vjer ekki aðhyllzt þá tillögu yfirskoðunarmanna, að aukafjárveitingu þurfi fyrir þeirri umframgreiðslu.
3. Yfirskoðunarmenn hafa látið í ljós óánægju sína út af tómlæti landsmanna, að leiða

sig að styrknum til eflingar búnaði, en með tilliti til þess, að svo lítur út sem áhugi manna á að nota styrkinn fari vaxandi, með því að við árslok 1885 eru að eins óútteknar kr. 85,00 í stað kr. 760,00 við árslok 1884, virðist ekki þörf á neinni sjerstaklegri ráðstöfun í þessu efni.

5. Jafnvel þó yfirskoðunarmenn hafi ekki komið fram með ákveðna tillögu viðvíkjandi styrknum til gufuskipsferða, hafa þeir leitt athygli að því, að styrkurinn verði því að eins útborgaður, að gufuskipafjelagið uppfylli skuldbindingar sínar eptir samningi, enda virðist oss full ástæða til, að alþingi bindi fjárveiting þessa því skilyrði, að samningurinn verði haldinn í öllum greinum.

7. Hinar umræddu kr. 24,00, sem eru fæðispeningar Havsteens amtmanns á herskipinu «Diana,» eru dregnar frá ýmislegum útgjöldum og bætt við óviss útgjöld í reikningslagafrumvarpinu fyrir 1884 og 1885, II. 3. C. og 10.

8. Þær kr. 700,00, sem enn fremur eru greiddar til þess að gefa út »Lovsamling for Island«, eru teknar í fjáraukalagafrumvarp fyrir 1884 og 1885, 2. gr.

29.

2. og 3. Upphæðir þær, sem greiddar eru fram yfir fjárveitingu:

a. til póstflutninga	kr.	2245,60
b. til annara útgjalda	—	748,76

eru teknar í fjáraukalagafrumvarp fyrir 1884 og 1885, 3. gr.

31.

Í 4. gr. sama frumvarps eru teknar þær kr. 46,62, sem umfram eru greiddar til ýmislegra útgjalda við prestaskólann.

33.

Í 4. gr. frumvarpsins eru enn fremur teknar þær kr. 67,95, sem greiddar eru fram yfir fjárveitingu til tímakennslu við lærða skólann.

34.

Hinum umræddu kr. 52,08, sem eru vantalin greiðsla upp í laun 2. kennara við Möðruvallaskólann, er bætt við kennslumálefna-kostnað í reikningslagafrumvarpinu fyrir 1884 og 1885, II. 6. B.

36.

1. Yfirskoðunarmenn hafa fundið sjer skylt að vekja athygli löggjafarvaldsins á ellilasleika hins núverandi bókavarðar við landsbókasafnið, er hamli honum frá að geta sinnt starfa þessum lengur, en þetta mál virðist alþingi geta látið afskiptalaust, þareð bókaverðinum er veitt lausn frá sýslun þessari frá 1. október 1887.

39.

1. Til eflingar laxveiði og laxræktar eru greiddar fram yfir fjárveitingu kr. 1292,95, sem eru teknar í fjáraukalagafrumvarp fyrir 1884 og 1885, 5. gr.

2. Yfirskoðunarmenn hafa ljóslega sýnt fram á, að fjárveitingarvaldið hafi, með því að veita Þorvaldi Thoroddsen sjerstaklega 1000 kr. ferðastyrk til útlanda, látið í ljósi þann vilja sinn, að fjárveitingin úr landsjóði til þessa fyrirtækis ætti að vera bundin við hina tilteknu upphæð. En þar sem stjórnin hefur enn fremur lagt 500 kr. styrk til *sama* fyrirtækis af fjárveitingunni til »annara« vísindalegra og

verklegra fyrirtækja, sýnist liggja næst að skoða þessa upphæð sem óveitta og draga hana frá útgjöldunum í landsreikningnum 1885.

3. Þar sem yfirskoðunarmenn halda því fram, að kr. 1265,25 hafi á einstöku undirliðum verið brúkaðar umfram fjárveitingu, og skjóta því til þingsins, hvort það vilji veita þær með aukafjárveitingu, skal þess getið, að engin slík umframbrúkun hefur átt sjer stað.

40.

Hinar umræddu kr. 24,00, sem áður eru nefndar í 27. gr., 7. tl., eru út borgaðar lögum samkvæmt. Aptur á móti skorti lagaheimild fyrir því, að gjalda úr landsjóði ferðakostnað sýslumannanna í Eyjafjarðar, Norðurmúla og Suðurmúla sýslum til eptirlits með fiskiveiðum útlendinga, að upphæð kr. 144,00, og getum vjer ekki betur sjeð, en að tjeða upphæð eigi að draga frá útgjöldunum í landsreikningnum 1885.

43.

2. Hinar umræddu kr. 243,74 eru fram komnar við samlagningu þeirra upphæða, sem nefndar eru í 24. og 34. gr., og eru þær, eins og áður er sagt, teknar upp í reikningslagafrumvarpið fyrir 1884 og 1885, II. 3. B. og 6. B

Samkvæmt því, sem að framan er ritað, eru tillögur vorar þessar:

1. Að reglugjörð 13. febrúar 1873, 5. gr., sje sjerstaklega brýnd fyrir reikningshöldurum, og reglugjörðinni yfir höfuð beitt með fullum strangleik.
2. Að skýrsla um búenda tölu í hverjum hreppi og sýslu landsins, þeirra er búa á 5 hundruðum í jörðu eða þar yfir, fylgi landsreikningnum árlega.
3. Að brunabótatrygging landsbókasafnsins sje hækkuð úr kr. 22000,00 til kr. 50000,00.
4. Að ávísanir á verzlunarhús í Kaupmannahöfn verði því að eins teknar sem gild borgun upp í tekjur landsjóðs, að þær sjeu stílaðar upp á borgun við sýningu.
5. Að gjaldheimtumönnum landsjóðs verði veitt heimild til, að taka gildar upp í landsjóðstekjur ávísanir á landsbankann.
6. Að vottorð þau, er hinn umboðslegi endurskoðandi ritar á fylgiskjölin við tekjuhlið landsreikningsins, sjeu eptirleiðis orðuð eins og hann hefur stungið upp á í brjefi 28. janúar 1887.
7. Að fram fylgt sje þeim rjetti, er landsjóður kynni að hafa til skaðabóta frá yfirboðurum fyrrum sýslumanns og bæjarfógeta C. Fensmarks fyrir eptirlitsskort með embættisrekstri hans.
8. Að eptirstöðvar af árgjöldum prestakalla sjeu innheimtar sem allra fyrst, sjerstaklega árgjald af Hólma prestakalli frá 1880—81, að upphæð kr. 600,00.
9. Að ferðastyrkur, er stjórnin hefur lagt Þorvaldi Thoroddsen, að upphæð kr. 500,00, fram yfir þá upphæð, sem honum var veitt í fjárlögunum, verði skoðaður sem óveittur og dreginn frá fjenu til vísindalegra og verklega fyrirtækja í landsreikningnum 1885.
10. Að ferðakostnaður sýslumannanna í Eyjafjarðar, Norðurmúla og Suðurmúla sýslum

með herskipinu »Diana« sumarið 1884, að upphæð kr. 144,00, sem er út borgaður án lagaheimildar, sje dreginn frá óvissum útgjöldum í sama reikningi.

Neðri deild alþingis, 26. júlí, 1887.

Lárus Halldórsson,	Ólafur Briem,	Sigurður Jensson,
formaður.	framsögumaður.	skrifari.

Nd. **211. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um aðflutningstoll af kaffi, sykri o. s. frv. Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd. — Frá Sigurði Stefánssyni, Sigurði Jenssyni, Jóni Jónssyni, Gunnari Halldórssyni, Ólafi Pálssyni og Þorleifi Jónssyni.

1. 1. gr. 2. töluliður falli burtu.
2. 8. gr. «og frá sama tíma» til enda greinarinnar falli burtu.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verður:

FRUMVARP

til laga um aðflutningsgjald af kaffi og óáfengum drykkjum.

Nd. **212. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um aðflutningstoll af kaffi o. s. frv. (164). — Frá nefndinni.

1. Á eptir 3. gr. komi ný grein svo látandi:

4. gr. Hve mikið af tollskyldum vörum megi telja sem skipsforða, er sje undan skilinn aðflutningstolli, skal tollheimtumaður ákveða eptir atvikum samkvæmt almennum reglum, er landstjórnin setur.

2. Greinatalan breytist samkvæmt þessu.
3. Við 8. gr.: orðin: «sömuleiðis lög 4. nóvbr. 1881» o. s. frv. út greinina falli burtu.
4. Fyrirsögnin verði:

FRUMVARP

til laga um aðflutningstoll af kaffi, sykri og óáfengum drykkjum, svo og um afnám ábúðar- og lausafjárskatts.

Nd. **213. Frumvarp**

til laga um forsorgun óskilgetinna barna. — Flutningsmenn: Þórarinn Böðvarsson og Jón Þórarinsson.

1. gr. Faðir óskilgetins barns skal vera skyldur til þess, að veita því forsorgun að tveim þriðju pörtum, en móðir þess að einum þriðja, þangað til það er fullra 16 ára, og má tryggja sjer greiðslu framfærslueyrisins af kaupi hlutaðeiganda með forboði, er birt sje löglega húsbændum þeirra.

Taka má framfærslueyri óskilgetinna barna lögtaki samkvæmt ákvæðum laga nr. 29, 16. desbr. 1885.

2. gr. Móður óskilgetins barns og hennar hreppi ber að annast um uppeldi þess, þangað til það er fullra 7 ára, en föður þess eða hans hreppi eptir þann tíma.

3. gr. Nú deyr maður, og lifir eigi ekkja hans, nje börn skilgetin, og lætur eptir sig börn yngri en 16 ára, og ber þá að leggja börnunum út það, sem skiptarjettur álítur nauðsynlegt, af fjármunum búsins, áður en þeim er skipt meðal erfingja, ef móðir hins óskilgetna barns, eða hlutaðeigandi hreppsnefnd, krefst þess í tækan tíma.

Það fje, sem lagt er út úr búinu, skal greiða yfirfjárráðanda og tilgreina, hverjum og hve nær greiða skuli.

Nú þarf eigi að nota hið útlagða fje, eða minna en út lagt var, skal þá skipta því, sem óeytt er, meðal hlutaðeigandi lögerfingja.

4. gr. Nú verður meðlagi því, sem föður óskilgetins barns ber að greiða með því, eigi náð með lögtaki, skal þá móðir þess hafa rjett til, án þess það sje talinn sveitarstyrkur henni veittur, að meðlag það, sem faðir barnsins á að greiða, sje veitt af fátækrafje þess hrepps, er hann hefur aðsetur í, en rjett hefur sveitarstjórn þess hrepps til að heimta, að styrkurinn verði endurgoldinn af framfærsluhreppi föður barnsins. Framfærsluhreppur barnsföður á rjett á að heimta borgun að honum eptir sömu reglum og lögin heimila móður barnsins, og verði styrknum eigi náð, má hreppsnefndin ákveða, hvort styrkurinn skuli álitinn sveitarstyrkur veittur barnsföðurnum, eða hún vill kæra hann fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.

Hinn sama rjett, sem móður óskilgetins barns og hennar hreppi er veittur með grein þessari, hefur og faðir óskilgetins barns gagnvart henni, þeim hreppi, sem hún hefur aðsetur í og framfærsluhreppi hennar.

5. gr. Þegar svo ber undir, að hreppur á rjett á að heimta af föður eða móður óskilgetins barns styrk til uppeldis því, á hann og rjett á, að hlutaðeigandi yfirvald útvegi vissu um, hvar hlutaðeigendur hafa heimilisfang.

Nd. **214. Viðauka- og breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887, eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd. — Frá landshöfðingja.

1. Á eptir 1. gr. komi ný grein svo látandi:

2. gr.

Sem viðbót við útgjöld við læknaskipunina í 11. gr. veitist:

uppbót á launum

a. hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði Hjartar Jónssonar fyrir tímabilið frá 1. nóvbr. 1876 til 31. desbr. 1887 . . . . . kr. 4397,66

b. hjeraðslæknis í 20. læknishjeraði Þorsteins Jónssonar fyrir sama tímabil . . . . . — 4397,66

c. hjeraðslæknis í 6. læknishjeraði Þorvaldar Jónssonar fyrir tímabilið frá 1. marz 1877 til 31. desbr. 1887 . . . . . — 2426,67

kr. 11221,99

2. Greinatalan og fjárhæðin í 1. gr. breytist samkvæmt þessu.

Ed.

215. Frumvarp

til laga um vegi. — Eptir 3. umr. í Nd.

I. kafli.

Um skiptingu á vegum.

1. gr. Vegir á Íslandi eru: aðalpóstvegir, sýsluvegir, fjallvegir og hreppavegir.

2. gr. Aðalpóstvegir eru þeir vegir, þar sem aðalpóstleiðir liggja. Sýsluvegir eru þeir vegir, sem liggja sýslna á milli og um hverja sýslu, þar sem mest er þjóðbraut, svo sem vegir í kaupstaði og almenn fiskiver, enda sjeu það eigi aðalpóstvegir eða fjallvegir. Fjallvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar, þar sem hvorki eru aðalpóstvegir, sýsluvegir eða hreppavegir. Hreppavegir eru þeir vegir hreppa milli og um hreppa, sem eigi eru aðalpóstvegir, fjallvegir eða sýsluvegir.

3. gr. Aðalpóstvegir eru undir umsjón amtsráðanna og yfirumsjón landshöfðingja, og greiðist kostnaður til þeirra yfir höfuð úr landsjóði. Ef aðalpóstvegur liggur um sýslu endilanga, skal allt að helmingi sýsluvegagjalds í því hjeraði ganga til aðalpóstvega.

Vegagjörð og vegabót á fjallvegum skal landshöfðingi ráðstafa eptir tillögu vegfróðs manns og amtsráða; en fje það, er til þess gengur, skal veita í fjárlögum hvers fjárhagstímabils.

Sýsluvegir, vegir í kaupstaði og almenn fiskiver eru undir umsjón sýslunefnda og amtsráða, en gjörðir þeirra liggja undir samþykki landshöfðingja. Þeir eru kostaðir af sýslufjelögunum.

Hreppavegir eru undir umsjón hreppsnefnda og yfirumsjón sýslunefnda, og kosta hreppafjelögin þá.

II. kafli.

Um aðalpóstvegi.

4. gr. Aðalpóstvegir skulu, þangað til öðruvísi er ákveðið með lögum, vera:

1. Frá Reykjavík til Ísafjarðar,
2. — ——— — Akureyrar,
3. — Akureyri — Seyðisfjarðar,
4. — Reykjavík að Prestsbakka,
5. — Prestsbakka til Eskifjarðar.

5. gr. Ákveða skal í fjárlögunum, hve miklu skuli verja til vegagjörða og aðgjörða á aðalpóstvegum á hverju fjárhagstímabili, svo og, að svo miklu leyti sem unnt er, ákveða, hvar vegabætur skuli fram fara. Skal það vera aðalregla, að fyrst sjeu bættar þær torfærur, sem gjöra mestan farartálma. Að öðru jöfnu skal fyr bæta torfærur á fjölförnustu vegum.

6. gr. Landshöfðingi ákveður eptir tillögum sýslunefnda, amtsráða og vegfróðra manna, hvar aðalpóstleið skuli liggja um hjerað hvert. Skal í því ráða, hvar leið er sem beinust og vegagjörð sem hægust, en þó hafa hæfilegt tillit til þess, að póstferðin komi hjeraðinu að sem mestum notum, og að hjeraðsbúar hafi sem mest gagn af veginum.

7. gr. Vegir á aðalpóstleiðum skulu, þar sem því verður við komið, vera að minnsta kosti 6 álna breiðir. Eigi skulu þeir að jafnaði hafa meiri halla en sem svari 3—4 þuml. á hverri alin.

8. gr. Samkvæmt 5. gr. skal brúa læki og smá-ár, sem eru til farartálma. Á hinum stærri ám skal fyrst um sinn hafa áreiðanlegar ferjur, sem flytja má á farangur og stórgripi, fleiri en einn í senn, og skal gegn fulltryggu veði lánað fje úr landsjóði til þeirra um 5 ára tíma með hálfum lagavöxtum. En kostnað, sem leiðir af ferjunum og mannhjálp við þær, greiða vegfarendur eptir reglum, sem hlutaðeigandi sýslunefnd semur og landshöfðingi samþykkir.

9. gr. Landshöfðinginn ræður verkstjóra til vegagjörða á aðalpóstleiðum. Sýslunefndir ráða verkmenn eptir samkomulagi við verkstjóra, hver í sínu hjeraði, þar sem vegagjörð á að fara fram. Fela mega þær oddvita eða öðrum, er situr í sýslunefndinni, þennan starfa á hendur. Ávallt skal vegagjörð tekin út af dómkvöddum mönnum, sem sýslumenn kveðja, hver í sínu hjeraði, og skal álit þeirra um það, hvernig verkið er unnið og hvort allrar hagsýni hafi verið gætt, sent landshöfðingja.

10. gr. Ganga skal það fyrir nýjum vegagjörðum, að bæta hina eldri vegi svo, að færir sjeu, og halda við þeim vegum, sem þegar eru gjörðir.

III. kafli.
Um sýsluvegi.

11. gr. Sýslunefndir semja tillögur um, hverjir skuli vera sýsluvegir í sýslu hverri, en landshöfðingi leggur á það samþykki sitt eptir að hafa leitað álits hlutaðeigandi amtsráðs.

12. gr. Kostnaður við sýsluvegi greiðist af sýslufjelaginu, þannig að hvert hreppsfjelag greiðir kr. 1.50 fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, frá 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Hreppstjórar skulu á ári hverju innan febrúarmánaðarloka senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í hreppnum, og ákveður hann eptir því, hve mikið hver hreppur skuli greiða. Upphæðina skal greiða sýslumanni á næsta manntalsþingi, og færist hún hreppnum til útgjalda í reikningi þess árs.

13. gr. Fela má sýslunefndin hlutaðeigandi sýslunefndarmanni, eða hreppsnefnd, umsjón og vinnu að sýsluvegum, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

14. gr. Sýsluvegir skulu vera að minnsta kosti 5 álna breiðir; að öðru leyti gilda um viðhald og gjörð á þeim hinar sömu meginreglur, og greindar eru um aðalpóstvegi.

15. gr. Oddviti sýslunefndar skal fyrir lok livers árs senda landshöfðingja aðalskýrslu og aðalreikning yfir sýsluvegagjörðir það ár.

IV. kafli.
Um fjallvegi.

16. gr. Því að eins skal bæta fjallvegi, er eigi eru aðalpóstvegir eða sýsluvegir, að brýna nauðsyn beri til. Á alþingi skal ákveða, hvort gjöra skuli við fjallvegi eða eigi, en landshöfðingi sjer um framkvæmd á því.

V. kafli.

Um hreppavegi.

17. gr. Hreppsnefnd ákveður, hvar hreppavegir skuli liggja í hreppi hverjum, og leggur ákvæði sitt undir samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.

Skyldur er hver búandi að láta vinna að hreppavegum $^1/_2$ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann 20—60 ára, er hann hefur haft á heimili sínu til næsta hjúaskildaga á undan, og leggja til, auk fæðis, nauðsynleg áhöld til vinnunnar. Heimilt er þó búanda að leysa sig undan skyldu vinnu þessari, og greiði hann þá innan loka hvers fardagaárs kr. 1.50 fyrir hvern verkfæran mann í sveitarsjóð.

18. gr. Nú er lítið að vinna að hreppavegum í hreppi, má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppavegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð til sýsluvega. Sje aptur á móti hreppavegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að aðalpóstvegir eru þar engir eða sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að helmingur á móts við hreppavegagjald hreppsins greiðist úr vegasjóði sýslunnar.

Heimilt er og hreppsnefndum að greiða úr hreppsjóði sjerstök gjöld til hreppavegavinnu, svo sem til brúargjörða og umsjónarmanns, ef hið ákveðna gjald vinnst eigi til þess, sem nauðsynlegt er.

19. gr. Hreppsnefndin hefur umsjón um vinnu og aðgjörð á hreppavegum, og skal hún skipa umsjónarmenn, einn eða fleiri, til að sjá um vinnuna, og er henni heimilt að greiða þeim í dagpeninga allt að 3 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru við vinnuna.

20. gr. Skyldur skal hver verkmaður að koma á þeim tíma, sem umsjónarmaður eða verkstjóri tiltekur, og að fara eptir fyrirmælum hans; gjaldi húsbóndi ella hið ákveðna kaup og að auk 1—5 kr., er renni í vegasjóð, sem stofna skal fyrir hvern hrepp, og hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á.

21. gr. Hreppavegir skulu vera 3 álna breiðir; að öðru leyti skal, þar sem nýr vegur er gjörður, fylgja sömu aðalreglum og teknar eru fram um sýsluvegi.

22. gr. Skyldir skulu hreppsbúar að láta boðskap umsjónarmanns um vegavinnu berast bæja á milli tafarlaust.

23. gr. Hver hreppsnefnd skal gefa sýslunefnd skýrslu um vinnu að hreppavegum á hverju ári fyrir árslok.

VI. kafli.

Almenn ákvæði.

24. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sje gjörður um land hans, og efni tekið þar sem næst er. án endurgjalds, ef eigi er skemmt tún, engi, yrkt land eða umgirt land. Þyki nauðsyn að leggja veg um tún, engi, yrkt land eða umgirt land, skulu fullar bætur fyrir koma úr landsjóði, sýslusjóði eða hreppsjóði,—eptir því hvort vegurinn er aðalpóstvegur, sýsluvegur eða hreppavegur,—eptir mati dómkvaddra manna. Svo skulu og bætur fyrir koma úr landsjóði, sýslusjóði eða hreppsjóði, ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða.

25. gr. Borgun fyrir vegagjörð skal þá greiða að fullu, er verkinu er lokið, og

matsgjörð eða úttekt hefur fram farið. Greiða má helming borgunar jafnóðum og unnið er.

26. gr. Hvervetna þar sem mikil umferð er á vetrum, skal byggja nægilegar vörður og við halda þeim, og sömuleiðis sæluhús. Á aðalpóstleiðum greiðist kostnaðurinn úr landsjóði, á sýsluvegum úr sýslusjóði, og á hreppavegum úr hreppsjóði.

27. gr. Eptir tillögum verkfróðra manna semur landshöfðingi reglugjörð, er hefur inni að halda nánari ákvæði um vegagjörðir.

28. gr. Hver sem af ásettu ráði skemmir veg, vörður, ferjur eða sæluhús, skal sæta hegningu samkvæmt 296. gr. alm. hegningarl. 25. júní 1869.

29. gr. Brot gegn lögum þessum skal fara með og dæma sem opinber lögreglumál.

30. gr. Með lögum þessum er tilsk. 15. marz 1861 og lög nr. 19, 15. okt. 1875 úr gildi numin.

31. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarm. 1888.

Ed. **216. Frumvarp**

til laga um sveitarstyrk og fúlgu. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Sá sem hefur þegið sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld.

2. gr. Þegar hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur fært þeginn sveitarstyrk inn í sveitarbókina, er hún sönnun fyrir skuldinni.

Sveitarstjórnin getur beiðzt lögtaks á skuldinni eptir fyrirmælum laga nr. 29., 16. desbr. 1885.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram, en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

3. gr. Sveitarstjórnin getur látið fógeta skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eptirriti af uppskriptargjörðinni ásamt útdrætti úr sveitarbókinni, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni, skuldinni til tryggingar.

4. gr. Sannist það fyrir amtmanni, að sá, er þiggur eða þegið hefur sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefur undir höndum, skal amtmaður eptir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svipta hann fjárforráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann.

Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal amtmaður nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er sviptur var fjárforráðum.

Fyrir þinglýsingar og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu á undan, skal ekkert gjald greiða.

5. gr. Sá sem þiggur af sveit og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er eigi um megn, meðan hann er eigi fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum.

Ákvæði sveitarstjórnarinnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji eigi kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin; en málið getur hann jafnframt kært fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er sker úr því eptir að hafa leitað um það álits tveggja óvilhallra manna.

6. gr. Óhlýðnist þurfamaður skipun sveitarstjórnarinnar, er getur um í næstu grein á undan, má kæra hann um það fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gjörist með sektum eður fangelsi eptir málavöxtum.

Hýsi maður þurfamann, sem honum er kunnugt um, að óhlýðnast skipun hreppsnefndar, eða þiggi verk af honum, skal hann sekur um allt að 100 kr., er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

7. gr. Nú vill maður flytja af landi burt, en hefur vandamenn, sem eigi eru sjálfbjarga, og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin heimtar, skyldur að setja sveit sinni viðunanlega trygging fyrir því, að vandamenn hans, er eptir verða, verði eigi sveitarfjelaginu til þyngsla, að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

8. gr. Mál, sem rísa út af broti gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Nd. 217. Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889.

Hin heiðraða neðri deild alþingis kaus oss, er hjer ritum nöfn vor undir, í nefnd til að íhuga frumvarp það til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889, er lagt hefur verið fyrir þingið, og gjöra þær tillögur því viðvíkjandi, er oss þætti ástæða til. Vjer viljum því hjer með gjöra grein fyrir breytingum þeim, er vjer viljum ráða hinni heiðruðu deild til að gjöra á frumvarpi þessu.

1. kafli.

Tekjur.

2. gr.

3. Þar ráðum vjer til að færa upphæðina niður um 5000 kr. hvort árið. Tekjugrein þessi var fyrir árið 1886, er menn guldu skatt af tekjum sínum árið 1884, að eins 12,872 kr., og hafði þannig minnkað um full 2.000 kr. frá undanförnum árum, en nú má búast við mun meiri minnkun, sumpart vegna lækkandi verðlags á því, sem goldið er eptir jarðir, og rírnun á því fyrir harðærið, sumpart vegna þess, hve mikið af fasteignum hefur verið veðsett hin síðustu ár.

6. Gjald af fasteignasölu er mjög kvikul tekjugrein; vjer ráðum til að færa tekjuliðinn upp um 50 kr., svo hann standi á heilu þúsundi. Gjald þetta hefur 1886 numið 1546 kr.

10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum ráðum vjer til að setja 90,000 kr. hvort árið. Að vísu nam gjald þetta 1886 að eins 80,123 kr. og, sem kunnugt er, halda stöðugt áfram bindindishreifingar þær, sem hin síðustu ár hafa átt mikinn þátt í að takmarka nautn áfengra drykkja, en eigi er ólíklegt, að kaup áfengra drykkja fari aptur heldur vaxandi við það, að nú er ljett af fiskileysinu er næstliðin ár hefur mikið dregið úr því, sem sjómenn hafa keypt af vörum þessum. Vjer ráðum því til að setja tekjuliðinn 10,000 kr. meiri en hann var næstliðið ár, og 10,000 kr. minni en hann er settur í stjórnarfrumvarpinu.

11. Þótt aðflutningsgjald af tóbaki hafi næstliðið ár eigi numið meiru en 15,308 kr., þykir oss eigi næg ástæða til að leggja til, að töluliður þessi sje færður niður.

3. gr.

Athugasemdinni ráðum vjer til að sleppa, því oss þykir eigi fært að leggja nein óvenjuleg útgjöld á kirkju þessa, sem er svo mikil byrði fyrir landsjóð.

4. gr.

Í frumvarpi stjórnarinnar er farið fram á, að Reykjavíkurkirkju veitist frestur fyrir fjárhagstímabilið á að greiða afborgun af skuld sinni til landsjóðs, með því að árstekju-afgangur hennar sje svo lítill, að hann hrökkvi eigi einu sinni til að borga vextina af tjeðri skuld, hvað þá meira. Til þess að ganga úr skugga um, hvort svo muni vera, hefur nefndin kynnt sjer reikninga kirkjunnar fyrir árin 1885 og 1886. Reikningar þessir eru enn óendurskoðaðir og óúrskurðaðir. En eptir því, sem þeir bera með sjer hafa

tekjur kirkjunnar 1885 verið	4122 kr.	38	au.
— —— 1886 —	4687 —	68	—
Bæði árin	8810 —	6	—
Að meðaltali hvort árið	4405 —	3	—

En útgjöld hennar að frá dreginni þeirri upphæð, sem greidd var í landsjóð, og að frá dregnum eptirstöðvum, voru

1885		1441,05
1886		773,89
Bæði árin		2214,94
Að meðaltali hvort árið		1107,47
Eptirstöðvar kirkjunnar	1885	2381,33
—— ——	1886	3313,79

Af þessu verður ekki betur sjeð, en að kirkjan ætti að geta greitt afborgun af skuld sinni til landsjóðs næsta fjárhagstímabil, með því að ætla má, að tekjur hennar fari ekki minnkandi.

En nú er að vísu athugandi, að í eptirstöðvunum eru talin

1885 ógreidd gjöld til kirkjunnar 646 kr. 13 au.
1886 — — — — 1246 — 82 —

sem eru að sögn að meiru og minnu ófáanleg, svo að þetta allt verður eigi talið í sjóði. En á hinn bóginn er ótrúlegt, að ógreidd gjöld til kirkjunnar þyrftu að vera svona mikil, ef lag væri á gjaldheimtunni og gott eptirlit með reikningshaldara. En þess má geta, að nefndin hefur ástæðu til að ætla, að meira eða minna af þessum gjöldum, sem talin eru ógreidd, sje borgað til hins fyrverandi reikningshaldara kirkjunnar, bóksala Kristjáns Ó. Þorgrímssonar, því að hinn núverandi reikningshaldari hennar hefur skýrt nefndinni frá, »að fjöldi gjaldenda hafi haldið því fast fram, að þeir hefðu í raun og veru borgað fyrverandi fjárhaldsmanni kirkjunnar, Kr. Ó. Þorgrímssyni, það, sem þeir eru taldir skulda, og því neitað skuldunum, þó þeir eigi gætu sýnt kvittun fyrir greiðslu þeirra«; »en þess skal þó geta«, segir hann enn fremur, »að milli 20 og 30 af þeim, sem á skuldalistanum stóðu, hafa sýnt kvittun frá Kr. Ó. Þorgrímssyni eða þjónum hans fyrir upphæðum þeim, sem þeir eru taldir eiga óborgaðar«.

Það er að áliti nefndarinnar með öllu óhæfilegt, að landsjóður bíði nokkurn halla af hirðuleysi í reikningshaldi þessarar kirkju og eptirlitskorti af yfirvaldanna hálfu, og það því heldur, sem kirkjan er undir handarjaðrinum á þeim og eptirlitið því hægra en ella.

Á hinum einstöku útgjaldaliðum virðist nefndinni að mætti við hafa meiri sparnað en gjört er. Þannig eru t. a. m. auk þeirra 100 kr., sem taldar eru kirkjunni til útgjalda fyrir reikningsfærslu, sjerstaklega reiknaðar 14 kr. fyrir seðlaburð, ritföng o. fl., sem ekki er nefnt; 32 kr. fyrir að troða orgel virðist organistinn eiga að borga af launum sínum fyrir organslátt í kirkjunni. Fyrir »umsjón« á kirkjunni eru teknar 100 kr. árlega, þótt svo megi að orði kveða, að hvert handarvik, sem gjört er fyrir hana, sje reiknað með fyllsta verði.

Enn fremur er athugandi, að svo sem fjárlaganefndin 1883 þegar benti á, á kirkjan í jarðabókarsjóði 966 kr. 85 a., sem engar leigur eru taldar af; álítur nefndin það alls eigi við eiga, að kirkjan eigi rentulaust fje í landsjóði, er hún skuldar stórfje.

Að öllu þessu athuguðu, getur nefndin engan veginn fallizt á, að kirkjan sje eigi fær um að greiða afborgun af skuld sinni til landsjóðs næsta fjárhagstímabil og ræður því til að sleppa athugasemdinni um þetta efni í frv. stjórnarinnar.

5. gr. og 6. gr.

höfum vjer ekkert að athuga við.

2. kafli.
Útgjöld.
8. gr.

höfum vjer ekkert að athuga við.

9. gr.

höfum vjer ekkert að athuga við.

10. gr.

A. 1. og 2. höfum vjer ekkert að athuga við.

A. 3. Nefndin álítur 2500 kr. nægilega borgun í sjálfu sjer fyrir hina umboðslegu endurskoðun, en hún vill þó eigi leggja á móti því, að hinn núverandi endurskoðandi fái sömu borgun, sem hann hefur haft um nokkur undanfarin ár. Samkvæmt þessu stingur hún uppá að skipta töluliðnum.

B. 1. og 2. Við þessa tölulíði stingum vjer eigi uppá neinum breytingum.

B. 3. a. Laun umsjónarmannsins stingum vjer uppá að sjeu liðuð svo í sundur, að það komi fram að 200 kr. eru viðbót eingöngu fyrir hinn núverandi umsjónarmann.

B. 3. b. Hjer leiðum vjer hjá oss að stinga uppá nokkrum breytingum, en nefndinni þykir athugavert, hversu arður af verkum fanganna er áætlaður lágur, að eins 615 kr,, í samanburði við fje það, sem áætlað er til þess að útvega verkefni, sem er 500 kr. En af því að nefndinni eigi hefur verið hægt að fá nægilegar upplýsingar af reikningum hegningarhússins eða á hegningarhúsinu um vinnu fanganna eða um eptirstöðvar af verkefni og unnum vörum við hver árslok. vill hún ekki leggja til að þessum tölum í frumvarpi stjórnarinnar verði breytt, en hins vegar finnur nefndin ástæðu til að benda á, að æskilegt muni vera, að haldnar yrðu eptirleiðis dagbækur á hegningarhúsinu um vinnu fanganna, og að þörf sje á að halda sjerstakan reikning um verkefni til fangahússins og arð af verkum fanganna.

B. 3. c. Þessi tölulíður leggjum vjer til að sje færður niður í 100 kr. Kostnaður þessi hefur árin 1884 og 1885 numið að meðaltali 84 kr.

B. 4. Við tölulið þennan vill nefndin gjöra þessar athugasemdir:

B. 4. b. Laun sendiboðans við yfirrjettinn ætlar nefndin að færa megi niður í 20 kr., því störf hans munu vera mjög lítil.

c. ætlar nefndin að færa megi niður í 40 kr., og

d. ætlar hún, að megi setja 60 kr. Þetta eru hvorttveggja áætlaðar upphæðir, en nefndin fer eptir því, sem til þessa hefur gengið árin 1884 og 1885; til eldiviðar gekk þau ár að meðaltali kr. 31,15 og til viðhalds á yfirrjettarstofunum, kostnaðar við að halda þeim hreinum o. fl. 65 kr.

C. 1. Að því er snertir þennan tölulið finnur nefndin eigi ástæðu til að stinga upp á neinum breytingum, en vill að eins láta þá skoðun sína í ljósi, að ástæða væri til, að fela einhverjum áreiðanlegum bóksala útsölu stjórnartíðindanna, því það virðist vera eitthvert ólag, ef eigi verða seld meira en 150 expl. af bók, sem almenning varðar svo miklu, sem stjórnartíðindin, og sem kalla má að gjafverð sje á.

C. 2. og 3. Finnum vjer eigi ástæðu til að stinga upp á neinum breytingum við.

C. 4. Að því er snertir styrkinn til eflingar búnaði, þá vill nefndin leggja til, að í því skyni sje veitt sama upphæð sem að undanförnu, en að breyting sje gjörð á því, hvernig honum sje skipt niður. Töluverður hluti af þessu fje hefur áður

gengið til búnaðarskóla þeirra, sem stofnaðir eru, og jafnframt því sem nefndin álítur nauðsyn bera til, að styrkja stofnanir þessar framvegis, svo að þær geti um næsta fjárhagstímabil haldizt í eigi lakara horfi en að undanförnu, þá álítur hún betur við eiga, að þingið sjálft ákveði fjárupphæðina til þeirra skólanna, sem nokkurn veginn glöggar skýrslur eru um, hvers þurfa með. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að til skólans í Ólafsdal sjeu veittar 2500 kr., og er það lík upphæð og hann hefur fengið að undanförnu af landsjóði, en alls hefur hann undanfarin ár haft undir 4000 kr. styrk af almannafje.

Enn fremur leggur nefndin til, að til skólans á Hólum sjeu lagðar 4000 kr., og er það allmiklu meira en hann áður hefur fengið af landsjóði. Stofnun þessi er eigi einstaks manns eign eins og skólinn í Ólafsdal, en hlutaðeigandi sýslufjelög, er hafa komið henni á fót, hafa orðið að leggja mikið fje fram, meðal annars til að borga afborgun og vexti af verði jarðarinnar og búsins, með því að stofnunin hefur eigi beinlínis neinar aðrar tekjur við að styðjast auk styrksins úr landsjóði, en búnaðarskólagjaldið úr Húnavatns og Skagafjarðar sýslum. Í bænarskrá þeirri, er komið hefur til þingsins um fjárstyrk handa stofnun þessari, er gjörð grein fyrir því, að hún komist eigi hjá, til að haldast í nokkurn veginn horfi, að hafa 4700 kr. útgjöld á ári, og með því að hlutaðeigandi sýslufjelög, er næstliðið vor hafa orðið fyrir miklum áföllum, eru eigi fær um, að leggja jafnmikið til og að undanförnu, þá virðist nauðsyn bera til, að landsjóður hlaupi undir bagga með ríflegra tillagi um komandi fjárhagstímabil, heldur en undanfarin ár. Á það er og að líta, að hverja stefnu sem búnaðarskólamálið framvegis kann að taka, og hvort sem menn vilja kosta af almannafje fleiri skóla eða færri, þá eru engin líkindi til annars, en að menn ávallt vilji hafa búnaðarskóla á Hólum, er álitin hefur verið mest landbúnaðarjörð á landinu, og sem jafnframt getur tekið á móti miklum og fjölbreyttum bótum. Um skólann á Eyðum höfum vjer svo óglöggar upplýsingar, að vjer eigi treystum oss til að stinga upp á neinni ákveðinni upphæð til hans. Hann hefur að undanförnu eigi haft nema 400 kr. af landsjóði, en sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hefur óskað, að hann gæti fengið tiltölulegan styrk. Vjer leggjum það því til, að umboðsstjórninni sje falið að veita honum styrk, eptir því sem ástæða virðist til, af þeim 6500 kr., er vjer að öðru leyti stingum upp á, að veittar sjeu til úthlutunar meðal búnaðarfjelaga í landinu. En fje þessu ætlumst vjer til að landshöfðingi skipti milli þeirra eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða, með sjerstöku tilliti til þess, sem afkastað er í hverju fjelagi fyrir sig, líkt og hefur átt sjerstað að undanförnu með styrkinn til búnaðarfjelaganna í Norður- og Austuramtinu. Með þessu álítum vjer, að gefin sje hvöt til þess, að menn stofni búnaðarfjelög, og til þess að þau keppi hvert við annað í að afkasta sem mestu, búnaðinum til framfara.

C. 5. Til vegabóta leggjum vjer til, að veitt sje 20000 kr. hvort árið; af þessu fje ætlumst vjer til, að verja megi hvort árið allt að 3000 kr. til að útvega vegfróðan mann til að ferðast um landið og ákveða hvar helztu vegi skuli leggja. Oss þykir nauðsyn bera til, að þetta sje nú þegar tekið til nákvæmrar íhugunar og ákvörðunar, til þess að komist verði hjá að kosta upp á vegi, sem eptir á kunna að virðast miður nauðsynlegir, þegar búið er að bæta aðra samhliða vegi, eins og hef-

ur átt sjer stað með Grímstunguheiðarveginn; eða að menn leggi vegi á einum stað, sem menn síðar sjá að kostnaðarminna eða haganlegra hefði verið að leggja annarstaðar. Aptur á móti þykir oss minni nauðsyn á, að fá mjög kostnaðarsama menn til að hafa á hendi verkstjórn við sjálfa vegagjörðina, með því og að von er til að menn fari innanlands að eiga kost á mönnum, sem töluverða æfingu hafa í því efni. Nefndin aðhyllist þá skoðun landshöfðingja, sem tekin er fram í athugasemdunum við frumvarpið, að fje því, sem veitt er til vegabóta af landsjóði, ætti að verja sem mest til fárra vegagjörða, eða til að leggja einn einstakan veg ár hvert; en jafnframt álítur nefndin það vel eiga við, að ákveða í fjárlögunum fyrir hvert fjárhagstímabil, hver sá vegur skuli vera, og því stingur hún upp á, hvar verja skuli árið 1889 15000 kr. til vegagjörða; en fyrir næstkomandi ár vill hún leiða hjá sjer að gjöra samkynja uppástungu, en vill að eins takmarka mestan hlut fjárins við aðalpóstvegina, með því og hinn vegfróði maður, er vjer áður höfum nefnt, mundi eigi fyrir þann tíma vera búinn að ljúka neinu af störfum sínum. Þar sem stungið er upp á að gjöra 1889 við veginn frá Hvalfirði upp í Norðurárdal í Mýrasýslu, þá hafði nefndin tillit til þess, að leið þessi er sameiginleg samgönguleið milli mikils hluta landsins og Suðurlands, að þar þarf mikilla umbóta við, og að á þeirri leið hafa að þessu mjög litlar vegabætur verið gjörðar, er ef til vill stendur í sambandi við það, að leið þessi hefur eigi eins mikla þýðingu fyrir innanhjeraðsmenn eins og fyrir langferðamenn. En jafnframt ætlast nefndin til að umboðstjórnin hafi nokkurt fje til umráða til vegabóta annarstaðar, þar sem þær verða að kostast af landsjóði, t. d. á Laxárdalsheiði í Dalasýslu, sem er stuttur en fjölfarinn fjallvegur, og sem nauðsynlega mun þurfa umbóta við.

C. 6. Til gufuskipaferðanna leggur nefndin til að veitt sje minna fje, en að undanförnu, sumpart vegna þess, að ætla má, að útgjörð gufuskipa sje kostnaðarminni nú en hún var fyrir 1880, sumpart vegna þess, að ferðirnar munu borga sig því betur, sem menn venjast þeim lengur. En jafnframt þykir nefndinni nauðsyn bera til, að binda fjárveitinguna því skilyrði, að farið sje eptir ferðaáætlun þeirri, er þingið samþykkir. Reynslan hefur sýnt, að í ferðaáætluninni hefur verið sleppt stöðum, sem allir viðurkenna, að þýðingarmikið væri, að póstskipið kæmi á, og sem eigi er sjáanlegt, að nokkuð verulegt sje til fyrirstöðu; enn fremur hafa hlutaðeigandi skipstjórar, þegar þeim hefur boðið svo við að horfa, vikið frá áætluninni, án þess að tilknýjandi ástæður væru fyrir hendi, og með því gjört mörgum manni hið mesta mein, og vakið svo mikið vantraust á ferðum skipanna, að menn víða þora lítið að reiða sig á þær, og þess vegna eru þær einnig mikið minna notaðar en annars mundi vera. Enn fremur þykir oss ástæða til að binda fjárveitinguna því skilyrði, að sá, sem gjörir skipið út, hafi varnarþing hjer á landi, því telja má, að þeir, sem fyrir ójöfnuði kunna að verða af honum, verði að líða það bótalaust, ef þeir þurfa að sækja rjett sinn til útlanda.

C. 7. Að því er snertir staflið b, eptirlit með vitanum, álítur nefndin að nægja muni, að til þess sjeu veittar 60 kr.

C. 8. Þennan tölulið vill nefndin færa niður í 500 kr. hvort árið. 1885 hefur til vörduvita gengið 296 kr.

11. gr.

1. Að því er tölulið þennan snertir, þá verður að sætta sig við þær launahækkanir fyrir læknana í 4., 6., 11., 15. og 20. læknishjeraði, sem reiknaðar eru í stjórnarfrumvarpinu. En þar sem þar er einnig talin launaviðbót fyrir landlæknirinn 600 kr. á ári, þá sjer nefndin eigi næga ástæðu til að veita hana framvegis; að launin sjeu eigi lífvænleg getur eigi komið hjer til skoðunar, þar sem ræða er um 4000 kr. laun fyrir utan borgun fyrir læknisstörf og fyrir kennslu yfirsetukvenna. Það virðist og því síður ástæða til nefndrar launaviðbótar, sem hlutaðeigandi embættismaður gat búist við, er hann sótti um embættið, að því yrði jafnvel eigi lögð meiri laun en 3600 kr. á ári. Þótt það að undanförnu hafi verið venja, að láta menn, er fengið hafa launaviðbætur á einum fjárlögum framvegis halda þeim, þá álítur nefndin að þessi venja sje eigi orðin svo rík, að þingið þurfi á nokkurn hátt að binda sig við hana, enda næsta varúðarvert að gjöra hana að fastri reglu gagnvart þeim skýrum ákvæðum fjárlaganna, að allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar með öðrum gildandi ákvörðunum en fjárlögunum, gildi að eins fyrir fjárhagstímabilið.
2. Til þingsins hefur að þessu sinni komið bænarskrá um aukalækni í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi. Mál þetta hefur áður fyrri verið til umræðu á alþingi, en því hefur eigi verið haldið fram, einkum af þeirri ástæðu, að eigi var von til að kostur væri á fleiri læknaefnum, en þörf var á á öðrum stöðum, þar sem þeirra virtist enn meiri þörf. En þar sem nú von er til, að kostur verði á þessu á næsta fjárhagstímabili, og þar sem nefndin viðurkennir, að nefnd bænarskrá hafi góð rök við að styðjast, þá vill hún leggja það til, að styrkur sje veittur til aukalæknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði og Arnarfirði.
3. Hefur nefndin ekkert að athuga við.

12. gr.

Upphæðir þær allar, sem hjer eru nefndar, leggur nefndin til að sjeu látnar halda sjer óbreyttar. Að því er snertir þær aukapóstferðir, sem um er rætt í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið, þá er nefndin því samdóma, að þær sjeu nauðsynlegar, og vill að eins gjöra þá athugasemd, að hagfelldara mun vera að aukapósturinn í Dalasýsla haldi áfram alla leið að Márskeldu, heldur en að hann snúi aptur á Skarði, enda hefur það engan þann kostnað í för með sjer, er teljandi sje að neinu. Nefndin vill jafnframt láta þess getið, að hún hefur fengið til meðferðar fjölda margar bænarskrár um aukapóstferðir, en hún treystir sjer eigi til að gjöra neinar ákveðnar uppástungur þeim viðvíkjandi, en álítur betur við eiga, ef þinginu sýnist svo, að sjerstök nefnd sje sett til að íhuga þær.

13. gr.

A: Hjer stingur nefndin eigi upp á neinni breytingu á upphæðum þeim, sem veittar eru, en vill að eins gjöra þá sjerstöku athugasemd, að af fje því, sem veitt er til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum, skuli veita hinum núverandi presti í Grímsey 400 kr. á ári. Fje þetta er einkum ætlað til bráðabirgðaruppbótar á þeim brauðum, sem eigi eru enn búin að fá uppbót þá, sem þau eiga að fá, þegar brauðið

næst verður veitt, eptir prestakallalögunum frá 27. febr. 1880, og með því að Miðgarðaprestakalli í Grímsey er í þeim lögum að eins ætluð 200 kr. uppbót, þá virðist þurfa sjerstaklegs lagaákvæðis til að fara þar framyfir. Til fjárlaganefndarinnar hefur komið tillaga frá biskupinum um 400 kr. árlega uppbót á greindu prestakalli, meðan hinn núverandi prestur þjónar þar, og þareð nefndin er biskupinum samdóma um verðleik hlutaðeigandi prests, sem fyrir 19 árum fekk Grímsey veitta með fyrirheiti um betra brauð síðar, en óvíst er úr þessu, hvenær það rætist, þá vill hún taka tillögu þessa til greina á þann hátt, sem að ofan er greint.

B. I. Hjer leggur nefndin til að gjörð sje sú breyting á b. 2. að veittar sjeu að eins 3 ölmusur til prestaskólans í staðinn fyrir 5 í stjórnarfrumvarpinu, því þar sem það er aðalaugnamiðið með ölmusuveitingunum, að útvega landinu nóg embættismannaefni, þá álítur hún þessa upphæð nægja.

B. II. a. Hjer er tekin upp viðbót sú við laun hins fasta kennara læknaskólans, sem veitt var á síðustu fjárlögum, 400 kr. á ári. Nefndin sjer eigi ástæðu til að veita launaviðbót þessa einnig fyrir næstkomandi fjárhagstímabil. Þegar maður sá, er hjer ræðir um, fekk veitingu fyrir tjeðu embætti, voru því að eins lögð 1800 kr. laun á ári, með tilliti til þess, að hlutaðeigandi embættismaður mundi ávallt fá töluverða borgun fyrir læknis-törf sín. Síðan hafa launin með lögum 3. nóv. 1883 verið hækkuð upp í 2400 kr., og í samanburði við aðra embættismenn á líku reki, virðist eigi vera þörf á frekari launaviðbót.

B. II. b. Tölulið 2 til eldiviðar, ljósa og ræstingar er farið fram á í stjórnarfrumvarpinu að hækka úr 100 kr., sem hann hefur verið að undanförnu, upp í 150 kr. Nefndin álítur að það muni nægja, að hækka gjaldliðinn upp í 120 kr.

Landlæknirinn hefur tekið fram, að það mundi vera æskilegt, að hafa við læknaskólann nokkra ókeypis »klinik«, til að útvega læknaefnunum meiri æfingu en þeir annars eiga kost á, og í því skyni farið fram á, að veittar væru allt að 100 kr. á ári til umbúða, fyrir sáraolíu og annað slíkt, er með kann að þurfa til þessa. Nefndin hefur fallizt á þetta, og leggur því til að þetta sje veitt.

B. III. Við a og b hefur nefndin ekkert að athuga.

c. 2. leggur nefndin aptur til að færður sje niður í 1000 kr., því síðan sá maður tók við yfirumsjóninni með skólahúsinu og áhöldum skólans, sem nú hefur hana á hendi, hefur reynslan sýnt, að þetta mun vera nægilegt. Árin 1884—86 hefur gengið til eldiviðar og ljósa að meðaltali 810 kr. 22 a. hvert árið.

c. 3. álítur nefndin að eigi þurfi að setja hærra en 1000 kr., með tilliti til þess, að skólahúsið hefur nýlega fengið mikla aðgjörð, enda voru og útgjöld þau, er hjer ræðir um eigi meiri en 964 kr. 45 a. næstl. ár.

c. 5. leggur nefndin til að sje færður niður í 7500 kr. fyrra árið og 7000 kr. hið síðara árið; nefndin álítur sem sje, að aðsóknin að hinum lærða skóla sje nú svo mikil, að eigi sje ástæða til með jafnmiklum ölmusustyrk og að undanförnu að örfa hana. Eins og það annars vegar er áríðandi að hafa um nóg embættismannaefni að velja, svo er á hinn bóginn eigi kostandi fje af landsjóði til að hafa þau óþarflega mörg eða með miklum ölmusustyrk að laða sem flesta efnilega unga menn til að búa sig undir að verða embættismenn, en sneiða hjá að búa sig undir aðra stöðu. Með tilliti til þeirra, sem nú þegar, í von um hinn ríflega ölmusustyrk, eru komnir í hinn lærða skóla, vill nefndin þó minnka styrk-

inn að eins smátt og smátt og eigi nema um lítið eitt í senn.

c. 7. »Til ýmislegra útgjalda» leggur nefndin til að færður sje niður í 1000 kr. Um þrjú næstliðin ár hafa til þessa gengið að meðaltali 1120 kr. 92. a., en af upphæð þessari álítur nefndin að vel megi spara þær 100 kr., sem skólapiltum hafa árlega verið veittar til hátíðahalds.

c. 9. er nýr útgjaldaliður, en nefndin verður að fallast á, að útgjöld þessi sjeu nauðsynleg, ef náttúrufræðiskennslan á að geta orðið að fullum notum.

B. IV. Það, sem ætlað er til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, sjer nefndin eigi ástæðu til að gjöra neina breytingaruppástungu við.

B.V. Til annarar kennslu.

a. Til kvennaskóla. Hjer stingur nefndin í fyrsta lagi uppá þeirri breytingu, að fjárveitingin til hvers skóla fyrir sig sje ákveðin í fjárlögunum. Sú ástæða, sem framanaf var til þess, að hafa óákveðið, hvað hver kvennaskóli fengi, er horfin við það, að þrjár slíkar stofnanir eru þegar fyrir nokkrum árum komnar á fastan fót. Fjárveitingin til skólanna út af fyrir sig álítur nefndin eigi ástæðu til að sje minni en að undanförnu eða samtals 3600 kr., og það því síður, sem búast má við, að styrkur sá, er þeir fá annarstaðar frá, kunni að rírna við harðærið. En auk þessa hafa frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, forstöðukonu sama skóla og forstöðukonu kvennaskólans á Ytri-Ey, komið bænarskrár um styrk nokkurn handa stúlkum þeim, er á þá gangá og þykir nefndinni þær hafa mikið við að styðjast. Fyrir því vill nefndin leggja til, að 300 kr. sjeu veittar til styrktar fátækum sveitastúlkum, er ganga á kvennaskólann í Reykjavík, en að því er snertir skólana á Ytri-Ey og Laugalandi, stingur nefndin upp á, að fje það, sem til þeirra yrði lagt, skiptist að nokkru leyti milli þeirra eptir nemenda fjölda, og geta þeir þá gjört þeim ljettara námið, hvort sem vill með sjerstökum styrk til einstakra stúlkna, eða með því að setja minni borgun upp fyrir dvöl stúlknanna yfir höfuð á skólanum. Í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil var sleppt því skilyrði við styrkinn til Flensborgarskólans, að hann nyti einnig annarar tillögu, er eigi væri minni en helmingur móts við styrkinn úr landsjóði; sama ástæða, sem var til þess, virðist nú einnig eiga heima um kvennaskólana. Í fjárlögunum fyrir 1880 og 1881 var styrkurinn úr landsjóði bundinn við að kvennaskólarnir stæðu undir umsjón amtsráðanna, en þar sem þetta á vel við um skólana á Ytri-Ey og Laugalandi, sem eru eign einstakra sýslna, þá hefur forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík tekið fram, að betur eigi við, að sá skóli standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna heldur en amtsráðs suðuramtsins, með því að hann sje eigi fremur fyrir suðuramtið en aðra hluti landsins og verður nefndin að fallast á það.

B. V. b. Að því er snertir styrkinn til barnaskóla, þá vill nefndin takmarka veitinguna við barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum. Hún álítur, að enn sem komið er, verði fastir barnaskólar til sveita eigi að þeim notum, að ástæða sje til að styrkja þá af landsfje. En á hinn bóginn þykir nefndinni ástæða til að veittur sje nokkur styrkur, þótt lítill sje, körlum eða konum, sem leggja sig eptir að kenna börnum í sveitum, hvort sem þeir dvelja vetrarlangt á sama stað eða eru sinn tíma vetrarins á hverjum bæ. Samkvæmt þessu leggur nefndin það til, að í stað 4000 kr. í stjórnarfrum-

varpinu til barnaskóla yfir höfuð sjeu veittar 2500 kr. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum, og 1000 kr. til 20 sveitakennara. Til þess að koma í veg fyrir, að barnaskólar með mjög fáum nemendum fái ofríflegan styrk, leggur hún til, að styrkurinn skiptist milli þeirra eptir nemenda fjölda, og að því er þá snertir, þykir henni eigi ástæða til að sleppa því skilyrði, að skóli sá, er hlutdeild fær í styrknum, njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur móts við styrkinn úr landsjóði; það mun þá og leiða af sjálfu sjer, að skólinn standi undir eptirliti hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

B. V. c. Með því að eigi er, svo nefndinni sje kunnugt, um aðra alþýðuskóla að ræða, en skólana í Flensborg og Hljeskógum, nje nein von til að öðrum alþýðuskólum verði að svo komnu komið á fót, leggur nefndin til, að fjárveitingunni sje skipt á milli þeirra, þannig, að gagnfræða- og alþýðuskólinn í Flensborg fái sömu upphæð og að undanförnu, 2500 kr., en skólinn í Hljeskógum 500 kr.

B. V. d. Töluliður þessi leggjum vjer til að sje samþykktur óbreyttur eins og að undanförnu, en vjer verðum að ætlast til þess, að organistinn sjálfur borgi þeim manni, er hann fær til að troða orgelið, en að það sje eigi borgað af kirkjunnar fje.

B. V. e. Til kennara í stýrimannafræði og húsnæðis í Reykjavík leggjum vjer til að lagt sje jafnmikið fje og að undanförnu, sem sje 800 kr., en í staðinn fyrir styrk til námspilta þar, álítum vjer hagfelldara, að veittur sje styrkur til að kenna stýrimannafræði annarstaðar. Einkum virðist bænarskrá um styrk til slíkrar kennslu á Ísafirði, er til þingsins hefur komið að þessu sinni, hafa miklar ástæður við að styðjast.

C. 1. a. Síðari liður þessa stafliðs fellur burt við það, að hinn núverandi bókavörður er búinn að fá lausn frá þeim starfa.

b. leggjum vjer einnig til í sambandi við þetta að sje ordaður nokkuð öðruvísi.

d. viljum vjer að einnig geti náð yfir skrár yfir handrit, sem álíta má eigi síður nauðsynlegar, en skrár yfir prentaðar bækur.

e. leggjum vjer til, að sje færður upp í 1200 kr., og það jafnframt tekið fram, að fje þetta sje eigi að eins ætlað til að kaupa bækur, heldur og til bókbands og til að útvega handrit. Vjer álítum sjer í lagi mikils vert, að Landsbókasafnið gæti náð í ýmiskonar gömul handrit, sem enn munu vera til á ýmsum stöðum hjer á landi, áður en þau annaðhvort glatast eða flytjast út úr landinu.

C. 2. höfum vjer ekkert að athuga við.

C. 3. Töluliður þessi leggjum vjer til að sje færður niður í 1000 kr., eins og hann var á undan yfirstandandi fjárhagstímabili.

C. 4. Styrk þeim til Þjóðvinafjelagsins, er hjer ræðir um, leggur nefndin til að sje sleppt, því hún ætlar að fjelagið þurfi hans eigi nauðsynlega við.

C. 5. Til Forngripasafnsins. Hjer stingur nefndin upp á, að fje það, sem veitt er í staflið a., sje fært upp í 1000 kr. Svo sem kunnugt er, eru forngripir nú á förum í landinu og einkum er mikil keppni í ýmsum útlendingum að ná þeim. Nefndin álítur því nauðsyn bera til, að þessu sinni, að hækka nokkuð fjárveiting þessa, til þess að náð verði, meðan tími er til, því, sem auðið er. — Í staðinn fyrir orðin »til forngripakaupa«, leggur nefndin til, að höfð sjeu orðin

»til að útvega forngripi«, svo að það feli beinlínis í sjer annan kostnað, heldur en að eins kaupverðið, er nauðsynlegur kann að vera til að ná forngripunum til safnsins.

Enn fremur leggur nefndin til, að Fornleifafjelaginu sje í þessari grein veittur sami árlegur styrkur sem það mun hafa notið að undanförnu.

14. gr.

er ekkert að athuga við.

15. gr.

Hjer fellur burtu »til ekkjufrúar Elínar Thorsteinsen 200 kr.», með því að hún er dáin. En til þingsins hefur að þessu sinni komið bænarskrá frá bókaverði Jóni Árnasyni um eptirlaun. Hann hefur verið bókavörður landsbókasafnsins síðan 1849, og hafði hann fyrstu 18 árin að eins 40 kr. fyrir það á ári, og því næst í 14 ár 100 kr. á ári; það er því fyrst hin síðustu ár, að hann hefur haft hæfileg laun fyrir tjeðan starfa sinn; auk þessa hefur hann gjört Íslandi mikið gagn og sóma með ritstörfum sínum, einkum með því að safna íslenzkum þjóðsögum, meðan enn var tími til þess, og þar sem hann er orðinn ellihrumur maður og mun vera efnalítill, þá vill nefndin leggja það til að honum sjeu veittar 800 kr. í eptirlaun á ári. Aðalupphæð greinarinnar álítur nefndin að eigi þurfi að breytast neitt við það.

16. gr.

Að því er 1. töluliðinn snertir, vill nefndin leggja til, að veitt sje upphæð sú, sem farið er fram á í frumvarpi stjórnarinnar, en hún vill binda hann við þann kostnað, sem hlutaðeigandi kennari hefur í því skyni, sem um er að ræða, svo að honum sje borgaður hann eptir reikningi.

Að því er snertir 2. töluliðinn, styrkinn til kennara B. Gröndals, þá hefur hann að þessu sinni sent til þingsins bænarskrá um að styrkur þessi yrði hækkaður upp í 800 kr. á ári, og að hann yrði fastákveðinn sem árleg laun; nefndin hefur eigi fundið ástæðu til, að koma fram með lagafrumvarp um, að fastákveða upphæð þessa, en á hinn bóginn þykir henni ástæða til, að hækka umræddan styrk fyrir næsta fjárhagstímabil, svo að hann verði 800 kr. á ári; hún hefur með eigin augum kynnt sjer nokkuð af myndasafninu yfir íslenzk dýr, og eptir því, sem nefndin getur um það dæmt, virðist henni það vera mikið safn og merkilegt. Þess er og að gæta, að nokkuð af styrk þessum gengur til beinlínis kostnaðar til glasa, vínanda o. fl.

3. töluliðinn vill nefndin takmarka við, að haldið sje áfram fiskiklakstilraunum þeim, sem byrjaðar eru í Dalasýslu og á Reynivöllum í Kjós; frá Laxafjelaginu í Dalasýslu, er gengst fyrir laxaklakinu þar, er bænarskrá komin um 2000 kr. styrk, en eptir þeim upplýsingum, er lágu fyrir nefndinni, virðist fjelagið einkum hafa þörf fyrir 500 kr. styrk fyrra árið og 300 kr. styrk síðara árið, og samkvæmt því leggur nefndin til, að fjelaginu sjeu veittar 800 kr. á fjárhagstímabilinu. Laxaklakið á Reynivöllum óskar nefndin að einnig verði styrkt nokkuð næsta fjárhagstímabil, en álítur að til þess muni nægja 200 kr.

Styrknum til útgáfu fornbrjefasafnsins vill nefndin eigi leggja á móti, en vill binda styrkinn við að útgáfan sje textaútgáfa, svo að sem mest verði gefið út af brjefunum sjálfum. Styrkinn handa Gísla Guðmundssyni sjer nefndin aptur á móti eigi ástæðu til að veita; slíkan námstyrk eins og hjer ræðir um, 1000 kr. á ári, er ísjárvert að veita, nema menn sjeu sannfærðir um, eigi að eins að hlutaðeigandi námsmaður hafi allt

það til að bera, að um hann megi gjöra sjer hinar beztu vonir, heldur og að eigi megi á annan kostnaðarminni hátt fá menn, sem hafa þá kunnáttu, sem þörf er á í því, sem hjer er um að ræða.

Búfræðingur Hermann Jónasson hefur sótt til þingsins um styrk til að gefa út búnaðarrit, 12 arkir að stærð á ári, að upphæð allt að 30 kr. fyrir örkina, og með því skilyrði, að hann þá seldi búnaðarfjelögum landsins ritið fyrir 1 kr. árganginn. Nefndinni virðist mikil þörf á slíku riti og nauðsyn bera til, að menn ættu kost á, að eignast það með góðum kjörum; og með því að maðurinn, er vill gangast fyrir útgáfunni, er líklegur til að leysa hana vel af hendi, þá vill nefndin leggja það til, að honum sje veittur styrkur 25 kr. fyrir örkina, allt að 300 kr. á ári.

Til að gefa út landsyfirrjettar- og hæstarjettardóma leggur nefndin til að veittar sjeu 20 kr. fyrir örkina, allt að 500 kr. á fjárhagstímabilinu, sem er heldur meira en það, sem til þess hefur gengið af landsjóði að undanförnu.

Til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja sjer nefndin ekki fært að veitt sje fje á komanda fjárhagstímabili, einkum af því, hvað langt er frá að vænta megi, að tekjurnar á því jafnist við útgjöldin.

17. gr.

Óviss útgjöld hafa, að því undanteknu, er kostað hefur verið til að vinna Helgustaðanámu 1885, numið að meðaltali í næstliðin 3 ár 1144 kr. 14 a. á ári. Það virðist því nægilegt, að veita til þessara útgjalda 3000 kr. fyrir fjárhagstímabilið.

Samkvæmt því, sem nú hefur sagt verið, leyfum vjer oss að ráða hinni heiðruðu deild til að fallast á eptirfylgjandi:

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889.

Við 2. gr. 3. Fyrir: »tekjuskattur 15,000—15,000—30,000« komi: tekjuskattur 10,000—10,000—20,000.

6. Fyrir: »gjöld af fasteignasölum 950—950—1900« komi: gjöld af fasteignasölum 1,000—1,000—2,000.

10. Fyrir: »aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun 100,000—100,000—200,000« komi: aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frádregnum 2% í innheimtulaun 90,000—90,000—180,000.

Við 3. gr. Orðin: »Af tekjum Vestmanneyjakirkju má verja allt að 50 kr. á ári til launa handa organsleikara, þó svo, að gjöld kirkjunnar fari eigi fyrir það fram úr tekjunum« falli burt.

Við 4. gr. Orðin: »Reykjavíkur kirkju veitist frestur fyrir fjárhagstímabilið á að greiða afborgun af skuld sinni til landsjóðs« falli burt.

Við 10. gr. A. 3. Fyrir: »borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 3,000—3,000—6,000« komi:

a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500—2,500—5,000.

b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðara 500—500—1,000.

B. 3. Fyrir: »a. laun umsjónarmannsins 1,000 kr.« komi:

a. laun umsjónarmannsins 800 kr.

viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann 200 kr.

Fyrir: »c. kostnaður við viðhald fangelsanna 300 kr.« komi:

c. kostnaður við viðhald fangelsanna 100 kr.

B. 4. Fyrir: »b. laun sendiboðans við yfirrjettinn 60—« komi: b. laun sendiboðans við yfirrjettinn 20—.
Fyrir: »c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum 60—« komi: til eldiviðar í yfirrjettarstofunum 40—.
Fyrir: «d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl. 80—« komi: d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl. 60—.

C. 4. Á eptir: »styrkur til eflingar búnaði« komi:
a. Til búnaðarskólans í Ólafsdal 2,500—
b. Til búnaðarskólans á Hólum 4,000—
c. Til búnaðarskólans á Eyðum og til búnaðarfjelaga . . . . 6,500—
Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða
d. Til sýslufjelaga og bæjarstjórna 7000— 20,000—20,000

C. 5. Fyrir: »Til að bæta fjallvegi og sýsluvegi, einkanlega á aðalpóstleiðum 23,000—23,000« komi:
a. til að útvega vegfróðan mann til að ferðast um landið og ákveða hvar helztu vegi skuli leggja . . . . . 3,000—3,000
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum . . 15,000—
c. til að bæta aðalpóstleiðina frá Hvalfirði upp í Norðurárdal 15,000
d. til annara vega . . . . . 2,000— 2,000 20,000—20,000

C. 6. Fyrir: »Til gufuskipaferða 18,000—18,000« komi:
til gufuskipaferða . . . . . 9,000—9,000
Fje þetta útborgast eigi nema nákvæmlega sje farið eptir ferðaáætlun þeirri, er alþingi samþykkir, að því leyti sem hafís eða óumflýjanleg forföll eigi banna, og að útgjörðarmenn skipsins hafi varnarþing á Íslandi.

C. 7. Fyrir: »b. til eptirlits með vitanum 100 kr.« komi:
b. til eptirlits með vitanum 60 kr.

C. 8. Fyrir: »Til vörðuvita 1,000—1,000« komi: til vörðuvita 500—500

C. 10. Fyrir: »Til aðgjörðar á Vestmanneyjakirkju 300—« komi:
til aðgjörðar á Vestmanneyjakirkju 200.

Við 11. gr. 1. Fyrir: »Laun 39,598—39,598—79,196« komi:
Laun 38,998—38,998—77,996.

2. Fyrir: »Styrkur til 4 aukalækna . . . . 4000—4000 — 8000« komi:
Styrkur til 5 aukalækna:
a, til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;
b, til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;
c, til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;
d, til læknis í Dyrhólahreppi, og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;
e, til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði

og Arnarfirði, til hvers þeirra 1,000 kr.
hvort árið . . . . . 5,000—5,000 — 10,000

Við 13. gr. A. b. Á eptir: »2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum 3500—3000« komi þessi athugasemd innan stryks:
Þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið.

B. I. b. Fyrir: »2. 5 ölmusur . . . . 1000—1000—» komi:
3 ölmusur . . . . 600—600—

B. II. a. Fyrir: »laun . . . . 3600—3600« komi:
laun 3200—3200.

B. II. b. Fyrir: »2. eldiviður, ljós og ræsting 150—150— komi:
2. eldiviður, ljós og ræsting . . . . 120—120.
Aptan við 6. tölulið bætist nýr töluliður, er verði 7. töluliður:
til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik« allt að 100 kr.

B. III. c. Fyrir: »2. til eldiviðar og ljósa . . . . 1,200 kr.« komi:
2. til eldiviðar og ljósa . . 1,000 —
Fyrir: »3. til skólahússins utan og innan 1,200 —« komi:
3. til skólahússins utan og innan 1,000 —
Fyrir: »5. Ölmusur . . . . 8,000« komi:
5. Ölmusur, 7,500 kr. fyrra árið, 7000 kr. síðara árið.
Fyrir: »7. ýmisleg útgjöld . . . . 1,200 —« komi:
7. ýmisleg útgjöld 1,000 —

B. V. a. Fyrir: »Til kvennaskóla 3,000—3,000« komi:
Til kvennaskóla:

		kr.	kr.
1. til kvennaskólans í Reykjavík . . . . þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr. Skóli þessi standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna.	1,500 kr.		
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey	700 —	»»	»»
3. til kvennaskólans á Laugalandi . . .	700 —	»»	»»
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi til skipta milli þeirra eptir nemenda fjölda	1,400 —	4,300	4,300

B. V. b. Fyrir: »Til barnaskóla 4,000—4,000« komi:

til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum	2,500	2,500

Styrkur þessi skiptist milli barnaskólanna eptir nemenda fjölda, og veitist með því skilyrði, að þeir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.
Þar á eptir komi nýr töluliður:

c. til 20 sveitakennara, 50 kr. til hvers	1,000	1,000

B. V. c. Fyrir: »Til alþýðuskóla (þar af til skólans í Flensborg 2,500 kr. hvort árið) 3,000 3,000
komi:
d. til alþýðuskóla:

1. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg . . . . . 2,500 kr.
2. til skólans í Hljeskógum . . . . 500 — 3,000 3,000

Athugasemdin: »Styrkur eptir staflið . . . . eða sýslunefndar« falli burt.

B. V. e. Fyrir: »e. Til kennslu í stýrimannafræði í Reykjavík 1,000 1,000 komi: f. til kennslu í stýrimannafræði:
1. til kennara og húsnæðis í Reykjavík 800 kr.
2. til kennslu annarstaðar . . 1,000 — 1,800 1,800

C. 1. a. Orðin: »Launaviðbót fyrir hinn núverandi bókavörð 200—200—« falli burt.

C. 1. b. Fyrir: »til aðstoðar við hinn núverandi bókavörð« komi: til aðstoðar við útlán og niðurröðun bóka.

C. 1. d. Fyrir: »til þess að semja bókaskrá», komi: til þess að semja skrá yfir bækur og handrit.

C. 1. e. Fyrir: »til bókakaupa 600 — 600« komi: til þess að kaupa bækur og handrit og fyrir bókband 1200 — 1200.

C. 3. Fyrir: »til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík til að gefa út tímarit, sýslumannaæfir o. fl. 1500 — 1500« komi: til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík 1000 — 1000.

C. 4. Orðin: »til þjóðvinafjelagsins 300 — 300« falli burt.

C. 5. Fyrir: »a. til forngripakaupa og áhalda 700 kr.« komi: a. til að útvega forngripi og til áhalda 1000 kr.

Nýr töluliður bætist við svo hljóðandi:

6. Til Fornleifafjelagsins . . 300 — 300.

Við 15. gr. Orðin: »þar af til ekkjufrúar Elínar Thorsteinsen 200 kr.« falli burt.
Á eptir: »Vestmanneyja prestakalli 105 kr. 40 a.« bætist við: Til fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 800 kr.

Við 16. gr. 1. Fyrir: »styrkur til kennara Þ. Thoroddsens til jarðfræðisrannsókna og til að safna til jarðfræðislýsingar Íslands« . . . . . 2000 kr.
komi: Til kennara Þ. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands eptir reikningi allt að 1000 kr. hvort árið . . . . . 2000 —

2. Fyrir: »þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári . . . 1200 kr.«
komi: þjóðmenningarsögu Norðurlanda 800 kr. á ári . . . . 1600 —

3. Fyrir: »styrkur til verklegs fiskiklaks 1200 kr.« komi: styrkur til verklegs fiskiklaxs:
a. Til laxafjelagsins í Dalasýslu . . . 800 kr.
b. Til laxaklaksins á Reynivöllum í Kjós 200 — 1000 kr.

4. Fyrir: »til að vinna að útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni« komi: til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni.

5. Orðin: »Styrkur handa Gísla Guðmundssyni til að stunda nám í 2½ ár á verkfræðisskólanum í Þrándheimi 1000 kr. hvort árið —2000—« falli burt.

Síðan bætist við nýir töluliðir:

5. Styrkur til búfræðings Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 12 arkir að stærð, 25 kr. fyrir örkina, 300 kr. á ári . . . . . 600 kr.
6. Styrkur til að gefa út dómasafn 20 kr. fyrir örkina . . . . 500 —

Orðin: »Til annara vísindalegra og verklegra fyrirtækja . . . . 6,000—« falli burt.

Við 17. gr. Fyrir: »Til óvissra útgjalda veitast 4000 kr.« komi: Til óvissra útgjalda veitast 3000 kr.

Samlagning talnanna í frumvarpinu breytist eptir breytingartillögunum.

18. gr. orðist þannig:

Það, sem á vantar að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum, og sem fyrst um sinn er áætlað að verði 30,162 kr. 84 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

Alþingi, 30. júlí 1887.

Þórarinn Böðvarsson, formaður. Eiríkur Briem, skrifari og framsögumaður. Árni Jónsson. Jón Jónsson.

Páll Briem. Sigurður Stefánsson. Þorleifur Jónsson.

Nd. **218. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bátfiski á fjörðum. — Frá Þorsteini Jónssyni, Páli Briem, Sv. Eiríkssyni, Þorvaldi Björnssyni, Þorvarði Kjerulf og Sigurði Stefánssyni.

Við 2. gr. Fyrir: »Útsvarinu skal hann lokið hafa áður hann fer á brott« komi: Útsvarinu skal formaður hver lokið hafa fyrir skip sitt áður hann fer á brott.

Ed. **219. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.—Eptir 3. umr. í Nd.

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál,

3. gr. Konungurinn hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar landstjóra og víkur honum frá völdum. Landstjóri hefur í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari. Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.

7. gr. Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim úr völdum. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum. Ráðgjafi sá, er undir ályktun ritar með konungi eða landstjóra, ber ábyrgð á henni.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Landstjóri og ráðgjafar er landsráð, og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn, þangað til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann í landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. — Landstjóri getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra svo sem lög mæla fyrir. Landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða. Með lögum má undan skilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. grein.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Landstjóri getur rofið aðra eða báðar deildir alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir, frá því þingið var rofið, og skal þá stefna þinginu saman aptur næsta ár á eptir, að það var rofið.

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landstjórnin getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. Undirskript konungs eða landstjóra þarf til þess, að veita ályktunum alþingis lagagildi. Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, ekki staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður. Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau.

18. gr. Landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga setu 36 þjóðkjörnir menn. Kosning þeirra gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri þingdeild sitja 12 menn, er kjósa skal um land allt eptir ákvæðum þeim, er sett verða í kosningarlögunum. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum. Tölu þingmanna má breyta með lögum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
b. embættismenn;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi

hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur.

Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi landstjóri ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undireins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til að annast um að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landsjóðinn.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, að rannsaka mikils varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje af taka, nema með lögum; ekki má heldur án lagaákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Enga skatta eða tolla má innheimta, fyr en fjárlög fyrir það tímabil eru samþykkt af alþingi, og hafa öðlazt staðfestingu.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir

það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, til færa í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, er löglega er kosinn, missir hann rjett þann, er kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum, eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, er hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er, allt að 5 menn úr dómi, þó svo að jafnan sitji dóminn eigi færri enn 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn. Endi kjörtími, meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efri deildarmenn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þennan skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lútherska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúarfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúarbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

58. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan mót veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

65. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

71. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar Danmörku sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Ed. **220. Frumvarp**

til laga um bátfiski á fjörðum. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Rjett er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiðar sje, á fjörðum eður tilteknum fjarðarsvæðum, sökum fiskveiða fjarðarbúa, og skal það gjört með samþykkt á þann hátt, er segir í lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákvæði tjeðra laga og laga nr. 23, 4. desbr. 1886 gilda um slíkar samþykktir.

2. gr. Nú stundar aðkomumaður fiskveiðar á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eður hreppa samtals 4 vikur eður lengur sömu missiri, og er þá sveitarstjórn eður niðurjöfnunar-nefnd heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn eður bæjarbúa. Útsvarinu skal formaður hver lokið hafa fyrir skip sitt áður hann fer á brott. Þó skal eigi leggja auka-útsvar á útvegsmenn úr öðruui hreppum við þann fjörð eður flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í heimilis-hreppi þeirra. Taka má útsvarið lögtaki sem önnur sveitarútsvör. Að öðru leyti eru og slíkir aðkomumenn háðir landslögum um fiskveiðar og útflutningstoll af sjávarafla.

Nd. **221. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. oktbr. 1875 um breytingu á sömu tilskipun. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Sendingar, sem eru prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, mega vega allt að 5 pd.

2. gr. Böggulsendingar, sem sendar eru með póstskipunum hafna á milli á Íslandi og ekki þarf að senda neitt yfir land, mega vega allt að 10 pd.

3. gr. Burðareyrir fyrir krossbandsendingar þær, sem getið er um í 1. gr., skal vera 1 eyrir fyrir hver 5 kvint eða minni þunga.

Burðareyrir fyrir böggulsendingar þær, sem um getur í 2. gr. hjer að ofan, skal vera 10 aurar fyrir hvert pund og 5 aurar að auki ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 kr. eða minna af verði sendingarinnar, ef verð er tiltekið. — Undir tilvísunarbrjef við slíka böggla greiðist að auki venjulegt burðargjald, ef brjefið er lokað.

4. gr. Með ferðum landpóstanna frá því í nóvbr. og til þess í marz eru póstmenn eigi skyldir að taka böggla til flutnings þyngri en eitt pund, framar en þeim þykja hentugleikar leyfa, nema prentað mál í krossbandi. Burðareyrir fyrir lokaða böggla, sem teknir eru til flutnings á þessum tíma, skal vera 15 aurar fyrir hver 25 kvint.

5. gr. Með lögum þessum eru lög nr. 21, 4. nóv. 1881, úr lögum numin.

Ed. **222. Frumvarp**

til viðaukalaga við útflutninga-lögin 14. jan. 1876.—Frá Jóni Ólafssyni, B. Kristjánssyni og Friðr. Stefánssyni.

1. gr. Enginn útflutninga-stjóri eður umboðsmaður útflutninga-stjóra má taka við neinu innskriptargjaldi eða neinu fje undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt fargjald eður meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, nje heldur nokkurri skuldbindingu um gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skilyrðislaust, skriflegt loforð um flutning fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

Brotum gegn þessum ákvæðum hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta, allt að 2,000 kr. af upphæð þeirri, er útflutninga-stjóri hefur að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tilefni þykir til.

2. gr. Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eður umboðsmenn hans hafa um samið eður auglýst, og getur þá útfari hver kært útflutninga-stjóra fyrir landshöfðingja; en hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutninga-stjóri hefur sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar.

3. gr. Skip, sem flytja útfara af landi, mega á engri höfn hjerlendis taka neinn farþegja, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra áður en hann er tekinn um borð, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra umdæmisins, þar sem hann fer á skip.

Nú brýtur skipstjóri gegn þessum fyrirmælum, og er þá skip og farmur að veði fyrir öllum þeim skuldbindingum, er á farþegjanum hvíldu, er við honum var tekið á skip.

Nd. **223. Fylgiskjal**

við nefndarálit fjárlaganefndarinnar í Nd. (217).

A. Bænarskrár

og aðrar málaleitanir, er fjárlaganefndin hefur að einhverju leyti tekið til greina.

1. Frá sjera Jóni Jónssyni í Bjarnanesi, viðvíkjandi gufuskipaferðunum.	Sbr. 10. gr. C. 6.
2. Frá Benedikt Gröndal, um 600 kr. styrk á ári til dýramyndasafns og þjóðmenningarsögu Norðurlanda.	Sbr. 16. gr. 2.
3. Frá sóknarnefndinni í Garðsókn í Kelduhverfi, um 1200 kr. lán til kirkjubyggingar.	Sbr. þingsályktunartillögu, þingskjal 205.
4. Um sjerstakan lækni í Vestur-Ísafjarðar prófastsdæmi.	Sbr. 11. gr. 2.
5. Frá Páli Melsteð, um að mega halda 1800 kr. launum, sem sögukennari.	Sbr. 13. gr. B. III. b.
6. Frá Holtsprestakalli í Rangárvallasýslu, um 200 kr. styrk til »umgangskennara-kennslu«.	Sbr. 13. gr. B. V. c.
7. Frá sýslunefndinni í Húnavatnssýslu um, 4000 kr. árlegan styrk til búnaðarskólans á Hólum.	Sbr. 10. gr. C. 4. b.
8. Frá sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu, um sama.	Sbr. 10. gr. C. 4. b.
9. Frá Jóni Árnasyni bókaverði, um eptirlaun.	Sbr. 15. gr.
10. Frá »Laxfiskaveiðafjelaginu« í Dalasýslu, um 1000 kr. árlegan styrk.	Sbr. 16. gr. 3. a.
11. Frá Benedikt Gröndal, um 800 kr. árlega fjárveiting.	Sbr. 16. gr. 2.
12. Frá landlæknum, um allt að 100 kr. árlegan styrk, til að hafa gefins »Klinik« við læknaskólann.	Sbr. 13. gr. B. II. b. 7.
13. Frá biskupinum, um hækkun á uppbótinni á Grímseyjar-prestakalli um 200 kr. á ári.	Sbr. 13. gr. A. b. 2.
14. Frá sjera Janusi Jónssyni, um 800—1000 kr. styrk til aukalæknis í Vestur-Ísafjarðarsýslu.	Sbr. 11. gr. 2.
15. Frá forstöðukonu kvennaskólans á Ytri-Ey, um styrk til námsmeyja þar.	Sbr. 13. gr. B. V. a. 4.
16. Frá sýslumanni E. Thorlacius, um styrk til búnaðarskólans á Eyðum.	Sbr. 10. gr. C. 4. c.
17. Frá forstöðukonu kvennaskólans í Reykjavík, um ölmusustyrk handa fátækum sveitastúlkum á skólanum.	Sbr. 13. gr. B. V. a. 1.
18. Frá Hallgr. Melsted og Pálma Pálssyni, um styrk til að semja handritaskrá.	Sbr. 13. gr. C. 1. d.
19. Frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík, um styrk til skólans.	Sbr. 13. gr. B. V. a. 1.
20. Frá Sigurði Vigfússyni, um 300 kr. árlegan styrk í þarfir forngripasafnsins.	Sbr. 13. gr. C. 5.
21. Frá Hermanni Jónassyni, um allt að 360 kr. styrk á ári til búnaðarrits.	Sbr. 16. gr. 5.
22. Frá Hirti Jónssyni lækni, um launahækkun.	Sbr. 11. gr. 1.
23. Um styrk til sjómannakennslu í Ísafjarðarkaupstað.	Sbr. 13. gr. B. V. e. 2.
24. Frá lækni Þorvaldi Jónssyni á Ísafirði, um launahækkun.	Sbr. 11. gr. 1.

B. Bænarskrár,

sem nefndin hefur eigi sjeð sjer fært að leggja með að teknar væru til greina.

25. Frá Stór-Stúku Íslands, um 600 kr. styrk á ári, til að út breiða regluna.
26. Frá þingmanni Barðstrendinga, um aukalækni í Flatey.

27. Frá Bergsveini Ólafssyni, um 400 kr. styrk til að koma upp smíðahúsi.
28. Frá stúdent Sigurði Magnússyni, um nægilegan styrk um næstu 4 ár, til að ganga á vegfræðisskóla.
29. Frá Akurnesingum, um að gjöra 5 syðstu hreppa Borgarfjarðarsýslu að »föstu embætti».
30. Frá Jónasi organista Helgasyni, um 150 kr. styrk til að gefa út viðbæti við kirkjusöngsbók.
31. Frá Sigfúsi Eymundssyni, um styrk til sama, 20—25 kr. fyrir örk.
32. Frá Vestur-Eyjafjallahreppi, um 2000 kr. styrk til að girða fyrir Holtsá.
33. Frá sjera Páli Pálssyni, um 400 kr. árleg laun fyrir daufdumbrakennslu.
34. Frá sjera Jóni Jónssyni á Stað, um lausn frá 400 kr. árgjaldi.
35. Frá Æðarræktarfjelaginu um 1000 kr. styrk til að semja æðarvarps-sögu.
36. Frá Benedikt Þórarinssyni, um 600 kr. styrk hvort árið til laxaklaks.
37. Frá Bergsteini Jónssyni, um 400 kr. styrk hvort árið til sama.
38. Frá dyraverði lærða skólans, um 200 kr. launaviðbót.
39. Frá Þorbjörgu Sveinsdóttur, um 1000 kr. styrk.
40. Frá tannlækni Páli Þorkelssyni, um styrk til að gefa út orðabók, 40 kr. fyrir örk.
41. Frá Geiradalshreppi, um 3000 kr. hallærisgjöf.
42. Frá Fr. Zeuthen lækni, um spítalastofnun á Eskifirði.
43. Frá sjera Kjartani Einarssyni, um að gjöra »Mýrdal og Eyjafjöll» að einu læknishjeraði með 1500 kr. launum.
44. Frá Tryggva Gunnarssyni, um 300 kr. styrk til Þjóðvinafjelagsins.
45. Frá sjera Guttormi Vigfússyni, um 300 kr. uppbót úr landsjóði til Svalbarðsprestakalls.
46. Frá sjera Pjetri Jónssyni, um 200 kr. uppbót til Hálsprestakalls.
47. Frá sjera Jóni Þorlákssyni, um 300 kr. uppbót til Tjarnarprestakalls.
48. Frá söfnuðinum í Gufudalsprestakalli, um 200 kr. uppbót.
49. Frá sjera Þorvaldi Ásgeirssyni, um uppgjöf á 300 kr. árgjaldi af Þingeyraklaustursbrauði fyrir næstliðið fardagaár.
50. Frá Birni Kristjánssyni, um 800 kr. styrk til að fullkomnast í sönglist erlendis.
51. Frá Sveini búfræðingi, um 7000—10,000 kr. lán, til að koma upp búnaðarskóla á Hvanneyri.
52. Frá Steinþóri Magnússyni, um styrk til að læra siglingafræði og vjelafræði í Kaupmannahöfn.
53. Frá Dr. J. Jónassen, um að 500 kr. ferðastyrkur til að kynna sjer sullaveiki megi haldast á fjárlögunum.
54. Frá söknarnefnd Lundarbrekkusóknar, um uppgjöf á hálfri skuld kirkjunnar.
55. Frá þingmanni Dalamanna, um sjerstakan lækni í Dalasýslu.
56. Frá 4 yfirsetukonum í Árnessýslu, um að laun yfirsetukvenna greiðist úr landsjóði.
57. Frá Zeuthen lækni, um launabót.
58. Frá Dalamönnum, um að mega verja vöxtum og afborgun hallærislána til vegagjörða í sýslunni.
59. Frá sjera Tómasi Hallgrímssyni, um uppgjöf á árgjaldi af Valla-prestakalli.
60. Frá alþingismanni Jóni Ólafssyni, um 3000 kr. styrk á fjárhagstímabilinu til bókmentalegra fyrirtækja.
61. Frá landshöfðingjanum, um allt að 2000 kr. til þess að Ísland geti tekið þátt í sýningunni í Kaupmannahöfn 1888.
62. Frá þingmanni Snæfellinga, um 1200 kr. styrk til viðgjörðar á Rifsós.

63. Frá Vindhælishreppi, um uppgjöf á 559 kr. hallærisláni.
64. Frá Engihlíðarhreppi, um uppgjöf á 408 kr. hallærisláni.
65. Frá bæjarfógetanum í Reykjavík, um 300 kr. til að semja ný registur yfir afsals- og veðmálabækur Reykjavíkurkaupstaðar.
66. 67. 68. 69. 70. 71. 72. Bænarskrár úr ýmsum hjeruðum um aukapóstferðir.

Nd. **224. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um menntun alþýðu.—Frá Jóni Þórarinssyni.

Við 20. gr. Í stað orðanna: »Veita þekkingu í þeim námsgreinum, sem nefndar eru í 18. gr.« komi: að mennta 14 ára unglinga og þaðan af eldri.

Nd. **225. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um aðför. — Frá nefndinni.

1. við 20. gr. 3. málsgrein. Orðið: »umsvifalaust« falli burt.
2. — 36. — Í stað orðanna: »Ef þörf gjörist« o. s. frv. til »geymda« komi: Síðustu forvöð eru, að fógeti leiti á dómfellda sjálfum; þó má ekki til þess grípa, nema augljós ástæða sje til að ætla, að hann hafi fjármuni á sjer geymda, en aldrei má leita á konum.

Ed. **226. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 veitast 12143 kr. 69 a. til gjalda þeirra, er nefnd eru í eptirfylgjandi 2.—4. gr.

2. gr. Sem viðbót við útgjöld við læknaskipunina í 11. gr. veitist:

uppbót á launum

a. hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði Hjartar Jónssonar fyrir tímabilið frá 1. nóvbr. 1876 til 31. desbr. 1887 . . . . . kr. 4397,66
b. hjeraðslæknis í 20. læknishjeraði Þorsteins Jónssonar fyrir sama tímabil . . . . . — 4397,66
c. hjeraðslæknis í 6. læknishjeraði Þorvaldar Jónssonar fyrir tímabilið frá 1. marz 1877 til 31. desbr. 1887 . — 2426,67

kr. 11221,99

3. gr. Sem viðbót við eptirlaun og styrktarfje í 15. gr. veitast:

Handa prestsekkju Ragnheiði Jónsdóttur sem viðbót við tekjur hennar af Vestmanneyja-brauði náðarárið eptir lát manns hennar og sem viðbót við eptir-

laun hennar, frá fardögum 1886 til 31. desbr. 1887 375 kr. 95 a.

4. gr. Til endurbyggingar Bjarnaness-kirkju 1886 veitast 545 kr. 75 a.

Ed. **227. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga með nokkrum ákvæðum um veð. — Eptir 3. umr. í Nd.

Breytingar þær, sem hin heiðraða neðri deild hefur gjört við frumvarp það, sem efri deild alþingis hefur samþykkt, eru að eins þessar:

1. að í stað fyrirsagnar efri deildar: „frumvarp til laga, sem hefur að geyma nokkur ákvæði um veð“, er hún nú: „frumvarp til laga um veð“.
2. Í 7. gr. 4. málsl. í stað „af“ er sett: „að“.

Að því fyrirsögnina snertir, er nefndin að vísu á þeirri skoðun, að hún sje rjettari, eins og efri deild orðaði hana, en kannast jafnframt við, að hún í mállegu tilliti sje liðlegri, og vill nefndin því fallast á breytinguna. Hin breytingin gjörir hvorki frá nje til og má því una við hana, þótt óþörf sje.

Nefndin vill því ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Í efri deild alþingis 2. ágústm. 1887.

L. E. Sveinbjörnsson, form. og framsögum. B. Kristjánsson, skrifari. Sighvatur Árnason.

Ed. **228. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, sem að minnsta kosti nemur þeirri upphæð, er tilfærð er við hverja þeirra.

1.	Seglbúðir í Kleifahreppi fyrir	1050 kr.
2.	Möðrufell í Hrafnagilshreppi, með hjáleigunum Hraungerði og Torfum fyrir	6000 —
3.	Gilsbakka í sama hreppi fyrir	1800 —
4.	Efri-Sandvík og Neðri-Sandvík í Grímsey fyrir	1500 —
5.	Skúta í Glæsibæjarhreppi fyrir	1700 —
6.	Hnjúk í Vallnahreppi fyrir	2500 —
7.	Flögu í Skriðuhreppi fyrir	2500 —
8.	Eyði-jörðina Efri-Strönd í Rangárvallahreppi fyrir	150 —
9.	Árnastaði í Loðmundarfirði fyrir	1100 —
10.	Kirkjuból í Grunnavíkurhreppi fyrir	150 —
11.	Breiðabólsstað í Sveinsstaðahreppi fyrir	2400 —
12.	Hemru í Skaptártunguhreppi fyrir	1100 —
13.	Borgarfell í sama hreppi fyrir	1100 —
14.	Hvoll í Dyrhólahreppi fyrir	3600 —

2. gr. Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, er gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26, 8. nóvbr. 1883.

3. gr. Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir að eins til 31. desbr. 1892.

Ed. **229. Breytingaratkvæði**

við frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna. — Frá Jóni A. Hjaltalín.

5.—9. gr. falli burt.

Nd. **230. Breytingartillaga**

við frv. til laga um toll á kaffi. — Frá Páli Briem, J. Jónassen, Þorleifi Jónssyni, Sigurði Stefánssyni, Jóni Jónssyni, Grími Thomsen og Sigurði Jenssyni.

1. Við 3. gr. Orðin: „skipstjóri eða“ falli burt.
2. Við 5. gr. Orðin: „og sektunum“ falli burt.

Nd. **231. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um verzlun lausakaupmanna (183). — Frá Árna Jónssyni, Jóni Jónssyni, Páli Briem, Þorsteini Jónssyni, Ólafi Briem, Páli Ólafssyni, Ólafi Pálssyni og Þorleifi Jónssyni.

Fyrir 1. gr. frv. komi svolátandi grein:

Lausakaupmaður, sem enga fasta verzlun rekur hjer á landi, getur fengið heimild til að verzla á skipi annarstaðar en á löggiltum höfnum, ef hann fær til þess leyfisbrjef hjá sýslumanni eða bæjarfógeta. Fyrir slíkt leyfisbrjef skal lausakaupmaður gjalda 100 kr. í landsjóð, og veitir leyfisbrjefið honum rjett til að verzla á skipi hvar sem hann vill við strendur landsins en að eins það almanaksár, sem leyfið er gefið. Þó er honum óheimilt að verzla með áfenga drykki nema á löggiltum höfnum.

Nd. **232. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um aðför.

Undirskrifuð nefnd í málinu um aðför að lögum, leggur til að hin h. þingdeild samþykki frumvarpið með tveim breytingum, sem prentaðar eru á blaði sjer.

Alþingi 2. ágúst 1887.

Páll Briem, skrifari.	Grímur Thomsen, framsögumaður.	B. Sveinsson, formaður.

Ed. **233. Nefndarálit**

um frv. til laga um bátfiski.—Frá nefndinni.

Nefndin, er h. efri deild setti til að segja álit sitt um frumv. til laga um

síldveiði fjelaga í landhelgi og frumv. til laga um bátfiski á fjörðum, hefur athugað breytingar þær, er h. neðri deild gjört hefur á frumvörpum þessum. Breyting Nd. á síldveiðafrumv. er að eins orðabreyting á upphafi 3. gr., er fer betur. En inn í 2. gr. bátfiskisfrumv. hefir hún bætt þessu ákvæði: „Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppum við þann sama fjörð eður flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í heimilishreppi þeirra". Nefndin fellst nú að sjálfsögðu á orðabreytinguna á 3. gr. síldveiðafrumv., og hún ræður til að samþykkja efnið í viðaukanum við 2. gr. frumv. um bátfiskið, með því að það haggar eigi að mun jafnrjetti því, er frumv. fram fylgir. En fyrir því að ákvæði þetta mun eiga að taka eigi að eins yfir hreppsbúa heldur og bæjarbúa við sama fjörð og flóa, vill nefndin leggja til að 2. gr. í bátfiskisfrumv. verði þannig breytt:

1. Fyrir: „úr öðrum hreppum" komi: úr öðrum sveitafjelögum,
2. Fyrir: „í heimilishreppi þeirra" komi: í sveitafjelagi sjálfra þeirra.

Arnljótur Ólafsson, form. og framsögumaður. Jón A. Hjaltalín. Jón Ólafsson.

Ed. **234. Nefndarálit**

í málinu um heyforðabúr og ásetning.

Nefndin hefur ekki treyst sjer til að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frv. það, sem nefndin fjekk til meðferðar, þar eð oss virðast ákvæði laganna munu geta komið nokkuð nærri rjetti einstaklinganna, að því er ásetning snertir. Hins vegar ætlum vjer, að heyforðabúrin muni að eins geta að haldi komið í sumum landsplássum, og að þau muni bezt gefast með frjálsum samtökum í þeim sveitum, þar sem þeim á annað borð verður við komið; enda ætlum vjer að þörfin fyrir þau muni víða verða minni, ef nauðsynlegt aðhald kemst á með skynsamlegri ásetningu.

Það er ætlun vor, að mest sje við það unnið, að tryggja betur að lögunum um horfelli verði fram fylgt, en til þess fengju sveitarstjórnir mikla hvöt, ef það, að búandi verður tvívegis sekur eptir þeim, veitir rjett til að setja á hjá honum.

Af framanskrifuðum ástæðum ráðum vjer hinni heiðruðu deild til að samþykkja eptirfylgjandi frumvarp til viðaukalaga við lög um horfelli á skepnum 12. jan. 1884.

Ed. alþingis 2. ágúst, 1887.

E. Th. Jónassen, formaður og framsögumaður. Jón Ólafsson, skrifari. Benedikt Kristjánsson.

Ed. **235. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög um horfelli á skepnum 12. jan. 1884. — Frá nefndinni um heyforðabúr og ásetning.

1. gr. Hreppstjórar og hreppsnefndir, sem vanrækja eptirlit það, sem þeim er

boðið að hafa með fóðurbirgðum og húsrúmi handa skepnum samkvæmt lögum 12. jan. 1884, skulu sæta sektum frá 10—50 kr.

2. gr. Nú hefur búandi orðið tvívegis sekur eptir dómi eða amtsúrskurði fyrir brot gegn tjeðum lögum, og er þá rjett, að menn, sem hreppsnefnd hefur til þess kosið, skoði skepnufóður að hausti hjá honum, og setji á hjá honum. Skal hreppstjóri vald til hafa að selja við uppboð gripi þá, er ásetningsmenn telja ofsetta á, ef eigandi vill eigi sjálfur lóga þeim. Andvirði hinna seldu gripa, að frádregnum kostnaði, rennur til eigandans.

Ásetningsmönnum má ákveða þóknun fyrir starfa sinn; gjörir það amtmaður eptir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Þóknun þessi greiðist af hlutaðeigendum, sem skoðað er hjá og á sett.

3. gr. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu höfðuð og rekin sem almenn lögreglumál.

Nd. **236. Tillaga**

til þingsályktunar um hallærislán og hallærislánabeiðslur. — Eptir fyrri umr. í Nd.

Alþingi ályktar:

1. að áður en nokkurt hallærislán eptirleiðis verður veitt, sjeu útnefndir dómkvaddir menn úr sýslufjelagi, sem ekki er lánþegi, til þess nákvæmlega að rannsaka ástandið í þeim hreppi eða hreppum, sem lánþurfar þykjast vera. Kostnaðurinn við rannsókn þessa greiðist fyrirfram eptir reikningi af jafnaðarsjóði amtsins, en endurgreiðist af því sýslufjelagi, er lánsins beiðist.
2. að oddviti sýslunefndar og formaður amtsráðs aldrei veiti samþykki til lántöku nema að fyrirfram fengnu samþykki sýslunefndar og amtsráðs í heild sinni.
3. að það ár, sem alþingi kemur saman, sjeu allar hallærislánabænir frá sýslufjelögum, sem samþykktar eru af hlutaðeigandi amtsráðum sama ár, lagðar fyrir alþingi til ályktunar um, hvort og hvernig lánið skuli veita.
4. að nákvæmar skýrslur um, hvernig hallærislánum hefur varið verið á fjárhagstímabilinu, skuli lagðar fyrir þingið.
5. að vextir sjeu ekki eptir gefnir af hallærislánum, hvorki fyrir lengri eða skemmri tíma.
6. að lánið renni að eins til þeirra sýslubúa, sem eptir áliti hinna dómkvöddu manna eru sannarlega þurfandi.

Nd. **237. Frumvarp**

til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóði handa heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki.

2. gr. Sjóði þessa skal stofna á þann hátt, að allir karlar og konur, sem eru

fullra 20 ára og ekki yfir 60 ára, og eru hjú, þar á meðal börn hjá foreldrum, sömuleiðis þeir, sem leyst hafa lausamennskubrjef eður að lögum hafa lausamennskuleyfi og geta stundað nýtilega atvinnugrein, skulu greiða á ári hverju, karlmaður 1 kr. og kvennmaður 30 a. Þó skulu undanþegnir gjaldi þessu þeir, sem fyrir ómaga eða ómögum hafa að sjá, sem og þeir, er fyrir heilsubrest eða af öðrum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi; sömuleiðis þeir, sem á einhvern hátt hafa tryggt sjer fje til framfærslu eptir að þeir eru orðnir 65 ára að aldri.

3. gr. Gjald þetta greiðist fyrir hvert liðið vistarár, á þann hátt, að hver húsráðandi inni gjaldið af hendi fyrir alla, er þeir í húsum hafa og gjaldskyldir eru, en rjett er þeim að halda eptir af kaupgjaldi hjúa sinna, það sem þeir hafa borgað fyrir þau.

4. gr. Hreppsnefndir skulu fyrir lok aprílmánaðar ár hvert senda viðkomandi hreppstjóra skýrslu um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum eptir lögum þessum, en í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar, og senda þær fyrir sama tíma til oddvita bæjarstjórnarinnar; gefa skal hlutaðeigendum kost á, að kynna sjer skýrslur þessar fyrri hlut maímánaðar.

5. gr. Nú álítur einhver sig ranglega talinn á gjaldskrám, er honum þá rjett að kæra það mál fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er hefur fullnaðarúrskurð í því.

6. gr. Bæjarfógetar og hreppstjórar skulu svo eptir skrám þessum innheimta gjaldið á framtalsþingum á vorum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum hreppsnefndaroddvitar, koma fje þessu á vöxtu í sjóði, sem ávaxta almannafje.

7. gr. Hið árlega gjald leggst í 10 ár samfleytt allt við höfuðstólinn ásamt öllum vöxtum, en frá þeim tíma leggst það að eins hálft við höfuðstólinn og hálfir vextirnir, en hinum helmingnum af hinu árlega gjaldi og vöxtunum skal árlega úthluta; skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir úthluta upphæð þessari heilsulitlum eða ellihrumum fátæklingum, sem heimili eiga í sveitarfjelaginu og eigi þiggja sveitarstyrk, án tillits til hvar þeir eiga framfærslusveit.

8. gr. Í kaupstöðum skulu bæjarstjórnir senda amtmanni fyrir hver árslok skýrslu um hag sjóðanna og greinilegan reikning, er amtmaður úrskurðar; sams konar skýrslu og reikning senda hreppsnefndir til oddvita sýslunefndanna, en sýslunefndin öll úrskurðar reikningana.

9. gr. Þyki amtmanni eða sýslunefnd nokkrum sjóði hætta búin undir umráðum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, getur hún tekið þau umráð af henni um stundar sakir, og verði vanskil á höfuðstól eða vöxtum, skulu hlutaðeigendur bera þar af fulla ábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn.

10. gr. Gjald þetta má taka lögtaki sem önnur bæjar- og sveitargjöld.

Ed. **238. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um sveitarstyrk og fúlgu.

Nefndin hefur yfir farið frv. Nd. og borið það saman við frv. Ed., og vill nefndin leyfa sjer að leggja það til, að Ed. samþykki frumvarpið, með þeim

breytingum, er Nd. hefur gjört á því, og eins og það nú er orðað, þó með þeirri litlu breytingu, að

í 6. gr. frv. síðari málslið sje á eptir orðunum „hýsi maður“ og fyrir framan orðið „þurfamann“ bætt inn í orðinu: „að nauðsynjalausu“.

Efri deild alþingis 2. ágúst 1887.

E. Th. Jónassen. Sighvatur Árnason. Skúli Þorvarðarson.
framsögumaður.

Nd. **239. Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar við frv. til laga um aðför. — Frá landshöfðingja.

Við 2. við 36. gr.: Orðin í niðurlaginu „en aldrei má leita á konum“ falli burt.

Nd. **240. Frumvarp**

til laga um friðun á laxi. — Flutningsmaður: Árni Jónsson.

1. gr. Eigi má lax veiða í sjó, ám eða vötnum með neins konar netum, föstum veiðivjelum, lóðum nje botn-önglum, nema 3 mánuði af árinu; sýslunefnd eða -nefndir skulu í hverju hjeraði setja fastar reglur um eða ákveða, hve nær veiðitími skuli byrja og enda, eptir að hafa kynnt sjer með beztu manna ráði, hvernig ám og vötnum er háttað, og laxgöngu í þeim hjeruðum, er í hlut eiga.

2. gr. Ekki má leggja net nje setja garða eða aðrar veiðivjelar lengra út í nokkra á en að einum þriðja, þó því að eins, að djúp árinnar sje eigi minna fyrir utan netið eða veiðivjelina.

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að jafnan sje 30 faðma bil eptir endilangri ánni milli veiðivjela, nema svo sje, að þvermál árinnar á milli veiðivjelanna sje helmingi breiðara en sá hluti hennar, er þær taka yfir.

3. gr. Eigi má leggja net eða hafa nokkrar veiðivjelar úti fyrir árósum eða í stöðuvötnum eða ám, hvorki í sjó nje vatni, þar sem lax gengur, svo að umferð hans sje hindruð með því. Ádráttarveiði má við hafa í ám og vötnum 4 stundir á sólarhring í þá 3 mánuði ársins, sem getið er í 1. gr., nema þar sem lax bíður til hrygningar (á gotstöðum) eða um aðföll fyrir aðalánni (en aðalá heitir sú, er í sjó rennur); á nefndum stöðum má ekki við hafa ádráttarveiði, hvorki með netum nje öðrum veiðarfærum, er geta raskað við botni fljótanna, en einungis má þar við hafa stangaveiði, og skulu sýslunefndir ákveða nákvæmar hjer um, eptir því sem við á á hverjum stað.

Heimilt skal að veiða lax á stöng, samkvæmt 1. gr. með ýmsu agni á öngul, sem lax tekur, en enginn má hafa neins konar sting eða krók, sem lax verði stunginn með eða kræktur, nema ífæru við stangaveiði. Á öllum ársins tímum má veiða lax til vísindalegra þarfa og laxaklaks. Aurriða skal á öllum

tíma árs vera leyft að veiða í ám, þar sem laxför er, og skal hann þar ófriðhelgur.

4. gr. Hverjum manni er heimilt að skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósmynnum, þar sem lax fer um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera, nema fullt gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta.

5. gr. Engin veiðarfæri nje veiðivjelar má við hafa, er taka smálax. Skulu möskvar í laxanetjum ekki minni vera, þá votir eru, en 9 þuml. ummáls. Net, hvort sem eru lagnet eða ádráttarnet, mega eigi tvöföld vera.

Á hverri laxveiðivjel skulu vera svo stór op, að enginn lax, sem ekki er meiri en 9 þuml. ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vjelinni. Sjeu grindur i vjelinni, skulu spelar standa lóðrjett upp og ofan, og sje eigi skemmra bil milli þeirra en $1\frac{1}{2}$ þuml.

6. gr. Nú vill meiri hluti veiðieigenda í á, sem lax gengur í, veiða eða leigja í fjelagi, til þess að koma á meiri friðun, en lög þessi ákveða, en fá því ekki framgengt, og skulu þá þeir, sem friðunina vilja fram hafa, leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Álíti sýslunefndin rjetti einskis hallað, skal hún semja reglur um veiðiaðferð, og sje áin leigð, þá einnig um skiptingu leigunnar, og skulu allir hlutaðeigendur hlýta því. Þegar svona stendur á, skal höfuðáin og allar laxgengar ár, sem í hana renna, álítast sem ein á.

7. gr. Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þykir til bera, að kveða skýrar á um eitthvað það, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er sýslunefnd einni eða fleirum heimilt að setja reglur um það, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu, sje í engu haggað eptir því, sem við á í á hverri.

Reglugjörðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein og 6. gr., skal amtmaður staðfesta og fá þær þá fullt lagagildi um næstu 5 ár.

8. gr. Í hverjum hreppi, þar sem laxveiði er, skulu útnefndir 2 menn auk hreppstjóra, sem hafi eptirlit með að lögum þessum sje hlýtt, og sjeu þeir útnefndir af sýslumanni í samráði við hreppsnefnd, og má enginn skorast undan, sem yngri er en 60 ára, nema gildar ástæður sjeu til. Menn þessir eru útnefndir til 3 ára, og hafa þeir eptirlitið á hendi um þann tíma. Þegar 3 ár eru liðin má því að eins útnefna hina sömu menn, að þeir sjeu fúsir á að hafa eptirlitið á hendi lengur.

Hreppstjóri skal skyldur að sjá um, að lög þessi verði öllum kunn í hreppi hans, er hlut eiga að máli, og lesa þau árlega upp á vorhreppsfundi.

9. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 100 kr. sekt eptir málavöxtum. Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiði-áhöld skulu upptæk, og skal lögreglustjóri tafarlaust taka slík veiðarfæri upp og nema burt allar ólögmætar girðingar.

Sektir þær, er á falla samkvæmt lögum þessum, renni að helmingi í fátækrasjóð hrepps þess, er brotið er framið í, og að helmingi til uppljóstarmanns, en andvirði ólöglegra veiðarfæra renni eingöngu í hlutaðeigandi hrepps-sjóð eða -sjóði.

10. gr. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða staðfestum samþykktum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Þó getur sá, er fyrir sök er hafður, komizt hjá málssókn, ef hann játar brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eptir því sem amtmaður ákveður. Rjett er að sá, sem fyrir skaða hefur orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið sem einkalögreglumál.

11. gr. Ákvarðanir í Jónsbókar landleigubálki 56. kap. um veiðar í ám, sem og lög um friðun á laxi 19. febr. 1886 eru hjer með úr lögum numin.

Nd. **241. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald af rjúpu. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Frá 1. janúar 1888 til 1. jan. 1892 skal borga útflutningsgjald af hverri rjúpu, sem flytzt út úr landinu, 50 aura.

Gjaldið skal borgað, áður en skip það, sem í hlut á, er afgreitt frá þeirri höfn, sem það leggur af stað frá, burt frá landinu, til hlutaðeigandi sýslumanns eða bæjarfógeta, annaðhvort í peningum eða ávísunum á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er gjaldheimtumaður tekur gilt.

2. gr. Sjerhver sá, sem sendir rjúpur hjeðan af landi burt, er skyldur til að fá tjeðum embættismanni í hendur staðfest eptirrit af farmbrjefi því, sem sendingunni fylgir, svo og vottorð upp á æru og samvizku um tölu rjúpna þeirra, er hann sendir út.

Hafi lögreglustjóri grun um, að skýrsla til útflutningsgjalds sje röng, skal hann rannsaka það, áður en skipið verður afgreitt.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—100 kr., er renni í landsjóð. Af útflutningsgjaldinu fær innheimtumaður 2 af hundraði.

4. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **242. Breytingartillaga**

við frv. til viðaukalaga við útflutninga-lögin 14. jan. 1876.—Frá Sighvati Árnasyni.

3. grein orðist þannig: „Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hjer við land taka neinn farþegja um borð, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra áður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra umdæmisins, þar sem hann fer á skip".

Nd. **243. Breytingartillögur**

við frv. til laga um brúargjörð á Ölvesá. — Frá Þórarni Böðvarssyni, Lárusi Halldórssyni, Páli Ólafssyni, Jóni Þórarinssyni og Gunnari Halldórssyni.

1. Fyrir 1. gr. komi svo hljóðandi gr.:
   Landstjórnin lætur, hið fyrsta því verður við komið, gjöra brú á Ölvesá. Kostnaðurinn við brúargjörðina greiðist úr landsjóði.

2. 2. gr. falli burt.
3. 3. gr. falli burt.
4. 4. gr. falli burt.
5. 5. gr. falli burt.
6. Eptir 1. gr. komi ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Landstjórnin hefur umsjón yfir brúnni, eptir að hún er komin á.
7. Eptir 2. gr. komi ný gr., sem verður 3. gr., svo hljóðandi:
   Brúartoll skal greiða eptir reglum, sem landshöfðingi setur, eptir að hann hefur leitað álits sýslunefndanna í Árness, Rangárvalla og Vestur-Skaptafells sýslum og amtsráðsins í suðuramtinu. Reglugjörðina skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **244. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu þjóðjarða (201).

Nefndin hefur öll orðið ásátt um að leggja það til, að frumvarpið verði samþykkt, en þó með verulegum breytingum.

Sú er hin fyrsta, að oss virðist ástæða til, að veita heimild til að selja eyðijarðir með enn aðgengilegri kjörum, heldur en jarðir, sem ábúð er á, því að ekki mun af veita að gjöra þær sem aðgengilegastar, enda er landsjóði útlátalaust að eiga óuppsegjanlegt af sinni hálfu nokkuð í andvirði þeirra, ef það er veðtryggt og arðbært. Er það ólíku betra, en að láta jarðirnar liggja arðlausar í eyði og ganga úr sjer fyrir vanhirðu.

Eins er það samhuga álit vort, að eigi beri að selja jarðir í pörtum, nema sem minnst, og helzt aldrei í smærri hlutum en svo, að jarðarhlutinn sje þó lífvænlegur til ábúðar.

Fyrir því fer nefndin fram á að breyta 4. gr., og bæta nýrri grein við á eptir 5. gr.

En hjer skilja vegir milli meiri og minni hluta nefndarinnar.

Meiri hlutinn (Jakob Guðmundsson og Jón Ólafsson) álítur það vera aðaltilgang þann, sem eptir beri að keppa með sölu þjóðjarða, að auka sjálfs-ábúð í landinu og efla þannig flokk sjálfseignarbænda. Ætlum vjer að þá væri þjóð vor betur farin, ef sem flestar jarðir á landinu væri í sjálfsábúð, og jarðirnar væru ekki svo smáar, að búendurnir væru hreinir kotungar.

En það er engin trygging fyrir því, þótt jörð sje seld þeim, er á henni býr, þá er salan fer fram, að hún haldist að staðaldri í sjálfsábúð. Jarðirnar partast niður í hundruð og álnir við erfðir og sölu, og lenda einnig opt í heilu lagi í eigur efnamanna, sem ekki búa á þeim sjálfir, en leigja þær öðrum. Saga landsins sýnir, að á harðæris-tímum hafa jafnan safnazt jarðir á hendur einstakra efnamanna, og nú er vextir hafa fallið af konungl. skuldabrjefum, sem allmargir efnamenn hjer á landi áður hafa lagt fje í, eru öll líkindi til, að það aukist nú aptur um sinn, að efnamenn fari að leggja fje í jarðir. En það er næsta eðlilegt, og þarf eigi langt að líta til að sjá þess dæmi, að menn, sem eiga jarðir, og eigi búa á þeim, líti

mest á stundararðinn af þeim, en minna á hitt, þótt jarðirnar gangi úr sjer við illa meðferð, en þetta er þjóðfjelaginu hið mesta mein. Þegar nú þar að auki á það er litið, hve almennt jarðir hjer á landi ganga úr sjer af illri meðferð, þá virðist brýn ástæ'a til, að einhvern tíma sje byrjun gjörð á að koma í veg fyrir þetta, en það ætlum vjer að bezt verði gjört með því, að tryggja, að sem flestar verði að staðaldri sjálfsábúðir í landinu. Og þótt auðvitað væri æskilegast, að þetta verði með tímanum gjört með almennum landbúnaðarlögum, þá virðist okkur að ástæða sje til að byrja nú með því, að binda þjóðjarðasöluna ákvæðum, er tryggi það, að jarðirnar haldist í sjálfs-ábúð; enda stendur landsjóði næst að brjóta hjer ís forns ólags og ganga á undan með að tryggja heillavænlegra fyrirkomulag í þessu efni.

Það er óneitanlegt, að jarðirnar yrðu með þessu móti seldar með kvöð, sem eigi hvílir á öðrum jörðum; en fáist kaupendur að þeim, sem enginn vafi mun á verða að ætlun vorri, þá er kvöðin með frjálsum vilja á sig tekin af kaupendum, og að hún verði til ómetanlegra hagsmuna fyrir þjóðfjelagið, það getur okkur ekki blandazt hugur um.

Minni hlutinn (Friðrik Stefánsson) er aptur á þeirri skoðun, að slík kvöð, sem meiri hlutinn fer fram á, enda þótt máske vera kunni æskileg í sjálfu sjer frá þjóðfjelagsins sjónarmiði, hljóti að rýra verð jarðanna, og virðist honum að mikið beri á það að líta, að landsjóður fái nægilegt verð upp úr jörðunum við söluna. Auk þessa virðist honum að ákvæði þau, er meiri hlutinn fer fram á, komi í bága við núgildandi almenn erfðalög, eða breyti þeim mjög óviðkunnanlega, og loks vill hann eigi byrja á því með jarðir, sem landsjóður selur, að koma á nýrri skipun, sem með tímanum mundi fyr eða síðar hljóta að leiða til breytingar á þýðingarmiklu atriði í landbúnaðarlögum vorum almennt. Breyting sú, sem meiri hlutinn í þessu efni fer fram á, álítur hann að ætti að byrja fyrst með almennum landbúnaðarlögum.

Nefndin ræður því öll samhuga hinni heiðruðu þingdeild til að samþykkja fylgjandi breytingartillögur 1. og 2., og meiri hlutinn ræður enn fremur til að samþykkja breytingartillögurnar 3. og 4.

Ed. alþingis 3. ágúst, 1887.

F. S. Stefánsson,	Jakob Guðmundsson,	Jón Ólafsson,
formaður.	skrifari.	framsögumaður.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um þjóðjarðasölu (201).

A. Frá nefndinni allri:

1. Í stað 4. gr. komi ný grein svo látandi:
Nú er þjóðjörð í eyði, og skal þá landshöfðingi heimild til hafa, að selja hana með þeim kjörum, að ábúandi greiði að minnsta kosti $^1/_{10}$ kaupverðsins (er ákveðið sje samkvæmt fyrirmælum þessara laga) um leið og kaupin eru fullgjörð, en gefi út skuldabrjef fyrir eptirstöðvum andvirðisins. Skuldabrjefin skulu vera hvert upp á 50 kr., og svo mörg, sem þarf til þess að þau nemi

samlögð $^9/_{10}$ andvirðisins; skal af hverju þeirra greiða 2 kr. árlega í vöxtu (4% p. a.), og sje jörðin með öllu, sem á henni er af mannvirkjum, ásamt kvígildum og öðru sem henni fylgir, að veði fyrir skilvísri greiðslu vaxtanna, svo og afborgana, ef þær eru áskildar. — Rjett á kaupandi eða sá er í hans stað kemur á að borga út upphæð eins eða fleiri skuldabrjefa í einu og leysa þau þannig til sín. Rjett er og að landshöfðingi áskilji, að skuldabrjefin falli til innlausnar, fleiri eða færri eða öll saman, ef jörðin gengur af sjer af manna völdum.

2. Á eptir 5. gr. bætist inn í ný grein, þannig orðuð:
Landsjóðsjörð má að eins selja í heilu lagi, nema hún sje setin fleiri ábúendum en einum, enda sje þá enginn hlutinn minni en svo, að eptirgjaldið nemi 50 kr.

Nú er landsjóðsjörð byggð í smærri hlutum, og má selja hana einhverjum af ábúendunum alla.

B. Frá meiri hluta nefndarinnar:

3. Á eptir 6. gr. frv. (7. gr., ef brtill. 2. verður samþykkt) bætist inn svo hljóðandi greinir:
8. gr. Jarðir þær sem landsjóður selur eptir þessum lögum skulu ávallt vera óskipt eign, eins og þær eru seldar. Nú fellur slík jörð til arfs milli fleiri erfingja, og er þá rjett að leggja alla jörðina út þeim erfingja, er hina leysir út og býr á jörðunni. Nú vill enginn erfingja fullnægja þessu skilyrði, eða getur það eigi, og skal þá selja jörðina fyrir reikning erfingjanna.

4. 9. gr. Jarðir þær er landsjóður selur samkvæmt lögum þessum má enginn eiga 5 árum lengur, nema hann hafi sjálfur ábúð á jörðinni. — Nú hættir eigandi slíkrar jarðar að hafa sjálfur bú á henni, og hefur hann þá 5 ára frest til að selja jörðina. Hafi hann eigi selt hana að $4^1/_2$ ári liðnu, skal selja hana við uppboð fyrir reikning eiganda; en með engu móti má slík jörð lengri tíma um sinn vera úr sjálfsábúð eiganda en 5 ár.

Nd. 245. Breytingar- og viðauka-atkvæði

við ályktunartillögu hallærislána-nefndarinnar.—Frá nefndinni.

1. Í staðinn fyrir 1. tillögu komi svo hljóðandi

1. tillaga: „að áður en nokkurt hallærislán eptirleiðis verður veitt sjeu, þegar allir hreppar í sýslufjelagi beiðast láns, eptir tilhlutun amtmanns útnefndir dómkvaddir menn úr öðru sýslufjelagi, sem ekki er lánþegi, til þess nákvæmlega að rannsaka ástandið í sýslunni; en sjeu eigi nema einstakir hreppar sýslunnar lánþurfar, þá sjeu hinir dómkvöddu menn útnefndir af sýslumanni úr þeim hreppum í sömu sýslu, er ekki beiðast láns. Kostnaður við rannsókn þessa greiðist eptir reikningi af því sýslufjelagi, sem lánsins beiðist".

2. Við 2. tillögu: orðin: „oddviti sýslunefndar og" falli burt og síðar í tillögunni orðin: „sýslunefndar og" falli burt.

3. Eptir 6. tillögu komi ný tillaga sem verður 7. tillaga svo hljóðandi:
„að Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum veitist um 5 ára tíma 5000 (fimm þúsund) kr. hallærislán hvorri með venjulegum kjörum handa bágstöddustu hreppum tjeðra sýslufjelaga".

Nd. **246. Frumvarp**

til laga um verzlun lausakaupmanna. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Lausakaupmaður, sem enga fasta verzlun rekur hjer á landi, getur fengið heimild til að verzla á skipi annarstaðar en á löggiltum höfnum, ef hann fær til þess leyfisbrjef hjá sýslumanni eða bæjarfógeta. Fyrir slíkt leyfisbrjef skal lausakaupmaður gjalda 100 kr. í landsjóð, og veitir leyfisbrjefið honum rjett til að verzla á skipi, hvar sem hann vill við strendur landsins, en að eins það almanaksár, sem leyfið er gefið. Þó er honum óheimilt að verzla með áfenga drykki nema á löggiltum höfnum.

2. gr. Skyldur er lausakaupmaður að fullnægja ákvæðum laganna um tollgreiðslu og sóttvarnir, o. fl.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 2000 kr., og sæta sömu meðferð, sem á er kveðið í 6. gr. laga 7. nóvbr. 1879 um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi.

4. gr. Hjer með er numin úr gildi 1. málsgrein 4. greinar fyrnefndra laga 7. nóv. 1879.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag aprílmánaðar 1888.

Nd. **247. Frumvarp**

til laga um fræðslu ungmenna. — Eptir 1. umr. í Nd.

1. gr. Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á auk kristindómsins að hafa lært:
1. að lesa prentað mál skýrt og skilmerkilega og gjöra grein fyrir lesmerkjum,
2. að skrifa læsilega snarhönd,
3. helztu reglur fyrir íslenzkri rjettritun,
4. í reikningi: samlagning, frádrátt, margföldun og deiling í heilum einskonar og margskonar tölum, tugabrot og einfalda þríliðu.

Auk þess á það að hafa lesið valda kafla úr almennt menntandi lesbók.

2. gr. Kennsla unglinga til 14. árs fer fram í skólum, hjá sveitakennurum eða í heimahúsum á kostnað foreldra, fósturforeldra eða húsbænda.

3. gr. Prestar og sóknarnefndir skulu hafa nákvæmt eptirlit með fræðslu ungmenna í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. Þeir skulu annast um, að barnakennsla í sóknunum fari fram á sem haganlegastan hátt og hæfir kennarar sjeu ráðnir eptir þörfum.

4. gr. Í hverju prófastsdæmi skulu kosnir 3 menn í kennslunefnd, sem hefur umsjón barnakennslu í prófastsdæminu. Tvo af nefndarmönnum kýs hjeraðsfundur úr sínum flokki, en hjeraðsprófasturinn er sjálfkjörinn.

5. gr. Fræðsla ungmenna í barnaskólum fer fram eptir reglugjörð, sem kennslunefndin semur og stiptsyfirvöldin samþykkja.

Slíkar reglugjörðir skal birta í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

6. gr. Prestar skulu árlega rita í húsvitjunarbækur sínar álit sitt um kunnáttu hvers barns í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., sem og um hæfilegleika þess til bóknáms.

7. gr. Á vorin, hálfum mánuði áður en ferming fer fram, skal í hverri sókn haldið opinbert próf í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 1. gr.; til þessa prófs skulu koma öll börn í sókninni, sem eru á fermingaraldri. Presturinn yfirheyrir börnin; skulu 2 vera prófdómendur; skipar sóknarnefndin annan, en kennslunefnd hinn.

8. gr. Hverju barni skal gefa einkunn í hverri námsgrein, sem það er prófað í. Meðaltal af einkunnum þeim, er prestur og prófdómendur gefa, skal rita í prófbók, sem prófastur löggildir. Að loknu prófi rita prestur og prófdómendur nöfn sín í bókina.

Skýrslu um prófið skal prestur senda prófasti svo tímanlega, að þær verði lagðar fram á næsta hjeraðsfundi.

9. gr. Einkunnir við próf þetta eru: ágætlega, dável, vel, sæmilega, laklega, illa, eða í tölum: 6, 5, 4, 3, 2, 1.

10. gr. Nú nær barn ekki aðaleinkunninni „vel“ við prófið, og verður það þá ekki fermt það ár.

11. gr. Nú hefur barn þrisvar gengið undir próf og ekki náð aðaleinkunninni „vel“, er þó presti rjett með ráði prófdómenda að ferma það, enda sje ekki hirðuleysi foreldra eða vandamanna um að kenna og það fullnægir þeim ákvæðum, er gilda um kristindómsþekkingu barna til fermingar.

12. gr. Að lokinni fermingu skal prestur gefa hverju barni fermingarvottorð, þar sem tilgreindar sjeu einkunnir þess við prófið.

13. gr. Komist prestur eða sóknarnefnd að raun um, að unglingar á einhverju heimili njóti ekki fullnægjandi uppfræðingar, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa foreldra eða húsbænda, ber þeim í sameiningu við hreppsnefndina eða bæjarstjórnina að gjöra ráðstöfun til, að unglingarnir geti fengið hina nauðsynlegu tilsögn. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru foreldrar eða fósturforeldrar skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði, og getur hreppsnefndin heimt hann endurgoldinn af þeim, sem uppfósturskyldan hvílir á. Kostnað þennan má taka lögtaki. Fyrir börn, sem eru á sveit, skal borga kostnaðinn úr sveitarsjóði.

14. gr. Prófasturinn skal á skoðunarferðum sínum boða til sín börn þau, er gengið hafa undir próf það ár, yfirheyra þau og kynna sjer, hvort kunnátta þeirra samsvarar einkunnum þeim, er þau hafa fengið við prófið.

15. gr. Landstjórnin sjer um, að til sjeu hentugar kennslubækur í námsgreinum þeim, sem lög þessi fyrirskipa að kenna ungmennum. Skal landshöfðingi skipa 5 manna nefnd til að semja og gefa út bækur, og greiðast ritlaun og kostnaðurinn við útgáfu bókanna úr landsjóði.

Bækurnar skulu seldar með sem vægustu verði, eigi dýrari en 5 aura hver örk í þeim, og rennur andvirði þeirra í landsjóð.

16. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1889 og frá sama tíma eru úr gildi numin lög um uppfræðing barna í skript og reikningi 9. jan. 1880.

Nd. 248. Breytingartillaga

við frumv. til laga um brúargjörð á Ölvesá. — Frá Þorvaldi Bjarnarsyni.

Við 1. gr. Í stað orðsins: „má“ komi: skal.

Nd. 249. Breytingaruppástunga

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá landshöfðingjanum.

Við 16. gr.: Á eptir 5. tölulið bætist við nýr liður svo látandi:

6. Styrkur til hluttekningar í gripasýningu í Kaupmannahöfn sumarið 1888 . . . . . 2000 kr.

Liðatalan og samlagningarnar breytast þessu samkvæmt.

Nd. 250. Nefndarálit

í málinu um frv. til laga um forsorgun óskilgetinna barna.

Vjer undirskrifaðir, sem hin heiðraða neðri deild kaus í nefnd til að íhuga frv. þetta, ráðum henni til að fallast á frumvarpið með þeim breytingum, sem nú skal greina:

1. Í fyrirsögn frv. fyrir: „forsorgun“ komi: „uppeldi“.
2. Við 1. gr. Fyrir: „forsorgun“ komi: „uppeldi“.
3. Við 2. gr. Önnur málsgrein falli burt. Fyrir niðurlag greinarinnar: „en . . . tíma“ komi: „en rjett er föðurnum að taka barnið til sín að þeim tíma liðnum“.
4. Við 3. gr. Fyrir orðin: „börn skilgetin“ komi: „niðjar skilgetnir“.
5. — — — Önnur málsgrein orðist þannig: „Um fje það sem þannig er út lagt fer sem um fjármuni ómyndugra“.
6. — — — Í seinustu málsgrein: „hlutaðeigandi“ falli burt.
7. Við 4. gr. Milli orðanna: „mæður þess“ og „hafa rjett“ komi: „eða hennar hreppur“.
8. — — — Fyrir: “borgun“ komi: „endurgjald“.
9. — — — Fyrir orðin: „verði styrknum eigi náð“ og til enda fyrstu málsgreinarinnar komi: „hennar hreppi“.
10. — — — Síðari málsgrein 4. greinar orðist þannig: „Sömu reglur gilda, þegar faðir eða hreppur hans vill ná uppeldisstyrk frá hálfu móðurinnar eða hennar hrepps“.

Alþingi, 5. ágúst, 1887.

Þórarinn Böðvarsson, formaður og framsögumaður. Sigurður Stefánsson, skrifari. Benedikt Sveinsson.

Nd. **251. Breytingartillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá Ólafi Briem og Þorláki Guðmundssyni.

1. 13gr. B.V.c. Fyrir: „til 20 sveitakennara 50 kr. til hvers . . 1000 — 1000“
komi: til sveitakennara allt að 50 kr. til hvers . 2500 — 2500
Styrkur þessi skiptist eptir nemendafjölda, og veitist með því skilyrði, að kennslunnar njóti að minnsta kosti 10 börn í 3 mánuði.
2. 16. gr. 6. Fyrir: „dómasafn 20 kr. fyrir örkina . . . . . 500 kr.“
komi: dómasafn 10 kr. fyrir örkina . . . . . 250 —

Nd. **252. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá Ólafi Briem og Þorláki Guðmundssyni.

1. 13.gr.B.V.d. Fyrir: „til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík . . . . . 1000 — 1000“
komi: „til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík 500 — 500“
2. 16. gr. 1. töluliður falli burt.
3. — — 3. —— sömuleiðis.
4. — — 4. —— ——.

Nd. **253. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um aðför. — Frá nefndinni.

Aptan við 36. gr. bætist: „Þó skal slík leit vera byggð á rökstuddum úrskurði“

Nd. **254. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á tilskipun um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breyting á sömu tilskipun. Eptir 3. umr. í Ed. — Frá fjárlaganefndinni.

Sú ákvörðun er tekin upp í frumvarp þetta, að póstmenn þurfi eigi að taka að vetrinum böggla til flutnings þyngri en eitt pund, framar en þeim þykja hentugleikar leyfa, og álítur nefndin árangurslaust að fara því fram, að fella burtu ákvörðun þessa eptir þeim undirtektum, sem það atriði hefur fengið. En þar eð henni þá eigi þykir nauðsynlegt, að þyngja svo mjög póstgjaldið fyrir lokaða böggla, sem ráð er fyrir gjört í frumvarpinu, og af því að hin önnur atriði frumvarpsins standa eigi á miklu, þá vill nefndin hjer með ráða hinni heiðruðu neðri deild frá að samþykkja umrætt frumvarp.

Alþingi 5. ágúst 1887.

Þórarinn Böðvarsson, formaður. Eiríkur Briem, skrifari og framsögum. Sigurður Stefánsson.

Árni Jónsson. J. Jónsson. Þorleifur Jónsson. Páll Briem.

Ed. **255. Frumvarp**

til laga um að skipta Barðastrandarsýslu í tvö sýslufjelög. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Að því, er stjórn sveitarmálefna snertir, skal Barðastrandarsýslu skipt í tvö sýslufjelög.

Í öðru sýslufjelaginu eru þessir hreppar: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Eyjahreppur.

Hitt sýslufjelagið nær yfir vesturhluta sýslunnar og eru í því þessir hreppar: Barðastrandarhreppur. Rauðasandshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Dalahreppur og Suðurfjarðahreppur.

Hvert sýslufjelagið hefur sinn fjárhag og sveitarmálefni fyrir sig.

2 gr. Í hvoru sýslufjelaginu skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi stjórn sveitarmálefna þeirra, sem varða sýslufjelagið, samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maím. 1872. Í sýslunefndum þessum eiga sæti, auk sýslumanns sem oddvita nefndanna, einn maður úr hverjum hreppi, er sje kosinn eptir reglum þeim, sem settar eru í nefndri tilskipun um kosningu sýslunefndarmanna.

3. gr. Sjóðum eða skuldum sýslufjelagsins, eins og það er nú, skal skipt milli hinna nýju sýslufjelaga eptir samanlagðri tölu fasteignarhundraða og lausafjárhundraða hvors um sig.

4. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstafanir til þess að koma lögum þessum í verk, svo fljótt sem verða má.

Nd. **256. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir 1888 og 1889. — Frá Grími Thomsen.

		1888	1889	alls		1888	1889	alls
1.	Við 4. gr.: í staðinn fyrir:	33500	33500	67000	komi:	31000	30000	61000

2. 8. gr. orðist þannig:
Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands eru talin:
fyrir árið 1888: 12400 og árið 1889: 12400, alls 24800.
Gjöld til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi teljast fyrir árið 1889: 2000.

3. —11. — 2. Styrkur til 4 aukalækna færist innanstryks upp í 1200 kr. fyrir hvern:

	1888	1889	alls
utanstryks	4800	4800	9600.

		1888	1889	alls		1888	1889	alls
4. —12. — 2.	Í staðinn fyrir	21000	21000	42000	komi:	21400	21400	42800.

Nd. **257. Frumvarp**

til laga um húsmenn eða þurrabúðarmenn. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Frá þessum tíma má enginn gjörast þurrabúðarmaður, nema hann fullnægi þessum skilyrðum:

a. að hann sanni fyrir hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem hann vill setjast að, með vottorðum tveggja skilríkra manna, að hann sje reglumaður og ráðdeildarsamur.

b. að hann sanni á sama hátt, að hann eigi, auk alls klæðnaðar fyrir sig og

sitt skuldalið, skuldlausa fjármuni í peningum eða öðrum fjemætum munum, er nemi að minnsta kosti 400 kr. fjárhæð.

2. gr. Sá, sem vill gjörast þurrabúðarmaður, skal skriflega biðja sjer byggðarleyfis hjá hreppsnefnd í hreppi þeim, þar sem hann vill setjast að. Skal hreppsnefndin vandlega athuga öll skjöl og skilríki beiðanda; þyki henni ástæða til, getur hún neitað um leyfið, en gefa skal hún skriflegar ástæður fyrir neituninni, og er beiðanda þá heimilt, að skjóta máli sínu til hlutaðeigandi sýslunefndar, sem leggur endilegan úrskurð á málið á næsta fundi sínum.

3. gr. Enginn má byggja þurrabúðir utan kaupstaðar og verzlunarstaðar, hvort sem henni fylgja sjerstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum:

a. að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minnsta kosti sje 400 ferhyrningsfaðma að stærð að meðtöldum matjurtagarði, sem byggja skal og rækta við hverja þurrabúð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni.

b. að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau sjeu viðunanlega loptgóð og hlý, eptir dómi skilríkra manna.

c. að þurrabúðin sje afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

4. gr. Þurrabúðarmaður sá, sem tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal rækta hana og girða á hverju ári, og hafa fullræktað og girt hana innan 5 ára; vera skal hann eptirgjalds-frí þessi ár.

5. gr. Þurrabúð með óræktaði lóð skal ávallt byggð um 5 ár. Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbrjef, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, rjettindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal þurrabúðin þá álítast byggð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt, og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

6. gr. Þegar ábúandaskipti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu með fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, útmælingu lóðar, ræktun, úttekt og bygging; þó má sýslunefnd eptir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar gjöra einstakar undantekningar viðvíkjandi stærð á lóð þurrabúðar.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varða 1—100 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð.

8. gr. Rjett er að sýslumaður ákveði sektir þær, sem settar eru í lögum þessum, nema því að eins að sá, er hlut á að máli, óski heldur að málinu sje vísað til dóms. Nú er málinu vísað til dóms, og skal þá fara með það sem almennt lögreglumál.

Sþ. **258. Skýrsla**

til alþingis 1887 um aðgjörðir verðlaunanefndarinnar af „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ milli þinga 1885 og 1887.

Undirskrifaðri nefnd, sem kosin var á alþingi 1885 samkvæmt 3. gr. í reglum um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“, 24. ágúst 1881, barst alls ein ritgjörð, er

verðlauna var ætlazt til fyrir af nefndum sjóði, innan hins ákveðna tíma, febrúarloka þ. á. Það var eptirrit af ágripi af æfisögu manns, Jóns nokkurs „íslendings“, sem tæplega getur heitið að komi við sögu landsins, þótt hann komi nokkuð við sögu kirkju einnar á Vesturlandi, kirkjunnar í Sauðlauksdal, er hann á að hafa byggt upp úr bænahúsi á öndverðri 16. öld, lagt nokkuð fje til hennar og gefið henni „12 látúnsplötur með myndum postulanna“ eptir sig, nú glataðar samt. Með því að Björn prófastur Halldórsson († 1794) var prestur í Sauðlauksdal, þá hefur hann einhvern tíma tínt saman og ritað upp það, sem hann vissi um „ætt og æfi„ þessa „Jóns bónda íslendings“ († 1533). og hafði nú sá, sem verðlaunanna beiddist, tekið afskript af þessu æfiágripi, og bætt þar við formála og lítils háttar athugasemdum.

Það getur nú ekki verið annað en þessi formáli og athugasemdir, er verðlauna var ætlazt til fyrir, og þótti oss nefndur formáli og athugasemdir með engu móti geta heitið „vel samið vísindalegt rit viðvíkjandi sögu landsins“, eins og að orði er kveðið í erindisbrjefi voru, þótt meira hefði verið í varið að efni og frágangi.

Löngu nokkuð eptir að fresturinn var út runninn, barst nefndinni ritgjörð um Eggert Ólafsson, og var það æfisaga hans, all-löng og ítarleg, sem er að miklu leyti að eins samtíningur þess, sem áður hefur verið um hann ritað, með viðvaningslegum frágangi, og ber að öðru leyti ekki vott um þann þroska, sem þarf til þess, að fara viðunanlega með jafnmikið og merkilegt efni. Það getur jafnvel ekki heitið, að þar komi fram nein viðleitni á að gjöra grein fyrir og leggja dóm á, hver maður Eggert Ólafsson var sem „politicus“ og náttúrufræðingur yfir höfuð, og því síður í sögulegu sambandi við fyrirrennara hans og eptirmenn.

Vjer mundum því alls eigi hafa sjeð oss fært, að dæma þessari ritgjörð nein verðlaun heldur, þótt hún hefði komið í tæka tíð.

Þá höfum vjer sjerstaklega tekið til íhugunar, hvort ástæða mundi til samkvæmt niðurlagi 3. greinar í erindisbrjefinu, að veita óbeðið verðlaun úr þessum sjóði fyrir einhverja prentaða ritgjörð, er út hefur komið frá því alþingi var haldið 1885, og komizt að þeirri niðurstöðu, að eigi væri neinni slíkri ritgjörð til að dreifa. Ber því, samkvæmt fyrirmælum tilvitnaðrar greinar, að geyma verðlaunafjeð allt til næsta tímabils.

Reykjavík 22. júlí 1887.

Magnús Stephensen. Eiríkur Briem. Björn Jónsson.

Sþ. **259. Skýrsla**

um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“.

Tekjur:

Eptir skýrslu, dagsettri 3. júlí 1885, átti sjóðurinn:

a. Innritunarskírteini Ltra G. fol. 1719 . . . . . kr. 8400,00
b. Í peningum . . . . . — 171,48 kr. 8571.48

Síðan hafa sjóðnum bætzt þessar tekjur:

		Fluttar	8571,48
a.	Eptirgjald eptir $^1/_2$ jörðina Gljúfrá árin 1883 og 1884 —	53,37	
b.	Ársvextir af innritunarskírteini til $^{11}/_6$ 86 á 4% . —	336,00	
c.	$^1/_2$ árs vextir af sama til $^{11}/_{12}$ 86 á 4% . . . . —	168,00	
d.	Þóknun út af rentubreytingu $1^3/_4$% . . . . . —	147,00	
e.	$^1/_2$ árs rentur til $^{11}/_6$ 87 af nýju innritunarskírteini á $3^1/_2$% . . . . . —	147,00	
f.	Vextir af fje í sparisjóði . . . . . —	4,86 —	856,23
		kr.	9427,71

Gjöld:

Útgjöld sjóðsins hafa verið:

a.	Borgun fyrir 2 auglýsingar frá nefnd þeirri, sem kosin var á alþingi 1885 samkvæmt 3. gr. í „Reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar“ . . . . . kr.	5,91	
b.	Borgun fyrir sparisjóðsbók . . . . . —	0,30 —	6,21
	Eign sjóðsins 11. júní 1887:		
a.	Innritunarskírteini Ltra A. fol. 93 . . . . . kr.	8400,00	
b.	Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . . —	1021,50 —	9421,50
		kr.	9427,71

Reykjavík, 23. júlí, 1887.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen.

Jón Jensson.

Nd. **260. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir það andvirði, sem að minnsta kosti nemur þeirri upphæð, er tilfærð er við hverja þeirra.

1.	Seglbúðir í Kleifahreppi fyrir	1050 kr.
2.	Möðrufell í Hrafnagilshreppi, með hjáleigunum Hraungerði og Torfum fyrir	6000 —
3.	Gilsbakka í sama hreppi fyrir	1800 —
4.	Efri-Sandvík og Neðri-Sandvík í Grímsey fyrir	1500 —
5.	Skúta í Glæsibæjarhreppi fyrir	1700 —
6.	Hnjúk í Vallnahreppi fyrir	2500 —
7.	Flögu í Skriðuhreppi fyrir	2500 —
8.	Eyði-jörðina Efri-Strönd í Rangárvallahreppi fyrir	150 —
9.	Árnastaði í Loðmundarfirði fyrir	1100 —
10.	Kirkjuból í Grunnavíkurhreppi fyrir	150 —
11.	Breiðabólsstað í Sveinsstaðahreppi fyrir	2400 —

12. Hemru í Skaptártunguhreppi fyrir . . . . . 1100 —
13. Borgarfell í sama hreppi fyrir . . . . . 1100 —
14. Hvol í Dyrhólahreppi fyrir . . . . . 3600 —

2. gr. Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, er gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26, 8. nóvbr. 1883.

3. gr. Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir að eins til 31. desbr. 1892.

Nd. **261. Frumvarp**

til laga um bátfiski á fjörðum. — Eptir eina umr. í Ed.

1. gr. Rjett er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiðar sje, á fjörðum eður tilteknum fjarðarsvæðum, sökum fiskveiða fjarðarbúa, og skal það gjört með samþykkt á þann hátt, er segir í lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákvæði tjeðra laga og laga nr. 23, 4. desbr. 1886 gilda um slíkar samþykktir.

2. gr. Nú stundar aðkomumaður fiskveiðar á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eður hreppa samtals 4 vikur eður lengur sömu missiri, og er þá sveitarstjórn eður niðurjöfnunar-nefnd heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn eður bæjarbúa. Útsvarinu skal formaður hver lokið hafa fyrir skip sitt áður hann fer á brott. Þó skal eigi leggja auka-útsvar á útvegsmenn úr öðrum sveitarfjelögum við þann fjörð eður flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í sveitarfjelagi sjálfra þeirra. Taka má útsvarið lögtaki sem önnur sveitarútsvör Að öðru leyti eru og slíkir aðkomumenn háðir landslögum um fiskveiðar og útflutningstoll af sjávarafla.

Nd. **262. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá Páli Briem.

1. Við 10. gr. C. 5. Fyrir: »til að bæta fjallvegi og sýsluvegi, einkanlega á aðalpóstleiðum . . . . . 23,000—23,000« komi:
   a. Til að útvega vegfróðan mann til að ferðast um landið og ákveða hvar helztu vegi skuli leggja . . 3,000— 3,000
   b. Til sýsluvega í Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Dalasýslu, Strandasýslu og Snæfellsnesssýslu . . . . . 10,000—10,000
   c. Til að bæta aðalpóstleiðina frá Hvalfirði upp í Norðurárdal . . . . . 5,000— 5,000
   d. Til annara vega . . . . . 2,000— 2,000 20,000—20,000
2. Við 16. gr. Aptan við 5. tölulið bætist nýr töluliður:
   Styrkur til viðgjörðarinnar á Rifsós . . . . . 400 kr.

Ed. **263. Frumvarp**

til laga um breyting á 15. gr. stjórnarskrárinnar, um tölu þingmanna í efri og neðri deild alþingis. — Frá Bened. Kristjánssyni og Jóni Ólafssyni.

1. gr. Í efri deild alþingis skulu sitja 15 þingmenn, en í neðri deildinni 21.

2. gr. Þar sem í þingsköpum einhver ákvæði eru bundin við 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri, skal eptirleiðis miðað við 3 og 5; en þar sem miðað er við 4 í efri deild og 8 í neðri, skal koma 5 og 7.

Ed. **264. Frumvarp**

til laga um þegnfræðslu. — Flutningsmaður Jón Ólafsson.

1. gr. Hver sá, er semur bezta handhæga og hæfilega stutta kennslubók handa ungmennum, er á einfaldan, ljósan og auðveldan hátt skýri aðalatriði stjórnhátta vorra, að því er snertir landstjórn, sveitastjórn og heimilisstjórn, skal fá að verðlaunum 1500 kr. Bókin skal innihalda stutt og ljóst ágrip af fjelagsfræði, og sje þar skýrð hin almennu sannindi, sem skipun þjóðfjelagsins byggist á, svo og hinar allra-helztu setningar þjóðmeganfræðinnar.

2. gr. Nefnd manna, sem alþingi hefur til kosið, skal dæma um, hver verðlaunin hafi unnið, og skal hún kveða upp álit sitt eptir að út er runninn sá frestur, sem landstjórnin ákveður í þessu efni.

3. gr. Bók þessi verður eign landsjóðs, og skal landstjórnin sjá um, að jafnan sje hún fáanleg við hæfilegu verði. En hreppsnefnd hver eður bæjarstjórn er skyld til að annast um, að hún sje jafnan fáanleg við söluverði í sveitinni eður bænum, að við lögðum sektum frá 5—25 kr.

4. gr. Bók þessa skal kenna í öllum barna- og unglingaskólum, svo og á gagnfræðaskólum, búnaðarskólum, kvennaskólum og í latínuskólanum.

5. gr. Sýslunefnd hver skal skipa þriggja manna prófnefnd í hverju prestakalli. Gengur einn úr henni á ári, í fyrsta og annað sinn eptir hlutkesti, en síðan hver eptir því sem hann var til kosinn, en kosningartíminn er venjulega til þriggja ára. Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn nefndina.

6 gr. Nefnd þessi skal að minnsta kosti einu sinni á ári, að vorlagi, halda próf yfir þeim, er óska að ganga undir það, og skal þá prófa, hvort þeir hafa ljósa hugmynd um efni bókar þeirrar, er um er rætt í 1. gr. og nokkurn veginn glöggva þekking á almennum skyldum og rjettindum þegns hvers. Skal nefndin bóka úrskurð sinn um hvern einn, sem undir próf gengur, með fullu nafni hans, aldri, fæðingarstað og heimili, og skal með úrskurðar-orðunum „hæfur“ eða „ekki hæfur“ kveðið á um, hvort hlutaðeigandi hafi staðizt prófið.

7. gr. Nefndin fær borgun fyrir starfa sinn, 3 kr. um daginn, og ferðakostnað eptir reikningi, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn úrskurðar. Þetta greiðist af sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

8. gr. Hver nefndarmaður skal skrifa undir eiðstaf, sem honum er stýlaður, að hann lofi að vinna verk sitt eptir beztu þekking og samvizkusamlega.

9. gr. Engan má þann í hjónaband gefa, karl nje konu, er eigi hefur undir próf það gengið, er nefnt er í 6. gr. og staðizt það. Prestur eða sýslumaður, sem

brýtur gegn þessum fyrirmælum, sektist um 50 til 200 kr., og missi embætti ef aptur verður brotlegur.

Þessi grein kemur til framkvæmda 2 árum eptir að prófnefndir eru skipaðar eptir lögum þessum.

10. gr. Engum manni má jörð byggja og eigi borgarabrjef nje verzlunarleyfi veita, húsmennsku nje þurrabúð eður lausamennsku leyfa, er eigi hefur staðizt áðurnefnt próf. Slíkir menn mega engan sjálfstæðan atvinnuveg reka, heldur skulu skyldir vera að vera í vist sem hjú.

Þó nær þetta eigi til þeirra manna, er þegar eru í sjálfstæðri stöðu, áður en prófnefndir eru skipaðar eptir lögum þessum.

11. gr. Fyrir brot gegn lögum þessum skal sekta hvern, sem í hlut á, eður valdur er eða stuðlandi víss vitandi að brotinu, og má leggja dagsektir við óhlýðni gegn fyrirmælum þeirra.

12. gr. Landstjórnin skipar fyrir um setning prófnefnda, og gjörir aðrar ráðstafanir til framkvæmdar lögum þessum, svo fljótt sem því verður við komið.

13. gr. Mál fyrir brot gegn lögum þessum skulu höfðuð og rekin sem almenn lögreglumál.

Nd. **265. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá Sigurði Jenssyni.

Við 13. gr. A. b. Á eptir 3. tölul. komi:

	1888	1889
4. Bráðabyrgðaruppbót á Gufudalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi, greiðist (því að eins að sjerstakur prestur komi til brauðsins)	200	200

Nd. **266 Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá Jónasi Jónassen og Þorsteini Jónssyni.

Við 11. gr. 2. Fyrir: »Til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið 5,000—5,000—10,000« komi: til hvers þeirra 1,200 kr. hvort árið . . . . . 6,000—6,000—12,000.

Við 15. gr. Á eptir breytingartillögu nefndarinnar: »Til fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 800 kr.« komi: Til ljósmóður Þorbjargar Sveinsdóttur einusinni fyrir allt, styrkur 500 kr.

Nd. **267. Breytingartillögur**

við breytingar- og viðauka-atkvæði við ályktunartillögu hallærislánanefndarinnar. — Frá Eiríki Briem og Ólafi Briem.

1. Við 1. tillögu. Fyrir: »eptirleiðis« komi: sem eptirleiðis er beðið um.
2. — 7. —— Fyrir: »5 ára tíma 5000 (fimm þúsund)» komi: 10 ára tíma allt að 10,000 (tíu þúsund).

Ed. **268. Frumvarp**

til laga um linun í skatti af ábúð og afnotum jarða og af lausafje. — Frá Arnljóti Ólafssyni, J. Havsteen, E. Th. Jónassen, Jóni A. Hjaltalín og Sighvati Árnasyni.

Í skatt af ábúð og afnotum jarða og af lausafje samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 skal á manntalsþingum árin 1888 og 1889 að eins greiða $^1/_5$ al. af jarðarhundraði hverju, og að eins $^1/_2$ al. af lausafjárhundraði hverju, hvorttveggja eptir verðlagsskrár meðalverði í hverju lögsagnarumdæmi.

Nd. **269. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1888 og 1889. — Frá Grími Thomsen.

Við 13. gr. B. III. c. Eptir 9. tölul. komi:

10. Til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni, 300 kr.

Nd. **270. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1888 og 1889. — Frá Grími Thomsen.

13. gr. C, 1, a: Laun bókavarðar . . . . . 1200 kr.

C, 1, b: — aðstoðar-bókavarðar . . . . . 800 —

Aths: Bókavörður og aðstoðar-bókavörður skulu án sjerstakrar borgunar koma bókunum í röð og semja skrá yfir handrit og bækur.

Nd. **271. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá Jóni Þórarinssyni.

Aptan við 16. gr. bætist nýr tölul. svo hljóðandi:

Styrkur handa organista Jónasi Helgasyni í Reykjavík, til að gefa út viðbæti við fjór-raddaða kirkjusöngsbók . . . . . kr. 150.

Þessi upphæð veitist með því skilyrði, að allar þær kirkjur hjer á landi, sem harmoníum er notað í við kirkjusöng, fái hver eitt eintak ókeypis.

Ed. **272. Frumvarp**

til laga um seðla-útgáfu og seðla-innlausn landsbankans. — Frá Jóni Ólafssyni.

1. gr. Landsjóður skal láta landsbankanum í tje allt að 50,000 kr. í gulli og silfri. Af þessari upphæð greiðir bankinn 3% í vöxtu um árið. Þessari upphæð skal eingöngu varið til innlausnar á seðlum bankans.

2. gr. Bankinn skal skyldur til að leysa inn seðla sína með gulli og silfri, eptir að hann hefur fengið áður nefnda upphæð úr landsjóði, eins og hjer segir:

a) fyrirvaralaust skal bankinn skyldur að leysa inn seðla sína, eptir því sem krafist verður, þó eigi yfir 1000 kr. á mánuði.

b) með mánaðar fyrirvara skal bankinn skyldur að leysa inn allt að 2000 kr. á mánuði.

c) með tveggja mánaða fyrirvara skal bankinn skyldur að leysa inn allt að 3000 kr. á mánuði.

Þó skal bankinn í engu tilfelli *skyldur* til að leysa meira, en ofannefnd upphæð, 50,000 kr., hrekkur til.

Sá sem vill fá seðla innleysta með fyrirvara, verður að greiða upphæðina í seðlum til bankans, ef bankastjórnin heimtar, jafnframt og hann æskir skiptanna.

3. gr. Bankinn gefur ekki út fyrst um sinn meira en 400,000 kr. í seðlum. Þó má landshöfðingi leyfa að seðla-útgáfan fari allt fram að 500,000 kr., ef bankastjórnin öll leggur það til í einu hljóði.

4. gr. 50-króna seðla sína skal bankinn leysa alla inn með 10-króna og 5-króna seðlum, og skal eigi gefa út stærri seðla en 10-króna seðla eptirleiðis.

Af seðlum bankans skal að minnsta kosti $^1/_4$ vera 5-króna seðlar.

Ed. **273. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887. — Frá E. Th. Jónassen.

Við 3. gr. Aptan við greinina bætist:

2. Ellistyrkur til fyrrum bókavarðar Jóns Árnasonar fyrir ársfjórðunginn frá 1. oktbr. til 31. desbr. 1887 . . . . . 200 kr.

Á undan: »handa prestsekkju« o. s. frv. komi: 1., og samlagningarnar breytist samkvæmt þessu.

Ed. **274. Breytingaratkvæði**

við frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna.—Frá Jóni A. Hjaltalín, Arnljóti Ólafssyni og J. Havsteen.

2. gr. falli burt.
5. gr. — —
6. gr. — —
7. gr. — —
8. gr. — —
9. gr. — —

Nd. **275. Breytingartillaga**

við breytingartillögu nefndarinnar (nefndarálitið 250.) í málinu: frv. til laga um forsorgun óskilgetinna barna. — Frá nefndinni.

Við 2. tölulið bætist: Önnur málsgrein falli burt.

Úr 3. tölulið falli burt orðin: »önnur málsgrein falli burt«.

Nd. **276. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá fjárlaganefndinni.

Við 10. gr. C. 4. Í athugasemdinni falli burtu orðin: »þar af helmingi til sýslunefnda og bæjarstjórna«.

Nd. **277. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1884 og 1885, veitast 7457 kr. 80 a. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í eptirfarandi 2.—6. gr.

2. gr. Sem viðbót við upphæðina í 10. gr. C. 10., til að gefa út „Lovsamling for Island" veitast 700 kr.

3. gr. Sem viðbót við upphæðirnar í 12. gr. til útgjalda við póststjórnina veitast:

undir 2. lið, til póstflutninga

1884	986 kr. 61 a.
1885	2,245 — 60 —

undir 3. lið, til annara útgjalda

1884	976 — 72 —
1885	748 — 76 —
	4,957 kr. 69 a.

4. gr. Sem viðbót við upphæðirnar í 13. gr. til kirkju- og kennslumála veitast:

undir lið B. I. b. 7. ýmisleg útgjöld við prestaskólann 1885 46 kr. 62 a.

undir lið B. III. c. 4. til tímakennslu við hinn lærða skóla árið 1885 67 kr. 95 a.

5. gr. Sem viðbót við upphæðirnar í 16. gr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast:

undir lið 5. til eflingar laxveiði og laxræktar 1,292 kr. 95 a.

6. gr. Sem viðbót við upphæðina í 17. gr. til óvissra útgjalda veitast kr. 392,59.

Nd. **278. Tillögur**

yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1884 og 1885.—Eptir fyrri umr. í Nd.

Alþingi ályktar.

1. Að reglugjörð 13. febrúar 1873, 5. gr., sje sjerstaklega brýnd fyrir reikningshöldurum, og reglugjörðinni yfir höfuð beitt með fullum strangleik.
2. Að skýrsla um búenda tölu í hverjum hreppi og sýslu landsins, þeirra er búa á 5 hundruðum í jörðu eða þar yfir, fylgi landsreikningnum árlega.
3. Að brunabótatrygging landsbókasafnsins sje hækkuð úr kr. 22000,00 til kr. 50000,00.
4. Að ávísanir á verzlunarhús í Kaupmannahöfn verði því að eins teknar sem gild borgun upp í tekjur landsjóðs, að þær sjeu stílaðar upp á borgun við sýningu.
5. Að gjaldheimtumönnum landsjóðs verði veitt heimild til, að taka gildar upp í landsjóðstekjur ávísanir á landsbankann.
6. Að vottorð þau, er hinn umboðslegi endurskoðandi ritar á fylgiskjölin við tekjuhlið landsreikningsins, sjeu eptirleiðis orðuð eins og hann hefur stungið upp á í brjefi 28. janúar 1887.
7. Að fram fylgt sje þeim rjetti, er landsjóður kynni að hafa til skaðabóta frá yfirboðurum fyrrum sýslumanns og bæjarfógeta C. Fensmarks fyrir eptirlitsskort með embættisrekstri hans.
8. Að ferðakostnaður sýslumannanna í Eyjafjarðar, Norðurmúla og Suðurmúla sýslum með herskipinu »Diana« sumarið 1884, að upphæð kr. 144,00, sem er út borgaður án lagaheimildar, sje dreginn frá óvissum útgjöldum í sama reikningi.

Ed. **279. Frumvarp**

til laga um afnám 5. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850.—Eptir 3. umr. í Nd.

Hjer með er úr lögum numin 5. gr. í opnu brjefi 31. maí 1855, er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrirfram.

Ed. **280. Frumvarp**

til laga um verzlun lausakaupmanna. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Lausakaupmaður, sem enga fasta verzlun rekur hjer á landi, getur fengið heimild til að verzla á skipi annarstaðar en á löggiltum höfnum, ef hann fær til þess leyfisbrjef hjá sýslumanni eða bæjarfógeta. Fyrir slíkt leyfisbrjef skal lausakaupmaður gjalda 100 kr. í landsjóð, og veitir leyfisbrjefið honum rjett til að verzla á skipi, hvar sem hann vill við strendur landsins, en að eins það almanaksár, sem leyfið er gefið. Þó er honum óheimilt að verzla með áfenga drykki nema á löggiltum höfnum.

2. gr. Skyldur er lausakaupmaður að fullnægja ákvæðum laganna um tollgreiðslu og sóttvarnir, o. fl.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 2000 kr., og sæta sömu meðferð, sem á er kveðið í 6. gr. laga 7. nóvbr. 1879 um breyting á eldri lögum um siglingar og verzlun á Íslandi.

4. gr. Hjer með er numin úr gildi 1. málsgrein 4. greinar fyrnefndra laga 7. nóv. 1879.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag aprílmánaðar 1888.

Ed. **281. Frumvarp**

til laga um aðför. — Eptir 3. umr. í Nd.

I. kafli.

Almenn skilyrði fyrir aðför.

1. gr. Aðför má gjöra eptir:

1. dómum og úrskurðum, upp kveðnum af löglegum dómstólum í ríkinu.
2. sáttum, er komizt hafa á fyrir löglegum sáttanefndum í ríkinu, dómstólum eður yfirvöldum þeim, er í lögum er boðið að leita um sættir í þeim málum, er ræðir um.
3. þinglesnum veðbrjefum með þeim skilyrðum, sem til eru tekin í lögum nr. 29, 16. desbr. 1885, 15. og 16. gr.

Um lögtak, útburðar- og innsetningargjörðir án undanfarinnar lögsóknar og dóms fer eptir reglum þeim, er til þessa hafa gildar verið.

2. gr. Aðför skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti gjöra, og nefnist hann þá fógeti.

Hann kveður til aðfarar með sjer tvo áreiðanlega menn sem votta. Þeir eru jafnframt án sjerstaks umboðs rjett komnir til að framkvæma þær virðingar og aðrar álitsgjörðir, er fyrir kunna að koma við aðförina. Sjeu þeir ekki færir um að meta það rjett, sem undir virðingu ber, kveður fógeti aðra til þess hæfa. Vottarnir og eins þeir, er til virðinga eru kvaddir, skulu í fógetabók rita undir yfirlýsingu upp á æru sína og trú um það, að þeir skuli virðingar af hendi inna eptir beztu sannfæringu.

3. gr. Nú vill maður aðfarar beiðast, og skal hann snúa sjer um það til fógeta og hafa með sjer eptirrit af dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður af frumriti veðbrjefsins og jafnframt gefa fógeta allar þær skýrslur, er hann að öðru leyti þarf til þess að kveða á um aðförina.

Ef skuldin sjálf, auk málskostnaðar og vaxta, er bætzt hafa við frá byrjun málssóknar, fer fram úr 200 kr. eða virði þess, skal aðfarar beiðast skriflega. Að öðrum kosti nægir munnleg beiðni, er fógeti síðan færir til bókar.

4. gr. Það er skilyrði fyrir aðför, að dómurinn eða úrskurðurinn sje í lögmætu formi.

Ef svo er, á fógeti eigi að rannsaka það eður dæma um, hvort á kunni að vera þeir gallar eða brestir, er öðrum úrslitum mundu valda, ef áfrýjað yrði.

Fógeti skal því að eins aðfarar synja, að dómurinn eða úrskurðurinn sje eigi upp kveðinn af löglegum dómstóli eður yfirvaldi, er vald hafi til að upp kveða aðfararhæfa úrskurði, eður að honum samkvæmt efni sínu verði eigi fullnægt.

5. gr. Ef gjöra skal aðför eptir sátt, á fógeti að skera úr um allar varnir, er fram koma gegn gildi sáttarinnar, hvort heldur hún er á komin fyrir sáttanefnd, dómi eða yfirvaldi; þó má úrskurður fógeta, að því er dóm-sátt snertir, í engu hreifa við gjörðum dómarans.

Nú er í sáttinni frestur veittur kröfunni til fullnægingar, eður hún skilyrði bundin, eður svo er tilskilið, að hvorirtveggju skulu nokkuð af hendi inna, og verður þá eigi af aðför, nema sáttin sjálf eður önnur opinber skjöl beri það með sjer, eður skuldunautur kannist við, að fresturinn sje útrunninn eða skilyrðinu fullnægt, eður að sátthafi hafi af sinni hálfu innt það af hendi, er honum bar, eður við aðförina bjóðist til þess löglega, ef þá er eigi um seinan.

6. gr. Aðalreglurnar í 5. gr. um sættir eiga og við um veðbrjef, er um getur í 1. gr., 3. lið.

7. gr. Aðför má gjöra eptir dómi og úrskurði, þá er liðinn er fullnægingarfrestur sá, er til er tekinn, enda hafi dóminum eða úrskurðinum eigi verið áfrýjað. Ef enginn frestur er til tekinn í dóminum eða úrskurðinum, má þegar í stað aðför gjöra. Nú hefur tekin verið út stefna til áfrýjunar, og sker þá fógeti úr, eptir núgildandi reglum, hvort varnað geti aðfarar.

8. gr. Eptir sátt má aðför gjöra, þegar er skuldin eptir henni er komin í gjalddaga. Um aðför eptir veðbrjefum fer eptir 15. gr. í áðurnefndum lögum 16. desbr. 1885.

9. gr. Aðfararrjettur týnist að eins fyrir 20 ára fyrning. En ef dómhafi lætur meir en eitt ár líða frá því, er aðför gat fram farið, og dómfelldi á heimili á Íslandi, er mönnum er kunnugt um, þá er hann skyldur til með nótaríal-áskorun eður með áskorun, er hann lætur hlutaðeigandi stefnuvotta birta dómfellda, að skora á hann að fullnægja dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður veðbrjefinu; og má þá eigi aðför gjöra fyr en liðnar eru 3 vikur frá þessari áskorun.

10. gr. Ákvæði þau, er hjer fara á eptir um dóma, gilda og um sættir og aðrar aðfararheimildir, þó með þeim afbrigðum, er af eðli málsins leiða.

II. kafli.

Um aðför eptir dómum, sem eigi dæma menn í peninga-útlát.

11. gr. Nú er maður með dómi til annars skyldaður en peninga-útláta, og skal þá, nema þegar svo stendur á, sem segir í 12.—14. gr., til peninga meta, hve miklu það varði dómhafa að fá dóminum fullnægt, og síðan fjárnámi heimta peningagjaldið eptir reglum þeim, er getur um í næsta kafla, enda hafi eigi, eptir að dómur var upp kveðinn, ómögulegleiki eða önnur atvik, samkvæmt almennum borgaralegum lögum, leyst dómfellda frá því, að fullnægja dóminum, án þess þau jafnframt hafi bakað honum skaðabótaskyldu.

Sje eigi í dóminum ákveðið peningagjald í stað þess, er upprunalega skyldi af hendi inna, vegna þess, að engin varakrafa var gjörð um það við rekstur málsins, getur dómhafi við aðförina látið ákveða upphæð þess.

Venjulega skal fógeti ákveða peningagjaldið með aðstoð votttanna (2. gr.); en hafi

þeir eigi nægilega þekkingu til þess, getur hann kvatt aðra sjer til aðstoðar, og lætur þá áður vinna sjer eið.

Ef kostur er á, skal fógeti til kalla dómfellda, svo að hann fái komið með hvers konar upplýsingar og yfirlýsingar, áður til tekið sje peningagjaldið.

Sjálfur metur fógeti því næst og til tekur gjald þetta eptir málavöxtum, en þarf eigi að fara eptir áliti vottanna eður þeirra, er í stað þeirra voru til kvaddir. Einkum á hann að annast um, að dómhafi fái fullar bætur, og, ef hann er í efa nokkrum, þá heldur að til taka ríflegar bætur, en eiga það á hættu, að dómhafi bíði tjón af því, að dóminum varð eigi fullnægt.

Ef dómhafi höfðar mál til hegningar samkvæmt 16. gr. fyrir það, að hinn fullnægir eigi dóminum, má til taka peningagjaldið með dómi í þessu máli í stað þess að gjöra það við aðförina.

12. gr Ef maður er dæmdur til að víkja af fasteign eður selja dómhafa nokkur umráð hennar, skal fógeti, ef því verður við komið, með útburði dómfellda og innsetning dómhafa eða á annan hátt því líkan þröngva honum til að hlýðnast dómsákvæðinu.

13. gr. Ef maður er með dómi skyldaður til að láta einhvern hlut af hendi, á fógeti sömuleiðis að taka hlutinn með valdi, eður með annari líkri þvingunaraðferð að framkvæma dómsákvæðið. Finnist hluturinn eigi, er til skal taka, getur dómhafi heimtað, að fyrir komi peningagjald, svo sem segir í 11. gr., og það því næst tekið fjárnámi.

14. gr. Ef maður er dæmdur verk að vinna eður eitthvert slíkt starf af hendi að leysa, getur fógeti leyft dómhafa, ef hann fer fram á það og það þykir hægasti og beinasti vegurinn fyrir hann til að ná rjetti sínum, að fá aðra til að vinna verkið, og því næst að heimta af hinum með fjárnámi það, er hann varð að borga fyrir verkið eptir reikningi, sem fógeti hefur samþykkt. Sje maður dæmdur til að gefa út eða rita undir skjal nokkurt, getur fógeti gjört það með sömu verkun eins og hefði hann til þess haft umboð hans.

Ef manni með dómi er veitt leyfi til að hafast eitthvað að, gegn því að bæta tjón það, er af leiðir, eða ef maður er með dómi skyldaður til að vinna eitthvert verk mót því að fá kostnaðinn við það bættan af dómhafa, þá er fógeti skyldur til, ef þess verður krafizt, og ef þörf gjörist með aðstoð þeirra manna, er vit hafa á, að leysa úr spurningum, er snerta framkvæmd slíks dóms, og að ákveða peningagjald það, er greiða skal, þá er dóminum verður fullnægt.

15. gr. Ef manni með dómi er boðið að láta eitthvað ógjört, getur dómhafi, ef brotið er móti boðinu, og eigi er í dóminum til tekið, hverri ábyrgð slíkt sæti, látið við aðför meta til peninga bætur fyrir brotið svo sem segir í 11. gr. og síðan fjárnámi taka. Ef dómhafi höfðar mál til hegningar samkvæmt 16. gr. fyrir brotið, má með dómi í þessu máli ákveða bæturnar í stað þess að láta fógeta gjöra það.

16. gr. Nú lætur maður af mótþróa fyrir farast að fullnægja dómi, er leggur fyrir hann að gjöra eitthvað, eða maður af ásettu ráði brýtur á móti dómboði um að láta eitthvað ógjört, og getur dómhafi þá, hvort sem hann fer fram eptir ákvæðum 11.—15. gr. eða eigi, höfðað mál á hendur hinum og fengið hann dæmdan í sektir eða fangelsi. Fullnægi hann síðar dóminum að öllu leyti, fellur hegningin niður, eða stöðvast, ef hann þegar er farinn að út taka hana, og eins er um það, þegar dómhafi með því að fara eptir 11.–15. gr. hefur náð rjetti sínum eður fengið trygging fyrir honum.

Þá er fallinn er hegningardómur, er það skylda löggæzlumanna að veita dómhafa fulltingi sitt til að ná rjetti sínum, ef hann beiðist þess, með því að leita uppi og taka af dómfellda þá hluti, er hann er dæmdur til að láta af hendi, hamla honum í að fremja brot gegn dóminum, ónýta aðgjörðir hans, er koma í bága við rjett dómhafa, og því um líkt.

17. gr. Með undanfarandi greinum er í engu fyrirgjört rjetti dómhafa til að neyta bráðabirgðar-rjettaraðfara til tryggingar fyrir því, að dóminum verði fullnægt.

III. kafli.

Um aðför eptir dómum, er dæma menn í peninga-útlát.

18. gr. Ef maður er dæmdur til að borga peninga, má aðför gjöra með fjárnámi í eignum hans. Að því, er snertir sektir, sem dæmdar eru í einkamálum, þá skal farið eptir reglunum um aðför eptir sektadómum.

Eigi má setja menn í skuldafangelsi.

Hinar sjerstaklegu þvingunarreglur, er gilda um heimtu á framfærslueyri með barni eða konu, sem yfirgefin er af manni sínum eða skilin við hann að borði og sæng, skulu halda gildi sínu.

19. gr. Eigi skal fjárnámi taka meir en það, sem eptir virðing vottanna nægir til að fullnægja dóminum, og fyrir því, sem dómhafi krefst og fógeti metur að ganga muni til lögboðinna eða annara nauðsynlegra rjettargjalda og kostnaðar, svo sem við flutning á munum, geymslu þeirra til uppboðs m. m., og enda sje áður tekið frá svo mikið sem þörf þykir vera til þeirra, er forgöngurjett kunna að hafa.

20. gr. Aðför fer fram eptir þeim reglum, sem hjer fara á eptir, annaðhvort með því móti að fógeti tekur fjárnámi til sölu við uppboð lausafje eður fasteignir af dómfellda til handa dómhafa, eður skuldir sem dómfelldi á hjá öðrum, eða að fógeti með námsgjörð tekur rjettinda-umráð af dómfellda, og lætur annan hafa þau í hans stað.

Ef lögbönd eru á fjenu eður það hefur áður verið fengið öðrum að fjárnámi, má taka það fjárnámi, er þá stendur hinu að baki.

Ef reiðu peningar eru fyrir, borgar fógeti dómhafa þá umsvifalaust upp í skuldina. Dómhafi getur ekki skorazt undan að taka við borgun í kröfum upp á sjálfan hann, er í gjalddaga eru komnar, og hann kannast við að rjettar sjeu.

21. gr. Í arði og tekjum fasteigna má fullnægingar leita með svo felldu móti, að fógeti lætur annan hafa umráð eignarinnar dómhafa í hag, og lætur tekjurnar ganga upp í skuldina á sama hátt sem peninga, er koma inn við nauðungaruppboð.

22. gr. Nú er fjárnám gjört í leigu- eða byggingarrjettindum fasteigna, enda sje eigi með því gengið á rjett eiganda, og skal þá farið eptir því, sem segir í næstu grein á undan.

23. gr. Meta skal fje, er fjárnámi er tekið, til þess, er ætla má að það seljist við uppboð undir venjulegum kringumstæðum að frádregnum uppboðs- og innheimtu- kostnaði. Þá er teknar eru fjárnámi kröfur, rjettindi eða arður og tekjur fasteigna, skal engar virðingar á leggja, en farið eptir álitum um það, hve mikið skuli fjárnámi tekið og jafnframt haft tilhlýðilegt tillit til gjalda og kostnaðar, er af þeirri aðferð leiða.

24. gr. Dómfelldi eður sá, sem er við aðförina fyrir hans hönd, á rjett á að segja til þeirra muna, er fjárnámi skuli taka, og getur dómhafi eigi haft á móti því, svo framarlega að þessir munir sjeu að mati eður áliti fógetavottanna hæfileg trygging fyrir skuld þeirri, er ná skal inn.

Þó þarf dómhafi hvorki að ganga að fjárnámi í fasteignum, ef lausafje er til eða krōfur honum til fullnægingar, nje í lausum aurum, sem mjög mundi erfitt að geyma eður selja, nje í krōfum, er álíta má umþrættar eða óvissar. Ef hægt er að fá fjárnám til uppboðssölu, verður dómhafi eigi skyldaður til að leita fullnægingar á annan hátt. Ef til er annað fje, þarf dómhafi eigi að ganga að fjárnámi í munum, er aðrir hafa fengið að fjárnámi á undan honum, eður einhvern þann rjett yfir, er hann yrði að standa að baki.

25. gr. Segi dómfelldi eigi til eða einhver fyrir hans hönd, má dómhafi til taka þá muni, er taka skuli fjárnámi.

Þó skal fógeti gæta þess, að þeir munir sjeu fyrst teknir, er dómfelldi helzt megi án vera; skal því hvorki fjárnám gjöra í nauðsynlegri áhöfn jarðar af gangandi peningi, nje í ómissandi vinnu-áhöldum, nje í smíðatólum eður öðrum þeim munum, er dómfelldi getur alls eigi án verið í atvinnu sinni, nema eigi sjeu til aðrir þeir hlutir, er hann heldur geti misst.

Ef taka skal fjárnámi hey, áburð, eldsneyti eða byggingarefni, og svo er ástatt, sem segir í 9. gr. laga nr. 1, 12. janúar 1884, þá skal fara eptir fyrirmælum þessarar greinar.

26. gr. Ef fjárnám skal gjöra eptir því, sem segir í 21. gr., sbr. 22. gr., þá skal fógeti selja hlutaðeigandi eign öðrum til forráða, er hann til þess kveður, og bjóða leigulíða eða hverjum sem er, að greiða honum afgjöld öll, og að öðru leyti gjöra þær þvingunar-ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að arður og tekjur eignarinnar komi dómhafa að notum.

Þessi forráðamaður gjörir reikningsskil á þeim tímum, er fógeti til tekur, fyrir tekjum eignarinnar, og skilar fógeta, eins og hver annar innheimtumaður, afganginum að frádregnum umboðskostnaði, þar með talin þóknun handa sjálfum honum.

Þegar dómhafi hefur fengið skuld sína borgaða með áföllnum leigum og kostnaði, fær skuldunautur eign sína aptur.

Fógeti leysir úr öllum spurningum um reikningsskilin, eignarforráðin og hvenær þeim skuli aptur skilað skuldunaut, þá er um slíkt koma fram kærur eður mótmæli af hálfu dómhafa, skuldunauts eður annara, er hlut eiga að málum.

27. gr. Eigi má fjárnámi taka af skuldunaut rúm og sængurföt, er nauðsynleg eru honum, konu hans og börnum, er hjá honum eru, nje heldur lín og íveruföt, er þau mega eigi án vera.

Skuldunautur getur og undan skilið frá fjárnámi hina helztu lífsnauðsynja-muni, eður muni, er nauðsynlegir eru honum við atvinnu hans, ef eigi nema meiru að virðingarverði en 20 kr., eða 120 kr., eigi hann heimili fyrir að sjá. Þó nær þetta eigi til skulda, sem eru til komnar, áður en þessi lög öðlast gildi. Þessa muni er honum sjálfum heimilt frá að taka eptir geðþótta; sje hann eigi við staddur aðförina, skal þeim, er fyrir eru á heimilinu, gefinn kostur á að gjöra það. Þennan rjett til að undanskilja muni fyrir tiltekið verð eiga menn þó eigi, þá er skattar eða önnur opinber gjöld eru tekin fjárnámi, og heldur eigi verða munir undan skildir, sem veðsettir eru fyrir skuld þeirri, er fjárnámi skal heimt.

28. gr. Fjárnám má að eins gjöra í rjettindum, er fengin eru, þegar það fer fram, en eigi í þeim, sem menn síðar kunna að eignast, svo sem í arfi, er menn eiga í vændum.

Fjárnám má gjöra í skuldum, er dómfelldi á að öðrum, þótt skilyrðum sjeu

bundnar eða eigi komnar í gjalddaga, ef að eins er hægt að segja til þeirra og ákveða með nægilegri vissu.

Þegar samningur til skilur, að hvorirtveggju aðilar skuli nokkuð af hendi inna, má eigi fjárnám gjöra í því, sem skuldunautur á krōfu til af hinum, ef hann hefur eigi þegar sjálfur uppfyllt samninginn af sinni hálfu, og það, er hann á af hendi að inna, er eigið verk hans eður vinna eða eitthvað annað það, er sá sem fjárnáms leitar, er eða verður eigi við fjárnámið fær um að láta í tje eða framkvæma.

Þetta skal þó í engu vera því til fyrirstöðu, að menn nú sem fyrr geti haldið sjer til vinnukaups skuldunauts eða annara tekja hans þvílíkra, þegar heimta skal af honum framfærslueyri með barni hans eða konu, sem hann hefur yfirgefið eða er skilinn við að borði og sæng.

29. gr. Nú er það löglega bundið samningi við annan mann eða ákvæði hans, að lánardrottnar skuli engrar fullnægingar mega leita í tilteknum munum, og má þá eigi fjárnámi taka, enda þótt rjett væri, ef svo væri eigi til skilið.

30. gr. Eigi má fjárnámi taka laun embættis- eður sýslunarmanna eða þvílíkar tekjur, eigi biðpeninga, eptirlaun eða því um líkt styrktarfje, er greiðist úr lands-, sveitar- eða öðrum opinberum sjóðum, nema í gjalddaga sjeu komin.

31. gr. Fjárnámi eru enn fremur undan þegin:

1) dagpeningar og þvílík gjöld til embættismanna eður annara, er opinberum störfum gegna, svo og ferðakostnaður og kostpeningar, er borgaðir eru tilkvöddum vottum eða virðingamönnum; 2) framfærslueyrir með konu eður barni, ef tiltekinn er með yfirvalds úrskurði, sátt eða öðru slíku ákvæði; 3) styrkur til fátækra, er stofnanir eða velgjörðafyrirtæki veita, svo og hvers konar sveitarstyrkur.

32. gr. Eigi er lífeyrir, forlagseyrir, lífsábyrgðarfje eður þess konar tekjur, er menn hafa keypt sjer eða öðrum með fjárframlagi, undanþegnar fjárnámi, nema sjerstakleg lagaheimild sje fyrir, eður svo hafi löglega verið um samið eða ákveðið í fyrstu.

IV. kafli.

Um aðförina sjálfa og um rjettarfarið.

33. gr. Þegar aðfararheimild er fyrir hendi, og fógeti álítur að öðru leyti ekkert því til fyrirstöðu, að verða við beiðni um aðför, til tekur hann stund til aðfarar svo sem verða má eptir óskum dómhafa.

Aðför skal að jafnaði hefja að heimili dómfellda, nema þegar fógeta þykir eptir atvikum vera ástæða til út af að bregða.

Ef dómur dæmir mann til að fram selja muni eður af hendi að láta, má aðför hefja þar, er þeir eru fyrir.

Nú á dómfelldi eigi heimili á Íslandi, og er þá rjett aðför að hefja þar, er hann verður fyrir, eða munir hans eru, sem til fullnægingar má nota.

34. gr. Eigi verður af aðför nema dómhafi sje viðstaddur eða annar löglega um kominn hans vegna.

Eigi tálmar það aðför, þótt dómfelldi sje eigi við staddur. En sje heldur eigi neinn viðstaddur í umboði hans, skorar fógeti á konu hans, börn eldri en 18 ára, hjú eður aðra fullorðna heimilismenn að taka málstað hans. Ef engi þessara manna er viðstaddur eða vi'l takast það á hendur, skal beina líkri áskorun að þeim, er hann býr hjá, húsbónda eða þeim, sem á yfir honum að segja, ef einhver sá er viðstaddur.

35. gr. Gjörðin hefst með því, að fógeti skorar á hlutaðeiganda að borga skuldina og kostnað þann allan, er dómfellda ber að greiða, svo eigi verði af frekari aðför. Verði það eigi gjört, heldur fógeti gjörðinni áfram eptir beiðni dómhafa samkvæmt reglunum í II. og III. kafla.

36. gr Dómfelldi er skyldur að boði fógeta að ljúka upp herbergjum sínum og hirzlum, ef dómhafi fer fram á það, svo að sjeð verði, hvort þar sjeu geymdir munir, sem gjört verði fjárnám í. Skorist dómfelldi undan því, eða ef engi er sá viðstaddur, er geti gegnt boðinu, má fógeti beita valdi. Ef þörf gjörist, getur fógeti og leitað á dómfellda sjálfum, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi fjármuni á sjer geymda. Þó skal slík leit vera byggð á rökstuddum úrskurði.

37. gr. Skyldur er skuldunautur, ef skorað er á hann við aðförina, að segja satt og rjett til um það, hvað hann eigi til tryggingar eður lúkningar skuld sinni, og láta að öðru leyti í tje allar þær skýrslur, er nauðsynlegar eru og að þessu lúta. Sje skuldunautur eigi viðstaddur, getur aðfararbeiðandi fengið gjörðinni frestað og skuldunaut boðað á mót með sjer með fyrirvara, sem fógeti tiltekur; þetta mót getur aðfararbeiðandi krafizt að haldið sje á skrifstofu fógeta.

Nú færist skuldunautur undan því, að láta í tje skýrslur nokkrar, eður lætur undan fallast án löglegra forfalla, að mæta við framhald gjörðarinnar, og á þá aðfararbeiðandi heimting á, að hann sje settur í einfalt fangelsi og hafður þar, þar til er hann uppfyllir skyldu þessa, þó aldrei lengur en 6 mánuði.

38. gr. Ef skuldunautur, meðan á aðför stendur, eða um það leyti, er hann hlaut að sjá hana fyrir, hefst eitthvað það að af eigingirni til að firra lánardrottinn sinn borgun, er miðar til þess, að koma lögmætum eignum sínum eða kröfum undan fjárnámi, þá varðar það hegning eptir 262. gr. hinna almennu hegningarlaga.

39. gr. Innan þeirra takmarka, er getur um í 4. gr., mega koma fram varnir af hálfu dómfellda gegn því, að aðför fari fram í heild sinni eða að einhverju leyti eða á þann veg, sem haldið er fram.

Um fram komin mótmæli hefur dómhafi rjett til að láta uppi álit sitt.

Fógeti ræður því, hvort fram megi fara frekari sókn og vörn um ágreiningsefnið.

40. gr. Ef gjörðin mundi ganga of nærri rjetti annars manns, á hann og rjett á að mótmæla aðförinni. Hann mætir þá við gjörðina, lætur færa til bókar mótmæli sín, og biður um úrskurð fógeta; ber þar eptir að skoða hann sem málsaðila í gjörðinni.

41. gr. Sókn og vörn fyrir fógeta skal fram fara munnlega.

Fógeti leggur úrskurð sinn á þrætumálið samkvæmt framburði og játningu málsaðila, og framkomnum skjölum og öðrum skriflegum skilríkjum. En vitnaleiðslur, skoðunar- og álitagjörðir, máli til sönnunar, mega að jafnaði eigi fram fara.

Fógeti skal leiðbeina málsaðilum samkvæmt grundvallarreglunum í tilskipun 15. ágúst 1832.

42. gr. Í fógetabók skal til greina:

a, stað og stund, er gjörðin skal fram fara, nöfn málsaðila, og hver sje aðfaraheimildin.

b, nafn fógeta og vottanna.

c, hvernig gjörðin hafi yfir höfuð að tala farið fram.

Verði ágreiningur um fram komnar kröfur, skal til færa þær orðrjettar.

Enn fremur skal fógeti bóka, eins og honum þykir þörf vera, frásögu málsaðila um það, hversu mál sje skapað, þó eigi orðrjetta, en svo að engu verulegu sje sleppt.

Hið bókaða skal síðan upp lesið og samþykkt.

43. gr. Frest má að jafnaði engan veita, meðan á gjörðinni stendur, nema málsaðilar sjeu ásáttir. En stöðvað getur fógeti sókn og vörn, ef nauðsyn ber til, en án þess að gjörðin þar með sje rofin. Fógeti skal þá, ef dómhafi krefst, láta hafa gætur á því, eða á annan veg gjöra þær ráðstafanir, er nauðsynlegar sjeu til þess, að allt standi í sömu skorðum, þar til er gjörðin aptur verður upp tekin. Skal málsaðilum skýrt frá, hvenær það verður.

44. gr. Eptir að sókn og vörn er lokið um upp kominn ágreining, leggur fógeti þegar í stað, eða svo fljótt sem verða má, úrskurð sinn á málið.

Úrskurður skal rökstuddur vera, og skal bóka hann orðrjettan.

Eigi hindrar áfrýjun framkvæmd á honum.

45. gr. Í fógetabók skal rita með nákvæmni hvern einstakan mun, er fjárnám er gjört í, og virðingarverð hans við.

Því næst kveður fógeti svo á í bókinni, að hinir uppskrifuðu munir sjeu teknir fjárnámi, fjárnámshafa til fullnægingar, og lætur dómfellda vita, að upp frá þessu varði það hegningu, að gjöra nokkrar þær ráðstafanir um muni þessa, er komi í bága við rjett dómhafa. Sje dómfelldi eigi viðstaddur, skal þeim, er til kvaddir eru fyrir hans hönd samkvæmt 34. gr., boðið að skýra honum frá þessu, og eptir atvikum má og til kynna það þeim manni, er fjeð er hjá, er fjárnámi var tekið.

46. gr. Þegar fjárnám er gjört í fasteign, en eigi í arði hennar og tekjum, heldur hún áfram að vera í umráðum skuldunauts, þar til er nauðungaruppboð fer fram, nema svo reynist, að hún spillist af hans völdum eða rýrni, og getur fógeti þá fengið öðrum forráð hennar.

Fjárnámsgjörðina skal þinglesa, eigi hún að hafa gildi gagnvart öðrum, er með löglegum samingum kynnu að eignast rjettindi yfir fasteigninni. Skal gjörðina lesa á varnarþingi, þar er fasteign liggur undir, eptir reglum þeim, er um veðsetning fasteigna gilda.

47. gr. Lausafje, er fjárnámi hefur verið tekið, hefur skuldunautur eigi rjett til að hafa í vörzlum sínum, ef sá vill eigi, er að fjárnámi fjekk munina, nema skuldunautur setji viðunanlega trygging fyrir því, að þeir varðveitist hjá honum óskertir; en fjárnámshafa skal að jafnaði heimilt vera, að taka munina til sín til geymslu, en gegn trygging, ef verð þeirra fer að mun fram úr krófu hans.

Verði munirnir eigi í vörzlum skuldunauts, og fjárnámshafi tekur heldur eigi við þeim, annaðhvort fyrir því að hann má það eigi samkvæmt því, er nú var sagt, eður hann vill eigi takast geymsluna á hendur, skal fógeti gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til geymslu þeirra á kostnað dómfellda.

48. gr. Ef skuldabrjef eru tekin fjárnámi til sölu við uppboð, skal á þau rita um fjárnámið, ella hefur það eigi gildi gagnvart þeim, er síðar fær þau til eignar eða að veði, og eigi vissi um fjárnámið, eða gagnvart skuldunaut sjálfum, er án þess að vita af fjárnáminu hefur síðar borgað af skuldinni til þess, er fjárnámið var gjört hjá, gegn kvittun hans á sjálft brjefið eður gegn afhending þess.

Ef fjárnámi eru teknar kröfur annarar tegundar, skal skuldunaut skýrt frá því, annars leysist hann frá skuld sinni með því að borga hana í góðu trausti þeim, er fjárnámið var gjört hjá. Hið sama er, ef skuldunautur borgar leigur af skuldabrjefi sínu.

49. gr. Ef sá hlutur, er tekinn var fjárnámi, verður eigi fenginn fjárnámshafa eða þeim, er fógeti hefur til tekið, fyrir því að einhver annar maður hefur rjett til að hafa hann í sínum vörzlum, skal fógeti eptir atvikum, ef fjárnámshafi beiðist þess, tilkynna þessum manni, að skuldunautur eigi ekki rjett á því að taka við honum, þegar að því kemur að hann eigi að skila honum úr sínum vörzlum.

50. gr. Þegar gætt hefur verið ákvæða þeirra, er að framan getur, þá missir fjárnámshafi eigi þann rjett, er fjárnámið veitir honum til þess að ná með löglegri aðferð borgun í munum þeim, er fjárnámi voru teknir, enda þótt skuldunautur síðar deyi eða verði gjaldþrota, eða aðrir gjöri fjárnám hjá honum, og eigi getur skuldunautur heldur síðar selt nokkrum öðrum manni nein rjettinda-umráð yfir munununum, er á nokkurn hátt megi skerða rjett fjárnámshafa.

Þó missir sá, er fengið hefur lausa aura að fjárnámi, er haldizt hafa í vörzlum skuldunauts, fjárnámsrjettinn gagnvart lánardrottnum skuldunauts, verði hann gjaldþrota eða þeir gjöra fjárnám hjá honum, ef fjárnámshafi hefur eigi innan 12 vikna frá því, er fjárnámsgjörð var lokið, komið fram nauðungaruppboði, eða hann með nýrri aðför hefur komið fjenu úr höndum skuldunauts, enda hafi honum eigi verið varnað sölunnar með áfrýjun, eður rjettindi annara verið því til fyrirstöðu.

51. gr. Ef svo reynist við nauðungaruppboð, að sölu-andvirðið hrökkur eigi fyrir kröfu fjárnámshafa, eður ef fjárnámshafi, er eigi hefir fengið fjárnám fyrir fullri kröfu, getur vísað á muni, er taka megi fjárnámi, má fjárnámið upp taka af nýju, og því fram halda eptir áðurgreindum reglum. Hins vegar getur sá, er fjárnám hefir verið gjört hjá, krafizt þess að gjörðin skuli upp tekin af nýju, og fjárnámið látið niður falla að öllu eða einhverju leyti, hafi skuld sú verið borguð að öllu eða nokkru, eptir að fjárnámið fór fram, er það var gjört fyrir.

Svo getur og fógeti eptir beiðni dómhafa upp tekið gjörðina til þess að gjöra nýjar ákvarðanir um geymslu og umsjón þess, er tekið var, þegar áfrýjun á fjárnámsgjörð veldur því, að miklu lengur líður þar til er uppboð fer fram en ella hefði verið, eða þegar tilefni þykir til þess vegna meðferðar dómfellda á munum þeim, er teknir voru fjárnámi, en látnir vera í vörzlum hans, eða vegna kostnaðar við geymsluna eða annara hluta vegna.

52. gr. Loks má og upp taka gjörðina af nýju í öðrum tilfellum, en þeim, er nefnd eru í 51. gr., sbr. 50. gr., 2. lið, þegar annarhvor málsaðila beiðist þess eða aðrir, og allir þeir samþykkja, er hlut eiga að máli.

53. gr. Um áfrýjun á aðför fer eptir almennum málskotareglum.

Nd. **282. Frumvarp**

til laga um sveitarstyrk og fúlgu. — Eptir eina umr. í Ed.

1. gr. Sá sem hefur þegið sveitarstyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld.

2. gr. Þegar hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur fært þeginn sveitarstyrk inn í sveitarbókina, er hún sönnun fyrir skuldinni.

Sveitarstjórnin getur beiðzt lögtaks á skuldinni eptir fyrirmælum laga nr. 29, 16. desbr. 1885.

Lögtaksbeiðnin er gild, þótt síðar komi fram, en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

3. gr. Sveitarstjórnin getur látið fógeta skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn sveitarstyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eptirriti af uppskriptargjörðinni ásamt útdrætti úr sveitarbókinni, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni, skuldinni til tryggingar.

4. gr. Sannist það fyrir amtmanni, að sá, er þiggur eða þegið hefur sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefur undir höndum, skal amtmaður eptir beiðni sveitarstjórnar og tillögum sýslumanns eða bæjarfógeta svipta hann fjárforráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann.

Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal amtmaður nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er sviptur var fjárforráðum.

Fyrir þinglýsingar og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu á undan, skal ekkert gjald greiða.

5. gr. Sá sem þiggur af sveit og er þó vinnufær, er skyldur að fara í hverja þá viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er eigi um megn, meðan hann er eigi fær um án sveitarstyrks að framfleyta sjer og þeim, er hann á fram að færa að lögum.

Ákvæði sveitarstjórnarinnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji eigi kannast við, að vist sú eða vinna sje viðunanleg, er honum var boðin; en málið getur hann jafnframt kært fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er sker úr því eptir að hafa leitað um það álits tveggja óvilhallra manna.

6. gr. Óhlýðnist þurfamaður skipun sveitarstjórnarinnar, er getur um í næstu grein á undan, má kæra hann um það fyrir sýslumanni eða bæjarfógeta, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gjörist með sektum eður fangelsi eptir málavöxtum.

Hýsi maður að nauðsynjalausu þurfamann, sem honum er kunnugt um, að óhlýðnast skipun hreppsnefndar, eða þiggi verk af honum, skal hann sekur um allt að 100 kr., er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

7. gr. Nú vill maður flytja af landi burt, en hefur vandamenn, sem eigi eru sjálfbjarga, og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin heimtar, skyldur að setja sveit sinni viðunanlega trygging fyrir því, að vandamenn hans, er eptir verða, verði eigi sveitarfjelaginu til þyngsla, að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni sýslumaður eða bæjarfógeti utanförina, nema þessum skilyrðum sje fullnægt.

8. gr. Mál, sem rísa út af broti gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Nd. **283. Frumvarp**

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1884 og 1885. Eptir 2. umr. í Nd.

		Fjárveiting kr. a.	Reikningur. kr. a.
	I. Tekjur:		
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	75,000 »	78,652 91
2.	Húsaskattur	4,800 »	8,049 97
3.	Tekjuskattur	26,000 »	34,482 37
4.	Aukatekjur	38,000 »	44,712 38
5.	Erfðafjárskattur	5,000 »	8,256 33
6.	Gjöld af fasteignasölu	1,300 »	2,471 87
7.	Vitagjald	10,000 »	9,298 98
8.	Metorðaskattur	32 »	16 »
9.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	2,800 »	4,806 75
10.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi að frá dregnum 2% í innheimtulaun	72,000 »	57,456 85
11.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frá dregnum 2% í innheimtulaun	250,000 »	300,596 05
12.	Aðflutningsgjald af tóbaki að frá dregnum 2% í innheimtulaun	36,000 »	34,440 48
13.	Tekjur af póstferðum	27,000 »	35,883 60
14.	Óvissar tekjur	2,000 »	19,409 09
15.	Tekjur af fasteignum landsjóðs að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	60,000 »	64,998 81
16.	Leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu	3,600 »	2,700 »
17.	Tekjur af kirkjum	1,000 »	853 75
18.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs Borgað upp í lán, veiting: 22,022 kr. 45 a., reikningur: 63,116 kr. 58 a.	60,000 »	64,819 34
19.	Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	7,500 »	7,770 97
20.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	6,000 »	3,945 83
21.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000 »	7,701 84
22.	Tillag úr ríkissjóði	183,000 »	183,000 »
23.	Spítalagjald	» »	1,003 62
	alls ...	875,032 »	975,327 79

		Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
	II. Gjöld:		
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800 »	26,800 »
2.	Til alþingis 1885 og kostnaður við yfirskoðun landsreikninganna	33,600 »	35,376 60
3.	Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn:		
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	52,200 »	45,352 94
	B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,072 38	168,985 01
	C. Ýmisleg útgjöld	136,460 »	137,319 57
4.	Til útgjalda við læknaskipunina	84,748 »	80,266 98
5.	Til útgjalda við póststjórnina	55,800 »	60,779 73

		Fjárveiting.	Reikningur.
6.	Til kirkju- og kennslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	55,490 38	59,687 25
	B. Til kennslumálefna	140,128 »	134,688 99
	C. Ýms útgjöld	11,800 »	11,788 »
7.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	10,000 »	13,823 21
8.	Eptirlaun og styrktarfje	50,000 »	52,670 03
9.	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	15,400 »	13,673 78
10.	Til óvissra útgjalda	4,000 »	4,392 59
11.	Eptirlaun prestsekkna	» »	2,081 86
12.	Fjáraukaveitingar	9,477 31	7,681 16
13.	Afgangur	27,533 24	119,960 09
	alls ...	884,509 31	975,327 79

Ed. **284. Frumvarp**

til viðaukalaga við útflutninga-lögin 14. jan. 1876. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Enginn útflutningastjóri eður umboðsmaður útflutningastjóra má taka við neinu innskriptargjaldi eða neinu fje undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt fargjald eður meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, nje heldur nokkurri skuldbindingu um gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skilyrðislaust skriflegt loforð um flutning fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

Brotum gegn þessum ákvæðum hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta, allt að 2,000 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tilefni þykir til.

2. gr. Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eður umboðsmenn hans hafa um samið eður auglýst, og getur þá útfari hver kært útflutningastjóra fyrir landshöfðingja; en hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutningastjóri hefur sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar.

3. gr. Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hjer við land taka neinn farþegja um borð, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra áður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra umdæmisins, þar sem hann fer á skip.

Nú brýtur skipstjóri gegn þessum fyrirmælum, og er þá skip og farmur að veði fyrir öllum þeim skuldbindingum, er á farþegjanum hvíldu, er við honum var tekið á skip.

Ed. **285. Breytingartillaga**

við frv. til viðaukalaga við lög um horfelli á skepnum 12. janúar 1884. — Frá nefndinni.

Við 1. gr. Fyrir: „10—50 kr.“ komi: 10—20 kr. í sveitarsjóð.

— 2. gr. Á undan orðunum: „að selja við uppboð", bætist inn í þessi orð: þegar hreppsnefndin krefst þess.

— — — Á eptir 1. málslið 2. greinar bætist inn í svo hljóðandi málsgrein: „Nú hefur búandi orðið tvívegis sekur um horfelli og orðið háður ákvæðum þessarar greinar, og getur þá amtmaður eptir 3 ár leyst hann undan þeim eptir tillögu hreppsnefndar og sýslumanns".

Ed. **286. Tillaga**

til þingsályktunar um hallærislán og hallærislánabeiðslur. — Eptir síðari umr. í Nd.

Alþingi ályktar:

1. að áður en nokkurt hallærislán, sem eptirleiðis er beðið um, verður veitt, sjeu, þegar allir hreppar í sýslufjelagi beiðast láns, eptir tilhlutun amtmanns, útnefndir dómkvaddir menn úr öðru sýslufjelagi, sem ekki er lánþegi, til þess nákvæmlega að rannsaka ástandið í sýslunni; en sjeu eigi nema einstakir hreppar sýslunnar lánþurfar, þá sjeu hinir dómkvöddu menn útnefndir af sýslumanni úr þeim hreppum í sömu sýslu, er ekki beiðast láns. Kostnaður við rannsókn þessa greiðist eptir reikningi af því sýslufjelagi, sem lánsins beiðist.
2. að formaður amtsráðs aldrei veiti samþykki til lántöku nema að fyrirfram fengnu samþykki amtsráðs í heild sinni.
3. að það ár, sem alþingi kemur saman, sjeu allar hallærislánabænir frá sýslufjelögum, sem samþykktar eru af hlutaðeigandi amtsráðum sama ár, lagðar fyrir alþingi til ályktunar um, hvort og hvernig lánið skuli veita.
4. að nákvæmar skýrslur um, hvernig hallærislánum hefur varið verið á fjárhagstímabilinu, skuli lagðar fyrir þingið.
5. að vextir sjeu ekki eptir gefnir af hallærislánum, hvorki fyrir lengri eða skemmri tíma.
6. að lánið renni að eins til þeirra sýslubúa, sem eptir áliti hinna dómkvöddu manna eru sannarlega þurfandi.
7. að Húnavatns og Skagafjarðarsýslum veitist um 10 ára tíma allt að 10000 kr. hallærislán hvorri með venjulegum kjörum handa bágstöddustu hreppum tjeðra sýslufjelaga.

Ed. **287. Tillaga**

til þingsályktunar um reikningsskil fyrir tekjum af Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði m. m. — Eptir eina umr. í Nd.

Alþingi ályktar:

1. Að hin nánari rannsókn umboðsreikninganna fyrir árin 1884 og 1885, eptir að hinni umboðslegu endurskoðun þeirra er lokið, sje vísað til yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1886 og 1887.
2. Að allar þjóðjarðir í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði, þær sem nú eru í eyði og ekki verða byggðar með vanalegum skilmálum, verði boðnar dug-

legum mönnum til ábúðar næstu 5 ár landskuldarlaust, gegn því, að þeir svari venjulegum smjörleigum eptir kúgildi þau, er jörðunum kunna að fylgja, og vinni að jarðabótum og húsabótum, eptir því, sem um semur. Allar þær jarðir, sem gjörðar eru falar til ábúðar með þessum kjörum, skulu auglýstar í blaði því, sem birtar eru í stjórnarvalda-auglýsingar.

Ed. **288. Viðaukatillaga**

við frv. til viðaukalaga við lög um horfelli á skepnum 12. jan. 1884. — Frá Sighvati Árnasyni.

Inn í frv. á eptir 2. grein bætist ný grein svo hljóðandi:

Fyrir eptirlit það, er lög 12. jan. 1884 gjöra hreppstjóra og hreppsnefnd að skyldu með fóðurbirgðum og húsrúmi fyrir búpening, má veita þeim þóknun eptir reikningi, er sýslunefnd úrskurðar. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Ed. **289. Breytingartillögur**

við frv. nr. 207 um þingfararkaup.—Frá nefndinni.

Við 4. gr. Tölurnar hækki um 10%, þó svo, að á krónum standi, þannig:

Úr	1.	þingf.-hjer. kr.	9.00	úr	13.	þingf.-hjer. kr.	139.00
—	2.	——— —	24.00	—	14.	——— —	169.00
—	3.	——— —	67.00	—	15.	——— —	150.00
—	4.	——— —	110.00	—	16.	——— —	156.00
—	5.	——— —	143.00	—	17.	——— —	202.00
—	6.	——— —	163.00	—	18.	——— —	221.00
—	7.	——— —	202.00	—	19.	——— —	165.00
—	8.	——— —	231.00	—	20.	——— —	202.00
—	9.	——— —	288.00	—	21.	——— —	235.00
—	10.	——— —	330.00	—	22.	——— —	255.00
—	11.	——— —	62,00	—	23.	——— —	284.00
—	12.	——— —	108.00	—	24.	——— —	143.00

Við 6. gr. Fyrir 1½ kr. komi: 2 kr.

7. gr. orðist þannig:

„Nú fer þingmaður aðra leiðina landveg, en hina sjóleiðis, af þingi eður á, og skal þá endurgjalda honum landferðina með helmingi upphæðar þeirrar, er í 4. gr. segir, að við lögðum 20%, og sjóferðina eptir ákvæðum laga þessara, en þó svo, að ferðakostnaðar-upphæðin samtals fari ekki fram úr því sem ákveðið er í 4. gr.“

Nd. **290. Atkvæðaskrá**

í málinu: Frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 við 2. umr. í Nd.

2. gr.

Við 3. tölulið: Í staðinn fyrir: »15000 — 15000 — 30000« komi: 10000 — 10000 — 20000. — N.

— 6. ——: Í staðinn fyrir: »950 — 950 — 1900« komi: 1000 — 1000 — 2000. — N.

— 10. ——: Í staðinn fyrir: »100000 — 100000 — 200000« komi: 90000 — 90000 — 180000. — N.

3. gr.

Orðin: »Af tekjum Vestmanneyjakirkju . . . fram úr tekjunum« falli burt. — N.

4. gr.

1. Í staðinn fyrir: »33500 — 33500 — 67000« komi: 31000 — 30000 — 61000.— 256. Gr. Th.

2. Orðin: »Reykjavíkur kirkju . . . til landsjóðs« falli burt. — N.

8. gr.

orðist þannig: Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands eru talin: fyrir árið 1888: 12400 og árið 1889: 12400, alls 24800.

Gjöld til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi teljast fyrir 1889: 2000. — 256. Gr. Th.

10. gr.

A. 3. orðist þannig: a. Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2500—2500 — 5000.

b. Viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda 500 — 500 — 1000.—N.

B. 3. a.: Í staðinn fyrir: »Laun umsjónarmannsins 1000 kr.« komi: Laun umsjónarmannsins 800 kr.

Viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann 200 kr. — N.

— — c.: Í staðinn fyrir: »300 kr.« komi: 100 kr. — N.

— 4. b.: Í staðinn fyrir: »60 kr.« komi: 20 kr. — N.

— — c.: Í staðinn fyrir: »60 kr.« komi: 40 kr. — N.

— — d.: Í staðinn fyrir: »80 kr.« komi: 60 kr. — N.

C. 4. orðist þannig: Styrkur til eflingar búnaði:

a. til búnaðarskólans í Ólafsdal . . . . . 2500 kr.

b. — —— á Hólum . . . . . 4000 —

c. — —— á Eyðum og til búnaðarfjelaga 6500 —

Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða.

d. — sýslufjelaga og bæjarstjórna . . . . . 7000 — 20000—20000

Landshöfðingi úthlutar fje þessu að hálfu eptir fólksfjölda, og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða. — N. sbr. 276.

C. 5. orðist þannig (I.):

a. Til að útvega vegfróðan mann til að ferðast um landið og ákveða, hvar helztu vegi skuli leggja . . . . . 3000 — 3000

b. Til að bæta vegi á aðalpóstleiðum . 15000

c. — — — aðalpóstleiðina frá Hvalfirði upp í Norðurárdal . . — 15000

d. — annara vega . . . . . 2000 — 2000 20000 — 20000. — N.

C. 5. orðist þannig (II.):

a. Til að útvega vegfróðan mann til að ferðast um landið og ákveða, hvar helztu vegi skuli leggja . . . 3000 — 3000

b. Til sýsluvega í Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Strandasýslu og Snæfellsnessýslu . . . . . 10000 —10000

c. Til að bæta aðalpóstleiðina frá Hvalfirði upp í Norðurárdal . . 5000 — 5000

d. Til annara vega . . . 2000 — 2000 20000—20000. — 262. P.Br.

— 6. orðist þannig: Til gufuskipaferða 9000 — 9000.

Fje þetta útborgast eigi nema nákvæmlega sje farið eptir ferðaáætlun þeirri, er alþingi samþykkir, að því leyti sem hafís eða óumflýjanleg forföll eigi banna, og að útgjörðarmenn skipsins hafi varnarþing á Íslandi. — N.

— 7. b.: Í staðinn fyrir: »100 kr.« komi: 60 kr. — N.

— 8. Í staðinn fyrir: »1000 kr. — 1000 kr.« komi: 500 kr. — 500 kr. — N.

— 10. Í staðinn fyrir: »300 kr.« komi: 200 kr. — N.

11. gr.

1. töluliður. Í staðinn fyrir: »Laun 39598 — 39598 — 79196«
komi: Laun 38998 — 38998 — 77996. — N.

2. —— Í staðinn fyrir: »Styrkur til 4 aukalækna . . . 1000 kr. hvort árið . . . 4000 — 4000 — 8000«
komi: Styrkur til 4 aukalækna . . . 1200 kr. hvort árið 4800 — 4800 — 9600. — 256. Gr. Th.

— —— Í staðinn fyrir orðin: »til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið 5000 — 5000 10000« í breytingartillögu nefndarinnar (hjer næst á eptir)
komi: til hvers þeirra 1200 kr. hvort árið 6000 — 6000 — 12000. — 266. J. J. — Þ. J.

— —— orðist þannig: Styrkur til 5 aukalækna:

a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;

b. — — á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;

c. — — á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;

d. — — í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;

e. — — í Dýrafirði ásamt Önundarfirði og Arnarfirði,—til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið, 5000 — 5000 — 10000. —N.

12. gr.

2. töluliður. Í staðinn fyrir: »21000 — 21000 — 42000 kr.« komi: 21400 — 21400 — 42800. — 256. Gr. Th.

13. gr.

A. b. Á eptir 2. tölulið komi þessi athugasemd innan stryks:
þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið. — N.

— — Á eptir 3. tölulið komi:

4. Bráðabirgðaruppbót á Gufudalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi (greiðist því að eins að sjerstakur prestur komi til brauðsins) 200 — 200.—264. S. J.

B. I. b. 2. Í staðinn fyrir: »5 ölmusur 1000 — 1000 kr.« komi: 3 ölmusur 600—600. — N.
— II. a. Í staðinn fyrir: »laun 3600 — 3600« komi: laun 3200 — 3200.—N.
— — b. 2. Í staðinn fyrir: »150 kr. — 150 kr.« komi: 120 kr. — 120 kr.—N.
— — — Aptan við 6. tölulið bætist nýr töluliður:
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik« allt að 100 kr. —N.
— III. c. 2. Í staðinn fyrir: »1200 kr.« komi: 1000. — N.
— — — 3. Í staðinn fyrir: »1200 kr.« komi: 1000. — N.
— — — 5. Í staðinn fyrir: »ölmusur 8000 kr.« komi: ölmusur 7500 kr. fyrra árið, 7000 kr. síðara árið. — N.
— — — 7. Í staðinn fyrir: »1200 kr.« komi: 1000 kr. — N.
— — — Eptir 9. tölulið komi:
10. Til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni 300 kr.—269. Gr. Th.
— V. a. Í staðinn fyrir: »til kvennaskóla 3000 — 3000«
komi: Til kvennaskóla:
1. Til kvennaskólans í Reykjavík . . . . . 1500 kr.
þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr. Skóli þessi standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna.
2. Til kvennaskólans á Ytri-Ey . . . . . 700 —
3. — —— — Laugalandi . . . . . 700 —
4. — kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi til skiptis milli þeirra eptir nemenda fjölda 1400 — 4300 — 4300 — N.
— — b. Í staðinn fyrir: «til barnaskóla . . . . . 4000—4000«
komi: Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum . . . . . 2500—2500.
Styrkur þessi skiptist milli barnaskólanna eptir nemenda fjölda og veitist með því skilyrði, að þeir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði — N.
Hjer á eptir bætist nýr töluliður:
Til 20 sveitakennara 50 kr. til hvers 1000 kr. — 1000 kr. N.
Hjer við er breytingartill.:
Fyrir: »Til 20 sveitakennara 50 kr. til hvers 1000 kr. — 1000 kr.«
komi: Til sveitakennara, 50 kr. til hvers, 2500 kr. — 2500 kr.
Styrkur þessi skiptist eptir nemenda fjölda og veitist með því skilyrði, að kennslunnar njóti að minnsta kosti 10 börn í 3 mánuði. — 251. Ó. Br.—Þ. G.
— — c. orðist þannig:
Til alþýðuskóla:
1. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg 2500 kr.
2. — skólans í Hljeskógum . . . . 500 — 3000 — 3000 — N.
— — — Athugasemdin: »Styrkur — eða sýslunefndar« falli burt. — N.
— — d. orðist þannig:
til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík 500 — 500. — 252 Ó. B.—Þ. G.
— — e. orðist þannig:
Til kennslu í stýrimannafræði:

1. Til kennara og húsnæðis í Reykjavík 800 kr.
2. — kennslu annarstaðar . . . 1000 kr. — 1800 — 1800 — N.

C. 1. a og b. orðist þannig:

a. Laun bókavarðar 1200 kr.

b. — aðstoðar-bókavarðar 800 kr.

Bókavörður og aðstoðar-bókavörður skulu án sjerstakrar borgunar koma bókunum í röð og semja skrá yfir handrit og bækur. — 270. Gr. Th.

C. 1. a. »Launaviðbót fyrir hinn núverandi bókavörð 200 — 200« falli burt.— N.

— — b. Í staðinn fyrir: »til aðstoðar við hinn núverandi bókavörð«
komi: til aðstoðar við útlán og niðurröðun bóka. — N.

— — d. Í staðinn fyrir: »til þess að semja bókaskrá«
komi: til þess að semja skrá yfir bækur og handrit. — N.

— — e. Í staðinn fyrir: »til bókakaupa 600 kr. 600 kr.«
komi: til þess að borga bækur og handrit og fyrir bókband 1200 kr. 1200 kr.—N.

— 3. Í staðinn fyrir: »til deildar hins ísl. bókmenntafjelags í Rvík til að gefa út tímarit, sýslumannaæfir o. fl. 1500 — 1500«
komi: til deildar hins ísl. bókmenntafjelags í Rvík 1000 — 1000. — N.

— 4. falli burt. — N.

— 5. a. orðist þannig:
til að útvega forngripi og til áhalda 1000 kr. — N.

Nýr töluliður (6) bætist við:
til fornleifafjelagsins 300 — 300. — N.

15. gr.

Orðin: »þar af til ekkjufrúar Elínar Thorsteinsen 200 kr.» falli burt. — N.

Á eptir: »Vestmanneyja prestakalli 105 kr. 40 a.» komi: »til fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 800 kr. — N.

Hjer á eptir komi: »til ljósmóður Þorbjargar Sveinsdóttur einu sinni fyrir allt, styrkur 500 kr. — 266. J. J — Þ. J.

16. gr.

1. töluliður falli burt. — 252. Ó. Br. — Þ. G.

— —— orðist þannig:
Til kennara Þ. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1000 kr. hvort árið, 2000kr.—N.

2. —— Í staðinn fyrir: »600 kr. á ári . . 1200 kr.» komi: »800 kr. á ári . . 1600 kr.—N.

3. —— falli burt. — 252. Ó. Br. — Þ. G.

— —— orðist þannig: styrkur til verklegs fiskiklaks:
a. til laxafjelagsins í Dalasýslu . . . 800 kr.
b. — laxaklaksins á Reynivöllum í Kjós 200 — 1000. — N.

4. —— falli burt. — 252. Ó. Br. — Þ. G.

— —— Í staðinn fyrir: »til að vinna að útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni», komi: til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni. -- N.

5. —— falli burt. — N.

Á eptir 5. tölulið komi nýr töluliður:
Styrkur til hluttekningar í gripasýningu í Kaupmannahöfn sumarið 1888 . . . 2000 kr. — 249. Lh.

Nýr töluliður bætist við :

Styrkur til viðgjörðarinnar á Rifsós . . . 400 kr. — 262. P. Br.

Nýr töluliður bætist við :

Styrkur handa organista Jónasi Helgasyni í Reykjavík til að gefa út viðbæti við fjór-raddaða kirkjusöngsbók kr. 150.

Þessi upphæð veitist með því skilyrði, að allar þær kirkjur hjer á landi, sem »harmonium« er notað í við kirkjusöng, fái hver eitt eintak ókeypis. — 271. J. Þ.

Nýir töluliðir bætist við :

1. Styrkur til búfræðings Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 12 arkir að stærð, 25 kr. fyrir örkina, 300 kr. á ári . . . 600 kr. — N.
2. Styrkur til að gefa út dómasafn, 20 kr. fyrir örkina, 500 kr. — N.

Hjer við br.till.:

Í staðinn fyrir: »dómasafn, 20 kr. fyrir örkina, 500 kr.», komi: »dómasafn, 10 kr. fyrir örkina, 250 kr. — 251. Ó. Br. — Þ. G.

6. töluliður falli burt. — N.

17. gr.

Í staðinn fyrir: »Til óvissra útgjalda veitast 4000 kr.»

komi: Til óvissra útgjalda veitast 3000 kr. — N.

18. gr.

orðist þannig: Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum, og sem fyrst um sinn er áætlað að verði 30162 kr. 84 a. skal greiða úr viðlagasjóði. — N.

N. = Nefndin.
Lh. = Landshöfðinginn.
Gr. Th. = Grímur Thomsen.
P. Br. = Páll Briem.
J. J. = Jónas Jónassen.
Þ. J. = Þorsteinn Jónsson.
S. J. = Sigurður Jensson.
Þ. G. = Þorlákur Guðmundsson.
Ó. Br. = Ólafur Briem.
J. Þ. = Jón Þórarinsson.

Tölurnar fyrir aptan breytingartillögurnar merkja nr. á þingskjölum þeim, sem breytingartillögurnar standa á.

Ed. **291. Nefndarálit**

í málunum: Frv. til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 7. nóvbr. 1879 og frv. til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876.

Frumvörp þessi, sem fara fram á talsverða hækkun tollgjalda af áfengum drykkjum og tóbaki, hafa sjálfsagt þann tilgang, að auka þessar tekjur landsjóðsins, sem næstliðið ár hafa orðið miklu minni en búizt var við. Árið 1886 varð vínfangatollurinn að eins 80,100 kr., en var áætlaður 130,000 kr.; tóbakstoll-

urinn varð 15,300 kr., en í fjárlögunum var búizt við, að hann yrði 18,000 kr. Hjer við bætist, að fjárlagafrumvarpið fyrir árin 1888 og 1889 sýnir að útgjöldin verða meiri en tekjurnar, og að öllum líkindum verður tekjuhallinn enn meiri en búizt er við í fjárlagafrumvarpinu, einkum þá er litið er til þess, að vanalega þurfa fjáraukalög á síðan. En þrátt fyrir þennan fyrirsjáanlega tekjuþurð, verður nefndin að ætla, að tilganginum verði ekki náð með þessari tollhækkun á vínföngunum, heldur mundi hún öllu fremur hafa þá afleiðingu í för með sjer, að tollgjaldið yrði lægra en ella, því kaupmenn munu hika sjer við, að flytja áfenga drykki til landsins, sem þeir verða að greiða ærið tollgjald af þegar í stað, og lána þá optlega síðan út. Það er eðlilegt og því vitanlegt, að kaupmenn flytja minni vörur til landsins nú en áður, bæði fyrir því að lánstraustið er minna og gengið er eptir skuldum hjá landsmönnum, og vara landsmanna og verð þeirra hafa farið minnkandi að undanförnu. Matvöru og aðra nauðsynjavöru verða kaupmenn að flytja líkt og að undanförnu, og verður því rýrnunin að koma niður á vínföngunum og öðrum ónauðsynjavörum. Í annan stað má og ætla, að landsmenn muni minnka nautn áfengra drykkja framvegis, svo sem hún hefur farið síminnkandi 4 til 5 síðustu árin.

Nefndin játar að vísu að talsvert öðru máli sje að gegna með tollhækkun á tóbaki, bæði af því, að tollurinn nú er lágur, einkum á vindlum, en þó sjer í lagi af því, að tóbakið er flestum tóbaksmönnum enda óumflýjanleg neyzluvara. En eigi að síður vill nefndin eigi ráða til að fara nú að hækka tóbakstollinn, því annaðhvort yrði að hækka þenna toll töluvert, og það mundi mörgum tóbaksmanni verða tilfinnanlegt, eður þá að landsjóð munaði lítið um tekjuaukann, og lagabreytingin yrði því gagnslítil, með því að hún næði engan veginn þeim tilgangi að leiðrjetta tekjuhallann.

Nefndin er eindregið á því, að eigi sje tiltækilegt að vera að breyta og því síður vera að þyngja sköttum og hækka tolla, nema full nauðsyn sje fyrir hendi. Tíðar breytingar á lögum veikir álit laganna, og sje um álögur að ræða, valda þær verðmun á hlutum og vörum og færast optlega frá einum hlut til annars og frá einum greiðanda til annars, og byrðin leggst því þráfaldlega annarstaðar og öðruvísi á en ætlazt er til. Allt þetta veldur óvissu og ókyrrleik í atvinnuvegum og viðskiptum landsmanna.

Nefndin sjer og enga nauðsyn á að auka landstekjurnar með nýjum tollum, þótt nokkur tekjuþurður sje fyrirsjáanlegur.

Viðlagasjóðurinn er talinn 31. desbr. 1885 .	964781 kr.	13 a.
peningaforði landsjóðs 31. desbr. 1885 . .	114375 —	69 -
og tekjueptirstöðvar 31. desbr. 1885 . . .	63824 —	19 -
Samtals	1142981 kr.	01 eyrir.

Afgangstekjurnar hafa á undanförnum fjárhagstímabilum verið miklum mun meiri en ætlað var í fjárlögunum. Árin 1884 og 1885 var tekjuafgangurinn eptir fjárveiting talinn 27,533 kr. 24 a., en reyndist 119,816 kr. 09 a. Svo sem nú eigi hefur þótt tilefni til að lækka skatta og tolla, þótt mikill afgangur hafi orðið af landstekjum, svo finnur nefndin heldur eigi ástæðu til að hækka tollana, þótt nokkur tekjuþurður verði, einkum nú er hallæri gengið hefur yfir allan megin-

hluta landsins og enn þarf á hallærislánum að halda. Nefndin álítur það eigi heppilega fjárstjórn, að streytast einlægt við að landsjóður einn græði, þótt vitanlegt sje, að landsmenn flestir tapi, og það í sumum hjeruðum landsins stórkostlega.

Að lyktum skal þess getið, að það er vitanlegt, að kaupmenn hljóta að leggja og leggja einnig frá 50—100% framfærslu á tollinn af vínföngum og tóbaki; en þar af leiðir, að landsmenn láti úti að minnsta kosti 175 kr. fyrir hverjar 100 kr., er koma í landsjóð af tollum þessum. Komi því til dæmis eitt ár 120,000 kr. í landsjóð af tollum þessum, þá greiða landsmenn af hendi fyrst þessar 120,000 kr., og að auki 90,000 kr. í framfærslu, þ. e. samtals 210,000 kr.

Af þessum ástæðum vill nefndin ráða hinni háttv. efri deild til að fella:

1. Frv. til laga um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 7. nóvbr. 1879, og
2. Frv. til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876.

Í efri deild alþingis, 8. ágúst, 1887.

J. Havsteen, formaður. Jón A. Hjaltalín, skrifari, Arnljótur Ólafsson, framsögumaður. E. Th. Jónassen.

Með geymdum rjetti með atkvæði mitt í tóbakstollsmálinu.

Sighv. Árnason.

Nd. **292. Frumvarp**

til laga um þingfararkaup alþingismanna.—Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Alþingismenn skulu hafa í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem alþingi stendur yfir, 6 kr., og slíkt hið sama fyrir hvern dag, sem gengur til ferðarinnar til þings eða frá þingi.

2. gr. Ferðakostnað sinn til alþingis og frá því fá alþingismenn greiddan eptir ákvæðum 4. gr. þessara laga, ef þeir fara ferðina á landi, og er þar talinn með fjarðflutningur og ferjutollar, flutningur til lands í Rangárvallasýslu úr Vestmannaeyjum o. s. frv. Flutning til lands úr öðrum úteyjum skal endurgjalda samkvæmt 6. gr., og ferðina, eptir að til meginlands er komið, samkvæmt fyrirmælum 4. gr.

3. gr. Öllu landinu skal, að því er til þingfarar kemur, skipt í þessi þingfararhjeruð:

1. þingfarar-hjerað: Seltjarnarnesshreppur, Mosfellssveit, Bessastaða og Garða hreppur.
2. —— — : Milli Hvalfjarðar (frá Brynjudalsá) að vestan og Lyngdalsheiðar, Þingvallavatns, Sogs og Ölfusár að austan, að frá teknu 1. þingfarar-hjeraði.
3. —— — : Frá austurmörkum 2. þingf.-hjer. til Rangár ytri.
4. —— — : Frá Rangá ytri að Fúlalæk.
5. —— — : — Fúlalæk að Mýrdalssandi.

6. —— — : Frá Mýrdalssandi til Skeiðarársands.
7. —— — : — Skeiðarársandi til Breiðamerkursands.
8. —— — : — Breiðamerkursandi til Lónsheiðar.
9. —— — : — Lónsheiði til Axar- og Breiðdalsheiðar.
10. —— — : Annar hluti Múlasýslna, að frá teknum Skeggjastaða og Vopnafjarðarhreppum og Möðrudalssókn.
11. —— — : Frá Hvalfjarðarbotni til Hvítár í Borgarfirði.
12. —— — : Mýrasýsla.
13. —— — : Frá 12. þingf.-hjer. að sunnan til Straumfjarðarár, Kerlingarskarðs og Kolgrafarfjarðar.
14. —— — : Snæfellsnessýsla vestan 13. þ.-h.
15. —— — : Annar hluti Snæfellsnessýslu og Dalasýsla að Hvammsfjarðarbotni og Svínadal.
16. —— — : Hinn annar hluti Dalasýslu, Strandasýsla sunnan Bitrufjarðar og Húnavatnssýsla.
17. —— — : Barðastrandarsýsla austan Vattarness, Reykjarfjarðar og Nauteyrar hreppar í Ísafjarðarsýslu og Strandasýsla milli Kúvíkna og Bitrufjarðar.
18. —— — : Aðrir hlutir Barðastrandar, Ísafjarðar og Stranda sýslna.
19. —— — : Skagafjarðarsýsla vestan Öxnadalsheiðar og innan Kolku.
20. —— — : Hinn hluti Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýsla vestanfjarðar inn að Eyjafjarðarárósi.
21. —— — : Hinn hluti Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýsla að Kráká, Mývatni og Laxá.
22. —— — : Frá 21. þ.-h. til Jökulsár í Axarfirði.
23. —— — : Hinn hluti Þingeyjarsýslu ásamt Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppum, og Möðrudalssókn í Norður-Múlasýslu.
24. —— — : Vestmanneyjar (sjóveg til Rangárvallasýslu og þaðan landveg til Reykjavíkur).

4. gr. Ferðakostnað fær þingmaður hver, sem landveg fer til þings eða frá þingi, greiddan eptir því, í hverju þingfarar-hjeraði hann hefur aðsetur, þannig:

Úr 1. þingf.-hjer.	kr. 9.00	úr 13. þingf.-hjer.	kr. 139.00
— 2. ———	— 24.00	— 14. ———	— 169.00
— 3. ———	— 67.00	— 15. ———	— 150.00
— 4. ———	— 110.00	— 16. ———	— 156.00
— 5. ———	— 143.00	— 17. ———	— 202.00
— 6. ———	— 163.00	— 18. ———	— 221.00
— 7. ———	— 202.00	— 19. ———	— 165.00
— 8. ———	— 231.00	— 20. ———	— 202.00
— 9. ———	— 288.00	— 21. ———	— 235.00
— 10. ———	— 330.00	— 22. ———	— 255.00
— 11. ———	— 62.00	— 23. ———	— 284.00
— 12. ———	— 108.00	— 24. ———	— 143.00

5. gr. Nú fer þingmaður með strandferðaskipum, og fær hann þá endurgoldið það, sem farið kostar, samkvæmt verðskrá skipsins, ef það hefur fasta verðskrá, ella samkvæmt reikningi yfir fargjald það, er hann hefur í raun og veru goldið. — Fyrir að komast á skip á burtfararstaðnum eða af skipi á aðkomustaðnum má reikna 3 kr.—Aukakostnað um borð skal endurgjalda með hálfri krónu fyrir dag hvern, er sjóferðin stendur yfir.

6. gr. Ferðakostnaður frá aðseturstað þingmannsins til skips, ef þingmaður fer með strandferðaskipi, greiðist með 2 kr. fyrir hverja mílu landferðar, en sjóferð á bát eptir atvikum. Fyrir þennan kostnað skal gefa reikning og færa til mílnatal, hvort heldur er á sjó eður landi farið. Mílnatalið skal telja frá aðseturstað þingmanns til burtfarar- eða aðkomustaðar skipsins, og skal talið einu sinni er til þings er farið og öðru sinni á heimleið frá þingi.

7. gr. Nú fer þingmaður aðra leiðina landveg, en hina sjóleiðis, af þingi eður á, og skal þá endurgjalda honum landferðina með helmingi upphæðar þeirrar, er í 4. gr. segir, að við lögðum 20%, og sjóferðina eptir ákvæðum laga þessara, en þó svo, að ferðakostnaðar-upphæðin samtals fari ekki fram úr því, sem ákveðið er í 4. gr.

8. gr. Alla reikninga fyrir ferðakostnað úrskurðar nefnd, er alþingi kýs á fyrsta fundi í sameinuðu þingi hvert sinn er það kemur saman. Úrskurður hennar er fullnaðarúrskurður.

9. gr. Komi fyrir óvæntur farartálmi, svo sem megnar ófærðir, íshindranir, slys eða önnur ófyrirsjáanleg atvik, er baka alveg óvanalegan kostnað, svo og ef þing kemur saman á óvanalegum árstíma, þá er kostnaðarsamara er yfirferðar en vanalega um venjulegan þingfarartíma, má endurgjalda þingmanni eða þingmönnum ferðakostnað eptir reikningi, er nefnd sú úrskurðar, er ákveðin er í 8. gr., og skal hún ávallt hafa það tillit, sem unnt er, til hinna almennu ákvæða þessara laga, að því leyti, sem þau geta við átt.

10. gr. 37. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis er úr lögum numin.

Nd. **293. Frumvarp**

til viðaukalaga við útflutninga-lögin 14. jan. 1876. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Enginn útflutningastjóri eður umboðsmaður útflutningastjóra má taka við neinu innskriptargjaldi eða neinu fje undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt fargjald eður meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, nje heldur nokkurri skuldbindingu um gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skilyrðislaust, skriflegt loforð um flutning fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

Brotum gegn þessum ákvæðum hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta, allt að 2,000 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tilefni þykir til.

2. gr. Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eður umboðsmenn hans hafa um samið eður auglýst, og getur þá útfari hver kært útflutn-

ingastjóra fyrir landshöfðingja; en hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutningastjóri hefur sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar.

3. gr. Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hjer við land taka neinn farþegja um borð, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra áður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra umdæmisins, þar sem hann fer á skip.

Nú brýtur skipstjóri gegn þessum fyrirmælum, og er þá skip og farmur að veði fyrir öllum þeim skuldbindingum, er á farþegjanum hvíldu, er við honum var tekið á skip.

Ed. **294. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 veitast 12,343 kr. 69 a. til gjalda þeirra, er nefnd eru í eptirfylgjandi 2.—4. gr.

2. gr. Sem viðbót við útgjöld við læknaskipunina í 11. gr. veitast:

uppbót á launum

a. hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði Hjartar Jónssonar fyrir tímabilið frá 1. nóvbr. 1876 til 31. desbr. 1887 . . . . . kr. 4397,66

b. hjeraðslæknis í 20. læknishjeraði Þorsteins Jónssonar fyrir sama tímabil . . . . . — 4397,66

c. hjeraðslæknis í 6. læknishjeraði Þorvaldar Jónssonar fyrir tímabilið frá 1. marz 1877 til 31. desbr. 1887 . . — 2426,67

kr. 11221,99

3. gr. Sem viðbót við eptirlaun og styrktarfje í 15. gr. veitast:

1. Handa prestsekkju Ragnheiði Jónsdóttur sem viðbót við tekjur hennar af Vestmanneyja-brauði náðarárið eptir lát manns hennar og sem viðbót við eptirlaun hennar, frá fardögum 1886 til 31. desbr. 1887, 375 kr. 95 a.

2. Ellistyrkur til fyrrum bókavarðar Jóns Árnasonar fyrir ársfjórðunginn frá 1. oktbr. til 31. desbr. 1887 200 kr.

4. gr. Til endurbyggingar Bjarnaness-kirkju 1886 veitast 545 kr. 75 a.

Ed. **295. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög um horfelli á skepnum 12. jan. 1884. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Hreppstjórar og hreppsnefndir, sem vanrækja eptirlit það, sem þeim er boðið að hafa með fóðurbirgðum og húsrúmi handa skepnum samkvæmt lögum 12. jan. 1884, skulu sæta sektum frá 10—20 kr.

2. gr. Fyrir eptirlit það, er lög 12. jan. 1884 gjöra hreppstjóra og hreppsnefnd að skyldu með fóðurbirgðum og húsrúmi fyrir búpening, má veita þeim þóknun eptir reikningi, er sýslunefnd úrskurðar. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

3. gr. Nú hefur búandi orðið tvívegis sekur eptir dómi eða amtsúrskurði fyrir brot gegn tjeðum lögum, og er þá rjett, að menn, sem hreppsnefnd hefur til þess kosið, skoði skepnufóður að hausti hjá honum, og setji á hjá honum. Skal

hreppstjóri vald til hafa, þegar hreppsnefndin krefst þess, að selja við uppboð gripi þá, er ásetningsmenn telja ofsetta á, ef eigandi vill eigi sjálfur lóga þeim. Andvirði hinna seldu gripa, að frá dregnum kostnaði, rennur til eigandans.

Nú hefur búandi orðið tvívegis sekur um horfelli og orðið háður ákvæðum þessarar greinar, og getur þá amtmaður eptir 3 ár leyst hann undan þeim eptir tillögu hreppsnefndar og sýslumanns.

Ásetningsmönnum má ákveða þóknun fyrir starfa sinn; gjörir það amtmaður eptir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Þóknun þessi greiðist af hlutaðeigendum, sem skoðað er hjá og ásett.

4. gr. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu höfðuð og rekin sem almenn lögreglumál.

Ed. **296. Frumvarp**

til laga um sölu þjóðjarða. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Hver sá, er hefur þjóðjörð til ábúðar, skal hafa rjett til að fá jörðina keypta, enda sje hún eigi ætluð til embættisbústaðar, skólaseturs eða annara almenningsnota.

2. gr. Kaupverð jarðarinnar skal ákveða eptir sanngjörnum leigumála, er amtsráð metur, eptir tillögum sýslunefndar, þannig að verðið samsvari 25földu eptirgjaldi hennar, landskuld og leigum.

Til hliðsjónar við mat leigumálans skal hafa skýrslur um afgjald og allt ásigkomulag jarðarinnar, sem umboðsmaður er skyldur að láta í tje.

3. gr. Af andvirði jarðarinnar skal kaupandi borga $^1/_{10}$ hluta um leið og kaupin eru fullgjörð, en eptirstöðvarnar á þann hátt, að hann gefi út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðunni, og skal hann gjalda árlega í vexti og afborgun lánsins 6% af hinni upphaflegu upphæð þess, þannig að allri skuldinni sje lokið á 28 árum.

4. gr. Nú er þjóðjörð í eyði, og skal þá landshöfðingi heimild til hafa, að selja hana með þeim kjörum, að ábúandi greiði að minnsta kosti $^1/_{10}$ kaupverðsins, (er ákveðið sje samkvæmt fyrirmælum þessara laga), um leið og kaupin eru fullgjörð, en gefi út skuldabrjef fyrir eptirstöðvum andvirðisins. Skuldabrjefin skulu vera hvert upp á 50 kr., og svo mörg, sem þarf til þess að þau nemi samlögð $^9/_{10}$ andvirðisins; skal af hverju þeirra greiða 2 kr. árlega í vöxtu (4% p. a.), og sje jörðin með öllu, sem á henni er af mannvirkjum, ásamt kvígildum og öðru, sem henni fylgir, að veði fyrir skilvísri greiðslu vaxtanna, svo og afborgana, ef þær eru áskildar. — Rjett á kaupandi eða sá er í hans stað kemur á að borga út upphæð eins eða fleiri skuldabrjefa í einu og leysa þau þannig til sín. Rjett er og að landshöfðingi áskilji, að skuldabrjefin falli til innlausnar, fleiri eða færri eða öll saman, ef jörðin gengur af sjer af manna völdum.

5. gr. Þá er leiguliði á þjóðeign óskar að fá keypta ábúðarjörð sína, sendir hann sýslumanni brjeflega beiðni um það. Sýslumaður útvegar skýrslur hjá um-

boðsmanni, ber því næst málið upp fyrir sýslunefndinni á fyrsta fundi hennar, og sendir það síðan með öllum fylgiskjölum til amtsráðsins.

6. gr. Landsjóðsjörð má að eins selja í heilu lagi, nema hún sje setin fleiri ábúendum en einum, enda sje þá enginn hlutinn minni en svo, að eptirgjaldið nemi 50 kr.

Nú er landsjóðsjörð byggð í smærri hlutum, og má selja hana einhverjum af ábúendunum alla.

7. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu þjóðjarða, ákveður kaupverð þeirra og gefur út afsalsbrjef fyrir þeim.

Nd. **297. Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um búnaðarkennslustofnanir á Íslandi.

Eptir að vjer nefndarmenn höfum íhugað frumvarp þetta, viljum vjer kveða upp álit vort um það á þessa leið:

Eins og kunnugt er, mælir tilskipun 12. febr. 1872 1. gr., svo fyrir, að svo fljótt sem því verður við komið, skuli stofna einn eða fleiri búnaðarskóla í hverju amti á Íslandi, er vera skuli til fyrirmyndar um landbústjórn, jarðyrkju og fjárrækt og veita ungum mönnum verklega og bóklega menntun í þessum greinum. Tilskipun þessi á rót sína að rekja til frumvarps til tilskipunar um sama efni, er stjórnin lagði fyrir alþingi 1863, og er hún alveg samhljóða frumvarpi því, er stjórnin lagði fyrir alþingi 1871 og sem það aðhylltist með litlum breytingum (sbr. Alþt. 1871, II. 323—324).

Í 3. gr. þessarar tilskipunar er einnig ákveðið, að jafnað skuli niður á allar jarðir í hverju amti 1½ skilding á hvert jarðarhundrað eptir hinni nýju jarðabók til þess að borga kostnaðinn við þessa skóla, en reynzlan hefur sýnt, að fje þetta er allsendis ónógt til að koma þessum stofnunum á fót, öll þau 16 ár, sem liðin eru síðan tilskipunin kom út, og að hinu mikilsvarðandi augnamiði þessa lagaboðs verður ekki náð á þennan hátt eingöngu.

Frumvarp það, sem hjer ræðir um, miðar auðsjáanlega til þess að koma endilegri framkvæmd á þetta velferðarmál landsins frá hálfu löggjafarvaldsins, og nefndin fær ekki betur sjeð, en að sú leið, sem frumvarpið leggur til að farin sje, sje eptir því, sem hjer hagar til, vel valin, þar sem farið er fram á að landsjóður leggi til fastákveðinn árlegan styrk til viðreisnar landbúnaðinum, bæði með fyrirmyndar-búskap og með því að veita bændaefnum búfræðislega þekkingu og menntun. Nefndin telur það mjög eðlilegt og rjettlátt, að landsjóðurinn leggi til þetta fje móts við búnaðarskólagjaldið, er sjerstaklega hvílir á öllum fasteignum landsins, og nauðsynlegt er það líka, að þessar stofnanir styðjist við fastákveðinn og áreiðanlegan styrk, er ekki hverfur eða rýrnar, þegar minnst varir, eptir atvikum, er eigi verða fyrir sjeð, en á hinn bóginn álítur nefndin, að það sje haganlegt fyrir landsjóðinn og hyggilegt fyrir löggjafarvaldið, eins og frumvarpið fer fram á, að leggja þennan styrk því að eins fram, að landsbúar noti hann eins og tilætlað er, því að á þann hátt mun hann bezt örfa þá til framkvæmdar og gjöra áhuga þeirra á þessu velferðarmáli landsins sem almennastan.

Nefndin verður einnig að aðhyllast þá stefnu frumvarpsins, sem einnig er samkvæm anda tilskipunarinnar 12. febr. 1872, að fastákveða ekki stærð kennslustofnananna, heldur láta það vera komið undir frjálsum vilja og samkomulagi sýslunefndanna, því þar sem frumvarpið leggur aðaláherzluna á verklega búfræði og fyrirmyndarbúskap hvervetna í landinu,

þá hljóta hinir einkennilegu landshættir og landkostir og jafnvel venjur og hugsunarhættir að takast til greina ef vel á að fara; sömuleiðis álítur nefndin það heppilegt, að aðgangurinn að þessum kennslustofnunum sje ekki bundinn við einstök skólasvæði; telur hún slíkt fyrirkomulag betur fallið til þess, að stofnanirnar styrki hver aðra innbyrðis, í því að útbreiða þá reynslu og þekkingu, sem jafnt á við hið almenna og sjerstaka í rjettum búnaðarháttum, heldur en að einskorða stofnanirnar við vissa hluta landsins.

Þó nú nefndin sje þeirrar skoðunar, að slíkar stofnanir, sem frumvarpið fer fram á, og sem rætt er um hjer að framan, eigi bezt við og sjeu hagfelldastar eptir því sem hagar til hjer á landi, þá er það alls ekki ætlun hennar, að ónauðsynlegt sje að stofna einn vísindalegan búnaðarskóla, þegar stundir líða fram, fyrir allt landið, enda eru búnaðarkennslustofnanirnar hinn eini rjetti og eðlilegi undirbúningur undir slíkan skóla.

Af þessum ástæðum ræður nefndin hinni háttvirtu neðri deild alþingis til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum á hinum einstöku greinum þess, er nú skal greina:

1. 4. gr. Fyrir orðin: »rennur hann þá aptur í landsjóð« komi: greiðist hann þá eigi úr landsjóði.
2. 6. grein orðist þannig: Það er tilgangur og verkefni kennslustofnananna að vera fyrirmynd í búskap og innræta ungum mönnum búfræðislega þekkingu, er samfara sje verklegri æfingu og atorku í öllum þeim greinum, er að landbúnaði lúta.
3. 8. gr. Fyrir orðin: »en amtsráð« og til enda fyrri málsgreinar komi: en landshöfðingi staðfestir þær, þá er hann hefur leitað álits hlutaðeigandi amtsráðs.
4. Síðari málsgrein orðist þannig:

   Umsjón með stofnunum hafa sýslunefndir á hendi, yfirumsjón amtsráð og æðstu umsjón landshöfðingi.

Alþingi, 9. ágúst 1887.

B. Sveinsson, form. og framsögumaður. Sigurður Stefánsson, skrifari. Þórarinn Böðvarsson. Þorvarður Kjerulf.

Jeg undirskrifaður held mig til míns ágreiningsatkvæðis.

Þorlákur Guðmundsson.

Jeg get ekki verið samdóma hinum heiðraða meiri hluta nefndarinnar með að samþykkja frumvarpið, eins og það liggur fyrir, eða þá með breytingum, þó svo væri, sem ekki eru líkur til, að málið hefði nægan tíma til að ganga fram á þessu þingi, — saga þessa máls er, eins og meiri hlutinn tekur fram, ekki ný, heldur frá ráðgjafarþingunum, — og síðan að vjer fengum löggjafarvald, og þar með fjárforráð, hefur margt verið ritað og rætt um málið, og ýmsar tilraunir gjörðar til að koma búnaðarskólum á fót, og hafa sumar þeirra algjörlega fyrirfarist til þessa, t. a. m. eins og með búnaðarskólann á Hvanneyri. Nú er þó svo komið að til eru 3 búnaðarskólar í landinu.

Skólinn í Ólafsdal er einstaks manns eign, það liggur því beint við, að þegar sá maður, sem nú á jörðina Ólafsdal, og alla áhöfn á henni, hættir af einhverjum ástæðum að halda þessum skóla uppi, þá verður hann ekki lengur til; ávextir af því fje, sem til hans hefur verið lagt, verður þá einungis sú þekking, sem þeir menn hafa fengið, sem þar hafa lært, en amtið sem skólinn liggur í, eða þá landið, á þar ekki lengur skóla eða nein skólaáhöld. Þetta fyrirkomulag sýnist að vera mjög viðsjárvert, ef það væri víða stofnað svo.

Þá er Hólaskólinn og það er kostur við hann, að þar er fengin jörð, sem 2 sýslufjelög eiga með, og sem getur framfleytt miklum búskap, og staðið til mikilla bóta; það

er því ástæða til að vænta, að þar muni búnaðarskólastofnun halda áfram að vera til, ef hyggilega er fyrir sjeð. Samt er það ljóst af því, sem fyrir liggur um þennan skóla, að slíkar stofnanir geta ekki myndast, og því síður haldið áfram með nokkrum þrifnaði, nema að þær fái mikið fje árlega, fyrir utan það, sem skólabúið gefur af sjer.

Um skólann á Eyðum verður ekki neitt sagt eins og nú stendur, og hann á ekki vissa von á miklu fje úr landsjóði, enda alveg óvíst um framtíð hans; sú reynzla, sem hjer er fengin í þessu efni, er nóg til þess að sýna, að hjer þarf að fara varlega í sakirnar, ekki sízt eins og árferði hefur verið, og efnahagur landsmanna stendur nú.

Það verða því mínar tillögur, að ráða þingdeildinni frá, að samþykkja frumvarpið og það með fleiru af því, að jeg álít að þetta mál ætti að leggjast fyrir sýslunefndir og svo amtsráð til álita, hvern veg því verði heppilegast skipað með lögum.

Alþingi 9. ágúst 1887.

Þorlákur Guðmundsson

Nd. **298. Nefndarálit**

um frv. til laga um friðun á laxi.

Vjer undirskrifaðir, sem hin háttvirta Nd. alþingis kaus í nefnd til að íhuga frv. til laga um friðun á laxi, höfum rætt með oss frv. þetta, og leyfum vjer oss að lýsa því yfir, að vjer erum samþykkir frumvarpinu að öllu aðal-efninu til. Vjer álítum að það innihaldi ýms ákvæði, sem ekki standa í hinum eldri lögum, en eru þó alveg nauðsynleg laxinum til friðunar, og til þess að veiðinni verði hagað á þann hátt, að öllum þeim, er veiði eiga í einni á, megi verða sem mestur arður að. Nefnum vjer til þess ákvæðin í 2. gr. og 3. gr. Vjer viljum því ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja frv. með breytingum þeim, er vjer látum hjer með fylgja. Við 1. gr. höfum vjer bætt ákvæði því, er stendur í lögum 19. febr. 1886, um 36 stunda friðun í hverri viku, og álítum vjer það ákvæði alveg nauðsynlegt, þótt vjer játum, að í sumum vötnum geti orðið ærið erfitt að koma því við. Til þess að ráða bót á þeim vandkvæðum, höfum vjer í enda 1. gr. gjört undantekning, þar sem króknetaveiði er við höfð í stórvötnum, enda álítum vjer að með því ákvæði, sem vjer höfum þar sett, sje lax jafn-friðaður, sem netin væri alveg tekin upp. Hin önnur aðalbreyting, sem vjer ráðum til, er sú, að 8. gr. falli burt, og byggjum vjer þá tillögu vora á því, að hversu æskilegt, sem það er að koma á eptirliti því, sem þar er gjört ráð fyrir, virðist oss það mundi bæði erfitt, að fá menn til að hafa slíkt eptirlit á hendi, og óviðurkvæmilegt að leggja mönnum á herðar skyldu, sem hefur talsverð ómök og kostnað í för með sjer, alveg borgunarlaust.

Aðrar breytingar, sem vjer höfum gjört, eru að eins orðabreytingar eða ákvæði sem miða til að skýra betur meiningu og tilgang frumvarpsins.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um friðun á laxi.

1. gr. orðist þannig:

Eigi má lax veiða í sjó, ám eða vötnum á nokkurn hátt, nema 3 mánuði af sumri hverju. Þó má á öllum tímum árs veiða lax til vísindalegra þarfa og laxaklaks. Sýslu-nefnd eða -nefndir skulu í hjeraði hverju setja fastar reglur um, eða ákveða, hvenær veiðitími skuli byrja og enda, eptir að hafa kynnt sjer með beztu

manna ráði, hvernig ám og vötnum er háttað og laxgöngu í þeim hjeruðum er í hlut eiga.

Á þessum veiðitíma skal þó lax friðaður 36 stundir í viku hverri, frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum. Skulu þá laxanet tekin upp og fastar veiðivjelar standa opnar, svo lax hafi frjálsa göngu. Í stórvötnum, þar sem veitt er með króknetum, skal það nægja, að ásinn sje úr þeim tekinn og oddinn bundinn saman.

2. gr. óbreytt.

3. gr. Fyrri málsgrein orðist þannig:

„Eigi má leggja net eða veiðivjel úti fyrir ósamynnum, í stöðuvötn eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð. Ádráttarveiði má við hafa í ám og vötnum 4 stundir á sólarhring, þó eigi í árósum eða svo nálægt þeim, að laxaför upp eptir ánni hindrist nema með útfalli sjávar. Þar sem lax bíður til hrygningar, má ekki við hafa ádráttarveiði, hvorki með netum nje öðrum veiðarfærum, er geta raskað botni fljótanna.

Sýslunefndir skulu ákveða, hvenær og hvar ádráttarveiði megi við hafa, eptir því sem til hagar á hverjum stað".

Úr síðari málsgrein falli burt:

a) samkv. 1. gr.

b) „Á öllum ársins tímum — laxaklaks".

4. gr. óbreytt.

5. gr. Fyrir: „mega eigi tvöföld vera" komi: „skulu að eins einföld vera".

6. gr. óbreytt.

7. gr. Aptan við greinina bætist:

„Hreppstjóri skal skyldur að sjá um, að þær reglugjörðir og lög þessi verði öllum kunn í hreppi hans, er hlut eiga að máli, og lesa þau árlega upp á vorhreppafundi".

8. gr. falli burt.

9. gr. (verður 8. gr.).

Síðari málsgrein orðist þannig: „Sektir eptir lögum þessum renna að helmingi í fátækrasjóð hrepps þess, er brotið er framið í og að helmingi til uppljóstarmanns. Svo fer og um andvirði ólöglegra veiðarfæra og veiðifangs".

10. og 11. gr. óbreyttar (greinatalan breytist).

Alþingi, 9. ágúst, 1887.

Árni Jónsson,	Benedikt Sveinsson.	Páll Ólafsson,
formaður og framsögumaður.		skrifari.

Ed. **299. Breytingartillaga**

við viðaukatillögu (288) við frv. til viðaukalaga við lög um horfelli á skepnum 12. jan. 1884. — Frá nefndinni og L. E. Sveinbjörnsson.

Að í greininni í stað orðanna: „þóknun eptir reikningi, er sýslunefnd úrskurðar" komi: „þóknun, er sýslunefnd kveður á um".

Ed. **300. Nefndarálit**

í málinu: „Frv. til laga um vegi".

Þótt vegalög þau, er vjer nú höfum, eigi sjeu gömul og eptir atvikum

megi teljast góð og hagfelld lög, vanta samt í þau ýms ákvæði, sem reynslan hefur þegar sýnt að þörf er á. Frumvarp það, sem hjer ræðir um, ræður bót á þessu um leið og það tekur upp hin eldri vegalög, og ætlar nefndin að í því sje fólgin veruleg rjettarbót, ef það verður að lögum. Hún leyfir sjer þess vegna að leggja það til, að hin háttvirta deild samþykki frumvarp þetta með breytingum á nokkrum ákvæðum þess, er virðast eiga heima í reglugjörð eða koma í bága við skipun sveitastjórna eptir tilskipun 4. maí 1872.

Breytingar þær, sem nefndin leggur til að gjörðar sjeu, eru þessar:

Við 3. gr. 3. málsgrein: 1. Á undan orðinu „amtsráða", bætist inn í: „yfirumsjón".

2. Orðin: „en gjörðir — — landshöfðingja" falli burt".

Við 5. gr. Orðin: „svo og — — skuli fram fara" falli burt.

Við 6. gr. Seinni málsgreinin falli burt. („Skal" — og til enda greinarinnar).

Við 8. gr. Grein þessi falli burt og greinatalan á eptir breytist eptir því.

Við 10. gr. Grein þessi falli burt, og greinatalan breytist eptir því.

Við 11. gr. 1. Í staðinn fyrir: „landshöfðingi" komi: „amtsráð".

2. Orðin: „eptir að hafa" og til enda greinarinnar falli burt.

Við 12. gr. 1. Í staðinn fyrir: „kr. 1,50" komi: „½ dagsverk".

2. Tvær seinni málsgreinarnar orðist svo: „Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir lok marzm. senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í hreppnum á þeim aldri, sem nú var sagt, og skal sýslumaður eptir því ákveða, hve mikið tillag hver hreppur eigi að greiða. Gjald þetta skal tekið af sveitarsjóðnum og greitt sýslumanni á manntalsþingum, og leggur hreppsnefnd gjaldið á hreppsbúa eptir sömu reglum og aukaútsvar (til fátækra).

Við 14. gr. Aptan við greinina bætist: „sbr. 7. gr."

Við 15. gr. 1. Í staðinn fyrir: „fyrir lok árs hvers" komi: „ár hvert".

2. í staðinn fyrir: „landshöfðingja" komi: „amtsráði".

3. Orðin: „það ár" falli úr.

Við 16. gr. Seinni málsgreinin falli burt.

Við 17. gr. Í staðinn fyrir: kr. „1,50" komi: „svo mikið í peningum, sem nemi hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá".

Við 18. gr. Síðasta málsgrein falli burt.

Við 20. gr. 1. Eptir orðin: „og að auk" komi: „nema forföll hafi bannað".

2. Eptir: „1—5 kr." komi: „sekt".

Við 21. gr. Orðin: „að minnsta kosti" bætist inn í á undan orðunum: „vera 3 álna breiðir".

Á undan 24. grein frumvarpsins komi ný grein svo orðuð: „Brýr skal gjöra yfir ár og læki þar sem þörf er á, þegar efni og kringumstæður leyfa". Við það breytist tala greinanna á eptir.

Við 25. gr. Seinni málsgreinin falli burt.

Við 29. gr. 1. Orðin: „og dæma" falli burt.

2. Í staðinn fyrir: „opinber" komi: „almenn"

Efri deild alþingis, 8. ágúst, 1887.

Benedikt Kristjánsson, framsögumaður og skrifari. J. Havsteen, formaður. E. Th. Jónassen. Sighv. Árnason.

Skúli Þorvarðarson.

Nd. **301. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. Kafli

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1888 og 1889 telst svo til, að tekjur Íslands verði 814,600 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 510,400 kr.:

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	20,000	20,000	40,000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	3,200	3,200	6,400
3. tekjuskattur	10,000	10,000	20,000
4. aukatekjur	22,000	22,000	44,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. gjöld af fasteignasölum	1,000	1,000	2,000
7. vitagjald	5,000	5,000	10,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	35,000	35,000	70,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	90,000	90,000	180,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	18,000	18,000	36,000
12. tekjur af póstferðunum	18,000	18,000	36,000
13. óvissar tekjur	3,000	3,000	6,000
	255,200	255,200	510,400

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 61,000 kr.:

		1888	1889	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Afgjöld af jarðeignum landsjóðs, alls	40,000 kr.			
að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls	10,000 —	30,000	30,000	60,000
2. Tekjur af kirkjum		500	500	1,000
	samtals ...	30,500	30,500	61,000

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar að nemi 67,000 kr.:

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	33,500	33,500	67,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1888 22,849 kr. 61 a.			
- — 1889 22,043 — 88 -			
44,893 kr. 49 a.			
samtals ...	33,500	33,500	67,000

Af láni til Staðarbyggðarmýra greiðist að eins 4% á ári í leigu af hinni upphaflegu upphæð.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Það sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.....	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna.....	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.....	2,000	2,000	4,000
samtals ...	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 167,000 kr.:

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	24,500	22,500	47,000
samtals ...	84,500	82,500	167,000

2. kafli.
Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1888 og 1889 veitast til útgjalda 846,562 kr. 84 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—17. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1888: 12,400 kr., og árið 1889: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 338,158 kr. 84 a.

		1888		1889		alls.	
		kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.
A.							
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:							
1. Laun embættismanna		19,016	66	19,100		38,116	66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.		3,800		3,800		7,600	
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	2500 kr.						
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda	500 —	3,000		3,000		6,000	
		25,816	66	25,900		51,716	66
B.							
Dómgæzla og lögreglustjórn:							
1. laun:							
a. til dómara og sýslumanna		70,525	09	70,525	09		
b. til hreppstjóra		6,000		6,000			
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400		1,400			
3. til hegningarhússins og fangelsanna:							
a. laun umsjónarmannsins ... 800 kr. viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann ... 200 —	1,000 kr.						
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —						
—— —— lækni	60 —						
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —						
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —						
þvottur	30 —						
til eldiviðar og ljósa	520 —						
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —						
til þess að útvega verkefni	500 —						
ýmisleg útgjöld	150 —						
	4,215 —						
arður af verkum talinn	615 —						
	3600 —						
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 —	3,700		3,700			
4. önnur útgjöld:							
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	1600 —						
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn	20 —						
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	40 —						
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	60 —						
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	1,000 —						
f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —	3,020		3,020			
		84,645	09	84,645	09	169,290	18
	flyt	.....		.....		221,006	84

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar			221,006 84
C.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir .... 1,591 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum ..... 150 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri 40 kr. fyrir örkina .... 600 —			
2,641 —			
Borgun fyrir seld eintök, á 1 kr. hvert, er dregst frá ..... 150 —	2,491	2,491	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	1,200	1,200	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	1,600	1,600	
4. Styrkur til eflingar búnaði:			
a. til búnaðarskólans í Ólafsdal ..... 2,500 kr.			
b. — —— á Hólum ..... 4,000 —			
c. — —— á Eyðum og til búnaðarfjelaga ..... 6,500 — Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða.			
d. til sýslufjelaga og bæjarstjórna ... 7,000 — Landshöfðingi úthlutar fje þessu að hálfu eptir fólksfjölda, og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða.	20,000	20,000	
5. a. Til að útvega vegfróðan mann til að ferðast um landið og ákveða, hvar helztu vegi skuli leggja ..... 1888 — 1889 3,000kr. 3,000kr.			
b. Til að bæta vegi á aðalpóstleiðum .... 15,000—			
c. Til að bæta aðalpóstleiðina frá Hvalfirði upp í Norðurárdal ..... 15,000—			
d. Til annara vega ..... 2,000— 2,000—	20,000	20,000	
6. Til gufuskipaferða	9,000	9,000	
flyt	54,291	54,291	221,006 84

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	54,291	54,291	221,006 84
Fje þetta útborgast eigi nema nákvæmlega sje farið eptir ferðaáætlun þeirri, er alþingi samþykkir, að því leyti sem hafís eða óumflýjanleg forföll eigi banna, og að útgjörðarmenn skipsins hafi varnarþing á Íslandi.			
7. Til vitans á Reykjanesi:			
a. til launa vitamannsins ..... 1,200 kr.			
b. til eptirlits með vitanum ..... 60 —			
c. til að kaupa olíu .... 1,200 —			
d. — — — lampakveiki o. fl. ... 150 —			
e. — — — steinkol .... 120 —			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum 200 —			
g. eptirgjald eptir lóðina ..... 30 —	2,960	2,960	
h. til að kaupa geymsluhús í Höfnunum	150		
8. Til vörðuvita	500	500	
9. til ferðakostnaðar samkvæmt lögum 2. nóvbr. 1877, 3. gr.	600	600	
10. Til aðgjörðar á Vestmanneyjakirkju	300		
	58,801	58,351	117,152
samtals			338,158 84

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 93,644 kr.:

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Laun	38,998	38,998	77,996
2. Styrkur til 5 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði og Arnarfirði, — til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið	5,000	5,000	10,000
3. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. —— — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa ..... 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna .... 1,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum 200 —	2,824	2,824	5,648
samtals	46,822	46,822	93,644

12. gr. Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 63,000 kr.

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Laun:			
a. handa póstmeistaranum ..... 2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum ..... 4,000 —			
c. — brjefhirðingarmönnum ..... 1,750 —	8,150	8,150	16,300
2. Póstflutningur	21,000	21,000	42,000
3. Önnur útgjöld:			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans ..... 1000 kr.			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi $1\frac{0}{00}$, um ..... 200 —			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama ..... 200 —			
d. fyrir prentun á ýmsu ..... 200 —			
e. til áhalda ..... 500 —			
f. 1 brjefberi í Reykjavík ..... 50 —			
g. óviss útgjöld ..... 200 —	2,350	2,350	4,700
samtals ...	31,500	31,500	63,000

13. gr. Til kirkju og kennslumála veitast 215,120 kr.:

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun	8,432	8,432	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,000	10,000	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum þaraf til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið.	3,500	3,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600	600	
4. bráðabirgðaruppbót á Gufudals-prestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi (greiðist því að eins, að sjerstakur prestur komi til brauðsins)	200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
	25,732	26,232	
flyt			51,964

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
B. fluttar ...			51,964
Kennslumálefni:			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,000	9,000	
b. önnur útgjöld:			
	1888	1889	
1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	1,600 kr.	1,600 kr.	
2. 3 ölmusur	600 —	600 —	
3. til tímakennslu ...	100 —	100 —	
4. til bókakaupa.....	300 —	300 —	
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —	
6. til umsjónar	100 —	100 —	
7. ýmisleg útgjöld ...	200 —	200 —	
	3,000	3,000	
	12,000	12,000	24,000
II. Til læknaskólans:			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld:	1888	1889	
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor	400 kr.	400 kr.	
2. eldiviður ljós og ræsting	120 —	120 —	
3. til bókakaupa og verkfæra	300 —	300 —	
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —	300 —	
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum	480 —	480 —	
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —	
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik allt að	100 —	100 —	
8. ýmisleg útgjöld	100 —	100 —	
	1,900	1,900	
	5,100	5,100	10,200
flyt			86,164

	fluttar	1888 kr. a.	1889 kr. a.	alls. kr. a.
				86,164
III. Til hins lærða skóla:				
a. laun		18,200	18,200	
b. aðstoðarfje:				
handa Páli Melsted sem kennara í sögu	1,800 kr.			
handa söngkennaranum	600 —			
— fimleikakennaranum	700 —			
— dyraverði	1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	300 —	4,400	4,400	
c. önnur útgjöld:				
1. til bókasafns skólans	600 —			
2. til eldiviðar og ljósa	1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan	1,000 —			
4. til tímakennslu	1,100 —			
5. ölmusur, 7500 kr. fyrra árið, 7000 kr. síðara árið				
6. þóknun handa lækni	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	1,000 —			
8. fyrir prestsverk	48 —			
9. til vísindalegra áhalda	400 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 —	13,048	12,548	
		35,648	35,148	70,796
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun		6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:				
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 —			
3. til skólahússins utan og innan	200 —			
4. ýmisleg útgjöld	400 —	1,500	1,500	
		8,100	8,100	16,200
V. Til annarar kennslu:				
a. Til kvennaskóla:				
1. Til kvennaskólans í Reykjavík 1500 kr. þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr. Skóli þessi standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna.				
	flyt 1500 kr.			173,160

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar 1500 kr.			173,160
2. Til kvennaskólans á Ytri-Ey... 700 —			
3. — —— — Laugalandi 700 —			
4. — kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi til skiptis milli þeirra eptir nemenda fjölda 1400 —	4,300	4,300	
b. 1. Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum..... Styrkur þessi skiptist milli barnaskólanna eptir nemenda fjölda og veitist með því skilyrði, að þeir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.	2,500	2,500	
2. Til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers... Styrkur þessi skiptist eptir nemenda fjölda og veitist með því skilyrði, að kennslunnar njóti að minnsta kosti 10 börn í 3 mánuði.	2,500	2,500	
c. Til alþýðuskóla:			
1. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg ..... 2500 kr.			
2. — skólans í Hljeskógum ..... 500 —	3,000	3,000	
d. Til kennara í organslætti og sönglist, og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000	1,000	
e. Til kennslu í stýrimannafræði:			
1. Til kennara og húsnæðis í Reykjavík ..... 800 kr.			
2. — kennslu annarstaðar..... 1000 kr.	1,800	1,800	
	15,100	15,100	30,200
C.			
1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:			
	1888. 1889.		
a. laun bókavarðar	1200 kr. 1200 kr.		
b. til aðstoðar við útlán og niðurröðun bóka.....	500 — 500 —		
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga ...	100 — 100 —		
d. Til þess að semja skrá yfir bækur og handrit...	400 — 400 —		
e. Til þess að kaupa bækflyt	2200 — 2200 —		203,360

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar 2200 — 2200 —			203,360
ur og handrit og fyrir bókband ..... 1200 — 1200 —			
f. Til eldiviðar og áhalda m. m..... 400 — 400 —			
g. brunabótagjald fyrir safnið..... 100 — 100 —	3,900	3,900	
2. Til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi	400	400	
3. Til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
4. Til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 200 —			
c. til rannsóknar fornmenja..... 1,000 —	2,200	2,200	
5. Til fornleifafjelagsins	300	300	
	7,800	7,800	15,600
samtals			218,960

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 60,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr. og til ekkjufrúar G. Brynjúlfssonar 150 kr.; til sjera Árna Böðvarssonar 100 kr., til sjera Þórðar Thorgrímsens 50 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a.; til fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 800 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast 4,200 kr.

1. Styrkur til kennara Þ. Thóroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1000 kr. hvort árið . 2,000 kr.
2. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 800 kr. á ári . . . . . 1,600 —
3. Styrkur til búfræðings Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 12 arkir að stærð, 25 kr. fyrir örkina, 300 kr. á ári . . . . . 600 —

4,200 kr.

17. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

18. gr. Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum, og sem fyrst um sinn er áætlað að verði 31,962 kr. 84 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

19. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **302. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um húsmenn eða þurrabúðarmenn. — Frá nefndinni.

1. Við fyrirsögnina orðin: „húsmenn eða“ falli burt.
2. — 1. gr. Aptan við staflið b. bætist:
   Þó má gjöra undantekning frá þessu með samhljóða atkvæðum allra hreppsnefndarmanna.
3. — 4. gr. Fyrir: „skal rækta hana og girða á hverju ári, og hafa fullræktað og girt hana“ komi: skal hafa ræktað hana og girt.
4. — 6. gr. Orðið: „einstakar“ falli burt.

Nd. **303. Frumvarp**

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1884 og 1885. Eptir 2. umr. í Nd. (Um-prentað, sbr. Nr. 283).

		Fjárveiting	Reikningur.
	I. Tekjur:	kr. a.	kr. a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	75,000 »	78,652 91
2.	Húsaskattur	4,800 »	8,049 97
3.	Tekjuskattur	26,000 »	34,482 37
4.	Aukatekjur	38,000 »	44,712 38
5.	Erfðafjárskattur	5,000 »	8,256 33
6.	Gjöld af fasteignasölu	1,300 »	2,471 87
7.	Vitagjald	10,000 »	9,298 98
8.	Metorðaskattur	32 »	16 »
9.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	2,800 »	4,806 75
10.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi að frá dregnum 2% í innheimtulaun	72,000 »	57,456 85
11.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frá dregnum 2% í innheimtulaun	250,000 »	300,596 05
12.	Aðflutningsgjald af tóbaki að frá dregnum 2% í innheimtulaun	36,000 »	34,440 48
13.	Tekjur af póstferðum	27,000 »	35,883 60
14.	Óvissar tekjur	2,000 »	19,409 09
15.	Tekjur af fasteignum landsjóðs að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	60,000 »	64,998 81
16.	Leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu	3,600 »	2,700 »
17.	Tekjur af kirkjum	1,000 »	853 75
18.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs Borgað upp í lán, veiting: 22,022 kr. 45 a., reikningur: 63,116 kr. 58 a.	60,000 »	64,819 34
19.	Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	7,500 »	7,770 97
20.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	6,000 »	3,945 83
21.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000 »	7,701 84
22.	Tillag úr ríkissjóði	183,000 »	183,000 »
23.	Spítalagjald	» »	1,003 62
	alls ...	875,032 »	975,327 79

II. Gjöld:	Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800 »	26,800 »
2. Til alþingis 1885 og kostnaður við yfirskoðun landsreikninganna	33,600 »	35,376 60
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	52,200 »	45,352 94
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,072 38	168,985 01
C. Ýmisleg útgjöld	136,460 »	137,319 57
4. Til útgjalda við læknaskipunina	84,748 »	80,266 98
5. Til útgjalda við póststjórnina	55,800 »	60,779 73
6. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	55,490 38	59,687 25
B. Til kennslumálefna	140,128 »	134,688 99
C. Ýms útgjöld	11,800 »	11,788 »
7. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	10,000 »	13,823 21
8. Eptirlaun og styrktarfje	50,000 »	52,670 03
9. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	15,400 »	13,673 78
10. Til óvissra útgjalda	4,000 »	4,392 59
11. Eptirlaun prestsekkna	» »	2,081 86
12. Fjáraukaveitingar	9,477 31	7,681 16
13. Afgangur	27,533 24	119,960 09
alls ...	884,509 31	975,327 79

Innstæða viðlagasjóðs 31. desbr. 1885 . . . . . kr. 964781,13
Peningaforði landsjóðs 31. desbr. 1885 . . . . . — 113875,69
Tekju-eptirstöðvar landsjóðs 31. desbr. 1885 . . . — 63824,19

Ed. **304. Nefndarálit**

í málinu um verzlun lausakaupmanna. Eptir 3. umr. í Nd.

Enda þótt nefndinni ekki allskostar líki breytingar þær, sem hin háttvirta Nd. hefur gjört, þá vill hún þó eptir atvikum ráða hinni háttvirtu Ed. til að samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það liggur fyrir.

Í efri deild alþingis, 10. ágústm. 1887.

B. Kristjánsson, formaður og framsögumaður. Jón Ólafsson, skrifari. J. Havsteen.

Ed. **305. Viðaukatillögur**

við frv. til laga um sölu þjóðjarða (296). Eptir 2. umr. í Ed. — Frá Jóni Ólafssyni, Jakob Guðmundssyni, Bened. Kristjánssyni, L. E. Sveinbjörnsson og E. Th. Jónassen.

Á eptir 6. gr. bætist inn ný grein (hin 7.) svo hljóðandi:

»Jarðir þær, sem landsjóður selur eptir þessum lögum, mega aldrei, hvorki við arf nje sölu, skiptast í smærri hluti en svo, að svari til 50 kr. eptirgjalds, eptir því sem jörðin var matin, er landsjóður seldi hana«.

Aptan við frumvarpið bætist ný grein:

»Fje það, sem greiðist upp í andvirði þjóðjarða, skal leggja í sjerstakan sjóð. Reglur um meðferð hans skal setja með almennum lögum«.

Ed. **306. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um aðför. Eptir 3. umræðu í Nd.

Nefnd sú, sem sett hefur verið í hinni háttvirtu efri deild þingsins, til þess að rannsaka þetta mál, hefur nú íhugað þá einu breytingu, sem gjörð hefur verið í hinni háttvirtu neðri deild á frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir, og sem er sú, að aptan við 36. gr. bætist: «Þó skal slík leit vera byggð á rökstuddum úrskurði».

Nefndin er að vísu á þeirri skoðun, að viðauki þessi sje óþarfur, en á hinn bóginn spillir hann eigi til, eða hann er með öðrum orðum saklaus, og getur nefndin þess vegna lagt það til, að hin háttvirta efri deild samþykki frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir.

Í efri deild alþingis, 10. ágúst 1887.

J. Havsteen,	Jón Ólafsson.	Skúli Þorvarðarson,
formaður og framsögumaður.		skrifari.

Ed. **307. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1884 og 1885, veitast 7457 kr. 80 a. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í eptirfarandi 2.—6. gr.

2. gr. Sem viðbót við upphæðina í 10. gr. C. 10., til að gefa út „Lovsamling for Island", veitast 700 kr.

3. gr. Sem viðbót við upphæðirnar í 12. gr. til útgjalda við póststjórnina veitast:

undir 2. lið, til póstflutninga

1884	986 kr.	61 a.
1885	2,245 —	60 —

undir 3. lið, til annara útgjalda

1884	976 —	72 —
1885	748 —	76 —
	4,957 kr.	69 a.

4. gr. Sem viðbót við upphæðirnar í 13. gr. til kirkju- og kennslumála veitast:

undir lið B. I. b. 7. ýmisleg útgjöld við prestaskólann 1885 46 kr. 62 a.

undir lið B. III. c. 4. til tímakennslu við hinn lærða skóla árið 1885 67 kr. 95 a.

5. gr. Sem viðbót við upphæðirnar í 16. gr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast:

undir lið 5. til eflingar laxveiði og laxræktar 1,292 kr. 95 a.

6. gr. Sem viðbót við upphæðina í 17. gr. til óvissra útgjalda veitast kr. 392,59.

Ed. 308. Tillögur

yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1884 og 1885. — Eptir síðari umr. í Nd.

Alþingi ályktar:

1. Að reglugjörð 13. febrúar 1873, 5. gr., sje sjerstaklega brýnd fyrir reikningshöldurum, og reglugjörðinni yfir höfuð beitt með fullum strangleik.
2. Að skýrsla um búenda tölu í hverjum hreppi og sýslu landsins, þeirra er búa á 5 hundruðum í jörðu eða þar yfir, fylgi landsreikningnum árlega.
3. Að brunabótatrygging landsbókasafnsins sje hækkuð úr kr. 22000,00 til kr. 50000,00.
4. Að ávísanir á verzlunarhús í Kaupmannahöfn verði því að eins teknar sem gild borgun upp í tekjur landsjóðs, að þær sjeu stílaðar upp á borgun við sýningu.
5. Að gjaldheimtumönnum landsjóðs verði veitt heimild til, að taka gildar upp í landsjóðstekjur ávísanir á landsbankann.
6. Að vottorð þau, er hinn umboðslegi endurskoðandi ritar á fylgiskjölin við tekjuhlið landsreikningsins, sjeu eptirleiðis orðuð eins og hann hefur stungið upp á í brjefi 28. janúar 1887.
7. Að fram fylgt sje þeim rjetti, er landsjóður kynni að hafa til skaðabóta frá yfirboðurum fyrrum sýslumanns og bæjarfógeta C. Fensmarks fyrir eptirlitsskort með embættisrekstri hans.
8. Að ferðakostnaður sýslumannanna í Eyjafjarðar, Norðurmúla og Suðurmúla sýslum með herskipinu »Diana« sumarið 1884, að upphæð kr. 144,00, sem er út borgaður án lagaheimildar, sje dreginn frá óvissum útgjöldum í sama reikningi.

Ed. 309. Frumvarp

til laga um þurrabúðarmenn. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Frá þessum tíma má enginn gjörast þurrabúðarmaður, nema hann fullnægi þessum skilyrðum:

a. að hann sanni fyrir hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem hann vill setjast að, með vottorðum tveggja skilríkra manna, að hann sje reglumaður og ráðdeildarsamur.

b. að hann sanni á sama hátt, að hann eigi, auk alls klæðnaðar fyrir sig og sitt skuldalið, skuldlausa fjármuni í peningum eða öðrum fjemætum munum, er nemi að minnsta kosti 400 kr. fjárhæð. Þó má gjöra undantekning frá þessu með samhljóða atkvæðum allra hreppsnefndarmanna.

2. gr. Sá, sem vill gjörast þurrabúðarmaður, skal skriflega biðja sjer byggðarleyfis hjá hreppsnefnd í hreppi þeim, þar sem hann vill setjast að. Skal hreppsnefndin vandlega athuga öll skjöl og skilríki beiðanda; þyki henni ástæða til, getur hún neitað um leyfið, en gefa skal hún skriflegar ástæður fyrir neituninni, og er beiðanda þá heimilt, að skjóta máli sínu til hlutaðeigandi sýslunefndar, sem leggur endilegan úrskurð á málið á næsta fundi sínum.

3. gr. Enginn má byggja þurrabúðir utan kaupstaðar og verzlunarstaðar, hvort sem henni fylgja sjerstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum:

a. að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minnsta kosti sje 400 ferhyrningsfaðmar að stærð að meðtöldum matjurtagarði, sem byggja skal og rækta við hverja þurrabúð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni.

b. að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau sjeu viðunanlega loptgóð og hlý, eptir dómi skilríkra manna.

c. að þurrabúðin sje afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

4. gr. Þurrabúðarmaður sá, sem tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 5 ára; vera skal hann eptirgjalds-frí þessi ár.

5. gr. Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávallt byggð um 5 ár. Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbrjef, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, rjettindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal þurrabúðin þá álítast byggð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt, og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

6. gr. Þegar ábúandaskipti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu með fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, útmælingu lóðar, ræktun, úttekt og bygging; þó má sýslunefnd eptir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar gjöra undantekningar viðvíkjandi stærð á lóð þurrabúðar.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varða 1—100 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð.

8. gr. Rjett er að sýslumaður ákveði sektir þær, sem settar eru í lögum þessum, nema því að eins að sá, er hlut á að máli, óski heldur að málinu sje vísað til dóms. Nú er málinu vísað til dóms, og skal þá fara með það sem almennt lögreglumál.

Ed. **310. Frumvarp**

til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóði handa heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki.

2. gr. Sjóði þessa skal stofna á þann hátt, að allir karlar og konur, sem eru fullra 20 ára og ekki yfir 60 ára, og eru hjú, þar á meðal börn hjá foreldrum, sömuleiðis þeir, sem leyst hafa lausamennskubrjef eður að lögum hafa lausamennskuleyfi og geta stundað nýtilega atvinnugrein, skulu greiða á ári hverju, karlmaður 1 kr. og kvennmaður 30 a. Þó skulu undanþegnir gjaldi þessu þeir, sem fyrir ómaga eða ómögum hafa að sjá, sem og þeir, er fyrir heilsubrest eða af öðrum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi; sömuleiðis þeir, sem á einhvern hátt hafa tryggt sjer fje til framfærslu eptir að þeir eru orðnir 65 ára að aldri.

3. gr. Gjald þetta greiðist fyrir hvert liðið vistarár, á þann hátt, að hver húsráðandi inni gjaldið af hendi fyrir alla, er þeir í húsum hafa og gjaldskyldir eru, en rjett er þeim að halda eptir af kaupgjaldi hjúa sinna, það sem þeir hafa borgað fyrir þau.

4. gr. Hreppsnefndir skulu fyrir lok aprílmánaðar ár hvert senda viðkomandi hreppstjóra skýrslu um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum eptir lögum þessum, en í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar, og senda þær fyrir sama tíma til oddvita bæjarstjórnarinnar; gefa

skal hlutaðeigendum kost á, að kynna sjer skýrslur þessar fyrri hluta maí-mánaðar.

5. gr. Nú álítur einhver sig ranglega talinn á gjaldskrám, er honum þá rjett að kæra það mál fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er hefur fullnaðarúrskurð í því.

6. gr. Bæjarfógetar og hreppstjórar skulu svo eptir skrám þessum innheimta gjaldið á framtalsþingum á vorum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum hreppsnefndaroddvitar, koma fje þessu á vöxtu í sjóði, sem ávaxta almannafje.

7. gr. Hið árlega gjald leggst í 10 ár samfleytt allt við höfuðstólinn ásamt öllum vöxtum, en frá þeim tíma leggst það að eins hálft við höfuðstólinn og hálfir vextirnir, en hinum helmingnum af hinu árlega gjaldi og vöxtunum, skal árlega úthluta; skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir úthluta upphæð þessari heilsulitlum eða ellihrumum fátæklingum, sem heimili eiga í sveitarfjelaginu og eigi þiggja sveitarstyrk, án tillits til hvar þeir eiga framfærslusveit.

8. gr. Í kaupstöðum skulu bæjarstjórnir senda amtmanni fyrir hver árslok skýrslu um hag sjóðanna og greinilegan reikning, er amtmaður úrskurðar; samskonar skýrslu og reikning senda hreppsnefndir til oddvita sýslunefndanna, en sýslunefndin öll úrskurðar reikningana.

9. gr. Þyki amtmanni eða sýslunefnd nokkrum sjóði hætta búin undir umráðum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, getur hún tekið þau umráð af henni um stundar sakir, og verði vanskil á höfuðstól eða vöxtum, skulu hlutaðeigendur bera þar af fulla ábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn.

10. gr. Gjald þetta má taka lögtaki sem önnur bæjar- og sveitargjöld.

Ed. **311. Tillaga**

til þingsályktunar. — Eptir eina umr. í Nd.

Alþingi skorar á landstjórnina, að veita söfnuðinum í Garðsókn í Norður-Þingeyjarsýslu 600 kr. lán úr landsjóði með 4% vöxtum og 15 ára afborgun, til þess að ljúka við bygging Garðskirkju.

Nd. **312. Breytingartillaga**

við frv. til viðaukalaga við lög 29. febr. 1884, er breyta tilsk. 5. sept. 1794. — Frá Þ. Kjerulf og J. Jónassen.

Aptan við 1. gr. bætist:

Enda hafi þeir fengið vottorð prófaðs læknis um, að þeir sjeu nægilega vel að sjer í einkennafræði (diagnostik).

Nd. **313. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 veitast 12,343kr. 69 a. til gjalda þeirra, er nefnd eru í eptirfylgjandi 2.—4. gr.

2. gr. Sem viðbót við útgjöld við læknaskipunina í 11. gr. veitast:

uppbót á launum

a. hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði Hjartar Jónssonar fyrir tímabilið frá 1. nóvbr. 1876 til 31. desbr. 1887 . . . . . kr. 4397,66

b. hjeraðslæknis í 20. læknishjeraði Þorsteins Jónssonar fyrir sama tímabil . . . . . — 4397,66

c. hjeraðslæknis í 6. læknishjeraði Þorvaldar Jónssonar fyrir tímabilið frá 1. marz 1877 til 31. desbr. 1887 . . . . . — 2426,67

kr. 11221,99

3. gr. Sem viðbót við eptirlaun og styrktarfje í 15. gr. veitast:

1. Handa prestsekkju Ragnheiði Jónsdóttur sem viðbót við tekjur hennar af Vestmanneyja-brauði náðarárið eptir lát manns hennar og sem viðbót við eptirlaun hennar frá fardögum 1886 til 31. desbr. 1887, 375 kr. 95 a.

2. Ellistyrkur til fyrrum bókavarðar Jóns Árnasonar fyrir ársfjórðunginn frá 1. oktbr. til 31. desbr. 1887 200 kr.

4. gr. Til endurbyggingar Bjarnaness-kirkju 1886 veitast 545 kr. 75 a.

Ed. **314. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sölu þjóðjarða. — Frá Sighvati Árnasyni, Jóni A. Hjaltalín og Arnljóti Ólafssyni.

1. Í staðinn fyrir 1. gr. komi svo látandi grein:

»1. gr. Þá er leiguliði á þjóðeign óskar að fá keypta ábúðarjörð sína, sendir hann sýslumanni brjeflega beiðni um það; því næst kveður sýslumaður 2 valinkunna dómkvadda menn til að meta jörðina til afgjalds. Kostnaðurinn við það greiðist af landssjóði. Jafnframt þessu útvegar sýslumaður skýrslu hjá umboðsmanni, ber síðan málið upp fyrir sýslunefndinni á fyrsta fundi hennar; að því búnu sendir hann málið með öllum fylgiskjölum til amtsráðsins. Eptir að amtsráðið hefur fengið tækifæri til að yfirvega málið, og leggja því tillögur sínar, sendist það landshöfðingja. Landshöfðingi leggur málið fyrir næsta alþing á eptir«.

2. 2. gr. falli burt.

3. 3. gr. verði 2. gr. Upphaf hennar orðist þannig:

»Þegar með lögum er búið að ákveða sölu þjóðjarðar, og leiguliði gengur að kaupinu, skal hann borga $^{2}/_{10}$ hluta andvirðisins um leið og kaupin eru fullgjörð«, o. s. frv.

4. 4. gr. falli burt.

5. 5. gr. falli burt.

6. 6. gr. falli burt.

7. 7. gr. verði 3. gr. þannig orðuð:

»Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu þjóðjarðar og ákveður kaupverðið samkvæmt þeim lögum, sem þá eru sett um söluna eptir 2. gr., og gefur út afsalsbrjef fyrir jörðinni«.

8. Þar næst komi ný grein þannig orðuð:

»4. gr. Andvirði hinna seldu þjóðjarða rennur í viðlagasjóðinn«.

Nd. **315. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög um horfelli á skepnum 12. janúar 1884. -- Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Hreppstjórar og hreppsnefndir, sem vanrækja eptirlit það, sem þeim er boðið að hafa með fóðurbirgðum og húsrúmi handa skepnum samkvæmt lögum 12. jan. 1884, skulu sæta sektum frá 10—20 kr.

2. gr. Fyrir eptirlit það, er lög 12. jan. 1884 gjöra hreppstjóra og hreppsnefnd að skyldu með fóðurbirgðum og húsrúmi fyrir búpening, má veita þeim þóknun, er sýslunefnd kveður á um. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

3. gr. Nú hefur búandi orðið tvívegis sekur eptir dómi eða amtsúrskurði fyrir brot gegn tjeðum lögum, og er þá rjett, að menn, sem hreppsnefnd hefur til þess kosið, skoði skepnufóður að hausti hjá honum, og setji á hjá honum. Skal hreppstjóri vald til hafa, þegar hreppsnefndin krefst þess, að selja við uppboð gripi þá, er ásetningsmenn telja ofsetta á, ef eigandi vill eigi sjálfur lóga þeim. Andvirði hinna seldu gripa, að frá dregnum kostnaði, rennur til eigandans.

Nú hefur búandi orðið tvívegis sekur um horfelli og orðið háður ákvæðum þessarar greinar, og getur þá amtmaður eptir 3 ár leyst hann undan þeim, eptir tillögu hreppsnefndar og sýslumanns.

Ásetningsmönnum má ákveða þóknun fyrir starfa sinn; gjörir það amtmaður eptir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Þóknun þessi greiðist af hlutaðeigendum, sem skoðað er hjá og ásett.

4. gr. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu höfðuð og rekin sem almenn lögreglumál.

Nd. **316. Frumvarp**

til laga um unglingakennslu. — Flutningsmenn: Ólafur Briem og Þorvarður Kjerulf.

1. gr. Til þess að koma á fót og styrkja almenna unglingakennslu í landinu, annarstaðar en í kaupstöðum, skulu árlega veittar úr landsjóði 20,000 kr., er landshöfðingi skiptir milli sóknarfjelaganna eptir fólksfjölda.

2. gr. Fje þetta fær sóknarnefnd til umráða, og skal verja því til þess að veita unglingum kennslu í rjettritun, reikningi, sögu, landafræði, heilbrigðisfræði og uppeldisfræði.

Enn fremur sjeu unglingar látnir temja sjer líkamsæfingar, svo sem glímur, knattleiki, skautaferð og skíðaferð.

3. gr. Kennsla sú, er nýtur styrks úr landsjóði, og stendur undir umsjón sóknarnefndar, fer fram annaðhvort hjá sveitarkennara, er sóknarnefnd kýs með ráði sóknarprests, eða í skóla, er sóknarnefnd stofnar með tilstyrk hreppsnefndar. Kennslunni skal haga eptir reglugjörð, er hjeraðsfundur samþykkir.

4. gr. Það er á valdi sóknarnefnda í tveim eða fleiri sóknum, að sameina sig um eina kennslustofnun. Ef fjárstyrkur sá, er stofnunin nýtur samkvæmt 1. gr., reynist ónógur, hefur sóknarnefnd heimild til að jafna niður því, er á vantar, sem nefskatti á alla sóknarmenn, sem eru 16 ára eða eldri og sjálfbarga. Gjald þetta skal húsráðandi inna af hendi fyrir alla heimilismenn sína, en rjett er honum að halda því eptir

af kaupi hjúa sinna. Eindagi á sóknargjaldi er 31. júlí ár hvert, og má taka það lögtaki sem önnur almenn gjöld.

5. gr. Árlega skal halda próf um kunnáttu unglinga þeirra, er kennslunnar hafa notið. Prófdómendur eru sóknarprestur og safnaðarfulltrúi. Að loknu prófi semur sveitarkennari eða skólastjóri nákvæma skýrslu um kennsluna, en prófdómendur lýsa áliti sínu um kunnáttu nemenda. Skýrslur þessar sendir sóknarnefnd á hjeraðsfund áleiðis til landshöfðingja.

6. gr. Landstjórnin sjer um, að til sjeu hentugar kennslubækur í námsgreinum þeim, sem nefndar eru í 2. gr. Ef slíkar bækur þarf að semja eða gefa út, má greiða ritlaun fyrir þær úr landsjóði, svo og styrk til útgáfu bókanna, gegn því, að þær verði seldar með vægu verði.

7. gr. Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er alþingi hefur í fjárlögum veitt fje til kennslunnar.

Nd. **317. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889, eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd. — Frá Grími Thomsen, Gunnari Halldórssyni, Ólafi Pálssyni, Sigurði Jenssyni, Sveini Eiríkssyni, Þorsteini Jónssyni og Þorvaldi Bjarnarsyni.

1. Við 4. gr. í staðinn fyrir: „33500—33500—67000“ komi: 31,500—31,500—63,000.
2. — 10. — C. V. b. eptir „aðalpóstleiðum“ komi: „þar á meðal í Skaptafellssýslu“.
3. — 11. — 2., í staðinn fyrir: 1000 kr. innanstriks, komi: 1200 kr., og utanstriks 6000 — 6000 — 12000.
4. — 12. — 2., í staðinn fyrir: „21000 — 21000 — 42000“ komi: 21400—21400—42800.
5. — 13. — B. V. a. 1. Orðin í athugasemdinni: „Skóli þessi standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna“. falli burt.
6. — — — C. 1. liðirnir b. og d. falli burt. og í staðinn komi: b. laun aðstoðarbókavarðar 800 kr.
7. — — — C. 3. Eptir „í Rvík“, komi: til að gefa út tímarit, sýslumannaævir o. fl.
8. — 16. — Viðbætist 2 nýir töluliðir svo látandi:
   1, til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 600 kr. hvort árið;
   2. til að gefa út dómasafn 10 kr. fyrir örkina, 250 kr.

Nd. **318. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá J. Jónassen, Jóni Þórarinssyni, Sv. Eiríkssyni, Ó. Pálssyni, Þorsteini Jónssyni og B. Sveinssyni.

Við 15. gr. Við greinina bætist svo hljóðandi grein:

„Til ljósmóður Þorbjargar Sveinsdóttur styrkur einu sinni fyrir allt 500 kr.“.

Ed. **319. Frumvarp**

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1884 og 1885. Eptir 3. umr. í Nd.

		Fjárveiting kr. a.	Reikningur. kr. a.
	I. Tekjur:		
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	75,000 »	78,652 91
2.	Húsaskattur	4,800 »	8,049 97
3.	Tekjuskattur	26,000 »	34,482 37
4.	Aukatekjur	38,000 »	44,712 38
5.	Erfðafjárskattur	5,000 »	8,256 33
6.	Gjöld af fasteignasölu	1,300 »	2,471 87
7.	Vitagjald	10,000 »	9,298 98
8.	Metorðaskattur	32 »	16 »
9.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	2,800 »	4,806 75
10.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi að frá dregnum 2% í innheimtulaun	72,000 »	57,456 85
11.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frá dregnum 2% í innheimtulaun	250,000 »	300,596 05
12.	Aðflutningsgjald af tóbaki að frá dregnum 2% í innheimtulaun	36,000 »	34,440 48
13.	Tekjur af póstferðum	27,000 »	35,883 60
14.	Óvissar tekjur	2,000 »	19,409 09
15.	Tekjur af fasteignum landsjóðs að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	60,000 »	64,998 81
16.	Leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu	3,600 »	2,700 »
17.	Tekjur af kirkjum	1,000 »	853 75
18.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs Borgað upp í lán, veiting: 22,022 kr. 45 a., reikningur: 63,116 kr. 58 a.	60,000 »	64,819 34
19.	Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	7,500 »	7,770 97
20.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	6,000 »	3,945 83
21.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000 »	7,701 84
22.	Tillag úr ríkissjóði	183,000 »	183,000 »
23.	Spítalagjald	» »	1,003 62
	alls ...	875,032 »	975,327 79

		Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
	II. Gjöld:		
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800 »	26,800 »
2.	Til alþingis 1885 og kostnaður við yfirskoðun landsreikninganna	33,600 »	35,376 60
3.	Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn:		
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	52,200 »	45,352 94
	B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,072 38	168,985 01
	C. Ýmisleg útgjöld	136,460 »	137,319 57
4.	Til útgjalda við læknaskipunina	84,748 »	80,266 98
5.	Til útgjalda við póststjórnina	55,800 »	60,779 73

		Reikningur.	Fjárveiting.
6.	Til kirkju- og kennslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	55,490 38	59,687 25
	B. Til kennslumálefna	140,128 »	134,688 99
	C. Ýms útgjöld	11,800 »	11,788 »
7.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	10,000 »	13,823 21
8.	Eptirlaun og styrktarfje	50,000 »	52,670 03
9.	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	15,400 »	13,673 78
10.	Til óvissra útgjalda	4,000 »	4,392 59
11.	Eptirlaun prestsekkna	» »	2,081 86
12.	Fjáraukaveitingar	9,477 31	7,681 16
13.	Afgangur	27,533 24	119,960 09
	alls ...	884,509 31	975,327 79

Innstæða viðlagasjóðs 31. desbr. 1885 . . . . . kr. 964781,13
Peningaforði landsjóðs 31. desbr. 1885 . . . . . — 113875,69
Tekju-eptirstöðvar landsjóðs 31. desbr. 1885 . . . — 63824,19

Ed. **320. Frumvarp**

til laga um útflutningsgjald af rjúpu. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Frá 1. jan. 1888 til 1. jan. 1892 skal borga útflutningsgjald af hverri rjúpu, sem flytzt út úr landinu, 50 aura.

Gjaldið skal borgað, áður en skip það, sem í hlut á, er afgreitt frá þeirri höfn, sem það leggur af stað frá, burt frá landinu, til hlutaðeigandi sýslumanns eða bæjarfógeta, annaðhvort í peningum eða ávisunum á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er gjaldheimtumaður tekur gilt.

2. gr. Sjerhver sá, sem sendir rjúpur hjeðan af landi burt, er skyldur til að fá tjeðum embættismanni í hendur staðfest eptirrit af farmbrjefi því, sem sendingunni fylgir, svo og vottorð upp á æru og samvizku um tölu rjúpna þeirra, er hann sendir út.

Hafi lögreglustjóri grun um, að skýrsla til útflutningsgjalds sje röng, skal hann rannsaka það, áður en skipið verður afgreitt.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—100 kr., er renni í landsjóð. Af útflutningsgjaldinu fær innheimtumaður 2 af hundraði.

4. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **321. Áætlun**

um strandferðir við Ísland árin 1888 og 1889. — Frá fjárlaganefndinni.

Austan frá norður um landið.				Vestan frá norður um landið.			
	1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.		1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.
Frá Reykjavík .	9. júní[1]	. . . . .	. . . . .	Frá Reykjavík .	1. júlí	28. ág.	24. sept.
— Berufirði . .	11. —	. . . . .	. . . . .	— Stykkishólmi	1. —	28. —	24. —
— Eskifirði . .	11. —	11. ágúst	5. sept.	— Flatey . . .	2. —	. . . . .	. . . . .
— Seyðisfirði .	12. —	11. —	5. —	— Patreksfirði	2. —	. . . . .	. . . . .
— Vopnafirði .	12. —	12. —	6. —	— Arnarfirði .	2. —	29. ág.	. . . . .
— Húsavík . .	14. —	12. —	. . . . .	— Dýrafirði .	3. —	29. —	25. sept.
— Akureyri . .	16. —	14. —	8. sept.	— Önundarfirði	3. —	. . . . .	25. —
— Siglufirði . .	16. —	14. —	. . . . .	— Ísafirði . .	5. —	31. ág.	27. —
— Sauðárkrók	17. —	14. —	9. sept.	— Reykjarfirði	. . . . .	. . . . .	28. —
— Skagaströnd	17. —	15. —	10. —	— Borðeyri . .	. . . . .	. . . . .	28. —
— Borðeyri . .	. . . . .	16. —	. . . . .	— Skagaströnd	5. júlí	31. ág.	29. —
— Reykjarfirði	17. júní	16. —	. . . . .	— Sauðárkrók	5. —	1. sept.	29. —
— Ísafirði . . .	18. —	16. —	11. sept.	— Siglufirði .	6. —	1. —	29. —
— Önundarfirði	. . . . .	17. —	. . . . .	— Akureyri . .	9. —	4. —	1. okt.
— Dýrafirði .	19. júní	17. —	11. sept.	— Húsavík . .	9. —	4. —	2. —
— Arnarfirði .	. . . . .	18. —	. . . . .	— Vopnafirði .	10. —	. . . . .	3. —
— Patreksfirði	20. júní	. . . . .	. . . . .	— Seyðisfirði .	12. —	5. sept.	4. —
— Flatey . . .	21. —	. . . . .	. . . . .	— Eskifirði . .	12. —	5. —	5. —
— Stykkishólmi	21. —	19. ágúst	12. sept.	— Berufirði . .	13. —	6. —	5. —[1]
í Reykjavík .	25. —	21. —	16. —	í Reykjavík .	. . . . .	. . . . .	8. —[2]

1) Á leiðinni sunnan um landið skal komið við á Vestmannaeyjum ef því verður við komið, án þess skipið þurfi við það að tefjast 3 stundum lengur.

2) Frá Reykjavík fer skipið 2 dögum eptir komu sína þangað vestur á Ísafjörð og aptur til Reykjavíkur þaðan.

Nd. **322. Breytingartillögur**

frá nefndinni um frv. til laga um forsorgun óskilgetinna barna.

1. Í fyrirsögn frumvarpsins fyrir „forsorgun“, komi: „uppeldi“.
2. Fyrir 1. gr. komi svolátandi grein:

„Faðir óskilgetins barns skal eigi síður en móðir þess skyldur til að uppala það þangað til það er fullra 16 ára, og má tryggja greiðslu framfærslueyrisins af kaupi hlutaðeiganda með forboði, er birt sje löglega húsbændum þeirra.

Hlutaðeigandi yfirvald ákveður, hve mikinn hluta af uppeldiskostnaðinum hvort foreldranna skuli bera, eptir efnum þeirra og ástæðum, og má ákveða, að annað foreldranna skuli uppala barnið að öllu, ef það er þess megnugt, en hitt eigi fært um, að inna neitt af hendi“.

3. 2. gr. falli burt.

Greinaskipunin breytist eptir því.

4. Við 3. gr. Fyrir orðin: „börn skilgetin“ komi: „niðjar skilgetnir“.

5. Við 3. gr. Onnur málsgrein orðist þannig: „um fje það, sem þannig er út lagt, fer sem um fjármuni ómyndugra“.
6. — — Í seinustu málsgrein: „hlutaðeigandi“ falli burt.
7. — 4. gr. Milli orðanna: „móðir þess“ og „hafa rjett“, komi: „eða hennar hreppur“.
8. — — Fyrir: „borgun“ komi: „endurgjald“.
9. — — Fyrir orðin: „verði styrknum eigi náð“ og til enda fyrstu málsgreinarinnar komi: „hennar hreppi“.
10. — — Síðari málsgrein 4. greinar orðist þannig: „Sömu reglur gilda, þegar faðir eða hreppur hans vill ná uppeldisstyrk frá hálfu móðurinnar eða hennar hrepps“.

Nd. **323. Breytingartillaga**

við breytingartillögu nr. 317 við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá Grími Thomsen.

Í staðinn fyrir 3. tölulið breytingartillögunnar komi: „til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu 1200 kr. hvort árið“.

Nd. **324. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Vjer, sem vorum kosnir af hinni heiðruðu neðri deild, til að íhuga frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, höfum nú, eptir áskorun forsetans, tekið frumvarpið til íhugunar, eptir að það er komið frá hinni heiðruðu efri deild, með þeirri einu breytingu, að jörðin Hvoll í Dyrhólahreppi verði öll gefin ábúendunum föl. Vjer sjáum ekki neitt á móti þessari breytingu, og ráðum því hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarpið, eins og það nú er.

Alþingi, 10. ágúst, 1887.

Þorlákur Guðmundsson. Gunnar Halldórsson. Þorvaldur Björnsson.

Nd. **325. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (301). Eptir 2. umr. í Nd.—Frá Ólafi Briem, Grími Thomsen, Sigurði Jenssyni, Gunnari Halldórssyni, Lárusi Halldórssyni og Þorláki Guðmundssyni.

Við 10. gr. C. b. Fyrir: »Til gufuskipaferða 9000—9000«
komi: Til gufuskipaferða allt að 18000—18000.

Nd. **326. Breytingartillögur**

við frv. til laga um stofnun lagaskóla (158). — Frá Ólafi Briem, Þorláki Guðmundssyni og Þorvarði Kjerulf.

1. Við 3. gr. Fyrir: „3200 kr.“ komi: 3000 kr.

2. Við 3. gr. Fyrir: „2800 kr.“ komi: 2400 kr.
3. 5. gr. orðist þannig: Þeir einir, er staðizt hafa próf í íslenzkum lögum við skólann, eiga aðgang að embættum þeim, er lögfræðingar eru skipaðir í.

Nd. **327. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (301). — Eptir 2. umr. í Nd. — Frá Ólafi Briem, Þorláki Guðmundssyni, Ólafi Pálssyni, Þorvarði Kjerulf, Sv. Eiríkssyni og Þorsteini Jónssyni.

13. gr. B. V. e. orðist þannig: Til kennslu í stýrimannafræði í Reykjavík:

	1888	1889	
1. til kennara	600 kr.	600 kr.	
2. — húsnæðis	200 —	200 —	
3. styrkur til námspilta .	200 —	200 —	1000 — 1000

Nd. **328 Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. Eptir 2. umr. í Nd.—Frá nefndinni.

1. Við 4. gr. Í stað: „1. leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins 33,500—33,500—67,000“ komi: Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins 31,500—31,500—63000.
2. Við 11. gr. 2. e. Eptir: „Önundarfirði“ bætist inn í: Súgandafirði.
3. Við 13. gr. B. V. b. 2. Í stað: „2500—2500“ komi: 1500—1500
4. Við 13. gr. B. V. b. 2. Í stað orðanna: „Styrkur þessi — 3 mánuði“, komi: Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda.
5. Við 13. gr. C. 1. a. Í stað „1200 kr.—1200 kr.“ komi: 1000 kr.—1000 kr.
6. Við 13. gr. C. 1. g. Í stað „100—100“ komi: 250—250.
7. Við 16. gr. Nýr liður bætist við svohljóðandi:
   Til að gefa út dómasafn allt að 15 kr. fyrir örkina, 300 kr.
8. Eptir 18. grein bætist við ný grein svohljóðandi:
   Ef frumvarp til laga . . . . . .
   . . . . . .
   ná gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt frumvörpum þessum.

Nd. **329. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887.

Frumvarp þetta hefur í efri deildinni að eins tekið þeirri breytingu, að 3. gr. 2 hefur verið bætt við, en með því að þetta er í samkvæmni við viðbót þá við 15. gr. fjárlaganna, sem samþykkt hefur verið hjer í deildinni, þá viljum vjer hjermeð leggja það til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. ág. 1887.

Þórarinn Böðvarsson, formaður. Eiríkur Briem, framsögumaður. Árni Jónsson, J. Jónsson. Páll Briem.
Sigurður Stefánsson. Þorleifur Jónsson.

Nd. **330. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu nr. 317 við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. Eptir 2. umr. í Nd. — Frá Grími Thomsen.

Við 6. tölulið. Á eptir: »Laun aðstoðar-bókavarðar 800 kr.«
komi athugasemd innanstryks svo hljóðandi:

Skyldir skulu bókavörður og aðstoðar-bókavörður að raða niður bókum og handritum, og semja bókaskrá og handrita án sjerstakrar þóknunar.

Nd. **331. Atkvæðaskrá**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889.—Við 3. umr. í Nd.

Við 4. gr. 1. Í staðinn fyrir: »33,500—33,500—67,000«, komi: 31,500—31,500—63,000.—N. 317. Gr. Th. o. fl.

— 10. gr. C. 5. b. Á eptir »aðalpóstleiðum«
komi: þar á meðal í Skaptafellssýslu. — 317. Gr. Th. o. fl.

— 10. gr. C. 6. Í staðinn fyrir: »Til gufuskipaferða 9000—9000«
komi: Til gufuskipaferða allt að 18000—18000.—325. Ó. Br. o. fl.

— 11. gr. 2. e. Á eptir: »Önundarfirði« bætist inn í: Súgandafirði.—N.

— 11. gr. 2. Í staðinn fyrir: »til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið . . . . 5000—5000—10000«
komi: til hvers þeirra 1200 kr. hvort árið . . . 6000—6000—12000. — 317. Gr. Th. o. fl.
Hjer við br.till. svo hljóðandi:
Til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu 1200 kr. hvort árið. — 323. Gr. Th.

— 12. gr. 2. Í staðinn fyrir: »21,000—21,000—42,000«
komi: 21400—21400—42800. — 317. Gr. Th. o. fl.

Við 13. gr. B. V. a. 1. Orðin: »Skóli þessi standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna« falli burt. — 317. Gr. Th. o. fl.

— 13. gr. B. V. b. 2. Í staðinn fyrir: »2500 — 2500«.
komi: 1500 — 1500. — N.

— — — — — — — — Í stað orðanna: »Styrkur þessi — 3 mánuði«
komi: Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda. — N.

— — — — — e. orðist þannig: Til kennslu í stýrimannafræði í Reykjavík:

	1888	1889
1. til kennara . . .	600	600
2. — húsnæðis . . .	200	200
3. styrkur til námspilta	200	200

1000—1000. — 327. Þ. J. o. fl.

— — — C. 1. a. Í staðinn fyrir: »1200 — 1200«
komi: 1000—1000. — N.

— — — — — Í staðinn fyrir liðina b. og d.
komi: laun aðstoðar-bókavarðar 800 kr. — 317. Gr. Th. o. fl.
Hjer við er viðaukatill.:
Á eptir: »laun aðstoðar-bókavarðar 800 kr.« komi athugasemd innstriks svo hljóðandi:

Skyldir skulu bókavörður og aðstoðar-bókavörður að raða niður bókum og handritum, og semja bókaskrá og handrita án sjerstakrar þóknunar. — 330. Gr. Th.

— — — C. 1. g. Í staðinn fyrir: »100—100», komi: 250—250.—N.

— — — C. 3. Á eptir: »í Rvík» komi: til að gefa út tímarit, sýslumannaævir o. fl.—317. Gr. Th. o. fl.

— 15. gr. Við greinina bætist: til ljósmóður Þorbjargar Sveinsdóttur styrkur einu sinni fyrir allt 500 kr. — 318. J. J. o. fl.

— 16. gr. Nýr töluliður bætist við: til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir örkina, 300 kr.— N.

Nýir tölulíðir bætist við:

1. til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 600 kr. hvort árið.
2. til að gefa út dómasafn, 10 kr. fyrir örkina, 250 kr.— 317. Gr. Th. o. fl.

Á eptir 18. gr. frv. bætist við ný grein svohljóðandi:

Ef frumvarp til laga . . . . . .

. . . . . .

ná gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt frumvörpum þessum.

N. = Nefndin.

Ó. Br. o. fl. = Ólafur Briem, Grímur Thomsen, Sigurður Jensson, Gunnar Halldórsson, Lárus Halldórsson og Þorlákur Guðmundsson.

Þ. J. o. fl. = Ólafur Briem, Þorlákur Guðmundsson, Ólafur Pálsson, Þorvarður Kjerulf, Sveinn Eiríksson og Þorsteinn Jónsson.

J. J. o. fl. = Jónas Jónassen, Jón Þórarinsson, Sveinn Eiríksson, Ólafur Pálsson, Þorsteinn Jónsson og Benidikt Sveinsson.

Gr. Th. = Grímur Thomsen.

Gr. Th. o. fl. = Grímur Thomsen, Gunnar Halldórsson, Ólafur Pálsson, Sigurður Jensson, Sveinn Eiríksson, Þorsteinn Jónsson og Þorvaldur Bjarnarson.

Nd. **332. Frumvarp**

til laga um linun í skatti af ábúð og afnotum jarða og af lausafje.—Eptir 3. umr. í Ed.

Í skatt af ábúð og afnotum jarða og af lausafje samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 skal á manntalsþingum árin 1888 og 1889 að eins greiða $^1/_5$ al. af jarðarhundraði hverju, og að eins $^1/_2$ al. af lausafjárhundraði hverju, hvorttveggja eptir verðlagsskrár meðalverði í hverju lögsagnarumdæmi.

Ed. **333. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. Kafli

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1888 og 1889 telst svo til, að tekjur Íslands verði 810,600 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 510,400 kr.:

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	20,000	20,000	40,000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	3,200	3,200	6,400
3. tekjuskattur	10,000	10,000	20,000
4. aukatekjur	22,000	22,000	44,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. gjöld af fasteignasölum	1,000	1,000	2,000
7. vitagjald	5,000	5,000	10,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	35,000	35,000	70,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	90,000	90,000	180,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	18,000	18,000	36,000
12. tekjur af póstferðunum	18,000	18,000	36,000
13. óvissar tekjur	3,000	3,000	6,000
	255,200	255,200	510,400

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 61,000 kr.:

		1888	1889	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Afgjöld af jarðeignum landsjóðs, alls	40,000 kr.			
að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls	10,000 —	30,000	30,000	60,000
2. Tekjur af kirkjum		500	500	1,000
	samtals ...	30,500	30,500	61,000

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 63,000 kr.:

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	31,500	31,500	63,000
Uppí lán verður borgað:			
á árinu 1888 22,849 kr. 61 a.			
- — 1889 22,043 — 88 -			
44,893 kr. 49 a.			
samtals ...	31,500	31,500	63,000

Af láni til Staðarbyggðarmýra greiðist að eins 4% á ári í leigu af hinni upphaflegu upphæð.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Það sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.....	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna.....	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum.....	2,000	2,000	4,000
samtals ...	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 167,000 kr.:

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	24,500	22,500	47,000
samtals ...	84,500	82,500	167,000

2. kafli.
Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1888 og 1889 veitast til útgjalda 845,962 kr. 84 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—17. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1888: 12,400 kr., og árið 1889: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 338,158 kr. 84 a.

		1888		1889		alls.	
		kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.
A.							
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:							
1. Laun embættismanna		19,016	66	19,100		38,116	66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.		3,800		3,800		7,600	
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2500 kr.							
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda 500 —		3,000		3,000		6,000	
		25,816	66	25,900		51,716	66
B.							
Dómgæzla og lögreglustjórn:							
1. laun:							
a. til dómara og sýslumanna		70,525	09	70,525	09		
b. til hreppstjóra		6,000		6,000			
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400		1,400			
3. til hegningarhússins og fangelsanna:							
a. laun umsjónarmannsins ... 800 kr. viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann ... 200 —	1,000 kr.						
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —						
—— —— lækni	60 —						
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1,225 —						
3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —						
þvottur	30 —						
til eldiviðar og ljósa	520 —						
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —						
til þess að útvega verkefni	500 —						
ýmisleg útgjöld	150 —						
	4,215 —						
arður af verkum talinn	615 —						
	3600 —						
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 —	3,700		3,700			
4. önnur útgjöld:							
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	1600 —						
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn	20 —						
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	40 —						
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	60 —						
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	1,000 —						
f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —	3,020		3,020			
		84,645	09	84,645	09	169,290	18
	flyt					221,006	84

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	.....	.....	221,006 84
C.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir ..... 1,591 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum ..... 150 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri 40 kr. fyrir örkina ..... 600 —			
2,641 —			
Borgun fyrir seld eintök, á 1 kr. hvert, er dregst frá ..... 150 —	2,491	2,491	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	1,200	1,200	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	1,600	1,600	
4. Styrkur til eflingar búnaði:			
a. til búnaðarskólans í Ólafsdal ..... 2,500 kr.			
b. — —— á Hólum ..... 4,000 —			
c. — —— á Eyðum og til búnaðarfjelaga ..... 6,500 —			
Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða.			
d. til sýslufjelaga og bæjarstjórna ... 7,000 —	20,000	20,000	
Landshöfðingi úthlutar fje þessu að hálfu eptir fólksfjölda, og að hálfu eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða.			
5. a. Til að útvega vegfróðan mann til að ferðast um landið og ákveða, hvar helztu vegi skuli leggja ..... 1888 — 1889 3,000kr. 3,000kr.			
b. Til að bæta vegi á aðalpóstleiðum ..... 15,000—			
c. Til að bæta aðalpóstleiðina frá Hvalfirði upp í Norðurárdal ..... 15,000—			
d. Til annara vega ..... 2,000— 2,000—	20,000	20,000	
6. Til gufuskipaferða	9,000	9,000	
flyt	54,291	54,291	221,006 84

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	54,291	54,291	221,006 84
Fje þetta útborgast eigi nema nákvæmlega sje farið eptir ferðaáætlun þeirri, er alþingi samþykkir, að því leyti sem hafís eða óumflýjanleg forföll eigi banna, og að útgjörðarmenn skipsins hafi varnarþing á Íslandi.			
7. Til vitans á Reykjanesi:			
a. til launa vitamannsins ..... 1,200 kr.			
b. til eptirlits með vitanum ..... 60 —			
c. til að kaupa olíu .... 1,200 —			
d. — — — lampakveiki o. fl. ... 150 —			
e. — — — steinkol .... 120 —			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum 200 —			
g. eptirgjald eptir lóðina .... 30 —	2,960	2,960	
h. til að kaupa geymsluhús í Höfnunum	150		
8. Til vörðuvita	500	500	
9. til ferðakostnaðar samkvæmt lögum 2. nóvbr. 1877, 3. gr.	600	600	
10. Til aðgjörðar á Vestmanneyjakirkju	300		
	58,801	58,351	117,152
samtals	.....	.....	338,158 84

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 93,644 kr.:

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Laun	38,998	38,998	77,996
2. Styrkur til 5 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði,— til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið	5,000	5,000	10,000
3. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. —— — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa ..... 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna .... 1,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum 200 —	2,824	2,824	5,648
samtals	46,822	46,822	93,644

12. gr. Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 63,000 kr.:

		1888	1889	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
1.	Laun:			
	a. handa póstmeistaranum .... 2,400 kr.			
	b. — póstafgreiðslumönnum ..... 4,000 —			
	c. — brjefhirðingarmönnum ..... 1,750 —	8,150	8,150	16,300
2.	Póstflutningur	21,000	21,000	42,000
3.	Önnur útgjöld:			
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans ..... 1000 kr.			
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi $1\frac{0}{00}$, um ..... 200 —			
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama ..... 200 —			
	d. fyrir prentun á ýmsu ..... 200 —			
	e. til áhalda ..... 500 —			
	f. 1 brjefberi í Reykjavík ..... 50 —			
	g. óviss útgjöld ..... 200 —	2,350	2,350	4,700
	samtals ...	31,500	31,500	63,000

13. gr. Til kirkju og kennslumála veitast 216,860 kr.:

		1888	1889	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	A.			
	Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a.	laun	8,432	8,432	
b.	önnur útgjöld:			
	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,000	10,000	
	2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum þaraf til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið.	3,500	3,000	
	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600	600	
	4. bráðabirgðaruppbót á Gufudals-prestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi (greiðist því að eins, að sjerstakur prestur komi til brauðsins)	200	200	
	5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000	3,000	
	6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000	1,000	
		25,732	26,232	51,964
	flyt			51,964

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
B. flutt ar...			51,964
Kennslumálefni:			
I. Til prestaskólans:			
a. laun	9,000	9,000	
b. önnur útgjöld:			
1888 1889			
1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum 1,600 kr. 1,600 kr.			
2. 3 ölmusur ..... 600 — 600 —			
3. til tímakennslu ... 100 — 100 —			
4. til bókakaupa..... 300 — 300 —			
5. til eldiviðar og ljósa ..... 100 — 100 —			
6. til umsjónar ... .. 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld ... 200 — 200 —	3,000	3,000	
	12,000	12,000	24,000
II. Til læknaskólans:			
a. laun	3,200	3,200	
b. önnur útgjöld: 1888 1889			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor ..... 400 kr. 400 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting ..... 120 — 120 —			
3. til bókakaupa og verkfæra ..... 300 — 300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum ..... 300 — 300 —			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum ..... 480 — 480 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði 100 — 100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að ..... 100 — 100 —			
8. ýmisleg útgjöld ..... 100 — 100 —	1,900	1,900	
	5,100	5,100	10,200
flyt			86,164

		1888	1889	alls.
	fluttar	kr. a.	kr. a.	kr. a. 86,164
III. Til hins lærða skóla:				
a. laun		18,200	18,200	
b. aðstoðarfje:				
handa Páli Melsted sem kennara í sögu	1,800 kr.			
handa söngkennaranum	600 —			
— fimleikakennaranum	700 —			
— dyraverði	1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	300 —	4,400	4,400	
c. önnur útgjöld:				
1. til bókasafns skólans	600 —			
2. til eldiviðar og ljósa	1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan	1,000 —			
4. til tímakennslu	1,100 —			
5. ölmusur, 7500 kr. fyrra árið, 7000 kr. síðara árið				
6. þóknun handa lækni	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	1,000 —			
8. fyrir prestsverk	48 —			
9. til vísindalegra áhalda	400 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 —	13,048	12,548	
		35,648	35,148	70,796
IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun		6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:				
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 —			
3. til skólahússins utan og innan	200 —			
4. ýmisleg útgjöld	400 —	1,500	1,500	
V. Til annarar kennslu:		8,100	8,100	16,200
a. Til kvennaskóla:				
1. Til kvennaskólans í Reykjavík þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr. Skóli þessi standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna.	1500 kr.			
	flyt 1500 kr.			173,160

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar 1500 kr.			173,160
2. Til kvennaskólans á Ytri-Ey... 700 —			
3. — —— — Laugalandi 700 —			
4. — kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi til skiptis milli þeirra eptir nemenda fjölda 1400 —	4,300	4,300	
b. 1. Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum..... Styrkur þessi skiptist milli barnaskólanna eptir nemenda fjölda og veitist með því skilyrði, að þeir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.	2,500	2,500	
2. Til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers... Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda.	1,500	1,500	
c. Til alþýðuskóla:			
1. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg ..... 2500 kr.			
2. — skólans í Hljeskógum ..... 500 —	3,000	3,000	
d. Til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000	1,000	
e. Til kennslu í stýrimannafræði:			
1. Til kennara og húsnæðis í Reykjavík ..... 800 kr.			
2. — kennslu annarstaðar..... 1000 kr.	1,800	1,800	
	14,100	14,100	28,200

C.

	1888.	1889.			
1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:					
a. laun bókavarðar	1000 kr.	1000 kr.			
b. til aðstoðar við útlán og niðurröðun bóka.....	500 —	500 —			
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga ...	100 —	100 —			
d. Til þess að semja skrá yfir bækur og handrit...	400 —	400 —			
e. Til þess að kaupa bækflyt	2000 —	2000 —			201,360

	1888	1889	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar 2000 — 2000 —			201,360
ur og handrit, og fyrir bókband ..... 1200 — 1200 —			
f. Til eldiviðar og áhalda m. m..... 400 — 400 —			
g. brunabótagjald fyrir safnið..... 250 — 250 —	3,850	3,850	
2. Til amtsbókasafnanna á Akureyri og í Stykkishólmi	400	400	
3. Til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
4. Til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 200 —			
c. til rannsóknar fornmenja..... 1,000 —	2,200	2,200	
5. Til fornleifafjelagsins	300	300	
	7,750	7,750	15,500
samtals			216,860

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 60,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr. og til ekkjufrúar G. Brynjúlfssonar 150 kr.; til sjera Árna Böðvarssonar 100 kr., til sjera Þórðar Thorgrímsens 50 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a.; til fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 800 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast 5,700 kr.

1. Styrkur til kennara Þ. Thóroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1000 kr. hvort árið . 2,000 kr.
2. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 800 kr. á ári . . . . . 1,600 —
3. Styrkur til búfræðings Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 12 arkir að stærð, 25 kr. fyrir örkina, 300 kr. á ári . . . . . 600 —
4. Til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir örkina . . . . . 300 —
5. Til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 600 kr. hvort árið 1200 —

5,700 kr.

17. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

18. gr. Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum, og sem fyrst um sinn er áætlað að verði 35,362 kr. 84 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

19. gr. Ef frumvarp til laga . . . . . ,
ná gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt frumvörpum þessum.

20. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. **34. Frumvarp**

til laga um breyting á 15. gr. stjórnarskrárinnar, um tölu þingmanna í efri og neðri deild alþingis.—Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Í efri deild alþingis skulu sitja 15 þingmenn, en í neðri deildinni 21.

2. gr. Þar sem í þingsköpum einhver ákvæði eru bundin við 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri, skal eptirleiðis miðað við 3 og 5; en þar sem miðað er við 4 í efri deild og 8 í neðri, skal koma 5 og 7.

Ed. **335. Breytingartillaga**

við frv. til laga um þurrabúðarmenn, eins og það var samþykkt í Nd. alþingis. — Frá J. Havsteen.

Í stað 8. gr. komi: „Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál".

Ed. **336. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885, eins og það var samþykkt í neðri deild alþingis. — Frá J. Havsteen.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: „veitast 7457 kr. 80 a. til" komi: „veitast 7601 kr. 80 a. til".

2 — 6. gr. Í stað: „veitast 392,59" komi: „veitast 536 kr. 59 a.

Ed. **337. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um Söfnunarsjóð Íslands.

Nefndin hlýtur að líta svo á stofnun þessa, „Söfnunarsjóð Íslands", sem hann sje eigi annað nje meira en eins konar sparisjóður, að vísu næsta einkennilegur í samanburði við almenna sparisjóði nú á dögum, með því að frumvarpið inniheldur ákvæði um forna fjársparnaðarhætti, sem nefndin veit eigi betur en nú sjeu fallnir í fyrnsku (sjá 18. gr., einkanlega stafl. a og c). En nú með því að meginhugsun og aðaltilgangur „Söfnunarsjóðsins" er sá, að vera sparisjóður, kemur auðsjáanlega til álita, hvort nokkur sjerstök ástæða sje til þess, að þessi sjóður skuli framyfir aðra sparisjóði í landinu standa „undir ábyrgð landsjóðsins", svo sem farið er fram í 1. gr. frv. Nefndin fær nú eigi sjeð, að „Söfnunarsjóðurinn" hafi nokkra þá yfirburði yfir aðra sparisjóði landsins, að ástæða sje til fyrir þeirra

sakir að landsjóður skuli tryggja hann með ábyrgð sinni. Öllu fremur finnst nefndinni að það sje minni ástæða til þess, fyrir því að bústaður Söfnunarsjóðsins er í Reykjavík, rjett við hliðina á landsbankanum, sem sparisjóður Reykjavíkur er runninn inn í, og sem nú tekur til geymslu, ávaxtar og lánar út fje með vanalegum sparisjóðskjörum. Ef nú landsjóður tæki að sjer ábyrgð á Söfnunarsjóðnum, þá mundi hann eigi geta sanngjarnlega skorazt undan því, að taka einnig að sjer ábyrgð á hverjum sparisjóði í landinu, sem nú er eður síðar verða kynni stofnaður, og það því síður sem þeir sparisjóðir eru nauðsynlegri, hver þeirra á sínum stað, fyrir landsmenn og því gagnlegri, og svo má ætla, að þessir sparisjóðir muni þykjast engu síður þurfa á trygging landsjóðs að halda en „Söfnunarsjóðurinn". En nefndin álítur, að slík víðáttumikil ábyrgð landsjóðsins á öllum sparisjóðum, og það jafnvel á „Söfnunarsjóðnum" einum, sem eptir 18. gr., stafl. a, getur safnað á hina „dauðu hönd" óendanlega miklu fje, væri bæði of hættuleg fyrir landsjóð og of vafningsöm fyrir hina æðstu landstjórn innan lands, og í annan stað alveg óvanaleg og óþörf í rauninni.

Af þessum ástæðum gat nefndin eigi aðhyllzt það ákvæði 1. gr. frv., að „Söfnunarsjóðurinn" skuli starfa „undir ábyrgð landsjóðsins", og yrði þá að fella niður 8. gr. frv. sem og önnur afskipti landshöfðingja af sjóðnum (sjá 16. gr. og 23. gr.). En nú sem þetta væri gjört, fannst nefndinni, að frv. allt yrði svo þýðingarlítið, að eigi væri vert, því síður nauðsynlegt, að gjöra það að lögum, með því að það inniheldur engin þau rjettindi eður hlunnindi „Söfnunarsjóðnum" til handa, sem hann eigi fær orðið, eða er orðinn, aðnjótandi samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874, um nokkur hlunnindi fyrir sparisjóði, sbr. kgs.úrsk. 23. desbr. 1864 I. 3.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sjer að ráða hinni háttvirtu efri deild til að fella frumvarpið.

Benedikt Kristjánsson, formaður. L. E. Sveinbjörnsson. Arnljótur Ólafsson, framsögumaður.

Nd. **333. Breytingartillaga**

við frv. til viðaukalaga við útflutninga-lögin 14. jan. 1876 (293).—Frá Ólafi Briem.
Við 1. gr. Orðið: „skilyrðislaust" falli burt.

Nd. **339. Breytingartillögur.**

við frv. til viðaukalaga við útflutningalögin 14. jan. 1876. — Frá Árna Jónssyni og Lárusi Halldórssyni.

1. Við 1. gr. a. Orðið: „skilyrðislaust" falli burt.
   — —— b. Á eptir orðunum: „frá tilteknum stað„ komi: nema ófyrirsjeðar hindranir banni, og þá svo fljótt sem verða má.
2. — 2. gr. Á eptir orðunum: „umsamið eður auglýst", bætist inn í: enda sje eigi lögmætum forföllum um að kenna.
3. — 3. gr. Fyrir orðin: „Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hjer

við land taka neinn farþegja um borð", komi: Ekkert skip má nokkurstaðar hjer við land taka farþegja til flutnings af landi brott.

Ed. **340. Nefndarálit**

í málinu um hallærislán og hallærislánabeiðslur.

Nefnd sú, sem hin háttvirta efri deild alþingis hefur sett til þess að íhuga tillögu hinnar háttvirtu neðri deildar um þingsályktun um hallærislán og hallærislánabeiðslur, lætur nú uppi svolátandi álit sitt og tillögur um mál þetta.

Nefndin getur alls eigi fellt sig við þá niðurstöðu, sem hin háttvirta neðri deild hefur komizt að í þessu máli, fyrst af þeirri ástæðu, að það er eigi rjett, að breyta gildandi lögum með þingsályktun og engin heimild fyrir slíku, og svo af þeirri ástæðu, að þingdeildin hefur að nokkru leyti virt að vettugi skýrslur og tillögur hlutaðeigandi sveitarstjórnarvalda að því leyti, er snertir hallærislánabeiðslur þær, sem komnar eru fram nú síðast úr Húnavatns og Skagafjarðar sýslum. Að þetta sje svo, skal sýnt með athugasemdum þeim, sem hjer koma um hina einstöku liði uppástungu þeirrar til þingsályktunar, sem liggur fyrir af hálfu neðri deildarinnar.

Um 1. lið. Með því að það er tekið fram með skýlausum orðum í tilskipun 4. maí 1872, 39. gr. 5., um sveitarstjórn á Íslandi, að sýslunefndir hafi gætur á, að yfirvofandi neyð og hallæri verði afstýrt, og skuli gjöra ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru og þörf þykir vera á í þessu tilliti, ríður þessi liður þingsályktunarinnar í bága við nefnda tilskipun, og enn fremur að því leyti, sem þingdeildin vill leggja gjald á sýslusjóði, en svo er fyrir mælt í 42. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, að ekkert gjald verði greitt úr sýslusjóði nema *lög* sjeu fyrir slíkri greiðslu, eða sýslunefnd eða amtsráð hafi samþykkt hana.

Um 2. lið. Þessi liður kemur í bága við 58. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, sbr. 39. gr. 5., og praxis, sem hingað til hefur verið fylgt, enda væru þær reglur, sem hin háttvirta Nd. vill koma hjer að, mjög óhagfelldar.

Um 3. lið er það að segja, að það virðist eigi vera meiri þörf á því, að leggja fyrir alþingi hallærislánabeiðslur frá sama ári sem alþingi kemur saman, en að leggja fyrir hallærislánabeiðslur frá því ári, er alþingi eigi kemur saman.

Um 4. lið. Nefndin getur að vísu ekki haft á móti því, að skýrslur um, hvernig hallærislánum hafi verið varið á fjárhagstímabilinu, verði lagðar fyrir þingið, en ef á að gjöra slíkt að reglu, þá verður þingið líka að segja gjörr frá, hvernig slíkar skýrslur verði að vera lagaðar, og það er engan veginn nægilegt, að kveða svo á, að þær verði að vera „nákvæmar".

Um 5. lið. Nefndin getur eigi sjeð, að það sje rjett, að gjöra það að almennri reglu, að eigi megi gefa eptir vexti af hallærislánum, því með þessu er lagt eins og band á fjárveitingarvald síðari þinga.

Um 6. lið gildir hið sama, sem nefndin hefur tekið fram um 1. lið.

Um 7. lið. Nefndinni er kunnugt um, að Húnavatns og Skagafjarðar sýslur hafa beðið um stærri hallærislán en ályktunin vill veita, en lánbeiðslur

þessar eru byggðar á skýrslum þeirra sveitarstjórnarvalda, sem hjer eiga í hlut, samkvæmt gildandi lögum. Sögusögn og skýrslur einstaks sýslunefndarmanns geta alls eigi komið til greina.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sjer að ráða hinni háttvirtu efri deild til:

I. Að fella hina hjer umræddu tillögu til þingsályktunar, en samþykkja fylgjandi rökstudda dagskrá.

II. Í trausti þess, að landstjórnin og hlutaðeigandi sveitarstjórnarvöld gjöri, samkvæmt lögum, allar nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra hallæri og enn fremur, að þau hallærislán, sem Húnavatns og Skagafjarðar sýslur hafa umbeðið, verði veitt með svo vægum kjörum sem unnt er, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.

Í efri deild alþingis, 12. ágúst, 1887.

J. Havsteen, formaður og framsögumaður. Arnljótur Ólafsson, skrifari. F. S. Stefánsson.

Nd. **341. Tillögur**

til þingsályktunar í Fensmarksmálinu. — Frá Benidikt Sveinssyni, Grími Thomsen, Ólafi Briem, Páli Briem og Þorleifi Jónssyni.

Alþingi ályktar:

1. að höfða mál gegn ráðgjafa Íslands J. Nellemann til þess að fá hann með dómi skyldaðan til að greiða landsjóði 22,219 kr. 70 aur., sem eru ógoldnar af landsjóðstekjum úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað sakir vanskila fyrverandi sýslumanns og bæjarfógeta C. Fensmarks.
2. að fela forsetum þingdeildanna, að útvega málfærslumann til að sækja mál þetta, veita honum umboð til þess og ávísa fje því, sem málsóknin út heimtir, af upphæð þeirri, sem ætluð er til kostnaðar við alþingi.

Nd. **342. Frumvarp**

til laga um uppeldi óskilgetinna barna. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Faðir óskilgetins barns skal eigi síður en móðir þess skyldur til að upp ala það þangað til það er fullra 16 ára, og má tryggja greiðslu framfærslueyrisins af kaupi hlutaðeiganda með forboði, er birt sje löglega húsbændum þeirra.

Hlutaðeigandi yfirvald ákveður, hve mikinn hluta af uppeldiskostnaðinum hvort foreldranna skuli bera, eptir efnum þeirra og ástæðum, og má ákveða, að annað foreldranna skuli upp ala barnið að öllu, ef það er þess megnugt, en hitt eigi fært um, að inna neitt af hendi.

2. gr. Nú deyr maður, og lifir eigi ekkja hans, nje niðjar skilgetnir og lætur eptir sig börn yngri en 16 ára, og ber þá að leggja börnunum út það, sem skiptarjettur álítur nauðsynlegt af fjármunum búsins, áður en þeim er skipt með-

al erfingja, ef móðir hins óskilgetna barns, eða hlutaðeigandi hreppsnefnd krefst þess í tækan tíma.

Um fje það, sem þannig er útlagt, fer sem um fjármuni ómyndugra.

Nú þarf eigi að nota hið út lagða fje, eða minna en út lagt var, skal þá skipta því, sem óeytt er, meðal lögerfingja.

3. gr. Nú verður meðlagi því, sem föður óskilgetins barns ber að greiða með því, eigi náð með lögtaki, skal þá móðir þess eða hennar hreppur hafa rjett til, án þess það sje talinn sveitarstyrkur henni veittur, að meðlag það, sem faðir barnsins á að greiða, sje veitt af fátækrafje þess hrepps, er hann hefur aðsetur í, en rjett hefur sveitarstjórn þess hrepps til að heimta, að styrkurinn verði endurgoldinn af framfærsluhreppi föður barnsins. Framfærsluhreppur barnsföður á rjett á að heimta endurgjald að honum eptir sömu reglum og lögin heimila móður barnsins og hennar hreppi.

Sömu reglur gilda, þegar faðir eða hreppur hans vill ná uppeldisstyrk frá hálfu móðurinnar eða hennar hrepps.

4. gr. Þegar svo ber undir, að hreppur á rjett á að heimta af föður eða móður óskilgetins barns styrk til uppeldis því, á hann og rjett á, að hlutaðeigandi yfirvald útvegi vissu um, hvar hlutaðeigendur hafa heimilisfang.

Sþ. **343. Nefndarálit.**

í málinu um þjóðhátíðarsjóð Íslands.

Undirskrifuð nefnd, sem kosin var í málinu um, hvernig verja skuli þjóðhátíðarsjóði Íslands (hjer um 2077 kr.), er á eitt sátt um að leggja það til, að fje þessu verði varið, eigi eins og áður hefur verið ráðgjört, til þess að rita myndir á salveggina í alþingishúsinu, með því til þess mundi ganga miklu meira fje en sjóðurinn á,—heldur til þess, að útvega ljósahjálma, helzt með rafurmagnsljósi, ef því yrði við komið, í báða alþingissali, svo og stundaklukkur o. fl., ef efnin leyfa.

Alþingi, 13. ágúst 1887.

Árni Thorsteinsson, formaður — Jón Sigurðsson. — Grímur Thomsen, skrifari og framsögumaður.

Ed. **344. Frumvarp**

til laga, er nema úr gildi konungsúrskurð 22. apríl 1818. — Eptir 3. umr. í Nd.

Konungsúrskurður 22. apríl 1818, um 60 ríkisdala árlegan styrk úr jarðabókarsjóði til hins íslenzka biflíufjelags, er úr lögum numinn.

Nd. **345. Frumvarp**

til viðaukalaga við útflutninga-lögin 14. jan. 1876. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Enginn útflutningastjóri eður umboðsmaður útflutningastjóra má taka við neinu innskriptargjaldi eða neinu fje undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt fargjald eður meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, nje heldur nokkurri skuld-

bindingu um gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skriflegt loforð um flutning fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

Brotum gegn þessum ákvæðum hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 2,000 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tilefni þykir til.

2. gr. Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eður umboðsmenn hans hafa um samið eður auglýst, enda sje eigi lögmætum forföllum um að kenna, og getur þá útfari hver kært útflutningastjóra fyrir landshöfðingja; en hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutningastjóri hefur sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar.

3. gr. Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hjer við land taka neinn farþegja um borð, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra áður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra umdæmisins, þar sem hann fer á skip.

Nú brýtur skipstjóri gegn þessum fyrirmælum, og er þá skip og farmur að veði fyrir öllum þeim skuldbindingum, er á farþegjanum hvíldu, er við honum var tekið á skip.

Ed. **346. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1884 og 1885.— Frá landshöfðingja.

1. Við II. Gjöld 10: Í staðinn fyrir 4392 kr. 59 a. komi: 4536 kr. 59 a.
2. Við — — 13: Í staðinn fyrir 119960 kr. 09 a. komi: 119816 kr. 09 a.
3. Við viðaukann: Peningaforði landsins 31. desbr. 1885 breytist samkvæmt þessu í 113731 kr. 69 a.

Ed. **347. Breytingaruppástungur**

við tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1884 og 1885. — Frá landshöfðingja.

1. 4. tillaga falli burt.
2. 8. tillaga falli burt.

Ed. **348. Breytingartillögur**

við frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1884 og 1885 (319). — Frá J. Havsteen.

1. II. Gjöld, 10. Í stað: »4392 kr. 59 a.« komi: 4536 kr. 59 a.
2. — — 13. Í stað: »119960 kr. 9 a.« komi: 119816 kr. 9 a.

Ed. **349. Breytingartillögur**

við tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikninginn 1884 og 1885 (308).—Frá J. Havsteen.

1. 4. liður ályktunarinnar falli niður.
2. 8. liður sömuleiðis.

Ed. **350. Breytingartillaga**

við frv. til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki, eins og það var samþykkt í neðri deild.—Frá J. Havsteen.

1. 8. gr. Í stað orðanna: „senda amtmanni“ komi: senda landshöfðingja.
2. — — Í stað orðanna: „er amtmaður úrskurðar“ komi: er landshöfðingi úrskurðar.
3. 9. gr. Í stað orðanna: „þyki amtmanni“ komi: þyki landshöfðingja.

Nd. **351. Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir, sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þennan skal skipa tvo kennendur, er annar sje jafnframt forstöðumaður skólans, og hefur hann 3000 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2400 kr.

4. gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

6. gr. Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er alþingi hefur í fjárlögum veitt fje til skólans.

Nd. **352. Frumvarp**

til laga um búnaðarkennslustofnanir á Íslandi — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr Til þess að koma á fót og styrkja búnaðarkennslustofnanir í landinu, skal árlega varið úr landsjóði 20,000 kr.

2. gr. Fje þessu úthlutar landshöfðingi milli sýslufjelaganna eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða.

3. gr. Það skal vera komið undir samkomulagi sýslunefndanna í hinum einstöku sýslufjelögum, hve mörg þau vilja vera um það, að reisa og viðhalda búnaðarkennslustofnun, en rjett er að tvö sýslufjelög að minnsta kosti gjöri það, náist ekki samkomulag við fleiri.

4. gr. Nú notar sýslufjelag ekki sinn hluta af styrknum samkvæmt 1. gr., og greiðist hann þá eigi úr landsjóði, meðan svo er.

5. gr. Búnaðarskólagjald það og búnaðarskólasjóðir, sem tilsk. 12. febr. 1872 mælir fyrir um, skal að tiltölu rjettri ganga til búnaðarkennslustofnananna til viðbótar fje því, sem ræðir um í 1. gr.

6. gr. Það er tilgangur og verkefni kennslustofnananna, að vera fyrirmynd í

búskap og innræta ungum mönnum búfræðislega þekkingu, er samfara sje verklegri æfingu og atorku í öllum greinum, er að landbúnaði lúta.

7. gr. Aðgang að búnaðarkennslustofnunum hafa allir jafnt, án tillits til heimilis þeirra, eptir því sem föng eru á, og reglugjörðir stofnananna nákvæmar ákveða.

8. gr. Reglugjörðir fyrir stofnanirnar semja sýslunefndir, en landshöfðingi staðfestir þær, þá er hann hefur leitað álits hlutaðeigandi amtsráðs.

Umsjón með stofnununum hafa sýslunefndir á hendi, yfirumsjón amtsráð, og æðstu umsjón landshöfðingi.

Ed. **353. Breytingartillaga**

við frv. til laga um vegi. — Frá Arnljóti Ólafssyni, Sighvati Árnasyni og Friðrik Stefánssyni.

Við 10. gr. Orðin í niðurlagi greinarinnar: „Og leggur hreppsnefnd . . . (til fátækra)", falli burt.

Ed. **354. Frumvarp**

til laga um vegi. — Eptir 2. umr. í Ed.

I. kafli.

Um skiptingu á vegum.

1. gr. Vegir á Íslandi eru: aðalpóstvegir, sýsluvegir, fjallvegir og hreppavegir.

2. gr. Aðalpóstvegir eru þeir vegir, þar sem aðalpóstleiðir liggja. Sýsluvegir eru þeir vegir, sem liggja sýslna á milli og um hverja sýslu, þar sem mest er þjóðbraut, svo sem vegir í kaupstaði og almenn fiskiver, enda sjeu það eigi aðalpóstvegir eða fjallvegir. Fjallvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar, þar sem hvorki eru aðalpóstvegir, sýsluvegir eða hreppavegir. Hreppavegir eru þeir vegir hreppa milli og um hreppa, sem eigi eru aðalpóstvegir, fjallvegir eða sýsluvegir.

3. gr. Aðalpóstvegir eru undir umsjón amtsráðanna og yfirumsjón landshöfðingja, og greiðist kostnaður til þeirra yfir höfuð úr landsjóði. Ef aðalpóstvegur liggur um sýslu endilanga, skal allt að helmingi sýsluvegagjalds í því hjeraði ganga til aðalpóstvega.

Vegagjörð og vegabót á fjallvegum skal landshöfðingi ráðstafa eptir tillögu vegfróðs manns og amtsráða; en fje það, er til þess gengur, skal veita í fjárlögum hvers fjárhagstímabils.

Sýsluvegir, vegir í kaupstaði og almenn fiskiver eru undir umsjón sýslunefnda og yfirumsjón amtsráða. Þeir eru kostaðir af sýslufjelögunum.

Hreppavegir eru undir umsjón hreppsnefnda og yfirumsjón sýslunefnda, og kosta hreppafjelögin þá.

II. kafli.

Um aðalpóstvegi.

4. gr. Aðalpóstvegir skulu, þangað til öðruvísi er ákveðið með lögum, vera:

1. Frá Reykjavík til Ísafjarðar,
2. — ——— — Akureyrar,
3. — Akureyri — Seyðisfjarðar,
4. — Reykjavík að Prestsbakka,
5. — Prestsbakka til Eskifjarðar.

5. gr. Ákveða skal í fjárlögunum, hve miklu skuli verja til vegagjörða og aðgjörða á aðalpóstvegum á hverju fjárhagstímabili. Skal það vera aðalregla, að fyrst sjeu bættar þær torfærur, sem gjöra mestan farartálma. Að öðru jöfnu skal fyr bæta torfærur á fjölförnustu vegum.

6. gr. Landshöfðingi ákveður eptir tillögum sýslunefnda, amtsráða og vegfróðra manna, hvar aðalpóstleið skuli liggja um hjerað hvert.

7. gr. Vegir á aðalpóstleiðum skulu, þar sem því verður við komið, vera að minnsta kosti 6 álna breiðir. Eigi skulu þeir að jafnaði hafa meiri halla en sem svari 3—4 þuml. á hverri alin.

8. gr. Landshöfðinginn ræður verkstjóra til vegagjörða á aðalpóstleiðum. Sýslunefndir ráða verkmenn eptir samkomulagi við verkstjóra, hver í sínu hjeraði, þar sem vegagjörð á að fara fram. Fela mega þær oddvita eða öðrum, er situr í sýslunefndinni, þennan starfa á hendur. Ávallt skal vegagjörð tekin út af dómkvöddum mönnum, sem sýslumenn kveðja, hver í sínu hjeraði, og skal álit þeirra um það, hvernig verkið er unnið og hvort allrar hagsýni hafi verið gætt, sent landshöfðingja.

III. kafli.
Um sýsluvegi.

9. gr. Sýslunefndir semja tillögur um, hverjir skuli vera sýsluvegir í sýslu hverri, en amtsráð leggur á það samþykki sitt.

10. gr. Kostnaður við sýsluvegi greiðist af sýslufjelaginu, þannig að hvert hreppsfjelag greiðir $^1/_2$ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, frá 20—60 ára, í hverri stöðu sem er.

Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir lok marzm. senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í hreppnum á þeim aldri, sem nú var sagt, og skal sýslumaður eptir því ákveða, hve mikið tillag hver hreppur eigi að greiða. Gjald þetta skal tekið af sveitarsjóðnum og greitt sýslumanni á manntalsþingum, og leggur hreppsnefnd gjaldið á hreppsbúa eptir sömu reglum og aukaútsvar (til fátækra).

11. gr. Fela má sýslunefndin hlutaðeigandi sýslunefndarmanni, eða hreppsnefnd, umsjón og vinnu að sýsluvegum, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim sem umsjón er falin, að ráða þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

12. gr. Sýsluvegir skulu vera að minnsta kosti 5 álna breiðir; að öðru leyti gilda um viðhald og gjörð á þeim hinar sömu meginreglur, og greindar eru um aðalpóstvegi, sbr. 7. gr.

13. gr. Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda amtsráði aðalskýrslu og aðalreikning yfir sýsluvegagjörðir.

IV. kafli.

Um fjallvegi.

14. gr. Því að eins skal bæta fjallvegi, er eigi eru aðalpóstvegir eða sýsluvegir, að brýna nauðsyn beri til.

V. kafli.

Um hreppavegi.

15. gr. Hreppsnefnd ákveður, hvar hreppavegir skuli liggja í hreppi hverjum, og leggur ákvæði sitt undir samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.

Skyldur er hver búandi að láta vinna að hreppavegum $^1/_2$ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann 20—60 ára, er hann hefur haft á heimili sínu til næsta hjúaskildaga á undan, og leggja til, auk fæðis, nauðsynleg áhöld til vinnunnar. Heimilt er þó búanda að leysa sig undan skylduvinnu þessari, og greiði hann þá innan loka hvers fardagaárs svo mikið í peningum, sem nemi hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá fyrir hvern verkfæran mann, í sveitarsjóð.

16. gr. Nú er lítið að vinna að hreppavegum í hreppi, má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppavegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð til sýsluvega. Sje aptur á móti hreppavegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að aðalpóstvegir eru þar engir eða sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að helmingur á móts við hreppavegagjald hreppsins greiðist úr vegasjóði sýslunnar.

17. gr. Hreppsnefndin hefur umsjón um vinnu og aðgjörð á hreppavegum, og skal hún skipa umsjónarmenn, einn eða fleiri, til að sjá um vinnuna, og er henni heimilt að greiða þeim í dagpeninga allt að 3 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru við vinnuna.

18. gr. Skyldur skal hver verkmaður að koma á þeim tíma, sem umsjónarmaður eða verkstjóri tiltekur, og að fara eptir fyrirmælum hans; gjaldi húsbóndi ella hið ákveðna kaup og að auk, nema forföll hafi bannað, 1—5 kr. sekt, er renni í vegasjóð, sem stofna skal fyrir hvern hrepp, og hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á.

19. gr. Hreppavegir skulu að minnsta kosti vera 3 álna breiðir; að öðru leyti skal, þar sem nýr vegur er gjörður, fylgja sömu aðalreglum og teknar eru fram um sýsluvegi.

20. gr. Skyldir skulu hreppsbúar að láta boðskap umsjónarmanns um vegavinnu berast bæja á milli tafarlaust.

21. gr. Hver hreppsnefnd skal gefa sýslunefnd skýrslu um vinnu að hreppavegum á hverju ári fyrir árslok.

VI. kafli.

Almenn ákvæði.

22. gr. Brýr skal gjöra yfir ár og læki þar sem þörf er á, þegar efni og kringumstæður leyfa.

23. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sje gjörður um land hans, og efni tekið þar sem næst er, án endurgjalds, ef eigi er skemmt tún, engi, yrkt land eða umgirt land. Þyki nauðsyn að leggja veg um tún, engi, yrkt

land eða umgirt land, skulu fullar bætur fyrir koma úr landsjóði, sýslusjóði eða hreppsjóði,—eptir því hvort vegurinn er aðalpóstvegur, sýsluvegur eða hreppavegur,—eptir mati dómkvaddra manna. Svo skulu og bætur fyrir koma úr landsjóði, sýslusjóði eða hreppsjóði, ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða.

24. gr. Borgun fyrir vegagjörð skal þá greiða að fullu, er verkinu er lokið, og matsgjörð eða úttekt hefur fram farið.

25. gr. Hvervetna þar sem mikil umferð er á vetrum, skal byggja nægilegar vörður og við halda þeim, og sömuleiðis sæluhús. Á aðalpóstleiðum greiðist kostnaðurinn úr landsjóði, á sýsluvegum úr sýslusjóði, og á hreppavegum úr hreppsjóði.

26. gr. Eptir tillögum verkfróðra manna semur landshöfðingi reglugjörð, er hefur inni að halda nánari ákvæði um vegagjörðir.

27. gr. Hver sem af ásettu ráði skemmir veg, vörður, ferjur eða sæluhús, skal sæta hegningu samkvæmt 296. gr. alm. hegningarl. 25. júní 1869.

28. gr. Brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

29. gr. Með lögum þessum er tilsk. 15. marz 1861 og lög nr. 19, 15. okt. 1875 úr gildi numin.

30. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarm. 1888.

Ed. **355. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Vík í Vestur-Skaptafellssýslu. — Eptir 3. umr. í Nd.

Vík í Vestur-Skaptafellssýslu innan Dyrhólahrepps skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **356. Frumvarp**

til laga um uppeldi óskilgetinna barna. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Faðir óskilgetins barns skal eigi síður en móðir þess skyldur til að upp ala það þangað til það er fullra 16 ára, og má tryggja greiðslu framfærslueyrisins af kaupi hlutaðeiganda með forboði, er birt sje löglega húsbændum þeirra.

Hlutaðeigandi yfirvald ákveður, hve mikinn hluta af uppeldiskostnaðinum hvort foreldranna skuli bera, eptir efnum þeirra og ástæðum, og má ákveða, að annað foreldranna skuli upp ala barnið að öllu, ef það er þess megnugt, en hitt eigi fært um, að inna neitt af hendi.

2. gr. Nú deyr maður, og lifir eigi ekkja hans, nje niðjar skilgetnir og lætur eptir sig börn yngri en 16 ára, og ber þá að leggja börnunum út það, sem skiptarjettur álítur nauðsynlegt af fjármunum búsins, áður en þeim er skipt meðal erfingja, ef móðir hins óskilgetna barns, eða hlutaðeigandi hreppsnefnd krefst þess í tækan tíma.

Um fje það, sem þannig er útlagt, fer sem um fjármuni ómyndugra,

Nú þarf eigi að nota hið út lagða fje, eða minna en út lagt var, skal þá skipta því, sem óeytt er, meðal lögerfingja.

3. gr. Nú verður meðlagi því, sem föður óskilgetins barns ber að greiða með því, eigi náð með lögtaki, skal þá móðir þess eða hennar hreppur hafa rjett til, án þess það sje talinn sveitarstyrkur henni veittur, að meðlag það, sem faðir barnsins á að greiða, sje veitt af fátækrafje þess hrepps, er hann hefur aðsetur í, en rjett hefur sveitarstjórn þess hrepps til að heimta, að styrkurinn verði endurgoldinn af framfærsluhreppi föður barnsins. Framfærsluhreppur barnsföður á rjett á að heimta endurgjald að honum eptir sömu reglum og lögin heimila móður barnsins og hennar hreppi.

Sömu reglur gilda, þegar faðir eða hreppur hans vill ná uppeldisstyrk frá hálfu móðurinnar eða hennar hrepps.

4. gr. Þegar svo ber undir, að hreppur á rjett á að heimta af föður eða móður óskilgetins barns styrk til uppeldis því, á hann og rjett á, að hlutaðeigandi yfirvald útvegi vissu um hvar hlutaðeigendur hafa heimilisfang.

Ed. **357. Frumvarp**

til laga um þurrabúðarmenn. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Frá þessum tíma má enginn gjörast þurrabúðarmaður, nema hann fullnægi þessum skilyrðum:

a. að hann sanni fyrir hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem hann vill setjast að, með vottorðum tveggja skilríkra manna, að hann sje reglumaður og ráðdeildarsamur.

b. að hann sanni á sama hátt, að hann eigi, auk alls klæðnaðar fyrir sig og sitt skuldalið, skuldlausa fjármuni í peningum eða öðrum fjemætum munum, er nemi að minnsta kosti 400 kr. fjárhæð. Þó má gjöra undantekning frá þessu með samhljóða atkvæðum allra hreppsnefndarmanna.

2. gr. Sá, sem vill gjörast þurrabúðarmaður, skal skriflega biðja sjer byggðarleyfis hjá hreppsnefnd í hreppi þeim, þar sem hann vill setjast að. Skal hreppsnefndin vandlega athuga öll skjöl og skilríki beiðanda; þyki henni ástæða til, getur hún neitað um leyfið, en gefa skal hún skriflegar ástæður fyrir neituninni, og er beiðanda þá heimilt, að skjóta máli sínu til hlutaðeigandi sýslunefndar, sem leggur endilegan úrskurð á málið á næsta fundi sínum.

3. gr. Enginn má byggja þurrabúðir utan kaupstaðar og verzlunarstaðar, hvort sem henni fylgja sjerstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum:

a. að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minnsta kosti sje 400 ferhyrningsfaðma að stærð að meðtöldum matjurtagarði, sem byggja skal og rækta við hverja þurrabúð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni.

b. að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau sjeu viðunanlega loptgóð og hlý, eptir dómi skilríkra manna.

c. að þurrabúðin sje afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

4. gr. Þurrabúðarmaður sá, sem tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 5 ára; vera skal hann eptirgjalds-frí þessi ár.

5. gr. Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávallt byggð um 5 ár. Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbrjef, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, rjettindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal þurrabúðin þá álítast byggð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt, og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

6. gr. Þegar ábúandaskipti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu með fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, útmælingu lóðar, ræktun, úttekt og bygging; þó má sýslunefnd eptir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar gjöra undantekningar viðvíkjandi stærð á lóð þurrabúðar.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varða 1—100 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð.

8. gr. Með mál útaf brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **358. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1884 og 1885, veitast 7601 kr. 80 a. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í eptirfarandi 2.—6. gr.

2. gr. Sem viðbót við upphæðina í 10. gr. C. 10., til að gefa út „Lovsamling for Island", veitast 700 kr.

3. gr. Sem viðbót við upphæðirnar í 12. gr. til útgjalda við póststjórnina veitast:

undir 2. lið, til póstflutninga

1884	986 kr. 61 a.
1885	2,245 — 60 —

undir 3. lið, til annara útgjalda

1884	976 — 72 —
1885	748 — 76 —
	4,957 kr. 69 a.

4. gr. Sem viðbót við upphæðirnar í 13. gr. til kirkju- og kennslumála veitast:

undir lið B. I. b. 7. ýmisleg útgjöld við prestaskólann 1885 46 kr. 62 a.

undir lið B. III. c. 4. til tímakennslu við hinn lærða skóla árið 1885 67 kr. 95 a.

5. gr. Sem viðbót við upphæðirnar í 16. gr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast:

undir lið 5. til eflingar laxveiði og laxræktar 1,292 kr. 95 a.

6. gr. Sem viðbót við upphæðina í 17. gr. til óvissra útgjalda veitast kr. 536,59.

Ed. **359. Frumvarp**

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1884 og 1885. Eptir 2. umr. í Ed.

		Fjárveiting kr. a.	Reikningur. kr. a.
	I. Tekjur:		
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	75,000 »	78,652 91
2.	Húsaskattur	4,800 »	8,049 97
3.	Tekjuskattur	26,000 »	34,482 37
4.	Aukatekjur	38,000 »	44,712 38
5.	Erfðafjárskattur	5,000 »	8,256 33
6.	Gjöld af fasteignasölu	1,300 »	2,471 87
7.	Vitagjald	10,000 »	9,298 98
8.	Metorðaskattur	32 »	16 »
9.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	2,800 »	4,806 75
10.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi að frá dregnum 2% í innheimtulaun	72,000 »	57,456 85
11.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frá dregnum 2% í innheimtulaun	250,000 »	300,596 05
12.	Aðflutningsgjald af tóbaki að frá dregnum 2% í innheimtulaun	36,000 »	34,440 48
13.	Tekjur af póstferðum	27,000 »	35,883 60
14.	Óvissar tekjur	2,000 »	19,409 09
15.	Tekjur af fasteignum landsjóðs að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	60,000 »	64,998 81
16.	Leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu	3,600 »	2,700 »
17.	Tekjur af kirkjum	1,000 »	853 75
18.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs Borgað upp í lán, veiting: 22,022 kr. 45 a., reikningur: 63,116 kr. 58 a.	60,000 »	64,819 34
19.	Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	7,500 »	7,770 97
20.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	6,000 »	3,945 83
21.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000 »	7,701 84
22.	Tillag úr ríkissjóði	183,000 »	183,000 »
23.	Spítalagjald	» »	1,003 62
	alls ...	875,032 »	975,327 79

		Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
	II. Gjöld:		
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800 »	26,800 »
2.	Til alþingis 1885 og kostnaður við yfirskoðun landsreikninganna	33,600 »	35,376 60
3.	Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn:		
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	52,200 »	45,352 94
	B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,072 38	168,985 01
	C. Ýmisleg útgjöld	136,460 »	137,319 57
4.	Til útgjalda við læknaskipunina	84,748 »	80,266 98
5.	Til útgjalda við póststjórnina	55,800 »	60,779 73

		Fjárveiting.	Reikningur.
6.	Til kirkju- og kennslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	55,490 38	59,687 25
	B. Til kennslumálefna	140,128 »	134,688 99
	C. Ýms útgjöld	11,800 »	11,788 »
7.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	10,000 »	13,823 21
8.	Eptirlaun og styrktarfje	50,000 »	52,670 03
9.	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	15,400 »	13,673 78
10.	Til óvissra útgjalda	4,000 »	4,536 59
11.	Eptirlaun prestsekkna	» »	2,081 86
12.	Fjáraukaveitingar	9,477 31	7,681 16
13.	Afgangur	27,533 24	119,816 09
	alls ...	884,509 31	975,327 79

Innstæða viðlagasjóðs 31. desbr. 1885 . . . . . kr. 964781,13
Peningaforði landsjóðs 31. desbr. 1885 . . . . . — 113731,69
Tekju-eptirstöðvar landsjóðs 31. desbr. 1885 . . . — 63824,19

Ed. **360. Breytingartillögur**

við frv. til laga um þurrabúðarmenn. — Frá E. Th. Jónassen, Sighvati Árnasyni, J. A. Hjaltalín og Skúla Þorvarðarsyni.

1. við 2. gr., í staðinn fyrir »til hlutaðeigandi sýslunefndar« komi: til sýslumanns, en úrskurði hans má skjóta til amtmanns, er leggur síðasta úrskurð á málið.
2. — — — orðin í enda greinarinnar frá: »sem leggur endilegan — fundi sína« falli burt.
3. — 4. — í stað »innan 5 ára« komi: innan 7 ára.
4. — — — fyrir: »eptirgjaldsfrí« komi: undanþeginn eptirgjaldi.
5. — 5. — í stað orðanna: »um 5 ár« komi: að minnsta kosti 8 ár.

Ed. **361. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki (237).

Nefndin er samhuga á því, að frv. þetta sje þarft og gott, og fær ekki betur sjeð, en að það að efni og orðfæri sje svo af hendi leyst frá hinni heiðruðu Nd., að vjer getum ráðið hinni heiðruðu efri deild til að samþykkja það, þó með fáeinum breytingum, sem vjer leggjum til að gjöra á því, og eru engar þeirra í þá átt að breyta neitt stefnu frv., heldur að eins til þess að voru áliti að stuðla enn betur að því, að það nái tilgangi sínum.

Þessar eru

BREYTINGARTILLÖGUR

nefndarinnar við frv. um styrktarsjóði.

1. við 4. gr. a) Í stað: „aprílmánaðar“ í öndverðri greininni komi: „marzmánaðar“.
b) Í stað: „maímánaðar“ í enda gr. komi: „aprílmánaðar“.

2. við 7. gr. a) Upphaf gr. orðist svo: „Hin fyrstu 10 ár eptir að slíkur sjóður er stofnaður í hverju sveitarfjelagi, leggst hið árlega gjald allt við höfuðstólinn“ o. s. frv.

b) Aptan við frv, bætist: „enda sjeu þeir eða hafi einhvern tíma verið í þeim stjettum, sem gjaldskyldar eru til styrktarsjóðanna“ (og punkturinn í enda gr. verði að kommu).

3. við 9. gr. a) Á eptir orðunum: „hætta búin“ komi: „eða órjettvíslega varið styrk þeim, sem af sjóðnum er veittur“.

b) Fyrir: „getur hún“ komi: „getur sýslunefndin eða amtmaður“.

Ed. alþingis, 16. ágúst, 1887.

Skúli Þorvarðarson, formaður og framsögumaður.
Jón Ólafsson, skrifari.
Jakob Guðmundsson.

Nd. **362. Tillaga**

til þingsályktunar út af hallæris-lánbeiðslum. — Frá hallærislánanefndinni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina:

Að veita eigi hallærislán úr landsjóði nema að sannaðri brýnni nauðsyn og ef manndauði bersýnilega vofir yfir;

Að veita Húnavatns og Skagafjarðar sýslum allt að 10,000 króna lán hverri eigi fyrir lengri tíma en í hæsta lagi 10 ár;

Að láta alþingi í hvert sinn, er það kemur saman, í tje nákvæmar skýrslur um hallærislán af landsjóði, sem veitt hafa verið milli þinga, sem og um það, hvernig þeim hefur verið varið.

Ed. **363. Álit**

minna hluta nefndarinnar um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. —

Með því að við undirskrifaðir, sem vorum kosnir í nefnd af hinni háttv. efri deild ásamt þremur öðrum háttv. deildarmönnum til að láta í ljósi álit okkar um frumvarp til stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland, höfum ekki getað komið okkur saman við hina meðnefndarmennina um málið, þá hljótum við að koma fram með álit okkar sjer í lagi, en það er á þessa leið:

Þær breytingar, sem á frumvarpi þessu eru frá því frumvarpi, sem alþingi samþykkti 1885 og 1886, virðast okkur að eins til bóta, og engin þeirra og ekki heldur frumvarpið sjálft koma í bága við lögákveðna stöðu Íslands í ríkinu, sem margbúið er að færa ástæður fyrir.

Það er því okkar samhuga álit að ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 16. ágúst 1887.

Jakob Guðmundsson, framsögumaður minni hlutans.
Sighvatur Árnason.

Nd. **364. Breytingartillögur**

við strandferðaáætlunina árin 1888 og 1889.—Frá Sigurði Jenssyni, Gunnari Halldórssyni, Þorláki Guðmundssyni og Sigurði Stefánssyni.

1. Austan frá norður um landið: 2. ferð bætist við: frá Patreksfirði 18. ágúst.
   3. ferð — —: frá Flatey 12. sept.
2. Vestan frá norður um landið: 2. ferð — —: frá Flatey 28. ágúst.
   3. ferð — —: frá Patreksfirði 24. sept.

Við áætlunina bætist svo hljóðandi athugasemd:

Þegar póstskipið í apríl ferð sinni kemur til Reykjavíkur, fer það þaðan til Stykkishólms, Flateyjar, Patreksfjarðar, Önundarfjarðar og Ísafjarðar og þaðan aptur beina leið til Reykjavíkur.

Nd. **365. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887. Eptir 3. umr. í Ed. — Frá Grími Thomsen, Lárusi Halldórssyni, Ólafi Briem, Sigurði Jenssyni, Páli Ólafssyni og Þorláki Guðmundssyni.

2. gr. falli burt.

Ed. **366. Frumvarp**

til laga um búnaðarkennslustofnanir á Íslandi — Eptir 3. umr. í Nd.

1 gr Til þess að koma á fót og styrkja búnaðarkennslustofnanir í landinu, skal árlega varið úr landsjóði 20,000 kr.

2. gr. Fje þessu úthlutar landshöfðingi milli sýslufjelaganna eptir samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða.

3. gr. Það skal vera komið undir samkomulagi sýslunefndanna í hinum einstöku sýslufjelögum, hve mörg þau vilja vera um það, að reisa og viðhalda búnaðarkennslustofnun, en rjett er að tvö sýslufjelög að minnsta kosti gjöri það, náist ekki samkomulag við fleiri.

4. gr. Nú notar sýslufjelag ekki sinn hluta af styrknum samkvæmt 1. gr., og greiðist hann þá eigi úr landsjóði, meðan svo er.

5. gr. Búnaðarskólagjald það og búnaðarskólasjóðir, sem tilsk. 12. febr. 1872 mælir fyrir um, skal að tiltölu rjettri ganga til búnaðarkennslustofnananna til viðbótar fje því, sem ræðir um í 1. gr.

6. gr. Það er tilgangur og verkefni kennslustofnananna, að vera fyrirmynd í búskap og innræta ungum mönnum búfræðislega þekkingu, er samfara sje verklegri æfingu og atorku í öllum greinum, er að landbúnaði lúta.

7. gr. Aðgang að búnaðarkennslustofnunum hafa allir jafnt, án tillits til heimilis þeirra, eptir því sem föng eru á, og reglugjörðir stofnananna nákvæmar ákveða.

8. gr. Reglugjörðir fyrir stofnanirnar semja sýslunefndir, en landshöfðingi staðfestir þær, þá er hann hefur leitað álits hlutaðeigandi amtsráðs.

Umsjón með stofnununum hafa sýslunefndir á hendi, yfirumsjón amtsráð, og æðstu umsjón landshöfðingi.

Ed. **367. Frumvarp**

til viðaukalaga við útflutninga-lögin 14. jan. 1876. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Enginn útflutningastjóri eður umboðsmaður útflutningastjóra má taka við neinu innskriptargjaldi eða neinu fje undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt fargjald eður meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, nje heldur nokkurri skuldbindingu um gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skriflegt loforð um flutning fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

Brotum gegn þessum ákvæðum hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 2,000 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tilefni þykir til.

2. gr. Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eður umboðsmenn hans hafa um samið eður auglýst, enda sje eigi lögmætum forföllum um að kenna, og getur þá útfari hver kært útflutningastjóra fyrir landshöfðingja; en hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutningastjóri hefur sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar.

3. gr. Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hjer við land taka neinn farþegja um borð, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra áður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra umdæmisins, þar sem hann fer á skip.

Nú brýtur skipstjóri gegn þessum fyrirmælum, og er þá skip og farmur að veði fyrir öllum þeim skuldbindingum, er á farþegjanum hvíldu, er við honum var tekið á skip.

Ed. **368. Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir, sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og, áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öðrum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þennan skal skipa tvo kennendur, er annar sje jafnframt forstöðumaður skólans, og hefur hann 3000 kr. í árleg laun, en hinn kennarinn 2400 kr.

4. gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

6. gr. Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er alþingi hefur í fjárlögum veitt fje til skólans.

Nd. **369. Tillaga**

til þingsályktunar. — Frá fjárlaganefndinni.

Alþingi samþykkir svo hljóðandi:

ÁÆTLUN

um strandferðir við Ísland árin 1888 og 1889.

Austan frá norður um landið.				Vestan frá norður um landið.			
	1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.		1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.
Frá Reykjavík .	9. júní[1]	.....	.....	Frá Reykjavík .	1. júlí	28. ág.	24. sept.
— Berufirði . .	11. —	.....	.....	— Stykkishólmi	1. —	28. —	24. —
— Eskifirði . .	11. —	11. ágúst	5. sept.	— Flatey . . .	2. —	.....	.....
— Seyðisfirði .	12. —	11. —	5. —	— Patreksfirði	2. —	.....	.....
— Vopnafirði .	12. —	12. —	6. —	— Arnarfirði .	2. —	29. ág.	.....
— Húsavík . .	14. —	12. —	.....	— Dýrafirði .	3. —	29. —	25. sept.
— Akureyri . .	16. —	14. —	8. sept.	— Önundarfirði	3. —	.....	25. —
— Siglufirði . .	16. —	14. —	.....	— Ísafirði . .	5. —	31. ág.	27. —
— Sauðárkrók	17. —	14. —	9. sept.	— Reykjarfirði	.....	.....	28. —
— Skagaströnd	17. —	15. —	10. —	— Borðeyri . .	.....	.....	28. —
— Borðeyri . .	.....	16. —	.....	— Skagaströnd	5. júlí	31. ág.	29. —
— Reykjarfirði	17. júní	16. —	.....	— Sauðárkrók	5. —	1. sept.	29. —
— Ísafirði . . .	18. —	16. —	11. sept.	— Siglufirði .	6. —	1. —	29. —
— Önundarfirði	.....	17. —	.....	— Akureyri . .	9. —	4. —	1. okt.
— Dýrafirði .	19. júní	17. —	11. sept.	— Húsavík . .	9. —	4. —	2. —
— Arnarfirði .	.....	18. —	.....	— Vopnafirði .	10. —	.....	3. —
— Patreksfirði	20. júní	.....	.....	— Seyðisfirði .	12. —	5. sept.	4. —
— Flatey . . .	21. —	.....	.....	— Eskifirði . .	12. —	5. —	5. —
— Stykkishólmi	21. —	19. ágúst	12. sept.	— Berufirði . .	13. —	6. —	5. —[1]
í Reykjavík .	25. —	21. —	16. —	í Reykjavík .	.....	.....	8. —[2]

1) Á leiðinni sunnan um landið skal komið við á Vestmannaeyjum ef því verður við komið, án þess skipið þurfi við það að tefjast 3 stundum lengur.

2) Frá Reykjavík fer skipið 2 dögum eptir komu sína þangað vestur á Ísafjörð og aptur til Reykjavíkur þaðan.

ATHUGASEMD. Hinir fyrstu fardagar í hverri ferð eru fastákveðnir. Við millistöðvarnar er tiltekinn sá tími, er skipið í fyrsta lagi getur farið á, en við því má búast, að það geti orðið síðar.

Nd. **370. Frumvarp**

til laga um friðun á laxi. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Eigi má lax veiða í sjó, ám eða vötnum á nokkurn hátt, nema 3 mánuði af sumri hverju. Þó má á öllum tímum árs veiða lax til vísindalegra þarfa og laxaklaks. Sýslu-nefnd eða -nefndir skulu í hjeraði hverju setja fastar reglur um, eða ákveða, hvenær veiðitími skuli byrja og enda, eptir að hafa kynnt sjer með beztu manna ráði, hvernig ám og vötnum er háttað og laxgöngu í þeim hjeruðum, er í hlut eiga.

Á þessum veiðitíma skal þó lax friðaður 36 stundir í viku hverri, frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum. Skulu þá laxanet tekin upp

og fastar veiðivjelar standa opnar, svo lax hafi frjálsa göngu. Í stórvötnum, þar sem veitt er með króknetum, skal það nægja, að ásinn sje úr þeim tekinn og oddinn bundinn saman.

2. gr. Eigi má leggja net eða veiðivjel úti fyrir ósamynnum, í stöðuvötn eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð. Ádráttarveiði má við hafa í ám og vötnum 4 stundir á sólarhring, þó eigi í árósum eða svo nálægt þeim, að laxaför upp eptir ánni hindrist nema með útfalli sjávar Þar sem lax bíður til hrygningar, má ekki við hafa ádráttarveiði, hvorki með netum nje öðrum veiðarfærum, er geta raskað botni fljótanna.

Sýslunefndir skulu ákveða, hvenær og hvar ádráttarveiði megi við hafa, eptir því sem til hagar á hverjum stað.

Heimilt skal að veiða lax á stöng, með ýmsu agni á öngul, sem lax tekur, en enginn má hafa neins konar sting eða krók, sem lax verði stunginn með eða kræktur, nema ífæru við stangaveiði. Aurriða skal á öllum tíma árs vera leyft að veiða í ám, þar sem laxför er, og skal hann þar ófriðhelgur.

3. gr. Hverjum manni er heimilt að skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósamynnum, þar sem lax fer um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera, nema fullt gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta.

4. gr. Engin veiðarfæri nje veiðivjelar má við hafa, er taka smálax. Skulu möskvar í laxanetjum ekki minni vera, þá votir eru, en 9 þuml. ummáls. Net, hvort sem eru lagnet eða ádráttarnet, skulu að eins einföld vera.

Á hverri laxveiðivjel skulu vera svo stór op, að enginn lax, sem ekki er meiri en 9 þuml. ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vjelinni. Sjeu grindur í vjelinni, skulu spelar standa lóðrjett upp og ofan, og sje eigi skemmra bil milli þeirra en $1^1/_2$ þuml.

5. gr. Nú vill meiri hluti veiðieigenda í á, sem lax gengur í, veiða eða leigja í fjelagi, til þess að koma á meiri friðun, en lög þessi ákveða, en fá því ekki framgengt, og skulu þá þeir, sem friðunina vilja fram hafa, leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Álíti sýslunefndin rjetti einskis hallað, skal hún semja reglur um veiðiaðferð, og sje áin leigð, þá einnig um skiptingu leigunnar, og skulu allir hlutaðeigendur hlýta því. Þegar svona stendur á, skal höfuðáin og allar laxgengar ár, sem í hana renna, álítast sem ein á.

6. gr. Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þykir til bera, að kveða skýrar á um eitthvað það, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er sýslunefnd einni eða fleirum heimilt að setja reglur um það, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu, sje í engu haggað eptir því, sem við á í á hverri.

Reglugjörðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein og 6. gr., skal amtmaður staðfesta og fá þær þá fullt lagagildi um næstu 5 ár.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 100 kr. sekt eptir málavöxtum. Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiði-áhöld skulu upptæk, og skal lögreglustjóri tafarlaust taka slík veiðarfæri upp og nema burt allar ólögmætar girðingar.

Sektir eptir lögum þessum renna að helmingi í fátækrasjóð hrepps þess, er brotið er framið í og að helmingi til uppljóstarmanns. Svo fer og um andvirði ólöglegra veiðarfæra og veiðifangs.

8. gr. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða staðfestum samþykktum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Þó getur sá, er fyrir sök er hafður, komizt hjá málsókn, ef hann játar brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eptir því sem amtmaður ákveður. Rjett er að sá, sem fyrir skaða hefur orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið sem einkalögreglumál

9. gr. Ákvarðanir í Jónsbókar landsleigubálki 56. kap. um veiðar í ám, sem og lög um friðun á laxi 19. febr. 1886 eru hjer með úr lögum numin.

Ed. **371. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um löggilding á Vík (355). — Frá Jóni Ólafssyni.

Aptan við frv. bætist: »Þó má eigi reka þar verzlun með áfenga drykki«.

Nd. **372. Frumvarp**

til laga um vegi. — Eptir 3. umr. í Ed.

I. kafli.

Um skiptingu á vegum.

1. gr. Vegir á Íslandi eru: aðalpóstvegir, sýsluvegir, fjallvegir og hreppavegir.

2. gr. Aðalpóstvegir eru þeir vegir, þar sem aðalpóstleiðir liggja. Sýsluvegir eru þeir vegir, sem liggja sýslna á milli og um hverja sýslu, þar sem mest er þjóðbraut, svo sem vegir í kaupstaði og almenn fiskiver, enda sjeu það eigi aðalpóstvegir eða fjallvegir. Fjallvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar, þar sem hvorki eru aðalpóstvegir, sýsluvegir eða hreppavegir. Hreppavegir eru þeir vegir hreppa milli og um hreppa, sem eigi eru aðalpóstvegir, fjallvegir eða sýsluvegir.

3. gr. Aðalpóstvegir eru undir umsjón amtsráðanna og yfirumsjón landshöfðingja, og greiðist kostnaður til þeirra yfir höfuð úr landsjóði. Ef aðalpóstvegur liggur um sýslu endilanga, skal allt að helmingi sýsluvegagjalds í því hjeraði ganga til aðalpóstvega.

Vegagjörð og vegabót á fjallvegum skal landshöfðingi ráðstafa eptir tillögu vegfróðs manns og amtsráða; en fje það, er til þess gengur, skal veita í fjárlögum hvers fjárhagstímabils.

Sýsluvegir, vegir í kaupstaði og almenn fiskiver eru undir umsjón sýslunefnda og yfirumsjón amtsráða. Þeir eru kostaðir af sýslufjelögunum.

Hreppavegir eru undir umsjón hreppsnefnda og yfirumsjón sýslunefnda, og kosta hreppafjelögin þá.

II. kafli.

Um aðalpóstvegi.

4. gr. Aðalpóstvegir skulu, þangað til öðruvísi er ákveðið með lögum, vera:

1. Frá Reykjavík til Ísafjarðar,

2. — ——— — Akureyrar,
3. — Akureyri — Seyðisfjarðar,
4. — Reykjavík að Prestsbakka,
5. — Prestsbakka til Eskifjarðar.

5. gr. Ákveða skal í fjárlögunum, hve miklu skuli verja til vegagjörða og aðgjörða á aðalpóstvegum á hverju fjárhagstímabili. Skal það vera aðalregla, að fyrst sjeu bættar þær torfærur, sem gjöra mestan farartálma. Að öðru jöfnu skal fyr bæta torfærur á fjölförnustu vegum.

6. gr. Landshöfðingi ákveður eptir tillögum sýslunefnda, amtsráða og vegfróðra manna, hvar aðalpóstleið skuli liggja um hjerað hvert.

7. gr. Vegir á aðalpóstleiðum skulu, þar sem því verður við komið, vera að minnsta kosti 6 álna breiðir. Eigi skulu þeir að jafnaði hafa meiri halla en sem svari 3—4 þuml. á hverri alin.

8. gr. Landshöfðinginn ræður verkstjóra til vegagjörða á aðalpóstleiðum. Sýslunefndir ráða verkmenn eptir samkomulagi við verkstjóra, hver í sínu hjeraði, þar sem vegagjörð á að fara fram. Fela mega þær oddvita eða öðrum, er situr í sýslunefndinni, þennan starfa á hendur. Ávallt skal vegagjörð tekin út af dómkvöddum mönnum, sem sýslumenn kveðja, hver í sínu hjeraði, og skal álit þeirra um það, hvernig verkið er unnið og hvort allrar hagsýni hafi verið gætt, sent landshöfðingja.

III. kafli.
Um sýsluvegi.

9. gr. Sýslunefndir semja tillögur um, hverjir skuli vera sýsluvegir í sýslu hverri, en amtsráð leggur á það samþykki sitt.

10. gr. Kostnaður við sýsluvegi greiðist af sýslufjelaginu, þannig að hvert hreppsfjelag greiðir $^1/_2$ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, frá 20—60 ára, í hverri stöðu sem er.

Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir lok marzm. senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í hreppnum á þeim aldri, sem nú var sagt, og skal sýslumaður eptir því ákveða, hve mikið tillag hver hreppur eigi að greiða. Gjald þetta skal tekið af sveitarsjóðnum og greitt sýslumanni á manntalsþingum.

11. gr. Fela má sýslunefndin hlutaðeigandi sýslunefndarmanni, eða hreppsnefnd, umsjón og vinnu að sýsluvegum, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim sem umsjón er falin, að ráða þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

12. gr. Sýsluvegir skulu vera að minnsta kosti 5 álna breiðir; að öðru leyti gilda um viðhald og gjörð á þeim hinar sömu meginreglur, og greindar eru um aðalpóstvegi, sbr. 7. gr.

13. gr. Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda amtsráði aðalskýrslu og aðalreikning yfir sýsluvegagjörðir.

IV. kafli.
Um fjallvegi.

14. gr. Því að eins skal bæta fjallvegi, er eigi eru aðalpóstvegir eða sýsluvegir, að brýna nauðsyn beri til.

V. kafli.

Um hreppavegi.

15. gr. Hreppsnefnd ákveður, hvar hreppavegir skuli liggja í hreppi hverjum, og leggur ákvæði sitt undir samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.

Skyldur er hver búandi að láta vinna að hreppavegum $^1/_2$ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann 20—60 ára, er hann hefur haft á heimili sínu til næsta hjúaskildaga á undan, og leggja til, auk fæðis, nauðsynleg áhöld til vinnunnar. Heimilt er þó búanda að leysa sig undan skylduvinnu þessari, og greiði hann þá innan loka hvers fardagaárs svo mikið í peningum, sem nemi hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá fyrir hvern verkfæran mann, í sveitarsjóð.

16. gr. Nú er lítið að vinna að hreppavegum í hreppi, má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppavegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð til sýsluvega. Sje aptur á móti hreppavegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að aðalpóstvegir eru þar engir eða sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að helmingur á móts við hreppavegagjald hreppsins greiðist úr vegasjóði sýslunnar.

17. gr. Hreppsnefndin hefur umsjón um vinnu og aðgjörð á hreppavegum, og skal hún skipa umsjónarmenn, einn eða fleiri, til að sjá um vinnuna, og er henni heimilt að greiða þeim í dagpeninga allt að 3 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru við vinnuna.

18. gr. Skyldur skal hver verkmaður að koma á þeim tíma, sem umsjónarmaður eða verkstjóri tiltekur, og að fara eptir fyrirmælum hans; gjaldi húsbóndi ella hið ákveðna kaup og að auk, nema forföll hafi bannað, 1—5 kr. sekt, er renni í vegasjóð, sem stofna skal fyrir hvern hrepp, og hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á.

19. gr. Hreppavegir skulu að minnsta kosti vera 3 álna breiðir; að öðru leyti skal, þar sem nýr vegur er gjörður, fylgja sömu aðalreglum og teknar eru fram um sýsluvegi.

20. gr. Skyldir skulu hreppsbúar að láta boðskap umsjónarmanns um vegavinnu berast bæja á milli tafarlaust.

21. gr. Hver hreppsnefnd skal gefa sýslunefnd skýrslu um vinnu að hreppavegum á hverju ári fyrir árslok.

VI. kafli.

Almenn ákvæði.

22. gr. Brýr skal gjöra yfir ár og læki, þar sem þörf er á, þegar efni og kringumstæður leyfa.

23. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sje gjörður um land hans, og efni tekið þar sem næst er, án endurgjalds, ef eigi er skemmt tún, engi, yrkt land eða umgirt land. Þyki nauðsyn að leggja veg um tún, engi, yrkt land eða umgirt land, skulu fullar bætur fyrir koma úr landsjóði, sýslusjóði eða hreppsjóði,—eptir því hvort vegurinn er aðalpóstvegur, sýsluvegur eða hreppavegur,—eptir mati dómkvaddra manna. Svo skulu og bætur fyrir koma úr landsjóði, sýslusjóði eða hreppsjóði, ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða.

24. gr. Borgun fyrir vegagjörð skal þá greiða að fullu, er verkinu er lokið, og matsgjörð eða úttekt hefur fram farið.

25. gr. Hvervetna þar sem mikil umferð er á vetrum, skal byggja nægilegar vörður og við halda þeim, og sömuleiðis sæluhús. Á aðalpóstleiðum greiðist kostnaðurinn úr landsjóði, á sýsluvegum úr sýslusjóði, og á hreppavegum úr hreppsjóði.

26. gr. Eptir tillögum verkfróðra manna semur landshöfðingi reglugjörð, er hefur inni að halda nánari ákvæði um vegagjörðir.

27. gr. Hver sem af ásettu ráði skemmir veg, vörður, ferjur eða sæluhús, skal sæta hegningu samkvæmt 296. gr. alm. hegningarl. 25. júní 1869.

28. gr. Brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

29. gr. Með lögum þessum er tilsk. 15. marz 1861 og lög nr. 19, 15. okt. 1875 úr gildi numin.

30. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarm. 1888.

Ed. **373. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Söfnunarsjóð Íslands. — Frá nefndinni.

1. Við 7. gr. Bætist inn í fyrir aptan orðin »fjögra ára«: Eigi má framkvæmdarstjóri nje gæzlustjórar vera jafnframt í stjórn landsbankans.
2. — 11. — Bætist inn í fyrir aptan orðin »víkur þeim frá«: en eigi má hún þá menn velja, er þá eru starfsmenn landsbankans.
3. 13. — orðist þannig: Framkvæmdarstjóri og fjehirðir skulu setja hæfilegt veð, er landshöfðingi ákveður.
4. — 16. — Fyrir: »Í desembermánuði . . . atkvæðisrjett« komi: Landshöfðingi setur mann til að endurskoða reikninga Söfnunarsjóðsins.

Ed. **374. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889.

Nefndin hefur á þeim stutta tíma, sem hún hefur haft til starfa síns, rannsakað og rætt fjárlagafrumvarpið eptir föngum, eins og það er úr garði gjört frá h. h. Nd. Hefur það verið aðal-viðleitni vor, að fylgja fram allri sanngjarnri sparsemi, og vikja ekki í þeirri aðalstefnu frá því, sem efst hefur orðið í h. h. Nd.

Í nokkrum smærri atriðum, en fáum stórvægilegum, höfum vjer leyft oss að fara fram á nokkrar breytingar, sem vjer viljum ráða h. h. Ed. til að fallast á.

Á nokkrar hinar helztu breytingar skulum vjer stuttlega minnast, en sleppum þar til í umræðum málsins óverulegustu smábreytingum, eður þeim breytingum, er ástæður virðast augljósar til.

Er þá fyrst að víkja að 10. gr. C. 4. c., að orsökin til breytingar þeirrar, er vjer förum þar fram á, er sú, að oss blandast ekki hugur um, að sá hluti styrksins til eflingar búnaði, sem þannig er veittur, er það sem kemur að lang-sönnustum notum búnaðinum, og vildum vjer því hækka hann að mun, en jafnframt fella niður fjárveitinguna á C. 4. d., þar eð oss virðist sá hluti styrksins komið hafa einatt ekki að þeim notum, sem til var ætlað, eða enda einatt orðið á engan veg til eflingar búnaði. Enda virðist

oss úthlutunar-grundvöllurinn fjarstæður mjög, þar sem fólkstala og jarðamat ræður mestu, og þannig lendir mikið af því fje í þau umdæmi, er lítinn eður sem næst engan landbúnað hafa.

Að því er snertir fje til vegabóta (10. gr. C. 5. b. og c.), þá virðist oss mega ganga að því vísu, að aðalpóstleiðin frá Hvalfirði upp í Norðurárdal verði látin sem allra-fyrst sitja í fyrirrúmi, og það því fremur, er landstjórnin nú veit vilja þingsins í því efni; en hins vegar þótti oss ísjárvert, að binda hendur hennar til framkvæmda á þann hátt, sem í frv. er gjört, þar eð svo gæti á staðið, að það gæti orðið óþægilegt, hversu sem áraði, að vera bundinn með ár og upphæð, og svo þótti oss tilhlýðilegt að fast-binda þetta síður um skör fram þetta ár, ef það kynni að koma í bága við tillögur vegfræðings þess, sem ráð er fyrir gjört í 10. gr. C. 5. a.

Hvað tillögu vora við 11. gr. 1. snertir, skulum vjer geta þess, að Schierbeck landlæknir höfðaði mál gegn landsjóði fyrir »Hof- og Stadsretten« í Kaupmannahöfn 1884, til að fá sjer dæmda borgun fyrir kennslu yfirsetukvenna, (en hún er 50 kr. fyrir hverja, og hefur það numið 400 til 600 kr. um árið); mál þetta vann hann þar 1885, og er því áfrýjað fyrir hæstarjett, en dómur þar eigi fallinn enn. Dómur var eigi fallinn í þessu máli 1885, er þingið veitti honum á fjárlögunum þá 600 kr. viðbót skilyrðislaust, sem vjer nú leggjum til að hann haldi með skilyrði.

Við 13. gr. A. b, 2 er það að athuga, að neðri deild hefur aukið þar tillag til Grímseyjar-prests innanstryks, án þess að hækka upphæðina utanstryks. En þar eð oss er kunnugt, að eins og stendur getur þessi hækkun til Grímseyjar-prestsins því að eins átt sjer stað, án þess að utanstryks-upphæðin sje hækkuð, að tekin sje þá uppbót frá öðrum prestum, sem nú hafa hana og ekki munu mega hennar án vera, þá leggjum vjer til, að utanstryks-upphæðin hækki um það, sem aukið er tillagið til Grímseyjar-prestsins (200 kr. hvort árið).

Breyting sú, er vjer stingum upp á við 13. gr. B. II. a, er á því byggð, að oss þykir ekki ástæða til að draga af aptur nú þá viðbót, er Tómasi kennara Hallgrímssyni var veitt fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, því síður sem hann getur ekki talizt til flokks hinna hálaunaðri embættismanna, og hefur um mörg ár haft óviðurkvæmilega lág laun.

Oss þykir kynlegt, að menn sem hafa föst laun, sem kennarar við latínuskólann, skuli að undanförnu hafa fengið aukaborgun af tímakennslufje fyrir að kenna við skóla þann, sem þeir eru við, og samkvæmt því höfum vjer gjört tillögu.

Jafnframt og vjer leggjum til að færa nokkuð niður upphæðina á 13. gr. B.V. a. 4. viljum vjer tryggja það, að þessu fje verði varið til styrktar náms-meyjum.

Að vorri hyggju heyrir það til starfi bókavarðar, að raða bókum landsbóka-safnsins og semja skrá yfir þær, enda má ætla að þegar sje mikið að því unnið, svo mikið fje sem til þess hefur veitt verið í mörg ár. Að eins að svo miklu leyti sem bókavörður kynni að þurfa aðstoðar, er að vorri ætlun ástæða til að veita sjerstaklega fje til þessa, og virðist þá rjettast að veita í einu lagi fjeð til að borga þá aðstoð með, hvort heldur hún er fólgin í aðstoð við skrána eða röðunina eða útlánið.

Nefndin áleit B. Gröndal í alla staði þess maklegan að halda þeim styrk, sem honum hefur hingað til veittur verið á fjárlögunum, en sá hins vegar ekki ástæðu til að hækka hann fram úr því, sem verið hefur.

Að því er kemur til útgáfu fornbrjefa-safnsins, þá var nefndin á því, að veita bæri

upphæð þá, sem í frv. er fram á farið; en henni virtist ástæða til, að miða upphæðina við það, sem unnið yrði fyrir hana.

Loks hefur nefndin fundið ástæðu til að taka til greina eina bænarskrá undir 16 gr. á staflið 6. Auðvitað hefur meðundirskrifaður framsögumaður nefndarinnar eigi verið á fundi í nefndinni meðan sá liður var ræddur og eigi tekið þátt í aðgjörðum nefndarinnar þessum tölulið viðvíkjandi.

Að ending skal þess geta, að eptir beiðni frá umsjónarmanni skólahússins og meðmælum landshöfðingja, höfum vjer lagt til að veita fje (á 13. gr., B. III. c) til að leggja járnþak á latínuskólann að vestanverðu.

Ráðum vjer svo hinni háttv. Ed. að samþykkja breytingartillögur þær, er vjer höfum komið fram með og leggjum hjer með fyrir deildina.

Efri deild elþingis, 17. ágúst 1887.

Benidikt Kristjánsson,	Jón Ólafsson,	L. E. Sveinbjörnsson.	F. S. Stefánsson.
formaður.	skrifari og framsögumaður.		

Sighv. Árnason.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 10. gr. B. 4. b. (laun sendiboðans við yfirrjettinn). Fyrir »20 kr.« innan-stryks komi: »50 kr«.
2. — 10. gr. C. 4. b. (til búnaðarskólans á Hólum). Fyrir: »4000 kr.« innan-stryks komi: »3000 kr.«.
3. — — — — - - Aptan við tölul. bætist þessi athugasemd: »Fje þetta veitist með því skilyrði, að skipt sje um skólastjóra«.
4. — 10. gr. C. 4. c. Tölul. orðist svo: »Til búnaðar-fjelaga og búnaðar-framkvæmda 9000 kr.«.
5. — — — — - - Aptan við tölul. bætist: »Eyðaskóla má því að eins veita styrk af þessu fje, að skipt sje um skólastjóra«.
   (Aths. frvs. »Landshöfðingi úthl. fje þessu« o. s. frv. haldist).
6. — 10. gr. C. 4. d. Tölul. með athgr. falli burt.
7. — 10. gr. C. 5. b. Innan-stryks bætist við (1889) »15000 kr.«.
8. — 10. gr. C. 5. c. Tölul. falli burt, og tölul. »d« verði »c«.
9. — 10. gr. C. 6. Athugasemdin falli burt.
10. — 11. gr. 1. Fyrir: »38998—38998—77996 kr.« komi: »39598—39598—79196 kr.«
11. — — — — Aptan við tölul. bætist: »þar af 600 kr. hvort árið til Schierbecks landlæknis, með því skilyrði að hann falli frá öllum kröfum til endurgjalds fyrir kennslu yfirsetukvenna þeirra, er hann hefur kennt eða kennir framvegis meðan hann heldur þessari viðbót við laun sín«.
12. við 11. gr. 2. Aptan við bætist nýr tölul. svolátandi:
   »f. styrkur til aukalækna í ofannefndum aukalæknishjeruðum einu sinni fyrir allt til verkfærakaupa, 200 kr. til hvers, alls 1000 kr.«
13. — 12. gr. 2. (Póstflutningur): Fyrir: »21000—21000—42000 kr.« komi: »21200—21200—42400 kr.

14. — — — — — Aptan við tölul. bætist: »þar af til aukapósts milli Saurbæjar og Skipaskaga allt að 200 kr. hvort árið«.
15. — 13. gr. A. b. 2. Fyrir: »3500 kr.—3000 kr.« komi: »3700 kr.—3200 kr«.
16. — 13. gr. B. I. b. 4. Fyrir: »300 kr.—300 kr.« (innan-stryks) komi: »200 kr.—200 kr.«
17. — 13. gr. B. II. 2. Fyrir: »3200—3200 kr.« komi: »3600—3600 kr.«
18.a— 13. gr. B. III. c. Milli 3. og 4. tölul. bætist inn nýr tölul., »4. til járnþaks á vesturhlið skólahússins, allt að 1000 kr.« og töluliðirnir á eptir breyti töluröð eptir því.
18.b— 13. gr. B. III. c. 4. Aptan við tölul. bætist athugasemd á þessa leið: »Af þessu fje má engu verja til aukaborgunar til hinna föstu kennara«.
19. — 13. gr. B. V. a. 1. Fyrir: »1500 kr.« (innanstryks) komi: »1200 kr.«
20. — — — — — — — — Aptan af athugasemdinni falli þetta: »Skóli þessi standi undir umsjón stiptsyfirvaldanna«.
21. — 13. gr. B. V. a. 2. Fyrir: »700« (innanstryks) komi: 800
22. — 13. gr. B. V. a. 3. Fyrir: »700« (innanstryks) komi: 600
23. — 13. gr. B. V. a. 4. Tölul. verði á þessa leið (innarstryks): Til styrks handa námsmeyjum á kvennaskólunum í Ytri-Ey og Laugalandi . . . . . 1000 kr.
Upphæðin skiptist milli skólanna eptir tölu námsmeyja.
24. — 13. gr. C. 1. b. Töluliðurinn verði þannig: Til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur . . . . . 700 kr — 700 kr.
25. — 13. gr. C. 1. d. Töluliðurinn falli burt.
26. — 15. gr. Aptan við gr. bætist: »Enn fremur til Þorbjargar Sveinsdóttur ljósmóður í Reykjavík einu sinni fyrir allt 150 kr.«
27. — 16. gr. 2. Fyrir: »800 kr. á ári . . . 1600 kr.« komi: »600 kr. á ári 1200 kr.«
28. — 16. gr. 3. Fyrir: »25 kr. örkina, 300 kr. á ári . . . 600 kr.«
komi: »20 kr. fyrir örkina, 240 kr. á ári . . . 480 kr.«
29. — 16. gr. 5. Á eptir »fornbrjefasafni« komi: »25 kr. fyrir örkina, allt að«.
30. — 16. gr. bætist nýr töluliður: »6. Styrkur til bæjarfulltrúa Jóns Ólafssonar til bókfræðistarfa 800 kr. hvort árið . . . . . 1600 kr.«
31. — 18. gr. Tölu-upphæðin »35362 kr. 84 a.« breytist samkvæmt tillögum þeim, sem samþykktar verða.

Nd. **375. Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um vegi.

Nefnd sú, sem kosin var af hinni heiðruðu neðri deild til að íhuga frv. til laga um vegi, hefur af nýju hugleitt frumvarpið, svo sem það er komið frá hinni heiðruðu efri deild. Breytingar þær, sem efri deild hefur gjört á frumvarpinu eru ekki miklar, og þó sumar af þeim að áliti nefndarinnar sjeu sízt til bóta, vill nefndin ekki eiga á hættu að leggja til, að frv. verði breytt og sent efri deild

aptur, og ræður því hinni heiðruðu neðri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 16. ágúst, 1887.

Þórarinn Böðvarsson, formaður og framsögumaður. Páll Briem, skrifari. Þorsteinn Jónsson. J. Jónassen. Grímur Thomsen.

Ed. **376. Tillögur**

til þingsályktunar í Fensmarksmálinu. — Eptir eina umr. í Nd.

Alþingi ályktar:

1. að höfða mál gegn ráðgjafa Íslands J. Nellemann, til þess að fá hann með dómi skyldaðan til að greiða landsjóði 22,219 kr. 70 aur., sem eru ógoldnar af landsjóðs tekjum úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað sakir vanskila fyrverandi sýslumanns og bæjarfógeta C. Fensmarks.
2. að fela forsetum þingdeildanna að útvega málfærslumann til að sækja mál þetta, veita honum umboð til þess og ávísa fje því, sem málsóknin út heimtir, af upphæð þeirri, sem ætluð er til kostnaðar við alþingi.

Nd. **377. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1884 og 1885, veitast 7601 kr. 80 a. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í eptirfarandi 2.—6. gr.

2. gr. Sem viðbót við upphæðina í 10. gr. C. 10., til að gefa út „Lovsamling for Island", veitast 700 kr.

3. gr. Sem viðbót við upphæðirnar í 12. gr. til útgjalda við póststjórnina veitast:

undir 2. lið, til póstflutninga

1884	986 kr. 61 a.
1885	2,245 — 60 —

undir 3. lið, til annara útgjalda

1884	976 — 72 —
1885	748 — 76 —
	4,957 kr. 69 a.

4. gr. Sem viðbót við upphæðirnar í 13. gr. til kirkju- og kennslumála veitast:

undir lið B. I. b. 7. ýmisleg útgjöld við prestaskólann 1885 46 kr. 62 a.

undir lið B. III. c. 4. til tímakennslu við hinn lærða skóla árið 1885 67 kr. 95 a.

5. gr. Sem viðbót við upphæðirnar í 16. gr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast:

undir lið 5. til eflingar laxveiði og laxræktar 1,292 kr. 95 a.

6. gr. Sem viðbót við upphæðina í 17. gr. til óvissra útgjalda veitast kr. 536,59.

Nd. **378. Frumvarp**

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1884 og 1885. Eptir 3. umr. í Ed.

		Fjárveiting kr. a.	Reikningur. kr. a.
	I. Tekjur:		
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	75,000 »	78,652 91
2.	Húsaskattur	4,800 »	8,049 97
3.	Tekjuskattur	26,000 »	34,482 37
4.	Aukatekjur	38,000 »	44,712 38
5.	Erfðafjárskattur	5,000 »	8,256 33
6.	Gjöld af fasteignasölu	1,300 »	2,471 87
7.	Vitagjald	10,000 »	9,298 98
8.	Metorðaskattur	32 »	16 »
9.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	2,800 »	4,806 75
10.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi að frá dregnum 2% í innheimtulaun	72,000 »	57,456 85
11.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frá dregnum 2% í innheimtulaun	250,000 »	300,596 05
12.	Aðflutningsgjald af tóbaki að frá dregnum 2% í innheimtulaun	36,000 »	34,440 48
13.	Tekjur af póstferðum	27,000 »	35,883 60
14.	Óvissar tekjur	2,000 »	19,409 09
15.	Tekjur af fasteignum landsjóðs að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	60,000 »	64,998 81
16.	Leigugjöld af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu	3,600 »	2,700 »
17.	Tekjur af kirkjum	1,000 »	853 75
18.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs Borgað upp í lán, veiting: 22,022 kr. 45 a., reikningur: 63,116 kr. 58 a.	60,000 »	64,819 34
19.	Innborganir frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	7,500 »	7,770 97
20.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	6,000 »	3,945 83
21.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000 »	7,701 84
22.	Tillag úr ríkissjóði	183,000 »	183,000 »
23.	Spítalagjald	» »	1,003 62
	alls ...	875,032 »	975,327 79

		Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.
	II. Gjöld:		
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800 »	26,800 »
2.	Til alþingis 1885 og kostnaður við yfirskoðun landsreikninganna	33,600 »	35,376 60
3.	Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn:		
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	52,200 »	45,352 94
	B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,072 38	168,985 01
	C. Ýmisleg útgjöld	136,460 »	137,319 57
4.	Til útgjalda við læknaskipunina	84,748 »	80,266 98
5.	Til útgjalda við póststjórnina	55,800 »	60,779 73

		Fjárveiting.	Reikningu.r
6.	Til kirkju- og kennslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	55,490 38	59,687 25
	B. Til kennslumálefna	140,128 »	134,688 99
	C. Ýms útgjöld	11,800 »	11,788 »
7.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	10,000 »	13,823 21
8.	Eptirlaun og styrktarfje	50,000 »	52,670 03
9.	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	15,400 »	13,673 78
10.	Til óvissra útgjalda	4,000 »	4,536 59
11.	Eptirlaun prestsekkna	» »	2,081 86
12.	Fjáraukaveitingar	9,477 31	7,681 16
13.	Afgangur	27,533 24	119,816 09
	alls ...	884,509 31	975,327 79

Innstæða viðlagasjóðs 31. desbr. 1885 . . . . . kr. 964781,13
Peningaforði landsjóðs 31. desbr. 1885 . . . . . — 113731,69
Tekju-eptirstöðvar landsjóðs 31. desbr. 1885 . . . — 63824,19

Nd. **379. Frumvarp**

til laga um þurrabúðarmenn. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Frá þessum tíma má enginn gjörast þurrabúðarmaður, nema hann fullnægi þessum skilyrðum:

a. að hann sanni fyrir hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem hann vill setjast að, með vottorðum tveggja skilríkra manna, að hann sje reglumaður og ráðdeildarsamur.

b. að hann sanni á sama hátt, að hann eigi, auk alls klæðnaðar fyrir sig og sitt skuldalið, skuldlausa fjármuni í peningum eða öðrum fjemætum munum, er nemi að minnsta kosti 400 kr. fjárhæð. Þó má gjöra undantekning frá þessu með samhljóða atkvæðum allra hreppsnefndarmanna.

2. gr. Sá, sem vill gjörast þurrabúðarmaður, skal skriflega biðja sjer byggðarleyfis hjá hreppsnefnd í hreppi þeim, þar sem hann vill setjast að. Skal hreppsnefndin vandlega athuga öll skjöl og skilríki beiðanda; þyki henni ástæða til, getur hún neitað um leyfið, en gefa skal hún skriflegar ástæður fyrir neituninni, og er beiðanda þá heimilt, að skjóta máli sínu til sýslumanns, en úrskurði hans má skjóta til amtmanns, er leggur síðasta úrskurð á málið.

3. gr. Enginn má byggja þurrabúðir utan kaupstaðar og verzlunarstaðar, hvort sem henni fylgja sjerstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum:

a. að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minnsta kosti sje 400 ferhyrningsfaðma að stærð að meðtöldum matjurtagarði, sem byggja skal og rækta við hverja þurrabúð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni.

b. að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau sjeu viðunanlega loptgóð og hlý, eptir dómi skilríkra manna.

c. að þurrabúðin sje afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

4. gr. Þurrabúðarmaður sá, sem tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 7 ára; vera skal hann undanþeginn eptirgjaldi þessi ár.

5. gr. Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávallt byggð að minnsta kosti 8 ár. Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbrjef, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, rjettindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal þurrabúðin þá álítast byggð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt, og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

6. gr. Þegar ábúandaskipti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu með fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, útmælingu lóðar, ræktun, úttekt og bygging; þó má sýslunefnd eptir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar gjöra undantekningar viðvíkjandi stærð á lóð þurrabúðar.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varða 1—100 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð.

8. gr. Með mál útaf brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **380. Tillaga**

til þingsályktunar. — Eptir fyrri umr. í Nd.

Alþingi samþykkir svo hljóðandi:

ÁÆTLUN

um strandferðir við Ísland árin 1888 og 1889.

Austan frá norður um landið.				Vestan frá norður um landið.			
	1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.		1. ferð.	2. ferð.	3. ferð.
Frá Reykjavík .	9. júní[1]	.....	.....	Frá Reykjavík .	1. júlí	28. ág.	24. sept.
— Berufirði . .	11. —	.....	.....	— Stykkishólmi	1. —	28. —	24. —
— Eskifirði . .	11. —	11. ágúst	5. sept.	— Flatey . . .	2. —	28. —	.....
— Seyðisfirði .	12. —	11. —	5. —	— Patreksfirði	2. —	.....	24. sept.
— Vopnafirði .	12. —	12. —	6. —	— Arnarfirði .	2. —	29. ág.	.....
— Húsavík . .	14. —	12. —	.....	— Dýrafirði .	3. —	29. —	25. sept.
— Akureyri . .	16. —	14. —	8. sept.	— Önundarfirði	3. —	.....	25. —
— Siglufirði . .	16. —	14. —	.....	— Ísafirði . .	5. —	31. ág.	27. —
— Sauðárkrók	17. —	14. —	9. sept.	— Reykjarfirði	.....	.....	28. —
— Skagaströnd	17. —	15. —	10. —	— Borðeyri . .	.....	.....	28. —
— Borðeyri . .	.....	16. —	.....	— Skagaströnd	5. júlí	31. ág.	29. —
— Reykjarfirði	17. júní	16. —	.....	— Sauðárkrók	5. —	1. sept.	29. —
— Ísafirði . . .	18. —	16. —	11. sept.	— Siglufirði .	6. —	1. —	29. —
— Önundarfirði	.....	17. —	.....	— Akureyri . .	9. —	4. —	1. okt.
— Dýrafirði .	19. júní	17. —	11. sept.	— Húsavík . .	9. —	4. —	2. —
— Arnarfirði .	.....	18. —	.....	— Vopnafirði .	10. —	.....	3. —
— Patreksfirði	20. júní	18. —	.....	— Seyðisfirði .	12. —	5. sept.	4. —
— Flatey . . .	21. —	.....	12. sept.	— Eskifirði . .	12. —	5. —	5. —
— Stykkishólmi	21. —	19. ágúst	12. —	— Berufirði . .	13. —	6. —	5. —[1]
í Reykjavík .	25. —	21. —	16. —	í Reykjavík .	.....	.....	8. —[2]

1) Á leiðinni sunnan um landið skal komið við á Vestmannaeyjum ef því verður við komið, án þess skipið þurfi við það að tefjast 3 stundum lengur.
2) Frá Reykjavík fer skipið 2 dögum eptir komu sína þangað vestur á Ísafjörð og aptur til Reykjavíkur þaðan.

ATHUGASEMD. Hinir fyrstu fardagar í hverri ferð eru fastákveðnir. Við millistöðvarnar er tiltekinn sá tími, er skipið í fyrsta lagi getur farið á, en við því má búast, að það getì orðið síðar.

Ed. **381. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887. — Eptir eina umr í Nd.

1. gr. Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 veitast 1121 kr. 70 a. til gjalda þeirra, er nefnd eru í eptirfylgjandi 2.—3. gr.

2. gr. Sem viðbót við eptirlaun og styrktarfje í 15. gr. veitast:

1. Handa prestsekkju Ragnheiði Jónsdóttur sem viðbót við tekjur hennar af Vestmanneyja-brauði náðarárið eptir lát manns hennar og sem viðbót við eptirlaun hennar, frá fardögum 1886 til 31. desbr. 1887, 375 kr. 95 a.

2. Ellistyrkur til fyrrum bókavarðar Jóns Árnasonar fyrir ársfjórðunginn frá 1. oktbr. til 31. desbr. 1887 200 kr.

3. gr. Til endurbyggingar Bjarnaness-kirkju 1886 veitast 545 kr. 75 a.

Ed. **382. Viðauka- og breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1886 og 1887, eins og það var samþykkt við eina umr. í Nd. — Frá landshöfðingja.

1. Á eptir 1. gr. komi ný grein svo látandi:

2. gr.

Sem viðbót við útgjöld við læknaskipunina í 11. gr. veitist:

uppbót á launum

a. hjeraðslæknis í 4. læknishjeraði Hjartar Jónssonar fyrir tímabilið frá 1. nóvbr. 1876 til 31. desbr. 1887 . . . . . kr. 4397,66
b. hjeraðslæknis í 20. læknishjeraði Þorsteins Jónssonar fyrir sama tímabil . . . . . — 4397,66
c. hjeraðslæknis í 6. læknishjeraði Þorvaldar Jónssonar fyrir tímabilið frá 1. marz 1877 til 31. desbr. 1887 . . . . — 2426,67

kr. 11221,99

2. Greinatalan og fjárhæðin í 1. gr. breytist samkvæmt þessu.

Ed. **383. Breytingartillaga**

við breytingartillögu nefndarinnar (361) við frv. til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki. — Frá Skúla Þorvarðarsyni, Jóni Ólafssyni og Jakobi Guðmundssyni.

Við breytingartillögu við 9. gr. b. Fyrir: »eða amtmaður« komi: eða landshöfðingi.

Ed. **384. Tillaga**

til þingsályktunar. — Frá Jóni Ólafssyni, Benedikt Kristjánssyni, Sighvati Árnasyni og Jakobi Guðmundssyni.

Efri deild alþingis ályktar:

Að taka frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands, sem falið var nefnd hjer í deildinni til meðferðar, aptur undan meðferð nefndarinnar, svo að halda megi óhindrað fram umræðum þess hjer í deildinni.

Nd. **385. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um brúargjörð á Ölvesá, eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd. — Frá Grími Thomsen, Árna Jónssyni, Páli Ólafssyni, Sigurði Jenssyni, Jóni Jónssyni og Jóni Þórarinssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir: „40,000 kr.“ komi: „30,000 kr.“
2. — - — Orðin: „og jafnaðarsjóður suðuramtsins“ falli burt.
3. — - — Fyrir: „allt að 20,000 kr.“ og til enda greinarinnar komi: „að minnsta kosti 30,000 kr.“
4. — 2. — Fyrir: „og jafnaðarsjóði suðuramtsins allt að 20,000 kr.“ komi: „30,000 kr.“
5. — - — Fyrir: „965,25 kr.“ komi: „1447,88 kr.“
6. — 3. — Fyrir: „þannig: helmingurinn úr sýslusjóðum o. s. frv. til enda greinarinnar komi: „og skiptast á sýslusjóði Árness og Rangárvallasýslna eptir hlutfallinu milli samanlagðrar tölu lausafjárhundraða og jarðarhundraða í sýslunum ár hvert“.
7. — 4. — Fyrir: „hefur landstjórnin og umsjón yfir henni“ komi: „hefur sýslunefndin í Árnessýslu umsjón yfir henni“.

Nd. **386. Breytingartillaga**

við frv. til laga um friðun á laxi. — Frá nefndinni.

1. Á eptir 1. gr. komi ný gr. (2. gr.) svo hljóðandi:
„Ekki má leggja net, setja garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra út í nokkra á, en í hana miðja, og þó því að eins svo langt út, að djúp árinnar sje eigi minna fyrir utan netið eða veiðivjelina.

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að jafnan sje 30 faðma bil eptir endilangri ánni milli veiðivjela, nema svo sje, að þvermál árinnar á milli þeirra sje eigi mjórra en sá hluti hennar, er þær taka yfir“.
2. Greinatalan á eptir breytist samkvæmt því.

Ed. **387. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá Jóni A. Hjaltalín.

1. 13. gr. B. V. b. 2. töluliður falli burt.
2. 16. gr. 1. —— sömuleiðis.
3. — — 3. —— —— 54*

4. Aptan við 16. gr. bætist nýr töluliður svo hljóðandi:
Til þess að semja skrá yfir skjalasafn stiptamtsins 600 kr.

Nd. **388. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um strandferðir við Ísland 1888 og 1889.— Eptir fyrri umr. í Nd. — Frá Sigurði Stefánssyni, Jóni Þórarinssyni, Sigurði Jenssyni, Gunnari Halldórssyni, Sveini Eiríkssyni og Grími Thomsen.

Neðanmáls bætist við svo látandi athugasemd:

Í apríl eða snemma í maímánuði fer gufuskip frá Reykjavík til Stykkishólms, Flateyjar, Patreksfjarðar, Önundarfjarðar og Ísafjarðar, og þaðan aptur beina leið til Reykjavíkur.

Nd. **389. Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um þurrabúðarmenn.

Breytingar þær, sem hin háttvirta efri deild hefur gjört á frv. til laga um þurrabúðarmenn, eru að áliti voru vel viðunanlegar, og ráðum vjer því hinni háttvirtu neðri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 18. ágúst 1887.

Þorlákur Guðmundsson, framsögumaður. Páll Briem, skrifari. Þorvarður Kjerúlf.

Gunnar Halldórsson. Ólafur Briem.

Ed. **390. Tillaga**

til ályktunar um hallærislánabeiðslur frá Húnavatns og Skagafjarðar sýslum. — Frá F. S. Stefánssyni.

Efri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina, að veita Húnavatns og Skagafjarðar sýslum þau hallærislán úr landsjóði, sem tjeð sýslufjelög nú hafa beðið um, með svo vægum kjörum sem unnt er.

Ed. **391. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá E. Th. Jónassen.

Aptan við 16. gr. bætist nýr töluliður svo hljóðandi:

Styrkur handa bæjarfógetanum í Reykjavík til þess að semja registur yfir afsals- og veðmálabækur Reykjavíkurkaupstaðar 250 kr.

Nd. **392. Tillaga**

til þingsályktunar um að mæld verði uppsigling á Hornafjörð, og könnuð skipalega við Ingólfshöfða. — Frá Sveini Eiríkssyni.

Alþingi skorar á stjórnina að hlutast til um, að sem allra fyrst verði mæld uppsigling á Hornafjörð, sem og könnuð skipalega við Ingólfshöfða.

Ed. **393. Breytingartillaga**

við frv. til laga um uppeldi óskilgetinna barna. — Frá landshöfðingja.

Síðasta málsgrein 3. gr.: „Sömu reglur gilda . . . hennar hrepps“ falli burt.

Ed. **394. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889. — Frá Arnljóti Olafssyni.

Við 13. gr. C. 3. Aptan við orðið „Reykjavík“ bætist (innan stryks):
til að gefa út sýslumannaæfir, tímarit o. fl.

— — — — - (og utan stryks) fyrir: „1000—1000“
komi: 1500—1500

Nd. **395. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885, eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.

Hin eina breyting, sem orðið hefur á frumvarpinu í hinni háttvirtu efri deild, er sú, að upphæðin til óvissra útgjalda er hækkuð um 144 kr., sem er ferðakostnaður 3 sýslumanna með herskipinu „Diana“ sumarið 1884, til að líta eptir fiskiveiðum útlendinga, en þareð slíkt eptirlit er eitt af skylduverkum lögreglustjóra, er þeim ber ekkert sjerstakt endurgjald fyrir, annað en gjald fyrir að skoða skjöl útlendra fiskiskipa samkvæmt lögum 17. desbr. 1875, getur nefndin ekki sjeð neina brýna nauðsyn til þess. að umræddur kostnaður lendi á landsjóði.

Vjer viljum því ráða hinni háttvirtu neðri deild til að samþykkja frumvarpið með þessari breytingu:

1. við 6. gr. Fyrir: 536 kr. 59 a. komi: 392 kr. 59 a.
2. — 1. — Fyrir: 7601 — 80 - komi: 7457 — 80 -

Neðri deild alþingis, 18. ágúst 1887.

Lárus Halldórsson. Ólafur Briem. Sigurður Jensson.

Nd. **396. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1884 og 1885, eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.

Í hinni háttvirtu efri deild hefur frumvarpið orðið fyrir þeirri breytingu, að upphæðin til óvissra útgjalda er hækkuð um 144 kr., en afgangur fjárhagstímabilsins og peningaforði landsjóðs 31. desbr. 1885 lækkaður um sömu upphæð, en með því að þessi breyting hlýtur að standa og falla með samskonar breytingu við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885, sem nefndin hefur lagt á móti, leiðir þar af, að ef tillaga nefndarinnar í því máli verður tekin til greina, hlýtur frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, að breytast á þessa leið:

1. Við 10. gjaldlið. Fyrir: 4536,59 komi: 4392,59
2. — 13. —— Fyrir: 119816,09 komi: 119960,09

3. Við Viðaukann. Peningaforði landsjóðs 31. desbr. 1885 verði 113875,69 í stað 113731,69.

Neðri deild alþingis, 18. ágúst 1887.

Lárus Halldórsson. Ólafur Briem. Sigurður Jensson.

Nd. **397. Tillaga til þingsályktunar**

um brúargjörð á Jökulsá í Axarfirði. — Frá Jóni Jónssyni.

Neðri deild alþingis skorar á landshöfðingja, að hann hlutist til um, að verkfróður maður verði látinn skoða brúarstæði á Jökulsá í Axarfirði sumarið 1888, og gera áætlun um kostnað við brúargjörðina.

Ed. **398. Álit**

nefndar þeirrar, sem kosin var eptir tillögu til þingsályktunar (32) til að íhuga Reglugjörð fyrir fátækramálefna lögun og stjórn fyrst um sinn á Íslandi 8. jan. 1834, sem og önnur lög um það efni, og láta í ljósi tillögur sínar til umbóta á þeim.

Nefndinni virðist svo, sem um tvo vegi sje að velja í málefni þessu, annaðhvort að semja frumvarp til laga um stjórn þurfamannamálefna og framfærslu, sem í samfelldri heild kveði á um allt það, er að því lýtur, eða láta þau lög, sem nú standa samhliða fátækrareglugjörðinni, vera óbreytt, og semja að eins lög um þau atriði hennar, sem eigi eru breytt eða afnumin með yngri lögum. Virðist nefndinni tiltækilegra það, er síðar var talið, því bæði er það mikið og vandasamt verk, að semja ítarleg og úttæmandi lög um hvern megin-þátt löggjafarinnar, sem vera skal, og þá ekki síður um þann, er hjer ræðir um, enda hefur þeirri aðferð ekki verið stöðugt fylgt, og enga nauðsyn virðist til þess bera um þetta málefni, því lög þau, sem standa í sambandi við fátækrareglugjörðina, eru hvorki mörg nje flókin. Efni þessara laga er heldur ekki svo vaxið, að það eigi heima í þurfamannalögum í þrengri skilningi, svo sem ákvæði þau í reglugjörð 8. jan. 1834, sem ekki eru breytt eða úr lögum numin. Fyrir því hefur nefndin tekið sjer þrengra verksvið en gjört er ráð fyrir í þingsályktuninni.

Nefndin hyggur þörf til bera, að hin umrædda reglugjörð sje endurskoðuð, og samin ný þurfamannalög í þrengra skilningi orðsins; en með því að slíkt er vandasamt verk, og óundirbúið, treystist hún ekki til að koma fram með tillögur sínar í lagafrumvarpsformi sökum anna og tímaskorts; enda álítur hún æskilegt, að stjórnin leggi fyrir næsta alþingi frv. til slíkra laga, sem samið væri með hliðsjón til bendinga þeirra, sem deildin að þessu sinni álítur við eiga.

Nefndin leyfir sjer því, samkvæmt því, sem þegar er sagt, að skýra hinni háttvirtu deild frá tillögum sínum um þetta mál.

1. I. kafli framfærslulaga ætti að vera sama efnis sem fyrsti kafli reglugjörðarinnar, og upp í hann ætti að taka breytingar þær, sem gjörðar eru á stjórn fátækramálefna í tilskipun 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi. Svo virðist og ástæða til, að í þessum kafla væri ákvæði um, að hreppstjórar og

bæjarstjórnir hafi löggiltar bækur, sem ritað sje í nöfn allra þeirra manna, sem 1. jan. ár hvert eru í hreppnum eða bæjarfjelaginu, með tilgreindum aldri hvers eins, heimili og stöðu. Svo sje og ritað í bók þessa nöfn allra þeirra, er fæðast í sveitarfjelaginu eða bæjarfjelaginu, flytja inn í það eða úr því.

2. II. Kafli reglugjörðarinnar virðist nokkuð óljóst orðaður og þess utan ættu viðtækari ákvæði um frændaframfærslu bæði skilgetinna og óskilgetinna að leiðast í lög, svo sem að framfærsluskylda sú, sem hvílir á foreldrum og börnum, nái einnig til afa og ömmu á aðra hlið, og á hina til barnabarna, að því, er þau hafa efni til, svo og, að faðir óskilgetins barns kosti framfærslu þess að hálfu, en móðirin að hinum helmingi, ef bæði geta; en ef annað foreldri eigi getur, þá hitt að öllu ef getur.—Orðin: „er þannig eigi má“ o. s. frv. til enda greinarinnar mættu falla burtu, en í þeirra stað koma ákvæði um, að sveitarstjórn framfærsluhrepps þess manns, er styrks þarf við, gangi eptir frændastyrk honum til handa hjá þeim, sem veitt geta og skyldir eru að lögum til að veita.

3. III. Kafli framfærslulaga ætti að ná yfir III. og IV. kafla reglugjörðarinnar. Í þessum kafla virðist þörf á, að ákvæði sje um það:

1. að hreppsnefnd skuli, er einhver biður um sveitarstyrk, eða hún hyggur einhvern hafa þörf á honum, skoða nákvæmlega efnahag hans og forða, og skal hún eigi styrk veita, nema því að eins að hún áliti þörf til bera; en að sá, sem styrks er synjað, eigi rjett á að bera sig upp við fógeta eða sýslumann, sem leggur úrskurð á, hvort styrk beri að veita.
2. að sjúklingur eigi rjett á að fá húsaskjól og fæði, aðhjúkrun og læknishjálp þá, er hann þarfnast, fyrir tilhlutun sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar þar, sem hann er, og borgist þessi styrkur af fátækrasjóði framfærsluhrepps hans, ef hann hefur ekki sjálfur fje til.
3. að eigi megi synja um sveitarstyrk, þótt sá, er beiðist, eigi nauðsynlegustu búsmuni og fjenað, ef hann er við bú, eða í húsmennsku, og eigi skylduómaga fram að færa; en að hann sje skyldur að leggja þessa eign sína að veði fyrir styrknum. Svo og, að eigi megi synja manni styrks, þótt hann eigi fje nokkurt á skuldastöðum, sem hann eigi fær heimt, eða fasteign, er hann eigi fær selt; en að hann sje skyldur að veðsetja fátækrasjóði þessa eign sína.
4. að ef sá maður, sem þegið hefur sveitarstyrk í þeim hreppi eða bæ, sem hann ekki á framfærslu í, og sett veð fyrir, eigi borgar styrkinn, skuli þó ekki aðför gjöra fyr en hreppi þeim eða bæjarfjelagi, sem hann á framfærslu í, hefur verið gjört aðvart með nægum fyrirvara.
5. að eigi vinni sá maður, sem hvorki getur unnið fyrir uppeldi sínu, nje hefur efni sjer til framfærslu, framfærslurjett í þeim hreppi, er hann dvelur í, þótt hann sje á framfærslu hjá frændum eða vinum eða öðrum, er halda hann sem gustukamann.
6. að enginn vinni sjer sveit eptir það hann er orðinn fullra 65 ára að aldri, nema hann borgi ár hvort aukaútsvar.
7. að skilgetið barn eigi framfærsluhrepp föður, þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri, ef móðir þess hefur ekki unnið sjer framfærslurjett í öðrum hreppi eptir lát manns síns; ella á það framfærsluhrepp móður.
8. að óskilgetið barn yngra en 16 ára eigi að helmingi framfærslu af hreppi

föðursins, en að hinum helmingi móðurinnar, þegar hvorugt foreldrið getþví framfærslu veitt, en þess foreldris, sem lengur lifir, þegar hitt er dáið.

4. V. og VI. kafla reglugjörðarinnar frá 8. jan. 1834 virðist óþarft að taka upp í ný þurfmannalög, þareð ákvæði þeirra eru tekin upp í tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872. En ástæða virðist til, að sett væri lög um helgidagahluti, fyrir þá sök, að fyrir hefur komið, að svo hefur verið litið á, sem 14. gr. 4., í fátækrareglugjörðinni 1834, hafi úr lögum numið 10. kap. rekabálks í Jónsbók.

5. VII. kafli reglugjörðarinnar er numinn úr lögum að undanskildri 22. gr. og virðist því óþarft að semja ný lög um efni það, sem hann ræðir um.

Í efri deild alþingis, 19. ágúst 1887.

B. Kristjánsson, framsögumaður. Sighvatur Árnason, formaður. L. E. Sveinbjörnsson, skrifari.

J. Havsteen. Skúli Þorvarðarson

Ed. **399. Breytingartillaga**

við frv. til viðaukalaga við útflutningalögin 14. jan. 1876. — Frá L. E. Sveinbjörnsson, J. Havsteen, B. Kristjánssyni og Jóni Ólafssyni.

Við 2. gr. Aptan við gr. bætist: Nú hamla íshindranir eða önnur ósjálfráð forföll útflutningastjóra frá að efna loforð sitt, og skal hann þá standa allan straum af útförunum, meðan þeir bíða fars og þar til er hann hefur flutt þá þangað sem heitið var. Skorist útflutningastjóri undan þessu, ákveður landshöfðingi endurgjald útförum til handa á sama hátt sem áður er sagt.

Nd. **400. Frumvarp**

til viðaukalaga við útflutninga-lögin 14. jan. 1876.—Eptir eina umr. í Ed.

1. gr. Enginn útflutningastjóri eður umboðsmaður útflutningastjóra má taka við neinu innskriptargjaldi eða neinu fje undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt fargjald eður meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, nje heldur nokkurri skuldbindingu um gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skriflegt loforð um flutning fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

Brotum gegn þessum ákvæðum hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 2,000 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tilefni þykir til.

2. gr. Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eður umboðsmenn hans hafa um samið eður auglýst, enda sje eigi lögmætum forföllum um að kenna, og getur þá útfari hver kært útflutningastjóra fyrir landshöfðingja; en hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutningastjóri hefur sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar.

Nú hamla íshindranir eða önnur ósjálfráð forföll útflutningastjóra frá að efna loforð sitt, og skal hann þá standa allan straum af útförunum, meðan þeir bíða fars og þar til er hann hefur flutt þá þangað sem heitið var. Skorist útflutningastjóri undan þessu, ákveður landshöfðingi endurgjald útförum til handa á sama hátt sem áður er sagt.

3. gr. Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hjer við land taka neinn farþegja um borð, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra áður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra umdæmisins. þar sem hann fer á skip.

Nú brýtur skipstjóri gegn þessum fyrirmælum, og er þá skip og farmur að veði fyrir öllum þeim skuldbindingum, er á farþegjanum hvíldu, er við honum var tekið á skip.

Ed. **401. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Biskupi skal veita í árslaun 5000 kr.

2. gr. Amtmönnunum, hvorum fyrir sig, skal veita í árslaun 5000 kr.

3. gr. Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árslaun 5000 kr.

4. gr. Forstöðumönnum prestaskólans og lærðaskólans, hvorum fyrir sig, skal veita í árslaun 4000 kr.

5. gr. Embættismenn þeir, er fengið hafa veitingu fyrir embættum þessum, áður en lög þessi öðlast gildi, skulu við þau einskis í missa, meðan þeir sitja í sama embætti.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1888.

Ed. **402. Frumvarp**

til viðaukalaga við tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849. — Eptir 3. umr. í Nd.

Hver sá, sem drepur æðarfugl af ásettu ráði, skal auk sektar þeirrar, er getur um í 11. gr. tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849, sæta sektum frá 10 til 200 kr., er renni að hálfu í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið, en að hálfu til uppljóstarmanns.

Ed. **403. Frumvarp**

til laga um uppeldi óskilgetinna barna. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Faðir óskilgetins barns skal eigi síður en móðir þess skyldur til að upp ala það þangað til það er fullra 16 ára, og má tryggja greiðslu framfærslueyrisins af kaupi hlutaðeiganda með forboði, er birt sje löglega húsbændum þeirra.

Hlutaðeigandi yfirvald ákveður, hve mikinn hluta af uppeldiskostnaðinum hvort foreldranna skuli bera, eptir efnum þeirra og ástæðum, og má ákveða að annað foreldranna skuli upp ala barnið að öllu, ef það er þess megnugt, en hitt eigi fært um, að inna neitt af hendi.

2. gr. Nú deyr maður, og lifir eigi ekkja hans, nje niðjar skilgetnir og lætur eptir sig börn yngri en 16 ára, og ber þá að leggja börnunum út það, sem skiptarjettur álítur nauðsynlegt af fjármunum búsins, áður en þeim er skipt meðal erfingja, ef móðir hins óskilgetna barns, eða hlutaðeigandi hreppsnefnd krefst þess í tækan tíma.

Um fje það, sem þannig er útlagt, fer sem um fjármuni ómyndugra.

Nú þarf eigi að nota hið út lagða fje, eða minna en út lagt var, skal þá skipta því, sem óeytt er, meðal lögerfingja.

3. gr. Nú verður meðlagi því, sem föður óskilgetins barns ber að greiða með því, eigi náð með lögtaki, skal þá móðir þess eða hennar hreppur hafa rjett til, án þess það sje talinn sveitarstyrkur henni veittur, að meðlag það, sem faðir barnsins á að greiða, sje veitt af fátækrafje þess hrepps, er hann hefur aðsetur í, en rjett hefur sveitarstjórn þess hrepps til að heimta, að styrkurinn verði endurgoldinn af framfærsluhreppi föður barnsins. Framfærsluhreppur barnsföður á rjett á að heimta endurgjald af honum eptir sömu reglum og lögin heimila móður barnsins og hennar hreppi.

4. gr. Þegar svo ber undir, að hreppur á rjett á að heimta af föður eða móður óskilgetins barns styrk til uppeldis því, á hann og rjett á, að hlutaðeigandi yfirvald útvegi vissu um, hvar hlutaðeigendur hafa heimilisfang.

Ed. **404. Frumvarp**

til laga um styrktarsjóði handa alþýðufólki. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóði handa heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki.

2. gr. Sjóði þessa skal stofna á þann hátt að allir karlar og konur, sem eru fullra 20 ára og ekki yfir 60 ára, og eru hjú, þar á meðal börn hjá foreldrum, sömuleiðis þeir, sem leyst hafa lausamennskubrjef eður að lögum hafa lausamennskuleyfi og geta stundað nýtilega atvinnugrein, skulu greiða á ári hverju, karlmaður 1 kr. og kvennmaður 30 a. Þó skulu undanþegnir gjaldi þessu þeir, sem fyrir ómaga eða ómögum hafa að sjá sem og þeir, er fyrir heilsubrest eða af öðrum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi; sömuleiðis þeir, sem á einhvern hátt hafa tryggt sjer fje til framfærslu eptir að þeir eru orðnir 65 ára að aldri.

3. gr. Gjald þetta greiðist fyrir hvert liðið vistarár, á þann hátt, að hver húsráðandi inni gjaldið af hendi fyrir alla, er þeir í húsum hafa og gjaldskyldir eru, en rjett er þeim að halda eptir af kaupgjaldi hjúa sinna því, sem þeir hafa borgað fyrir þau.

4. gr. Hreppsnefndir skulu fyrir lok marzmánaðar ár hvert senda viðkomandi hreppstjóra skýrslu um alla þá, sem gjaldskyldir eru í hreppnum eptir lögum þessum, en í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar, og senda þær fyrir sama tíma til oddvita bæjarstjórnarinnar; gefa skal hlutaðeigendum kost á, að kynna sjer skýrslur þessar fyrri hluta aprílmánaðar.

5. gr. Nú álítur einhver sig ranglega talinn á gjaldskrá, er honum þá rjett að kæra það mál fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er hefur fullnaðarúrskurð í því.

6. gr. Bæjarfógetar og hreppstjórar skulu svo eptir skrám þessum innheimta gjaldið á framtalsþingum á vorum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum hreppsnefndaroddvitar, koma fje þessu á vöxtu í sjóði, sem ávaxta almannafje.

7. gr. Hin fyrstu 10 ár eptir að slíkur sjóður er stofnaður í hverju sveitarfje-

lagi, leggst hið árlega gjald allt við höfuðstólinn ásamt öllum vöxtum, en frá þeim tíma leggst það að eins hálft við höfuðstólinn og hálfir vextirnir, en hinum helmingnum af hinu árlega gjaldi og vöxtunum skal árlega úthluta; skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir úthluta upphæð þessari heilsulitlum eða ellihrumum fátæklingum, sem heimili eiga í sveitarfjelaginu og eigi þiggja sveitarstyrk, án tillits til hvar þeir eiga framfærslusveit, enda sjeu þeir eða hafi einhverntíma verið í þeim stjettum, sem gjaldskyldar eru til styrktarsjóðanna.

8. gr. Í kaupstöðum skulu bæjarstjórnir senda landshöfðingja fyrir hver árslok skýrslu um hag sjóðanna og greinilegan reikning, er landshöfðingi úrskurðar; sams konar skýrslu og reikning senda hreppsnefndir til oddvita sýslunefndanna, en sýslunefndin öll úrskurðar reikningana.

9. gr. Þyki landshöfðingja eða sýslunefnd nokkrum sjóði hætta búin eða órjettlátlega varið styrk þeim, sem af sjóðnum er veittur undir umráðum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, getur sýslunefndin eða landshöfðinginn tekið þau umráð af henni um stundar sakir, og verði vanskil á höfuðstól eða vöxtum, skulu hlutaðeigendur bera þar af fulla ábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn.

10. gr. Gjald þetta má taka lögtaki sem önnur bæjar- og sveitargjöld.

Ed. **405. Breytingartillaga**

við breytingartillögu nefndarinnar í fjárlagamálinu. — Frá Jakob Guðmundssyni.

Við br.till. nr. 30. við 16. gr.: Á eptir „til bókfræðisstarfa“ komi: „(til að rita stjórnháttalýsing Bretaveldis og til orðbókarsamningar)“.

Ed. **406. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1888 og 1889 (333). — Frá J. Havsteen, Jóni A. Hjaltalín og Arnljóti Ólafssyni.

Við 10. gr. C. 6. Í stað: „9000 — 9000 kr.“ komi: 18000 — 18000 kr.

Ed. **407. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1884 og 1885. — Eptir eina umr. í Nd.

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir 1884 og 1885, veitast 7457 kr. 80 a. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í eptirfarandi 2.—6. gr.

2. gr. Sem viðbót við upphæðina í 10. gr. C. 10., til að gefa út „Lovsamling for Island“, veitast 700 kr.

3. gr. Sem viðbót við upphæðirnar í 12. gr. til útgjalda við póststjórnina veitast:

undir 2. lið, til póstflutninga

1884	986 kr. 61 a.
